

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2019

Síðast uppfært 25. júní 2020

Mál nr. 1/2019**M og
V vegna örorkutryggingar barna.****Ágreiningur um mat á örorku. Frávísun.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28.12.2018 ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V dags. 22.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Þegar M var 14 ára var hún greind með hryggskekkju. Í kjölfar greiningarinnar var sótt um bætur fyrir hennar hönd úr barnaörorkutryggingu hjá V. Að beiðni V var gert mat á varanlegum afleiðingum hryggskekkjunnar, og þóttu þær svara til 5% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Í kjölfarið hafnaði V bótakröfu þar eð bætur væru, samkvæmt skilmálum, einvörðungu greiddar út ef örorkustig væru 11% eða hærri. M hefur mótmælt þeirri afstöðu og telur að við matsgerð hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til tjóns hennar. Þá taldi M matsgerðina ekki unna í samræmi við skilmála tryggingarinnar, enda ætti samkvæmt þeim að miða við sænskar örorku- og miskatöflur, ef áverka eða ástands er ekki getið í íslenskum töflum. Matslæknir hefði hins vegar vísað til danskrar miskatöflu. Fór M því fram á að V léti framkvæma nýtt mat. V hafnaði því, og viðkomandi matslæknir taldi ekki ástæðu til að uppfæra matið, enda væri danska taflan í raun hliðstæð þeirri íslensku hvað ástand M varðaði. M mótmælir því og telur ástand sitt ekki falla undir íslensku miskatöfluna. M gerir því kröfu um að úrskurðarnefndin endurskoði þá ákvörðun V að hafna því að gera nýtt mat.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að ekki sé deilt um það að hryggskekkja sem slík sé bótaskyld. Bótaskylda sé hins vegar aðeins fyrir hendi ef örorkustig eru metin hærri en 10%. Þá er tekið fram að V hafi hafnað því að gera endurmat, enda hafi matslæknir tekið fram að hann teldi einkenni M ekki aðeins falla undir dönsku miskatöfluna heldur einnig tiltekinn lið í þeirri íslensku. Treysta verði því mati og þegar af þeirri ástæðu eigi sænskar töflur ekki við. Þá hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á að sænsku miskatöflunar hafi að geyma ákvæði er lýsi ástandi M betur en gert er í þeirri íslensku, enda verði ekki séð að miskatafla Svensk Försäkring hafi að geyma neinn málslið er taki til einkenna frá stoðkerfi. Þá skipti ekki máli hvort ástand M sé að rekja til sjúkdóms eða áverka. Að endingu er bent á að því sé ósvarað hvort matið taki nægjanlegt tillit til afleiðinga sjúkdómsins, en sá ágreiningur eigi ekki heima fyrir úrskurðarnefndinni. Að endingu er tekið fram að M sé frjálst að freista þess að hnekkja umræddu mati eftir hefðbundnum leiðum. Það er því afstaða félagsins að ástand M, miðað við fyrirbyggjandi mat, sem V telur rétt að leggja til grundvallar, nái ekki því marki örorkustiga sem áskilið er svo að komi til greiðslu úr tryggingunni.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um það hvort við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku M hafi verið farið að skilmálum viðeigandi tryggingar hjá V og hvort V hafi verið rétt að hafna því að láta endurmat fara fram. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Önnur atriði er varða starfshætti og viðskiptahætti váttryggingafélaga falla því utan starfssviðs nefndarinnar. Í máli þessu er ekki deilt um bótaskyldu sem slíka og ekki verður heldur séð að ágreiningur aðila falli undir gildissvið laga um váttryggingarsamninga.

Er samkvæmt framansögðu óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá nefndinni með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu hennar.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 14. febrúar 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 2/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys við hurð verslunar 27. desember 2016.****Gögn.**

Málskot, móttækið 2. janúar 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 16. janúar 2019, ásamt tölvupósti V dags. 3. janúar 2018.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 25. janúar 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann var að ganga um hurð í verslun X, sem er dótturfyrirtæki þáverandi vinnuveitanda M. Þegar hann hafi opnað hurðina hafi hún fokið upp og þegar M hafi ætlað að grípa í hún hurðarinnar til að varna því að hún ylli skemmdum hafi hurðin rykkst þannig að hann hlaut líkamstjón.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem hann telur að það megi rekja til vanbúnaðar á hurðarpumpu, hún hafi ekki haldið nægilega vel og ekki verið í viðunandi ástandi. Einnig hafi M verið í starfi hjá móðurfyrirtæki X og þess vegna átt erindi í húsakynni X. Hvorki X né vinnuveitandi hans hafi sinnt þeirri skyldu sinni að tilkynna líkamstjón hans til Vinnueftirlitsins og þannig hafi það ekki verið rannsakað strax hvort hurðarpumpun hafi verið í lagi í greint sinn. M vísar einnig til samskipta sinna við vinnuveitendur sína um öryggismál, þ.á.m. tillögu sem hann hafi gert um breytingar á hurð og yfirlýsingu fyrrum samstarfsmanns hans og vitnis að slysin um að það hefði verið eins og það hefði ekki verið neitt hald í hurðarpumpunni og að M hafi komið á framfæri athugasemdum um öryggismál fyrirtækisins.

V telur ekki sýnt að vanbúnaður hafi verið á umræddri hurðarpumpu og vísar einnig til upplýsinga frá X um að fyrirtækið hafi gefið þær upplýsingar að engar slíkar athugasemdir hafi verið gerðar, auk þess sem engin skylda hafi hvílt á X að setja hurðarpumpu á umrædda hurð. Einnig mótmælir V að það eigi að hafa réttaráhrif fyrir X að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins, en M hafi ekki verið starfsmaður X á slysdagi.

Álit.

Í gögnum málsins eru rafræn samskipti M við samstarfsmann um áhuga hans á því að koma að öryggismálum hjá sínum vinnuveitanda Y áður en hann hlaut líkamstjón hinn 27. desember 2016 og að hann hafi lagt til breytingar á hurð í eitt skipti. Einnig kemur fram í yfirlýsingu samstarfsmanns hans að M hafi gert tilraun til að taka til hendinni í öryggismálum þess fyrirtækis og gert athugasemdir við „ástand hurðapumpa hjá fyrirtækinu en þær virka ekki sem skyldi og hafa ekki gert minn starfstíma hjá fyrirtækinu.“ Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem telur annan bera skaðabótaskyldu vegna tjóns verður að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu til staðar, ber með öðrum orðum sönnunarbyrði um þau skilyrði. Þó gögn málsins geymi yfirlýsingar M sjálfs og samstarfsmanns hans hjá Y um athugasemdir vegna öryggismála eru þær athugasemdir almennar og ekki að sjá með skýrum hætti að þeim hafi verið beint að þeirri hurð sem M slasaðist síðan við. Auk þess er um tvö fyrirtæki að ræða og engar staðfestar upplýsingar um samstarf þeirra sem móður- og dótturfyrirtækja að unnt sé að álykta að öryggismál hafi verið sameiginleg. Með hliðsjón af þessu er ekki komin fram nægilega skýr sönnun þess að M hafi gert athugasemdir við umbúnað þeirrar hurðar sem hann slasaðist við, eða að ástand hennar hafi verið þannig að hún hafi verið vanbúin eða að starfsmönnum X hafi borið að bregðast við til að tryggja öryggi þeirra sem gengu um hana. Ekki liggur heldur fyrir að frekari slys hafi orðið vegna hennar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 26. febrúar 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 4/2019

M og
V1 vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar M og
V2 vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu vegna tjóns á bifreið**Gögn.**

Málskot dags. 3.01.2019.

Bréf V1 til úrskurðarnefndarinnar dags. 7.2.2019 ásamt fylgigögnum 1-3.

Bréf V2 til úrskurðarnefndarinnar dags. 7.2.2019 ásamt fylgigögnum 1-2.

Málsatvik.

M, sem er verktakafyrirtæki, lýsir því að foktjón hafi orðið hinn 29. nóvember 2018 þegar hluti af vinnupalli, sem M hafði leigt af pallaleigunni A, fauk á bifreið sem lagt var framan við Vesturgötu Reykjavík, þar sem M var að störfum. M telur ósanngjarnt að eigandi bifreiðarinnar beri tjónið þar eð bæði M og A séu með ábyrgðartryggingu, og ljóst að M eða A hafi yfirsést eitthvað sem leitt hefði til tjónsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V1 bótaskyldu. Í fyrsta lagi tekur V1 fram að afar takmarkaðra ganga njóti við í málinu, en af þeim gögnum sem þó liggi fyrir verði ekki annað séð en að pallurinn hafi alla tíð verið á forræði og í umsjón A, sem hafi sett hann upp og gert ráðstafanir til að varna foki. Verði ekki fallist á það og talið að umræddur pallur hafi verið í umsjón M er atvikið átti sér stað liggi svo engar upplýsingar fyrir sem bendi til þess að uppsetning pallsins eða frágangur á vinnusvæði hafi verið ófullnægjandi, þannig að tjónið megi rekja til sakar M.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V2 einnig bótaskyldu. V2 tekur fram að málskotinu fylgi engin gögn og takmarkaður rökstuðningur. Þá sé M hvorki tjónþoli né vátryggingartaki og því alls óljóst hvort hann geti yfirhöfuð gert kröfu á hendur V2 vegna tjónsins. Ekkert liggi fyrir um að starfsmenn A hafi gert mistök við uppsetningu pallanna, og ekki sé hægt að ætlast til þess að starfsmenn A, sem leigi út fjölda vinnupalla, geri sérstakar ráðstafanir þegar von sé á illviðri. Ábyrgð á því hljóti að vera á herðum leigutaka, í þessu tilviki M.

Álit:

Málskoti M fylgdu engin frekari gögn. Því hefur nefndin engar upplýsingar um t.a.m. veðurfar á þeim tíma sem óhappið varð, myndir af vettvangi, eða einhver þau gögn er geti sýnt fram á í hverju meint sök A eða M hafi verið fólgin. Til að bótaskylda stofnist úr frjálsri ábyrgðartryggingu þarf að sýna fram á að tjón megi rekja til sakar, þ.e. ásetnings, mistaka eða vanrækslu vátryggingataka. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina er ómögulegt að segja fyrir um hvort sök hafi verið til staðar.

Samkvæmt e-lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verð aflað og kröfugerð skýrð. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum og með vísan til framangreinds ákvæðis samþykktanna er máli þessu vísað frá.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 5. mars 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 5/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X****Skaðabótaábyrgð vegna slyss í húsnæði sundhallar****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.1.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.2.2019.

Myndskeið af notkun skúringavélar.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi runnið á gólfi inni í sundhöl. Um er að ræða gólfflöt sem gestir sundhallarinnar ganga um áður en þeir fara inn í baðklefa. Í tjónstilkynningu M sjálfur til annars vátryggingafélags en V, dags. 4. október 2017, kemur fram í hennar lýsingu að engin viðvörðun hafi verið á vettvangi vegna skúringa gólfsins. Í málinu liggja einnig fyrir yfirlýsingar tveggja vitna dags. 20. desember 2018 af slysi M, þar sem kemur fram að gólfið sem M gekk um þegar hún rann til hafi verið blautt og engar viðvaranir hafi verið vegna þessa.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar þar sem merkingum hafi verið ábótavant til að vara við hálu gólfi. Ríkar skyldur hafi hvílt á X sem rekstraraðila sundhallar sem fjöldi fólks leggur leið sína og greiðir gjald til að fá aðgang að aðstöðunni.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og hafnar því sem röngu og ósönnuðu að aðstæður í sundhöllinni hafi verið óforsvaranlegar. Í bréfi V er því haldið fram að flísar á gólfi þar sem M féll hafi verið búnar sérstakri hálkuvörn, skúringavél sem notuð sé í húsnæði sundhallarinnar sé þannig að hún skilji ekki eftir bleytu á gólfi og ef bleyta hafi verið á gólfi sé ekki sýnt að hún hafi verið þar lengi eða með þeim hætti að starfsmenn X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna hennar. Einnig vísar V til þess að alltaf sé hætt á bleytu þar sem sé umgangur fólks og þannig verið að haga ferðum sínum í samræmi við það.

Álit.

Í málinu liggja fyrir skjalfestar upplýsingar frá tveimur vitnum að slysi M um að bleyta hafi verið á gólfi og engar viðvaranir vegna hennar. Einnig kemur fram hjá sömu vitnum að gólfið hafi verið nýskúrað þegar slysið varð. Í málinu verður að líta til aðstæðna og þeirra skyldna sem þeir bera sem hafa með höndum þjónustu í húsnæði sem margir sækja. Þó almennt sé hægt að gera kröfur til þeirra sem ganga um svæði sem margir aðrir ganga um að gæta að sér þá liggja hér fyrir sönnunargögn um að slysi M megi rekja beint til þess að gólf var blautt eftir nýyfirastaðnar skúringar. Umfjöllun um gólfflísar í bréfi V til nefndarinnar eða aðrar almennar yfirlýsingar í því bréfi hrekja ekki umræddan vitnisburð. Í húsnæði sundlauga verður almennt að gera ráð að viðskiptavinir séu meðvitaðir um að þeir gangi oft á gólfflötum sem eru blautir. Hins vegar varð slysi M á þeim stað í húsnæðinu að ekki er ástæða til að ætla að gólfflötur sé sérstaklega blautur. Verður því fallist á að vara hefði átt við því að gólf gætu verið blaut vegna skúringa og X hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M með því að ekki var sérstaklega varað við því.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 6/2019**M og
V v/ sjúklingatryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sýkingar í kjölfar hálskirtlatöku.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 29. mars 2016 leitaði M til A háls-, nef- og eyrnalæknis, á sérfræðimóttöku tiltekinnar heilbrigðisstofnunar, B, þar sem hann hefði frá árinu 2000 verið að fá „svæsnar streptococca hálskirtlabólgu“ og þurft endurtekið á sýklalyfjum að halda vegna þeirra. Hafði M verið veikur en var búinn að jafna sig og var orðinn vinnufær eftir þau veikindi 18 mars 2016 samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði. Rétt þótti að taka úr honum hálskirtlana og var það gert á læknastofu A hinn 8. apríl 2016. Gekk sú aðgerð áfallalaust fyrir sig. M kom til skoðunar hjá A 14. apríl 2016 vegna slappleika og mikilla særinda í hálsi. Við skoðun sáust hvítar skánir á sárbeði og úf. Var talið að um sveppasýkingu væri að ræða í sárbeðnum sem væri algengt eftir hálskirtlatöku og var honum ávísað sveppaeyðandi lyfi. Síðdegis sama dag hafði M samband við A að nýju vegna vaxandi slappleika, kvíðverkja og andþyngsla. Að kvöldi þess sama dags leitaði M á bráðamóttöku B og var sendur þaðan á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss þar sem hann greindist með „bilateral lungnabólgu og sepsis“ og ræktuðust „streptokokkar A úr emphyema og hráka“. Var M meðhöndlaður vegna þessa og dvaldist á sjúkrahúsinu til 4. maí og þar af tvo fyrstu dagana á gjörgæsludeild. Eftir útskrift var fyrirhuguð endurhæfing á Reykjalundi.

Í vottorði D, sérfræðilæknis á LSH, dags. 8. september 2018, segir að M hafi komið til eftirlits 31. maí 2018 og þá hafi brjóstthimnubólga verið horfin, en rúmmálsminnkun á neðri hluta vinstra lunga, hámarkssúrefnisupptaka væri við neðri eðlileg mörk og „loftfirrðarmörk“ væru óeðlilega lág. Lungað hafi því ekki náð sér að fullu eftir sýkinguna í apríl 2016 og frekari batalíkur væru óvissar þar sem langt væri liðið síðan sýkingin átti sér stað og ólíklegt að verði meiri bati.

M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu sem A hefur í gildi hjá V vegna þeirra einkenna sem hann telur sig búa við af völdum hálskirtlatökunnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Málsaðilar öfluðu sameiginlega álitserðar E, háls- nef- og eyrnalæknis, sem er dagsett 7. mars 2018. Í álitserðinni kemur fram að M hafi verið að fá síendurteknar „streptokokka hálskirtlabólgu“. Við slíkar aðstæður liggja fyrir klár ábending um hálskirtlatöku. Um hefðbundna hálskirtlaaðgerð hafi verið að ræða 8. apríl 2016. Það hafi verið nokkuð ljóst að M væri „beri af streptokokka gr. A“, það er með langvarandi sýkingar af þessari bakteríu, sem eru þekktar af því að valda alvarlegum sýkingum og þurfi ekki hálskirtlatöku til þess. Segir í álitserðinni að líklegast sé að þessar bakteríur séu að berast í lungun eftir svæfingu og ísetningu barkarennu og líka að sjúklingur andi þeim að sér í lungu einhverjum dögum eftir aðgerð. Sum af þeim verkjalyfjum sem sjúklingar verði að taka eftir aðgerð eins og M gekkst undir séu oft á tíðum öndunarletjandi og minnki hóstaviðbragð í barka og þar með minnki varnir öndunarvegarins. Slíkt sé þó mjög sjaldgæft en samkvæmt rannsóknum sé lungnabólga einn algengasti fylgikvillinn af þessum sjaldgæfu fylgikvillum hjá fullorðnum einstaklingum sem gangast undir hálskirtlatöku. Það verði því að teljast að líkur séu eitthvað auknar við aðgerðina og meiri líkur en minni séu á að „bilateral lungnabólga og sepsis af völdum streptokokka gr. A“ sé að rekja til hálskirtlatökunnar.

Fram kemur í álitserð E að reyndur sérfræðingur hefði gert eins við sömu aðstæður og ekki verið hægt að forða þessu tjóni. Önnur meðferð væri ekki í boði.

Þá segir að ólíklegt verði að teljast að M hefði lent í viðlíka vandamálum ef hann hefði ekki farið í aðgerðina en hins vegar sé ómögulegt að svara því hvort sýking út frá langvinnum hálskirtlasýkingum

hefði hugsanlega getað valdið sambærilegum vandamálum. Algengi svona alvarlegra sýkinga verði því að teljast mun sjaldgæfari og sennilega ekki meira en 0,01% þó að „unilateral lungnabólga án sepsis“ sé eflaust algengari. Ekki hafi verið hægt að gera ráð fyrir þessum veikindum tjónþola. Samkvæmt framangreindri álitsgerð E verður að telja ljóst að „bilateral lungnabólgu og sepsis“ og afleiðingar þessara sjúkdómseinkenna, sem m.a. er lýst í fyrrgreindu læknisvottorði D frá 8. september 2018, megi rekja til hálskirtlatökunnar 8. apríl 2016. Af þessu leiðir að M telst hafa orðið fyrir tjóni í skilningi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklunga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans rétt til bóta samkvæmt lögnum. Kemur þá til skoðunar hvort fullnægt sé bótaskilyrðum samkvæmt einhverjum þeirra fjögurra tölulíða 2. gr. laganna þannig að réttur til bóta úr sjúklingatryggingunni hafi stofnast.

Af álitsgerð E verður ekki annað ráðið en rannsókn og meðferð sem A beitti við hálskirtlatökuna hafi verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þá hefur álitsgerð E heldur ekki leitt í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vól var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð M. Bótaskylda verður af þessum sökum ekki reist á 1. eða 3. tölul. lagagreinarinnar. Tjón M verður heldur ekki rakið til bilunar eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður var við hálskirtlatökuna. Bótaskylda getur því ekki hafa stofnast á grundvelli 2. tölul. téðrar lagagreinar. Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort bótaskilyrði þessu sé fullnægt skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Með vísan til álitsgerðar E verður að telja ljóst að tjón af því tagi sem M varð fyrir af völdum hálskirtlatökunnar sé ekki algengur fylgikvilli eftir hálskirtlatöku, auk þess sem ekki virðist hafa mátt gera ráð fyrir slíku tjóni. Á hinn bóginn liggur engin matsgerð fyrir í málinu um það að hve miklu leyti einkenni þau sem M býr við eftir hálskirtlatökuna hafi áhrif á heilsu M, m.a. samkvæmt þeim bótaliðum sem mælt er fyrir um í skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000. Vottorð D, sem áður er getið, veitir ekki alveg næga vísbendingu í þessu efni. Þegar litið er til þeirra veikindatílfella sem M mun hafa búið við um árabil vegna hinna endurteknu streptokokkasýkinga og nauðsynjar hálskirtlatökunnar af þeim sökum verður því ekki ráðið af gögnum málsins með fullnægjandi hætti að það tjón sem M býr við eftir hálskirtlatökuna sé það mikið að fullnægt sé því skilyrði að ekki sé sanngjarnt að hann þoli það bótalaust. Af því leiðir að við svo búið telst M ekki eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Valgeir Pálsson lögfr.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 7/2019**M og
V vegna fjölskyldutryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.****Gögn.**

Málskot, dags. 20.12.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 11.01.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið símtal að morgni 5. desember 2018 þar sem A hafi sagt henni að dóttir hennar, S, hafi ásamt annarri stúlku í húsinu verið að leika sér daginn áður að búa til svell með vatni úr garðslöngu sem staðsett er við hlið inngangs að kjallaraíbúð í eigu M. Í símtalinu hafi komið fram að stúlkurnar hafi gleymt að skrúfa fyrir vatnsslönguna og því væri allt á floti fyrir framan útidrynar að kjallaraíbúðinni. Þegar M hafi komið í íbúðina hafi verið jafnþétt vatnslag yfir allri íbúðinni.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ekki hafi verið upplýst hvaða barn hafi verið að nota garðslönguna eða hvort það hafi verið frosið í slöngunni og ekkert vatn runnið þegar skrúfað var frá. Þá hafi A bent á að niðurfall fyrir framan útihurðina hafi verið stíflað. V telur málsatvik því að nokkru leyti óljós og því ósannað að orsök tjónsins verði rakin til háttsemi S eða atvika sem S geti borið skaðabótaábyrgð á. Þá telur V að verði talið sannað að S hafi skrúfað frá garðslöngunni þá sé tjónið ekki sennileg afleiðing af þeirri háttsemi þar sem geri megi ráð fyrir því að fasteignir skuli þannig útbúnar að yfirborðsvatn valdi ekki tjóni á fasteignum. Þá verði að líta til ungs aldurs S og þeirrar staðreyndar að börn geri sér ekki eins vel grein fyrir því og fullorðnir að háttsemi þeirra kunni að vera til þess falinn að valda tjóni.

Álit.

Það liggur fyrir að tvær stúlkur voru að leik og samkvæmt gögnum málsins ætluðu þær að búa til svell á bílplaninu með því að sprauta vatni úr garðslöngu. Önnur stúlkan var S. Vatn rennur inn í kjallaraíbúð M nóttina á eftir með þeim afleiðingum að tjón verður. Miðað við lýsingar á málsatvikum verður það að teljast sennilegt að önnur hvor þeirra hafi skrúfað frá vatninu vegna leiksins. Ekki liggur ljóst fyrir hvor þeirra það var. Ekki er upplýst um að vatn hafi áður runnið inn í kjallaraíbúðina og eru því yfirgnæfandi líkur á því að vatnið sem rann í kjallaraíbúðina hafi komið úr garðslöngunni. Leiða má líkum að því að jarðvegur hafi losnað þegar vatnið rann um hann í átt að niðurfallinu og það hafi stíflað niðurfallið. Stúlkurnar voru 9 og 10 ára og hefðu átt að gera sér grein fyrir afleiðingum þess að vatn rynni úr viðstöðulaust úr slöngunni og sýndu þær því af sér gáleysi að skrúfa ekki fyrir vatnið í garðslönguna. Með vísan til framangreinds ber S ábyrgð á helming tjónsins hjá M og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar A hjá V sem gildir fyrir S.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir helming tjónsins úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. janúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 8/2019**M og
V vegna farangursliðar greiðslukortatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr ferðatryggingu vegna þjófnaðar****Gögn.**

Málskot mótttekið 2.1.2019 ásamt tveimur fylgiskjölum.

Bréf V dags. 24.1.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M staddur á veitingastað í London að kvöldi hins 30. október 2018. Samkvæmt lögregluskýrslu sem gerð var síðar sama kvöld og er meðal gagna málsins var bakpoka í hans eigu, sem hafði að geyma fartölvu og gleraugu, stolið meðan hann var á staðnum. Í tjónstilkynningu til V tekur M fram að trefill og lesbretti hafi jafnframt verið í bakpokanum.

M lýsir atvikum á þann hátt að hann hafi verið með bakpokann með sér á lokuðum viðburði á umræddum veitingastað. Á upptöku öryggismyndavéla staðarins hafi sést hvar aðili hafi komið inn á staðinn með svipaðan bakpoka og skipt honum út fyrir bakpoka M svo minna bæri á þjófnaðinum. Síðar hafi bakpoki M fundist á öðrum veitingastað en þá hafi innihaldið verið horfið. M hafnar því að um gáleysi hafi verið að ræða við vörslur bakpokans, enda hefði hann haft bakpokann við hlið sér allan tímann, og að um vel skipulagðan verknað hafi verið að ræða.

V hefur hafnað bótaskyldu úr váttryggingunni á grundvelli þess að þjófnaðurinn hafi átt sér stað á veitingastað sem opinn hafi verið öllum. Sérstaklega er vísað til varúðarreglu í gr. 5.1 váttryggingarskilmálanna þar sem segir að skilyrði bótaskyldu vegna þjófnaðar sé að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Þá vísar V einnig til greinar 5.5.2 í váttryggingarskilmálunum en þar segi að váttryggður skuli ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri. Er það mat V að M hafi skilið bakpokann eftir eftirlitslausan á almannafæri, enda hefði þjófnaðurinn uppgötvast mun fyrr en raun varð á hefði M alltaf haft bakpokann í augsyn. V telur að M hafi brotið varúðarreglu váttryggingarskilmálanna og ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu bakpokans og telur því ábyrgð sína fallna niður.

Álit:

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort háttsemi M hafi verið með þeim hætti að V geti takmarkað eða fellt niður ábyrgð sína úr farangurslið greiðslukortatryggingar hans, en ekki er ágreiningur um að slík váttrygging hafi verið í gildi á tjónsdegi. Í gr. 5.1 váttryggingarskilmálanna er tekið fram að það sé skilyrði bótaskyldu að váttryggður hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Í gr. 5.2.14 og 5.5.2 váttryggingarskilmálanna kemur svo fram að ef hlutir eru skildir eftir á almannafæri teljist váttryggður hafa brotið varúðarreglu. Afleiðingar þess að brjóta varúðarreglu eru tilteknar í gr. 5.6 í sömu skilmálum þar sem váttryggingafélagið áskilur sér rétt til að fella niður ábyrgð sína, í heild eða að hluta, brjóti váttryggður gegn þeim.

Umrædd ákvæði verða ekki skilin öðruvísi en svo að þau feli í sér fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að fara með þá muni sem hann hefur váttryggt. Því er um að ræða varúðarreglu í skilningi 2. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Til þess að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna þess að varúðarreglum er ekki fylgt verður það að hafa áskilið sér rétt til þess í váttryggingarskilmálum og það er gert í umræddri gr. 5.6 í skilmálunum, sem vísar með beinum hætti til 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að váttryggingafélag getur ekki borið fyrir sig að varúðarreglum sé ekki fylgt ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Við mat á því hvort hér hafi verið brotið gegn varúðarreglu fyrrnefndra skilmálaákvæða verður að líta til þess að M var staddur á veitingastað og þrátt fyrir staðhæfingu hans um að um einkasamkvæmi hafi verið að ræða hefur ekki verið sýnt fram á annað en að húsakynninn hafi verið opin öllum á þeim tíma

sem þjófnaðurinn átti sér stað. Því verður umræddur veitingastaður ekki skilgreindur með öðrum hætti en þeim að um almannafæri sé að ræða, enda sækir sú skilgreining jafnframt stoð í ummæli í lögregluskýrslu, þar sem segir „it's a pub, open to anyone“. Með því að M virðist hafa lagt bakpokann frá sér á veitingastaðnum telst hann hafa brotið gegn þeim fyrirmælum sem koma fram í varúðarreglum þeim sem vísað hefur verið til. Telst M því hafa brotið gegn varúðarreglu vátryggingarskilmálanna með þeim hætti að sök telst ekki óveruleg og V hefur því heimild til að takmarka ábyrgð sína.

Þegar litið er til þess að hve miklu leyti ábyrgð getur takmarkast verður að skoða hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti, sbr. orðalag 26. gr. laga um vátryggingarsamninga. Við skoðun á því hvernig M hagaði vörslum bakpokans í umrætt sinn verður að byggja á frásögn hans um að hann hafi geymt bakpokann við hlið sér allan tímann sem hann dvaldi á veitingastaðnum, jafnvel þó hann hafi e.t.v. ekki alltaf haft hann í augnsýn, en hins vegar hafi þjófnaðurinn verið vel skipulagður, m.a. á þann hátt að skipt hafi verið á bakpokum til að vekja síður athygli á atvikinu. Verður þannig að telja að sök M sé ekki það rík við þessar aðstæður að V geti takmarkað ábyrgð sína að fullu. Verða þeir þættir sem tilgreindir eru í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga metnir þannig að V geti takmarkað bótaábyrgð sína um helming vegna brots á þeim varúðarreglum sem vísað hefur verið til. M á því rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar en V getur takmarkað ábyrgð sína um 50%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar hjá V en greiðsluskylda takmarkast við 50% tjónsins.

Reykjavík 19. febrúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 9/2019**M og
V v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr bílskúr.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.1.2019.

Málsatvik.

Sunnudaginn 28. október 2018 var lögregla kvödd að heimili M í Kópavogi þar sem farið hafði verið inn í bílskúr við heimilið og stolið þaðan ýmsum munum. Segir í lögregluskýrslu að M hafi sýnt lögreglu hvar spennt hafi verið upp hurð í bílskúrnum, en engar skemmdir hafi verið á hurðinni en sjá hafi mátt rispur á læsingu.

M hefur krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr váttryggingunni með vísan til varúðarreglu í skilmálum váttryggingarinnar þar sem segir m.a. að læsa skuli íbúðarhúsum og loka öllum gluggum og krækja aftur, auk þess sem váttryggður skuli sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannlaut. Engar skemmdir hafi verið sjáanlegar á hurðinni og því verði að telja afar ólíklegt að bílskúrshurðin hafi verið spennt upp, enda séu rispur á læsingu á 30 ára gamalli hurðinni langt frá því að vera nægileg sönnun fyrir því að brotist hafi verið inn í bílskúrinn. Því megi leiða líkur að því að M hafi gleymt að læsa hurðinni og þjófur því átt greiða leið inn í bílskúrinn.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins virðist óumdeilt með aðilum að munum hafi verið stolið úr bílskúr við heimili M. Samkvæmt skilmálum þeim sem gilda um innbústryggingu þá sem hér er til skoðunar bætir váttryggingin tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili váttryggingartaka. Ekkert liggur fyrir um að það sé skilyrði fyrir bótum úr váttryggingunni að ummerki innbrots hafi verið á vettvangi. Hvort rispur á læsingu á bílskúrshurðinni hafi komið við það að þjófur lögðu leið sína í skúrinn í umrætt sinn hefur því ekki sérstaka þýðingu fyrir úrslit málsins. Kemur því einungis til álita hvort M hafi brotið gegn fyrrgreindri varúðarreglu með þeim hætti að V sé heimilt að hafna bótaskyldu.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga getur félagið gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Af þessu lagaákvæði leiðir að V hefur sönnunarbyrði um það að umræddan þjófnað megi rekja til brots M á fyrrgreindri varúðarreglu. Ekkert í gögnum málsins bendir til að bílskúrinn hafi verið ólæstur eða gluggar opnir eða ekki kræktir aftur. Er því ósannað að þjófnaðurinn verði rakinn til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu þeirri sem mælt er fyrir um í skilmálum váttryggingarinnar. Skilyrði fyrir synjun bóta eru því ekki fyrir hendi og telst M því eiga rétt á óskertum bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 11/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot, dags. 07.01.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 22.01.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 21.01.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskotinu varð óhappið 11. maí 2018 þar sem ökutækið A var kyrrstætt við biðskyldu á bifreiðastæði við Holtagarða þegar ökutæki B sem er hópferðabifreið keyrði yfir á vinstri akrein framhjá A og tók hægri beygju með þeim afleiðingum að því var ekið á ökutæki A. Einnig kemur fram að ökumaður B hafi neitað að bíða eftir lögreglu og hafi M því farið á starfsstöð ökumanns B vegna árekstursins þar sem vitni hafi staðfest atburðarrásina. M telur ökumann B ekki hafa virt hægri rétt og hann hafi ekið á móti akstursstefnu og því eigi ökumaður B að bera alla sök.

Niðurstaða tjonanefndar váttryggingafélaga var á þá leið að sök ætti að skiptast til helminga. Í bréfi V1 kemur fram að ökumenn hafi ekki skilað inn sameiginlegri tjonaskýrslu. M hafi skilað inn tjonaskýrslu 14. maí 2018 en ökumaður B ekki fyrr en 31. október 2018. Það sé óumdeilt að ökumaður B hafi tekið hægri beygju frá öfugum vegarhelmingi og hafi hann þar með brotið gegn 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram komið að hægri beygju skuli taka sem næst hægri brún akbrautar og eins krappa og unnt er.

Í bréfi V2 kemur fram að ökumönnum beri ekki saman að aðdraganda árekstursins þar sem fram komi í tjonstilkynningu ökumanns B að hann hafi þurft að aka að hluta til á vinstri akgrein til að ná hægri beygju þar sem um stóra rútbifreið sé að ræða og að M hafi þá ekið ökutækinu A hægra megin við B án þess að nægjanlegt pláss væri til staðar með þeim afleiðingum að árekstur varð. Með vísan til þess telur V2 að ekki verði ráðið með vissu hvað leiddi til þess að ökutækjunum lenti saman og því sé ekki hægt að leggja meiri sök á annan frekar en hinn.

Álit.

Í 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir að hægri beygju beri að taka sem næst hægri brún akbrautar og skuli beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Beygjuna skuli taka þannig að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Í tilviki því sem hér um ræðir er ökutæki B stór hópferðabifreið sem var að taka hægri beygju og samkvæmt ökumanni bifreiðarinnar þurfti hann að aka yfir á vinstri akgrein til að ná beygjunni. Ökutækið B var á röngum vegarhelming þegar áreksturinn varð en ökutækið A var á réttum vegarhelming. Með vísan til þess og hve ökumaður B dró lengi að skila inn tjonstilkynningu verður ökumaður B að bera sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður A hafi valdið árekstrinum. Slík sönnun liggur ekki fyrir og ber ökumaður B því alla bótaskyldu í máli þessu.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá váttryggingafélaginu V2.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 12/2019**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar hönnuðarins X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð úr starfsábyrgðartryggingu hönnuðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 8. janúar 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.

Bréf V, dags. 17. janúar 2019.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti M er kvartað yfir því að V samþykki ekki kröfu M í starfsábyrgðartryggingu hönnuðarins X nema að mjög takmörkuðu leyti. Í þessu sambandi nefnir M að bótafjárhæð sú sem V hefur samþykkt að greiða vegna tjóns M sé ekki í samræmi við raunkostnað. Málskotinu fylgja samskipti M við V og ýmsar kvittanir fyrir vinnu og efni.

V hafnar frekari bótaskyldu ýmist með vísan til þess að bætur hafi verið greiddar að fullu eða að bótaábyrgð X teljist ósönnuð.

Álit.

Í e-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, segir að nefndin fjalli ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Við skoðun á gögnum þessa máls telur nefndin það vera óljóst og illa upplýst. Mjög takmörkuð gögn fylgja málskoti og ekki er skýrlega gerð grein fyrir því á hvaða grunni meint bótaábyrgð V grundvallast. Þá er ekki gerð grein fyrir meintu tjóni M með fullnægjandi hætti. Það er ekki nægjanlega upplýst af hálfu M í hverju hið meinta tjón felst eða með hvaða hætti X hafi valdið M tjóni. Á meðan málalíbúnaður er ekki skýrari er málinu því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 26. febrúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 13/2019**M og
V vegna slysatryggingar sjómanna.****Sönnun orsakatengsla vegna vinnuslyss 4.4.2008. Tilkynningarfrestur og fyrning.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.1.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 21.1.2019, ásamt afriti tölvupósta dags. 21.12.2017 og 27.12.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þegar hann fékk högg af togvír á vinstri hlið líkamans og var hann greindur við komu á slysideild og í lækniheimsóknnum í apríl og maí það ár m.a. með rifbrot og óþægindi í öxl og viðbeini. Var M óvinnufær í um tvo mánuði og frekari lækni-rannsóknir voru gerðar, m.a. röntgenrannsókn í október 2008, en M útskrifaðist frá sérfræðingi í bæklunarlækningum í nóvember 2008. Árið 2017 fór M að finna fyrir frekari einkennum og það ár fór hann aftur í röntgenrannsókn sem leiddi til þess að það greindust skemmdir í öxl sem sami sérfræðingur metur varanlegar.

M telur að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt hafi til varanlegra afleiðinga í slysinu 4.4.2008. Honum hafi hins vegar ekki mátt vera atvik að baki kröfu sinni, né krafan ljós fyrir en slíkar afleiðingar greindust á árinu 2017 og þannig hafi hvorki tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, né fyrningarfrestur í 125. gr. sömu laga byrjað að líða fyrir en á því ári. M bendir á að slysið hafi verið tilkynnt til V 2. nóvember 2017 og telur einnig skýrt að það séu orsakatengsl á milli þess líkamstjóns sem greindist á árinu 2017 og tjónsatviksins í apríl 2008 þar sem ekkert sé í framlögðum sjúkraskrárgögnum sem geti skýrt ástand axlar hans í dag. M telur einnig af dómaframkvæmd (Hrd. 661/2007, 418/2008, 9/2013, 10/2015, 7/2009 og 615/20007, auk dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2663/2016) að draga megi þá ályktun að upphaf tilkynningar- og fyrningarfresta geti ekki verið fyrir en tjónþoli hafi fengið staðfestingu bæklunarlæknis um varanlegt líkamstjón og sé þar um hlutrænt viðmið að ræða.

V telur í fyrsta lagi að orsakatengsl séu ósönnuð milli þeirra einkenna sem M hefur nú og tjónsatburðar í apríl 2008. V bendir á að M hafi fengið meðferð við líkamstjóni sínu á árinu 2008 og síðan hafi hann stundað sjómennsku án vandkvæða þangað til hann hafi leitað til læknis á árinu 2017 eftir að hann fór í nudd vegna þess sem hann hélt vera vöðvabólgu. V vísar því á bug að sjúkraskrá M sé endanleg sönnun þess að ekkert annað en slyshans í apríl 2008 hafi getað leitt til þeirra varanlegru afleiðinga sem M var greindur með á árinu 2017 og vísar einnig til þess að einkenni þau sem hann lýsir séu algeng við álagsbundin störf eins og sjómennsku. Í öðru lagi telur V að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga til að tilkynna tjón hafi verið löngu liðinn þegar V fékk tilkynningu um tjónið með tjónstilkynningu 2. nóvember 2017 og í þriðja lagi að fyrningarfrestur samkvæmt 125. gr. sömu laga sé liðinn.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ítarleg lækni-fræðileg gögn um heilsufar M. Þar á meðal um tjónsatvik M 4. apríl 2008 og einkenni þau sem hann hafði þá frá öxl. M leitaði sannanlega til læknis eftir tjónsatvikið og fékk meðferð vegna einkenna sinna þá. Ekkert kemur hins vegar fram um slík einkenni í lækni-fræðilegum gögnum í um níu ár eftir það, ekki fyrir en á árinu 2017. Þó ekkert komi fram um önnur tjónsatvik í lækni-fræðilegum gögnum sem áhrif gætu haft á einkenni þau sem M hefur nú í vinstri öxl verður ekki talið fyllilega sannað, miðað við fyrirliggjandi gögn, að það séu orsakatengsl milli einkenna hans á árinu 2017 og tjónsatviksins í apríl 2008. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á greiðslu bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á greiðsluskyldu úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 19. febrúar 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 14/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum stíflu í skólplögn.****Gögn.**

Málskot, móttakið 08.01.2019, ásamt fylgigögnum 1-7.

Bréf V, dags. 7.2.2019

Málsatvik.

Hinn 10. ágúst 2016 flæddi vatn upp úr salernisskál á jarðhæð heimilis M í sveitarfélaginu A, með þeim afleiðingum að töluvert tjón varð á fasteigninni og munum í eigu M, en meðal gagna málsins er listi yfir hluti sem þurfti að farga í kjölfar atviksins.

Í málskoti kemur fram að verktaki á vegum A hafi verið að störfum við fræsinguna í götunni einhverjum dögum fyrr. M byggir á því að mistök við vinnu hans hafi valdið umræddu tjóni. M hafði samband við A til að tilkynna um tjónið en A hafi bent á Orkuveitu Reykjavíkur, B, sem sæi um fráveitumál bæjarins. Meðal gagna málsins er yfirlýsing pípulagningamanns sem skoðaði lögnina að ósk B, um að „heimtaugin“ hafi verið hrein en full af vatni.

Í málskoti eru gerðar sérstakar athugasemdir við það að A reyni að koma sér undan ábyrgð með því að benda á B og verktaka á vegum hennar. A eigi hins vegar umræddar lagnir og beri húsbóndaábyrgð á þeim sem vinni við viðhald þeirra og eru því gerðar kröfur um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Jafnframt er skorað á V að afhenda öll gögn málsins, þá sérstaklega sem varða samskipti V við B eða undirverktaka, enda sé að óbreyttu engin leið fyrir M að grafast frekar fyrir um orsök tjónsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar segir V að atvikalýsing M sé að miklu leyti röng. Samkvæmt A hafi fræsing í götunni farið fram í maí 2016, eða þremur mánuðum áður en M hafi orðið fyrir tjóni. Við fræsinguna hafi fræst efni farið í tengibrunn en holræsabíll hafi verið fenginn sérstaklega til að hreinsa úr brunnum. Það sé því með öllu ósannað að umrædd fræsing hafi orsakað tjón M og að stífla hafi myndast vegna þeirrar vinnu. Eftir að M hafi orðið fyrir tjóni hafi lögnin verið mynduð og þá komið í ljós fitustífla í milli lagnarinnar að húsi M og næsta brunns. Ekki liggja fyrir hvað hafi valdið umræddri stíflu en ekki sé vitað til þess að nágrannar M hafi lent í sambærilegu tjóni sem sæti nokkurri furðu. Það eitt að stífla myndist geti ekki leitt til bótaskyldu A enda hafi ekki verið sýnt fram á orsakasamband milli stíflunnar og fræsingar í götunni. Þá hafi A ekki haft vitneskju um umrædda stíflu og því verið ófært að gera ráðstafanir til að bregðast við henni. Þá tekur V fram að í ágúst 2016 hafi verktaki á vegum B unnið að fóðrun lagna í nágrenni við heimili M. V hafnar því bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið hafi komið til vegna háttsemi A eða einhvers sem A beri ábyrgð á.

Álit.

Engar lagareglur eru í gildi um hlutlæga ábyrgð A á lögnum og tjóni sem kann að verða vegna bilana í þeim, s.s. vegna stífla sem geta myndast. Það liggur því fyrir úrskurðarnefndinni að meta hvort tjón það er M varð fyrir hafi orðið vegna sakar A, þ.e. mistaka eða vanrækslu í þessu tilfalli.

Takmörkuð gögn liggja fyrir nefndinni og í vottorði pípulagningamanns, sem þó liggur fyrir, er ekki að finna neina lýsingu á umræddri stíflu né tilgátur um hvað kunni að hafa valdið henni, eða um orsakasamband milli hennar og tjóns þess sem M varð fyrir. Þrátt fyrir að lögnin hafi verið mynduð alla vega einu sinni í kjölfar tjónsins hafa heldur engar myndir verið lagðar fyrir nefndina. Í málskoti M segir að pípari á vegum B „kom og myndaði lagnirnar í götunni sem sá að lagnirnar höfðu stíflast vegna vinnu verktakans“. Þessi staðhæfing er ekki studd neinum frekari gögnum né má ráða þessa afstöðu af fyrrnefndu vottorði sem segir aðeins að „heimtaugin“ hafi verið hrein en full af vatni. Þá liggur ekki fyrir neitt um aðrar framkvæmdir á vegum A en umrædda fræsinguna sem virðist hafa farið fram í maí 2016. Án frekari gagna verður ekki talið sýnt fram á að fræsing á vegum A þremur

mánuðum fyrir tjónsdag hafi valdið umræddu tjóni eða að starfsmenn sem A ber húsbóndaábyrgð á hafi vanrækt skyldur sínar að einhverju leyti. Þá hefur sú staðhæfing V að sérstaklega hafi verið hreinsað úr brunni eftir fræsinguna ekki verið hrakin. Verður því ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 16/2019**M og
V v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort sjómaður hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi um borð í fiskiskipi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19. nóvember 2017 varð M fyrir meiðslum um borð í fiskiskipinu A. Í yfirlýsingu skipstjóra A, dags. 16. maí 2018, segir að troll hafi slitnað og það verið slætt upp aftur. Við frágang á trollinu hafi M þurft að klofa yfir trollið og þá misstigið sig samkvæmt frásögn M um atvikið. M hafi ekki kennt sér meins strax og hafi ekki tilkynnt skipstjóra eða stýrimanni um atvikið. Af þeim sökum hafi ekki verið skráð um það í skipsdagbók. Á hinn bóginn hafi M tilkynnt afleysingaskipstjóra um að hann gæti ekki róid vegna meiðsla á hné sem hann hafi orðið fyrir við atvikið 19. nóvember 2017.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 18. maí 2018, sem er undirrituð af M og útgerð A, segir að M hafi misstigið sig.

Í læknisvottorði frá tiltekinni heilbrigðisstofnun, B, dags. 22. maí 2018, segir að M hafi verið við störf sín um borð í A þegar hann hafi stigið yfir trollið á leið upp í krana. Hafi hann þá festis í trollinu og fengið snúningsáverka á vinstra hné. Þetta hafi gerst í byrjun desember og M hafi verið slæmur allan desember og farið í land 16. desember. Staðið hafi til að hann færi aftur á sjó um miðjan janúar en hann hafi leitað til læknis á B 5. janúar. Einnig segir í sama vottorði að M hafi verið hífa inn troll, runnið til og dottið á vinstra hné.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu sjómanna sem útgerð A hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í starfi um borð í A, en með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en útgerð A hafi fyrst fengið vitneskju um atvikið er M upplýsti afleysingarskipstjóra um atvikið og meiðsli sín í byrjun janúar eða um einum og hálfum mánuði eftir að það gerðist. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem er undirrituð bæði af M og útgerð A, segir það eitt að M hafi misstigið sig. Af fyrirliggjandi læknisvottorði frá B verður ekki ráðið með vissu hvernig M varð fyrir meiðslunum á vinstra hné. Að öllu virtu og gegn andmælum V verður við það að miða að hann hafi orðið fyrir meiðslunum við það að misstíga sig er hann steig yfir trollið, eins og fram kemur í fyrrgreindri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. Af því leiðir að meiðslin teljast ekki hafa orðið af völdum utanaðkomandi atburðar og sé því ekki slys í skilningi vátryggingaskilmálanna. Af þeim sökum á hann ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 17/2019**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X****Skaðabótaábyrgð vegna fasteignaviðskipta á árinu 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.1.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 14.2.2019, ásamt afriti kröfubréfs til V dags. 17.9.2018, greinargerð X dags. 12.11.2018 og skjáskoti af vef Ríkisskattstjóra.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18.2.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að í ágúst árið 2016 var fasteignin A sölumeðferð hjá fasteignasölnunni X. Hinn 24. ágúst 2016 gerði M kauptilboð í fasteignina þar sem fyrirvari var gerður um yfirlýsingu húsfélags, sem ekki lá fyrir þegar kauptilboðið var gert. Umrætt kauptilboð var samþykkt af hálfu seljanda samdægurs. Daginn eftir var lagt fram gagn (stöðluð yfirlýsing til útfyllingar) sem bar nafnið „yfirlýsing húsfélag A 14 A, 1. og 2. hæð“ undirrituð af seljanda sem ber með sér að ekkert starfandi húsfélag væri til staðar, auk þess sem áritun „Ekkert húsfél. starfandi að því ég best veit.“ og sú áritun undirrituð af nafngreindum héraðsdómslögmanni, sem virðist hafa verið þinglýstur eigandi annars hluta húsnæðisins. Við undirritun kaupsamnings 14. október 2016 lá m.a. að auki fyrir „yfirlýsing um eignarskipti“ varðandi A dags. 6. júní 1975. Afhending eignarinnar fór fram 30. janúar 2017 og afsal gefið út sama dag. Rúmu ári síðar, eða 1. mars 2018 fékk umboðsmaður M tilkynningu í tölvupósti um fyrirhugaðan fund í húsfélagi vegna AA þar sem stóð til að bera undir fundinn fyrirhugaðar utanhússviðgerðir. Í kjölfarið komst M að því að hús það sem A tilheyrir hefur tengsl við AA og eignarhluti hans um 14% af AA.

M telur að X hafi veitt rangar upplýsingar á sölu yfirliti við sölu A þar sem eignarhluti í AA hafi ekki verið sérstaklega tilgreindur og þar af leiðandi veittar rangar upplýsingar um húsfélag eignarinnar skv. lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994. M vísar til þess að hluti af skyldum löggilts fasteignasala eins og X sé að sjá til þess að gögn skv. 25. gr. sömu laga, kynning seljanda á upplýsingum um skiptingu eignarhluta í fjöleignarhúsi og starfsemi húsfélags, liggja fyrir og rækilega kynnt kaupanda áður en kaupsamningur er undirritaður. M telur að X hafi átt að sjá að skýrari gögn þyrftu að liggja fyrir með hliðsjón af útliti húseignarinnar og vísar á bug sjónarmiðum um að forsvarsmaður M hafi verið sá sérfræðingur í fasteignaviðskiptum að sambærilegar kröfur séu gerðar til hans um að rannsaka sérstaklega umrædda húseign m.t.t. þessa. M telur að X hafi brotið gegn 10.-12. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa með umræddri háttsemi sinni og að M hefði ekki fest kaup á umræddri eign ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir. M telur að svör V og X séu misvísandi um hvaða upplýsingar var rétt að leggja fyrir við gerð kaupsamnings og vísar til þess að fasteignasala megi vera ljóst að skilgreina þurfið hvað sé hús í skilningi laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 og ekki dugi að vísa til eignaskiptasamnings frá árinu 1975 í því samhengi. M telur að lögin séu skýr um hvernig skilgreina eigi hús og einföld sjónskoðun hefði átt að sýna starfsmönnum X að frekari gagna var þörf við undirritun kaupsamnings um A. Auk þess vísar M því á bug að orðalag í yfirlýsingu húsfélags AA um að engar framkvæmdir væru yfirvofandi hafi þýðingu í málinu.

V vísar til þess að eignaskiptayfirlýsing hafi legið fyrir við gerð kaupsamnings um A og þar með allar upplýsingar um eignarhlut í sameign. Í ljósi þess að M sé fasteignafélag verði að gera ráð fyrir sérþekkingu þess „að reka og sýsla með fasteignir“. M hefði því átt einnig að vera ljóst hvaða skyldur fylgdu A skv. eignaskiptayfirlýsingunni. Einnig vísar V til nýlegra dómafordæma um að kaupandi geti ekki gert skaðabótakröfu á fasteignasala vegna augljósra galla. V vísar einnig til þess að engar opinberar skrár séu haldnar um húsfélög og ekki hafi verið augljóst að fasteignasala hefði mátt vera ljóst hvernig tilhögun vegna eignarhlutans að A væri háttað. Þessu til viðbótar vísar V til þess að þegar M gerði kauptilboð í ágúst 2016 hafi ekki verið fyrirhugaðar framkvæmdir í húsfélagi sem tengist AA og þannig sé óljóst hvaða tjón það feli í sér fyrir M að hafa ekki haft umræddar upplýsingar.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort fasteignasalar X hafi sinnt skyldum þeim sem tilgreindar eru í lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa með fullnægjandi hætti. Nánar tiltekið hvort upplýsingar í söluþingliti hafi verið í samræmi við 10.-12. gr. laganna og að gætt hafi verið að fyrirmælum í 2. mgr. 16. gr. um að sammingsgerð hafi verið svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig hafi verið glögg. Staðfest er í gögnum málsins að við gerð kaupsamnings um A hafi legið fyrir skriflegar upplýsingar um að ekkert formlegt húsfélag hafi verið starfandi og gögn um eignaskipti hafi verið frá árinu 1975 þar sem fjallað var um miklu mun fleiri eignarhluta en A, nánar tiltekið húsnúmerin 2-24.

Þegar litið er til þessa mátti starfsmönnum X vera ljóst að lög um um fjöleignarhús nr. 26/1994 giltu um fasteignina A. Verður að gera þær kröfur til löggiltra fasteignasala að þeir kynni sér sérstaklega hvað sé eitt hús í skilningi laganna þegar upplýsinga er aflað um stöðu húsfélaga í ljósi þess að það er sérstaklega kveðið á um það í h.lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 að í söluþingliti fasteignar skuli koma fram upplýsingar um „...húsgjöld og yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir sem búið er að ákveða á fundi húsfélags, sé um fjöleignarhús að ræða, og um stöðu eiganda gagnvart hússjóði og framkvæmdasjóði húsfélags.“ Þau gögn sem starfsmenn X öfluðu frá seljanda um að það væri ekki starfandi húsfélag samhliða því að eignaskiptayfirlýsing var frá árinu 1975 verður að líta á sem skýra vísbendingu um að kanna þurfi sérstaklega hvernig málum sé háttáð. Í því skyni er auk þess sérstaklega vísað til tilvísunar í greinargerð X dags. 12. nóvember 2018 þar sem vitnað er til tölvupósts seljanda til lögmanns M dags. 17. apríl 2018. Í þeim tölvupósti segir seljandi: „Við skýrðum frá því, hvorutveggja simleiðis og á fundi á fasteignasölunni, að ég greiddi ekki í hússjóð, en hefði tekið þátt í sameiginlegu viðhaldi A og AA. Í þessum orðum, sem ekki virðist hafa verið sérstaklega mótmælt af hálfu X eða V, felast upplýsingar sem hefðu enn frekar átt að vekja athygli starfsmanna X á því að kanna yrði sérstaklega hvaða húshluta í 2-24 húsnúmerið A tilheyrði í skilningi laga um fjöleignarhús. Verður því fallist á að upplýsingar sem lágu fyrir í söluþingliti og gögnum við kaupsamning hafi ekki verið nægilega skýrar eða uppfyllt skilyrði tilvitnaðra ákvæða laga nr. 70/2015. Í ljósi þess að fasteignasali er sérfróður um fasteignaviðskipti og hefur einkarétt vegna starfsemi sinnar verður að gera strangar kröfur til hans. Verður því að meta honum það til gáleysis að gæta ekki nægilega vel að fyrirmælum laganna. Greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V byggist á skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum og verður að líta svo á að skilyrði hennar séu uppfyllt. Í því felst ekki afstaða til fjárhæðar mögulegs tjóns M. Ekki verður heldur talið sannað að forsvarsmáður M hafi sýnt gáleysi sem leiðir til meðábyrgðar.

Niðurstaða.

Fallist er á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Geir Arnar Marelsson lögfr.

Mál nr. 18/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar hunds****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna árásar hunds á hund í eigu M.****Gögn.**

Málskot móttakið 17.1.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 4.2.2019 ásamt fjórum fylgiskjölum.
Svar M við bréfi V til nefndarinnar, dags. 5.2.2019.
Viðbótargögn frá V, móttakin 15.2.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu sem liggur fyrir í málinu var M, hinn 2. desember 2018, á göngu með hund sinn, X, er hundur í eigu A, Y, réðst á X. Y beit í háls X og hristi hann til, með þeim afleiðingum að hann þurfti aðhlyningu dýralæknis en kostnaður vegna hennar var kr. 68.105. Að sögn M mun X jafnframt þurfa á áframhaldandi verkjameðferð að halda þar sem kvarnaðist upp úr hálslið við atvikið.

Að sögn B, sonar A, en hann var á göngu með Y í umrætt sinn, hafi Y verið í taumi, en náð að losa sig úr honum og þá hlaupið að M og X með framangreindum afleiðingum. M mótmælir þessu og segist aldrei hafa orðið vör við að Y væri í taumi, þvert á móti hefði hann stokkið af stað án þess að hika. B hafi þó hlaupið á eftir Y og lagst ofan á hann í þeim tilgangi að fá hann til að sleppa X.

Á grundvelli þessa atviks hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vegna Y, sem C, heilbrigðiseftirlit sveitafélags, mun vera með í gildi hjá V, og gildir um skráða hunda á svæðinu.

V hefur hins vegar hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að ekki sé sýnt fram á sök B í málinu, en bótaábyrgð vegna hunda sé ekki hlutlæg. Að sögn A hafi Y aldrei sýnt viðlíka háttsemi áður og hafi B gert sitt besta til að draga úr tjóninu, hlaupið á eftir Y og lagst ofan á hann til að koma í veg fyrir að X yrði fyrir frekari skaða vegna árásarinnar. Þá hafi Y verið í taumi sem hann hafi þó náð að losa sig úr.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um það hvort umrætt atvik sé bótaskyldt samkvæmt ábyrgðartryggingu sem C er með í gildi hjá V. Umrædd vátrygging er ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga, og felur það í sér að ekki er um hlutlæga ábyrgð vegna tjóns sem hundar kunna að valda að ræða. Til að bótaskylda stofnist þarf þannig að vera sýnt fram á saknæma háttsemi eiganda eða umráðamanns hundsins.

Á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina, og með hliðsjón af neitum B, er ekki talið sýnt fram á að B hafi umrætt sinn sýnt af sér slíka háttsemi að það leiði til skaðabótaskyldu samkvæmt almennum viðmiðum skaðabótaskyldu utan samninga. Þannig er ekki sýnt fram á að Y hafi ekki verið í ól umrætt sinn, né að B hefði verið skyldt að bregðast við atvikinu á annan hátt en hann gerði. Verður því að líta svo á að um óhappatílvik hafi verið að ræða og að bótaskylda úr umræddri vátryggingu sé ekki til staðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bæjarfélagsins C, hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 19/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags v/ orkuveitu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á húseign af völdum stíflu í skólplögn.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.2.2019

Málsatvik.

Sunnudaginn 4. nóvember 2018 varð tjón á húseign M, skráð hér sem A, í sveitarfélaginu B, er vatn streymdi upp úr niðurföllum í húsinu. Atvikið mátti rekja til stíflu sem hafði myndast í skólplögn sem liggur frá húsinu.

Í málskoti kveður M að í lögn sem liggur frá tilteknum skólþbrunni að A sé „hak“ í um 6 m fjarlægð frá umræddum brunni. Lögnin sé ekki hallandi og þar liggi vandinn og í gegnum árin hafi iðulega myndast stífla vegna þessa haks. Af þeim sökum hafi bæjarstafsmenn tæmt brunninn reglulega áður fyrr til að koma í veg fyrir að stífla myndaðist og tjón hlytist af. Af hálfu B hafi í lengri tíma verið látið undir höfuð leggjast að tæma brunninn þrátt fyrir vitneskju um nauðsyn þess. Föstudaginn 2. nóvember 2018 hafi M látið starfsmenn B vita af því að mögulega væri að myndast stífla í lögninni þar sem vatn væri farið að síga hægt niður úr vöskum og niðurföllum. Skömmu síðar, eða sunnudaginn 4. nóvember hafi tjónið orðið.

Kveður M að B beri ábyrgð á lögninni í 8 m frá skólþbrunninum í átt að A, þar af fyrstu 7 m á lóð B og 1 m þar sem lögnin liggur inni á lóð M. Stíflan hafi orðið á þeim stað í lögninni sem B beri ábyrgð á auk þess sem starfsmenn B hafi sýnt gáleysi með því að bregðast ekki strax við þegar þeim var tilkynnt um yfirvofandi stíflumyndun 2. nóvember.

V kveður stífluna hafa verið inni á lóð A og því sé tjónið ekki á ábyrgð B. Lögnin þar sé á ábyrgð M, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Einnig hafi M haft samband síðar þann sama dag og hann tilkynnti um yfirvofandi stíflumyndun, þ.e. 2. nóvember, og tilkynnt að „það gæti beðið fram yfir helgi að skoða lagnirnar“. Gáleysi starfsmanna B sé því ósannað. Eftir að V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B óskaði M eftir gögnum hjá V sem félagið byggði ákvörðun sína á. V synjaði beiðni M með þeirri skýringu að samkvæmt persónuverndarlögum mætti það ekki afhenda honum gögnin.

Álit.

B hafði fengið tiltekinn aðila, D, til að losa um stífluna sem olli því að fráveituvatnið lak inn í hús M. Við verkið voru af hálfu D teknar myndir innan úr lögninni sem sýna ástand innra yfirborðs lagnarinnar og stöðu vatns í henni. Átta myndir sem teknar voru af þessu tilefni hafa verið lagðar fram í málinu með skýringartextum. Þessum skýringum hefur ekki verið andmælt sérstaklega. Á einni myndinni og skýringu með henni kemur fram að 4,37 m frá götubrunni hafi myndavél verið komin á kaf í vatn. Samkvæmt þessu og skýringum með öðrum myndum má ráða að stíflan hafi verð innan við 4,37 m frá götubrunni.

Í 3. tölul. 3. gr. laga nr. 9/2009 er hugtakið „fráveita“ í lögnum skilgreint svo: „Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps. Til fráveitu telst allt lagnakerfi sem flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum, svo sem tengingar við einstakar fasteignir, niðurföll, svelgir, brunnar, safnkerfi, tengiræsi, sniðræsi, stofnlagnir, yfirföll og útræsi. Til fráveitu teljast einnig öll mannvirki sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem hreinsivirki, dælu- og hreinsistöðvar og set- og miðlunartjarnir.“ Í 5. tölul. sömu greinar er hugtakið „heimæð“ skilgreint svo: „Fráveitulögn sem flytur frárennsli að tengingu frá mannvirkjum og lóðum, þ.m.t. leigulóðum sveitarfélagsins.“ Þá er í 15. tölul. hugtakið

„tenging“ skilgreint svo: „Tengiæð milli heimæðar og fráveitukerfis við mörk lands sveitarfélagsins, þ.m.t. leigulóðir sveitarfélagsins, götu, gangstétt eða opið svæði.“

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna er eigendum húseigna þar sem fráveita liggur, skylt á sinn kostnað að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem fráveita tilgreinir.

Af gögnum málsins og í ljósi þess sem að framan greinir að stíflan virðist hafa verið innan við 4,37 m frá götubrunni verður ekki með vissu ráðið hvar stíflan, sem olli því að flæddi inn í A, var nákvæmlega staðsett, þ.e. hvort hún var í sjálfri heimæðinni, í tengingunni, þ.e. tengiæð milli heimæðar og fráveitukerfis, eða lögnum sem tilheyrir sjálfu fráveitukerfinu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en B fari með stjórn fráveitunnar í sveitarfélaginu og hafi af þeim sökum undir höndum öll gögn varðandi fráveituna og tengingu heimæða við hana, þ. á m. tilgreiningu á stað og hæðarsetningu þar sem heimæðin tengist fráveitunni líkt og fram kemur í síðari másl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 9/2009. Þá fékk B fyrrgreindan aðila, D, til að sjá um losun stíflunnar og greiddi kostnað vegna þeirrar aðgerðar. Eins og mál þetta er í pottinn búið verður að telja að það standi B næst að upplýsa með skýrum og greinargóðum hætti í hvaða lögnum umrædd stífla myndaðist. Engin gögn þar að lútandi hafa verið lögð fram af hálfu B né heldur V. Skýring V á ástæðu þess að það sá sér ekki fært að láta M gögn í hendur vegna persónuverndarlaga er með öllu órökstudd. Verður að telja hana haldlausu. Að svo vöxnu máli verður B að bera hallann af því að málið telst óupplýst hvað varðar staðsetningu stíflunnar í fráveitulögnunum. Starfsmönnum B bar því að bregðast þegar við þann 2. nóvember þegar M tilkynnti að stíflumyndun væri yfirvofandi. Það brást. Ósannað verður að telja að M hafi sama dag látið að því liggja við starfsmenn B að draga mætti fram yfir komandi helgi að lagnir yrðu skoðaðar. Við svo búið verður ekki hjá því komist að fella ábyrgð á B vegna þess tjóns sem varð á húseign M af völdum stíflunnar. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins B hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 20/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar S****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á lögnum.****Gögn.**

Málskot, dags. 14.01.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 04.02.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á veiðihúsi M þegar S útbjó nýjar lagnir í baðherbergi hússins. Fram kemur að tjónið hafið atvikast þannig að starfsmenn S hafi verið að útbúa nýtt frárennsli fyrir skólþ þegar gat kom á lögnum sem var í baðherberginu. Starfsmennirnir hafi ekki lagað lögnina heldur lokað gólfinu og ekki þrýstiprófað lagnirnar í kjölfarið. Þetta hafi leitt til þess að ekkert vatn rann inn á ofna í húsnu og því hafi þurft að brjóta gólfið aftur upp til að lagfæra lögnina og í því liggi tjón M. S hafi tekið að sér að lagfæra lögnum og ákvæði 5.3. í váttryggingarskilmálunum, sem V byggir höfnun bótaskyldu á, geti eingöngu átt við um tjón á þeim nýju lögnum sem verk váttryggingartaka laut en ekki þeirri lögnum sem S var að lagfæra. M vísar til máls úrskurðarnefndarinnar nr. 169/2018 sem fordæmi fyrir bótaskyldu.

Í bréfi V kemur fram að S hafi verið að koma fyrir nýjum skólþögnum í baðherbergi veiðihúss í eigu M. Þegar var verið að brjóta upp gólfið hafi komið gat á lögnum. Starfsmenn S töldu lögnina ekki virka og því var ekki gert við gatið. Síðar kom í ljós að lögnin tók inn á sig vatn og þurfti því að rjúfa gólfið upp til að gera við lögnina. Um ábyrgðartrygginguna gildi skilmáli A-1 þar sem fram komi í 5.3. gr. að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem váttryggður hefur tekið að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Ljóst sé að tjónið sé bein afleiðing af verki S og því eigi undanþága skilmálans við í þessu tilviki. Þar af leiðandi hafni V bótaskyldu. V bendir á úrskurð nefndarinnar nr. 192/2015 til stuðnings máli sínu.

Álit.

Í gr. 5.3. í skilmálum ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar nr. A-1 hjá V kemur fram að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna, sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Fyrir liggur að verk S var að lagfæra lagnir í baðherbergi. Til að komast að lögnunum þurfti S að brjóta upp gólfið. Það er því ekki hægt að líta öðruvísi á verkið en að brot gólfsins hafi verið hluti af vinnu S við að laga lagnirnar. Verk S fellur því undir gr. 5.3. í skilmálum váttryggingarinnar og er tjón M því ekki bótaskyld úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar S hjá V vegna tjóns á baðherbergi í veiðihúsi þess.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 21/2019**M og
V vegna lögboðinnar ökutækjatrýggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um hvort beri að endurskoða bótauppgjör vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot dags. 9.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-34

Bréf V dags. 21.2.2019.

Athugasemdir M við bréf V, dags. 26.2.2019.

Málsatvik.

Hinn 11. desember 2009 varð M fyrir slysi þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið hans. Í kjölfar þess gekkst M undir örorkumat, og var niðurstaða þess sú að hann hefði hlotið 7 stig í miska og 10% varanlega örorku. Tjónið var gert upp úr ábyrgðartryggingu X, með „fyrirvara um varanlegar afleiðingar slyssins“ hinn 17. maí 2011.

Í kjölfar þess fór heilsa M versnandi og hann taldi að varanlegur miski og örorka hefðu verið vanmetin. Gekkst hann því undir nýtt mat og samkvæmt matsgerð sem var skilað hinn 15. október 2017, var varanlegur miski 10 stig og varanleg örorka 15%. Hinn 10. janúar 2018 hafnaði V frekari bótakröfum vegna slyssins, á grundvelli þess að fyrirvarinn sem gerður hefði verið við upphaflegt bótauppgjör fæli ekki í sér að M hefði áskilið sér rétt til endurupptöku bótaákvörðunar á grundvelli þess að fyrri mat kynni að vera rangt, heldur aðeins ef síðari breytingar leiddu til aukningar á varanlegum miska eða örorku. Í kjölfar þess var viðbótarspurning lögð fyrir matsmenn, varðandi það hvort síðari breytingar á heilsufari M hefðu leitt til hærra mats á miska og örorku.

M byggir á því að hann eigi því rétt til frekari bóta og fer fram á úrskurð nefndarinnar um greiðsluskyldu V á grundvelli fyrirliggjandi matsgerðar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V því að félagið hafni kröfum M. Í fyrsta lagi sé það afstaða félagsins að krafa M hafi verið fyrnd hinn 1. janúar 2016. Í öðru lagi sýni umrædd matsgerð ekki fram á síðari breytingar sem leiði til frekari bótaréttar M, enda sé um að ræða mat á einkennum sem hafi verið til staðar allan tímann frá slysinu og séu einkennin því ekki síðar til komin.

Í síðari athugasemdum sínum mótmælir M því sérstaklega að krafa hans sé fyrnd, enda sé sú málsástæða V of seint fram komin, þar eð V hafi, fram til 21. febrúar 2019 tekið efnislega til varna í málinu. Þá hafi V hafnað kröfu M hinn 10. janúar 2018, og þar eð M hafi skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum innan árs frá því tímamarki sé krafan ekki fyrnd.

Álit:

Af málatilbúnaði M í málskoti hans til nefndarinnar má ráða að krafa hans um endurupptöku bótaákvörðunar sé reist á fyrirvara sem gerður var við upphaflegt bótauppgjör, en ekki á ákvæði 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrirvari sá er M gerði hinn 17. maí 2011 við tjónskvittun vegna umrædds slyss er almenns eðlis, og ekki virðast hafa verið gerðar sérstakar athugasemdir við tiltekna þætti í matinu sem þá lá fyrir og uppgjör var grundvallað á. Þannig verður fyrirvarinn ekki skilinn sem svo að hann feli í sér sjálfkrafa rétt til endurupptöku á grundvelli þess að fyrri mat sé rangt. Því getur fyrirvarinn aðeins falið það í sér að M áskilji sér rétt til að krefjast frekari bóta ef síðar verði ófyrirséðar breytingar á heilsufari hans sem leiði til þess að varanlegar afleiðingar af völdum slyssins verði meiri en gert var ráð fyrir við uppgjör milli aðila, þ.e. að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt. Er sá skilningur í samræmi við ítrekaða dómaframkvæmd, t.a.m. dóma Hæstaréttar í málum nr. 391/2015, 576/2013 og dóms Landsréttar í máli nr. 533/2018. Þannig verður ekki séð að umræddur fyrirvari leiði til annarrar réttarstöðu en leiðir af ákvæðum 11. gr. skaðabótalaga en þar segir að skilyrði endurupptöku ákvörðunar um bætur fyrir varanlegan miska eða örorku að kröfu tjónþola, sé að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða

örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Samkvæmt lagagreininni er því ekki nægilegt til endurupptöku að örorkustig reynist hærra en áður var gert ráð fyrir.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina, þ.á.m. matsgerð dómkvaddra matsmanna frá 15. október 2017, svo og matsgerð þeirra dags. 5. desember 2018, verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að um ófyrirsjáanlega breytingar á heilsufari hafi verið að ræða, enda virðist helst um að ræða versnun einkenna sem þegar voru til staðar við mat það sem bótauppgjör aðila grundvallaðist á. Verður því ekki talið að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt hvað þetta varðar.

Samkvæmt öllu framansögðu er það mat nefndarinnar að M hafi ekki sýnt nægilega fram á að hann eigi rétt til frekari bóta en þeirra sem greiddar voru í bótauppgjöri sem fram fór milli aðila hinn 17. maí 2011. Gerist þá ekki þörf á að taka til skoðunar hvort krafa hans hafi fallið niður fyrir fyrningu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 12. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 22/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar einstaklings (A).****Ágreiningur um bótaskyldu er kona á reiðhjóli slasaðist, þegar tvö reiðhjól rákust saman.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 2. apríl 2016 var M ásamt fleirum að hjóla á vegi nálægt Eyvindarárbrú við Seyðisfjarðarveg á Fljótsdalshéraði. Hefur M lýst atvikum svo að hún hafi ásamt A verið í hjólreiðatúr með hóp af krökkum. Hafi hún og A hjólað samhliða, hún hægra megin og A vinstra megin. Hafi A, sem sé vanur hjólreiðamaður, tekið síðan upp á því að beygja til hægri án þess að upplýsa M um það áður eða gefa henni það til kynna með öðrum hætti að hann hygðist beygja. Við þetta hafi framhjól M lent á afturhjól A og við það féll M í jörðina og slasaðist illa.

A hefur lýst atvikum svo að hann ásamt M og nokkrum ungum krökkum hafi verið að hjóla frá Egilsstöðum út á Eiðar og aftur til baka. Á bakaleiðinni hafi hann og M hjólað hlið við hlið og verið að spjalla saman. Þegar þau komu að beygjuni þar sem slysið varð höfðu krakkarnir tekið þessa beygju í átt að sundlaug þangað sem ferðinni virðist hafa verið heitið, en það hafi verið ljóst að þau myndu taka þessa beygju, þ.e. færu sömu leið og þau fóru í upphafi. Hann hafi sett höndina út, hægt á sér og tekið beygjuna eins víða og hann treysti sér til þar sem bifreið hafi verið að koma að gatnamótunum. Er hann tók beygjuna hafi M hjólað í afturdekkið á hans hjóli. Hann hafi ekki dottið, en M hafi hins vegar beyglað fótinn undir sér og brotnað illa.

M kveður slysið mega rekja til gálausrar háttsemi A er hann tók beygjuna og hafi hann brotið gegn ákvæðum 2. gr., 1. og 2. mgr. 15. gr. og 2. og 4. mgr. 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M hefur uppi skaðabótakröfu á hendur ábyrgðartryggjanda A í máli þessu. Henni ber að sýna fram á að slysið verði rakið saknæmrar háttsemi A, svo sem gáleysis af hans hálfu. Samkvæmt gögnum málsins eru einungis M og A til frásagnar um tildrög slyssins. Engum vitnum er til að dreifa. Þau hjóluðu samhliða og áttu spjall saman þegar kom að beygjuni. Þau vissu hvert ferðinni var heitið og þ. á m. að þau myndu taka umrædda beygju til hægri. A kvaðst hafa rétt út hönd til að gefa hina fyrirhuguðu beygju til kynna auk þess sem hann hafi hægt á sér og tekið beygjuna eins víða og unnt var vegna umferðar. Eins og málsatvik liggja fyrir verður að telja ósannað að slysið verði rakið til þess að A hafi tekið beygjuna andstætt umferðarreglum eða hann hafi að öðru leyti sýnt af sér gáleysi sem felli á hann skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Að þessu virtu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 23/2019**M og
V vegna lögboðinnar ökutækjatrýggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna mögulegs líkamstjóns við árekstur****Gögn.**

Málskot dags. 18.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-10.

Bréf V dags. 4.2.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins lenti M í árekstri hinn 3. apríl 2017, þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið hennar þar sem hún var kyrrstæð á aðrein. Bar M enga sök á árekstrinum og er ekki deilt um það í því máli sem hér er til meðferðar. M telur sig hins vegar hafa orðið fyrir varanlegu heilsutjóni í kjölfar árekstursins og krefur því V um bætur úr lögboðinni ábyrgðartryggingu X vegna þess.

Meðal gagna málsins eru ýmsar upplýsingar um heilsufar M í kjölfar atviksins, en af læknisvottorðum má ráða að hún hafi fyrst leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn hinn 6. apríl 2017 og næst hinn 27. apríl 2017. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur M verið með mikil einkenni frá stoðkerfi og höfuðverki. Þetta veldur henni óþægindum við vinnu en hún á, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, erfitt með langar setur. Læknisvottorðið sem liggur fyrir nefndinni er dagsett hinn 13. janúar 2018 en jafnframt eru skýrsla sjúkraþjálfara, dagsett 30. nóvember 2018, og beiðni um sjúkraþjálfun frá heilsugæslulækni dagsett 16. mars 2018, meðal gagna málsins. Ekki er því ljóst af gögnum málsins hvernig núverandi heilsufari M er háttað.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni, sem áður hafði verið komið á framfæri við M, að ekki hafi tekist að sýna fram á orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M. V byggir þessa afstöðu sína á niðurstöðu svokallaðs PC crash hraðaútreiknings, sem beri með sér að bifreiðinni sem var ekið aftan á bifreið M hafi verið á um 5 km hraða á klukkustund, enda hafi afar litlar skemmdir orðið á bifreiðunum við áreksturinn. Þá tekur V fram að M hafi farið tvívegis til læknis fyrstu vikunnar eftir áreksturinn, en næsta læknisheimsókn vegna hans hafi verið í nóvember 2017. Þá hafi M ekki leitað til sjúkraþjálfara fyrr en tæpu ári eftir áreksturinn. Í millitíðinni, eða hinn 17. júní 2017, hafi M svo lent í öðru umferðaróhappi, er hún sofnaði undir stýri og ók út á grasbala. Þá eru gerðar athugasemdir við það að í skýrslu sjúkraþjálfara sé byggt á því að aksturshraði við áreksturinn hafi verið 50 km á klukkustund, en ekki 5.

M gerir sérstakar athugasemdir við það að höfnun V á bótaskyldu sé einvörðungu grundvölluð á niðurstöðu PC crash útreiknings, en varhugavert sé að veita slíkum gögnum, sem sé aflað einhliða af V, mikið sönnunargildi. Þessu til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í máli 107/2009 sem og til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum í máli 178/2013.

Álit:

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 3. apríl 2017.

Hvað varðar hraða- og höggútreikning verður ekki litið framhjá því að þeirra gagna er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn, þannig má ráða af myndum af bifreið M að númeraplatan hafi skemmst og að stuðarakápa hafi rispast lítilliga. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Hins vegar liggur ekki fyrir neitt sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins.

Er óhjákvæmilegt fyrir nefndina að líta til allra framangreindra þátta í samhengi. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna sinna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Valgeir Pálsson, lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 24/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Skaðabótaábyrgð vegna slyss í húsnæði X 25. maí 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.1.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15.2.2019, ásamt fasteignayfirliti.

Málsatvik.

Í lýsingu M í tjónstilkynningu til V dags. 6. júlí 2017 kemur fram að hún hafi verið að ganga að útihurð í húsnæði X með vinkonu sinni þegar hurðin hafi skyndilega opnast „...með miklu afli, ég fékk hana í andlitið og datt við það aftur fyrir mig...“

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem húsnæði X hafi verið vanbúið, ekki hafi verið pumpa eða dempari á útidyrhurðinni sem hafi leitt til slyssins. M vísar til byggingareglugerðar nr. 112/2012 og þess að ríkar skyldur séu á fasteignareigendum að tryggja öryggi þeirra sem eiga leið um fasteignina. Sérstakar skyldur telur M hvíla á X í því samhengi þar sem um vínveitingahús sé að ræða sem sé opið almennum gestum og megi jafnt búast við að fólk sé undir áhrifum áfengis og þess að þeir sem fari þar um séu ekki undir slíkum áhrifum. Sérstaklega er vísað til 4.-6. mgr. gr. 12.3.1 í áðurnefndri byggingareglugerð og k.lið 1. mgr. gr. 6.4.11 varðandi umbúnað hurða, hurðapumpur og fleti við útidyrhurðir. M telur að þó húsnæði X sé byggt árið 1964 hafi notkun þess verið breytt síðar til að hýsa veitingastarfsemi og þá hafi þurft að aðlaga húsnæðið að gildandi byggingareglugerðum. M vitnar einnig í dómaframkvæmd máli sínu til stuðnings.

V telur óljóst hvernig slys M bar að þar sem aðilum beri ekki saman um það. Þó M hafi borið um að hurð hafi opnast með miklu afli sé ekki neitt sem styður þá frásögn hennar, þar sem enginn hafi verið á leið út af staðnum þegar M var á leið inn. Einnig vísar V til þess að húsnæði X sé byggt löngu áður en gilandi byggingareglugerð tók gildi og taki þar af leiðandi ekki til húsnæðisins. V vísar auk þess til þess að ekki komi fram í þeirri reglugerð óyggjandi skylda til að setja upp hurðarpumpu á útidyrhurðir.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti hvað það var sem leiddi til falls M við útidyrhurð húsnæðis X, hvort það var vegna þess að annar gestur opnaði hurðina þannig að M féll við eða rekja megi fallið til annarra atvika. Ekki verður hjá því komist að margir ganga um inn- og útganga veitingastaða og verður að haga umbúnaði húsnæðis í samræmi við það. Ekki verður þó séð að X hafi verið skylt að fara eftir byggingareglugerðum sem settar voru eftir að húsnæði var byggt eða heldur að orðalag gildandi reglugerða geri ráð fyrir því að húsnæðiseigendum sé skylt af hafa hurðarpumpu á slíkum hurðum. Ekki er heldur hægt að ráða með skýrum hætti af gögnum málsins að aðstæður í húsnæði X hafi verið ástæða fyrir falli M í greint sinn. Ekki þykir því sannað að fall hennar megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 25/2019**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna tannbrots af völdum vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.1.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 13.2.2019.

Málsatvik.

Hinn 7. nóvember 2017 var M að störfum sem stuðningsaðili í grunnskóla hjá sveitarfélaginu A. Mun hann þá hafa orðið fyrir því að sundbretti eða korki var kastað í andlit hans með þeim afleiðingum að tannbrú í efri gómi brotnaði auk þess sem tennur losnuðu þar. M leitaði til tannlæknis til að fá viðgert það sem úrskaiðis fór. Hann hefur svo leitað til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), A og V sem tryggingafélags A til að fá greiddan kostnað vegna tannviðgerðarinnar, en allir þessir aðilar hafi hafnað bótaskyldu. M kveður slysið falla undir skaðabótaskyldu vinnuveitanda þar sem hann hafi orðið fyrir slysinu í starfi og því falli slysið undir slysatryggingu launþega þar sem fyrir liggir afstaða SÍ um að tjónið verði ekki bætt skv. lögum um almannatryggingar eða sjúkratryggingar. V hefur hafnað bótaskyldu úr launþegatryggingunni.

Álit.

Málatilbúnaður M verður ekki skilinn öðruvísi en að hann geri einungis þá kröfu fyrir nefndinni að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr slysatryggingu launþega sem A hefur í gildi hjá V.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega hjá V greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, ef það leiðir m.a. til tannbrots. Jafnframt segir í skilmálunum að vegna tannbrots greiði félagið viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Þó bæti félagið ekki tennur sem brotna í vinnuslysi, sbr. lög um almannatryggingar, eða tennur sem brotna þegar vátryggður matast. Þegar skilmálaákvæði þessi eru lesin saman verður að skilja gildissvið vátryggingarinnar á þann veg að félagið greiðir bætur vegna viðgerðar á á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys sem slysatryggingin tekur til að því marki sem slíkur kostnaður fæst ekki bættur hjá SÍ.

Valdi bótaskyldt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga skal skv. d. lið 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga greiða að fullu viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.

Samkvæmt gögnum málsins hafa SÍ hafnað greiðslum samkvæmt tilteknum reikningi tannlæknis vegna „röntgenstórmyndar“, skoðunar nýs sjúklings og úrdráttar 8 tanna eða róta, samtals að fjárhæð 217.000 krónur, þar sem meðferð sú sem reikningurinn er fyrir sé óviðkomandi slysinu 7. nóvember 2017. Í ljósi þessa verður að telja ósannað að kostnaður vegna þeirra lækni meðferðar sem téður reikningur byggir á sé af völdum slyssins. Af þeim sökum fæst hann heldur ekki greiddur úr slysatryggingunni hjá V. Að öðru leyti er ekki ljóst af gögnum málsins hvort eða að hve miklu leyti SÍ hefur greitt eða mun greiða kostnað sem rekja má til þess að tennur M löskuðust í umræddu slysi. Af því leiðir að ekki verður heldur ráðið hvort einhver kostnaður vegna slyssins mun ekki fást greiddur af SÍ og gæti þá, eftir atvikum, fallið undir launþegatrygginguna hjá V. Er málið svo vanreifað að þessu leyti að ekki verður ráðið hvort M kunni að eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Samkvæmt e. lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Með vísan til þessara ákvæða í samþykktum

nefndarinnar verður samkvæmt framansögðu ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefnd.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 26/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot mótttekið 25.01.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2 dags. 01.02.2019.

Bréf V1 dags. 15.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Hinn 5. desember 2018 varð árekstur milli ökutækja A og B. Atvik voru með þeim hætti að bifreið A var ekið austur Kirkjuteig, en ökumaður bifreiðar B var að flytja bifreiðina milli bifreiðastæða við Kirkjuteig þegar þær lentu saman. Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á ökumann B, þar eð nefndin taldi sannað að bifreið B hefði verið ekið frá bifreiðastæði í veg fyrir bifreið A. M, sem er eigandi B, en var ekki ökumaður hennar umrætt sinn, mótmælir þeirri niðurstöðu og telur rétt að leggja alla sök á ökumann ökutækis A. Fyrir nefndinni lýsir M atvikum þannig að bifreið B hafi verið ekið frá bifreiðastæði við Kirkjuteig og að ætlunin hafi verið að leggja bifreiðinni í annan stöðureit. Á meðan því stóð hafi ökumaður bifreiðar B orðið var við ökutæki A og því ákveðið að leggja bifreiðinni til hliðar við veginn, upp á hellulagt stæði í öfugri akstursstefnu, svo ökutæki A kæmist framhjá. Er áreksturinn varð hafi aðeins hluti bifreiðar B skagað út á akbrautina og hún hafi verið kyrrstæð. M telur einnig að ráða megi af atvikinu og umfangi tjónsins að ökutæki A hafi verið ekið á ólöglegum hraða.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að ökumenn hafi fyllt sameiginlega út framhlið tjónstilkynningar vegna atviksins, og af henni megi ráða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á öfugum vegarhelmingi í aðdraganda árekstursins og að bifreiðin hafi verið staðsett á akbrautinni í akleið ökumanns bifreiðar A þegar bifreiðarnar lentu saman. Telur V1 að ekki sé hægt að miða við síðar tilkominn einhliða framburð ökumanns bifreiðar B um að bifreiðin hafi verið kyrrstæð og nánast að fullu í umræddum stöðureit er áreksturinn varð. Er það því afstaða V1 að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum. V2, þar sem M er með ábyrgðartryggingu vegna bifreiðar B, tilkynnti nefndinni að félagið mundi ekki skila athugasemdum í málinu.

Álit:

Afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar sem liggur fyrir í málinu gefur til kynna að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, og bifreið B á öfugum vegarhelmingi, er árekstur varð og ekki er hakað í þar tilgerðan reit í lið 12 á eyðublaðinu um að bifreið B hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Þá verður ekki ráðið af ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi eftir að áreksturinn átti sér stað að bifreið B hafi að mestu eða öllu leyti verið lagt í bifreiðastæði þegar bifreiðarnar lentu saman. Þá hafa engin gögn verið lögð fram er styðji þá staðhæfingu að bifreið A hafi verið ekið á ólöglegum hraða. Það er því álit nefndarinnar að bifreið B hafi verið á veginum, í akstursleið bifreiðar A, þegar bifreiðarnar lentu saman. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 12. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 27/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Skaðabótaábyrgð vegna dúklagningar í nóvember 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.1.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15.2.2019.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að fyrirtækið X hafi verið fengið af M til að leggja sérstakan dúk á gólf fasteignar í eigu M í nóvember 2017. Með dúknum fylgdi sérstakt lím til að festa hann niður og telur eigandi X í tjónstilkynningu til V að „Límið sem kom með sendingunni var að mínu mati ekki rétt fyrir þessa límingu.“ Í ljósi þess að límið kom frá fyrirtækinu sem framleiddi dúkinn ákvað eigandi X að nota það við verkið. Við verkið komu síðan fram örðugleikar og litlar loftbólur mynduðust og eru sjáanlegar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem orðið hafi við lagningu dúksins þar sem eigandi X hafi notað rangt lím við verkið. M telur ekki sannað að rangt lím hafi verið sent með dúknum.

V telur að ákvæði váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X eigi við þar sem kemur fram að „váttryggingin bæti ekki tjón innan samninga, þ.e. tjón sem váttryggður ber ábyrgð á vegna vandefnda á samningi.“ V vísar til þess að tjón M sé tilkomið vegna vanefnda á samningi milli X og M og undanþáguákvæði þess efnis í gr. 4.2 í váttryggingarskilmálum eigi við.

Álit.

Málskot M byggir á því að X hafi orðið á mistök við lagningu dúkar í fasteign M. Ekki verður annað séð en að X og M hafi gert samning um að X tæki að sér að leggja umræddan dúk. Það að X hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. slíkum samningi telst almennt til vanefnda. V takmarkar ábyrgð sína með hlutlægum hætti gagnvart tjónum sem X veldur öðrum vegna vanefnda á samningum í gr. 4.2 í váttryggingarskilmálum. Verður þegar af þeirri ástæðu litið svo á að undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna eigi við og greiðsluskylda hafi ekki stofnast hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 28/2019**M og
V v/ ferðatryggingar greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um greiðslu bóta vegna slyss á ferðalagi 27. júlí 2018.****Gögn.**

Málskot, móttekið 24. janúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5. mars 2019, ásamt váttryggingarskilmálum og tjónskvittun frá V dags. 22. febrúar 2019.

Tölvupóstur V, dags. 13. mars 2019.

Bréf lögmanns M, sent með tölvupósti 19. mars 2019.

Tölvupóstur V, dags. 19. mars 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt ferð til Ítalíu hjá ferðaskrifstofu frá 20.-30. júlí 2018. Hinn 21. júlí 2018 hafi M fótbrotnað illa og hafi verið rúmföst á sjúkrahúsi það sem eftir lifði ferðar, en hafi getað nýtt flugfermiða sinn tilbaka til Íslands hinn 30. júlí 2018 þrátt fyrir alvarlegar afleiðingar fótbrotsins og aðgerð sem hún gekkst undir 27. júlí s.á.

M gerir í málskoti kröfu um að allur hennar ferðakostnaður verði bættur úr greiðslukortatryggingu hennar hjá V með vísan til gr. 4.6 í váttryggingaskilmálum þar sem fjallað sé um endurgreiðslu ferðar. M tiltekur í málskoti að hún telji allan ferðakostnað sinn falla þar undir, þ.e. flug til og frá Trieste, hótél í Feneyjum og á Ligniano sem og ferðakostnað innanlands til Murano Burano. Einnig er gerð grein fyrir kröfu um greiðslu ferðakostnaðar maka á grundvelli gr. 4.5.1, þ.e. hótélkostnað hans sem féll til í Feneyjum á meðan á sjúkrahúsdvöl M stóð, sjúkradagpeningakröfu, auk greiðslu úr forfallatryggingu vegna tveggja fyrirhugaðra ferða M, annars vegar endurgreiðsla flugfermiða vegna ferðar til Kaupmannahafnar sem M hafi ekki komist í vegna afleiðinga slyssins, sem og innborgun vegna veiðiferðar innanlands. Heildarkostnað tiltekur M sem kr. 596.152.

Í bréfi V dags. 5. mars sl. er gerð grein fyrir þeirri afstöðu félagsins að fallist hafi verið á bótaskyldu vegna tiltekins ferðakostnaðar M, þ.e. flug- og hótélkostnaður M sjálfrar hafi verið bættur, sem og sjúkradagpeningar og endurgreiðsla ferðar til Kaupmannahafnar vegna forfalla. Einnig hafi verið greiddur kostnaður við hótél í Feneyjum sem maki M hafi þurft að leggja út. Frekari skýringar V komu fram í tölvupósti 13. mars sl. Þar kemur fram að V telur standa eftir ágreining um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðar M til Murano Burano og þess kostnaðar sem M hafi haft vegna fyrirhugaðrar veiðiferðar á Íslandi. Rök V fyrir höfnun greiðslu þess kostnaðar eru þau fyrst og fremst að í váttryggingaskilmálum, nánar tiltekið í gr. 4.6.1 og í 7. kafla vegna forfalla sé tiltekið að félagið greiði ferðakostnað og að þegar litið sé til orðskýringa í 3. gr. sömu skilmálum sé hugtakið ferðakostnaður skilgreint sem „fargjald og gistikostnaður“. Kostnaður við skoðunarferð frá Feneyjum sem og veiðiferð á Íslandi falli ekki undir slíkan kostnað og sé því ekki bættur úr greiðslukortatryggingu M. Einnig hafnar V greiðsluskyldu vegna annars kostnaðar maka en hótélkostnaðar sem hafi verið greiddur. V vísar til gr. 4.6.3 í skilmálum váttryggingarinnar þar sem endurgreiðsla ferðar annars en þess sem veikist eða slasast sé háð því að rjúfa þurfi ferð og fylgja viðkomandi heim og gildissvið váttryggingarinnar nái því ekki yfir aukakostnað sem maki M hafi mögulega haft vegna slyss hennar.

Í athugasemdum M með bréfi lögmanns hennar sem sent var með tölvupósti 19. mars sl. kemur fram að M vísar til þess að skilningur hennar á ferðatryggingu sinni hafi verið sá að hún mætti treysta því að allur ferðakostnaður sé bættur sem og sá aukakostnaður maka sem fallið hafi til vegna slyss hennar.

V gerði nefndinni grein fyrir í tölvupósti 19. mars sl. að félagið samþykkti ekki að úrskurðað væri um bótafjárhæðir í skilningi 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir nefndina sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005 og ítrekar áður framkomin sjónarmið félagsins vegna skilgreiningar á ferðakostnaði og túlkun á greiðsluskyldu vegna kostnaðar maka M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um greiðslu bóta vegna kostnaðar sem M hefur gert grein fyrir að hafi til stofnast vegna afleiðinga slyss hennar í Fenejnum 21. júlí 2018. Í ljósi þess að V féllst á bótaskyldu að hluta eftir að málið kom fyrir nefndina verður er rétt að tilgreina þá þætti sem virðast standa eftir vegna bótaskyldu V en nefndin getur eingöngu tekið afstöðu til bótaskyldu vegna tiltekinna liða en ekki ágreinings um mögulega fjárhæð bóta þar sem V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um slíkan ágreining, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina.

Ágreiningur um bótaskyldu lítur fyrst og fremst að því annars vegar hvaða kostnaður M teljist til ferðakostnaðar í skilningi gr. 4.6.1. og gr. 7.1. váttryggingarskilmála fyrir greiðslukortatryggingu M. Þar verður að líta til skýringarákvæðis 3. gr. sömu skilmál varðandi hugtök sem koma fyrir í skilmálunum þar sem kemur skýrlega fram að hugtakið „ferðakostnaður“ merki „fargjald og gistikostnað“. Í gögnum málsins verður ekki séð hvort eða að hve miklu leyti kostnaður við ferð til Murano Burano eða hluti kostnaðar við veiðiferð M innanlands feli í sér fargjald eða gistikostnað. Verður því ekki fallist á að sá kostnaður falli undir gildissvið greiðslukortatryggingar M.

Þegar litið er til réttar til endurgreiðslu ferðar skv. sömu skilmálum verður að líta til þess að gildissvið váttryggingarinnar hvað það varðar er skilgreint í gr. 4.6 þar sem kemur fram að þær bætur greiðast til þess sem þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slysa, sbr. gr. 4.6.1 en ekki til annarra nema þurfi nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja hinum sjúka heim, sbr. gr. 4.6.3. Verður því ekki fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr váttryggingunni vegna endurgreiðslu ferðar maka M, enda ljóst að ferð var ekki rofin í þeim skilningi að þau hafi þurft að fara heim á öðrum tíma en fyrirfram var ákveðið.

Gildissvið váttryggingarinnar er skilgreint með fyrrnefndum váttryggingarskilmálum og verður ekki séð að sá kostnaður sem M telur óbættan vegna ferðarinnar falli undir gildissvið hennar þó upplýsingar liggi fyrir um að M og maki hennar hafi haft af slysaatviki hennar mikil óþægindi. Verður því ekki fallist á að fyrir hendi sé frekari bótaskylda hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á bótaskyldu úr greiðslukortatryggingu M hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 29/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar ferðaþjónustuaðila.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll af hestbaki.****Gögn.**

Málskot, móttækið 29.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 2. júlí 2018 fór M ásamt eiginmanni og tveimur börnum í reiðtúr á vegum A. Samkvæmt málskoti kveður M að þau hafi ekki verið látin undirrita neina skilmála varðandi ferðina. Þau hafi verið óvön hestum og leiðsögumenn fullvissað þau um að þau þyrftu ekki ítarlega kennslu hvernig ætti að sitja hestana því hestarnir væru gamlir, reynslumiklir og þægir. Hafi leiðsögumennirnir lagt á hestana og farið yfir hvernig ætti að stíga á bak hestunum, hafa fætur í ístöðum og stöðva hestana. Frekari öryggisráðstafanir hafi ekki verið gerðar. Hópurinn hafi farið í einfaldri röð og hafi annar leiðsögumaðurinn farið á undan hópnum en hinn verið aftast. Er haldið var heim á leið hafi hestur dóttur M aukið hraða verulega og farið á brokk. Þá hafi hestur sonar M æsts og tekið af stað á miklum hraða og tekið fram úr M. Hafi hestur M þá æsts enn frekar þegar annar hestur hafi farið fram úr honum og tekið af stað á stökki. Hestur hennar hafi rokið viðstöðulaust með hana og ekki verið mögulegt að stöðva hann. Hnakkur hafi verið farinn að losna og færast til hliðar. Annar leiðsögumaðurinn, 16 ára stúlka, hafi elt M til að komast fram fyrir hana eða til hliðar til að taka í tauminn til að stöðva hestinn. M hafi hins vegar dottið af hestinum er hann var á fullri ferð er hún gat ekki haldið sér lengur á baki. Við fallið hafi rifbein brotnað og hún hlotið áverka á lungum og vinstri öxl og hendi.

M kveður undirbúning ferðarinnar hafa verið ófullnægjandi og leiðsögumennirnir hafi verið ungir að árum og reynslulausir og ekki haft sérþekkingu á sviði hestamennsku sem nauðsynleg hafi verið og viðbrögð þeirra verið röng og ófullnægjandi þegar hesturinn rauk af stað. A stundi atvinnurekstur sem í eðli sínu sé hættulegur og felist í því að setja ferðafólk, jafnvel óvant hestum, á bak slíkum dýrum og fara með það í hestaferðir. Beri A að haga starfsemi sinni þannig að sem minnst hætta verði á tjóni. Þá hafi hvorki lögreglu né Vinnueftirliti ríkisins verið tilkynnt um slysið. Beri A því hallann af skorti á sönnun um atvik og orsök slyssins. Telur M A bera ábyrgð á því líkamstjóni sem hún hlaut við atvikið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður samkvæmt upplýsingum frá A að M hafi sagst vera vön hestum en aðrir í fjölskyldunni verið óvanir. Því hafi verð valdir mjög þægir hestar undir þau öll, þ. á m. M sem hafi setið alþegan 19 vetra hest. Leiðsögumennirnir tveir hafi farið yfir öryggisatriði og grunnatriði hestamennsku áður en haldið var af stað. Skömmu síðar hafi einn úr hópnum misst símann sinn og annar leiðsögumaðurinn því farið af baki til að rétta viðkomandi símann. Við það hafi hestur M viljað snúa heim og í stað þess að grípa í taumana hafi M baðað út öllum öngum og hrópað með þeim afleiðingum að hesturinn hafi stokkið af stað og M fallið af baki áður en leiðsögumaður náði til hennar. Báðir leiðsögumennirnir hafi haft langa reynslu af hestamennsku og leiðsögn. Hefur V hafnað kröfum M.

Álit.

M hefur sönnunarbyrði um það að slysið megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Ekki er um það deilt að M ásamt fjölskyldu sinni fengu leiðsögn um það hvernig þau skyldu fara á bak hestunum og hvernig bæri að stöðva þá. Af hálfu A er því haldið fram að farið hafi verið yfir öryggisatriði og grunnatriði hestamennsku með fjölskyldunni áður en ferðin hófst og sérstaklega þægur hestur verið settur undir M. Hestamennsku fylgir ætíð nokkur hætta, jafnvel þótt óvant hestafólk eigi í hlut og það sitji gæfa hesta og með í för séu reyndir og hæfir leiðsögumenn. M mátti vera ljós þessi hætta. Hvernig sem það atvikaðist nákvæmlega að hestur M stökk af stað heim á leið verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að slysið verði rakið til ófullnægjandi undirbúnings hestaferðarinnar, svo sem

með röngu vali á hestum undir M og fjölskyldu hennar, reiðtygi verið sett á hestinn með röngum eða ófullnægjandi hætti eða ónógum leiðbeiningum til fólksins áður en ferðin hófst. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að slysið megi rekja til rangra viðbragða leiðsögumannanna þegar hestur M tók á stökk með þeim afleiðingum að hún féll af baki. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að leiðsögumennirnir hafi verið óreyndir og ekki valdið starfi sínu. Að þessu virtu verður að telja ósannað að A beri fêbótaábyrgð á slysi M. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 30/2019**M og
V vegna innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.****Tjón á innbúi (dróna) í júlí 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29. janúar 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12. febrúar 2019.

Bréf lögmans M, dags. 12. febrúar 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hringt til V og tilkynnt um tjón á dróna í hans eigu þar sem hann var að fljúga honum yfir sjó við Indonesíu og tjónið hafi komið þannig til að hann hafi lent á bát sem siglt var nálægt. Í bréfi V til M dags. 21. ágúst 2018 er því hafnað að bæta tjón á drónanum þar sem V taldi að bótaskilyrði gr. 4.1 í skilmálum innbúskaskótryggingar væri ekki uppfyllt um að tjónið hefði orðið vegna skyndilegs, utanaðkomandi og ófyrirsjáanlegs atburðar, en það sé það skilyrði sem þurfi að uppfylla vegna innbúskaskótryggingar. V gefur þær skýringar á höfnun sinni að tjónsatburður hafi komið þannig til að „þú hafi verið að fljúga dróna í Indonesíu sem klessir á bát og fer á bólakaf og finnst ekki.“

Í samskiptum milli lögmans M og V kemur fram að í bréfi V dags. 21. ágúst 2018 sé því ranglega haldið fram að dróna M hafi verið flogið á bát heldur hafi bát verið siglt á drónann. Í málskoti kemur einnig fram sú lýsing af hálfu M. M telur að það sé ranglega haft eftir honum í símtali að atvik hafi verið með þeim hætti sem V heldur fram og skorar á V að afhenda upptökur af símtalinu, ella verði að leggja frásögn M til grundvallar lýsingu tjónsatburðar. Þegar það sé gert sé ljóst að skilyrði váttryggingarskilmála um skyndilegan og ófyrirsjáanlegan utanaðkomandi atburð séu uppfyllt skv. gr. 4.1 í váttryggingarskilmálum og engin undanþáguákvæði eigi við, sbr. gr. 4.2-4.7 í sömu skilmálum.

V vísar til þess að M hafi hringt og lýst tjónsatburði með þeim hætti 20. ágúst sl. að hann hafi verið að fljúga drónanum og farið aðeins of nálægt báti þannig að dróninn hafi rekist í bátinn. M hafi síðan hringt aftur 27. ágúst sl. og dregið úr fyrri málsatvikalýsingu. V telur að það eigi að leggja fyrstu lýsingu M til grundvallar og með henni sé ljóst að tjónið falli ekki innan gildissviðs váttryggingarskilmála. Einnig vísar V til þess að skv. verklagsreglum félagsins sé óheimilt að afhenda upptökur símtala til utanaðkomandi aðila en M hafi boðist að hlusta á símtöl hans við V í höfuðstöðvum þess.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt vegna tjóns á dróna í eigu M sem lýsir atvikum með þeim hætti að bátur hafi siglt á dróna sem hann stýrði. Þær skýringar M koma fram skriflega í samskiptum lögmans hans við starfsmann V. Sú lýsing atvika sem V leggur til grundvallar vísar V til að komi fram í símtalsupptöku frá 20. ágúst sl. og hún sé það sönnunargagn sem hafi ráðið afstöðu félagsins. Það sönnunargagn liggur ekki fyrir nefndinni og hefur heldur ekki verið lagt fyrir M. Þó eigin verklagsreglur V geymi ákvæði um varðveislu gagna og birtingu með ákveðnum hætti breyta þær ekki því að ef félagið hyggst byggja afstöðu sína á tilteknu sönnunargagni þá dugar ekki að vísa til þess að það sé til heldur verður að leggja það fram til að hægt sé að taka afstöðu til efnisatriða þeirra sem ágreiningur er um. Það er ljóst af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni að V hefur ekki stutt fullyrðingar sínar um það sem M á að hafa sagt í símtali 20. ágúst 2018 við nokkuð annað en yfirlýsingu sinna eigin starfsmanna um það. Sú tilvísun gengur ekki framár lýsingu M sjálfs sem lögmaður hans kom á framfæri við V. Sú lýsing felur í sér að tjón á dróna M hafi orðið með skyndilegum, utanaðkomandi hætti og ekki hægt að fullyrða að tjónsatburður hafi verið fyrirsjáanlegur. Þegar af þeirri ástæðu eru bótaskilyrði innbúskaskótryggingar uppfyllt skv. gr. 4.1 í váttryggingarskilmálum hennar.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26. febrúar 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 31/2019**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala A****Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna upplýsingagjafar við fasteignakaup.****Gögn.**

Málskot mótttekið 30.01.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 20.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins fékk M afhenta fasteignina X sem hann keypti af B fyrir milligöngu A, hinn 1. desember 2015. Fljótlega eftir afhendingu eignarinnar taldi M ýmis atriði koma í ljós sem væru ekki í samræmi við lýsingu á eigninni. Þannig hafi komið í ljós að lagnir sem sagðar höfðu verið nýjar væru sextíu ára gamlar, leki hafi komið í ljós í miðstöðvarofni í svefnherbergi og skólplögn, sem var nýlögð samkvæmt söluýfirliti, hefði stíflast. Þá fylltist kyndiklefinn af vatni í votviðrum.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið í nokkrum samskiptum við A og B vegna þessara ágalla á eigninni. Af þeim samskiptum, sem fyrst og fremst snúa að ástandi heitavatslagna, virðist að samið hafi verið um að B greiddi kostnað vegna úrbóta á þeim. Hins vegar mun framkvæmd þeirra úrbóta hafa dregist töluvert, og í tölvupósti frá A til V dags. 17. maí 2018, kemur fram að seljandi, B, hafi verið búinn að samþykkja tilteknar úrbætur, en að framkvæmdir hafi dregist af ýmsum ástæðum. Meðal gagna málsins er einnig tölvupóstur frá A til M dags. 3. febrúar 2016 þar sem fram kemur að A muni greiða kostnað við úrbætur ef B geri það ekki.

Meðal gagna málsins er einnig greinargerð frá M, dags. 20. júní 2016. Sú greinargerð varðar mestmegnis ástand skólplagnar á lóð hússins, en hún stíflaðist í febrúar 2016. Af greinargerðinni má ráða að viðgerð hafi farið fram en að frágangur eftir þá framkvæmd hafi ekki verið viðunandi að mati M.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess að hitaveitulagnir hafi ekki verið nýjar eins fram komi í söluýfirliti og vegna þess að frágangur við uppgerð á skólplögnum hafi verið ófullnægjandi. M byggir kröfu sína á því að í söluýfirliti hafi sagt „neysluvatnslagnir, hita- og raflagnir nýjar“ en jafnframt er meðal gagna í málinu tölvupóstur frá A til M dags. 8. nóvember 2015 þar sem fasteigninni er m.a. lýst með svohljóðandi hætti: „Þetta er alveg nýtt hús. Það sem hann gerði er m.a. endurnýjaði allar raflagnir, neysluvatnslagnir, skolp út á götu...“ Í sama tölvupósti segir jafnframt að verið sé að leggja síðustu hönd á framkvæmdir og ekki spennandi að sýna eignina undir þeim kringumstæðum en það saki ekki að „kíkja á gluggana“ ef M eigi leið hjá.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að fasteignasali beri einungis ábyrgð á röngum upplýsingum í söluýfirliti sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra sem starfa í hans þágu, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Við samningu söluýfirlits hefði A byggt á þeim upplýsingum sem hann fékk frá B um að búið væri að endurnýja lagnakerfi hússins. Þessar upplýsingar hefðu svo verið staðfestar af B með undirritun á söluýfirliti. Ekki sé hægt að ætlast til þess að fasteignasali framkvæmi meira en sjónskoðun á fasteign fyrir gerð söluýfirlits, og þar eð lagnir séu alla jafna huldar sé ómögulegt fyrir fasteignasala að sannreyna ástand þeirra. Þá er því mótmælt að A geti borið ábyrgð á bilun í frárennislögn sem upp hafi komið eftir afhendingu eignarinnar. Óumdeilt sé að frárennislagnir hafi verið nýjar, eins og fram kom í söluýfirliti, og A geti ekki borið ábyrgð á gæðum þeirrar vinnu sem framkvæmd hafi verið við lagnir þeirra. Enn fremur tekur V fram að samkvæmt 11. gr. skilmála starfsábyrgðartryggingar fasteignasala sé félagið ekki bundið af því ef vátryggingartaki viðurkenni skaðabótaskyldu, nema leitt sé í ljós að hann hafi aðeins gert það sem honum var skylt að lögum.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluþfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga er kveðið á um að fasteignasali skuli við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar og að hann skuli gæta hófs í lýsingum á eigninni. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Eins og áður segir liggur fyrir nefndinni tölvupóstur frá A til M með kynningu á umræddri fasteign. Þar kemur m.a. fram að „Þetta er alveg nýtt hús.“ og í framhaldinu eru endurbætur taldar upp. Þá segir í söluþfirliti að um sé að ræða nýuppgergt einbýlishús, sem hafi verið endurnýjað m.a. með séu hita- og raflagnir nýjar. Þá má jafnframt ráða af fyrirliggjandi gögnum að framkvæmdir hafi enn verið í húsinu er það var tekið til sölumeðferðar, og svo virðist sem A hafi í raun ráðið M frá því að skoða það við þær aðstæður.

Óumdeilt er að hitalagnir hússins eru ekki nýjar, nema þá e.t.v. að hluta og því eru upplýsingar í umræddu söluþfirliti ekki réttar. Því þarf að taka til sérstakrar skoðunar megi rekja þessa upplýsingagjöf til gáleysis A, þannig að hann beri ábyrgð á tjóni sem af henni hlýst.

Fasteignin sem um ræðir er einbýlishús, byggt 1955. Því er ljóst að ekki er um „nýtt hús“ að ræða og verður að telja að A hafi farið nokkuð offari í lýsingum á því, sbr. áður nefnda 1. mgr. 13. gr. Við þær aðstæður, og ekki síst þar sem A virðist hafa talið ítarlega skoðun M á eigninni bundna vandkvæðum vegna framkvæmda sem enn stæðu yfir, verður að telja að A hafi borið að gæta þess sérstaklega að upplýsingar um umræddar endurbætur væru réttar. Þar eð endurbætur á fasteigninni virðast enn hafa staðið yfir þegar A fékk eignina til sölumeðferðar, hefði það verið í betra samræmi við skyldu fasteignasala til að semja rækilegt yfirlit, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, að tryggja að upplýsingar um yfirstandandi framkvæmdir væru réttar og ítarlegar. Verður því að meta það A til gáleysis að hitalagnir hafi verið sagðar nýjar í söluþfirliti.

Hvað varðar ágalla á frágangi skólplagnar verður hins vegar ekki talið að A beri á nokkurn hátt ábyrgð á þeim, enda óumdeilt að um nýja skólplögn, eins og fram kom í söluþfirliti, var að ræða.

Hvað varðar enn aðra ágalla á eigninni, s.s. lekan miðstöðvarofn og raka í kjallara, verður ekki séð að M hafi beint kröfu vegna þeirra þátta að V, og verða þeir því ekki teknir til frekari umfjöllunar.

Að endingu er rétt að geta þess að ekki liggur fyrir nákvæmlega í hverju tjón M, vegna rangra upplýsinga um hitalagnir, felst. Þannig virðist hafa verið kominn á einhvers konar samningur um að B tæki að sér að greiða kostnað við endurnýjun hitalagna, en ekki liggur fyrir hvort og þá að hvaða leyti, ráðist hefur verið í þær framkvæmdir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V að því er varðar tjón hans vegna rangra upplýsinga um heitavatnslagnir.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 32/2019**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar vegna viðgerðar á tönnnum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tveimur tilkynningum M um umferðarslys, þar sem önnur mun vera dagsett 11. desember 2018, mun M, sem búsettur er í sveitarfélaginu A, hafa um kl. 10:30 hinn 24. nóvember 2018 verið að aka eftir Keflavíkurvegi á bifreið sinni, B, á leið á Keflavíkurlugvöll. Hafi hann ekið á eftir annarri bifreið og hálkublettir hafi verið á akbraut. Skyndilega hafi bifreiðin fyrir framan hann hemlað og hafi hann þá einnig hemlað en þá hafi hann lent á auðum bletti með þeim afleiðingum að B hafi snarstöðvast. Við það hafi hann skolið með andlitið á stýrið og tvær tennur í efri gómi brotnað. Hann hafi leitað læknishjálpar eftir slysið fljótlega eftir að hann kom til Spánar, líklega 27. nóvember, á nánar tilgrendri tannlæknastofu á Spáni.

Á tímabilinu 6. til 10. desember 2012 var M í tölvupóstsamskiptum við umboðsmann V í A í því skyni að athuga með að fá greiddan kostnað vegna tannviðgerðar hjá hinni spænsku tannlæknastofu. Af sama tilefni var umboðsmaðurinn í tölvupóstsamskiptum við V. Svo virðist sem í fyrstu hafi verið til skoðunar hvort kostnaðurinn fengist greiddur úr fjölskyldutryggingu M hjá V. Hinn 10. desember virðist það hafa verið upplýst að M kvaðst hafa orðið fyrir tannskaðanum við akstur á Keflavíkurveginum eins og að ofan greinir og í framhaldinu hafi tjónstilkynningarnar verið útbúnar.

Í ódagsettu bréfi frá hinni spænsku tannlæknastofu kemur fram að M hafi leitað á stofuna 18. desember til að fá viðgerðar tvær tennur í efri gómi, nr. 22 og 23, og í neðri góm. Til að framkvæma viðgerðina hafi þurft að fjarlægja tangervi og setja þau aftur í. Svo virðist sem í sama skjal hafi síðar verið bætt setningu þar sem segir að M hafi tjáð starfsmönnum tannlæknastofunnar að hann hafi orðið fyrir slysi í bifreið sinni og eftir að hafa helmað hafi hann rekist í stýrishjólið og tennurnar tvær brotnað illa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda B.

Álit.

Í fyrrgreindum tjónstilkynningum eða öðrum gögnum málsins er ekki með skýrum hætti gerð grein fyrir því hvernig það gat atvikast að M skall með andlitið á stýri B við það eitt að B snarstöðvaðist. Hvorki í fyrrnefndu bréfi spænsku tannlæknastofunnar né gögnum málsins er um það fjallað að áverkar á tönnunum hafi orðið með þeim hætti sem M hefur lýst. Samkvæmt þessu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að hann hafi orðið fyrir tannáverkanum við akstur B. Af því leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 33/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu/málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot dags. 25.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V dags. 19.02.2019.

Málsatvik.

Hinn 21. nóvember 2017 var þingfest fyrir héraðsdómi mál um ógildingu erfðaskrár föður M. Með úrskurði dómsins hinn 10. júlí 2018 var staðfest að M skyldi einn taka arf og var varnaraðilum gert að greiða honum málskostnað. Varnaraðilar kærðu úrskurðinn til Landsréttar og með úrskurði réttarins hinn 11. október 2018, þar sem fallist var á kröfur M að hluta, var málskostnaður fyrir héraði og kærumálskostnaður felldur niður. Á grundvelli þess að hann þurfi nú að greiða málskostnað gerir M kröfu til bóta úr réttaraðstoðartryggingu sem er hluti fjölskyldutryggingar hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V kröfu M á grundvelli þess að tilkynning frá honum hafi ekki borist félaginu fyrir en 8. nóvember 2018. Dómsmál hafi verið höfðað um ágreininginn hinn 4. október 2017 en áður hafði ekki tekist að jafna ágreininginn hjá skiptastjóra. Í 10.3 gr. skilmála fjölskyldutryggingarinnar eins og þeir hljóðuðu á þeim tíma hafi komið fram að váttryggður, eða hver sá sem á rétt til bóta glati honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Sambærilegt ákvæði sé að finna í 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Tilkynning M til félagsins hafi þar af leiðandi borist of seint og bótaréttur því ekki fyrir hendi.

Í málskoti sínu tekur M fram að tjón hans hafi ekki verið ljóst fyrir en með úrskurði Landsréttar, enda hafi ekki verið ljóst fyrir en þá að málareksturinn hefði tjón í för með sér fyrir hann. Hann hefði tilkynnt V um það tjón innan fjögurra vikna eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp. Þá telur M að héraðsdómsmálið hafi ekki verið höfðað fyrir en við þingfestingu þess hinn 21. nóvember 2017, og ágreiningur ekki risið fyrir Landsrétti fyrir en við áfryjun þangað hinn 19. júlí 2018.

Álit.

Byggja verður á því að ágreiningur um gildi umræddrar erfðaskrár hafi verið uppi í a.m.k. einhvern tíma áður en hann var lagður fyrir héraðsdóm hinn 4. október 2017. Verður því að miða við að M hafi vitað um þau atvik sem krafa hans er reist á, þ.e. umræddan ágreining og að hann yrði ekki leystur með samkomulagi, meira en ári áður en hann krafðist bóta úr váttryggingunni. Við mat á því hvort bótaskylda sé til staðar verður að miða við atvik sem slík, enda sú túlkun í samræmi við orðalag áðurnefndrar 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingasamninga, en ekki tímamarkið þegar tjónið raungerist.

Þá kemur m.a. fram í inngangi C-kafla fjölskyldutryggingar þeirrar sem um ræðir að lögmaður skuli tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Verður samkvæmt framansögðu að miða við það að krafa M á hendur V sé of seint fram komin og bótaréttur því ekki til staðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 34/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V****Gögn.**

Málskot dags. 30.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V dags. 01.02.2019 ásamt þremur fylgiskjölum.

Andsvör M við bréfi V dags. 04.02.2019.

Málsatvik.

Hinn 20. desember 2018 fór tollstjóri fram á að eignir M yrðu kyrrsettar til tryggingar fullnustu kröfu á hendur A, fyrrverandi eiginmanni M. Var kyrrsetning á eignum M sem fram fór hinn 21. desember 2018 staðfest með gerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hinn 22. janúar 2019. M hyggst höfða dómsmál til ógildingar á kyrrsetningunni og hefur í þeim tilgangi krafist bóta úr réttaraðstoðartryggingu sem er hluti fjölskyldutryggingar hjá V.

V hafnaði kröfunni með tölvupósti dags. 29. janúar 2019, með þeim rökum að málsókn vegna kyrrsetningar sé hluti af sakamáli gagnvart A, en réttaraðstoðartryggingunni sé samkvæmt skilmálum einvörðungu ætlað að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum.

Af hálfu M er því mótmælt að ágreiningur um lögmæti kyrrsetningar sé hluti af sakamáli gegn A, enda sé M ekki aðili að því máli sem sé til rannsóknar. Þar eð M hafi málshöfðunarrétt til að mótmæla kyrrsetningunni sé enn fremur ekki hægt að skilgreina umræddan ágreining sem sakmál eða hluta af sakamáli í réttarfarslegum skilningi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V enn þeirri afstöðu sinni að um anga af sakamáli sé að ræða og því sé bótaskylda ekki til staðar. Þá sé jafnframt um að ræða mál sem komi upp í tengslum við hjónaskilnað, enda sé um að ræða kyrrsetningu til tryggingar mögulegum skattagreiðslum sem krafa stofnaðist um meðan M og A voru enn í hjónabandi, en réttaraðstoðartryggingin taki ekki til ágreinings er varðar hjónaskilnað eða mála sem upp kuni að koma í tengslum við hjónaskilnað.

Álit.

M og A bera, samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, óskipta ábyrgð á greiðslu skatta sem á þau eru lagðir, vegna þess tíma sem þau voru í hjónabandi, og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru þeirra um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Um er að ræða undantekningarakvæði enda ábyrgð hjóna gagnvart kröfuhöfum hvors annars almennt ekki svo víðtæk, og felur það ekki í sér að M sé aðili að sakamáli sem höfðað kann að verða gegn A. Ágreiningur um lögmæti kyrrsetningar eigna M telst vera einkamál, enda hefur hún málshöfðunarrétt um ágreininginn og um stjórnvaldsákvörðun, en ekki refsímál, er að ræða. Verður því ekki séð að ágreiningur þessi falli undir undantekningarakvæði skilmála réttaraðstoðar-tryggingarinnar um að vátryggingin taki ekki til sakamála, sbr. 37. gr. skilmála nr. 203.

Þá verður ekki fallist á að um sé að ræða ágreining er upp kemur í tengslum við hjónaskilnað og að þar með sé bótaskylda ekki fyrir hendi, sbr. a-lið 39. gr. sömu skilmála, enda vandséð að umræddur ágreiningur væri ekki upp jafnvel þó M og A væru enn í hjónabandi. Það sem væri frábrugðið í því tilviki er að ábyrgð M á mögulegum skattagreiðslum A tæki til fleiri ára. Því verður ekki séð að mótmæli M við umræddri kyrrsetningu séu á einhvern hátt í tengslum við hjónaskilnað.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingar M hjá V tekur hún til ágreinings í einkamálum. Þar eð ekki verður séð að umræddur ágreiningur falli undir neitt undantekningarakvæða 39. gr. skilmálanna á M rétt á bótum úr vátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 26. febrúar 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 35/2019**M og
Vvegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss í vinnu.****Gögn.**

Málskot, dags. 31.01.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 22.02.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskotinu voru atvik þau að M, sem vann í bakaríi hjá A, fór í mjólkurkæli ásamt samstarfsskonu til að raða vörum og ná í grænmetiskassa sem var í hillu í rúmlega 175 cm hæð. Til að komast í hilluna steig M á mjólkurgrindur, með fætur á sitthvorri mjólkurgrindinni, en önnur mjólkurgrindin rann undan M með þeim afleiðingum að hún féll klofvega á hvasst horn grindanna og slasaðist. M krefur V um bætur vegna afleiðinga slyssins en V hefur neitað bótaskyldu. Í málskotinu er haft eftir M að vanalega séu þrjár grindur hlið við hlið í kælinum sem vaninn hafi verið að nota til að athafna sig í hæð. Á slysdeginum hafi einungis verið tvær grindur sem hafi ekki verið skorðaðar jafnvel og vanalega. Eftir slysið hafi verið keyptar litlar tröppur til að nota í kælinum. Erfitt hafi verið að athafna sig í kælinum og því hafi aldrei verið hægt að nota stiga til að ná í vörur eða raða þeim í kælinn. M telur að A hafi átt að vera ljóst að vinnuáðstæður í kælinum voru ekki góðar og haft vitneskju um að eingungis hafi verið hægt að nota mjólkurgrindurnar til að athafna sig í hæð. Stiginn sem hafi verið til staðar í bakaríinu hafi verið svo stór og fyrirferðamikill að hann komst ekki fyrir í kælinum og starfsmönnum hafi aldrei verið gefin fyrirmæli um að nota þann stiga. Í málskotinu vísar M til 13., 14. og 37. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollstuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem fram komi að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að fyllsta öryggis sé gætt og góðs aðbúnaðar og beri atvinnurekanda að tryggja að svo geti orðið. M hafi farið eftir fyrirmælum yfirmanna um vinnuáðferðir og ekki sýnt af sér gáleysi eða aðra háttsemi sem teljist óvenjuleg.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins vegna málsins er niðurstaðan sú að orsök slyssins megi rekja til þess að rangur búnaður var notaður í hæð og gefin voru þau fyrirmæli að endurskoða áhættumat og velja tæki vegna vinnu í hæð sem tryggði stöðugleika þess.

Í bréfi V kemur fram að afstaða félagsins sé sú að slysið verði ekki rakið til atvika sem váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. V hafnar því að vaninn hafi verið að nota mjólkurgrindurnar við vinnu í hæð. Samkvæmt upplýsingum frá A hafi vörur í hæð ávallt verið sóttar með tiltækum stiga. Þegar plássleysi hafi verið í kælinum hafi verið hægt að ýta til hliðar grindum eða endurraða. Að mati V varð slysið fyrst og fremst vegna þess að M hafi kosið að nota rangan búnað til verksins í stað þess að sækja stigann sem var staðsettur örstutt frá slystaðnum. A geti ekki borið ábyrgð á þeirri háttsemi M að nota grindurnar sem varð til þess að hún var sjálf völd að tjóni sínu með stórfelldu gáleysi. Þá tekur V fram að ekki sé mikill stærðarmunur á stiganum sem var til staðar og þeim sem var keyptur eftir slysið. A hafi keypt stiga eftir slysið til að hafa í kælinum til að bregðast við umsögn Vinnueftirlitsins og koma í veg fyrir að starfsmenn vanræktu að nota öryggisbúnað við vinnu í hæð. Ekkert orsakasamband sé á milli slyssins og athugasemda Vinnueftirlitsins enda hafi stigi verið til staðar sem M hafi vitað um.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M steig upp á mjólkurgrindur til að komast að efri hillum í kæli í bakaríinu. Myndir af kælinum fylgja gögnum málsins þar sem sjá má mjólkurgrindurnar. Af myndunum sést að grindurnar eru á hjólum. Ljóst er að kælirinn er lítill og aðgengi ekki gott inni í honum. Fullorðinni manneskju sem fer í kælinn getur ekki dulist að grindurnar eru á hjólum og að þær geta runnið ef stigið er upp á þær. Því hefur ekki verið hafnað að stigi hafi verið til staðar fyrir utan kælinn sem unnt hafi verið að nota. Á myndum sem fylgdu gögnum V eru myndir af kælinum þar sem búið var að koma fyrirleggjandi stiga fyrir í kælinum og ljóst er að auðveldlega var hægt að færa til grindurnar og

annað tilfallandi í kælinum til að koma stiganum fyrir. Með vísan til þess að M mátti vita um stigann verður það lítið henni til stórkostlegs gáleysis að stíga upp á mjólkurgrindurnar til að komast í efri hillur í kælinum. Engu máli skiptir í því sambandi hvort hún hafi áður notað mjólkurgrindurnar eða að annar starfsmaður hafi haldið mjólkurgrindunum þegar hún steig upp á þær. Með vísan til framangreinds er tjón M ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 36/2019

**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bótaskyldu er vél bifreiðar drap á sér og mun hafa eyðilagst.**Gögn.**

Málskot, móttækið 31.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.1.2019, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Hinn 29. desember 2018 drapst fyrirvaralaust á vél í bifreið M með þeim afleiðingum að hún hætti að virka og er líklega ónýtt að sögn M.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar sem hann hefur í gildi hjá V vegna þess tjóns sem hann kveður að hafi orðið á vél bifreiðarinnar í umrætt sinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki kemur fram í fyrirliggjandi tjónstilkynningu eða öðrum gögnum málsins hvað olli því að vélin drap á sér með fyrrgreindum afleiðingum.

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar, sem hér eru til skoðunar, er í 15 tölulíðum gerð grein fyrir bótasviði vátryggingarinnar. Þannig bætir vátryggingin m.a. tjón á ökutækinu vegna áreksturs þess og annars farartækis, áaksturs, veltu og hrops, útafaksturs, grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs þó ekki vegna sjávarflóða, eldsvoða, þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því og skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en vátryggðum.

M hefur sönnunarbyrði um það að það atvik sem olli því að vél bifreiðarinnar drap á sér og eyðilagðist, sé að rekja til einhverra þeirra tjónsorsaka sem falla undir bótasvið vátryggingarinnar og talin eru upp í fyrrgreindri 4. gr. vátryggingarskilmálanna. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Af því leiðir að tjónið er ekki bótaskyldt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 37/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvaða tekjur skuli lagðar til grundvallar tímabundnu atvinnutjóni****Gögn.**

Málskot, móttekið 31.01.2019, ásamt fylgigögnum 1-8.

Bréf V, dags. 14.02.2019.

Athugasemdir M við bréf V ásamt fylgiskjali, dags. 21.02.2019.

Málsatvik.

Hinn 31. janúar 2015 varð M fyrir vinnuslysi við störf sín hjá A. Vegna þess var M óvinnufær í skilningi 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 31. janúar til 30. mars 2015 og aftur frá 22. desember 2015 til 22. mars 2016. Slysið sjálft og bótaskylda V vegna þess eru óumdeild. Hins vegar er deilt um hvaða tekjur skuli leggja til grundvallar útreikningi á tímabundnu atvinnutjóni M.

M telur að V hafi borið að leggja meðalmánaðarlaun M á árinu 2014 til grundvallar bóttum fyrir tímabundið atvinnutjón. Það hafi ekki verið gert heldur aðeins miðað við laun M í starfi hans hjá A. M hafi hins vegar jafnframt stundað sjómennsku hjá B hluta úr ári, árin 2014, 2015 og 2016, sem hafi leitt til þess að tekjur hans hafi verið mun hærri en laun hans hjá A ein og sér gefi til kynna. Starf M hjá A hafi því ekki verið eina starf hans og raunar hafi hann nýhafíð störf þar þegar hann varð fyrir slysi. Því hafi ekki mikil festa verið komin á vinnusambandið og alls ekki þannig að ljóst væri að M mundi ekki fara aftur á sjó gæfist færi á því. V hafi þannig, við bótaútreikning, aðeins miðað við u.þ.b. helming þeirra tekna sem M var í raun með, og þannig takmarkað bótaskyldu sína með ólögnum hætti.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að við útreikning bóta hafi verið áætlað hverjar tekjur M hefðu verið á því tímabili sem hann var frá vinnu vegna slyssins. M hefði farið í einn sjótúr á ári, þ.e. á árinu 2014, í ágúst 2015 og í september 2016. M hefði því ekki verið í reglulegu starfi hjá B, og hefði ekki með neinum hætti sýnt fram á að honum hefði boðist að fara í sjótúr á þeim tíma sem hann var óvinnufær og því orðið af tekjum vegna þess. Greiðslur vegna tímabundins atvinnutjóns séu ekki greiðslur á grundvelli líklegra meðaltekna heldur greiðslur vegna raunverulegs fjártjóns. Aðferðarfræðin sem V beiti sé viðurkennd og felist í því að finna meðallaun, og greiða mismun þeirra og þess sem M hafi fengið greitt á því tímabili sem hann var óvinnufær og bæta þannig tímabundinn launamissi.

M mótmælir þessari afstöðu og tekur sérstaklega fram að slysið hafi haft það í för með sér fyrir M að hann geti ekki unnið með sama hætti og áður og hafi m.a. þurft að takmarka yfirvinnustundir. Því hafi V ekki verið rétt að miða við tekjur M eftir slysið, þegar um skerta starfsgetu hafi verið að ræða. Þrátt fyrir það hafi V notað tímabilið apríl til desember 2015 sem viðmiðunartímabil. Augljóst sé að ekki geti staðist að miðað við tekjur sem M aflaði sér eftir fyrri veikindatímabil hans vegna slyssins, þegar hann hafi orðið fyrir skerðingu til að afla tekna.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Ágreiningur þessa máls snýr að bótafjárhæðum og er því samþykki málsaðila áskilið svo nefndin taki málið til efnislegrar afgreiðslu. Þar sem V tekur til efnislegra varna og ber því ekki við að vísa skuli málinu frá verður að líta svo á að slíkt samþykki sé til staðar.

Hvað varðar kröfu M um að líta skuli til meðaltekna hans árið 2014 við ákvörðun bóta vegna tímabundins atvinnutjóns verður að líta til þess að slíkum bóttum er ætlað að bæta raunverulegt fjártjón vegna óvinnufærni. Ekki verður séð að M hafi verið í föstu starfi hjá B, eða að samningur hans við B hafi verið í föstum skorðum, heldur virðist fremur sem hann hafi farið í sjótúr þegar

tækifæri hafi boðist, og af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni virðist sem það hafi alla jafna verið einu sinni á ári, þ.á.m. í ágúst 2015 og september 2016. M hefur ekki með neinum hætti sýnt fram á eða gert líklegt að honum hefði boðist slík vinna hjá B á því tímabili sem hann var óvinnufær. Því verður ekki séð að hann hafi orðið af tekjum hjá B á tímabili óvinnufærni. Verður því ekki fallist á að V hafi verið skylt að miða við annað en laun M hjá A, þar sem hann virðist hafa verið í fullu starfi á slysdegi, við útreikning bóta vegna tímabundins atvinnutjóns.

Hvað varðar athugasemdir M við að miðað hafi verið við laun hans hjá A á því tímabili sem starfsgeta hans var skert og honum ekki mögulegt að vinna jafnmikla yfirvinnu og hann hefði ella gert, verður að líta til þess að ekki liggja næg gögn fyrir nefndinni er styðji þá staðhæfingu. Þannig hefur ekki verið sýnt fram það að meðallaun M í starfi hans hjá A hefðu orðið hærri á því tímabili en viðmiðunartímabil það sem V styðst við gefur til kynna, hefði ekki komið til óvinnufærni hans. Með hliðsjón af ofangreindu er kröfum M því hafnað.

Niðurstaða.

Kröfum M um að V notist við önnur viðmið en gert var við útreikning bóta vegna tímabundins atvinnutjóns hans, er hafnað.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 38/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna vinnuslyss 10. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31. janúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 8. mars 2019, ásamt tölvupósti X til V, dags. 31. janúar 2018 og matsgerð, dags. 28. febrúar 2019.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 15. mars 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram eftirfarandi lýsing á atvikum þeim sem urðu til þess að M kveðst hafa hlotið líkamstjón við vinnu sína: „Starfsmaður sem var að keyra vagn með beikoni, keyrði utan í annan vagn sem svo rakst utan í A. Vagninn fór í olnbogann á henni.“ Undir tjónstilkynningar með þeirri lýsingu ritar fulltrúi X. Í matsgerð dags. 28. febrúar sl. kemur fram að M hafi verið óvinnufær í þrjá mánuði vegna afleiðinga umrædds atviks.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar vegna ófullnægjandi verkstjórnar á vinnustaðnum og/eða ófullnægjandi aðstæðna með því að hafa ekki fylgt fyrirmælum laga nr. 46/1980 um skipulag vinnu M og samstarfsfólks hennar sem og hafi ákævðum reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 ekki verið fylgt. Því til viðbótar telur M að slyss hennar megi rekja til gáleysis samstarfsmanns hennar sem ýtti þungum vagni á annan vagn sem leiddi til slyss M. Á því beri X ábyrgð skv. reglunni um vinnuveitendaábyrgð.

V hefur hafnað bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að M hafi ekki tekist að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Það verk sem hún og samstarfsmaður hennar hafi unnið þegar slysið varð hafi verið einfalt og ekki krafist sérstakrar verkstjórnar og ekki sé heldur sýnt að slysið megi rekja til gáleysis samstarfsmannsins heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. Þessu til viðbótar vísar V til niðurstöðu matsgerðar um að óþægindi M tengist ekki slysinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort atvik sem leiddi til þess að M fékk vagn í olnboga séu þess eðlis að X beri skaðabótaábyrgð vegna þess líkamstjóns hefur verið metið M til tjóns í fyrirliggjandi matsgerð dags. 28. febrúar 2019. Atvikum er skýrlega lýst í gögnum málsins af hálfu X með þeim hætti að samstarfsmaður M hafi verið að stýra vagni sem hafi rekist í annan vagn sem hafi síðan farið í M. Við slíkar aðstæður verður að gera þær kröfur til starfsmanna X sem stýra vögnum sem þessum að hafa á þeim þannig stjórn að ekki skapist hætta á því að þeir rekist í aðra og geti þannig valdið líkamstjóni. Þessa gætti samstarfsmaður M ekki nægilega vel og verður X að bera ábyrgð á því gáleysi skv. reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Þegar af þeirri ástæðu er fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess líkamstjóns sem M getur sýnt fram á.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 40/2019**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns sem kona varð fyrir við árekstur tveggja bifreiða.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.2.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 19.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á áttunda tímanum að morgni 4. ágúst 2017 varð harður árekstur á Hringvegi skammt norðan við Hvalfjarðargöng með bifreið (A) sem M ók og annarri bifreið. Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir M að hún taldi sig hafa sofnað undir stýri og vaknað þegar A hafi verið komin yfir á rangan vegarhelming og þá rífið í stýrið til að fara aftur yfir á réttan vegarhelming. Í upplýsingaskýrslu lögreglunnar vegna slyssins kemur fram að M hafi lagt af stað frá heimili sínu um kl. 5:30 um morguninn og verið á leið til Reykjavíkur. Síðan hafi hún hreinlega dottað við stýrið og slysið orðið. Í framburðarskýrslu sem tekin var af M 6. mars 2018 kvaðst hún kvöldið fyrir slysið hafa farið að sofa á milli kl. 22:00 og 23:00 og þá tekið lyfin gabapentín og norgesic. Hún hafi vaknað snemma morguninn eftir og tekið lyfin aftur áður en hún lagði af stað til Reykjavíkur um kl. 5:30. Hún kvaðst ekki hafa tekið inn nein lyf sem innihéldu kódein og hún hafi ekki verið í neinu „rússi“ eða öðru slíku. Í þessari skýrslu hjá lögreglu kvaðst hún neita því að hafa talað um það við lögreglu á vettvangi að hún hafi dottað í þann mund sem áreksturinn varð.

Í sérstakri matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 27. október 2017, kom fram að í blóði M hafi mælst 49 µg/ml af lyfinu gabapentín og 60 ng/ml af kódeini. Segir í matsgerðinni að gabapentín hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti haft áhrif á aksturshæfni í lækningalegum skömmtum. Styrkur þess í blóði M sé langt umfram það sem mælist eftir töku þess í ráðlögðum lækningalegum skömmtum og bendi til eitrunar. Hafi M verið undir slævandi áhrifum vegna töku gabapentíns og kódeins og fullvíst sé að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þeim sökum.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Hafi vátryggður í vátryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Við úrlausn á því hvort og að hve miklu leyti megi beita þessari heimild skal samkvæmt lagaákvæðinu litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

M kvaðst hafa tekið lyfið gabapentín kvöldið fyrir slysið áður en hún fór að sofa, vaknaði snemma næsta morgun og tók þá lyfið aftur áður en hún lagði af stað til Reykjavíkur kl. 5:30. Slysið varð svo rúmum tveimur klukkustundum síðar. Samkvæmt því sem kom fram í skýrslum lögreglunnar á vettvangi verður að telja nægilega sannað að hún hafi sofnað undir stýri og ekið yfir á rangan vegarhelming. Verður orsök slyssins rakin til þess. Af framangreindri skýrslu Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er engum vafa undirorpið að M var undir slævandi áhrifum af völdum lyfsins gabapentíns sem ásamt lyfinu kódein, sem ósannað er að hún hafi fengið áður en slysið varð. Taldist hún af þessum sökum hafa verið ófær til að stjórna bifreið með öruggum hætti.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann m.a. vegna svefnleysis neyslu örvandi eða deyfandi eða annarra orsaka er þannig á sig kominn

að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Þegar litið er til þess að M sofnaði við aksturinn og í blóði hennar mældist lyfið gabapentín í magni sem taldist langt umfram það sem mælist eftir töku þess í ráðlögðum lækningalegum skömmtum og benti til eitrunar fer ekki á milli mála að hún mátti ekki stjórna ökutækinu sökum svefnleysis og slævandi lyfjaáhrifa, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. mgr. 44. gr. ufl. Þessa háttsemi ber að meta til stórkostlegs gáleysis og eftir atvikum öllum þykir rétt að skerða rétt hennar til bóta úr slysátryggingunni um 2/3 hlutum. Að sama skapi telst hún eiga rétt á bótum úr vátryggingunni að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/3 hluta úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 41/2019**M og
V vegna farangurstryggingar greiðslukortatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr farangurstryggingu vegna þjófnaðar.
Heimild váttryggingafélags til að takmarka ábyrgð sína. Varúðarreglur.****Gögn.**

Málskot mótttekið 31.1.2019, ásamt fylgiskjöllum 1-7.
Bréf V dags. 19.2.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins sat M við borð á veitingastað á Tenerife hinn 20. desember 2017 þegar hún áttaði sig á að taska hennar var horfin. Í tjónstilkynningu til V dags. 18. janúar 2018 kemur fram tilvísun til lögregluskýrslu, en M gaf skýrslu hjá lögreglu 5. janúar 2018. Þar kemur fram í þýðingu að M hafi verið ásamt vinum á veitingastaðnum Hard Rock Café og óþekktur aðili eða aðilar hafi stolið nánar tilgreindum hlutum sem hafi verið í einu af sætunum við borðið, án þess að nokkur yrði þess var. Í málskoti kemur fram að frekari lýsing atvika þannig að M hafi ásamt dóttur sinni og fleirum setið við borð og sett tösku á stólbak á sæti dóttur sinnar og staðfestt sé í lögregluskýrslu að upptökur af veitingastaðnum sýni að óþekktur einstaklingur hafi komið inn á veitingastaðinn og tekið töskuna.

M telur að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr farangurstryggingu sinni og að fyllstu varúðar hafi verið gætt við meðferð og vörslur á tösku hennar sem var stolið. Taskan hafi ekki verið skilin eftir á almannafæri heldur hafi M og dóttir hennar verið staddar á lokuðum veitingastað og ekki sé hægt að gera þær kröfur til váttryggðra um að þeir læsi töskum við sig við þessar aðstæður. M vísar því á bug að varúðarreglum váttryggingarskilmála hafi ekki verið fylgt hvorki af hálfu M né dóttur hennar sem sat á stólnum sem taskan var geymd á. M vísar einnig til úrskurða nefndarinnar í málum 150/2015 og 118/2016 máli sínu til stuðnings.

V telur að brotið hafi verið gegn varúðarreglum váttryggingarskilmála við vörslur farangurs M, nánar tiltekið gr. 5.1 þar sem kemur fram að váttryggður þurfi að gæta fyllsta öryggis við vörslur hins váttryggða og gr. 5.5.2 þar sem kemur fram að váttryggður skuli ekki skilja við váttryggða muni eftirlitslaus á almannafæri. V telur að M hafi, með því að geyma tösku á stólbaki á veitingastað, brotið gegn þessum fyrirmælum þar sem taskan hafi ekki verið í auglýsingu og vísar í því samhengi til þess að enginn hafi orðið þess var að taskan hvarf. Auk þess bendir V á að veitingastaðir séu almennt þannig að hver sem er geti gengið þar inn og þar sem sé um að ræða almannafæri í skilningi skilmálanna og fyrirsjáanlegt að munum geti verið stolið við þær aðstæður.

Álit:

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort háttsemi M hafi verið með þeim hætti að V geti takmarkað eða fellt niður ábyrgð sína úr farangurslið greiðslukortatryggingar hennar, en ekki er ágreiningur um að slík váttrygging hafi verið í gildi á tjónsdegi. Í gr. 5.1 váttryggingarskilmálanna er tekið fram að það sé skilyrði bótaskyldu að váttryggður hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Í gr. 5.5.2 váttryggingarskilmálanna kemur svo fram að ef hlutir eru skildir eftir á almannafæri teljist váttryggður hafa brotið varúðarreglu. Afleiðingar þess að brjóta varúðarreglu eru tilteknar í gr. 5.6 í sömu skilmálum þar sem váttryggingafélagið áskilur sér rétt til að fella niður ábyrgð sína, í heild eða að hluta, brjóti váttryggður gegn þeim. Í gr. 5.2.14 kemur einnig fram að félagið undanþiggi sig ábyrgð vegna sömu háttsemi váttryggðs.

Umrædd ákvæði verða ekki skilin öðruvísi en svo að þau vísi með þeim hætti til háttsemi váttryggðs að um sé að ræða feli í sér sér fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að fara með þá muni sem hann hefur váttryggt. Því er um að ræða varúðarreglu í skilningi 2. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði 5.5.2 í váttryggingarskilmálum verður ekki skilið öðruvísi og verður ekki frekar litið

til gr. 5.2.14, enda hefur V ekki vísað til þess sérstaklega í afstöðu sinni til bótaskyldu gagnvart nefndinni.

Til þess að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna þess að varúðarreglum er ekki fylgt verður það að hafa áskilið sér rétt til þess í váttryggingarskilmálum og það er gert í umræddri gr. 5.6 í skilmálunum, sem vísar með beinum hætti til 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að váttryggingafélag getur ekki borið fyrir sig að varúðarreglum sé ekki fylgt ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Við mat á því hvort hér hafi verið brotið gegn varúðarreglu fyrrnefndra skilmálaákvæða verður að líta til þess að M var stödd á veitingastað ásamt dóttur sinni og öðru fólki og hefur ekki verið sýnt fram á annað en að húsakynnin hafi verið opin öllum á þeim tíma sem þjófnaðurinn átti sér stað. Því verður umræddur veitingastaður ekki skilgreindur með öðrum hætti en þeim að um almannaferi sé að ræða. Það að hengja tösku á stólbak þannig að hvaða gestur veitingastaðarins sem er kemst að henni án þess að M eða samferðamenn hennar verða þess varir verður að teljast brot á þeim fyrirmælum sem koma fram í varúðarreglu þeirri sem vísað hefur verið til. Telst M því hafa brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmálanna með þeim hætti að sök telst ekki óveruleg og V hefur því heimild til að takmarka ábyrgð sína.

Þegar litið er til þess að hve miklu leyti ábyrgð getur takmarkast verður að skoða hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti, sbr. orðalag 26. gr. laga um váttryggingarsamninga. Við skoðun á því hvernig M hagaði vörslum tösku sinnar í umrætt sinn verður að byggja á frásögn um að taskan hafi verið á stólbaki stóls sem dóttir M sat á allan tímann, jafnvel þó taskan hafi ekki verið í auglýsni M allan tímann þá er hins vegar hægt að horfa til þess við mat á sökinni að þjófnaðurinn hafi verið skipulagður og þjófurinn hafi borið sig þannig að að hann hafi náð að fjarlægja töskuna án þess að nokkur við borð M hafi orðið þess var. Verður þannig að telja að sök M sé ekki það rík við þessar aðstæður að V geti takmarkað ábyrgð sína að fullu. Verða þeir þættir sem tilgreindir eru í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga metnir þannig að V geti takmarkað bótaábyrgð sína um helming vegna brots á þeim varúðarreglum sem vísað hefur verið til. M á því rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar en V getur takmarkað ábyrgð sína um 50%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar hjá V en greiðsluskylda takmarkast við 50% tjónsins.

Reykjavík 26. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 42/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins B****Ágreiningur um bótaskyldu er kennari slasaðist er hún féll í hálfu fyrir utan skóla.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.2.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 25.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfar sem kennari í skóla (A) í (B). Síðdegis 17. desember 2017 var M ásamt þremur samstarfskennurum á leið úr skólanum um aðalinngang hans. Er hún hafi gengið niður tröppur frá innganginum rann hún í hálfu sem þar hafði myndast og féll í jörðina og mun hafa orðið fyrir meiðslum.

Samkvæmt skýrslum vitna hafði verið varað við mikilli hálfu á skólalóðinni að aðalinnganginum sama morgun og slysið varð. M og samstarfskennarar hennar urðu strax varar við hálfu er þær gengu niður tröppurnar. Er þær kvöddust fyrir neðan tröppurnar hafi M tekið fáein skref og þá fallið, en á gönguleiðinni að bifreiðastæðum hafi verið fljúgandi hálfu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir þar sem ekki hafi verið gerðar nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hálkumyndun á göngustígnum sem M átti leið um. V kveður hálfu hafa myndast skyndilega á skólalóðinni umræddan dag og hitalögn hafi verið í gangstétt við aðalinnganginn og hún hafi því verið hálfuvarin þótt ekki hafi verið búið að sanda eða salta. Þá hafi M fengið skilaboð frá samkennara að morgni tjónsdags þar sem varað hafi verið sérstaklega við hálfu á skólalóðinni. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins þykir nægilega sannað að umræddan dag, þegar M varð fyrir slysinu, hafi veðuraðstæður um morguninn verið með þeim hætti að hálfu var á skólalóðinni þannig að ástæða þótti til að vara við henni. Hálfu var enn til staðar þegar M var á leið úr skólanum síðdegis. Þótt hitalögn hafi verið í gangstéttinni er ljóst að hún dugði ekki til að koma í veg fyrir hálkumyndun. Þetta átti forsvarsmönnum A að vera ljóst og bar þeim að gera frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu af völdum hálkunnar sem þarna hafði myndast. Það brást og ber B sem rekstraraðili A ábyrgð á því að þannig fór. M á því rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Slysið varð á skólalóðinni við vinnustað M. Ekki eru efni til að skerða bætur í þessu tilviki m.a. með vísan til 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 43/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys á skíðasvæðinu í Bláfjöllum 3. febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.2.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15.2.2019, ásamt afstöðu X með bréfi X til V dags. 24. janúar 2018 og bréfi starfsmanns X, dags. 20. desember 2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M dags. 27. janúar 2017 er atvikum varðandi slys hans 3. febrúar 2016 lýst þannig að hann hafi verið að vinna við skíðalyftuna „Kónginn“ á skíðasvæðinu í Bláfjöllum þegar lyftan hafi kastað honum til þannig að starfsmaður auglýsingastofu, sem M kvaðst hafa verið að aðstoða í lyftuna, lenti á honum og hann hafi hlotið líkamstjón við það. M segir í sömu tjónstilkynningu að slysið megi rekja til þess að nafngreindur samstarfsmaður hans hafi ekki stöðvað lyftuna eins og samkomulag hafi verið um.

M telur að slys hans verði fyrst og fremst rakið til mikils aðgæsluleysis samstarfsmanns hans þegar hann hafi gleymt sér og ekki stöðvað lyftu eins og samkomulag hafi verið um. M vísar til þess að hann hafi verið að fara í lyftuna ásamt fólki sem var með dýran búnað með í för og því hafi verið full ástæða fyrir samstarfsmann hans að fara varlega því mikil hætta hafi verið á því að tjón yrði. M telur að með því að skrifa undir tjónstilkynningu með lýsingu M hafi X einnig samþykkt lýsingu atvika og því stóði ekki að vísa síðar til ætlaðra yfirlýsinga samstarfsmanns M um að ekki hafi verið samkomulag fyrir hendi um að hann stöðvaði lyftuna, það séu eftiráskýringar af hálfu X sem ekki verði byggt á.

V telur ósannað að mistök samstarfsmanns M hafi leitt til tjóns hans eða það verði rakið til vanbúnaðar eða ófullnægjandi öryggisráðstafana. V vísar til afstöðu X og gagna þar sem málsatvikum er lýst og þess að ekki liggi fyrir með staðfestum hætti að samkomulag hafi verið með M og samstarfsmanni hans um að hinn síðarnefndi stöðvaði lyftu sem M hugðist fara í þegar hann slasaðist. Einnig vísar V til þess að almennt sé hraði á stólalyftum ekki mikill, minni en gönguhraði, á drifstöðum og þannig hafi ekki verið sérstök hætta á ferð fyrir M þegar hann ætlaði að taka sér far með lyftunni í greint sinn. V vísar að auki til þess að M hafi ekki látið vita af líkamstjóni sínu fyrr en löngu eftir atvikið sjálft og verði X því ekki kennt um skort á sönnunargögnum vegna þess.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort vinnuslys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og þá helst til þess hvort samstarfsmaður M hjá X hafi sýnt gáleysi við stjórnun stólalyftu á skíðasvæði X þegar M hugðist taka sér far með henni ásamt öðrum. Almennt ber sá sönnunarbyrði sem heldur því fram að skilyrði skaðabótaréttar séu fyrir hendi af hálfu annars. Í gögnum málsins liggur fyrir undirrituð tjónstilkynning af hálfu M sem kvittað er upp á af hálfu starfsmanns skíðasvæðis X, dags. 27. janúar 2017, í tjónstilkynningarformi slyss M til Sjúkratrygginga Íslands. Einnig liggja fyrir lýsingar af atvikum í málskoti og í bréfi frá forsvarsmanni skíðasvæðis X sem og í afstöðu lögmanns X til skaðabótaábyrgðar. Þó fyrrnefnd ákveðin atvikalýsing komi fram í tjónstilkynningarformi vegna slyss M til Sjúkratrygginga Íslands verður ekki litið svo á að hún hafi meira vægi sem sönnunargagn en aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um tjónsatvikið. Líta verður til þess að langur tími leið frá tjónsatviki og þar til tilkynningin er undirrituð og tjónstilkynningarformið ber ekki með sér í berum orðum að það sem þar komi fram í lýsingu sé skuldbindandi fyrir aðila. Sönnunarbyrði hvílir því enn á M hvað það varðar að sýna með óyggjandi hætti fram á að tjón hans sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Í ljósi þess hversu vafi um atvik sem leiddu til líkamstjóns M er mikill, þess að ekki liggja fyrir sönnunargögn sem styðja fullyrðingar M um að samkomulag hafi verið með honum og samstarfsmanni hans um tiltekna háttsemi af hans hálfu, eða annað sem varpa kann frekari ljósi á mögulega skaðabótaábyrgð X, telst ekki sýnt að hún sé fyrir hendi. Greiðsluskylda hefur því ekki stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 44/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot mótttekið 29.1.2019 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 01.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Hinn 25. apríl 2018 var M við störf sín hjá A og var að raða upp fiskikörum þegar hann slasaðist á vinstra fæti. Lögregla var kölluð á slysstað og er lögregluskýrsla meðal gagna málsins. Þá verður ráðið af gögnum málsins að atvikið hafi verið tilkynnt Vinnueftirlitinu hinn 26. apríl. Samkvæmt læknisvottorðum sem liggja fyrir nefndinni sleit M krossband við atvikið og jafnframt kom rifa á liðþófa. Vegna þessa fór M í aðgerð hinn 9. ágúst 2018, en ekki er ljóst hvort hann er orðinn vinnufær.

Þegar hefur verið fallist á bótaskyldu úr launþegatryggingu A en M telur jafnframt að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu A. M lýsir atvikum á þann hátt að hann hafi verið að raða fiskikörum í svokallaða samloku, þannig að hann hafi verið að lyfta fiskikari ofan á annað kar, en þriðja karið hafi verið ofan í því síðarnefnda. Í sumum tilvikum hafi lyftari séð um að lyfta karinu á þennan hátt en í þessu tilfalli hafi M lyft því með handafli og runnið til í bleytu á gólfinu og við það fengið slink á hnéd með fyrrgreindum afleiðingum. Þegar slysið varð hafi M verið við störf í tíu tíma samfleytt.

Að mati M megi rekja slysið til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað. Þannig hafi M ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar eða þjálfun í réttri líkamsbeitingu, skóbúnaður hans hafi ekki verið með nægilega stömum sólum og því ekki fullnægjandi, auk þess sem verkstjóra hafi borið að sjá til þess að hann fengi aðstoð við verkið, enda hafi M verið þreyttur að handleika alltof þungar byrðar án aðstoðar eða viðeigandi hjálpartækja. Þá bæri vinnuveitanda að sjá til þess að aðstæður á vinnustað væru með þeim hætti að starfsmenn gætu unnið störf sín án þess að eiga á hættu að renna á hálu gólfi og detta. Þá hafi A ekki fullnægt tilkynningarskyldu sinni til Vinnueftirlitsins og því hafi atvikið ekki verið rannsakað með viðhlítandi hætti. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því alfarið að M hafi fengið fyrirmæli um að lyfta karinu á þennan hátt, enda sé karinu sem fer ofan á hin í hinni svokölluðu samloku ávallt lyft með lyftara og sé nær ógerlegt að lyfta svo þungu kari í töluverða hæð með öðrum hætti. Vísar V jafnframt til myndbands sem sýni verklagið við uppröðun kara. Jafnframt er því mótmælt að öryggisbúnaði hafi verið ábótavant. Um sé að ræða slægingarstöð á vinnslugólfi þar sem fiskur sé meðhöndlaður og þveginn og því sé gólfið eðli máls samkvæmt alltaf blautt. Hvað varði skóbúnað sem A bjóði starfsfólki sínu að nota þá sé um að ræða öryggisstígvél með stáltá og grófum og munstruðum sóla. Hafi ekki verið sýnt fram á að stígvélin séu sleipari en gerist og gengur eða að annar skóbúnaður væri hentugri. Hvað varði þá röksemd að verkstjóra hafi borið að sjá til þess að M fengi aðstoð við verkið liggi svo ekkert fyrir um það að M hafi sjálfur farið fram á aðstoð eða látið vita að hann væri þreyttur. Þá telur V að M, sem hafi verið með töluverða starfsreynslu, hafi mátt vera ljóst að hætta gæti verið fólgin í því að lyfta þungu kari á blautu undirlagi með handaflinu einu og hafi honum því borið að fara að hefðbundnu verklagi og láta lyftara sjá um þann þátt verksins. Er það því afstaða V að bótaskylda sé ekki fyrir hendi, enda hafi verið um að ræða óhappatilvik og/eða eigin sök M.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Hvað varðar bleytu á gólfinu verður að líta til þess að um fiskmarkað er að ræða, og má því gera ráð fyrir að fiskur sé geymdur eða meðhöndlaður í húsnæði A. Meðferð og geymslu fiskjar í miklu magni fylgir óhjákvæmilega bleyta og verður því að telja óraunhæft að gera þær kröfur til A að gólfið á vinnustaðnum sé alla jafna þurr. Verður jafnframt að telja að M, sem hafði á slysegi starfað

hjá A í fjögur ár, hafi mátt vera ljóst að allar líkur væru á því að gólfíð væri blautt og þ.a.l. sleipt. Hvað varðar verklagið umrætt sinn þá hefur ekki verið sýnt fram á annað en að lyftari hafi alla jafna verið nýttur til að lyfta karinu á þennan hátt og ekki liggur fyrir af hverju M var einn að lyfta svo þungu kari, en aðilum virðist bera saman um að hvert kar sé um 60-70 kg að þyngd. Verður að telja ósannað að það hafi verið samkvæmt fyrirmælum yfirmanna. Þá liggur jafnframt fyrir að margir starfsmenn hafi verið í kringum M þegar slysið varð, og því verður að meta M það til eigin sakar að hafa ekki fengið aðstoð við verkið, enda hafi honum mátt vera ljóst að þessu verklagi fylgdi töluverð áhætta. Hvað varðar skóbúnað, leiðbeiningar til starfsmanna eða aðstæður að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að þær hafi verið ófullnægjandi. Hefur samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt fram á sök hjá A eða starfsmönnum þess og er bótaskylda þ.a.l. ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 45/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot móttakið 31.01.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1 dags. 20.02.2019 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2 dags. 20.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Frekari athugasemdir M, dags. 23.02.2019.

Málsatvik.

Hinn 11. janúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B. Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en höfðu samband við Aðstoð og öryggi sem aðstoðaði við skýrslugerð og tók viðtöl við ökumenn í gegnum síma. Samkvæmt skýrslunni voru atvik með þeim hætti að báðir aðilar voru að bakka úr stöðureit við verslun, bifreið A hafi verið kyrrstæð, komin út af stöðureit og ökumaður hennar ætlað að aka henni áfram þegar bifreið B hafi verið bakkað úr stöðureit með þeim afleiðingum að hún rakst á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B segist aldrei hafa séð bifreið A, né orðið var við hana á skynjurum sinnar bifreiðar, og því hljóti báðar bifreiðarnar að hafa verið á ferð þegar áreksturinn varð. Tjónanefnd vátryggingafélaganna taldi að ökumaður bifreiðar B bæri alla sök á árekstrinum.

Í málskoti sínu til nefndarinnar byggir M, sem var ökumaður bifreiðar B umrætt sinn, á því að rangar og ónákvæmar upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar þeirri niðurstöðu, og telur að ráða megi af aðstæðum á vettvangi og umfangi tjónsins að bifreið A hafi verið á ferð við áreksturinn. Þá leggur M fram vitnisburð farþega í bifreið B, þar sem segir að bifreið B hafi verið ekið hægt úr stæði og hafi í raun verið komin út úr því og ökumaður ætlað að aka áfram þegar áreksturinn varð. Þá kemur fram í vitnisburðinum að af atvikum og sinni upplifun geti farþeginn ekki ráðið annað en að ekið/bakkað hafi verið á bifreiðina sem hann var farþegi í.

Í athugasemdum V1, sem er vátryggjandi bifreiðar A, lýsir V1 þeirri afstöðu sinni að vitnisburður farþega í bifreið B sé í ósamræmi við fyrri framburð aðila auk þess sem ekki geti verið um óháð vitni að ræða vegna tengsla hans við M. Ljóst sé að M hafi ekki litið aftur fyrir sig er hann hóf að bakka úr stæðinu en hins vegar sé ekkert í gögnum málsins er gefi til kynna að ökumaður bifreiðar A hafi sýnt af sé gáleysi við aksturinn. Því beri ökumaður bifreiðar B alla sök á árekstrinum.

M mótmælir því sérstaklega að umræddur farþegi sé honum tengdur á einhvern hátt, og eins áréttar hann í frekari athugasemdum til nefndarinnar að hann hafi gætt fyllstu varúðar og við hæga keyrslu afturábak hafi hann stuðst við skjá í mælaborði sem sé mun öruggari aðferð en að ökumenn horfi aftur fyrir sig, en bifreið B hafi verið búin fullkomnum myndavélum og skynjurum.

Mat V2, sem er vátryggjandi bifreiðar B, telur rétt að skipta sök að jöfnu, enda sé ljóst að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þeirri sérstöku varúðarskyldu sem hvíli á ökumönnum við akstur afturábak.

Álit:

Við mat á sakarskiptingu þarf að líta til framburðar aðila auk annarra gagna. Í framburði sínum segir ökumaður bifreiðar A að bifreiðin hafi verið kyrrstæð, og hann að búa sig undir að aka áfram þegar áreksturinn varð. Ákomur á bifreiðunum, samkvæmt ljósmyndum sem lagðar hafa verið fram, gefa það jafnframt til kynna að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar bifreiðarnar lentu saman. Kemur þá til skoðunar hvort M, sem ökumaður bifreiðar B, hafi gætt nægilega að hinni sérstöku varúðarskyldu sem hvílir á ökumönnum við akstur afturábak en samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án

hættu eða óþæginda fyrir aðra. Við þær aðstæður sem voru á umræddu bifreiðastæði, en stöðureitir þar liggja skáhallt, var jafnframt sérstakt tilefni til að huga sérstaklega að aðstæðum til hliðar við bifreiðina. Samkvæmt eigin framburði treysti M á myndavélar og skynjara við akstur afturábak en það verður að teljast varhugavert við þessar aðstæður. Þá verður ekki séð að síðar fram kominn vitnisburður eða yfirlýsingar séu studd þeim gögnum að það haggi þessari niðurstöðu. Af framangreindu þykir ekki rétt að ökumaður bifreiðar A beri hluta sakar og er því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á árekstrinum á M, ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 12. mars 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 46/2019**M og
V v/ slysatryggingar í frítíma.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er maður var sleginn í andlitið með glasi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 18. maí 2018 var M staddur í frítíma sínum á tilteknu veitingahúsi, A, í Reykjavík. Var hann þá sleginn í andlitið með glasi þannig að hann mun hafa fengið djúpan skurð frá miðju eyra niður við kjálkabein og niður á háls. Lögregla var kvödd á vettvang og í skýrslu lögreglu er haft eftir M að hann starfi á A og helgina áður hafi hann vísað manni, B, út af A vegna ölvunarástands. B mun hafa verið staddur á A að nýju umrætt kvöld þegar slysið varð. Þá hafi þeir rætt eitthvað atvikið helgina áður og hafi B talað um að „þeir myndu ekki vera með neitt vesen í kvöld.“ En allt í einu hafi B ásamt öðrum manni, D, ráðist á hann. Segir í skýrslunni að D eigi að hafa slegið M í andlitið er þeir hafi byrjað að rífast, hafi M tekið í B og ætlað að vísa honum út, en þá hafi D annað hvort lamið hann með glasi sem hafi brotnað á höfði hans eða stungið glerbroti í háls hans, en B [svo] kvaðst ekki vera um hvort hafi skeð. Í framburðarskýrslu sinni sem tekin var hjá lögreglu 24. maí 2018 kvaðst M hafa umrætt kvöld verið staddur á barnum á A og þar hafi hann hitt D, sem hann hafi tveimur helgum áður vísað út er hann var að störfum við dyravörslu á A. Stuttu síðar hafi D verið farinn að rífast við hann og hótað að skalla sig. Hafi M boðið að honum væri það velkomið, en þá hafi B komið til sögunnar. Hafi B sagt við M að hann gæti ekkert gert því hann væri aumingi, „bara eitthvað móðgandi“. Kvaðst M þá hafa gripið í handabakið á honum og dregið hann af stað og ætlað að fara með hann út. Einnig hafi dyraverðir verið komnir til að vísa honum út. Þá hafi hann fengið glas af fullum þunga í andlitið með fyrrgreindum afleiðingum. Kvað hann B hafa slegið með glasi sem hann hefði haldið á í hinni hendinni, en M kvaðst ekki muna í hvora höndina hann hafi tekið.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysatryggingu sem hann hefur í gildi hjá V vegna þess líkamstjón sem hann hlaut í slysinu. V kveður M hafa orðið fyrir tjóninu með þátttöku í handalögmálum en slys sem verður við slíkar aðstæður sé ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum V fyrir slysatryggingu þá sem hér er til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum og leiðir m.a. til tímabundins missis starfsorku eða varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Með orðinu slys sé í skilmálunum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Þó bæti vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður m.a. fyrir í handalögmálum nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins. Hér er um undanþáguákvæði að ræða og ber V að sýna fram á að slysið hafi orðið við þessar aðstæður. Í gögnum málsins eru einu upplýsingarnar um tildrög slyssins að finna framangreindum lögregluskýrslum. Atvikum er þar lýst með nokkuð óskýrum hætti. Það eitt verður ráðið að M hafi átt í orðahnippingum við B og D áður en til þess kom að M tók í hönd B til að leiða hann út af veitingastaðnum. Þá varð M fyrir því að hann fékk glasið í andlitið. Verður ekki nægilega ráðið af gögnum málsins að áður en það gerðist hafi M átt í handalögmálum við B eða D. Samkvæmt þessu og með vísan til niðurstöðu í dómi Hæstaréttar 12. apríl 2012 í máli nr. 519/2011 verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir slysinu með þátttöku í handalögmálum. Hann telst því eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 47/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Árekstur ökutækja við mætingu 18. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3. febrúar 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 19. febrúar 2019, ásamt afriti sameiginlegrar framhliðar tjónstilkynningar og bakhlið ökumanns B.

Bréf V2, dags. 20. febrúar 2019, ásamt afriti tjónstilkynningar frá ökumanni B.

Málsatvik.

Af sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna ökutækjanna A og B má ráða að árekstur hafi orðið með ökutækjunum þannig að tjón hafi orðið á vinstri hlið beggja og í bæði í málskoti M (eiganda A) og bakhlið ökumanns B er tekið fram að speglar ökutækjanna hafi rekist saman. Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar eru ekki upplýsingar um stöðu ökutækja á vegi þegar árekstur varð. Í skýringum ökumanns B kemur fram að hann telur ökumann A farið yfir á vegarhelming hans.

M telur að ekki eigi að byggja á einhliða frásögn ökumanns B og hafi ökumaður A gætt þess að vera til hægri á sínum vegarhelmingi þegar ökumenn mættust. Misskilningur um aðdraganda áreksturs sé hægt að rekja til þess að M hafi ekki skilað inn sínu eintaki af tjónstilkynningu strax.

Bæði V1 og V2 telja að skipta eigi sök til helminga þar sem ósannað sé að öðru ökutækinu hafi verið ekið yfir miðlínu vegar eða á vegarhelming hins.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að tjón varð á speglum ökutækjanna A og B þegar þau mættust á þjóðvegi 1 um Fagradal. Í 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að þegar ökutæki mætast skuli ökumenn gæta þess að hafa nægilegt hliðarbil á milli þeirra. Sakarskipting verður ekki byggð á einhliða yfirlýsingu ökumanns B um að ökumaður A hafi ekið yfir á rangan vegarhelming. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um staðsetningu ökutækjanna á akbrautinni við áreksturinn og verður því ekki lögð meiri sök skv. 89. gr. umferðarlaga á annan ökumann en hinn.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 48/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot dags. 06.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-27.

Bréf V dags. 05.03.2019.

Málsatvik.

Hinn 4. júní 2017 varð M fyrir slysi við störf sín hjá A þegar hann festi þrjá fingur hægri handar milli tógs og lunningar þegar hann, ásamt skipstjóra, var að búa bát til brottfarar frá flotbryggju A í Reykjavíkurböfn. Brotnuðu tveir fingra hans svo illa að taka þurfti framan af þeim.

Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa, sem afgreidd var hinn 29. janúar 2018, og er meðal gagna í málinu, segir að við rannsókn hafi komið fram að hver dráttabátur eigi sitt svæði þar sem landfestaspottar séu í lengdum sem hæfi hverjum bát, og þá einungis auga sett upp á polla um borð. Þennan dag hafi báturinn sem M var á hins vegar verið í staði sem tilheyrði alla jafna öðrum báti og áhættumat hafi ekki tekið til slíkra aðstæðna. Þar sem ekki hefði verið um fasta legu bátsins að ræða hefðu landfestarnar ekki passað og í stað þess að setja auga á polla hefði þurft að setja brögð á polla um borð. Jafnframt hefði komið fram hjá skipstjóra að báturinn hefði verið ólíkur þeim sem tilheyrði legunni og látið öðru vísi að stjórn. Í álitni nefndarinnar segir að orsök slyssins sé að vinna við landfestar í þessu tilfelli hafi verið með öðrum hætti en vanalega.

M byggir á því að ekki hafi verið um óhappatilvik að ræða heldur hafi aðbúnaður verið ófullnægjandi, enda hafi báturinn verið í röngu staði og festur með röngum landfestum. Þá hafi A verið kunnugt um hættuna sem í þessu fælist enda hefði sambærilegt slys átt sér stað árið 2011. Í kjölfar þess hafi verið gerðar úrbættum á landfestum þess báts en ekki öðrum. Með því að láta hjá líða að ráðast í slíkar framkvæmdir hafi A sýnt af sér saknæmt athafnaleysi. Eftir að M lenti í slysi hafi hins vegar verið bætt úr þessum þáttum og með einföldum hætti komið í veg fyrir að starfsmenn A geti klemmt sig á þennan hátt.

Þá er það mat M að skipstjóri bátsins hafi sýnt af sér gáleysi við störf sín. Þannig hafi M farið til að losa landfestar að aftan en þar sem landfestin hafi verið mjög stíf hafi skipstjórinn „keyrt í framspringinn“ til að fá slaka á hana. M hafi þá náð að grípa utan um hana ofan á lunningunni til að losa hana af pollanum en þá hafi komið bakslag og skyndilega strekkst á landfestinni aftur, og hafi þá fingur M orðið á milli. Þetta bakslag telur M að megi rekja til aksturslags skipstjórans umrætt sinn.

Á grundvelli ofangreinds gerir M körfu í frjálsa ábyrgðartryggingu A hjá V, en þegar mun hafa verið fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna, samkvæmt siglingalögum nr. 34/1985.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að engin orsakatengsl hafi verið milli þess að setja hafi þurft brögð á skipspollann og þess að M hafi klemmt sig á milli tógsins og lunningarinnar, enda hefði það engu breytt þó lykkja hefði verið við endann á tóginu. Tógið hefði samt sem áður legið frá pollanum og yfir lunninguna eins og það gerði þegar slysið átti sér stað. Það sé þá alþekkt að skip séu bæði fest með því að setja brögð og auga á skipspolla, eftir því hvað henti hverju sinni. Þá liggi ekkert fyrir um að landfestarnar hafi á einhvern hátt verið óforsvaranlegar eða til þess fallnar að valda tjóni. Þá er því einnig hafnað að skipstjóri bátsins hafi á gerst sekur um mistök í aðdraganda óhappsins, þannig væri sú aðferð sem hann beitti, þekkt og notuð í þeim tilgangi að ná slaka á landfestar. Það hefðu hins vegar verið mistök hjá M sjálfum að grípa um tógið við þær aðstæður enda hefði honum verið kunnugt um þá hættu sem gæti skapast við að halda um landfestarnar yfir lunningunni. Í þessu tilviki hefði M verið rétt að bíða eftir því að skutur bátsins leitaði að bryggjunni og slaki myndaðist á tóginu. Telur V því að um óhappatilvik hafi verið að ræða og hafnar kröfum M.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Af skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa, sem leggja verður til grundvallar hvað atvik varðar, verður ráðið að M hafi klemmt fingurinn milli tógs og lunningar, eða borðstokks. Verður ekki séð að það hefði breytt neinu um atvik að setja hafi þurft brögð á skipspollana enda virðist það að strekkst hafi á tóginu, ásamt því að M hafi haldið um tógið á vitlausum tímapunkti. Hafa valdið slysinu, en ekki það hvort tógið hafi verið með auga eða lykkju, svo ekki hefði verið þörf á að setja brögð á það. Hefur M ekki tekist að sýna nægilega fram á annað, né það að landfestar hafi á einhvern hátt verið óforsvaranlegar eða til þess fallnar að valda slysum. Þá liggja engin frekari gögn fyrir nefndinni varðandi atvik eða orsakir nefnds slyss sem átti sér stað árið 2011 og er því ekki hægt að byggja á upplýsingum um það við úrlausn málsins, enda verður ekki séð að aðilum beri saman um atvik þess. Enn fremur hefur ekki verið sýnt fram á að skipstjóri bátsins hafi umrætt sinn sýnt af sér gáleysi við störf sín og verður ekki annað ráðið en aðferð sú sem hann beitti í þeirri viðleitni að ná slaka á tógið hafi verið forsvaranleg. Hefur því ekki verið sýnt fram á sök hjá A eða starfsmönnum þess og er bótaskylda þ.a.l. ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 49/2019**M og
V v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómseinkenna eftir aðgerð hjá bæklunarskurðlækni.****Gögn.**

Málskot, móttækið 6.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27.2.2019.

Málsatvik.

Hinn 16. júní 2016 kom M til skoðunar hjá A bæklunarskurðlækni vegna verkja í hægri öxl sem munu hafa lýst sér í sársauka við vissar hreyfingar og leiðniverk niður handlegginn að framan og átt erfitt með nætursvefn. Ómskoðun og röntgenrannsókn af öxlinni sýndi „caput hátt í liðnum og total rupturu á supraspinatus sininni.“ Ræddir voru aðgerðarmöguleikar, en M mun ekki hafa verið áfjád í opna aðgerð. M kom að nýju til skoðunar hjá A 11. ágúst 2016 og er hún þá samkvæmt vinnublaði A sögð hafa verið „algjörlega ómöguleg og þarf aðgerð á öxlinni, decompression og sennilega suturu“.

M kom svo til aðgerðar á stofu hjá A 30. ágúst 2016. Í aðgerðarlýsingu A kemur fram að M hafi verið mjög slæm og frekar versnandi í öxlinni, sé með „klárt kraftleysi í bæði infra- og supraspinatus“ og fannst A ástandið vera verra en það hafi verið er hann skoðaði hana í byrjun sumars. Hún hafi átt mjög erfiðar nætur og vissar hreyfingar hafi verið mjög slæmar. Hún starfi sem matráður í grunnskóla og klári varla vinnuna og lítist illa á að sinna starfinu svona á sig komin. Hafi M verið frædd um hættur og möguleika aðgerðar og alla mögulega fylgikvilla. Hafi M meðtekið þessar upplýsingar vel að því er A sýndist. Byrjað hafi verið á að spegla liðinn. Ekkert slit hafi verið að sjá „intraarticulert“ en sést að hægt væri að gera við „cuffinn“. Þá segir í aðgerðarlýsingunni að það hafi verið skemmd bæði í „infra- og supraspinatus“ og hafi „infraspinatus“ verið verr farinn en A hafði búist við. Er sjálfri aðgerðinni lýst nánar. Að henni lokinni hafi M heilsast vel. Hún hafi fengið „DeRoyal“ fatla og verið ávísað nánar tilgreindum lyfjum og fengið skriflegar upplýsingar með sér. Endurkoma hafi svo verið ráðgerð viku síðar.

M kom til eftirlits hjá A 7. september 2016. Á vinnublaði A vegna þeirrar komu fram að M hafi ekki fengið rétt upplýsingablað eftir aðgerðina og því verið „farin að hreyfa dálítið mikið og var farin að hreyfa öxlina.“ M hafi hringt tveimur dögum áður og var henni sagt að nota fatlann meira. Sár hafi litið vel út, hún hafi farið einu sinni á heilsugæslustöð og fengið nýjar umbúðir. Hún hafi tekið nokkuð af verkjalyfjum en ekki sérstaklega mikið. Hún sé með „ágæta passiva hreyfigetu“ og „distal status“ sé góður. Engin merki hafi verið um „komplikationir“. Var M ráðlagt að nota fatla næstu tvær vikur og ætti að fara að byrja í sjúkrahjálfun.

M kom einnig til eftirlits hjá A 5. október 2016 og 9. janúar og 1. febrúar 2017. Í vinnublaði A vegna síðastgreindu komunnar segir að M sé með mikið vandamál, hún sé með verki dag og nótt og ekki hafi gengið vel í sjúkrahjálfun. Hún sé m.a. með skerta hreyfigetu, minnkaðan kraft í öxlinni, með klára ulnaris klemmu með bankeymsli yfir tauginni með dofa og verki í litla fingri og hálfum baugfingri hægri handar.

M kveður árangur aðgerðar þeirrar sem hún gekkst undir hjá A hafi ekki orðið meiri en raun ber vitni sökum þess að hún hafi fengið rangar leiðbeiningar og upplýsingar um það hvernig hún ætti að bera sig að eftir aðgerðina. A hafi ekki farið yfir með henni þá áhættuþætti sem aðgerðin gæti haft í för með sér eða að ástand axlarinnar gæti orðið verr en áður, hvorki skriflega né munnlega. Sé hún nú mun verri í öxlinni en var. Hefði hún fengið slíkar útskýringar hefði hún aldrei samþykkt að fara í opna aðgerð. Telur M að hún hafi af þessum sökum orðið fyrir tjóni sem sé bótaskyld úr sjúklingatryggingu A hjá V samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þá hefur M beint kvörtun til landlæknis vegna meintra mistaka A við aðgerðina.

Í greinargerð A til landlæknis kemur m.a. fram að M hafi greinilega verið með slæmar sinaskemmdir í öxlinni og ekki orðið góð af sprautum sem hún fékk og því hafi verið farið út í fyrrgreinda aðgerð 30. ágúst 2016. Fyrirhugað hafi verið að gera svokallaða þrýstingsléttandi aðgerð, en eftir speglunina hafi verið ákveðið að halda áfram og reyna að sauma sinar sem hafi verið mjög illa farnar. Tvær sinar í axlarhylki hafi verið slitnar („supra- og infraspinatus“). Skemmdirnar hafi ekki verið nýjar að sjá og greinilega hafi verið um slæman hrörnunarsjúkdóm að ræða og viðgerð því afar erfið. Hvergi hafi komið fram neitt um slys eða önnur tjón á öxlinni. Í niðurlagi greinargerðarinnar sagði að mjög erfitt sé að tengja snúningssinar í öxlinni þegar þær hafi hrörnað illa og lengi. Strax eftir aðgerðina hafi verið ljóst að horfur á bata væru tvísýnar. Hvað þetta varðar hafi eftirmeðferðin ekki skipt miklu í tilviki M, enda einungis um stuttan tíma að ræða frá aðgerð uns hægt var á hreyfiferlinu, sem varla hafi verið hafið. Væg hreyfing í hendi, olnboga og öxl sé nauðsynleg; anars sé mikil hætta á miklum stirðleika (frosinni öxl), notkun á fatla fyrstu dagana alltaf sjálfsögð. Í símaviðtali stuttu eftir aðgerðina hafi henni verið ráðlagt að hreyfa minna og hvíla öxlina meira.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis, rétt til bóta samkvæmt lögnum. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Ekki liggur fyrir í málinu hvort landlæknir hafi veitt álit vegna þeirrar kvörtunar sem M beindi til hans. Eins og mælt er fyrir um í 1. gr. laga nr. 111/2000 er skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögnum að sjúklingur hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til atvika sem nánar er kveðið á um í 2. gr., þar á meðal 1. tölul. sem að framan greinir. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu eða annars konar álitgerð hæfra og óvilhallra aðila um að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til þess að A hafi að öllum líkindum ekki hagað lækni meðferð sinni eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á því sviði læknisfræðinnar sem á reyndi við aðgerðina og eftirmeðferð. Af þessum sökum, og eins og málið liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 50/2019

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar dýralæknastofu.**

Ágreiningur um bótaskyldu er hestur var geltur í staðinn fyrir anan stóðhest.**Gögn.**

Málskot, móttakið 30.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Viðbótargagn frá V, móttakið 11.4.2019, ásamt athugasemdum M, dags. 15.4.2019.

Málsatvik.

Stóðhesturinn A, í eigu M var í girðingu við nánar tilgreindan bæ ásamt fleiri hrossum, þ. á m. stóðhestinum B. Í byrjun maí 2018 kom eigandi B og tók A í misgripum og fór með hann í geldingu hjá dýralæknaþjónustu D.

M telja að ekki hafi verið farið að almennum starfsvenjum af hálfu starfsmanna D með því að A hafi ekki verið örmerkjalesinn fyrir geldingu og ekki hafi verið leitað staðfestingar á því að sá sem kom með A væri sannanlega eigandi hans.

M telja sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna geldingarinnar og hafa krafist bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V og hafa í því efni borið fyrir sig 19. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en starfsmen D hafi mátt ganga út frá því að hesturinn sem komið var með í geldingu væri í eigu þess sem kom með hann. Ekki verður heldur ráðið að starfsmönnum D hafi borið að lesa úr örmerki A eða gera aðrar ráðstafanir til að staðreyna eignarhald þess sem kom með hestinn eða að hann hefði heimild eigenda til að færa hann til geldingar. Þá verður ábyrgð D heldur ekki byggð á þeim ákvæðum skaðabótalaga sem M hafa vísað til. Eins og hér stóð á verður að telja ósannað að D beri ábyrgð vegna þess tjóns sem mögulega hefur orðið af geldingu A. M eiga því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 51/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A, B og C í málinu****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið af völdum foks frá verkpöllum.****Gögn:**

Málskot, móttakið 7.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M, dags. 21.3.2019.

Málsatvik.

Með verksamningi við húsfélagið X hafði fyrirtækið B tekið að sér m.a. skipti á þakklæðningu hússins, gerð þakkants og þakrennu. Í tengslum við verkið voru verkþallar teknir á leigu hjá verkþallaleigunni A ásamt uppsetningu og frágangi að verki loknu. Í gögnum málsins kemur fram að fyrirtækið C hafi sem undirverktaki hjá A séð um uppsetningu verkþallanna við húseignina. Annað mál sem tengist sömu aðstæðum er nr. 59/2019 hjá nefndinni.

Að kvöldi 28. nóvember 2018 var lögreglu tilkynnt að verkþallar væru að fjúka við X. Kveður M að íhlutur úr verkþöllum hafi valdið tjóni á bifreið hennar sem hún hafi séð þegar hún kom að bifreiðinni að morgni 29. nóvember sama ár. M vísar til þess að viðvörðun hafi verið send út vegna veðurs kvöldið áður og hafi ekki verið brugðist við henni með því að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að vinnupallar héldu. M telur að tjón á bifreið hennar megi rekja til ófullnægjandi frágangs við uppsetningu verkþallanna og hefur krafist þess að V, sem ábyrgðartryggjandi A, B og D, bæti tjónið.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að ekki liggi annað fyrir en að uppsetning vinnupalla hafi verið með hefðbundnum hætti og jafnvel verið gengið lengra við að tryggja þá með því að gólfþallar hafi verið festir við stóðir vinnupallanna með sérstökum vír. V telur að tjón hafi roðið vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna í tengslum við veður en vindhviður hafi farið í tæplega 31 m/sek í hviðum.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar hluti úr verkþalli við húseignina X fauk á húdd bifreiðarinnar. Auk þess liggur fyrir að hluti af pallagólfum verkþallanna fuku. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sambærilegt tjón annars staðar og ekki virðist vera ágreiningur um að skv. veðurspám 28. nóvember sl. hafi verið varað við vindstyrk á höfuðborgarsvæðinu. Við framkvæmd verka sem krefjast uppsetningu vinnupalla ber að gera ráðstafanir til að tryggja að ekki skapist augljós hætta vegna þess að slíkir þallar geti gefið sig í heild eða að hluta. Með tilliti til aðstæðna við X í greint sinn, veðurviðvarana og þess tjóns sem varð telst sýnt að A, B og C hafi ekki gert nægar ráðstafanir til að tryggja vinnupallana m.v. aðstæður og meiri líkur en minni að tjón M hafi orðið vegna þess. Ekki telst sannað að gerðar hafi verið nægar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjón sem þetta eða að veður hafi verið þannig að það hafi farið út fyrir það sem varað hafði verið við m.v. framlögð gögn um veðurhæð. Verður ábyrgð A, B og C gagnvart M ekki skilin í sundur m.v. þau gögn sem liggja fyrir nefndinni og teljast fyrirtækin bera skaðabótaábyrgð in solidum vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á bifreið sinni in solidum úr ábyrgðartryggingu A, B og C hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 52/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar ökutækis A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum veltu ökutækis.****Gögn.**

Málskot, dagsett 7.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 4:30 að morgni 31. desember 2017 var M farþegi í ökutækinu A sem B ók vestur Ásbraut í Hafnarfirði austan Goðatorgs. Þar mun A hafa verið ekið á gangstéttarkant vinstramegin miðað við akstursstefnu, farið þar yfir gangstétt og á ljósastaur. Síðan hafi A kastast utan í klettavegg áður en það staðnæmdist á hægri hlið. Í skýrslu lögreglu um aðstæður á vettvangi segir að skransför eftir A á akbrautinni að kantsteini hafi mælst 19,8 m, frá ljósastaur og að A hafi mælst 16,3 m og frá ljósastaur að ákomu í klettaveggnum 12,2 m.

Myrkur og háлка var á malbikaðri akbrautinni þar sem slysið varð. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A. A er í lögregluskýrslu sagt vera í flokki dráttarvéla I (T1). Þá má ráða af gögnum málsins að A sé óyfyrbyggt en með veltigrind og einu farþegasæti við hlið öikumannssætis. M mun hafa verið í farþegasætinu þegar slysið varð.

Á vettvangi vaknaði grunur um að B væri undir áfengisáhrifum og var hann látinn blása í áfengismæli, svonefndan S-D2 mæli, sem mun hafa sýnt áfengismagn sem samsvaraði 0,90%. Vegna meiðsla sem B hlaut í slysinu var hann fluttur á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Þar voru einnig tekin úr honum tvö blóðsýni kl. 5:05 og 6:03 og eitt þvagsýni kl. 5:25 til að mæla áfengismagn í líkama hans. Áfengismagn í fyrra blóðsýninu mældist 0,98% og í því síðara 0,88%. Í þvagsýninu mældist áfengismagnið 1,23%. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 28. febrúar 2018, hefur etanolstyrkur í blóði M verið 1,3% um kl. 3 um nóttina og um 1,15% kl. 4:30.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst B hafa hitt M og fleiri karla í heima hjá félaganum þar sem þeir hafi setið saman einhverja stund. Þar hafi B drukkið eitthvað af bjór en ekki mikið. Hann vissi þó ekki nákvæmlega hversu mikið hann drakk, en skildi bifreið sína eftir hjá félaganum. Þaðan hafi þeir farið á tiltekinn veitingastað en síðan hafi þeir farið til vinar hans. Að lokum hafi B farið heim til sín ásamt M sem m.a. hafi langað til að sjá A og B var með í geymslu í bílskúr heima hjá sér. Kvað B að M hafi komið inn með sér, en eftir það muni hann ekkert eftir sér fyrr en eftir slysið.

M varð fyrir miklum meiðslum í slysinu og hefur ekki getað tjáð sig um málsatvik. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut. V telur að M hafi verið meðvaldur að slysinu með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis og með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 beri að skerða bætur til M um 2/3.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni öikumanns. Hins vegar má má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóninu var meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Af gögnum málsins þykir nægilega í ljós leitt að B var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð. Þá þykir mega leggja frásögn B til grundvallar um áfengisdrykkju hans og ferðir þeirra B og M um nóttina áður en slysið varð, enda hafa engar sérstakar brigður verið bornar á þá frásögn. Miðað við það mátti M vera það fullljóst að B var undir áhrifum áfengis þegar ökuferð þeirra í A hófst. Með því sýndi hann stórkostlegt gáleysi. Líðið var langt fram á nótt þegar ferðin hófst í óyfyrbyggðu ökutækinu ásamt því að myrkur var og háлка á götum. Enginn sérstakur tilgangur virðist hafa verið með

ökuferðinni. M var á fimmtugsaldri þegar slysið varð og lærður flugmaður. Mátti M vera það gjörla ljóst að umrædd ökuferð var háskaleg og viðbúið að hún gæti endað illa. Að öllu virtu verður að telja gáleysi M það alvarlegt að rétt sé að skerða bætur úr ábyrgðartryggingu A um 2/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingar A hjá V en skerða skal bæturnar um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 53/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð úr frjálstri ábyrgðartryggingu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 4. febrúar 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.

Bréf V, dags. 4. mars 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 15-22.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við störf sín í hjá X þann 19.4.2017. Lýsir M atvikum með þeim hætti að þegar hann hafi gengið í gegn um handstýrða skothurð sem skilur að lager- og verslunarrými hafi skynjari sem skynjar fyrirstöðu ekki virkað sem skyldi. Hurðin hafi því farið hratt niður þegar M stóð undir henni. Við það hafi honum brugðið og þurft að henda sér frá með þeim afleiðingum að hann fékk slæman hnykk. Í læknisfræðilegum gögnum sem fylgja með málskoti M kemur fram í kjölfar atviksins hafi hann glímt við eymsli í hálsi og baki.

M telur að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað og að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem M varð fyrir á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Byggir M aðallega á þeirri málsástæðu að X hafi brugðist skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum. Vísar M m.a. til 5. tl. 44. gr. reglugerðar um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, þar sem kveðið er á um að rennihurðir skuli hafa öryggisbúnað sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður. Þá vísar M til 8. tl. sömu greinar þar sem fram kemur að hurðar og hlið sem lokað er með vélrænum búnaði skuli vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Jafnframt bendir M á að X hafi ekki sinnt skyldu sinni um að tilkynna slysið án tafar til Vinnueftirlits ríkisins. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en 27. júní 2017 eða rúmlega þremur mánuðum eftir að slysið átti sér stað. Vinnueftirlitið hafi því ekki getað rannsakað orsakir slyssins. Telur M að samkvæmt fordæmum Hæstaréttar verði að láta X bera hallann af því og þar af leiðandi beri að leggja til grundvallar að hurðin hafi verið vanbúin og að það hafi verið orsök þess að M varð fyrir líkamstjóni í umrætt sinn.

Málskoti M fylgdi myndband af umræddri hurð sem sýnir virkni hennar eftir að slysið varð. Vísar M til þess að af myndböndunum að dæma virðist engir öryggisskynjarar vera á hurðinni þar sem hún virðist ekki nema nokkra fyrirstöðu heldur lokist hún hratt þrátt fyrir að manneskja setji höndina undir hana eða standi við hana.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að virkni hurðarinnar hafi verið eðlileg og fullnægt kröfum sem gera má til slíks búnaðar. Þá liggja ekkert fyrir um að hurðin hafi verið biluð eða að viðhald hennar hafi verið vanrækt af hálfu V þegar atvikið gerðist. V vísar túlkun M á virkni hurðarinnar á bug og bendir á að öryggisskynjarar hafi verið í lagi.

Álit.

Atvikalýsing málsins er nokkuð skýr og verður ekki ráðið af gögnum málsins að efnislegur ágreiningur sé um málsatvik. Þá er ekki deilt um virkni hurðarinnar, enda virðast báðir aðilar sammála um að virkni hennar sé óbreytt frá tjónsdegi og að hún sé eins og á myndbandi sem fylgir málskoti M. Þar sem hvorki er deilt um málsatvik né virkni hurðarinnar á tjónsdegi hefur það ekki áhrif við sönnunarmat á orsökum slyssins að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 1. málslíð 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, enda hefur vanrækslan hvorki veikt sönnunarsstöðu M né spillt sönnunnargögnum málsins.

Aðila deilir hins vegar á um það hvort hurðin hafi verið vanbúin með hliðsjón af lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og gildandi reglum um sjálfvirkar rennihurðar. Greina má af myndbandi sem sýnir virkni hurðarinnar að hurðin er fremur hávær þegar hún fer á hreyfingu og

að hún lokast nokkuð hratt en stöðvast og fer upp aftur um leið og gengið er undir hana. Verður því ekki annað séð en að skynjarar hurðarinnar virki sem skyldi. Þá er óumdeilt að engin snerting varð með M og hurðinni í umrætt sinn. Með hliðsjón af framangreindu verður að teljast ósannað að hurðin hafi verið vanbúin eða öryggisbúnaði hennar áfátt þegar slysið varð. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 26. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 54/2019**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka á gluggum.****Gögn.**

Málskot, móttækið 8. febrúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13. febrúar 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að samningur hafi verið gerður við fyrirtækið A ehf. um gluggaskipti og fleira við húseignina Illugagötu 16 í Vestmannaeyjum árið 2009 og unnið hafi verið við slík verk á árunum 2009-2010. Á árinu 2017 hafi síðan komið fram mikill raki við vegg í stofuglugga og kom þá í ljós að mikil bleyta hafi verið við alla glugga í húsinu og mikil sjáanleg mygla. X var byggingarstjóri vegna verksins.

M vísar til þess að framkvæmdastjóri byggingarverktakafyrirtækisins hafi skoðað aðstæður á árinu 2017 ásamt starfsmönnum fyrirtækisins og komið hafi fram á þeim fundi viðurkenning á því að festingar sem fylgdu með gluggum hafi ekki verið notaðar þar sem smiður hafi þá talið þær veikulugar og þau mistöku hefðu leitt til tjóns M. Einnig vísa M til matsgerðar B dags. 20. desember 2017 þar sem komi fram að röng aðferð hafi verið notuð til við ísetningu glugga. M telur að fyrirtækið beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á húseigninni og verður að skilja málatilbúnað M vegna kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þannig að það nái einnig til þess að X beri slíka ábyrgð vegna starfa sinna sem byggingarstjóri.

V vísar til þess að fulltrúar byggingaverktakafyrirtækisins hafi farið og skoðað aðstæður í húseign M í febrúar 2017 og við þeirra skoðun hafi ekki verið ljóst að leka við glugga hafi verið hægt að rekja til ísetningar eða frágangs þeirra. Ekki hafi komið staðfesting til V um að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi viðurkennt að réttar festingar hafi ekki verið notaðar í greint sinn. Einnig vísar V til þess að þær ályktanir sem dregnar séu í matsgerð þeirri sem M byggir á séu bæði rangar og órökstuddar. V telur að ekki hafi komið fram sönnun fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra séu fyrir hendi og hefur því hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Álit.

Eins og fram kemur hér að ofan áttu framkvæmdir á húseign M sér stað á árunum 2009 til 2010. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem í gildi voru þegar þær framkvæmdirnar stóðu yfir, bar byggingarstjóri ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Af dómaframkvæmd, sbr. m.a. 118. gr. þág. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, mátti ráða að jafnframt hvíldi á byggingarstjóra skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum, sem hann stýrði, þar á meðal með því að iðnmeistarar, sem komu að verkinu fyrir atbeina hans, sinntu skyldum sínum og að framkvæmdin væri tæknilega og faglega fullnægjandi. Með sagnæmri vanrækslu á þessum skyldum félli skaðabótaábyrgð á byggingarstjóra. Það er því ljóst að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra kemur ekki til eingöngu vegna háttsemi starfsmanna byggingarfyrirtækis heldur verða ofangreind skilyrði að vera uppfyllt þannig að til sakar byggingarstjóra komi.

Til þess að hægt sé að sýna fram á mögulega vanrækslu á umræddum skyldum byggingarstjóra þurfa að liggja fyrir fullnægjandi sönnunargögn um þá vanrækslu. Í málinu liggur fyrir matsgerð B dags. 20. desember 2017, en hennar aflaði M einhliða, sem og álit starfsmanna byggingarfyrirtækisins sem X starfaði fyrir, en til þess er vísað í afstöðu V til málsins. Afstaða þessara sérfræðinga stangast á og er ekki hægt að leggja til grundvallar að álit annars sé byggt á sterkari forsendum en hins, m.v. gögn málsins í heild og almennt sönnunarmat sem nefndin getur lagt til grundvallar. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð verður skv. almennum sönnunarreglum að bera sönnunarbyrði um það og hefur M ekki með framlögðum gögnum náð að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar

byggingarstjóra séu uppfyllt í málinu. Verður því ekki fallist á að bótaábyrgð sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X.

Reykjavík, 26. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 55/2019**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns.****Ágreiningur um heimild til skerðingar bóta vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 4:30 að morgni 31. desember 2017 ók M ökutækinu A vestur Ásbraut í Hafnarfirði austan Goðatorgs. Þar mun A hafa verið ekið á gangstéttarkant vinstramegin miðað við akstursstefnu, farið þar yfir gangstétt og á ljósastaur. Síðan hafi A kastast utan í klettavegg áður en það staðnæmdest á hægri hlið. Í skýrslu lögreglu um aðstæður á vettvangi segir að skransför eftir A á akbrautinni að kantsteini hafi mælst 19,8 m, frá ljósastaur og að A hafi mælst 16,3 m og frá ljósastaur að ákomu í klettaveggnum 12,2 m.

Myrkur og hálka var á malbikaðri akbrautinni þar sem slysið varð. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A. A er í lögregluskýrslu sagt vera í flokki dráttarvéla I (T1). Þá má ráða af gögnum málsins að A sé óyfirbyggt en með veltigrind og einu farþegasæti við hlið ökumannssætis. Farþegi var í farþegasætinu þegar slysið varð.

Á vettvangi vaknaði grunur um að M væri undir áfengisáhrifum og var hann látinn blása í áfengismæli, svonefndan S-D2 mæli, sem mun hafa sýnt áfengismagn sem samsvaraði 0,90%. Vegna meiðsla sem M hlaut í slysinu var hann fluttur á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Þar voru einnig tekin úr honum tvö blóðsýni kl. 5:05 og 6:03 og eitt þvagsýni kl. 5:25 til að mæla áfengismagn í líkama hans. Áfengismagn í fyrra blóðsýninu mældist 0,98% og í því síðara 0,88%. Í þvagsýninu mældist áfengismagnið 1,23%. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 28. febrúar 2018, hefur etanolstyrkur í blóði M verið 1,3% um kl. 3 um nóttina og um 1,15% kl. 4:30.

M varð fyrir alvarlegum meiðslum í slysinu og hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr lögmæltri slysatryggingu ökumanns A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu einkum með vísan til þess að hann valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi og með slíkri háttsemi jafnframt brotið gegn varúðarreglu sem mælt er fyrir um í skilmálum slysatryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður í slysatryggingu eins og hér um ræðir hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér eiga í hlut gildir sú varúðarregla að ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækis.

Samkvæmt gögnum málsins, líkt og að ofan greinir, er sannað að M var undir áfengisáhrifum þannig að áfengismagn í blóði hans hefur að minnsta kosti verið 1,15%, er hann ók A umrætt sinn og slysið varð. Hann var því undir áhrifum áfengis og mátti því ekki stjórna ökutækinu, sbr. 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, auk þess sem hann gat ekki stjórnað því örugglega, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Miðað við verksummerki á slysstað verður að telja nægilega í ljóst leitt að A hefur verið ekið allhratt og mun hraðar en aðstæður leyfðu, en myrkur var og ísing og hálfakbraut.

Í ljósi þess sem að framan er rakið verður að telja sannað að slysið verði rakið til þess að M hafi ekið A undir áhrifum áfengis og allt of hratt miðað við aðstæður. Háttsemi þessi verður virt M til stórkostlegs gáleysis. Eftir atvikum öllum þykir rétt að ábyrgð V falli niður að öllu leyti. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns í ökutæki A hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 56/2019**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna slyss 27. júlí 2018.****Gögn.**

Málskot, móttækið 8. febrúar 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15. febrúar 2019.

Athugasemdir lögmanns M í ódagsettu bréfi, vegna bréfs V dags. 15. febrúar 2019.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún féll af hestbaki 27. júlí 2018. Í bréfi lögmanns M dags. 20. desember 2018 til V kemur fram sú lýsing málsatvika að M hafi farið verið í reiðtúr í Mosfellsdal og stoppað þar á krá og drukkið þar tvo bjóra. Þegar hún hafi ridið frá kránni hafi merin sem hún reið fælst og stokkið snöggt til hægri með þeim afleiðingum að M hlaut nokkuð líkamstjón af. Í málinu liggja einnig fyrir yfirlýsingar samferðamanna M, annars vegar dags. 11. febrúar 2019 og hins vegar 15. febrúar sama ár, um að meri sú sem M sagt hafi fælst með þeim afleiðingum að M kastaðist af baki. Í yfirlýsingunum kemur fram um sjáanleg áfengisáhrif á M annar vegar „Ég var ekki var við að [...] væri mikið drukkin og komst hún vel á hestinn sjálf og allt gekk vel í ferðinni, þar til slysið varð.“ Hins vegar segir „Ég gat ekki sé að [...] væri ölvuð, hvorki þegar við lögðum af stað eða þegar við fórum frá Laxnesi.“

Í gögnum málsins liggja einnig fyrir ítarlegar upplýsingar um líkamstjón það sem M hlaut við fallið og niðurstöður alkóhólrannsókna sem gerðar voru við komu M á sjúkrahús ásamt lýsingum af ástandi hennar við þá komu. Þar kemur fram að áfengi í blóði hafi mælst 52,5 mmól/L og skv. leiðbeiningarskjali frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi er almenn lýsing á áhrifum 45-60 mmól/L að um séu að ræða áberandi ölvunareinkenni og erfiðleikar með hreyfingar og tal.

M telur að hún eigi fullan rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V. M vísar því á bug að hafa fundið til áfengisáhrifa og vísar einnig til lýsinga samferðamanna hennar í því skyni. M bendir einnig á að lýsingar af ástandi hennar við komu á slysideild verði að skoða með hliðsjón af því að hún hafði fengið alvarlegt höfuðhögg. M byggir á að hestur hennar hafi fælst og það hafi verið meginorsök slyssins, fjöldamörg dæmi séu fyrir því að hestar fælist og ekki sé sýnt fram á að meginorsök slyssins hafi verið áfengisneysla M, en það sé forsenda þess að V geti takmarkað ábyrgð sína skv. lögum um váttryggingarsamninga og hafi V sönnunarbyrði um að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis hennar.

V vísar til alkóhólmælinga og lýsinga í fyrirliggjandi læknisvottorðum á ástandi M við komu á slysideild um að M hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum þegar hún féll af hestbaki. M telur slíka háttsemi vera stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og með vísan til hennar og gr. 9.1 og 9.2 í váttryggingarskilmálum geti félagið takmarkað ábyrgð sína að fullu vegna þess.

Álit.

Meginágreiningur er milli aðila máls um hvort slys M megi rekja til stórkostlegs gáleysis hennar. Slík háttsemi getur haft þau áhrif að V getur takmarkað ábyrgð sína m.t.t. gr. 9.1. í váttryggingarskilmálum sem fær stoð í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Váttryggingafélög bera sönnunarbyrði um að skilyrði takmörkunarheimilda sem þessara séu fyrir hendi.

Þegar litið er til gagna málsins er bæði ljóst að niðurstöður úr alkóhólmælingum í blóði M og lýsingar starfsmanna slysideildar á ástandi hennar við komu þangað staðfesta að M var undir verulegum áfengisáhrifum. Verður að ætla að slík áfengisáhrif hafi haft veruleg áhrif á getu hennar til að stjórna hesti og hefur hún því með því að reyna að stjórna hesti í því ástandi vikið verulega frá því sem ætlast má til. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að aðrir hestar hafi fælst í þeim hópi sem M var í eða hreyfing hans, þegar M féll af baki, hafi verið þannig að hún hefði ekki átt að ráða við stjórn hans.

Fellur því háttsemi hennar undir stórkostlegt gáleysi í skilningi fyrrnefndra váttryggingarskilmála og laga um váttryggingarsamninga.

Við mat á því hvaða áhrif umrædd háttsemi hefur verður að líta til þess sem kemur fram í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga (og gr. 9.2 í váttryggingarskilmálum V), þ.e. að við mat á ábyrgð V verði að líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þegar litið er til aðstæðna við slys M verður ekki hjá því litið að sök hennar var veruleg að reyna að stjórna hesti undir verulegum áfengisáhrifum. Verður að ætla að váttryggingaratburður hafi orðið vegna þess að M hafði ekki slíka stjórn á aðstæðum. Við mat á ábyrgð V telur nefndin þó rétt að líta að einhverju leyti til þess að lýsinga samferðamanna M á ástandi hennar og þeirri óvissu sem getur verið fyrir hendi um viðbrögð lifandi dýra og utanaðkomandi atvik sem geta haft áhrif á þau viðbrögð. Með hliðsjón af þeim atvikum verður fallist á að V geti takmarkað ábyrgð sína að tveimur þriðju, þ.e. að M eigi rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar sem nemur þriðjungu tjóns hennar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar sinnar sem nemur þriðjungu (1/3) tjóns hennar. V getur takmarkað ábyrgð sína um tvo þriðju (2/3) tjónsins.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 57/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.02.2019, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 19.2.2019, ásamt fylgiskjölum 7-11.

Málsatvik.

Hinn 27. september 2016 fór M, þá níu ára gamall, inn á byggingarsvæði í þeim tilgangi að sækja fótbolta. Á byggingarsvæðinu voru malarhrúgur sem stórgrýti hafði verið raðað ofan á og klifraði M upp á eina slíka til að litast um eftir boltanum. Rann stórgrýtið þá til undan honum og M rann með, með þeim afleiðingum að hann slasaðist á höfði, baki og fæti. Lögregla var kölluð til og M fluttur á slyshadeild með sjúkrabifreið.

M telur að slysið megi rekja til sakar A, sem var verktaki á umræddu byggingarsvæði, og hafi þar með borið ábyrgð á aðbúnaði og öryggi þar. Skylda A í þessum efnum hafi verið sérlega rík þar eð vinnusvæðið var staðsett við grunnskóla og fótboltavöll og því hafi A borið að tryggja að börn kæmst ekki inn á svæðið, og að ekki stafaði slysaþætta af því. Þá gerir M athugasemdir við hvernig stórgrýti hafi verið raðað ofan á malarhrúgur og telur það hafa falið í sér brot gegn ákvæðum reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum. Eftir slysið hafi aðbúnaður á svæðinu verið bættur, en sett hafi verið grindverk við mark á fótboltasvæðinu til að varna því að boltar færu inn á vinnusvæðið.

Í bréfi V kemur fram að starfsmenn A hafi girt svæðið af með tveggja metra háum girðingum sem séu hæstu fínanlegu vinnustaðagirðingar, auk þess sem skilti hafi verið hengd á girðingarnar en á þeim hafi komið fram að óviðkomandi væri bannaður aðgangur. Þá hafi starfsmenn A sérstaklega beðið húsvörð í grunnskólanum um að rætt yrði við nemendur um að þeir færu ekki inn á vinnusvæðið að sækja bolta. Því hafi A gripið til allra eðlilegra ráðstafana í því skyni að varna umferð um svæðið. Á þeim tíma er slysið varð hafi starfsmenn A verið að vinna að því að fylla upp í húsgrunn, og efni, þ.á.m. mól og grjóti, hafi verið sturtað í grunninn af vörubílspöllum og því ekki komið fyrir með neinum ákveðnum hætti. Um sé að ræða eðlilegt verklag við fyllingu á húsgrunni og í því geti ekki falist sök af hálfu A. Hvað varði ný grindverk bak við fótboltamark þá hafi sveitarfélagið komið þeim fyrir, en búið hafi verið að senda sveitarfélaginu ábendingu um að þess væri þörf.

Álit.

Svo skaðabótaábyrgð, og þar með bótaskylda úr umræddri ábyrgðartryggingu, sé til staðar þarf að sýna fram á saknæma háttsemi váttryggingartaka. Kemur þá til skoðunar hvort A hafi gripið til allra eðlilegra ráðstafana til að varna umferð barna og annarra um svæðið. Meðal gagna fyrir nefndinni er lögregluskýrsla dags. 28. september 2016 þar sem m.a. kemur fram að „svæðið er lokað með hárrí girðingu og ekki að sjá að rof sé á henni.“ Ekki liggur annað fyrir í málinu en að M hafi klifrað yfir girðinguna, en af ljósmyndum og lýsingum verður ekki ráðið annað en að hún hafi verið heil og forsvaranleg. Af ljósmyndum, sem teknar voru daginn eftir atvikið og eru meðal gagna málsins, má einnig ráða að skilti, sem kváðu á um að óviðkomandi væri bannaður aðgangur, voru hengd á girðinguna. Verður því að telja að A hafi gripið til þeirra ráðstafana sem af sanngirni megi ætlast til, í því skyni að koma í veg fyrir umferð barna um vinnusvæðið. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að sérstakt gáleysi hafi falist í því hvernig mól og grjóti var komið fyrir á vinnusvæðinu, en ekki liggur annað fyrir en að um hefðbundið verklag hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 58/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega****Ágreiningur um bótaskyldu úr sólarhringstryggingu vegna frítímaslyss****Gögn.**

Málskot dags. 06.02 2019 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Bréf V dags. 25.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Athugasemdir M við svör V, dags. 19.3.2019.

Málsatvik.

Hinn 11. apríl 2015 var M í útreiðartúr þegar hestur hennar fældist með þeim afleiðingum að hún féll af baki. Við læknisskoðun á slysdegi kom í ljós að M hafði tognað og marist á baki en ekki var talið að um alvarlegan áverka væri að ræða og að M mundi jafna sig innan 4-6 vikna, enda greindust ekki beináverkar. Í ljósi þess taldi M ekki tilefni til að tilkynna V um slysið. Hinn 27. maí 2015 fann M enn fyrir einkennum frá baki og leitaði læknis, sem taldi mögulegt að hryggjartindar hefðu brákast og ráðlagði hreyfingu og sjúkrahjálfun. Hinn 4. febrúar 2016 leitaði M enn læknis og segulómun sem M gekkst undir í kjölfarið leiddi í ljós gamlan beináverka, sem talið var að rekja mætti til slyssins þó ekki væri fullyrt um það. Niðurstaða segulómunar mun hafa verið kynnt M hinn 3. mars 2016, en henni ekki gerð grein fyrir henni fyrr en í nóvember 2016, en eftir þá kynningu stóð M enn í þeirri trú að verkirnir mundi hverfa með áframhaldandi æfingum. Í lok nóvember 2016 taldi M sig hafa náð fullum bata og hætti í sjúkrahjálfun. Í ársbyrjun 2017 varð M barnshafandi og fann hún ekki fyrir verkjum frá baki á meðgöngu. Nokkrum vikum eftir fæðingu barns hennar hinn 5. október 2017 tóku verkir M sig upp aftur. Um ári síðar, eða hinn 5. nóvember 2018 tilkynnti M V um tjónið, en vinnuveitandi M á slysdegi hafði verið með svokallaða sólarhringstryggingu launþega hjá V. Með bréfi V, dags. 14. nóvember 2018, hafnaði félagið bótaskyldu.

Afstaða V til kröfu M er sú að tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr.30/2004, sbr. og lokamálslið 7. gr. skilmála viðkomandi vátryggingar, hafi verið liðinn þegar M tilkynnti félaginu um slysið. Enn fremur vísar V til þess að skv. b-lið 5. mgr. 8. gr. skilmálanna skuli örorkumat undantekningarlaust fara fram í síðasta lagi þremur árum eftir slys, en sá frestur hafi einnig verið liðinn þegar tjónstilkynning barst félaginu. Á grundvelli þess ákvæðis sé V heimilt að hafna greiðslu bóta á grundvelli örorkumats sem framkvæmt er síðar. V tekur fram að hinn 25. janúar 2016 hafi M tilkynnt um tjón sitt til annars vátryggingafélags, þ.e. þar sem hún var sjálf í viðskiptum og með slysatryggingu vegna frítímaslysa. Þannig hafi M þegar snemma árs 2016 haft vitneskju um atvik að baki kröfu sinni enda hafi hún í þeirri tilkynningu lýst varanlegum afleiðingum slyssins. Af tjónstilkynningunni megi jafnframt ráða að M hafi verið ljóst að sjúkrahjálfun fæli í sér viðhaldsmeðferð en mundi ekki leiða til fullkomins bata. Því hafnar V þeirri fullyrðingu M að hún hafi fyrst gert sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni um veturinn 2017/18. Með hliðsjón af þessu telur V að M hafi glatað rétti sínum til bóta.

M mótmælir þessari afstöðu og tekur fram að sér hafi fyrst verið gerð grein fyrir því að um frekari bata yrði ekki að ræða með lokavottorði heimilislæknis dags. 25. október 2018. Við læknismeðferð M hafi sú afstaða aldrei áður komið fram og hafi M því verið í góðri trú um að hún næði fullum bata, ekki síst með hliðsjón af því að hún hafi verið verkjalaus í rúmt ár áður en verkirnir tóku sig upp að nýju. Umrædd myndgreining sem fram fór í febrúar 2016 hafi ekki breytt neinu um þá afstöðu hennar, enda hefði ekki mátt fullyrða að áverka sem þar komu fram mætti rekja til slyssins. Þá áréttar M að þau atvik sem krafa hennar sé reist á séu þau að verkirnir hafi tekið sig upp aftur eftir langt hlé síðla árs 2018. Hafi krafa hennar því verið sett fram innan tilskilinna tímamarka.

Álit:

M varð sem fyrr segir fyrir slysi hinn 11. apríl 2015. Af gögnum málsins verður ráðið að hún hafi fundið fyrir einkennum vegna þess allt til þess tíma er hún varð barnshafandi, þó sjúkrahjálfun kunni að hafa dregið úr einkennum að einhverju marki, en í læknisvottorði dags. 25. október 2018 segir að M hafi verið „þokkaleg“ í bakinu á meðgöngu. Verður því að líta svo á að M hafi fundið fyrir verkjum vegna slyssins í um eitt ár og níu mánuði áður en þeir rénuðu á meðgöngutíma. Á því tímabili, eða hinn 25. janúar 2016, tilkynnti M jafnframt um tjón sitt til annars váttryggingafélags, eins og að framan er rakið. Um svipað leyti virðast einkenni M hafa verið þess eðlis að talið var tilefni til frekari rannsókna, þ.e. segulómunar. Þá liggur fyrir að niðurstöður segulómunar voru kynntar fyrir M í mars 2016, þó henni hafi af einhverjum ástæðum ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir efni þeirra fyrir en átta mánuðum síðar. Verður að telja óhjákvæmilegt að miða við að M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafan var reist á á þessum tíma, þ.e. snemma árs 2016. Er þá jafnframt byggt á þeirri staðreynd að M tilkynnti váttryggingafélagi sínu um slysið á þeim tíma og í tjónstilkynningu er afleiðingum þess lýst. Verður því að miða við að krafa M á hendur V, sem barst V fyrst hinn 5. nóvember 2018, hafi ekki verið gerð fyrir en um tveimur og hálfu ári eftir að M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hennar byggði á.

Verður því að telja, með hliðsjón af 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, sbr. og 5. mgr. 7. gr. viðkomandi skilmála, að M hafi, með því að gera ekki kröfu til bóta innan árs frá því hún fékk vitneskju um þau atvik sem krafa er reist á, glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega, hjá V.

Reykjavík 2. apríl 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 59/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar verkpallaleigu og uppsetningaraðila verkpalla.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á húseign af völdum foks frá verkpöllum.****Gögn:**

Málskot, móttækið 8.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með verksamningi við húsfélagið A í Reykjavík hafði M tekið að sér m.a. skipti á þakklæðningu hússins, gerð þakkants og þakrennu. Í tengslum við verkið voru verkpallar teknir á leigu hjá verkpallaleigunni B ásamt uppsetningu og frágangi að verki loknu. Í gögnum málsins kemur fram að fyrirtækið D hafi sem undirverktaki hjá B séð um uppsetningu verkpallanna við A. Annað mál sem tengist sömu aðstæðum er nr. 51/2019 hjá nefndinni.

Að kvöldi 28. nóvember 2018 var lögreglu tilkynnt að verkpallar væru að fjúka við A. Kveður M að göngupallar úr verkpöllum hafi valdið tjóni á nýrri þakklæðningu hússins.

M kveður að tjónið sem varð á þakklæðningunni megi rekja til ófullnægjandi frágangs við uppsetningu verkpallanna og hefur krafist þess að V, sem ábyrgðartryggjandi B og D, bæti tjónið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og að ofan greinir hafði M tekið að sér samkvæmt verksamningi við húsfélagið að A að skipta m.a. um þakkantinn sem varð fyrir foktjóninu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi verið eigandi A eða þakkantsins sem varð fyrir skemmdunum. Að öðru leyti eru heldur engin gögn í málinu, verksamningur eða önnur gögn, sem gefa til kynna að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni við það að þakkanturinn skemmdist. Er málið því vanreifað varðandi grundvöll þeirrar skaðabótakröfu sem M telur sig eiga á hendur B og D, en það er skilyrði þess að M geti átt kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingum þessara fyrirtækja hjá V.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Jafnframt fjallar nefndin ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð. Með vísan til þessara ákvæða í samþykktum nefndarinnar og þess að ekki hafi verið sýnt fram á með skýrum hætti að M eigi skaðabótakröfu á hendur B og D vegna skemmda á þakkantinum verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 60/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna munatjóns.****Gögn.**

Málskot, móttækið 01.02.2019, ásamt fylgiskjali.

Bréf V, dags. 27.2.2019

Málsatvik.

Hinn 23. júlí 2018 var starfmaður M að aðstoða heimilismann að M við ísetningu heyrnartækja. Var starfsmaðurinn með heyrnartækin í höndunum en þegar til stóð að koma þeim fyrir í eyrum heimilismannsins fannst aðeins annað þeirra. Þrátt fyrir leit í íbúð tjónþola hefur hitt tækið ekki fundist.

Samkvæmt tjónstilkynningu M til V var annar starfsmaður vitni að þessum atburði. M telur að heyrnartækið hafi týnst vegna mistaka (gáleysis) starfsmanns og að ábyrgðartrygging M hjá V eigi að ná til slíkra tilvika.

Í bréfi sínu til nefndarinnar rekur V að til þess að skaðabótaábyrgð stofnist þurfi M að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar og ólögðrar háttsemi. Af gögnum verði hins vegar ekki ráðið að háttsemi starfsmannsins hafi verið með einhverjum öðrum hætti en almennt tíðkaðist við þetta verkefni. Því sé ekki sýnt fram á að viðkomandi starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi við starfið.

V hafnar því bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið hafi komið til vegna saknæmrar og ólögðrar háttsemi M, starfsmanna M eða annarra atvika eða aðstæðna sem M beri ábyrgð á, heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Álit.

Til að um skaðabótaábyrgð samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð sé að ræða, og þar með bótaskylda úr umræddri ábyrgðartryggingu, þarf fyrst og fremst að sýna fram á saknæma háttsemi starfsmanns M, þ.e. ásetning eða gáleysi hans. Eins og málum er háttað hér liggja engin frekari gögn um atvik málsins fyrir nefndinni. Þannig er ekki að finna í málgögnum neina sjálfstæða atvikalýsingu frá viðkomandi starfsmanni eða þeim starfsmanni sem varð vitni að atvikinu. Þannig er ekki ljóst að umræddur starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi, eða hagað störfum sínum á óvanalegan hátt, í umrætt sinn. Er því ekki sýnt fram á að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi við meðferð heyrnartækjanna. Því er óhjákvæmilegt að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 26. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 61/2019**V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot móttakið 07.02.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 22.02.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf V2 dags. 28.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Frekari athugasemdir M, dags. 28.02.2019.

Málsatvik.

Hinn 13. nóvember 2018 varð árekstur milli ökutækja A og B. Svo virðist sem ökumaður bifreiðar A hafi einn fyllt út tjónaskýrslu, en jafnframt liggur fyrir lögregluskýrsla í málinu. Samkvæmt henni var M, sem ók A umrætt sinn, á leið út úr bifreiðastæði, hann hefði stöðvað bifreiðina og litið til hægri og vinstri en ekki séð neina bifreið. Þegar hann ók aftur af stað hafi bifreið B rekist harkalega á hægra framhorn bifreiðar A. Samkvæmt ökumanni bifreiðar B voru atvik hins vegar þau að hún hafi ekið niður götuna, á 45-50 km hraða á klukkustund, þegar bifreið A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir hana af bifreiðastæði.

Að frumkvæði V1 var lagt fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna að skera úr um hvernig sakarskiptingu væri háttað. Var niðurstaða nefndarinnar sú að ökumaður bifreiðar A bæri 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B 1/3. M er ósáttur við þá niðurstöðu og gerir þær kröfur fyrir úrskurðarnefnd að ökumaður bifreiðar B teljist einn bera ábyrgð á árekstrinum.

Í bréfi til nefndarinnar lýsir V1, sem er váttryggjandi bifreiðar A, þeirri afstöðu sinni að ökumaður bifreiðar B beri fulla ábyrgð á árekstrinum, enda hafi bifreiðinni verið ekið á hraða sem var langt umfram 30 km hámarkshraða í götunni og auk þess hafi bifreiðin verið að hluta til á röngum vegarhelmingi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar telur V2, sem er váttryggjandi bifreiðar B, hins vegar að ökumaður bifreiðar B beri aðeins 1/4 hluta sakar, og sé það í samræmi við viðmiðunarreglur um sakarskiptingu sem fylgt hafi verið í áraraðir. Þannig hafi ökumaður bifreiðar A ekki gætt nægilega að umferð er hann ók af bifreiðastæði og inn á veginn í veg fyrir bifreið B. Hins vegar sé ljóst að ökuhraði bifreiðar B hafi verið ólöglegur umrætt sinn og því rétt að ökumaður hennar beri hluta sakar.

Fyrir nefndinni liggja einnig síðar tilkomnar yfirlýsingar ökumanna. Þannig segir ökumaður bifreiðar A að bifreiðin hafi verið kyrrstæð á eigin vegarhelmingi þegar áreksturinn átti sér stað, en ekki á ferð eins og byggt hafi verið á. Jafnframt lýsir ökumaður bifreiðar B því yfir að hún hafi ekki ekið á þeim hraða sem tiltekinn er í lögregluskýrslu, og að það að M hafi ekki orðið hennar var bendi til þess að hann hafi ekki gætt nægilega að aðstæðum.

Álit:

Við mat á sakarskiptingu verður að líta til framburðar ökumanna eins og hann kemur fram í lögregluskýrslu um atvikið, en varhugavert er að byggja á einhliða yfirlýsingum ökumanna sem komu síðar til. Þannig verður miðað við það að ökumaður bifreiðar A hafi verið á ferð þegar áreksturinn átti sér stað, enda gefa hvorki lögregluskýrsla né framhlið tjónstilkynningar sem M fyllti út annað til kynna. Verður því að miða við að M hafi ekki gætt nægilega umferð um götuna er hann ók frá bifreiðastæði og inn á akbrautina. Af myndum sem fylgja lögregluskýrslu má jafnframt ráða að aðstæður séu ekki eins og best verður á kosið og því þörf á sérstakri aðgæslu við akstur af bifreiðastæðinu. Á grundvelli þess, og með vísan til 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður því að telja að M beri meginsök á árekstrinum.

Hins vegar verður jafnframt að miða við framburð ökumanns bifreiðar B, eins og hann kemur fram í lögregluskýrslu, um að aksturshraði bifreiðarinnar hafi verið töluvert yfir löglegum hámarkshraða, og þar með í andstöðu við 1. mgr. 36. gr. sömu laga. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á að ökutæki B hafi verið á röngum vegarhelmingi er áreksturinn átti sér stað. Á grundvelli þessa þykir rétt að ökumaður bifreiðar B beri 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

M ökumaður bifreiðar A ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 sakar

Reykjavík, 19. mars 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 62/2019**M og
V vegna kaskótryggingar fyrir bifreiðina A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.02.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 11.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi orðið fyrir því að missa stjórn á bifreið sinni (A) með þeim afleiðingum að hún rann til og keyrði á grindverk við húsið B rétt fyrir klukkan 18 laugardaginn 25. febrúar 2017. Bifreiðin sem skemmdist við óhappið var kaskótryggð hjá V sem hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi brotið gegn varúðarreglum 17.4. og 17.5. í skilmálum váttryggingarinnar þar sem meðal annars fram komi að váttryggður skuli vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja. Í málskotinu kemur fram að M hafi verið allsgáð þegar óhappið átti sér stað en hafi síðan drukkið áfengi þegar heim var komið til að slá á verki og vanlíðan. M hafi verið handtekin í kjölfar óhappsins og færð á lögreglustöð og tekið úr henni blóð til rannsóknar. Í kjölfarið hafi M verið ákærð fyrir ölvunarakstur en við aðalmeðferð þess máls hafi komið í ljós brotalamir í málinu sem hafi leitt til þess að það var fellt niður. Meðal annars hafi tímasetning árekstursins ekki verið vituð og það hafi haft áhrif á blóðrannsóknina að M tók reglulega inn magalyf sem flýtti fyrir frásogi vínanda úr maga í blóðrás. Það liggja því ekkert fyrir um það að M hafi verið undir áhrifum áfengis þegar óhappið varð.

Í bréfi V er vísað til lögregluskýrslu sem tekin var vegna málsins þar sem fram kemur að M hafi verið sjáanlega ölvuð, völt á fæti og drafandi í tali þegar lögreglan fór heim til hennar. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði hafi áfengismagn í blóði verið 2,0‰ á þeim tíma þegar slysið átti sér stað. Við skýrslutöku hjá lögreglu daginn eftir kemur fram hjá M að hún hafi farið í ríkið á föstudeginum og muni ekkert þar til lögreglan bankaði upp á hjá henni á laugardagskvöldinu. M kvaðst eiga við áfengisvandamál að stríða og að hún hafi byrjað að drekka eftir hádegi á laugardeginum að giska. Það liggja því fyrir játning M á drykkju fyrir tjónsatvikið. V telur það ekki skipta máli að refsímálið var fellt niður og vísar í dóm Hæstaréttar 386/2007 þar að lútandi. V telur M hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi þar sem hún hafi ekið á brott frá tjónsvettvangi og hún hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Þetta séu brot á 1. og 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Að lokum kemur fram í bréfi V að M verði að bera hallan af skorti á sönnun á ástandi hennar. Hefði hún sinnt þeim skyldum sínum að vera kyrr á vettvangi slyssins og kallað strax til lögreglu hefði málið verið upplýst að fullu.

Álit.

Tilkynning um umferðaróhapp málsins barst lögreglu kl. 18:36 þar sem gerð var grein fyrir því að bifreiðin A hafi ekið á grindverk og síðan ekið á brott. Ekki er ágreiningur um málsatvik. Í lögregluskýrslu sem tekin var þegar M var handtekin um kl. 19 kemur fram að M hafi verið sjáanlega ölvuð, völt á fæti og drafandi í tali. Við blástur í áfengismæli á staðnum var niðurstaðan 1,6‰. Einnig kemur fram að M kvaðst hafa verið að aka bifreiðinni þar sem hún hafi farið að versla. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni að ein opin áfengisdós hafi verið opin og hellt hafði verið í glas en ekki virtist neitt hafa verið drukkið úr því. M kvaðst ekki muna eftir að hafa ekið á vegginn og að hún hafi fengið sér kaffisopa þegar heim var komið. Í skýrslutöku daginn eftir kvaðst M hafa byrjað að drekka eftir hádegi sama dag og óhappið var en muni ekki meir þar til lögreglan kom á heimili hennar. Þá kemur fram að M eigi við áfengisvandamál að stríða. Þrátt fyrir að refsímál gegn M hafi verið fellt niður þykir, vegna þeirra atvika sem að framan greinir, M hafa sökum ölvunar verið svo á sig komin þegar hún olli óhappinu að fyrirmæli skilmála kaskótryggingarinnar um undanþágu frá bótaskyldu eigi við. Með vísan til þess verður tjón á bifreiðinni A ekki bætt úr kaskótryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 63/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.02.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 28.02.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 21.02.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt málskotinu var M að aka Bláfjallaveg á ökutækinu B þegar árekstur varð með ökutæki A og B. M telur mynd sem var gerð á tjónaskýrslu á slysstað ranga sem sjáist þegar ákoman á ökutæki B sé skoðuð. Ökumaður A hafi misst stjórn á ökutæki sínu og hafi M hægt á ökutæki B. Ökutæki A hafi runnið yfir á vinstri akrein og síðan aftur yfir á hægri akreinina og þá hafi ökutækin farið saman með þeim afleiðingum að ökutæki B hafi farið út af veginum.

Í bréfi V1 kemur fram að ökutæki A hafi snúist á veginum eftir að ökumaður missti stjórn á því og í kjölfarið hafi ökutækinu B verið ekið á A. Ökutækið A hafi verið kyrrstætt þegar áreksturinn varð og tekur V1 undir sakarmat tjónanefndar váttryggingafélaga sem lagði alla sök á ökumann ökutækis B. Þá bendir V1 á 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram komi að ökutæki, sem ekið sé á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þá skal ökumaður samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga hafa fullt vald á ökutækinu og geta stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sjái yfir og áður en komi að hindrun, sem gera megi ráð fyrir. Ökumaður B hafi ekki gætt að því að hafa nægilegt bil á milli ökutækjanna og stilla hraða í hóf þar sem búast mátti við ýmsu miðað við aðstæður á veginum en það hafi verið hálka og ísing.

V2 hafði ekki athugasemdir við málskotið.

Álit.

Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur fram að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skuli þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn megi aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sjái yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera megi ráð fyrir.

M ók ökutæki B á eftir ökutæki A og bar því skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga að gæta að því að vera svo langt frá því að eigi væri hætta á árekstri, þótt ökutækið A stöðvaðist. Þá átti M að miða hraða ökutækisins við aðstæður skv. 1. mgr. 36. gr. laganna. Af gögnum málsins má ráða að M hafi ekki sýnt þá varúð sem nauðsynleg var þar sem hann náði ekki að stöðva ökutæki B í tæka tíð eftir að ökutækið A hafði runnið á skilti og í framhaldinu runnið til. Með vísan til þess ber M alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ber alla sök á árekstri ökutækjanna A og B.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 64/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar húsfélagsins F****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð af því að snjór eða klaki féll á bifreið****Gögn.**

Málskot móttakið 12.02.2019.

Bréf V til úrskurðarnefndarinnar dags. 20.2.2019 ásamt fylgiskjali.

Svar M við athugasemdum V dags. 23.02.2019.

Svar V við athugasemdum M dags. 25.02.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt frásögn M féll, hinn 24. janúar 2019, snjór og klaki af þaki hússins F í Hafnarfirði, á framhluta bifreiðar hans og olli nokkru tjóni á henni. M lýsir aðstæðum á þann veg að hinn 24. janúar hafi verið þíða og sterk sól í kjölfar óvenju mikillar úrkomu og kulda. M, sem reki matsölustað í leiguhúsnæði á jarðhæð húsnæðisins, hafi tekið eftir því að snjóflekar hafi hrunið framan við húsið og hafi starfsmaður verið settur á vakt við innganginn til að vara fólk við þessum aðstæðum. Einhverju seinna hafi M farið að huga að bakhlið hússins þar sem bifreið hans hafi verið lagt. Kom þá í ljós að bifreið hans og önnur bifreið voru skemmdar eftir snjóhrun af þaki hússins.

M telur að húsfélaginu hafi borið að bregðast við aðstæðum og varna hruni af þakinu og hefur því gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu þess. M tekur þá fram að hann sem leigutaki hafi ekki aðild að húsfélaginu né hafi það nokkru sinni leitað til hans um „utanhússmál“.

V hefur hafnað kröfu M á grundvelli þess að ekki sé sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til saknæmrar háttsemi húseigenda, enda hafi engum gögnum verið framvísað er sýni fram á að þeir hafi verið meðvitaðir um hættuna. Þá bendir V á að sem rekstraraðili og umráðamaður hluta fasteignarinnar beri M einnig ábyrgð á að sjá til þess að hætta stafi ekki af klaka, snjó eða grýlukertum. Í skaðabótarétti gildi sú meginregla að tjónvaldur og tjónþoli geti ekki verið einn og sami aðilinn auk þess sem það sé sérstaklega tiltekið í 1. gr. 2. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála að hlutverk ábyrgðartryggingar, í þessu tilviki sem hluta húseigendatryggingar, sé að bæta tjón þegar tjónþoli hafi ekki verið meðábyrgur. Þar eð M hafi, samkvæmt eigin frásögn, verið meðvitaður um snjóhrunið hafi honum verið í lófa lagið að bregðast við eða láta húseigendur vita af hættunni. Þar eð ekkert liggir fyrir um vitneskju annarra aðila en M um snjóhrun sé sök þeirra hins vegar ósönnuð. Þá telur V kröfu M vanreifaða og varla tæka til úrskurðar.

Álit:

Taka verður undir það með V að gögnum í málinu er nokkuð áfátt. Þannig hafa t.a.m. ekki verið lagðar fyrir nefndina myndir eða önnur gögn er sýni aðstæður á vettvangi eða tjón á umræddri bifreið. Er það þó mat nefndarinnar að málið sé ekki það óljóst, illa upplýst eða krafa M svo óskýr að málið sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 4. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005.

Til að bótaskylda stofnist úr frjálsri ábyrgðartryggingu þarf að sýna fram á að tjón megi rekja til sakar, þ.e. ásetnings, mistaka eða vanrækslu vátryggingartaka. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina er ekki sýnt fram á að slík sök hafi verið til staðar hjá A eða einstökum meðlimum þess. Þannig er ekkert sýnt fram á að aðilar innan A hafi haft vitneskju um yfirvofandi snjóhrun eða að þeir hafi á einhvern hátt vanrækt að bregðast við aðstæðum.

Þá verður ekki litið framhjá því að M sem rekur matsölustað sem opinn er almenningi, ber sjálfur sem rekstraraðili og umráðamaður fasteignarinnar, ábyrgð á að gæta þess að umferð um hana skapi ekki hættu. Þá vissi M, samkvæmt eigin frásögn, af snjóhruninu þegar það hófst við húsið framanvert, en ekki verður séð að hann hafi gripið til annarra aðgerða en að vara við hættu af sökum þess svo sem að framan er rakið. Ekki verður séð að hann hafi varað aðra húsráðendur sérstaklega við eða gripið til

einhverra aðgerða til að varna hruni, eða forða bifreið sinni undan væntanlegu hruni. Verður því að líta svo á að M sé meðábyrgur vegna tjónsins, í skilningi áður nefndrar 1. gr. 2. kafla viðeigandi váttryggingarskilmála.

Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki séð að M eigi rétt á bótum úr húseigendatryggingu húsfélagsins að F, vegna tjóns á bifreið sinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu húsfélagsins F hjá V.

Reykjavík 12. mars 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 65/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við gatnamót Kársnesbrautar og Norðurvarar 19. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7. febrúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 25. febrúar 2019.

Tölvupóstur V1, dags. 27. mars 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðinni A, sem M ók frá Norðurvör inn á Kársnesbraut, og strætisvagnsins B, sem ekið var eftir Kársnesbraut. Í tjónstilkynningarskýrslu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að biðskylda sé frá Norðurvör inn á Kársnesbraut. Snjór var á götum skv. lýsingum og myndum af vettvangi.

M telur að hann hafi verið kominn töluvert inn á Kársnesbraut á bifreið A þegar strætisvagninum B hafi verið ekið aftan á bifreið A og árekstur megi rekja til þess að B hafi ekki verið ekið eftir aðstæðum.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A (M) beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hefði átt að veita B forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. og 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V1 bendir einnig á að áreksturinn hafi verið mjög stutt frá gatnamótunum þannig að ekki sé hægt að líta svo á að M hafi verið búinn að gæta þeirrar varúðar sem honum bar.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem strætisvagninum B hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður.

Álit.

Ökumanni bifreiðar A (M) bar að veita umferð um Kársnesbraut forgang þegar bifreiðinni var ekið til hægri af Norðurvör inn á Kársnesbraut, en skýrt er í gögnum málsins að biðskylda af Norðurvör inn á Kársnesbraut. Um skyldu til þess að veita forgang vegna biðskyldu eða stöðvunarskyldu er kveðið í 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. M ber þar af leiðandi sönnunarbyrði um að árekstur megi rekja til sakar ökumanns strætisvagnsins B. Með hliðsjón af því að árekstur verður rétt við margnefnd gatnamót, m.v. staðsetningu hraðahindrunar um tíu metrum frá, og öðrum gögnum málsins telst ekki sannað að ökumaður strætisvagnsins B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður eða með öðrum hætti þannig að hann beri einnig sök.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 66/2019**M og
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um hvort meiðsli hafi orðið af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.2.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 28.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi frítímaslysáttryggingu hjá V. Samkvæmt tjonstilkynningu hans til V, dags. 21. mars 2018 mun hann hinn 9. febrúar 2018 hafa verið að stíga út úr bifreið er hann rann til og sneri sig á ökkla. Hann leitaði til lækni 14. sama mánaðar og í sjúkraskrá M vegna þeirrar komu segir að hann hafi verið með verki í hægri ökkla, hann hafi misstigið nokkrum dögum áður og sé bólginn og aumur í fætinum. Röntgenmynd hafi verið tekin af ökklanum, en hann hafi ekki reynst brotinn.

TS rannsókn var gerð af ökklanum 12 mars 2018. Í greinargerð um niðurstöðu rannsóknarinnar segir m.a. svo: „...það er fragmentation á tarsal beinum með verulegu substansance tapi... Þetta útlit á beininum samrýmist vel sequele eftir endurtekna áverka á þessi bein hjá einstaklingi með peripher neuropathiu (Charots's osteoarthrophiu). NIÐURSTAÐA: Veruleg skemmd með fragmentation og substance tapi og í basis á metatarsus II til V. Útlit samrýmist sequele eftir endurtekna áverka á Lisfranc liði hjá einstaklingi sem ekki hefur eðlilegt tilfinninagarskyn í fætinum (Charots's osteoarthrophathiu).“

Einnig liggur fyrir vottorð lækni, dags. 20. ágúst 2018: „Langvarandi sykursýki. Fellur við og snýr ökkla þann 9/2 2018. Röntgen af fæti þann 14/2 sýnir ekki merki um beináverka. Vegna viðvarandi óþæginda nánari skoðun hjá bæklunarlækni og segulómun í framhaldinu sýnir skemmdir í ökklaði sem samrýmist Charcot arthropathiu. Hefur síðan verið til eftirlits og meðferðar á göngudeild fótameina á LSH. Hefur ekki mátt stíga í fótinn æ síðan.“

M hefur krafist bóta úr slysáttryggingunni hjá V vegna meiðsla sem hann kveðst búa við vegna atviksins 9. febrúar 2018. V kveður ekkert benda til samkvæmt lækni-fræilegum gögnum málsins að M hafi orðið fyrir meiðslum við umrætt atvik. Einkenni verði rakin til gamalla áverka, langvarandi ofþyngdar og sykursýki. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysáttryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar er með orðinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki ástæða til annars en að leggja lýsingu M í tjonstilkynningu hans til V til grundvallar um að hann hafi runnið til og snúið sig á hægri ökkla er hann steig út úr bifreið. Er um að ræða skyndilegan atburð eins og áskilið er í skilmálum. Þá þykir mega telja fullvíst samkvæmt gögnum málsins að hann hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum við atvikið sem geta leitt til bótaskyldu úr vátryggingunni þótt hér sé ekki tekin afstaða til þess hvort eða að hve miklu leyti eldri sjúkdómseinkenni kunni einnig að vera þáttur í þeim einkennum sem getið er í gögnum málsins. M telst því eiga rétt á bótum úr slysáttryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 67/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar smurverkstæðis (A)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vél í bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Seint á árinu 2015 kveðst M hafa farið með bifreið sína (A), árgerð 1965, í smurþjónustu sem rekin er af fyrirtækinu B. Í júlí 2016 er hann hafi verið á leið til Reykjavíkur ofan af Kjalarnesi hafi hann heyrt óeðlileg hljóð í A og stöðvað hana. Lét hann flytja A til skoðunar á verkstæði D. Þar hafi komið í ljós að mótrolía hafi verið allt í kringum síuhús og vélin olíulaus. Mun vélin hafa verið úrbrædd. Forsvarismaður D hafi komist að því að tveir þéttihringir hafi verið við olíusíu þar sem hún er fest við vélinu, en einungis einn þéttihringur hafi átt að vera þar.

Með tölvupósti 19. september 2018 til B var óskað upplýsinga um þjónustusögu A hjá B. Samkvæmt tölvupósti frá B 26. september 2018 hafði einu sinni verið komið með A í smurþjónustu hjá B en ekki var unnt að finna nákvæma dagsetningu hvenær það hafi verið, en um hafi verið að ræða frekar einfalda aðgerð eða skipt um olíu og olíusíu.

M kveðst hafa keypt þjónustu af B sem er fagaðili og af þeim sökum hvíli á honum ströng ábyrgð sem m.a. leiði til þess að sönnunareglum sé beitt tjónþola í vil. Með bréfi 1. október 2018 var krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þess tjóns sem hafði orðið á vél A. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M kveður tjón það sem varð á vél A mega rekja til vanrækslu starfsmanna B er skipt var um olíusíu í A seinni hluta árs 2015. Sönnunargögn um það sem kann að hafa valdið skemmdum í vélinni eru mjög takmörkuð. Það var fyrst í september 2018 sem M gerði reka að því að afla upplýsinga hjá B um þá smurþjónustu sem B átti að hafa veitt vegna A, auk þess sem formleg krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu B hjá V virðist fyrst hafa verið gerð með bréfinu 1. október 2018. Í ljósi þess hve langur tími leið frá því að tjónið varð uns B var tilkynnt um tjónið og bótakrafa höfð uppi gagnvart V verður á grundvelli fyrirbyggjandi gagna ekki talið nægilega sannað að tjónið verði rakið til atvika sem B ber skaðabótaábyrgð á. Af þeim sökum á M heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildgunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 68/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Tjón á bifreið á Víðinesvegi 30. nóvember 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 14.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.3.2019.

Bréf M, dags. 7.4.2019, ásamt samskiptum M við starfsmann X og myndum af vettvangi.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi ekið bifreið sinni í holu á Víðinesvegi 30. nóvember 2018 og telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni.

M vísar til þess að stýrihópur á vegum borgarinnar hafi margsinnis verið beðinn um að sjá til þess að fyllt yrði í holu og að nafngreindir einstaklingar hafi staðfest að þeir hafi látið vita af holunni. Einnig vísar M til þess að viðhaldi á veginum hafi verið ábótavant og að holan sem hann hafi ekið ofan í hafi verið látin óáreitt lengi, slys hafi orðið á veginum og þungaflutningar hafi verið á sama vegi sem hafi átt að leiða til frekari eftirlits með veginum af hálfu veghaldara. Einnig bendir M á að ekki sé um malarveg að ræða þar sem um malbiksholu hafi verið að ræða. M vísar á bug öllum skýringum starfsmanna X á því að þeim hafi ekki borist kvartanir vegna vegarins og vísar til þess að merkingar til viðvörunar hafi verið settar upp eftir tjón hans.

V bendir á að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum X hafi ekki borist tilkynning um þá holu sem M ók ofan í fyrir en 6. desember 2018 og starfsmenn hafi ekki vitað fyrirfram af skemmd í veginum. V telur að ekki sé sannað að starfsmenn X hafi sýnt athafnaleysi varðandi veghald á umræddum stað, skaðabótaábyrgð X sé því ekki fyrir hendi og þar af leiðandi ekki greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingum X hjá V.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkærni.

Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunareglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn sem styðja þá frásögn M að viðhaldi vegar hafi verið ábótavant og að starfsmenn X hafi sýnt saknæmt athafnaleysi gagnvart þeim tilkynningum sem M tilgreinir í málskoti að hafi borist til X. Í gögnum málsins koma ekki fram staðfestingar á umræddum tilkynningum og þær myndir sem M leggur fram sýna ekki með óyggjandi hætti að viðhald vegar hafi verið ófullnægjandi á þeim tíma sem tjón hans varð. Sá sem gerir skaðabótakröfu á annan ber hallann af slíkum sönnunarskorti. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 69/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er steypusíló rakst í stjórnanda steypubifreiðar við hífingu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.3.2019.

Málsatvik.

Síðari hluta dags 1. júní 2018 vann M við að dæla steypu úr steypubifreið sem hann stjórnaði í sérstakt steypusíló á nánar tilgreindum byggingarstað. Steypusílóíð var svo híft með krana á þann stað í byggingunni þar sem steypan var losuð úr því. Krananum stjórnaði A, starfsmaður B. Vildi þá svo til að steypusílóíð rakst í M þannig að hann mun hafa dottið á steypubifreiðina og orðið fyrir meiðslum. Í skýrslu lögreglu um atvikið er haft eftir M að hann hafði lokið við að fylla steypusílóíð og verið að snúa sér frá því að steypubifreiðinni. Skyndilega hafi hann fengið högg aftan á fæturna með þeim afleiðingum að hann hafi dottið á bifreiðina.

A kvaðst hafa verið að bíða eftir að M væri búinn að setja steypu í sílóíð. Þegar M hafi verið búinn að því hafi hann híft sílóíð upp og það hafi þá rekist í M sem féll við það á bifreiðina.

Í fyrirleggjandi tilkynningum til Vinnueftirlits ríkisins, Sjúkratrygginga Íslands og vátryggingafélags eiganda steypubifreiðarinnar og vinnuveitanda M er atvikum lýst í öllum meginráttum á sama veg og í lögregluskýrslu sem að ofan greinir.

M telur að slysið megi rekja til mistaka A við hífinguna og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins, þ. á m. framburði A í lögregluskýrslu, verður að telja að engum vafa sé undirorpið að A hóf að hífa sílóíð áður en M var kominn í örugga fjarlægð frá því eða öryggi M væri örugglega tryggt með öðrum hætti áður en hífingin hófst. Með þessu sýndi A sem stjórnandi kranans gáleysi sem verður að virða honum til sakar. B sem vinnuveitandi A ber því ábyrgð á líkamstjóni M. Ekki er efni til að fella meðábyrgð á M vegna slyssins. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 70/2019**M og
V vegna heimilistryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á innbúi.****Gögn.**

Málskot, dags. 07.02.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 04.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að hluti af innbúi M hafi skemmst í hitaveitutjóni á B. M sé með heimilistryggingu hjá V vegna H en með tímabundið aðsetur á B þar sem hann gegnir þar starfi. V hafnaði bótum á þeim grundvelli að heimilistryggingin gildi ekki um innbúið þar sem það væri staðsett lengur en um stundarsakir á B eins og kveðið sé á um í váttryggingarskilmálanum.

M telur innbúið hafa verið staðsett tímabundið á B þar sem hann var með tímabundinn ráðningarsamning þar. M telur ekki skilgreint nákvæmlega hvað felist í orðinu stundarsakir, þ.e. um hversu langt tímabil er að ræða. Frekar eigi að túlka orðið rúmt í þessum skilningi.

Í bréfi V kemur fram að í 1. gr. skilmála um váttrygginguna sé tiltekið að innbústryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, í eigu váttryggðra sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Í grein 3.1. komi fram að almennt innbú sem staðsett sé hérlandis utan heimilis um stundarsakir falli undir váttrygginguna og að hægt sé að kaupa sérstakar váttryggingar á þær áhættur sem greinin undanskilji. V telur að innbú M hafi ekki verið staðsett utan heimilis um stundarsakir þar sem hann hafi búið og starfað í S og verið þar með skráð lögheimili. M hafi að mati félagsins verið með tvö heimili og hefði átt að kaupa auka innbústryggingu vegna innbús sem var á B.

Álit.

Í skilmálum heimilistryggingar M sem tekin var fyrir húseignina H kemur fram að váttryggingin ná til innbús á því heimili sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Í skilmálunum kemur einnig fram að váttryggingin taki til innbús sem staðsett er um stundarsakir utan þess heimilis. Innbú það sem um ræðir í málinu var á heimili M á B þar sem hann bjó vegna starfa síns samkvæmt tímabundnum ráðningarsamningi. Samkvæmt gögnum málsins var M með lögheimili að B. M var því til heimilis að B þrátt fyrir að það væri tímabundið og var hann þar af leiðandi með tvö heimili um tíma. Samkvæmt íslenskri orðabók felur orðið stundarsakir í sér að vera til bráðabirgða eða um skamma hríð. Það á ekki við í tilfalli M vegna búsetu hans í S og hann á því ekki rétt á bótum vegna tjóns á innbúi sem var á B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu fyrir H hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 72/2019**M og
V vegna fasteignatryggingar húsfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.02.2019, ásamt átta fylgigögnum, þ.á.m. myndböndum.

Bréf V, dags. 04.03.2019, ásamt fylgiskjölum 1-4.

Athugasemdir við bréf V, dags. 20.03.19.

Málsatvik.

Hinn 01.11.2018 barst V tilkynning um að grunur væri um leka innan veggja baðherbergis í íbúð á 6. hæð hússins að A, í íbúð 6E, út frá vatnslás undir baði í íbúð 7E. Skoðunarmaður á vegum V mat aðstæður í baðherbergjum íbúða 6E, 7E og 8E í kjölfar tilkynningarinnar, en niðurstaða hans var sú að tjónið mætti rekja til þess að frágangi votrýma íbúðanna á 7. og 8. hæð væri mjög ábótavant. Þá framkvæmdi skoðunarmaður lekaleit að beiðni V. Í skýrslu skoðunarmanns kemur fram að smit hafi verið á koparvatnslás undir baðkari í íbúð 8E, en engar vísbendingar hafi verið um að vatn hafi flætt frá 8. hæð og niður á 7. og 6. hæð. Síðar hafi eigandi íbúðar 8E verið við framkvæmdir og þá rekið sig í vatnslásinn og það valdið meiri leka. Jafnframt hafi frágangi við baðkar á 7. hæð verið mjög ábótavant, þannig hafi vatn komist inn með gati á vegg og með kíttri við baðbrún og hafi vatn lekið þaðan og niður á 6. hæð. Taldi skoðunarmaðurinn því ekki um lagnaleka að ræða heldur að tjónið stafaði af slægum frágangi.

Á grundvelli þessa hafnaði V greiðsluskyldu úr fasteignatryggingu, enda væri ekki um að ræða skyndilegan leka úr vatnsleiðslum eða frárennislögnum hússins heldur læki meðfram sturtu vegna ófullnægjandi frágangs. Því yrði tjónið ekki rakið til atvika sem féllu undir gildissvið umræddrar vátryggingar.

M, sem er eigandi íbúðar 7E, telur að ekki sé tekið tillit til þess að vatnslás undir baði í íbúð 8E hafi lekið í töluverðan tíma og rakaskemmdir á baðherbergi hennar samsvari þeim leka. Þannig sé t.d. málning á lofti baðherbergis hennar bólgin sem bendi til leka frá hæðinni að ofan. Máli sínu til stuðnings leggur M fram ljósmyndir og myndbönd.

Faðir eiganda íbúðar 6E, þ.e. eins tjónþola, mótmælir því sérstaklega í viðbótarathugasemdum að eigandi íbúðar 8E hafi rekið sig í vatnslásinn við að gera eða stækka gat á tréplötu, enda séu ca. 35 sm. frá plötu í vatnslás og því ekki mögulegt að rekast í hann með stingsög sem sé með 4-5 sm. blaði.

Álit.

Í skilmálum fasteignatryggingar hjá V, nr. 201, er í 1. gr. kveðið á um gildissvið vatnstjónstryggingar. Þar kemur m.a. fram í a-lið 1. mgr. 1. gr. að vátryggingin bæti skemmdir sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum. Þá kemur fram síðar í sömu grein að tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka bætist ekki.

Af þeim ljósmyndum sem hafa verið lagðar fyrir nefndina er augljóst að frágangur á baðherbergjum í íbúðum 8E og 7E er alls ekki fullnægjandi. Í baðherbergi íbúðar 7E virðist kíttri farið að losna frá baðkarsbrún, auk þess sem gat er á veggplötu við blöndunartæki. Af myndum af baðherbergi íbúðar 8E má svo ráða að glufa hafi myndast milli baðkars og veggjar þar sem kíttri hefur losnað frá. Verður að telja mjög líklegt að rakann innan veggja baðherbergisins á 6. hæð megi rekja til þessara atriða. Jafnvel þó mögulegt sé að rakann sé að einhverju leyti að rekja til smits, eða leka, út frá vatnslás, verður ekki litið framhjá því að slíkur leki hafi þá verið langvarandi og bætist því ekki úr umræddri vátryggingu. Þá hefur þeirri staðhæfingu ekki verið hnekkt að þegar skoðun vegna umrædds raka fór fyrst fram hafi einungis lítill leki eða smit verið við vatnslásinn, og því ólíklegt að raka á neðri hæðum megi rekja til þess.

M hefur lagt myndbönd og ljósmyndir fyrir nefndina máli sínu til stuðnings, en af þeim verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að rakann megi rekja til annarra atriða en slælegs frágangs, og enn síður að hann megi rekja til óvænts og skyndilegs leka svo sem er áskilið. Hefur því ekki verið sýnt fram á að bótaskylda úr umræddri fasteignatryggingu sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr fasteignatryggingu húsfélagsins A hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 73/2019**M og
V v/ slysatryggingu launþega X****Ágreiningur um „slyshugtak“ váttryggingarskilmála vegna atviks 6. febrúar 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18. febrúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11. mars 2019, ásamt tölvupósti frá X, dags. 8. janúar 2018.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi hlotið líkamstjón þegar hann var á leið niður af tengivagni á deiglubíl. M kveðst hafa ætlað að stíga á neðra þrep vagnsins en ekki hitt á það þar sem þrepið hafi verið innkylt og M hafi því þess í stað lent harkalega á jörðinni með þeim afleiðingum að hann hafi fengið slynk á bakið. M kveðst hafa leitað til læknis daginn eftir og hafi síðar verið greindur með brjós-klos.

M telur að líkamstjón hans megi rekja til slyss í skilningi váttryggingarskilmála og vísar til þess sem kemur fram í læknisvottorði dags. 6. febrúar 2018 um að hann hafi fallið við eftir að hafa ætlað að stíga á þrep sem ekki var til staðar og þannig hlotið slink á lendhrygg. M telur að það sem komi fram í læknisvottorðinu sýni samskipti M og læknisins daginn eftir atvikid ári áður og feli því í sér sönnun um það. Einnig telur M að verkstjóri X hafi ruglað saman tveimur atvikum í skýringum sínum sem og að hann hafi ekki áður fengið brjós-klos þannig að hann eigi nú við að stríða afleiðingar þessa atviks 6. febrúar 2017.

V telur ósannað að M hafi hlotið líkamstjón 6. febrúar 2017 vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar, eins og áskilið er í váttryggingarskilmálum slysatryggingar launþega. V vísar til þess að ekki sé skráð slys á þessum tíma í atvikaskrá X en M hafi talað um bakverki í febrúar 2017 án sérstakrar tilvísunar til þess sérstaks atviks. V mótmælir því að lýsing atvika í læknisvottorði frá 6. febrúar 2018 sé hægt að leggja til grundvallar sem sönnun atvika þar sem í sjúkraskrá M komi fram færsla frá sama læknis þar sem eingöngu sé skráð að M hafi fengið slink á bak og gömul bakveikindi hafi tekið sig upp.

Álit.

Í váttryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í váttryggingarskilmálum váttryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 2. gr. skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hann hafi verið að stíga niður og fengið við það slink á bak. Verður, við þær aðstæður, ekki annað séð en að líkamstjón M hafi orðið vegna innra ástands í líkama hans en ekki vegna utankomandi atburðar við fall, þar sem áhrif á líkama urðu án þess að fall kæmi til, heldur þannig að M steig niður. Atvikid fellur því ekki undir hugtakið slys í skilningi váttryggingarskilmálanna og telst því ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 74/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A
og ábyrgðartryggingar dælubifreiðarinnar B****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna líkamstjóns sé til staðar.****Gögn.**

Málskot dags. 20.02.2019 ásamt fylgiskjölum 1-14.

Bréf V dags. 18.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Viðbótarathugasemdir M dags 27.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 22. ágúst 2017 var M, sem er smiður, við vinnu sína sem undirverktaki á vinnusvæði við G. Við affermingu á steypu úr dælubifreiðinni B, sem var í eigu A, varð M fyrir meiðslum á öxl og mjöðm. Atvikið varð með þeim hætti að M hélt undir barka á steypudælu með hægri öxl sinni, þegar hnykkur kom á barkann sem lagðist með miklum þunga á öxl M.

Að sögn M má rekja atvikið til þess að stoðfætur B hafi gefið sig, en ökumaður hennar, sem var starfsmaður A, hafi látið allan þunga hennar hvíla á stoðfótunum, þannig að hjólbarðarnir hafi lyfst um 20 sm. frá jörðu. Eftir atvikið hafi ökumaður B metið það svo að aðstæður til steypuvinnu væru ótryggar og var henni hætt. Að sögn M reyndi lögmaður hans að hafa samband við A, en þegar það reyndist árangurslaust var atvikið tilkynnt til V sem hafnaði bótaskyldu úr báðum vátryggingum með bréfi dags. 13. júní 2018.

Hvað varðar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu A þá telur M að um sök ökumannsins, starfsmanns A, hafi verið að ræða, þar eð hann hefði átt að ganga úr skugga um að aðstæður, þ.m.t. ástand jarðvegar, væru tryggar til dælingar steypu. Jafnframt hefði hann sýnt af sér gáleysi við framkvæmd dælingarinnar, sem hafi orðið til þess að jarðvegur hafi gefið sig undan bifreiðinni og það valdið líkamstjóni M. Leggur M fram yfirlýsingar aðila á vettvangi máli sínu til stuðnings en í þeim kemur m.a. fram að enga sprungu hafi verið að finna í jarðveginum þar sem fætur dælubifreiðarinnar höfðu staðið.

Hvað varðar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B telur M að rekja megi slysið beint til notkunar dælubifreiðarinnar og því beri eigandi hennar ábyrgð í samræmi við 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V hefur hafnað bótaskyldu, og telur félagið ekkert í gögnum málsins sýna fram á saknæma háttsemi af hálfu stjórnanda dælubifreiðarinnar, enda hafi komið í ljós að sprunga hafi verið í undir planinu þar sem dælubifreiðin stóð, en enginn hafi gert sér grein fyrir því fyrirfram. Hins vegar hafi bifreiðinni verið rétt stillt upp og í samræmi við aðstæður. Planið sem hafi verið athafnasvæði bifreiðarinnar hafi þó ekki náð nógu langt, en þar sem M hafi verið áfjáður í að ljúka verkinu og komast hjá frekari jarðvegsframkvæmdum hafi hann teygst barkann með þessum hætti. Þá hafi M sjálfur verið verkstjóri á svæðinu og hafi hann fullyrt við starfsmann A að planið sem dælubifreiðin stóð á væri öruggt og hafi starfsmenn A því framkvæmt verk sitt í góðri trú. Enn fremur hafi starfsmenn A ítrekað varað M við að halda undir barkann með þessum hætti.

Hvað varði kröfu úr ábyrgðartryggingu B verði litið svo á að B hafi aðeins verið sjálfstæð vinnuvél á vinnusvæðinu, og atvikið ekki tengt notkun hennar sem bifreiðar umrætt sinn. Þá gerir V athugasemdir við að A hafi ekki fengið upplýsingar um atvikið fyrr en með tilkynningu félagsins. Raunar hafi komið í ljós tölvupóstur sem M hafi sent í janúar en hann hafi borist á lítt notað netfang og A því ekki haft vitneskju um slysið fyrr en um hálfu ári eftir að það átti sér stað.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Ágreiningslaust er í málinu að umrætt atvik var ekki tilkynnt til A á slysdegi, og ekki fyrr en með tölvupósti lögmanns M, dags. 5. janúar 2018. Þá verður ekki séð að Vinnueftirlitinu hafi verið tilkynnt um atvikið. Þá verður ekki séð að M hafi leitað lækniástoðar vegna afleiðinga þess fyrr en hinn 18. október 2017, eða um tveimur mánuðum síðar, sbr. læknisvottorð dags. 14. desember 2017. Þá ber aðilum ekki saman um hvort sprunga hafi verið umræddu plani eður ei, og hafa báðir aðilar lagt fram vottorð er styðja staðhæfingar hvers þeirra um sig. Þá hefur því ekki verið sérstaklega mótmælt af hálfu M að hann hafi haft verkstjórn með höndum umrætt sinn. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns A, enda er ekki ljóst hvort atvikið megi rekja til þess að stoðfætur bifreiðarinnar hafi gefið sig, og enn síður er ljóst hvað olli því að þeir gáfu sig. Þannig kemur fram í yfirlýsingu frá starfsmanni sem var á vettvangi að hann telji ástæðu þess að M varð fyrir svo miklu höggi þegar steypan var um það bil að koma úr barkanum m.a. þá að steypu var dælt í gegnum þurran barka. Þá verður ekki litið framhjá því að starfsmenn A vöruðu M að sögn við því að halda undir barkann með þessum hætti og teygja hann út fyrir notkunargildi sitt, en þeirri staðhæfingu hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af hálfu M. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina hefur því ekki verið sýnt fram á að atvikið megi rekja til notkunar dælubifreiðarinnar eða atvika sem hana varða fremur en gáleysis M sjálfs, en í tilvikum sem þessu er það tjónþola að sýna fram á að saknæm háttsemi hafi verið til staðar.

Þar sem ekki er, samkvæmt framansögðu, nægilega sýnt fram á að tjón M megi rekja til atvika er varða bifreiðina B, er því óþarfi að taka sérstaklega til skoðunar hvort hún hafi verið í notkun sem bifreið í skilningi umferðarlega eða sem sjálfstæð vinnuvél umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frjálsri ábyrgðartryggingu A né úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B, hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 75/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega X****Hugtakið „slys“ vegna líkamstjóns við vinnu þann 19.4.2017.****Gögn.**

Málskot móttakið 4. febrúar 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.

Bréf V, dags. 4. mars 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 15-22.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við störf sín í hjá X þann 19.4.2017. Lýsir málskotsaðili atvikum með þeim hætti að þegar hann hafi gengið í gegn um handstýrða skothurð sem skilur að lager- og verslunarrými hafi skynjari sem skynjar fyrirstöðu ekki virkað sem skyldi. Hurðin hafi því farið hratt niður þegar M stóð undir henni. Við það hafi honum brugðið og þurft að henda sér frá með þeim afleiðingum að hann fékk slæman hnykk. Í læknisfræðilegum gögnum sem fylgja með málskoti M kemur fram í kjölfar atviksins hafi hann glímt við eymsli í hálsi og baki.

M vísar til dómaframkvæmdar um túlkun hugtaksins *slys* og að almennt sé viðurkennt að með *utanaðkomandi atburði* sé átt við að eitthvað verði að hafa gerst utan við líkama váttryggðs sem valdi slysi og að orsök slyssins sé atvik sem eigi uppruna sinn til hluta, atvika, áhrifa, ákomu eða atburða sem standi utan við líka váttryggðs sjálfs. Líkaminn þurfi þannig að hafa orðið fyrir áhrifum frá hlutum eða áhrifum utan við hann en í því felist hins vegar ekki að atvikið sé óháð líkama hins váttryggða. Nægilegt sé að líkami hans sé það eina sem hafi verið á hreyfingu í atburðarrásinni.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að meiðsli M verði ekki rakin til slyss eins og það er skilgreint í váttryggingaskilmála félagsins, heldur sé um að ræða álagsmeiðsli sem rakin verða til snöggra hreyfinga M. Vísar V í þessu til stuðnings til Hrd. 37/2005, þar sem dómurinn taldi meiðsli sjómanns sem fékk hnykk á bakið þegar hann lyfti þungri keðju ekki rakin til ákomu eða utanaðkomandi áhrifa.

Álit.

Í grein 1.4 í váttryggingaskilmálum slysatryggingar launþega hjá V er slyshugtakið skilgreint svo: „Með orðinu *“slys“* er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.“ Miðað við atvikalýsingar af því sem gerðist þann 19.4.2017, þá verður ekki sé að um sé að ræða meiðsli á líkama sem komu til vegna utanaðkomandi atburðar. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 76/2019**M og
V vegna slysaftryggingar launþega hjá A****Tilkynning vaftryggingafélags um takmörkun ábyrgðar vegna stórkostlegs gáleysis vaftryggðs samkvæmt 94. gr. laga um vaftryggingarsamninga nr. 30/2004****Gögn.**

Málskot, dags. 19.02.2019, ásamt fylgiskjölum 1-9.
Tölvupóstur V, dags. 20. mars 2019.

Málsatvik.

Hinn 12. janúar 2017 varð M fyrir slysi við störf sín hjá A. Taldi M að A bæri skaðabótaábyrgð á slysinu, en um þann þátt og atvik máls, er fjallað í máli 318/2017 fyrir úrskurðarnefnd í vaftryggingamálum. V féllst á bótarétt M úr slysaftryggingu launþega vegna atviksins, en taldi að takmarka ætti ábyrgð félagsins að 1/3 hluta á grundvelli þess að M hafi sjálfur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

M mótmælir því í fyrsta lagi að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Í öðru lagi telur M að V hafi ekki virt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga um vaftryggingarsamninga nr. 30/2004 og hafi því glatað rétti til að bera fyrir sig atvik er gætu leitt til skerðingar bótaréttar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þannig hafi V ekki tilkynnt um þá afstöðu sína að bótaréttur M skyldi skertur á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga um vaftryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæða í viðeigandi vaftryggingarskilmálum fyrir en a.m.k. rúmum 13 mánuðum eftir að vaftryggingafélagið fékk þau gögn sem afstaða þess byggir á.

Í tölvupósti V dags. 20. mars sl. til nefndarinnar kemur fram að félagið muni ekki senda athugasemdir vegna málsins, enda sé fallist á að V hafi borið að tilkynna M um mögulega takmörkun ábyrgðar vegna slysaftryggingar launþega fyrir en raun varð á.

Álit.

Í 1. mgr. 94. gr. laga um vaftryggingarsamninga kemur fram að vaftryggingafélag verði án ástæðulauss dráttar að tilkynna vaftryggðum um það ef félagið ætlar að takmarka ábyrgð sína skv. tilteknum köflum laganna sjálfra. Ef vaftryggingafélag sinnir því ekki þá missir það, skv. 2. mgr. 94. gr. laganna, rétt til að bera fyrir sig slíka ábyrgðartakmörkun.

V hefur með skýrum hætti lýst því yfir við nefndina að það hafi ekki tilkynnt M um takmörkun ábyrgðar án ástæðulauss dráttar, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um vaftryggingarsamninga. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki litið svo á að V hafi heimild til takmörkunar ábyrgðar félagsins og á M því rétt á óskertum bótum úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan bótarétt úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 77/2019**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um upphafstíma vátryggingarsamnings vegna tjóns 11.12.2018.****Gögn.**

Málskot, móttækið 19. febrúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13. mars 2019, ásamt beiðni frá fjármögnunarfyrirtækinu L til V skv. tölvupósti og viðhengi dags. 22. febrúar 2018 og tölvupósti V til M dags. 22. febrúar 2018 og útprentuðum athugasemdum úr tölvukerfi V vegna samskipta M og V.

Málsatvik.

M keypti bifreiðina A með kaupsamningi og afsali dags. 21. febrúar 2018 í gegnum fjármögnunarsamning við fjármálafyrirtækið L, sem setti það skilyrði bifreiðin sé kaskótryggð. Í ögnum málsins kemur að fjármögnunarfyrirtækið L sendi beiðni um slíka vátryggingu, ásamt lögboðnum ökutækjatrýggingum vegna bifreiðarinnar, til V með tölvupósti 22. febrúar 2018. V svaraði beiðninni með því að upplýsa fjármögnunarfyrirtækið um að það hafi gefið út ábyrgðartryggingu vegna bifreiðarinnar og sent út „kaskóbref“. Það bréf virðist vera tölvupóstur til M þar sem félagið tilkynnir M um að félagið „... bendum þér á að ekki er hægt að kaskótryggja ökutækið nema að það hafi verið fært til skoðunar hjá félaginu.“ Hinn 11. desember 2018 varð síðan tjón á bifreiðinni NX B 47 og fékk M þær upplýsingar þegar tjónið var tilkynnt að ekki væri í gildi kaskótrygging vegna bifreiðarinnar.

M bendir á að hann hafi komið með bifreiðina til skoðunar 2-3 dögum eftir að hún var keypt og engar athugasemdir hafi verið gerðar við þá skoðun, né að hann hafi þurft að undirrita skjöl til staðfestingar. Hann hafi því verið í góðri trú um að kaskótrygging hafi verið gefin út í samræmi við beiðni L. M telur að það séu mistök af hálfu V að hafa ekki gefið út kaskótrygginguna og verði félagið að bera hallann af þeim mistökum.

V hefur hafnað því að skilyrði til útgáfu kaskótryggingar hafi verið fyrir hendi. Félagið hafi þá verklagsreglu að bregðast við beiðni um kaskótryggingu þannig að óska eftir skoðun bifreiða áður en slík vátrygging er gefin út, þó að því undanskildu að löggiltur bifreiðasali sendi slíka beiðni, en þá er gert ráð fyrir því að sá sjái um slíka skoðun og staðfesti að bifreiðin sé hæf til að hún sé kaskótryggð. Ekki liggi slík beiðni fyrir í máli M og ekkert í tölvukerfi félagsins bendi til þess að M sjálfur eða einhver á hans vegum hafi komið með bifreiðina til skoðunar. Því hafi kaskótrygging ekki verið gefin út í febrúar 2018 og þar af leiðandi ekki verið sent út vátryggingarskírteini til staðfestingar eða iðgjöld innheimt. Verði V ekki kennt um að bifreiðasali hafi ekki staðfest skoðun bifreiðarinnar og ekki hægt að líta svo á að kaskótrygging hafi átt að vera í gildi 11. desember 2018 þegar bifreið M hafi orðið fyrir tjóni.

Álit.

Í 1. mgr. 13. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að ef ekki er annað ákveðið í lögum eða samningi þá hefjist ábyrgð vátryggingafélags þegar það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins. Í gögnum málsins sýna skráð samskipti milli fjármögnunarfyrirtækisins L, M og V vegna beiðni um kaskótryggingu bifreiðarinnar A hinn 22. febrúar 2018, að beiðni um slíka vátryggingu kom fram 22. febrúar 2018. Í bréfi V til M kemur fram að tilboð í slíka vátryggingu og útgáfa vátryggingarskírteinis sé háð skoðun á starfsstöð V.

Þrátt fyrir ummæli í málskoti M til nefndarinnar um að slík skoðun hafi farið fram eru engin gögn í málinu sem staðfesta að hún hafi átt sér stað. M vísar ekki með nákvæmum hætti hvar hún átti sér stað, hvenær eða frekari lýsingar á þeim sem hann hefur þá hitt. Engar skráðar upplýsingar eru í tölvukerfi V um að starfsmaður félagsins hafi framkvæmt slíka skoðun. Þar verður að líta svo á um sé

að ræða orð gegn orði um atvik. Verður M að bera hallann af sönnunarskortum um að skoðun hafi farið fram á bifreiðinni.

Hvað varðar þá verklagsreglu V um að gefa út kaskótryggingar að fenginni beiðni bifreiðasala um slíka vátryggingu verður heldur ekki séð að slík beiðni hafi borist félaginu. Að því sögðu verður heldur ekki lagt til grundvallar að útgáfa kaskótryggingarinnar hafi átt að eiga sér stað fyrir tjónsatburðinn 11. desember 2018 á þeim grundvelli.

Af þessu leiðir að ekki hafi verið í gildi kaskótrygging fyrir eiganda bifreiðarinnar A þegar bifreiðin varð fyrir tjóni 11. desember 2018.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr.78/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á gatnamótum Vogabrautar og Stillholts,
Akranesi, hinn 6. desember 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 23.01.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V1 dags. 11.03.2019.

Bréf V2 dags. 23.03.2019.

Málsatvik.

Hinn 6. desember 2018 varð árekstur milli ökutækja A og B. Lögregla var kölluð til og samkvæmt lögregluskýrslu voru atvik, að sögn ökumanns bifreiðar B, þau að hann hafi ekið austur Stillholt og verið að taka vinstri beygju inn á Vogabraut til norðurs þegar bifreið A hafi verið ekið suður Vogabraut og inn á Stillholt með þeim afleiðingum að bifreiðarnar rákust saman. Samkvæmt M, ökumanni bifreiðar A, hafi hún, vegna skerts útsýnis, látið bifreið sína renna framhjá biðskyldumerki og inn á Stillholt, svo hægt væri að huga að umferð, þegar bifreið B hafi verið ekið inn á Vogabraut. Ökumaður bifreiðar B hefði „skorið“ beygjuna sem hafi orðið til þess að bifreiðarnar lentu saman. Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður bifreiðar A, M, bæri einn ábyrgð á árekstrinum.

M er ósátt við þá niðurstöðu og tekur fram að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð þegar bifreið B, sem hafi verið ekið mjög hratt niður Stillholt, hafi rekist á hana. Máli sínu til stuðnings leggur M m.a. fram tölvugerðar afstöðumyndir sem hún telur sýna fram á að ökumaður bifreiðar B hafi skorið beygjuna með þeim hætti að rétt sé að leggja sök á árekstrinum á hann.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1, sem er váttryggjandi bifreiðar A, fram að félagið muni ekki skila athugasemdum í málinu. V2, sem er váttryggjandi bifreiðar B, lýsir hins vegar þeirri afstöðu sinni að M beri alla sök á árekstrinum, enda hafi henni borið að veita umferð eftir Stillholti forgang samkvæmt biðskyldu. Þá hafi ekkert komið fram er sýni fram á að ökumaður bifreiðar B beri sök á árekstrinum.

Álit:

Samkvæmt 1 mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal ökumaður sýna sérstaka aðgát við vegamót og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal hann veita umferð ökutækja úr báðum áttum forgang ef slík skylda er gefin til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Byggja verður á því að M hafi með aksturslagi sínu umrætt sinn ekki sýnt nægilega aðgæslu hvað þetta varðar. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, svo og upplýsingum um staðsetningu skemmda á bifreiðunum, þykir þó jafnframt nægilega sýnt fram á að ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga beygju umrætt sinn og því ekki gætt að nægilega að ákvæðum 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Þykir því jafnframt rétt að hann beri nokkra sök.

Niðurstaða.

M ökumaður bifreiðar A ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 30. apríl 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 79/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar heimilistryggingar A hjá V1 og
V2 vegna vátrygginga M hjá V2****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.02.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 11.03.2019 ásamt ljósmyndum.

Bréf V2 dags. 14.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M að akstri um Garðatorg hinn 29. september 2018, þegar vindhviða feykti plaststól þannig að hann lenti með töluverðum þunga á bifreið hans, með þeim afleiðingum að framrúða bifreiðarinnar brotnaði og dæld kom á vélarhlíf.

M telur að umræddur plaststóll hafi komið af svölum íbúðar 201, þar sem A býr. Þessu til stuðnings hefur M lagt fyrir nefndina ljósmyndir er sýna hvítan plaststól á svölum viðkomandi íbúðar, auk þess sem M vísar til þess að fjölmörg vitni hafi staðfest sögu hans um að stóllinn hefði verið á þessum tilteknu svölum þar til atvikið átti sér stað. M telur sig því hafa sýnt fram á það með framlagningu gagna að umræddur stóll hafi verið í eigu A, og fokið af svölum hans þennan dag. Hefur M því gert kröfu um greiðslu úr ábyrgðarlið heimilistryggingar A hjá V1, enda eigi A sök á tjóninu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að svo bótaskylda stofnist þurfi að sýna fram á að tjón megi rekja til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka. Það hafi ekki verið gert. Þannig séu vindhviður sem geri það að verkum að garðhúsgögn fjúki algengar og ekki hægt að leggja þær kröfur á alla þá sem eiga svalir að tjóðra niður húsgögn ef von er á vondu veðri. Þess utan hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á veður eða vindhraða umræddan dag. Að auki hafi ekki tekist, gegn neitun A, að sýna fram á að umræddur stóll hafi komið af svölum íbúðar hans. A eigi vissulega stól af þessu tagi, sem sé endrum og eins staðsettur á svölum íbúðarinnar, en sé þó yfirleitt í herbergi sonar A. Meðfylgjandi bréfi V1 eru myndir af hvítum plaststól í barnaherbergi. Ekki geti því verið að um sama stól sé að ræða. Enn fremur tekur V1 fram að um sé að ræða IKEA-stól sem væntanlega seljist í hundruðum eintaka á ári, og því sé ekki hægt að slá því föstu að stóllinn sem f auk á bifreið M hafi verið í eigu A. V1 hafnar því bótaskyldu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V2 fram að umrætt atvik hafi átt sér stað hinn 6. október 2018 en mikill vindur hafi verið þann dag og í einni vindhviðunni hafi stóllinn fokið af svölum umræddrar íbúðar á bifreið M. Við rannsókn M á því hvaðan stóllinn hefði fokið hafi hann rekist á mynd sem tekin var hinn 27. júní 2018 og sýndi stóllinn á svölum íbúðar 201. Jafnframt hafi M fundið ljósmynd sem sýndi stóllinn á svölunum á heimasíðu tiltekinnar fasteignasölu. Að endingu hefði M fundið ljósmynd á samfélagsmiðlum sem sýni að stóllinn var á svölunum hinn 11. september 2018. V2 telur því fullsannað að stóllinn sem f auk á bifreið M hafi verið í eigu A. Hvað varði saknæma háttsemi A ítrekar V2 það að mikill vindur hafi verið þennan dag og vindhviður nægilega sterkar til að feykja stólnum af svölunum. Það að skilja plaststól eftir utandyra að hausti án þess að ganga tryggilega frá honum til að varna foki hljóti að vera metið A til gáleysis, enda hafi honum mátt vera ljóst að slík háttsemi gæti leitt til tjóns. Því er það afstaða V2 að M eigi rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1. Meðfylgjandi athugasemdum V2 er afrit af skýrslu Aðstoðar og öryggis, sem hefur m.a. að geyma ljósmyndir af ákomunni á bifreið M og hvíta plaststólnum sem hafnaði á framrúðu hennar.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur í fyrsta lagi að því hvort umræddur plaststóll hafi verið í eigu A, og í öðru lagi að því hvort A, ef talið verður að hann sé eigandi stólsins, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi leitt til tjónsins.

Með hliðsjón af því að í skýrslu Aðstoðar og öryggis er að finna ljósmyndir af stólnum sem hafnaði á framhluta bifreiðarinnar verður að líta svo á að nægilega sé sýnt fram á hvers kyns stóll olli tjóninu. Með hliðsjón af ljósmyndum af sams konar stól á svölum íbúðar 201, sem M hefur lagt fyrir nefndina, verður jafnframt að telja nægilega sýnt fram á að umræddur stóll hafi verið í eigu A, enda er nýjasta ljósmyndin tekin aðeins nokkrum vikum fyrir dagsetningu atviksins sem um ræðir. Þrátt fyrir neitun A verður því að líta svo á að nægilega sé sýnt fram á að umræddur stóll hafi fokið af svölum íbúðar hans og hafnað á bifreið M. Breyta ódagsettar myndir af sama, eða sams konar stól, innan íbúðar A, engu í því sambandi.

Þá verður að telja að það hafi falist gáleysi af hálfu A í því að geyma léttan plaststól úti á svölum án þess að gera ráðstafanir til að varna foki, en ljóst er að vindhviður voru töluverðar umræddan dag og ollu foki stólsins af umræddum svölum.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða nefndarinnar sú að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M og að M eigi rétt á bótum úr heimilistryggingu A vegna atviksins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu heimilistryggingar A hjá V1.

Reykjavík 9. apríl 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 80/2019**M og
V v/fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.2.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.3.2018 (sic), ásamt fylgiskjölum
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18.3.2019

Málsatvik.

M keyptu fasteignina A með kaupsamningi, dags. 18. desember 2017. Eftir kaupin kom í ljós rakamyndun í gólfi og aðliggjandi veggjum á baðherbergi auk þess sem raki var farinn að dreifa sér um neðri hæð hússins, sbr. ástandsskoðun sem Frumherji framkvæmdi. M gerðu kröfu í fasteignatryggingu sem seljendur voru með hjá V, þar sem þau töldu að lekinn hefði verið til kominn fyrir afhendingu eignarinnar. V hafnaði bótakröfunni, m.a. á þeim forsendum að ósannað væri að atburðurinn hefði gerst innan 14 daga frá afhendingu. Í kjölfarið var fóru M fram á dómkvaðningu matsmanns til að meta umfang og orsakir rakaskemmda, auk þess sem óskað var mats á því hvenær líklegt er að orsök skemmdanna hafi verið til komin. Niðurstaða matsmanns var að rakamyndunin hafi verið til komin talsvert áður en kaupsamningur fram þann 18. desember 2017. Bótakrafa var ítrekuð gagnvart V í kjölfarið en V hafnaði kröfunni að nýju. Helstu forsendur fyrir höfnuninni voru að M gæti ekki átt aðild að kröfunni sem kaupendur eignarinnar, tryggingin bætti ekki tjón vegna langvarandi leka eða tjón vegna myglu og sveppagróðurs og að bótaréttur hefði fallið niður fyrir vanrækslu fasteignareiganda á að sinna eðlilegu viðhaldi. Þá taldi V að forsendur matsmanns um það hvenær lekinn átti sér stað hæpnar og hafnaði niðurstöðu hans hvað það varðar.

M telja að V hafi ekkert gert til að leiða fram sönnun sem hnekkkt gæti niðurstöðu matsmanns um líklegt upphaf lekans og V beri sönnunarbyrði fyrir slíkri fullyrðingu. M telja jafnframt að lekinn hafi verið skyndilegur og óvæntur úr lögnum og það sé orsök tjónsins og bótaskyldt samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. M hafnar því jafnframt að vanrækslu sé um að kenna þar sem ekki liggi annað fyrir en að húseignendur hafi talið ástand lagna vera í góðu ásigkomulagi og V beri sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi ekki verið. Þá var leyst úr aðildarhluta málsins með framsali bótakröfunnar frá seljendum, S, til kaupenda og er því ekki nauðsyn að fjalla frekar um þann þátt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að þann 30.7.2017 hafi fyrri eigendur tilkynnt um vatnstjón vegna leka úr lögnum í gólfi baðherbergis í fasteigninni. Kom þá í ljós að lögnum sem staðsett var í gólfi nærri hurð var farin að leka. V kallaði þá til verktaka sem önnuðust viðgerð og var pípari fenginn til að brjóta upp að lögninni til að komast fyrir lekann. Samkvæmt honum hafi lögnin verið mjög illa farin og ekki hafi verið unnt að gera við lögnina með hefðbundnum hætti, þ.e. með því að setja bót á rörið. Því hafi verið nauðsynlegt að skipta um hluta lagnarinnar til að koma í veg fyrir lekann. Félaginu hafi svo þann 1. febrúar 2018 borist tölvupóstur frá fyrri eigendum þess efnis að í ljós hafi komið sprunga á hitaveitulögnum í gólfi í baðherberi og að M hefði krafist fyrri eigendur um bætur. Af gögnum málsins megi sjá að um er að ræða leka á sömu lögnum og gert var við fyrr um sumarið 2017. V telur að ósannað sé að tjónið hafi orðið á gildistíma vátryggingar fyrri eigenda. Í umfjöllun matsmanns við þeirri matsspurningu sem fjallaði um líklegt upphaf lekans komi réttilega fram að mjög erfitt sé að meta hvenær raki/leki hafi komið fram eftir viðgerðina sumarið 2017. Í matsgerðinni komi fram að nokkurn tíma getið tekið fyrir vatn að koma úr pípum og upp á yfirborð. Fyrir liggi að matsmaður hafi ekki brotið niður að lögninni í skoðun sinni. Matsmaður hafi því ekki framkvæmt neina sjálfstæða rannsókn á lögnunum, ástandi þeirra, umfangi lekans eða þéttleika þeirra efna sem umlykur þær. Það liggi því ekki fyrir hvar lagnirnar láku eða hversu mikið. Niðurstaða matsmanns sé því í besta falli ágiskun, sem virðist einungis byggð á tilfinningum matsmanns. Matsgerðin sanni því ekki hvenær upphaf lekans hafi átt sér stað. Þá telur V að verði fallist á það að lekinn hafi byrjað talsvert fyrir 18.12.2017 þá sé ljóst að um langvarandi leka hafi verið að ræða, sem sé undanskilinn í

skilmálum tryggingarinnar. V hafna tjóninu einnig á þeirri forsendu að um vanrækslu fasteignareiganda hafi verið að ræða. Er þar vísað til lekans um sumarið 2017 og aðkomuskýrslu píparans, dags. 17.8.2018, þar sem hafðar eru uppi efasemdir um að viðgerð muni halda. Þrátt fyrir þá vitneskju hafi fasteignareigendur látið undir höfuð leggjast að endurnýja lagnirnar.

Álit.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns þar sem fram kemur að matsmaður telji að rakamyndun hafi byrjað talsvert fyrir 18.12.2017. Þeirri matsgerð hefur ekki verið hnekkkt með fullnægjandi rökum og verður því að byggja á niðurstöðu hennar hvað þetta atriði varðar. Kemur þá næst til skoðunar hvort tjónið falli utan bótasviðs tryggingarinnar á grundvelli þess að um langvarandi leka hafi verið að ræða. Niðurstaða matsmanns er að rakamyndun sé til komin frá lögnum sem hafa gefið sig í baðherbergisgólfi. Eðli málsins samkvæmt getur tekið töluverðan tíma fyrir slíkan leka að koma fram og þar með uppgötvast. Ekki hefur verið sýnt fram á að umráðamenn fasteignar hafi vitað af lekanum í lengri tíma og látið undir höfuð leggjast að bregðast við honum. Því verður litið svo á að lekinn falli undir skilmála tryggingarinnar og falli ekki undir undaþáguákvæði, sem langvarandi leki. V hafnar bótaskyldu einnig á forsendum vanrækslu. Í málinu liggur fyrir að aðilar á vegum V hafi komið að og gert við leka sumarið 2017. Gera verður ráð fyrir því fasteignareigendur hefðu mátt ætla að sú viðgerð væri fullnægjandi. Í aðkomuskýrslu pípulagningsamanns þess sem sá um viðgerðina kemur vissulega fram að ástand lagna sé ófullnægjandi. Ekkert kemur hins vegar fram um að fasteignareigendum hafi verið kynnt sú niðurstaða og verður því að líta svo á að ásakanir um vanrækslu séu ósannaðar.

Að öllu þessu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að tjón þetta sé bótaskyldt úr fasteignatryggingu sem S voru með hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu seljenda (S) hjá V.

Reykjavík, 9. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 81/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið 21. nóvember 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21. febrúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12. mars 2019, ásamt myndum.

Tölvupóstur M, dags. 17. mars 2019.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hjólbarði og felga á bifreið hans hafi skemmst þegar hann ók ofan í holu á götu 21. nóvember 2018.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni hans þar sem aðstæður til aksturs hafi verið ófullnægjandi. M bendir á að á vettvangi hafi verið viðvörðunarskilti sem varaði við brotholum í malbiki þó um malarveg hafi verið að ræða. Umrætt skilti hafi hins vegar bara verið sýnilegt þeim sem óku um veginn úr annarri akstursstefnu en þeirri sem M ók í umrætt sinn. Þannig hafi X vanrækt skyldu sína til að vara við hættu á svæðinu sem hafi verið umtalsverð og M telur að um vítavert gáleysi hafi verið að ræða af hálfu X að láta holur vera mánuðum saman til staðar án viðgerðar og vara ekki við þeim með fullnægjandi hætti.

V vísar til 43. gr. vegalaga nr. 8/2007 og 56. gr. sömu laga varðandi ábyrgð veghaldara á viðhaldi, því að varað sé við hættu og skaðabótaábyrgð vegna gáleysis ef þessa sé ekki gætt. V bendir á að varað hafi verið við brotholum á vegi þannig að ökumenn sem áttu leið um veginn úr öllum akstursstefnum hafi ekið fram á viðvörðunarskilti áður en að holur kom. Það sé staðfest í framlagðri ljósmynd sem tekin hafi verið tveimur dögum eftir atvik það sem M hafi tilkynnt um. V vísar einnig til þess að M hafi verið að aka um óupplýstan malarveg í myrkri og við þær aðstæður verði

Álit.

Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að aðila greini á um hvort merkingar hafi verið í akstursstefnu M um holur á vegi. M ber sönnunarbyrði um að merkingum hafi verið ábótavant og m.v. þau gögn sem hafa verið lögð fram verður ekki fullyrt að svo hafi verið, sérstaklega þegar litið er til ljósmyndar sem tekin var í akstursátt M 23. nóvember 2018. Í 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 er kveðið á um viðhald vega og hvernig bregðast skuli við vegskemmdum. Segir í lagagreininni að veghaldari beri ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þar segir einnig að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Verður ekki annað séð en að X hafi brugðist við í samræmi við umrædda grein og ber M hallann af sönnunarskorti um annað.

Í gr. 56. gr. laganna er svo kveðið á um *bótaábyrgð veghaldara, en samkvæmt þessari grein laganna ber veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. M telst ekki hafa sýnt fram á að X hafi sýnt gáleysi að öðru leyti við veghaldið þannig að ekki hafi verið hægt að aka um umræddan veg með eðlilegri varkárni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sambærileg atvik á sama tíma og verður M einnig að bera hallann af sönnunarskorti um þær aðstæður sem hann telur hafa verið ófullnægjandi.*

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 82/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.02.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 11.03.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf V2 dags. 14.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Hinn 19. janúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B á bifreiðastæði við verslun. Atvik voru þau að bifreið A, sem M ók, var ekið norðvestur eftir bifreiðastæðinu og hugðist M beygja til hægri inn í akstursbil milli bílastæða. Bifreið B var á sama tíma ekið frá hægri miðað við staðsetningu bifreiðar A og hugðist ökumaður hennar taka vinstri beygju og leggja í bifreiðastæði sem var vinstra megin við bifreið A. Þegar ökumaður bifreiðar B varð bifreiðar A var reyndi hann að hemla, en bifreiðin rann til í hálfu og bifreiðarnar skullu saman. Þar sem ágreiningur varð um sakarskiptingu var málinu vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður bifreiðar A, M, bæri einn ábyrgð á árekstrinum.

M er ósáttur við þá niðurstöðu og telur að bifreið B hafi verið ekið á vinstri vegarhelmingi, og tekið krappa beygju þétt við ökutæki sem lagt var í stöðureit og hafi það orðið til þess að M hafi ekki séð B nógu tímanlega til að varna árekstri. Þá hafi bifreið B verið ekið á of miklum hraða miðað við aðstæður. M tekur fram að bifreið hans hafi verið ekið á litlum hraða og að hann hefði ekki getað komið í veg fyrir áreksturinn en með því að reyna að beygja frá bifreið B hafi hann komið í veg fyrir meira tjón en raun varð á.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að það sé algerlega ósannað að bifreið B hafi verið ekið á of miklum hraða, og að félagið sé sammála niðurstöðu tjónanefndar um að leggja alla sök á M, sem hafi borið að veita umferð frá hægri forgang, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V2 fram að af afstöðumynd á sameiginlegri tjónstilkynningu megi ráða að bifreið A hafi ekki verið komin að þeim stað þar sem akstursleiðir bifreiðanna hefðu átt að skerast. Samkvæmt afstöðumyndinni hafi bifreið B jafnframt verið ekið á öfugum vegarhelmingi, og því hafi ökumaður hennar ekki gætt að 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga sem kveði á um að ekið skuli eins langt til hægri og mögulegt er með tilliti til annarrar umferðar. Jafnframt hafi ökumaður bifreiðar B ekki gætt að 3. mgr. 15. gr. sömu laga, en þar segi m.a. að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðju akbrautar og taka skuli beygju þannig að þegar ökutæki komi út af vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Þá hafi bifreið B verið ekið of hratt miðað við aðstæður enda hafi bifreiðin runnið áfram í hálfu þegar ökumaður hennar reyndi að hemla. Því hafi ökumaður bifreiðar B ekki heldur gætt nægilega að ákvæði 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Afstaða V2 er því sú að ef ökumaður bifreiðar B hefði gætt betur að aksturslagi sínu umrætt sinn hefðu akstursleiðir bifreiðanna aldrei átt að skerast, og megi því rekja tjónið beint til rangrar staðsetningar B. Telur V2 því rétt að ökumaður bifreiðar B verði látinn bera ábyrgð á árekstrinum að hluta eða fullu.

Álit:

Meðal gagna málsins er myndbandsupptaka úr bifreið A, framhlið tjónstilkynningar sem aðilar fylltu sameiginlega út og viðbótarupplýsingar frá báðum öikumönnum. Af teikningum á tjónstilkynningu og teikningu sem fylgdi viðbótarupplýsingum frá öikumanni bifreiðar B má ráða að hann hafi ekki gætt nægilega að því að taka vinstri beygju þannig að ökutækið væri hægra megin á akbrautinni sem beygt var inn á. Þá má jafnframt ráða af fyrirliggjandi gögnum, þ.e. teikningu á sameiginlegri tjónstilkynningu og umræddu myndbandi, að ökumaður bifreiðar B hafi í aðdraganda árekstursins ekki gætt nægilega að því að aka eins langt til hægri og mögulegt var með tilliti til annarrar umferðar.

Verður því að líta svo á að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega að því að haga akstri sínum í samræmi við 3. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Hins vegar verður ekki talið sýnt fram að ökuhraði bifreiðar B hafi verið of mikill miðað við aðstæður og búnað bifreiðarinnar. Verður með hliðsjón af framansögðu að telja rétt að ökumaður bifreiðar B beri 2/3 hluta sakar.

Hins vegar verður að telja að M, ökumaður bifreiðar A, hafi ekki gætt nægjanlega að því að veita umferð frá hægri forgang í samræmi við 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Er því rétt að hann beri nokkra sök, eða 1/3.

Niðurstaða.

M ökumaður bifreiðar A, ber 1/3 sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 sakar

Reykjavík 2. apríl 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 83/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitingahúss.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll á gangstétt er hann gekk út af veitingahúsi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.3.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kveðst M hafa hinn 15. nóvember 2017 hafa verið að ganga út af veitingastaðnum A við B í Reykjavík, þegar hann hafi runnið í þrepi fyrir utan staðinn og hafi þrepið verið ómerkt og illsjáanlegt. Hafi hann dottið og lent illa á gangstéttinni með þeim afleiðingum að hann hafi ökklabrotnað á vinstri fæti.

M kveður umrætt þrep hafa verið vanbúið og eftir atvikið hafi verið sett upp viðvörðunarskilti þar sem varað hafi verið við þrepinu. Hefur hann krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þar sem A stendur við B hallar B til norðurs. Umrætt þrep er lítið eitt lengra en nemur breidd útidyranna og yfirborð þess er lárétt, en vegna götuhallans er hæð þrepsins ívið meiri við norðurenda þess en við syðri endann. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að þrepið og frágangur þess fari í bága byggingarreglugerð eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Af gögnum málsins, þ. á m. fyrirliggjandi ljósmyndum af þrepinu verður heldur ekki séð að þrepið sé þannig úr garði gert að það geti verið hættulegt þeim sem þarna eiga leið um, jafnvel þótt um vínveitingahús sé að ræða. Þá getur ekki haft þýðingu í þessu sambandi þótt viðvörðunarskilti hafi verið sett upp síðar til að vekja athygli gesta á þrepinu. Að virtu því sem að framan greinir verður ekki talið að slysið megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 84/2019**M og
V vegna slysaftryggingar launþega A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysaftryggingu launþega vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.02.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 22.03.2019, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Athugasemdir M við bréf V, dags. 05.04.2019.

Málsatvik.

Hinn 2. desember 2014 var M við störf sín hjá A. Þann dag hafi gengið á með skúrum og M hafi reynt að haga verkum sínum þannig að hann væri í skjóli meðan skúrarnir gengju yfir. Það hafi þó ekki tekist að fullu og gleraugu hans hafi blotnað mikið með þeim afleiðingum að hann sá ekki niður fyrir sig. Við þær aðstæður hafi hann rekið fæturna í holu og steypst fram fyrir sig, með þeim afleiðingum að hann varð m.a. fyrir meiðslum á þumli vinstri handar og hægri öxl. Í málskoti sínu segir M að eftir þetta hafi hann haft stöðugt versnandi verk í þumlinum auk þess sem hann hafi haft verki og fundið fyrir stirðleika í hægri öxl. Meðal gagna málsins er læknisvottorð dags. 15. febrúar 2019, þar sem m.a. kemur fram að M hafi leitað til læknis vegna verkja og hreyfihindrunar í hægri öxl hinn 24. september 2015, og að röntgenmynd sem tekin var af vinstri þumli og þumalrót M hinn 1. ágúst 2018 hafi sýnt talsverðar slitbreytingar, en M reki verki í þumli til slyssins. Þá er tekið fram að M hafi frá slysdagi verið með vaxandi verki og hreyfihindrun í hægri öxl, hann hafi verið með verki í öxlinni fyrir slysið en hreyfigeta hafi skerst eftir það.

Af gögnum málsins má ráða að tilkynning um slysið hafi borist Vinnueftirliti ríkisins hinn 3. desember 2014 og Sjúkratryggingum Íslands hinn 10. desember 2014. M tilkynnti V um slysið hinn 31. ágúst 2018 og tekur fram í málskoti sínu að honum hafi verið tjáð að A mundi senda V tilkynningu í kjölfar slyssins en að það hafi ekki verið gert.

Á grundvelli ofangreinds telur M sig eiga rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að bótaskyldu hafi verið hafnað með vísan til þágildandi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sem hafi kveðið á um að væri krafa um bætur ekki gerð innan árs frá því sá sem ætti að öðrum kosti rétt til bóta öðlaðist vitneskju um þau atvik sem krafan væri reist á félli bótaréttur niður. V hafi hins vegar ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en um þremur árum og níu mánuðum frá því að það átti sér stað. Þá eru í bréfi V rakin tiltekin atriði úr sjúkraskrá M og metur V það svo að ekkert bendi til þess að verkir í þumli tengist umræddu slysi. Þannig hafi M þjádast af útbreiddri slitgigt og liðverkjum, auk þess sem hann hafi slasast á þumli í apríl 2014, og fundið fyrir einkennum frá þumli í kjölfar slyss sem hann varð fyrir sumarið 2018. Því hafi ekki verið sönnuð orsakatengsl milli slyssins og einkenna M. Að endingu vísar V til þágildandi skilmála vátryggingarinnar en í c- og d-liðum gr. 18.4 hafi komið fram að örorkumat skuli framkvæma í síðasta lagi þremur árum eftir slysdag. Eftir þann tíma sé bótaréttur vegna meintra varanlegra afleiðinga fallinn niður.

Í andsvari sínu fer M fram á að bréf V verði ekki haft til hliðsjónar við afgreiðslu málsins, enda telji hann að V hafi rangtúlkað trúnaðargögn sem stöfuðu frá heilsugæslu, svo og að gengið hafi verið of langt gagnvart sér persónulega í svörum félagsins.

Álit.

Sem fyrr segir varð M fyrir slysi hinn 2. desember 2014. Í málskoti sínu til nefndarinnar lýsir M afleiðingum þess m.a. svo að hann hafi haft stöðugt versnandi verki í þumalfingri vinstri handar og verki og stirðleika í hægri öxl. Þá segir í meðfylgjandi læknisvottorði að eftir slysið hafi hann verið með vaxandi verki og hreyfihindrun í hægri hendi og aukna hreyfihindrun í hægri öxl, en t.d. hafi

hann ekki getað spilað golf eftir slysið. Jafnframt kemur fram að hann hafi leitað læknis vegna einkenna frá öxl hinn 24. september 2015 og öxlin þá verið hálfþrosin og hreyfigeta mjög skert.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, en hvað tilkynningarfrést varðar er hún óbreytt frá slysdegi, segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysáttryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á.

Samkvæmt lýsingum M hefur hann fundið fyrir viðvarandi og vaxandi verkjum allt frá slysdegi. Þá liggur fyrir að í september 2015 leitaði M til læknis vegna einkenna frá öxl og sýndu röntgenmyndir þá miklar slitbreytingar í axlarlið. Með hliðsjón af því verður að líta svo á að M hafi þá mátt vera ljóst að einkenni höfðu hlotist af slysinu. Er því óhjákvæmilegt að miða við að M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafa hans reist á á þessum tíma, þ.e. haustið 2015. Verður því að miða við að krafa M á hendur V, sem barst V fyrst hinn 31. ágúst 2018, hafi ekki verið gerð fyrir en tæpum þremur árum eftir að M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans byggði á.

Verður því, samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, að telja að M hafi, með því að gera ekki kröfu til bóta innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á, glatað rétti sínum til bóta úr slysáttryggingu launþega A hjá V. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans og er þá óþarft að fjalla frekar um möguleg orsakatengsl milli slyssins og einkenna M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 85/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar í heimilistryggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 27.02.2019 ásamt fylgigögnum.

Bref V1, váttryggingafélags, dags. 13.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi lent í bílslysi 9. apríl 2016 þar sem hann var framsætisfarþegi. Hann hafi fengið handaráverka og hafi váttryggingafélagið V2 viðurkennt bótaskyldu vegna þess. Það hafi náðst samkomulag milli M og V2 um að meta varanlegar afleiðingar slyssins og fyrir liggi matsgerð sem gerð var. M var með slysatryggingu hjá váttryggingafélaginu V3 sem greiða skyldi úr ef váttryggingartaki væri metin til örorku. Í matsgerðinni var örorka M ekki metin varanleg. M óskaði eftir því að Örorkunefnd endurmæti niðurstöðu matsgerðarinnar og varð niðurstaða Örorkunefndar sú að varanleg örorka M væri 5%. Í framhaldinu var óskað eftir bótum úr slysatryggingu hjá váttryggingafélaginu V3 en félagið neitaði bótaskyldu. Sú niðurstaða fór fyrir úrskurðarnefnd váttryggingamála sem hafnaði bótaskyldu V3. M hyggst leita réttar síns fyrir dómstólum og óskaði eftir því að fá greidda réttaraðstoðartryggingu hjá váttryggingafélaginu V1 þar sem hann var með heimilistryggingu. Váttryggingafélagið V1 hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að ágreiningurinn varðaði váttryggingartaka sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki. Í málskotinu kemur fram hjá M að í skilmálunum komi fram að hlutverk réttaraðstoðartryggingar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum og er vísað til 1. og 2. gr. 10. kafla um váttrygginguna. Einnig er vísað til þess að ágreiningurinn varði túlkun lagaákvæðis í lögum um váttryggingarsamninga og túlkun váttryggingarsamnings milli V3 og M. Tengsl ágreiningsins við skráningarskylt ökutæki sé því fjarlægð og langt frá því að vera skilyrði þess að ágreiningurinn hafi stofnast. Þá sé um afar víðtækt undanþáguákvæði að ræða í skilmálum váttryggingafélagsins.

Í brefi V1 kemur fram að ágreiningurinn varði túlkun á gr. 3.7. í 10. kafla skilmála váttryggingarinnar þar sem komi fram að váttrygging réttaraðstoðartryggingar taki ekki til mála sem varði váttryggðan sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki. Þá kemur fram að ágreiningur milli M og V3 hefði ekki komið upp ef ekki væri fyrir notkun hans á ökutækinu og því telji félagið augljóst að málið varði M sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu til að sækja mál vegna afleiðinga áverka sem M hlaut þegar hann lenti í bílslysi. Í skilmálum réttaraðstoðartryggingar í heimilistryggingu M hjá V1 kemur fram að váttryggingin taki hvorki til ágreinings sem varða váttryggðan sem notanda vélknúins ökutækis né til annarra mála sem varða hann sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki. Skilmálar réttaraðstoðartryggingarinnar eru því mjög skýrir um að mál sem varða váttryggðan sem tjónþola vegna skráningarskylds ökutækis falli ekki undir váttrygginguna. Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu hjá V3 er afleiðing þess að M var tjónþoli í bílslysi og verður því að telja V1 undanþegið greiðsluskyldu samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu í heimilistryggingu hjá V1.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 86/2019**M og
V v / ábyrgðartryggingar eiganda krana.****Ágreiningur um hvort slys megi rekja til mistaka stjórnanda krana.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 8.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16. maí 2017 vann M sem stjórnandi krana við að hífa síló eða steyputank ofan af flutningsvagni að loknum flutningi. Við hífinguna voru notaðir tveir kranar, annars vegar sá krani sem M stjórnaði og var í eigu vinnuveitanda hans og hins vegar krani í eigu fyrirtækisins A. Er búið var að hífa sílóíð ofan af vagninum fór M í stiga upp á sílóíð til að losa keðjur sem höfðu verið festar í það vegna hífingarinnar. Vildi þá svo til að M féll aftur fyrir sig úr stiganum og varð fyrir meiðslum, einkum á vinstri handlim.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) og var af þeim sökum ekki rannsakað. Í málskoti kveður M að atvikið megi rekja til mistaka stjórnanda krana A en stjórnandi kranans hafi verið starfsmaður þess fyrirtækis. Þegar hann var uppi í stiganum hafi sílóíð færst til en það hafi verið sex tonn að þyngd og hafi því ekki getað færst til nema vegna tilverknaðar stjórnanda kranans í eigu A þar sem sílóíð hafi þá enn verið fest við þann krana. Við það hafi stiginn runnið til og M fallið úr honum. M kveður tilkynningarskyldu um slysið skv. 79. gr. sbr. 17. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hafi hvílt á A, þar sem slysið hafi gerst við störf starfsmanns á hans vegum. Með því að A hafi vanrækt þessa lögbundnu tilkynningarskyldu verði það að bera allan vafa um málsatvik og túlka verði allan þann vafa M í hag. Kveður M að af hálfu A hafi við hífinguna umrætt sinn ekki verið farið að skyldum sem á fyrirtækinu hvíldu samkvæmt lögum nr. 46/1980 og er í því efni vísað til 13., 23., 27. og 42. gr. laganna. Enn fremur er vísað til 5. gr. reglugerðar nr. 368/2006 um notkun tækja. A beri því skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir og eigi því rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 17. gr. laga nr. 46/1980 segir að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Samkvæmt 79. gr. laganna skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til VER öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna eftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Þessi tvö ákvæði laganna ber að túlka þannig að skyldan til að tilkynna slys til VER skv. 79. gr. hvíli sjálfstætt á hverjum atvinnurekanda fyrir sig sem eiga aðild að starfsemi á hverjum vinnustað, sbr. m.a. Hrd. 22. október 2009 í máli nr. 101/2009.

Kemur þá til skoðunar hvort A, sem annar þeirra atvinnurekenda sem áttu aðild að framkvæmd hífingarinnar þegar M slasaðist, hafi vanrækt tilkynningarskylduna þannig að rannsókn slyssins hafi farist fyrir með þeim afleiðingum að sönnunarbyrðin verði lögð á A um þau atvik sem eru óljós og umdeild. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að A hafi vitað eða mátt vita að M hafi orðið fyrir það alvarlegum meiðslum að tilkynningarskylda skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi stofnast. Sönnunarbyrði um atvik sem leiddu til slyssins verður því ekki sett á herðar A fyrir það að slysið var ekki tilkynnt lögum samkvæmt. Eins og málið liggur fyrir er ósannað að það megi rekja til þess að stjórnandi kranans sem var í eigu A hafi með saknæmri háttsemi valdið því að M féll úr stiganum eða að slysið verði að öðru leyti takið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 87/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu/málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 27.2.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 14.03.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 26.03.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti á M húseign í byggingu sem enn uppfyllir ekki skilyrði fohheldis. Ágreiningur skapaðist milli M og fyrirtækis sem hún réði til að sjá um uppsteypu hússins og hefur fyrirtækið nú stefnt henni og sambýlismanni hennar fyrir héraðsdóm. M er með heimilistryggingu hjá V þar sem m.a. er innifalin réttaraðstoðartrygging. Í skilmálum vátryggingarinnar segir í gr. 40.7. að undanþeginn sé málskostnaður sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur V hafnað bótaskyldu úr málskostnaðarlið vátryggingarinnar vegna umrædds dómsmáls.

M telur að þrátt fyrir ofangreint ákvæði eigi hún kröfu á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V. M rekur þannig að sér hafi ekki staðið til boða að kaupa svokallaða fasteignatryggingu, sem m.a. innifeli réttaraðstoðartryggingu, hjá V þar sem framkvæmdir hefðu ekki náð fohheldisstigi og eignin ekki verið skráð í fasteignaskrá. Hins vegar hefði M boðist að kaupa svokallaða húsbyggjendatryggingu, en réttaraðstoðartrygging væri ekki hluti af þeirri vátryggingu. M telur að gæta verði samræmis í notkun V á hugtakinu „fasteign“, þar eð henni hafi ekki staðið til boða að kaupa fasteignatryggingu líti V ekki á hana sem eiganda fasteignar, og því geti félagið ekki hafnað greiðsluskyldu nú á grundvelli þess að málið varði hana sem eiganda fasteignar. Þá telur M undanþáguákvæði gr. 40.7 að öðru leyti óskýrt.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt undanþáguákvæði gr. 40.7 í skilmálum heimilistryggingar bæti málskostnaðartryggingin ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar. Vísar V til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar sem félagið telur hafa fordæmisgildi í máli þessu.

Í viðbótrarathugasemdum M ítrekar hún fyrri röksemdir og gerir athugasemd við að V hafi ekki svarað þeim efnislega í svörum sínum.

Álit.

Dómsmálið sem um ræðir varðar deilur um kostnað við að steypa upp húseign í einu M. Er því ljóst að ágreiningurinn varðar M sem húsbyggjanda og eiganda umræddrar húseignar. Hins vegar kemur þá til skoðunar hvort ágreiningsmálið snerti M sem eiganda fasteignar þannig að undanþáguákvæði gr. 40.7 í skilmálum heimilistryggingarinnar eigi við. Í íslenskum rétti hefur fasteign almennt verið skilgreind sem afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega eru við landið skeytt. Er það þannig ekki skilgreiningaratriði að fasteign feli í sér fullbúna húseign. Verður því að líta svo á sem M sé í þeim skilningi eigandi fasteignar. Þá er rétt að geta þess að í skilmálum fasteignatryggingar þeirrar sem M stóð ekki til boða að kaupa vegna byggingaframkvæmdanna er almennt talað um „húseign“ en ekki fasteign, rétt eins og í skilmálum húsbyggjendatryggingarinnar. Þá er ekki um lögskylda vátryggingu að ræða og V því í sjálfsvald sett við hvaða byggingarstig húseignar er miðað við svo viðskiptamenn félagsins geti keypt fasteignatryggingu, fremur en húsbyggjendatryggingu. Við skoðun á undanþáguákvæði gr. 40.7 í skilmálum heimilistryggingar M hjá V verður því að miða við hugtakið „fasteign“ eins og það er almennt skilgreint í íslenskum rétti, enda verður ekki séð að V hafi í skilmálum sínum skilgreint það á neinn annan hátt. Verður því að líta svo á að dómsmál það sem höfðað hefur verið á hendur M og

sambýlismanni hennar varði þau sem eigendur fasteignar, og því taki réttaraðstoðartrygging heimilistryggingar þeirra ekki til ágreiningsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu heimilistryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 88/2019**M og****V v/ réttaraðstoðartryggingar fasteignatryggingar.****Ágreiningur um tímamörk vegna réttaraðstoðartryggingar/málskostnaðartryggingar****Gögn.**

Málskot, dags. 1.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.3.2019, ásamt váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar.

Málsatvik.

Í málinu er réttarlegur ágreiningur rakinn til málareksturs gegn M, fyrst í Héraðsdómi Norðurlandseystra, sbr. dóm í máli nr. E-110/2017 hinn 18. maí 2018, sem var síðan áfrýjað til Landsréttar, sbr. mál réttarins nr. 489/2018 og var kveðinn upp dómur í því máli 15. febrúar 2019. Þar kemur fram að M var stefnt til greiðslu skaðabóta vegna fasteignakaupa sem seljendum fasteignarinnar X á Akureyri í ágúst 2013. Kaupendur fasteignarinnar seldu hana til stefnanda málsins í mars 2015 og á árinu 2016 varð sá var við leka sem hann taldi til galla. Máláttilbúnaður gegn M byggðist á því að þau hefðu vanrækt upplýsingaskyldu sína sem seljendur í júní 2013 þar sem þau hefðu ekki upplýst um tiltekin atriði varðandi ástand fasteignarinnar.

Í gögnum málsins kemur einnig fram að M voru váttryggð með fasteignatryggingu vegna fasteignarinnar X á tímabilinu 22. júní 2006 til 30. ágúst 2013. Síðar með fasteignatryggingu vegna fasteignarinnar Y frá 12. ágúst 2013 til 1. ágúst 2015. Eftir það hafa M ekki verið með fasteignatryggingu hjá V.

M telja að greiða eigi bætur vegna réttaraðstoðar og vísa til þess að í júní 2017 hefðu þau tilkynnt um málareksturinn til V. M telja að atvik sem urðu til þess réttarlega ágreinings sem úr var leyst með dómi Landsréttar 15. febrúar sl. hafi átt sér stað í ágúst 2013 þegar M veittu upplýsingar um fasteignina X sem þá var í sölumeðferð og þá hafi váttrygging hjá V verið í gildi sem og að fjögur ár hefðu ekki verið liðin frá þeim atvikum sem leiddu til málarekstursins. Þau atvik hafi verið upplýsingagjöf M en ekki þau atvik þegar stefnandi málsins hafi orðið var við leka og gerði úr málinu réttarlegan ágreining á árinu 2016. M telur því skilyrði 3. mgr. 28. gr. váttryggingarskilmála fyrir hendi þar sem komi fram að M geti fengið réttaraðstoð úr váttryggingunni ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu. Það fjögurra ára tímabil sem um ræðir í máli M geti ekki hafa byrjað að líða fyrr en í ágúst 2013 og þegar M hafi tilkynnt um þau til V hinn 9. júní 2017 hafi þau fjögur ár ekki verið liðin.

V telur að atburðir eða atvik að baki kröfu M um réttaraðstoð hafi ekki verið fyrr en á árinu 2016, vart hafi orðið við leka í fasteigninni í janúar 2016 og matsgerð hafi verið unnin á því ári vegna afleiðinga hans. V vísar til upplýsinga í dómi Landsréttar máli sínu til stuðnings og einnig þess að þar hafi komið fram að ósannað hafi verið að ástand þakviða fasteignarinnar hafi verið þannig að um galla hafi verið að ræða á árinu 2013 og þeir hafi þannig verið síðar til komnir og atvik eða atburðir þannig eftir að fasteignatrygging M rann út hjá V.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar V kemur fram í 28. gr. hvenær sé hægt að óska eftir réttaraðstoð. Aðalreglan í 1. mgr. 28. gr. er sú að hægt sé að „...óska eftir réttaraðstoð ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Váttryggingin þarf ekki að hafa verið hjá þessu félagi allan tímann, ef váttryggður hefur haft sams konar váttryggingu hjá öðru félagi fær hann þá váttryggingu reiknaða sér til góða.“ Í 2. mgr. 28. gr. kemur síðan fram hvenær váttryggður getur fengið réttaraðstoð ef hann hefur ekki haft váttrygginguna í tvö ár og í 3. mgr. 28. gr. kemur fram hvenær váttryggður getur óskað eftir réttaraðstoð þegar váttryggingin er ekki lengur í gildi. Þar segir: „Ef váttryggður hefur ekki lengur neina Réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur váttryggður þrátt fyrir það fengið

réttaraðstoð frá vátryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.“

Það liggur fyrir í málinu að málshöfðun gegn M byggist á því að eigandi X gerði svokallaða sprangkröfu (skaðabótakröfu) á þau sem fyrri eigendur fasteignarinnar og byggði málatilbúnað sinn gegn þeim á því að þau hefðu ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um ástand fasteignarinnar þegar þau seldu hana í ágúst 2013. Réttarlegur ágreiningur í málinu sem lauk með dómi Landsréttar 15. febrúar sl. kom ekki upp fyrr en á árinu 2016. Þá er ljóst að M voru ekki lengur með fasteignatryggingu vegna X en sá vátryggingarsamningur var í gildi til 30. ágúst 2013. Það er því ljóst að skilyrði 1. mgr. 28. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar M hjá V eru ekki uppfyllt og að sama skapi reynir ekki á 2. mgr. 28. gr. skilmálanna.

Ágreiningur málsins snýr hins vegar að því hvort skilyrði 3. mgr. 28. gr. fyrrnefndra vátryggingarskilmála séu uppfyllt, en þar segir að réttaraðstoð sé veitt til vátryggðs þrátt fyrir að hann hafi ekki vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp. Skilyrði þess eru að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni hafi gerst þegar vátrygging var í gildi og ekki séu liðin fjögur ár frá þeim atburði eða þeim atvikum. Nánar tiltekið verður ekki annað séð en að vátryggingarfélagið byggi orðalag greinarinnar á því að það þurfi að skilgreina bæði það tímamark „þegar ágreiningur kemur upp“ sem og tímamörk atburða og/eða atvika sem liggja til grundvallar kröfu.

Í þessu máli verður að skilja málatilbúnað V þannig að félagið telji atvik og atburði hafa komið upp á árinu 2016 þegar leki uppgötvast og ágreiningur þar með stuttu seinna, einnig á árinu 2016. M telur hins vegar að atvik sem liggja til grundvallar kröfu hafi verið í ágúst 2013 þegar upplýsingar voru veittar um ástand fasteignarinnar.

Þegar litið er til orðalagsins „...atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni..“ í 3. mgr. 28. gr. vátryggingarskilmála V og þess hvernig kröfu er beint að M í dómsmálinu sem lauk með dómi Landsréttar 15. febrúar sl., verður ekki annað séð en að sú krafa byggi fyrst og fremst á því að upplýsingagjöf M hafi verið ábótavant í ágúst 2013. Það að þau atvik hafi síðan ekki leitt til kröfu fyrr en leki kom upp á árinu 2016 verður ekki talið fela í sér sérstök atvik eða atburð á árinu 2016 sem leggja eigi frekar til grundvallar við úrlausn málsins.

Í ljósi þess að þegar M gerði kröfu um réttaraðstoð hjá V hinn 9. júní 2017, voru ekki liðin fjögur ár frá þeim atburði eða atvikum sem fólust í upplýsingaskyldu þeirra í ágúst 2013. Teljast skilyrði 3. mgr. 28. gr. vátryggingarskilmála því uppfyllt til greiðslu bóta vegna réttaraðstoðar.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 89/2019**M og
V v/starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu fasteignasala vegna upplýsinga og skjalagerðar í tengslum við fasteignakaup, kaupsamingur dags. 31. mars 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 6.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.3.2019, ásamt ÍST staðli 51/2001 um byggingarstig húsa.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi fest kaup á fasteigninni A með kaupsamningi dags. 31. mars 2017. Seljandi fasteignarinnar var jafnframt byggingarstjóri hennar og í gögnum málsins liggur fyrir dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-526/2018 þar sem seljandi (og byggingarstjóri) er dæmdur til að greiða M bætur að fjárhæð 4.619.780 krónur, annars vegar vegna galla sem hann bar skaðabótaábyrgð á sem seljandi og hins vegar sem byggingarstjóri. V var stefnt til réttargæslu í þessu sama dómsmáli vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra. Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar, sbr. mál réttarins nr. 102/2019.

Til frekari skýringa verður að taka fram að í áður nefndum kaupsamningi kemur fram eftirfarandi texti: „*Aðilar eru upplýstir um að eignin er skráð á byggingarstig 4. Selejndur (sic) gangast undir að klára lokaúttekt, þ.e. að eigin verði skráð á byggingarstig 7. Aðilar eru upplýstir um að útgáfa afsals og greiðsla lokagreiðslu getur dregist sé því ekki lokið, þ.e. fyrir tilgreindan útgáfudags afsals þann, 15.09.2017.*“ Í söluþingli vegna eignarinnar, sem undirritað er af fasteignasala hjá X og kemur fram í kaupsamningi að söluþingli skuli skoðast sem hluti hans. Þar kemur eftirfarandi fram í sérsökum reit: „*Skráning eignar skv. Þjóðskrá Íslands Byggingarstig 4. Fokheld bygging. Matstig 7. Fullgert.*“ Í lýsingu eignarinnar kemur síðan fram að „*loft í bílskúr verður klárað fyrir afhendingu*“, „*Eftir er að ganga frá þakkanti.*“ og „*Lóðin er í réttum hæðum, en þarf lokafrágang bakatil, gert ráð fyrir pöllum þar.*“ Í forsendum og niðurstöðu dóms Héraðsdóms Reykjaness, sem vísað er til hér að ofan, er haft eftir þeim tveimur fasteignasölum hjá X, sem komu að sölu eignarinnar annars vegar hjá þeim sem sá um gerð söluþinglis að samið hafi verið um í kaupsamningi „*að selja hafi átt eignina eins og hún var við skoðun*“, með ófrágengnum þakkanti og lóð. Hins vegar kemur fram í dómnum að sá fasteignasali sem kom að kaupsamningsgerðinni að það væri „*ekki óalengt að sett væri inn í kaupsamning að eign yrði komið á byggingarstig 7 og þá væri nauðsynlegt að geta þess hvor bæri ábyrgð á því, annað hvort kaupandi eða seljandi.*“

M gerir í þessu máli kröfu um viðurkenningu réttar til bóta sem og greiðslu 1.829.476 króna með vöxtum og dráttarvöxtum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X, auk málskostnaðar. Nefndin tekur því til skoðunar þær kröfur.

M byggir kröfur sínar á því að fasteignasalar X hafi brugðist starfskyldum sínum með því að upplýsa M ekki við kaupin um skilning þeirra á hvert afhendingarástand fasteignarinnar skyldi vera, að upplýsa ekki um athugasemdir sem komu fram af hálfu byggingarfulltrúa um ástand fasteignarinnar og að tryggja ekki nægilega að orðalag kaupsamnings og afsals væri skýrt um hvenær og hvernig líta bæri á að fasteignin væri fullbúin. M vísar til starfshátta fasteignasala eins og þeim er lýst í fyrirmælum laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, þá sérstaklega til markmiðsákvæðis 1. mgr. 1. gr., 11. gr. um söluþingli, 15. gr. um að fasteignasali skuli gæta hagsmuna bæði kaupenda og seljenda, sem og 2. mgr. 16. gr. um að skjala- og samningsgerð skuli vera vönduð og þannig úr garði gerð að réttarstaða samningsaðila sé glögg. M telur að fasteignasalar X hafi ekki gætt þessa við samningsgerð um kaup á fasteigninni A og beri þannig skaðabótaábyrgð skv. 27. gr. sömu laga. Það hafi staðið fasteignasölunum næst að ákvæði um ástand fasteignarinnar við kaupsamning væri skýrt en gögn málsins og það sem haft sé eftir þeim fyrir dómi í máli gegn seljanda (byggingarstjóra) sýni að verulega hafi á það skort.

V telur að ekki sé unnt að taka endanlega afstöðu til skaðabótarkröfu gegn X fyrr en niðurstaða Landsréttar varðandi skaðabótamál M gegn seljanda og byggingarstjóra hinnar umdeildu fasteignar liggur fyrir. V telur að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma vanrækslu við sölumæðferð fasteignarinnar. V telur að söluyfirlit hafi verið í samræmi við 10. og 11. gr. laga nr. 70/2015, þ.á.m. að byggingin sé skráð foheld og á byggingarstigi 4. Einnig vísar V til þess að það sama komi fram í kaupsamningi og seljandi ætli að sjá til þess að við afhendingu verði fasteignin á byggingarstigi 7, sbr. það sem kemur fram í texta kaupsamningsins. Einnig vísar V til staðla um byggingarstig húsa, ÍST 51:2001 og þar komi fram hvert ástand húsbýggingar skuli vera til þess að hún komist á svokallað byggingarstig 7. V telur lögmann M einnig mistúlka dóm Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E/526/2018 og það sem haft sé eftir fasteignasölum X þar en V telur að enginn vafi sé á því að ákvæði um afhendingu fasteignarinnar hafi verið skýr í kaupsamningi um að seljandi skyldi klára lokaúttekt hjá byggingaryfirvöldum og koma eigninni á byggingarstig 7 fyrir afhendingu hennar.

V tekur fram í bréfi sínu dags. 28. mars 2019 að það heimili nefndinni ekki að úrskurða um bótafjárhæðir, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda.

Álit.

Ágreiningur sá sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum getur tekið afstöðu til í þessu máli er hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V vegna háttsemi vátryggðra fasteignasala, sbr. 1. gr. vátryggingarskipmála nr. AP20. Í 3. gr. sömu skilmála kemur fram að vátryggingin taki til skaðabótarkröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu og í 4. gr. kemur fram að vátryggingin bæti almennt fjártjón viðskiptamanns vátryggð er leiðir af gáleysi í störfum hans sem fasteignasala eða þess sem ráðinn er til starfa hjá honum.

Til þess að hægt sé að úrskurða um bótaskyldu úr vátryggingunni þar þess vegna að liggja fyrir hvort háttsemi vátryggðra fasteignasala hjá X hafi falið í sér gáleysi. Þegar sök þeirra fasteignasala sem eru vátryggðir í starfsábyrgðartryggingu X hjá V er metin verður að hafa í huga að hlutlægar reglur um háttsemi fasteignasala í fasteignaviðskiptum eru skýrar í lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Markmið þeirra laga, eins og kemur fram í 1. mgr. 1. gr. þeirra, er m.a. að tryggja neytendavernd og leggja grundvöll að því að viðskipti með fasteignir geti farið fram með greiðum og öruggum hætti fyrir bæði kaupanda og seljanda og að réttarstaða aðila sé glögg. Í 10. og 11. gr. er síðan fjallað um hvað eigi að koma fram í söluyfirliti fasteignar.

Eins og greint er í málsatvikakafla hér að ofan verður að telja að lýsing á ástandi fasteignarinnar í söluyfirliti sé í besta falli óljós varðandi það hvort hún uppfylli kröfur byggingaryfirvalda um að vera fullbúin. Ákvæði í kaupsamningi, um að aðilar séu upplýstir um fyrirhugaða lokaúttekt og afhendingu fasteignarinnar þegar henni sé lokið og byggingarstigi 7 sé náð, geta skýrt stöðuna í samningi aðila en þegar litið er til þess sem haft er eftir fasteignasölum X í dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-526/2018 verður að telja að það ákvæði hafi ekki verið nægilega skýrt til að réttarstaða aðila væri glögg, eins og þeim bar að sjá til að væri, sbr. 2. mgr. 16. gr. og 15. gr. laga nr. 70/2015.

Sakarmat gagnvart sérfræðingum eins og löggiltum fasteignasölum, sem bæði njóta ákveðins einkaréttar vegna starfsemi sinnar, fá skýr fyrirmæli í lögum um að gæta hagsmuna bæði seljanda og kaupanda og þurfa að uppfylla ákveðin hæfnisskilyrði til að fá heimild til að stunda fasteignasölu, er strangt og þýðir í þessu máli að X verður að bera hallann af þeim óskýrleika sem lýst er hér að ofan. X telst því bera skaðabótaábyrgð á mögulegu tjóni M vegna fasteignaviðskiptanna og að því marki er viðurkennd bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V. Nefndin fjallar ekki frekar um mögulega fjárhæð bóta þar sem hún hefur ekki til þess samþykki allra málsaðila til, sbr. 2. mgr. 3. gr. fyrrnefndra samþykktu fyrir nefndina.

Niðurstaða.

Viðurkennd er krafa M um bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 90/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort líkamstjón megi rekja til notkunar bifreiðar.****Gögn.**

Málskot, dags. 7.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20. desember 2017 var M að störfum á nánar tilgreindu bifreiðaverkstæði. Bifreiðin A var þá færð úr málningarklefa niður ramp og niður á verkstæðisgólfið og var A hvorki í gir né í handbremsu. M stóð fyrir neðan rampinn. Vildi þá svo til að A rann niður rampinn og lenti á M með þeim afleiðingum að hann klemmdist á milli A og annarrar bifreiðar.

M varð fyrir meiðslum við atvikið og hefur krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A á grundvelli 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Hin stranga ábyrgðarregla sem felst í ákvæði þessu er einkum sett til að tryggja bótavernd þeirra sem verða fyrir tjóni, þ. á m. líkamstjóni, sem rekja má til hættueiginleika skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Sú hættu sem helst er horft til í þessu sambandi er hraði, vélarafli og þyngd. Ef tjón hlýst af völdum einhverra þessara hættueiginleika er að jafnaði litið svo á að slíkt tjón falli undir ábyrgðarregluna.

Þótt aflvél A hafi ekki verið í gangi og virðist sömuleiðis hafa verið mannlús þegar slysið varð, verður ekki fram hjá því horft að A rann fyrir eigin þunga niður rampinn og þegar M klemmdist á milli ökutækjanna var það fyrst og fremst hraði og þyngd A sem olli því að M varð fyrir meiðslum. Við þessar aðstæður verður að líta svo á að slysið hafi hlotist af völdum A sem ökutækis í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaganna. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að M hafi verið meðvaldur að því að hann varð fyrir slysinu. Hann á því óskoraðan rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 91/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar D****Árekstur í Lækjargötu í Reykjavík þann 29.1.2019.****Gögn.**

Málskot, móttekið 13.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 1.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 19.3.2019.

Málsatvik.

A var ekið úr bifreiðastæði til móts við Lækjargötu 2a. Bar þá að B sem var ekið suður Lækjargötu. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og hægra framhorn B. Við þann árekstur kastaðist hægra framhorn A í miðja vinstri hlið D sem var kyrrstæð í bifreiðastæði við gangstéttarbrún.

Myrkur var, góð lýsing og ísing á akbraut þegar áreksturinn varð. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A en lítið á B og D.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið úr stöðureit samsíða götunni að vestanverðu fyrir aftan D. Síðast er hann leit aftur fyrir sig eftir umferð í Lækjargötu áður en hann ók úr bifreiðastæðinu hafi bifreiðir verið kyrrstæðar á rauðu ljósi norðan gatnamótanna við Bankastræti. Hann kvaðst ekki hafa gefið stefnumerki.

Ökumaður B kvaðst hafa verið kyrrstæður andspænis rauðu ljósi á vinstri akrein í Lækjargötu norðan Bankastrætis. Er grænt ljós kviknaði hafi hann ekið af stað suður Lækjargötu og fært sig strax yfir á hægri akrein. Hann hafi svo ekki „vitað fyrir en það verður árekstur þegar [A] ók á hans bifreið.“

Álit.

Ökumaður A ók út á götuna án þess að huga nægilega að umferð á götunni og gaf ekki stefnumerki áður en hann ók frá brún akbrautar. Með því braut hann gegn 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber megin sök á árekstrinum. Með tilliti til þess hvar A rakst á D eftir að A og B rákust saman má draga þá ályktun að A hafi verið komin út á götuna í akstursstefnu til suðurs þegar B rakst á A. Þá vissi ökumaður B ekki af ferðum A fyrir en árekstur varð. Ökumaður B hefur því ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast er hann ók yfir gatnamótin og skipti um akrein um leið og hann kom yfir þau. Á hann einnig nokkra sök. D var kyrrstæð í bifreiðastæði við brún akbrautar. Ekki er efni til að fella sök á ökumann þeirrar bifreiðar. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að leggja beri 2/3 sakar á ökumann A og 1/3 sakar á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 92/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Tjón vegna dauða hross 4. apríl 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 22.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.4.2019, ásamt fylgigögnum merktum 1.-8.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hross í eigu M hafi fundist látið við brotinn rafmagnstaur 4. apríl 2018. Í lögregluskýrslu kemur fram að rafmagnsstaurinn hafi verið í landi A og hafi hann brotnað og við það hafi fallið niður háspennulína og hafi hún lent á hrossinu með þeim afleiðingum að það drapst og í skýrslunni er einnig vitnað til vottorðs dýralæknis um að brunasár hafi verið í kjaftvikum og fremst í munnholi hrossins og ljóst væri að hrossið hefði drepist skyndilega, hugsanlega við að bíta í háspennuvírinn. Í lögregluskýrslu má einnig sjá að rafmagni hafði ekki slegið út við það að staurinn brotnaði og voru gerðar ráðstafanir í kjölfarið við að draga úr frekari hættu sem þetta skapaði.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð við dauða hross þeirra. M vísar til þess að raflína í landi hans sé nær 50 ára gömul og hann hafi ekki orðið var við að reglubundnu viðhaldi eða eftirliti hafi verið sinnt á þeirri línu. M telur að ekki sé nóg að vísa til um tveggja ára gamallar skýrslu um að ástand staura og raflínu hafi verið gott þar sem ekki sé sýnt að þeir, sem var falið að gera þá skýrslu, hafi kannað ástand staura og línu í landi Laugarbakka.

V vísar til þess að skv. upplýsingum frá X liggi fyrir að binding sem hélt fasaleiðara (raflínu) hafi gefið sig með þeim afleiðingum að hann brenndi í sundur þverslá sem heldur leiðurunum uppi og síðan í framhaldinu staurinn sjálfan. V telur að líkur séu á að binding hafi sig vegna hrörnunar, en línan sjálf hafi verið 46 ára gömul, en almennt sé gert ráð fyrir að línur sem þessar geti enst í um 60-70 ár. V telur að viðhaldi hennar hafi verið sinnt með venjulegum hætti og ekki sé sýnt að starfsmönnum X hafi mátt vera tjónshætta ljós þar sem ekkert hafi komið fram sem hafi gefið tilefni til að efast um ágæti raflínunnar eða íhluta hennar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að vitneskja hafi verið um það hjá starfsmönnum X að hætta væri á að fasaleiðari raflínu í landi Laugarbakka gæti gefið sig eða að ástand hans væri með þeim hætti að gera hefði átt sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónshættu. Ágreiningur um mögulega skaðabótaskyldu X lýtur því fyrst og fremst að því hvort X hafi með einhverjum hætti vanrækt eftirlit með rafmagnsstaurum og raflinum í landi Laugarbakka m.t.t aldurs þeirra. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um að fyrirhugað hafi verið að endurnýja umrædda raflínu árið 2035 og að sambærilegar raflínur geti enst í allt að 70 ár. Umrædd raflína var sett upp árið 1972 og ekki liggja fyrir gögn sem sýna að standa hafi átt öðruvísi að áætlun um endurnýjun hennar eða eftirliti. Sá sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að aðstæður eða atvik séu þess eðlis að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður hafi verið þannig í þessu máli og verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 93/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna bakmeiðsla barþjóns á hóteli er hann lyfti björkút.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 6. mars 2018 var M að störfum sem barþjónn á tilteknu hóteli í eigu A og þurfti að skipta um björkút í kæliými í kjallara hótelsins. Við það þurfti hún að færa til tóma um 8,4 kg þunga kúta og setja fullan kút, 33,3 kg. þungan, upp á borð. Við það fékk hún tak í bakið sem leiddi til þess að hún varð alveg óvinnufær 19. sama mánaðar. M kveður aðstæður í kæligeymslunni hafa verið þannig að ómögulegt hafi verið að athafna sig þar og beita líkamanum með réttum hætti þegar lyfta þurfti þungum björkútum. Á annasömu kvöldi geti barþjónn þurft að skipta oft um kút og því nauðsynlegt að aðstæður í rýmum þar sem slíkir kútar eru geymdir séu öruggar og starfsfólki sé leiðbeint um hvernig skuli ganga um rýmið og beita sér við starfið. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar hvað þetta varðar og umrætt kæliými sé iðulega yfirfullt af björkútum og öðru rusli sem geri það að verkum að ómögulegt sé að lyfta þungum kútum með réttum hætti. M hafi fyrst um sinn reynt að harka af sér en síðan orði óvinnufær tæpum hálfum mánuði eftir atvikið. Ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis eins og krafist sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar.

Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð um aðstæður í kæliýminu þar sem M handlék björkútinn þegar hún kveðst hafa orðið fyrir meiðslunum. Í málinu liggur fyrir myndskeið þar sem sjá má inn í rými sem er sagt vera rýmið sem M meiddist í. Aðstæður í rýminu sem sjá má á myndskeiðinu virðast ekki vera eins og best verður á kosið, en ekki er ljóst að það sem þar má sjá sé í samræmi við þær aðstæður sem voru þegar M meiddist. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður ekki séð að meiðsl M megi rekja til þess að aðstæður í rýminu hafi verið óforsvaranlegar eða M hafi ekki fengið fullnægjandi leiðsögn um það hvernig handleika skuli kútinn þegar hann er tengdur í staðinn fyrir tóman kút. M hefur því ekki sýnt fram á með gögnum málsins að A beri ábyrgð á líkamstjóni hennar. Hún á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 94/2019

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bónda (A).**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið er kind hljóp í veg fyrir hana.**Gögn.**

Málskot, móttakið 1.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Seint að kvöldi 10. september 2018 ók M á kind á þjóðvegi nr. 1 á Hrútafjarðarhálsi. Við óhappið drapst kindin og talsvert tjón varð á vinstra framhorni bifreiðar M. Í ljós kom að kindin var í eigu A. Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að M hafi ekið norður þjóðveg nr. 1 skammt ofan Miðfjarðar á Hrútafjarðarhálsi. Skyndilega hafi kind stokkið í veg fyrir bifreiðina og hafi M ekki átt nokkra undankomuleið. Þá kemur fram að lausaganga búfjár sé bönnuð í Húnaþingi vestra. Telur M að kindin hafi troðið sér í gegnum gat á girðingunni og þannig komist út á veginn.

M hefur krafist bóta vegna tjóns á bifreiðinni úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

A ber skaðabótaábyrgð á tjóni A vegna skemmda á bifreið hennar ef sannað telst að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi A eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að á grundvelli sérstaks samkomulags Vegagerðarinnar og Húnaþings vestra frá 2003 um friðun þjóðvegarins fyrir ágangi búfjár á þeim vegarkafli þar sem tjónið varð hafi girðingar með fram veginum verið í umsjón Vegagerðarinnar frá því samkomulagið var gert. Hafi Vegagerðin séð um úttektir og viðhald girðinga á umræddum vegarkafli og hafi því yfirleitt verið sinnt í maí og júní á hverju ári og m.a. hafi um 5 km af girðingunni verið endurnýjaðir á árinu 2018. Hafi það verið mat starfsmanna Vegagerðarinnar að girðingar á svæðinu hafi verið í góðu lagi.

Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að girðingum með fram veginum hafi að einhverju leyti verið áfátt vegna vanhirdu af hálfu A eða að kindin hafi sloppið út á veginn vegna atvika sem A ber ábyrgð á. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. M á því ekki rétt á því á fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildgunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 95/2019**M og
V vegna landbúnaðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu búfjáreiganda vegna tjóns á bifreið 30.8.2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 5. mars 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26. mars 2019.

Höfnunarbréf V til M, dags. 31. maí 2019.

Tölvupóstur V dags. 14. ágúst 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna tjónsatviks kemur fram að tjón varð á bifreið M þegar hann ók henni á lamb á Sauðárkróksbraut. Þegar lögregla kom á vettvang logaði eldur í framhluta bifreiðarinnar, en það hafði kviknað í bifreiðinni í kjölfar ááksturs á lambið. Í lögregluskýrslu kemur fram að girt sé öðru megin við veginn sem M ók um.

M telur að eigandi lambsins beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans. Í málskoti er vísað til þess að engin girðing sé öðru megin vegar og hinu megin liggja girðing niðri. M vísar einnig til þess að hann viti til þess að kvartanir hafi borist til lögreglu um lausagöngu búfjár á svæðinu.

V hefur hafnað bótaábyrgð og telur eiganda lambsins sem ekið var á ekki bera skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og vísar til þess að lausaganga búfjár sé ekki bönnuð á þeim stað sem tjónið varð og ekki sé sýnt fram á að eigandinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til tjóns M.

Álit.

Málskot barst fyrst til nefndarinnar í mars sl. en vegna misskilnings um vátryggingarvernd var ekki endanlega ljóst hvaða vátrygging átti við málið fyrir en með tölvupósti V til nefndarinnar 14. ágúst sl. Það skýrir afgreiðslutíma nefndarinnar á málinu.

Af gögnum málsins er hins vegar ljóst að M ók bifreið sinni á lamb í eigu X og til þess að hann geti átt skaðabótakröfu á X vegna tjóns á bifreiðinni þurfa skilyrði skaðabótaréttarins um bótaábyrgð að vera uppfyllt. Ef þau skilyrði eru uppfyllt getur verið fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar þeirrar sem X er með hjá V. Í þessu felst að M þarf að sýna fram á að eigandi lambsins hafi ekki sinnt vörslum búfjárins með fullnægjandi hætti. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um að lausaganga búfjár sé bönnuð innan sveitarfélagsins með sérstakri samþykkt, ekki er heldur girt beggja vegna vegar þannig að slíkt bann sé fyrir hendi skv. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007. Verður að líta svo á að þar sem lausaganga búfjár var heimil á vettvangi verði það ekki metið eiganda þess til sakar að búfé gangi laust við akbraut. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að önnur atvik eða aðstæður hafi verið uppi í málinu sem leggi skaðabótaábyrgð á eiganda lambsins. M á því ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 96/2019**M og
V vegna heimilistryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 06.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 13.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að dóttir M hér nefnd D hafi verið á dansgólfi skemmtistaðar 23. febrúar 2019 þegar henni hafi verið haldið og símanum hennar rænt úr rassvasanum. Hún hafi ekki séð þjófmann en margt hafi verið um manninn og frekar dimmt. M tilkynnti málið til V og kemur þar fram að síma hafi verið stolið úr vasa D á kaffihúsinu P. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að váttryggingin næði ekki til tjóns vegna þjófnaðar samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Í framhaldinu tilkynnti D um rán hjá lögreglunni í Reykjavík og kemur þar fram að það hafi verið gripið í hana aftanfrá og henni haldið meðan síminn var tekin úr rassvasanum. Hún hafi ekki getað fundið út hver tók símann.

Í bréfi V kemur fram að bótasvið váttryggingarinnar sé tæmandi talið í 4. gr. skilmálans og atvikalýsing M eigi ekki þar undir. Hins vegar komi fram í gr. 5.1. í 11. kafla að váttryggingin bæti ekki tjón vegna þjófnaðar og hafi V hafnað bótaskyldu. Síðan hafi komið önnur atvikalýsing en var í upphaflegu tilkynningunni þegar lögregluskýrsla var gerð. Ekki sé hægt að fallast á bótaskyldu þegar tjónþoli breyti frásögn sinni og verði að styðjast við upphaflega tjónstilkynningu M vegna málsins. Með vísan til þeirrar atvikalýsingu sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um atvikalýsingu þegar síma var stolið úr rassvasa D. V hafnaði bótaskyldu miðað við fyrstu atvikalýsingu á grundvelli gr. 5.1. í 11. kafla skilmála fyrir heimilistrygginguna þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki tjón vegna þjófnaðar. Þegar höfnun V lá fyrir var þjófnaðurinn tilkynntur til lögreglu og var atvikalýsing þá breytt og tilkynnt um rán. Þegar svo háttar til eins og í máli þessu verður að leggja til grundvallar upphaflega lýsingu á málsatvikum þar sem tilkynnt var um þjófnað. Með vísan til þess verður að telja að um þjófnað hafi verið að ræða samkvæmt gr. 5.1. í 11. kafla skilmála heimilistryggingarinnar og ber V því ekki bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu hjá V vegna þjófnaðar á síma D.

Reykjavík, 10. apríl 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 97/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Árekstur á Langholtsvegi við Álfabrekku, hinn 9. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 15.3.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 30.4.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 9. febrúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B, með þeim afleiðingum að bifreiðarnar skemmdust talsvert og slys urðu á farþegum í bifreið A. Lögregla var kölluð til og samkvæmt lögregluskýrslu voru atvik, samkvæmt M, sem ók bílaleigubifreiðinni A umrætt sinn, þau að hann var að aka veginn til suðurs þegar hann sá allt í einu bifreið B aka á talsverðum hraða eftir miðjum veginum. Báðir ökumenn hefðu nauðhemað en ekki náð að stöðva bifreiðarnar svo að þær rákust saman. Þá hefði útsýni verið nokkuð skert þar eð þriðja bifreiðin var kyrrstæð í vegarkanti, á vegarhelmingi bifreiðar B. Samkvæmt ökumanni bifreiðar B ók hann veginn til norðurs og þegar hann ók upp brekku sá hann bifreið A á miðjum veginum. Vegna hinnar kyrrstæðu bifreiðar hafi hann ekki getað sveigt til hægri framhjá bifreið A og þá hafi hann ekki náð að stöðva bifreiðina í tæka tíð. Hann hafi ekið á 60-70 kílómetra hraða á klukkustund í aðdraganda árekstursins. Samkvæmt lögregluskýrslu var snjóþekja og svell á vegi á slysstað.

Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skiptist til helminga þar eð ósannað væri með stöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstursins.

M er ósáttur við þá niðurstöðu og telur sig ekki bera ábyrgð á árekstrinum, enda hafi hann ekið í samræmi við aðstæður og gætt fyllstu aðgæslu. Jafnframt tekur M fram að megi á einhvern hátt rekja áreksturinn til vanbúnaðar bifreiðar A hljóti það að vera á ábyrgð bílaleigunnar sem eiganda hennar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið muni ekki skila sérstökum athugasemdum í málinu enda sé það vátryggjandi beggja bifreiða. Bréfi V fylgir þó yfirlýsing frá ökumanni bifreiðar B, þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að bifreið A hafi verið á vitlausum vegarhelmingi þegar bifreiðarnar rákust saman og að hæpið sé að til árekstrar hefði komið hefði bifreið A verið búin betri hjólbörðum.

Álit:

Af frásögn ökumanna í lögregluskýrslu má ráða að báðar bifreiðarnar hafi verið á miðjum vegi í aðdraganda árekstursins. Þá er ljóst að akstursskilyrði voru slæm og þrengsli vegna kyrrstæðrar bifreiðar gerðu ökumönnum erfitt um vik að mætast. Ekki verður hins vegar fullyrt um að bifreið A hafi verið á vitlausum vegarhelmingi þegar til árekstrar kom, enda segir ekkert um það í lögregluskýrslu, né að ástand hjólbarda hennar hafi leitt til þess að bifreiðarnar skullu saman. Eins og málið liggur fyrir verður því ekki ráðið hvor ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

M ökumaður bifreiðar A ber helming sakar og ökumaður bifreiðar B ber helming sakar.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 98/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og sama félag vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Bugðusíðu, Akurevri, 4.2. 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 12.3.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 1.4.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Að morgni hins 4. febrúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B á Bugðusíðu. Atvik voru þau að bifreið A, sem M ók, var ekið norður Bugðusíðu eftir að hafa verið beygt frá Arnarsíðu, þegar hún lenti aftan á bifreið B, sem var þá kyrrstæð við gangbraut. Ökumaður bifreiðar B heldur því fram að hann hafi gætt vel að allri umferð á bakvið sig áður en hann stöðvaði bifreiðina til að hleypa út farþega. Bifreið A hafi skyndilega skolið aftan á bifreið hans og því ljóst að ökumaður hennar hafi verið með athyglina við annað. Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður bifreiðar A, M, bæri einn ábyrgð á árekstrinum.

M er ósátt við þá niðurstöðu og telur að ökumaður bifreiðar B hafi snögghemlað við gangbraut í þeim tilgangi að hleypa út farþega. M tekur fram að umrædd gangbraut sé aðeins 5-7 metra frá innkeyrslu á bifreiðastæði og að það hefði verið hægur vandi fyrir ökumann bifreiðar B að keyra þangað, fremur en að stöðva bifreiðina uppi á hraðahindrun sem einnig er gangbraut. Máli sínu til stuðnings vísar M til 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og a-liðar 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

Í bréfi V, sem er váttryggjandi beggja bifreiða, til nefndarinnar kemur fram að váttryggingafélagið skili ekki athugasemdum vegna málsins.

Álit:

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja að ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig eða hagað akstri sínum í samræmi við 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga umrætt sinn. Þannig hafi hann ekki gætt að því að aka svo langt frá ökutæki B að ekki væri hætt á árekstri þótt bifreið B væri stöðvuð eða dregið úr hraða hennar. Verður því ekki séð að það sé orsakasamband milli þess hvar bifreið B var stöðvuð og þess að til ákeyrslu kom. Þannig breytir það ekki niðurstöðunni þó ökumanni bifreiðar B hafi verið óheimilt að stöðva bifreiðina á gangbraut, sbr. a-lið 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga. Verður með hliðsjón af framansögðu að telja að M, ökumaður bifreiðar A, beri alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

M ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 16. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 99/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X - vinnuslys****Gögn**

Málskot, dags. 13.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.3.2019, ásamt tölvupóstsamskiptum X og V.

Bréf M, dags. 3.4.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi við vinnu sína verið að stíga niður úr tröppu, eftir að hafa losað um mótur sem var verið að undirbúa að taka niður og þá fallið um steiptan kant og orðið fyrir líkamstjóni hinn 1. júlí 2019.

M telur að líkamstjón sitt megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna við vinnu hans og að ekki hafi verið farið eftir fyrirmælum um fyrirkomulag og öryggi vinnu hans og vísar til ákvæða í lögum nr. 46/1980 máli sínu til stuðnings, sem og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og viðauka við hana. M bendir einnig á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins eins og skylt sé skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði X að bera hallann af því að vettvangur hafi ekki verið rannsakaður. M telur að það vinnufyrirkomulag að hann hafi þurft að nota stiga til að vinna það verk sem hann var að vinna sé saknæmt í sjálfu sér, eftir slysið hafi það verklag verið tekið upp að nota skotbómu í stað stiga eða tröppu og sé það verklag öruggara en að nota stiga eins og M hafi þurft að gera.

V telur að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi af hálfu X. Þar sem M hafi verið að vinna hafi ekki verið hægt að nota skotbómulyftara til að komast að þeim móturum sem M var að losa þar sem búið hafi verið að tjalda yfir verksvæðið. Einnig telur V að ekki sé sýnt að M hafi dottið vegna þess að trappan sem hann hafi notað hafi verið ótrygg, auk þess sem ekki sé sýnt að notkun tröppu við þessar aðstæður hafi verið óforsvaranleg. M hafi fengið fræðslu um þær hættur sem geti fylgt því að vinna verk með tröppum og fræðsludagskrá X sé umfangsmikil ásamt því að öryggis- og heilsumál séu rædd á reglulegum starfsmannafundum. V telur einnig að atvik á slysdagi hafi ekki verið þannig að tilkynningarskylda til Vinnueftirlitsins hafi orðið virk, M hafi ekki orðið óvinnufær fyrr en 4. júlí 2016 og þá hafi slysið strax verið tilkynnt. Einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt að einkenni M í baki séu öll hægt að rekja til slyssins 1. júlí 2016.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins var M að stíga niður úr tröppu, eftir að hafa verið að losa tvo mótora í spennuvirki, þegar hann missti jafnvægið og datt aftur fyrir sig. Rannsókn á aðstæðum á slysstað fór ekki fram af hálfu Vinnueftirlitsins, af gögnum málsins verður ekki ráðið að skylda til tilkynningar slyssins hafi vaknað fyrr en við óvinnufærni M hinn 4. júlí 2016. Í ljósi þess að X sendi tilkynningu á þeim tíma verður ekki talið tilkynningarskylda hafi verið vanrækt. Auk þess verður ekki heldur séð að ágreiningur sé um þau málsatvik að M hafi fallið þegar hann steig niður úr stiga eða tröppu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að aðstæður hafi verið þannig að óforsvaranlegt hafi verið að nota slíkan stiga/tröppur við verkið sem M vann og heldur ekki að aðstæður hafi verið þannig að nauðsynlegt hafi verið að nota aðrar aðferðir til að komast að þeim móturum sem M þurfti að komast að. Fall hans varð ekki við það að losa móturana heldur þegar hann steig niður af þrepi stiga og gætti ekki að því að steiptur kantur var við fætur hans. Ekki verður séð að X geti borið skaðabótaábyrgð vegna slíkra atvika og M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 100/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar rafverktaka.****Ágreiningur um hvort tjón af völdum mistaka við tengingu í rafmagnstöflu fáist bætt úr ábyrgðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, móttekið 14.3.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 4.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði unnið sem rafverktaki samkvæmt verksamningi við byggingu hjúkrunarheimilis í sveitarfélaginu A, en byggingarverktaki var verktakafyrirtækið B. Verkið sem M mun hafa tekið að sér samkvæmt verksamningnum fólst m.a. í uppsetningu rafmagnstöflu og lampa. Samkvæmt málskoti lauk byggingarframkvæmdum í ágúst 2018 og mun byggingin þá hafa verið tekin yfir af A og gert upp við M vegna starfa hans við bygginguna. Hinn 5. september 2018 var M beðinn af B að breyta töflum í húsinu. Við þá vinnu hinn 27. sama mánaðar urðu starfsmanni M á þau mistök að gleyma að tengja svo kallaðan „núll tengivír“ áður en hann setti straum á töfluna. Mun það hafa leitt til þess að spenna var of lág sem olli skemmdum á lömpum og búnaði.

M hefur krafist þess að það tjón sem starfsmaður M olli umrætt sinn og M ber skaðabótaábyrgð á gagnvart A verði bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig ákvæði í váttryggingarskilmálum þar sem segir að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

Ekki verður séð að því hafi verið mótmælt sérstaklega að verklok hafi verið í ágúst 2018 og byggingin hafi þá verið afhent A til umráða. Þykir því mega byggja á því að M hafi verið búinn að ljúka störfum sínum og afhenda verkið þegar hann var kvaddur til að nýju gagngert til að gera tilteknar breytingar í töflu. Umrætt sinn var starfsmaður M því ekki setja gera við, setja upp eða vinna að öðru leyti við þá lampa eða annan búnað sem eru utan þeirrar töflu sem starfsmaðurinn vann við. Eru því ekki skilyrði fyrir hendi til að fella tjónsatvikið undir fyrrgreint undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna. Verður því að telja að tjónið falli undir bótasvið ábyrgðartryggingarinnar og því beri V að bæta tjónið úr umræddri ábyrgðartryggingu sem M hefur í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M njóta váttryggingarverndar samkvæmt ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 101/2019**M og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Krókháls í Reykjavík, þann 20.2.2019.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 12. mars 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 1. apríl 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V2, dags. 17. apríl 2019.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani við Krókháls í Reykjavík þann 20. febrúar 2019. Samkvæmt tjónstilkynningu frá eiganda A hafði hann lagt bifreið sinni í stöðureit á bifreiðastæðinu. Mikill klaki var á bifreiðastæðinu og þegar hann kom að bifreiðinni hafði hún runnið til á ís og lent utan í B, sem var mannlauus við hliðina á A. V1 hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að atvikið félli ekki undir hina hlutlægu ábyrgðarreglu í 1. mgr. 88. gr. umferðarlag nr. 50/1987 (UFL) þar sem ekki var um notkun á ökutækinu að ræða þegar tjónið varð.

M telur tjónið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu sem eigandi A var með hjá V1, m.a. á þeirri forsendu að það hafi verið vítavert gáleysi af hálfu ökumanns A að leggja bílnum þannig að hætta væri á að hann gæti runnið á B. Hann telur einnig að skemmdir á B hafi komið þegar A var ekið í burt en ekki þegar hann rann á B.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telur tjónið ekki bótaskyldt á grundvelli 1. mgr. 88. gr. UFL þar sem bifreiðin hafi ekki verið í notkun þegar tjónið varð. Félagið telur jafnframt að tjónið sé ekki bótaskyldt á grundvelli 89. gr. UFL þar sem ljóst sé að bifreiðin rennur til hliðar vegna hálfu og tjónið verði því ekki að neinu leyti rakið til sakar ökumanns A, heldur sé um óhappatilvik að ræða. Í tölvupósti V2 eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir að öðru leyti en því að óskað er eftir því að afstaða sé tekin til þess hvort tjónið á B megi rekja til notkunar A.

Álit

Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónið hafi orðið er A var ekið í burtu og bílarnir aðskildir og verður því að miða við að tjónið hafi orðið er A rann, mannlauus og ekki í gangi, á klaka á B. Það atvik verður ekki felld undir notkun ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. UFL og er atvikið því ekki bótaskyldt á grundvelli þess ákvæðis. Þá hefur ekki verið sýnt fram að tjónið megi rekja til sakar ökumanns, en sönnunarbyrði um það hvílir á eiganda B. Tjónið er því heldur ekki bótaskyldt á grundvelli 89. gr. UFL. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu ökumanns A hjá V1.

Niðurstaða.

Tjón á B bættist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 102/2019**M og
V1 v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra og
V2 v/fasteignatryggingar.****Ágreiningur um upphafstíma fyrningarfrests vegna starfa byggingarstjóra og viðbrögð
vátryggingafélags vegna tjónstilkynningar.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.3.2019.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 8.5.2019 ásamt fylgigögnum varðandi fyrirspurnir um lokaúttekt.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynntu um tjón til V2 hinn 26. febrúar 2017 þegar þakkantur á húsi þeirra gaf sig undan snjóþunga. Í 8. gr. vátryggingarskilmála félagsins vegna fasteignatryggingar kemur fram að vátryggingin bæti tjón sem afleiðing af skyndilegum snjóþunga en ekki tjón sem er afleiðing af byggingargalla eða ófullnægjandi viðhaldi. Félagið hefur með yfirlýsingu í bréfi þess til nefndarinnar í lok mars sl. lýst því yfir að fallist hafi verið á bótaskyldu vegna þess tjóns sem varð vegna þess að þakkanturinn gaf sig í febrúar 2017. Ekki verður því talið að ágreiningur sé um bótaskyldu úr fasteignatryggingu V2. Af gögnum málsins má hins vegar ráða að við tjónsatvikið í febrúar 2017 hafi M orðið ljóst að þakkantur húss þeirra væri ranglega byggður og sjái þau fram á kostnað við að endurnýja hann að fullu og sé það meiri kostnaður en einungis viðgerð vegna tjónsins sem þá varð. M bendir í því skyni á ódags. úttekt sem framkvæmd hafi verið af húsasmíðameistara og byggingarverkfræðingi og lögð hefur verið fram í málinu, um að þakkantur hafi ekki verið smíðaður í samræmi við teikningar hússins.

M telur annars vegar að V2 beri ábyrgð á þeim heildarkostnaði þar sem starfsmenn félagsins hafi ekki bent M á að sækja mögulegan rétt sinn í starfsábyrgðatryggingu byggingarstjóra hússins fyrr en rúmu ári eftir að tjón var tilkynnt til félagsins.

M telur einnig að byggingarstjóri hússins beri skaðabótaábyrgð vegna þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við teikningar. M telur kröfu á hendur byggingarstjóranum ekki fyrnda og vísar til þess að lokaúttekt hafi ekki farið fram á húseigninni m.v. upplýsingar frá byggingaryfirvöldum.

V1 telur að skaðabótakrafa M á byggingarstjóra húseignar þeirra sé fyrnd og vísar þar til þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, en ljóst sé að þær framkvæmdir sem lutu að uppsetningu þakvirkis hússins hafi verið lokið í síðasta lagi í desember 2007 þegar byggingin komst á svokallað byggingarstig 6. V1 vísar til þess að gjalddagi skaðabótakröfu sé almennt þegar hún stofnast en sá tímapunktur sé þegar hin meinta bótaskylda háttsemi á sér stað. V1 vísar þar til dóma Hæstaréttar í málum réttarins nr. 519/2015 og 571/2016 þar sem slík túlkun réttarins kemur skýrlega fram í sambærilegum málum. Tíu ára fyrningarfrestur sem kemur fram í 4.gr. laga nr. 14/1905 hafi því byrjað að líða í samræmi við 1. mgr. 5. gr. sömu laga í síðasta lagi á árinu 2007 og hafi möguleg krafa M því fyrnst í síðasta lagi í lok árs 2017. Þannig geti ekki komið til greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V1.

V2 mótmælir kröfum og sjónarmiðum M og vísar til þess að það sé ekki aðili að mögulegu máli sem felur í sér skaðabótakröfu á hendur byggingarstjóra húseignar þeirra og telur starfsmenn félagsins ekki hafa getað haft áhrif á hvort M hefðu uppi slíka kröfu. V2 mótmælir því að viðbrögð starfsmanna félagsins hafi verið þess eðlis að þeir hafi átt að leiðbeina M um slíkar mögulegar kröfur þeirra. Auk þess bendir félagið á að nefndina skorti heimildir til að úrskurða um mögulega skaðabótaábyrgð V2 þar sem slíkur ágreiningur eigi ekki undir nefndina.

Álit.

Ágreiningur í málinu er tvíþættur og varðar annars vegar upphafstíma fyrningar vegna mögulegrar skaðabótakröfu á hendur byggingarstjóra á þeim grundvelli að þakkantur húss M hafi ekki verið byggður í samræmi við teikningar húss þeirra. Ljóst er af gögnum málsins að eftirlit byggingarstjóra með þeim byggingarframkvæmdum sem varða gerð þakkants hefði átt að eiga sér stað á árinu 2007 í síðasta lagi, en í desember það ár var gefið út vottorð af hálfu byggingaryfirvalda um að svokölluðu byggingarstigi 6 væri náð, en slíku stigi er ekki náð fyrr en byggingarstigi 5 er náð og þar kemur fram í staðli um byggingarstig húsa (ÍST 51) að þakvirki sé þá lokað af að utan með endanlegri klæðningu. Ljóst er því að um leið og húseign nær byggingarstigi 6 þá hafi öðrum stigum á undan einnig verið náð. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins og þágildandi ákvæðum laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 hófst 10 ára fyrningarfrestur mögulegrar skaðabótakröfu M því í síðasta lagi í desember 2007 og möguleg krafa M því fyrnd. Ekki hefur því stofnast greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V1 og með vísan til dómaframkvæmdar verður ekki litið svo á að það að vitneskja M um mögulegt tjón hafi ekki komið til fyrir en á árinu 2017 hafi áhrif á túlkun á upphafi fyrningarfrests.

Hvað varðar kröfur M á hendur V2, lúta þær að því að M telur að starfsmenn félagsins hefðu átt að upplýsa um mögulegan bótarétt úr starfsábyrgðartryggingu byggingastjóra og beina M í rétta átt með slíka kröfu áður en hún gæti fyrnst. Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild stjórnartíðinda, kemur fram í 3. gr. að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi, sem og ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Af kröfum M á hendur V2 má ráða að M telji að skaðabótaskylda gæti verið fyrir hendi af hálfu félagsins vegna háttsemi starfsmanna þess. Ekki er um að ræða sérstaka váttryggingu sem gerð er krafa um bótaskyldu í. Þegar litið er til orðalags 3. gr. fyrrnefndra samþykktta verður að líta svo á að þar sé gert ráð fyrir því að nefndin taki afstöðu til bótaskyldu úr váttryggingu þegar ágreiningur er milli málskotsaðila og váttryggingafélags, en ekki vegna krafna sem varða mögulega skaðabótaskyldu váttryggingafélags. Það er þó rétt að taka fram að þó orðalag 3. gr. samþykktta fyrir nefndina sé túlkað með viðtækari hætti en það þá er ekki hægt að fallast á að M hafi sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu af hálfu V2 séu fyrir hendi í skilningi almennra reglna skaðabótaréttarins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 og ekki eru fyrir hendi skilyrði bótaskyldu í ágreiningi M við V2.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 103/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um sök þegar ekið var á hross í Bólstaðarhlíðarbrekku hinn 22.12.2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 14.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 26.03.2019.

Málsatvik.

Hinn 22. desember 2018 varð tjón á bifreið í eigu M þegar henni var ekið á hross sem hljóp fyrir bifreiðina á hringveginum í Bólstaðarhlíðarbrekku, Húnaþingi eystra. Lögregla var kölluð á vettvang og vegna umfangsmikils tjóns á bifreiðinni þurfti að draga hana af vettvangi. Þá var hesturinn, sem reyndist fótbrottinn, aflífaður í samráði við eiganda hans. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að bifreiðinni hafi verið ekið á 70 – 80 km hraða á klukkustund þegar vart varð við hrossið. Ökumaður hafi þá reynt að hemla og aksturshraði bifreiðarinnar verið 50 - 60 km á klukkustund þegar hrossið lenti á henni.

M kvartar yfir því að V, sem er váttryggjandi bifreiðarinnar, telji hann bera hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni sem varð. Máli sínu til stuðnings vísar M til 50. gr. vegalaga nr. 80/2007, og telur að lausaganga búfjár hafi verið bönnuð á slysstað, enda hafi verið girt beggja vegna vegar. Við þær aðstæður beri eigandi hrossins sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi við vörslur þess. Þá áréttar M að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki sýnt af sér neina þá hegðun við aksturinn sem meta megi til sakar. Því beri M ekki hlutlæga ábyrgð vegna þess tjóns sem hlaut af atvikinu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V að lausaganga búfjár sé ekki bönnuð í Húnaþingi eystra, hins vegar sé byggt á því í málskoti að hún sé, á grundvelli 50. gr. vegalaga, bönnuð á slysstað. Því sé V ósammála, enda geri umrædd lagagrein ráð fyrir því að lausaganga sé aðeins bönnuð ef girt er báðum megin vegar og lokað fyrir ágangi búfjár t.d. með ristarhliði. Þannig þurfi vegurinn að vera þannig úr garði gerður að búfé komist ekki að honum. Svo hafi ekki verið háttáð í þessu tilviki enda séu engin ristarhlið á umræddum vegarkafli. Því sé ekki sýnt fram á að umrædd lagagrein eigi við. Þá tekur V fram að jafnvel þó lausaganga búfjár væri óheimil á umræddu svæði þyrfti eftir sem áður að sýna fram á saknæma háttsemi eiganda við vörslur hrossins, en slík sönnun hefði ekki tekist.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar má lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Kemur þá til skoðunar hvort sýnt hafi verið fram á að eigandi hrossins hafi umrætt sinn sýnt af sér þá saknæmu háttsemi að leitt geti til brottfalls bótaréttar. Ákvæði 50. gr. vegalaga felur í sér að lausaganga búfjár á stofnvegum og tengivegum sé bönnuð þar sem girt er báðum megin og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Gegn skýru orðalagi ákvæðisins verður það ekki túlkað á annan hátt en þann að bæði þessi skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Eins og málum háttar hér hefur ekki verið sýnt fram á að svo sé og því ósannað að lausaganga búfjár sé bönnuð þar sem umrætt atvik átti sér stað. Jafnvel þó svo væri liggur ekkert fyrir um það að eigandi umrædds hross hafi sýnt af sér gáleysi við vörslur þess, en lítið er upplýst um atvik að baki umræddu atviki.

Með hliðsjón af framansögðu verður því ekki séð að efni séu til að beita 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga og líta verður svo á að hlutlæg ábyrgðarregla 1. mgr. eigi við.

Niðurstaða.

Kröfum M á hendur V er hafnað.

Reykjavík 30. apríl 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 104/2019**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við líkamstjón vegna falls í stiga 28.8.2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 15. mars 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25. mars 2019.

Málsatvik.

Í tilkynningu M til V dags. 27. október 2017 kemur fram að hún hafi dottið í stiga fyrir framan heimili sitt 28. ágúst 2016 og þar fengið högg á mjöðm. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi ekki leitað til læknis vegna afleiðinga fallsins, en leitað á slysideild 8. desember 2016 vegna verkja í hálsi og herðum og þá minnst á fallið í stiganum. Tveimur dögum síðar hafði hún einnig farið á slysideild vegna bakverkjar.

M telur að einkenni sem hún finnur nú fyrir í baki/lendahrygg séu vegna fallsins 28. ágúst 2016 og greiða eigi bætur úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar vegna þess. M telur að sannað sé að orsakatengsl séu milli fallsins og einkenna hennar, hún hafi verið í sjúkraþjálfun vegna þeirra og ástæða þess að hún hafi ekki leitað til læknis strax eftir fallið hafi verið sú að hún hafi verið með verki í liðum eftir fæðingu barns árið 2015 og fyrst um sinn hafi einkenni blandast eitthvað saman.

V telur orsakatengsl ósönnuð milli þeirra einkenna sem M býr við og fallsins í stiganum í ágúst 2016. V bendir á að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en um þremur mánuðum eftir tjónsatburðinn þannig að engin samtímagögn liggja fyrir um einkenni hennar. Þegar hún hafi leitað til læknis í desember 2016 hafi það verið vegna verkja í hálsi og herðum, en ekki minnst á bakverki fyrr en tveimur dögum síðar.

Álit.

Ekki er ágreiningur í málinu um að M hafi fallið í stiga hinn 28. ágúst 2016. Ágreiningur er hins vegar um hvort það fall hafi leitt til líkamstjóns. Sönnunarbyrði um afleiðingar fallsins hvílir á M og þau gögn sem liggja fyrir um líkamstjón hennar eru ekki óyggjandi um að rekja megi einkenni hennar nú til fallsins. Þar er helst til þess að líta að nokkur tími leið frá fallinu þar til M leitaði læknishjálpar, einkenni eru almenn og ekki liggur fyrir læknisfræðilegt mat á því að þau sé hægt að rekja til fallsins. Verður því ekki fallist á að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 105/2019**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs í hringtorgi 22. desember 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 17.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 1.4.2019.

Tölvupóstur V1, dags. 17.4.2019.

Málsatvik.

Á framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, kemur fram að bifreið A hafi verið ekið inn í hringtorg og í vinstri beygju í aðdraganda áreksturs og bifreið B hafi einnig verið ekið í vinstri beygju og lent á bifreið A á sömu akrein þegar bifreiðin rann í hálku. Teikning á sömu tjónstilkynningu sýnir að árekstur varð í hringtorgi. Ökumaður bifreiðar A lýsir atvikum þannig í tölvupósti dags. 17. febrúar 2019 að hún hafi verið komin inn í hringtorgið þegar ökumaður bifreiðar B hafi misst stjórn á bifreið sinni og þannig hafi hún runnið á bifreið A og ökumaður bifreiðar B hafi viðurkennt sök sína á vettvangi. Ökumaður bifreiðar B segir í handskrifaðri skýrslu sinni dags. 15. febrúar sl. að hún hafi verið aka í hringtorginu þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið bifreið sinni inn í hringtorgið í veg fyrir bifreið B og hafi hún því þurft að hemla og vegna hálku hafi bifreiðarnar lent saman.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi misst stjórn á bifreið sinni í hálku. V1 tekur undir sjónarmið M og telur meginorsök árekstursins vera hægt að rekja til ógætilegs aksturslags ökumanns bifreiðar B en til vara að skipta eigi sök til helminga.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A (M) beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi ekki, við akstur inn í hringtorgið, veitt bifreið B forgang eins og henni bar skv. ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem komi fram að sá sem ætli að aka inn á veg skuli veita umferð um veginn forgang ef það sé gefið til kynna um umferðarmerki.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að við akstur inn á veg í hringtorgi því sem árekstur varð ber þeim sem ekur inn í hringtorgið að veita umferð um hringtorgið forgang vegna umferðarmerkis um biðskyldu, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi á M sem ökumanni bifreiðar A m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu. Ágreiningur málsins snýr að því hvort M hafi virt slíkan forgang nægilega og áreksturinn megi frekar rekja til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B sem ekki gat stöðvað bifreið sína áður en hún lenti á bifreið A. Vegna skýrra lagafyrirmæla um forgang bifreiðar B við akstur um hringtorgið verður að leggja sönnunarbyrði á M um að hún sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt þess nægilega vel að veita umferð um hringtorgið forgang þegar hún ók inn í það. Í málinu liggur ekki fyrir að sjónarvottar geti borið um fjarlægð milli bifreið þegar bifreið A var ekið inn í hringtorgið eða aðstæður sem leiða til þeirrar niðurstöðu að sannað sé að M hafi gætt þess forgangs. Verður að leggja hallann af slíkum sönnunarskorti á þann sem átti að veita forgang skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ber ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum og ekki er sannað að hann verði rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 106/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar stíflulosunarþjónustu.****Ágreiningur um bótaskyldu er vatn flæddi inn í stigahús fjöleignarhúss er unnið var við að losa stíflu í niðurfalli frá þaki hússins.****Gögn.**

Málskot, móttekið 6.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bref V, dags. 2.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vatn hafði safnast upp á flötu þaki fjöleignarhúss M vegna stíflu í niðurfalli frá þakinu og 19. nóvember 2018 var A fengin til að losa um stífluna. Vildi þá til að niðurfallsrör mun hafa farið í sundur með þeim afleiðingum að vatnið lak niður af þakinu og inn í stigahús og olli þar skemmdum.

A hefur í gildi ábyrgðartryggingu hjá V og í tilkynningu M um tjónið til V, dags. 20. nóvember 2018, kemur fram að starfsmaður A hafi verið að vinna við stíflulosun á þakinu en hann hafi beitt of harkalegum aðferðum því hann hafi ýtt samsetningu niðurfallsins í sundur þannig að vatn hafi flætt óhindrað inn í sameign og valdið þar skemmdum á loftaklæðningu, teppi og e.t.v. fleiru. Hafi vinnubrögð við stíflulosunina ekki verið í samræmi við góðar venjur. Hafi rör sem verið var að vinna við óvart verið tekið í sundur vegna slæmra vinnubragða.

Í tilkynningu til V, dags. 24. nóvember 2018, af hálfu þess starfsmanns A sem annaðist stíflulosunina, kemur fram að ekki hafi tekist að losa stífluna þar sem einhver aðskotahlutur hafi verið í lögninni frá niðurfallinu. Taldi hann útilokað að hann hafi skemmt rörið frá niðurfallinu með þeim búnaði sem hann hafi notað. Slíkt hafi ekki verið hægt, enda hafi verið um að ræða viðukenndan búnað til þessara verka. Hefur hann lýst þessum búnaði nánar þannig að um hafi verið að ræða 1/8“ slöngu með litlum háþrýstispiss framan á sem „dregur sjálfan sig eftir rörinu“ í átt að stíflunni. Niðurfallið hafi verið opið þannig að enginn þrýstingur hafi myndast inni í rörinu til að taka það í sundur. Slangan sé alltaf laus í rörinu og geti aldrei orsakað það að lögnin dragist í sundur. Þá kveður starfsmaður A að fulltrúi M á staðnum hafi tjáð sér að áður en hann kom hafi smiðir sem þarna hafi verið við vinnu reynt að losa stífluna með einhverjum verkfærum (græjum) og taldi hann frekar ástæðu til að ætla að eitthvað hafi gerst við það, enda hafi verið farið að leka niður í stiganginn áður en hann kom og þar hafi verið bali til að taka við vatni af þakinu. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Í málskoti M segir að smiður hafi verið að vinna við glugga fyrir á árinu. Lekinn, sem hafi verið fyrir, hafi samsvarað einum litlum bala sem hafi verið á staðnum eftir að lítills háttar vatn hafi komið inn frá glugga eftir „eitt af stórviðrunum sem voru þessa vikuna á undan.“ Enginn leki hafi verið af þakinu inn á stigaganginn eða í lofti né ummerki um leka áður en starfsmaður A kom á staðinn.

Álit.

Engin skýr gögn liggja fyrir um það hvað nákvæmlega gerðist er samsetning á niðurfallsrörinu á að hafa farið í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi af þakinu inn í stigaganginn og hvernig það átti að geta gerst með þeim tækjabúnaði sem starfsmaður A notaði við að reyna að losa um stífluna. Á sama hátt skortir skýr sönnunargögn, svo sem skoðunar- eða matsgerð sérfróðs aðila, um það að atvikið megi rekja til þess að umræddur starfsmaður hafi beitt harkalegum eða að öðru leyti óforsvaranlegu verklagi við stíflulosunina. Verður þannig talið ósanntað samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að tjónið megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Hjörleifur Gíslason lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.

Mál nr. 107/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot dags. 13.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-11.

Bréf V dags. 28.03.2019 ásamt tveimur fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 22. febrúar 2018 skarst M á hendi þegar hann var við vinnu sína hjá A. Af atvikalýsingum sem fram koma í tjonstilkynningu til V, dags. 2. mars 2018, tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 22. febrúar 2018 og í tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 4. apríl 2018, má ráða að atvik hafi verið þau að M ætlaði í hádegismat þegar hann staldraði við hjá X, samstarfsmanni sínum. X hafi þá farið að gantast í, eða hrekkja M, og gleymt því að hann héldi á dúkahníf í vinstri hendi. Hafi M borið hendi fyrir sig til að varna frekari hrekkjum en við það skorist á áðurnefndum dúkahníf.

Samkvæmt greinargerð M, sem er meðal gagna málsins er nánari atvikalýsing sú að X hafi gert sig líklegan til að snerta hann, en X hafi átt vanda til að snerta samstarfsmenn sína og kitla eða hrekkja þá með ýmsum hætti, þegar hann gekk framhjá starfsstöð hans, og hann þá borið hönd fyrir sig til að stöðva þann leik hans. Hafi þá X slegið með vinstri hendi til hans með þeim afleiðingum að hann skarst á handarbaki, en X hafi verið með dúkahníf í vinstri hendi.

Greinargerð X er hins vegar á þá vegu að hann hafi gripið létt í yfirhöfn M, og M þá slengt hægri hendi í dúkahnífinn sem X hélt á með þeim afleiðingum að M skaddaðist á hendi.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að tjónið hafi orðið vegna gáleysis X, sem lagði ekki frá sér hnífinn sem hann hafði verið að nota við vinnu sína. Það hljóti að teljast eðlilegt að leggja frá sér slík verkfæri þegar höfð séu samskipti við samstarfsmenn, sér í lagi ef til standi að grípa í þá eða snerta á einhvern hátt. Þá hefðu samskipti M og X, sem hófust með umræðu um hvort ekki væri kominn hádegismatur, rúmast innan eðlilegs starfs þeirra hjá A sem vinnuveitanda. Þá mótmælir M atvikalýsingu X, enda þurfi kraft og hraða til að valda svo djúpum og löngum skurði með dúkahníf. Miðað við afleiðingarnar sé því útilokað að atvik hafi verið þau að M hafi sjálfur slengt hendinni í dúkahnífinn. Þá gerir M athugasemdir við að atvikið hafi ekki samstundis verið tilkynnt Vinnueftirlitinu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar mótmælir V atvikalýsingu M enda sé X ósammála henni. Þannig hafi atvik verið þau að eftir að X hafi gripið í yfirhöfn M hafi M slegið frá sér með hægri hendi sem lent hafi á dúkahníf sem X hafi verið að nota við vinnu sína með þeim afleiðingum að M slasaðist á hendinni. Þar sem um orð á móti orði sé að ræða hefði sérstök rannsókn Vinnueftirlitsins ekki breytt neinu í þeim efnunum, en engin vitni hafi orðið að atvikinu. Samkvæmt lýsingu X hafi verið um óhappatívilik að ræða og M hafi ekki fært sönnur á annað. Jafnvel þó byggt væri á atvikalýsingu M væri heldur ekki um bótaskyld atvik að ræða, enda hrekkir og kitl langt utan við starfssvið X og líkamstjóni því ekki valdið við framkvæmd starfs. Væri því bótaskylda úr umræddri vátryggingu ekki fyrir hendi.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X, starfsmanns A. Ljóst er að ágreiningur er um hvernig það atvikaðist nákvæmlega að M skarst á hendinni. Hins vegar ber X og M saman um að samskipti þeirra hafi hafist með umræðu um hvort kominn væri hádegismatur. Verður að telja að samræður um hádegismat hafi verið í eðlilegum tengslum við starf M og X hjá A. Jafnframt bera gögn málsins með sér að X hafi verið að vinna með dúkahníf á starfsstöð sinni, þegar M gaf sig á tal við hann. Verður að meta X það til gáleysis að hafa ekki lagt frá sér opinn dúkahníf sem hann hafði verið að nota við vinnu sína meðan á samskiptum hans við M stóð, þá ekki síst fyrst þau samskipti fólu í sér snertingu að frumkvæði X. Verður samkvæmt

framansögðu að telja að líkamstjón M sé hægt að rekja til gálýsis X og að tjónið hafi orðið í nægilegum tengslum við starf X, þannig að A ber ábyrgð skv. reglunni um vinnuveitendaábyrgð á líkamstjóni M. Samkvæmt framansögðu er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 108/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð pípulagningameistara vegna vinnu við pípulagnir.****Gögn.**

Málskot móttakið 19. mars 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 9. apríl 2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti M var pípulagningameistari á vegum X fenginn til að tengja frárennslislagnir frá vaski og uppþvottavél í vaskaskáp í húsnæði M. Fram kemur í málskoti að nokkuð þröngt hafi verið í kring um lagningar og að blöndunartæki M hafi verið með útdraganlegum vatnshaus með lóði á vatnleiðslunni. Segir hann lóðið hafa átt það til að banka í lagnirnar og flækjast í þeim. Nokkrum vikum eftir uppsetningu lagnanna hafi M verið að vaska upp og tekið eftir því að vatn var að renna undan sökkli eldhúsinnréttingarinnar. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að vatnslás undir vaskinum hafi farið í sundur. Hann hafi því óskað eftir því við X að þetta yrði lagfært og í kjölfarið hafi starfsmaður X komið og tengt vatnlásinn aftur með sama hætti og áður. M kveðst hafa gert athugasemdir við starfsmanninn um að lagnirnar væru tengdar með sama hætti en hann hafi þrátt fyrir það engar breytingar gert á legu lagnanna. Daginn eftir kveðst M hafa kannað vatnslásinn og séð að hann var mjög óþéttur og lekur. Hann hafi því óskað eftir því við X að annar starfsmaður þeirra kæmi og lagfærði lagnirnar. Annar starfsmaður X hafi að lokum komið og breytt legu lagnanna til muna og frágangurinn hjá honum hafi verið betri að öllu leyti. M kveður nokkuð tjón hafa orðið vegna vatnsleka frá frárennslislögnunum. Telur M að tjónið verði rakið til ófullnægjandi frágangs starfsmanna X og gerir þá hann kröfu um að tjónið verði bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, m.a. með vísan til þess að M hafi óskað eftir þess að bakplata yrði sett í skápinn sem hafi verið nokkuð hærri en venjulega tíðkast. Starfsmenn X hafi bent M á að bakplatan væri of há og því gæti verð of þröngt fyrir lagnafrágang og slönguna með lóðinu. Frágangurinn sem var í vaskaskápnnum hafi því verið gerður að skipan M. Tjónið verði þar af leiðandi ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X.

Álit.

Í gögnum málsins eru myndir af frágangi frárennslislagnanna eins og þær voru bæði fyrir og eftir að frágangi þeirra var breytt. Af myndunum að dæma er ljóst að frágangur lagnanna fyrir breytingu var óvandaður. Hefði starfsmanni X mátt vera ljóst að nokkur hætta var á að vatnslásinn myndi liðast í sundur bæði vegna óvenjulegs frágangs og vegna þess að hætta var á að lóð á vatnshaus blöndunartækisins rækist í lögnina. Þá er jafnframt ljóst að auðvelt var ganga frá lögnunum með tryggari hætti, svo sem með því að breyta legu þeirra eða festa þær tryggilega við vegginn með þar til gerðum festingum. Þegar litið er til framangreinds verður ekki annað séð en að vatnstjón M verði rakið til ófullnægjandi frágangs og óvandaðra vinnubragða starfsmanna X. Breytir engu í þessu sambandi að þröngt hafi verið í skápnnum og bakplata hafi hærri en tíðkast í öðrum verkum X.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 109/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 09.04.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 21.03.2019.

Málsatvik.

Málsatvik voru þau að ökutækið A ók aftan á ökutækið B við gatnamót Sæbrautar og Súðavogs. Ágreiningur er um aðdragandan. Samkvæmt atburðarlýsingu Aðstoðar og öryggis sem kom á staðinn var báðum ökutækjunum ekið norður Sæbraut þar sem ökutækið A var á vinstri akgrein og ökutækið B á hægri akrein. Ökutækinu A var ekið yfir á vinstri akrein áður en komið var að framangreindum gatnamótum og stöðvað þar við ljósin. Þá var ökutækinu B ekið aftan á ökutæki A. Tjónanefnd váttryggingafélaganna lagði alla sök á ökumann ökutækisins B á þeim grundvelli að hann hafi upptekið hemlunarvegalengd ökutækisins A. Í málskotinu kemur fram að M sem var ökumaður ökutækisins B hafi skipt um akrein að minnsta kosti fjórum billengdum áður en komið var að gatnamótunum og hafi hann verið búin að draga úr hraða og ökutækið verið stöðvað þegar ökutækið A ók aftan á ökutæki hans. M telur að ökumaður A hafi haft nægt svigrúm til að stöðva ökutæki sitt. Í framburði ökumanns A kemur fram að hann hafi verið á vinstri akrein þegar hann kom að gatnamótunum. Þar hafi komið gult ljós og hafi hann ætlað að fara yfir en ökutækið B hafi þá skipt um akrein fyrir framan hann, hægt ferðina hratt og stöðvað svo við gatnamótin. Hann hafi því ekki náð að stöðva og lent aftan á ökutæki B.

Í bréfi V1 er bent á að samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá sé bifreið M 4,6 metrar sem þýði að samkvæmt framburði M hafi hann skipt um akrein 18,4 metrum áður en komið var að gatnamótunum. Í því samhengi bendir félagið á að óbrotin miðlína sé á milli hægri og vinstri akreinar við gatnamót þau sem um ræðir í um það bil 22 metra frá gatnamótunum. Með vísan til þess telur V1 að M hafi brotið gegn 24. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 þar sem fram komi að hættulegt sé að aka yfir óbrotna miðlinu og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. V1 telur að M hafi með háttsemi sinni valdið hættu sem ökumanni A hafi verið ómögulegt að bregðast við þannig að árekstur varð og ekkert í gögnum málsins gefi tilefni til þess að leggja hluta sakar á hann.

V2 hafði ekki athugasemdir við málskotið.

Álit.

Í framburði M hjá Aðstoð og öryggi kemur fram að hann hafi verið á hægri akrein og fært sig á vinstri akrein rétt áður en hann kom að gatnamótunum. Hann hafi svo stöðvað á gatnamótunum þar sem það var að koma rautt ljós og þá hafi verið ekið aftan á hann. Í 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama sé, ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess. Með vísan til upphaflega framburðar M um að hann hafi fært sig yfir á vinstri akrein rétt áður en hann kom að gatnamótunum þykir verða að líta svo á að hann hafi ekki gætt að 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga og þar með upptekið hemlunarvegalengd ökutækis A. Með vísan til þess ber M alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M ber alla sök á árekstri ökutækjanna A og B.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 110/2019**M og
V vegna skaðatryggingar lausafjár.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr skrifstofu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 20. mars 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 1. apríl 2019.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu í málinu kemur fram að M hafi mætt á lögreglustöð þann 22.12.2018 og tilkynnt um þjófnað á myndavélatösku, sem í var myndavél og þrjár linsur. Fram kemur að töskunni hafi verið stolið einhvern tíma í desember af skrifstofu M í fyrirtæki þar sem hann er framkvæmdastjóri.

M hefur krafist bóta úr skaðatryggingu lausafjár sem M hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis g-liðar 2.1. gr. í skilmálum vátryggingarinnar, sem kveður á um að vátryggingin bætir ekki „*tjón vegna þjófnaðar úr ólæstum híbýlum, bifreiðum og bátum*“. Þá kemur fram í bréfi V til nefndarinnar að V lítur svo á að M hafi brotið gegn varúðarreglum vátryggingarskilmálans um að vátryggðum beri að gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hið tryggða skemmist eða glatist. Í þessu sambandi vísar V til þess að M hafi ekki tryggt að tækin væru ekki aðgengileg fyrir óviðkomandi. M hefur ekki fallist á synjun V og vísar til þess að synjunin byggi á rangri málfarslegri túlkun á orðinu „híbýli“, sem geti skv. skilgreiningu aðeins náð til heimila manna en ekki til vinnustaða. M telur að þar sem þjófnaðurinn hafi farið fram á vinnustað geti félagið ekki borið fyrir sig framangreindu skilmálaákvæði.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst annars vegar um það hvort þjófnaður úr skrifstofurými geti fallið undir skilmálaákvæði sem undanskilur þjófnað úr ólæstum híbýlum og hins vegar hvort M hafi brotið gegn tilgreindu varúðarákvæði vátryggingarskilmálans.

Að teknu tilliti til orðskýringar sem vísað er til af hálfu M og með hliðsjón af almennri málvenju verður að líta svo á að orðið „híbýli“ eigi einungis við um heimili manna. Þar af leiðandi, og með hliðsjón af andskýringarreglu vátryggingarréttar er ljóst að framangreint ákvæði g-liðar 2.1. gr. vátryggingarskilmálans undanskilur ekki þjófnað úr ólæstum skrifstofum á vinnustað.

Í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggður skuli gæta hins vátryggða vel og gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að það skemmist eða glatist. Í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er að finna ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögnum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til vátryggingartaka um tiltekna ráðstafanir.

Við mat á því hvort M hafi brotið gegn umræddri varúðarreglu verður að líta til þess að varúðarreglan sem um ræðir er nokkuð almenns eðlis og felur ekki í sér tiltekin fyrirmæli um það með hvaða hætti vátryggður skuli geyma hið vátryggða. V var hins vegar í lófa lagið að kveða á um það með skýrum hætti. Með hliðsjón af orðlagi varúðarreglunnar og atvikum öllum telst ósannað að M hafi brotið gegn umræddri varúðarreglu vátryggingarskilmálans. Verður V skv. meginreglum vátryggingarréttar að bera hallann af þeim sönnunarskorti. M á því rétt á óskertum bótum.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bóttum úr skaðatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr.111/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Miklubraut, hinn 22. nóvember 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.03.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 01.04.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf V2 dags. 11.04.2019.

Málsatvik.

Að morgni hins 22. nóvember 2018 varð árekstur milli ökutækja A og B. Aðilar kölluðu til Aðstoð og öryggi og tekin var skýrsla af báðum öikumönnum. Í skýrslunni kemur fram að M, sem var ökumaður bifreiðar B umrætt sinn, hafi verið nýbúin að skipta um akrein og að bifreiðin hafi kannski verið á 60 kílómetra hraða á klukkustund, þegar bifreið A var ekið aftan á hana. Samkvæmt frásögn ökumanns bifreiðar A var bifreið hans á 20-30 kílómetra hraða á klukkustund og ekki nægilegt bil á milli bifreiða svo að hann næði að stöðva bifreiðina.

Að beiðni V1, váttryggjanda bifreiðar A, tók Aðstoð og öryggi atvik málsins til frekari skoðunar og tekin voru viðtöl við báða öikumenn hinn 8. mars 2019. Samkvæmt skýrslu um viðtölin kom fram í samtali við ökumann bifreiðar A að ökumaður bifreiðar B hefði troðið sér inn á akreinina, og síðan stöðvað skyndilega í bílaröðinni. Við það hafi bifreið A ekið aftan á bifreið B, sem hafi við áreksturinn verið hálf inni á akreininni. Í viðtali við ökumann bifreiðar B kemur fram hún hafi ekki troðið sér á milli bifreiða og að nokkrar mínútur hafi liðið frá því hún skipti um akrein og þar til áreksturinn átti sér stað.

Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjonanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður bifreiðar B, M, bæri einn ábyrgð á árekstrinum. M er ósátt við þá niðurstöðu og telur að byggt hafi verið á breyttum framburði ökumanns bifreiðar B við málsmeðferð nefndarinnar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V1, sem er váttryggjandi bifreiðar A, þeirri afstöðu sinni að ökumaður bifreiðar B beri einn sök á umræddum árekstri. Þannig hafi hann brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, auk ákvæðis 3. mgr. 36. gr. sömu laga. Hins vegar verði ekki séð að ökumaður bifreiðar A hefði getað hagað akstri sínum með öðrum hætti, enda hafi ökumaður bifreiðar B, með því að skipta um akrein í þéttri umferð, tekið upp þá hemlunarvegalegd sem þurfti til að stöðva bifreið A.

V2, sem er váttryggjandi bifreiðar B, lýsir hins vegar þeirri afstöðu sinni að ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum þar eð hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig, enda verði að byggja á frumgögnum málsins þegar tekin sé afstaða til sakarskiptingar. Þar komi fram að ökumaður bifreiðar A hafi óvart ekið aftan á bifreið B þar sem hann hafi ekki verið með nægilegt bil milli bifreiða til að ná að hemla.

Álit:

Nokkurs misræmis gætir í framburði aðila þegar borin eru saman frumgögn og viðbótarskýrsla Aðstoðar og öryggis. Þar sem gögnum ber ekki að fullu saman þykir eðlilegt að miða við frásögn aðila í upprunalegri skýrslu. Verður því miðað við að ökumaður bifreiðar B hafi verið nýbúin að skipta um akrein. Þegar litið er til þess hvar ákomur á bifreiðarnar eru staðsettar, þ.e. á vinstra afturhorni bifreiðar B og á hægri framhorni bifreiðar A, verður jafnframt að miða við að bifreið B hafi ekki að fullu verið komin inn á akreinina þegar bifreiðarnar rákust saman. Þá er óumdeilt að árekstur varð vegna þess að ekki var nægilegt bil milli bifreiða. Hins vegar verður að telja orsök þess þá að ökumaður bifreiðar B hafi í umrætt sinn ekið í veg fyrir bifreið A með þeim hætti að akreinaskipti

hans hafi upptekið eðlilega hemlunarvegalegd bifreiðar A. Verður því að telja að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga en þar er m.a. kveðið á um að ökumaður skuli, áður en skipt er um akrein, ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.

Niðurstaða.

M ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 14. maí 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 112/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar (A).****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna nuddmeðferðar vegna líkamstjóns eftir bifreiðaárekstur.****Gögn.**

Málskot, móttekið 18.12.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8. janúar 2016 mun bifreiðinni A hafa verið ekið í tvígang aftan á bifreið sem M ók. Í þessum árekstrum hlaut M tognun á háls-, brjóst- og lendhrygg og hægri öxl. Fór hún af þessum sökum m.a. í nuddmeðferð hjá heilsunuddara að ráði heimilislæknis síns. Í vottorði læknisins, dags. 30. ágúst 2016, segir að M hafi að áeggjan hans og tilmælum sótt tíma hjá heilsunuddara frá febrúarmánuði sama árs ásamt því að sækja tíma hjá sjúkraþjálfara vegna afleiðinga fyrrgreindra umferðaróhappa. Hafi M komið til skoðunar 12. janúar 2016. Læknirinn hafi svo séð hana 21. sama mánaðar og þá mælt með fyrrgreindri nuddmeðferð ásamt fleiru. Í vottorði sama læknis, dags. 18. október 2018, segir að M „var ráðlagt að fara til nuddara þar sem nudd er í þessum tilvikum góð meðferð samfara meðferð sjúkraþjálfara sem oft eru mjög tregir til að veita þannig meðferð. Oft á tíðum hafa sjúklingar haft mun meira gagn af meðferð nuddara en sjúkraþjálfara án þess að neitt verði fullyrt um það í tilviki [M]“. Þá kemur fram í þessu læknisvottorði að nuddmeðferð sé tímafrek.

Á tímabilinu febrúar 2016 til maí 2018 fór M í alls 59 skipti til heilsunuddara. Hefur hún krafist þess að kostnaður vegna þeirrar meðferðar sem hún hefur fengið hjá heilsunuddara skuli greiddur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V telur að sá kostnaður sem hér um ræðir sé ekki sjúkrakostnaður í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og hefur hafnað greiðsluskyldu vegna þessa kostnaðar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni greiða m.a. sjúkrakostnað sem af því hlýst. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 50/1993 kemur fram að með sjúkrakostnaði í lagaákvæðinu sé í fyrsta lagi átt við útgjöld vegna eðlilegra og nauðsynlegra ráðstafana við lækningu tjónþola og í því sambandi komi m.a. til kostnaður við læknishjálp og endurhæfingu. Þegar litið er til framangreindra vottorða heimilislæknis M þykir mega slá því föstu að meðferð sú sem M hlaut hjá heilsunuddara hafi verið í þágu læknismeðferðar vegna afleiðinga umferðarslysanna tveggja 8. janúar 2016 í því skyni að hún gæti öðlast bata. Engin haldbær gögn eða rökstuðningur hefur komið sem sýnir fram á að sá kostnaður sem hér er deilt um eigi ekki að falla undir sjúkrakostnað samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Verður því fallist á að M eigi rétt á bótum vegna kostnaðar við heilsunudd úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna kostnaðar við heilsunudd úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 113/2019

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X**

Tjón á hurð húsnæðis 4. september 2017.

Gögn.

Málskot, móttakið 21.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 4.4.2019.

Tölvupóstur M, dags. 5.4.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á húsnæði M þegar bifreiðinni X var ekið út um hurð húsnæðisins þannig að hurðin og bifreiðin lentu saman. Um er að ræða vöruflutningabifreið og rennihurð sem opnast og lokast að ofan og er hurðinni stjórnað með af starfsmönnum auk þess sem nemar séu í húsnæðinu sem koma í veg fyrir að hurðin lokist ef eitthvað er undir henni.

M telur að bifreiðinni X hafi verið ekið á hurðina og verði að bæta tjón á hurðinni úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M vísar á bug fullyrðingum ökumanns X um að nemar á hurð hafi verið óvirkir og bendir á að engin athugun hafi farið fram á því.

V vísar til þess sem haft er eftir ökumanni bifreiðarinnar X um að hann hafi verið að flytja vörur í húsnæði M og starfsmaður M hafi opnað hurðina þannig að hann gæti ekið út, rétt eftir það hafi hurðin komið niður á topp bifreiðarinnar. Hafði ökumaðurinn eftir starfsmanni að nemi hurðar væri bilaður og þetta væri ekki í fyrsta skipti sem þetta gerðist. Af afstöðu V verður helst ráðið að það telji að bætur til M eigi að falla niður vegna gáleysis, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna bifreiðina X undir hurð í húsnæði M og ekki er að sjá að það sé ágreiningur um það í málinu að tjón hafi orðið á hurðinni. Ábyrgðartrygging bifreiðarinnar X byggir á hlutlægrei bótareglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga um að eigandi bifreiðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun bifreiðarinnar. Í 3. mgr. 88. gr. sömu laga kemur fram að sjá sem hefur orðið fyrir tjóni á munum vegna notkunar bifreiðar geti þurft að sæta því að bætur til hans falli niður í heild eða að hluta ef hann er meðvaldur af tjóninu með gáleysi.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort tjón hafi orðið þannig að bifreiðinni hafi verið ekið á hurð í húsnæði M eða hvort hurðin hafi lokast á bifreiðina þar sem nemar hurðarinnar hafi verið bilaðir. Engin sönnunargögn hafa verið lögð fram um að nemar hurðarinnar hafi ekki virkað sem skyldi eða að tjón á hurðinni megi rekja til gáleysis af hálfu starfsmanna M. V ber sönnunarbyrði fyrir því að slíkar aðstæður hafi verið uppi og ber hallann af sönnunarskorti þar um. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á húsnæði úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 114/2019**M og
V vegna húseigendatryggingar fyrir íbúð B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 20.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 08.04.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að flætt hafi upp úr klósetti, sturtubotni, baðkari, handlaug og niðurfalli íbúðarinnar. Skoðunarmaður V hafi komið á staðinn og í skýrslu hans komi fram að skolplagnir hafi verið stíflaðar og vatn/saur flætt upp úr öllum niðurföllum, klósetti og sturtubotni og í kjölfarið hafi parket bólgnað. Stífluþjónusta Á hafi komið á vettvang og myndað lögnina. Þar hafi verið staðfest að stíflan var staðsett 5,5 metra frá baðherbergi undir botnplötu hússins. V neitaði bótaskyldu á þeim grundvelli að stíflan væri undir plötu hússins og þar með utanhúss. M bendir á að í gr. 2.1. í skilmálum váttryggingarinnar komi fram að hún bæti tjón sem eigi upptök sín innan veggja hússins. Þá komi fram í 3. gr. að váttryggingin bæti tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslun ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Óumdeilt sé að um innanhúss vatn hafi verið að ræða sem olli tjóninu þar sem engin leið sé fyrir utanaðkomandi vatn að komast inn og flæða upp úr á tilgreindum stöðum vegna stíflunnar. Þá standist það ekki að lagnir í grunni hússins, undir botnplötu, sem tilheyrja húsinsu séu utanhúss.

Í bréfi V er vísað til gr. 2.1 og 3 í skilmálum fasteignatryggingarinnar og að skýrt komi fram að váttryggingin bæti einungis tjón vegna lagnastíflu sem staðsett sé innan veggja hússins. Í þessu tilviki sé óumdeilt að tjónið megi rekja til stíflu sem hafi verið staðsett undir botnplötu hússins. V vísar til fyrri úrskurða úrskurðarnefndarinnar þar sem bótakskylda hafi ekki verið fyrir hendi sökum þess að stíflan hafi verið undir botnplötu fasteignar.

Álit.

Í skilmálum húseigendatryggingarinnar nr. E-7 kemur fram í gr. 2.1 að váttryggingin bæti tjón á vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Váttryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Í gr. 3 kemur fram að váttryggingin bæti ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyldt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Óumdeilt er í þessu máli að stíflan sem olli tjóninu var staðsett 5,5 metra frá baðherbergi undir botnplötu hússins. Með vísan til skilmála húseigendatryggingarinnar fellur tjón sem verður utan veggja hússins, í þessu tilviki undir botnplötu hússins, ekki þar undir og er tjón M því ekki bótaskyldt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir skemmdir á húseign sinni úr húseigendatryggingu fyrir B hjá V.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 115/2019**M og
V vegna forfallatryggingar í heimilstryggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu vegna veikinda.****Gögn.**

Málskot, dags. 25.03.2019 ásamt fylgigögnum 1-6.

Bref V, dags. 11.04.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og eiginkona hans, X, hafi keypt tveggja vikna alferð, með fyrirhugaðri brottför hinn 22. janúar 2019. Undir lok árs 2018 kom hins vegar í ljós að X þurfti að fara í aðgerð vegna gláku á auga og því ómögulegt fyrir hana, sbr. og læknisvottorð dags. 14. janúar 2019, að fara í umrædda ferð. Þar sem ferðasalinn sem M og X keyptu ferðina hjá endurgreiddi einungis fjórðung af verði ferðarinnar krefst M bóta vegna þess sem eftir stendur úr forfallatryggingu sinni hjá V. V hefur hins vegar hafnað kröfu hans með vísan til skilmála viðkomandi vátryggingar um að forfallatryggingin bæti ekki tjón vegna veikinda sem hafi verið til staðar við töku vátryggingar eða greiðslu staðfestingargjalds ferðarinnar.

M mótmælir þessari afstöðu V. Jafnvel þó X hafi verið greind með gláku nokkrum árum fyrir hafi þannig ný og aukin einkenni orðið til þess að X og M gátu ekki nýtt sér umrædda ferð. X hafi því verið við góða heilsu og vel ferðafær þegar umrædd utanlandsferð var keypt. Þá byggir M á því að rétt sé að lögjafna ákvæði 86. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, jafnvel þó sú grein varði persónutryggingar en ekki skaðatryggingar, enda sé ástæða tjónsins heilsubreitur X og umrædd forfallatrygging því um margt eðlislík persónutryggingum. Komi til þess að ekki sé fallist á að um ný og önnur einkenni X hafi verið að ræða verði því að líta svo á að V hafi ekki fullnægt skyldu sinni til upplýsingaöflunar í samræmi við tilgreinda lagagrein, og því sé fyrirvari um að félagið sé laust úr ábyrgð ógildur. Þar sem V hafi ekki aflað sérstakra upplýsinga um heilsu X fyrir töku vátryggingarinnar sé V því óheimilt að undanskilja sig ábyrgð með þessum hætti.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu enda megi ráða af fyrirliggjandi vottorðum að veikinda X hafi fyrst orðið vart árið 2012. Þá hafi X verið í lyfjameðferð vegna þeirra en ekki svarað meðferð sem skyldi og því hafi skurðaðgerð verið nauðsynleg þegar einkenni jukust skyndilega. Forfallatrygging sé innifalin í heimilstryggingu M, en í 6. kafla skilmála hennar, gr. 3.1.1 komi fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en vátryggingin var tekin eða þegar staðfestingargjald var greitt. Hvað varði mögulega lögjöfnun til 86. gr. laga um vátryggingarsamninga er þeim málalíbúnaði hafnað, þar eð það lagaákvæði eigi einvörðungu við um persónutryggingar, en ekki skaðatryggingar, sem krefjist ekki skriflegrar beiðni af hálfu vátryggðs. Um eðlisolíkar vátryggingar sé að ræða og geti umrætt ákvæði því ekki átt við um skaðatryggingar.

Álit.

Í þeim gögnum um heilsufar X sem veru meðfylgjandi málskoti kemur fram að hún hafi langa sögu um gláku, og raunar er ekki ágreiningur um það að X hafi verið haldin gláku við töku umræddrar vátryggingar og þegar staðfestingargjald vegna umræddrar ferðar var greitt. Í heimilstryggingu sem M er með í gildi hjá V, er m.a. forfallatrygging sem ætlað er að taka til þess ef hinn vátryggði neyðist til að hætta við fyrirhugað ferðalag. Í 3. gr. skilmála um forfallatryggingu kemur m.a. fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en vátryggingin var tekin eða staðfestingargjald greitt. Ekki verður litið svo á að um persónutryggingu sé að ræða jafnvel þó umrædd vátrygging taki til tjóns sem hlýst af veikindum, og er kröfu M um lögjöfnun frá 86. gr. laga um vátryggingarsamninga því hafnað. Þar af leiðandi eru ekki efni til að víkja frá ákvæðum viðeigandi vátryggingarskilmála. Þrátt fyrir að skyndileg versnun á sjúkdómi X hafi leitt til þess að hún komst ekki í umrædda ferð verður þannig ekki litið framhjá því að

sjúkdómurinn var til staðar þegar ferðin var keypt og versnandi einkenni er alfarið að rekja til hans. Verður því að líta svo að V hafi undanskilið sig ábyrgð vegna umrædds tjóns og því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sem er hluti af heimilistryggingu hans hjá V.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 116/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns á ökutæki.****Gögn.**

Málskot dags. 25.03.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 04.04.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 22. október 2018 sótti vörubifreið í eigu M farm til A en eggjagrindur frá öðru fyrirtæki voru þá fyrir í kassa bifreiðarinnar. Í þeim tilgangi að ferma bifreiðina hafi vörukassi hennar verið opnaður, þannig að öll hlið hans laukst upp. Hafi því, að sögn M, allur farmur bifreiðarinnar verið sýnilegur. Þrátt fyrir það hafi X, stjórnandi lyftara hjá A, raðað fiskikörum í kassa bifreiðarinnar líkt og hann væri tómur, en við það hafi hliðin á honum gengið út og stórskemmst. M tekur fram að bílstjóri vörubifreiðarinnar hafi verið staddur inni í vörukassa hennar meðan þetta átti sér stað og reynt að stöðva X og vara hann við, en án árangurs. Ráða má að M telji X hafa sýnt af sér gáleysi við störf sín umrætt sinn og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A fyrir hendi.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök X, og engin gögn hafi verið lögð fram er sýni fram á að ökumaður vörubifreiðarinnar hafi varað X við. Þá hafi, að sögn A, skapast hefð fyrir því verklagi að ökumenn fari einir í vörukassa bifreiða og rými þar fyrir fiskikörum, og sé það því á ábyrgð þeirra að tryggja gott aðgengi og að aðskotahlutir valdi ekki tjóni. Eina aðkoma lyftaramanns sé að koma körnum inn í vörukassa og sé það gert með þeim hætti að tvær raðir af körum séu settar hlið við hlið í kassann. Það hafi því verið á ábyrgð ökumanns bifreiðarinnar að tryggja að fering hennar gæti átt sér stað með hefðbundnum hætti. Er því bótakröfu M hafnað.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón á bifreið í eigu M megi rekja til saknæmra athafna af hálfu X, starfsmanns A. Ljóst er að tjón varð við það að X, sem ók lyftara með fiskikörum, setti of mörg kör inn í vörukassa bifreiðarinnar, þannig að eggjagrind sem var fyrir í bifreiðinni þrýstist að hlið kassans með þeim afleiðingum að hún gekk út. Kemur þá til skoðunar hvort sú háttsemi hafi falið í sér gáleysi af hálfu X. Þar sem ekki eru til neinar sérstakar verklagslýsingar um lestun og affermingu flutningabíla sem flytja vörur fyrir A, og ekki hefur verið nægilega sýnt fram á hvaða hefðir hafa skapast í því sambandi, t.a.m. með vitnisburði eða öðrum gögnum, verður að telja að X hafi borið ábyrgð á verklaginu umrætt sinn og sýnt af sér gáleysi með því að ferma bifreiðina á þennan hátt án þess að gæta að hugsanlegri fyrirstöðu. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 117/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er reiðhjól skemmdist af völdum áreksturs við bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 8 að morgni 16. janúar 2019 hjólaði B, 14 ára gamall sonur M, til suðurs yfir Sogaveg skammt austan Réttarholtsvegur. Í sömu andrá var A ekið austur Sogaveg og varð B fyrir A. Myrkur var en úrkomulaust þegar óhappið varð. Hálka og snjóþekja var á akbraut. Hámarkshraði á akbraut var 30 km á klst. Þar sem B fór yfir götuna er hraðahindrun sem felst í bungumyndaðri upphækkun og er hraðahindrunin merkt sem slík. B varð fyrir smávægilegum meiðslum en skemmdir urðu á reiðhjólinu og vinstra framhorni A.

B kvaðst hafa hjólað inn á akbrautina yfir hraðahindrunina. Hann hafi ekki séð A í tæka tíð þar sem henni var ekið austur Sogaveg. Hafi hann hafnað á vinstra framhorni A.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið austur Sogaveg og stöðvað gegnt rauðu ljósi á gatnamótum Sogavegar og Réttarholtavegar. Hann hafi því ekki verið á miklum hraða, eða mögulega á um 15 til 20 km hraða á klst., þegar B hafi skyndilega hjólað inn á akbrautina og hafnað á vinstra framhorni A. Í raun hafi hann ekki áttað sig á þessu fyrir en B var kominn á vélarhlífina.

Tvö vitni kváðust hafa ekið vestur Sogaveg nokkuð frá slyssaðnum, en séð hvar B hafi hjólað beint inn á götuna og í veg fyrir A.

M hefur krafist bóta vegna þeirra skemmda sem urðu á reiðhjóli B umrætt sinn úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar má þó lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

Samkvæmt málskoti má ráða að umrætt reiðhjól hafi verið í eigu B jafnvel þótt móðir hans standi að málskoti þessu. B hafði ekki séð til ferða A áður en hann skall á vinstra framhorni A. Vitni báru að B hafi hjólað inn á götuna í veg fyrir A. Þótt B hafi hjólað áleiðis yfir götuna á merktri hraðahindrun var ekki um að ræða merka gangbraut. Að framangreindu virtu verður óhappið rakið til gáleysis B og með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir rétt að fella bótarétt niður vegna skemmda á reiðhjólinu.

Niðurstaða.

M vegna sonar síns, B, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, vegna skemmda á reiðhjóli.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 118/2019**M og
V vegna kaskótryggingar fyrir ökutækið A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 11.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að tjón hafi orðið á ökutækinu A 17. janúar 2019 og V hafni ábyrgð með vísan til þess að kaskótrygging hafi fallið úr gildi vegna vanskila. M viðurkennir að kaskótryggingin hafi fallið úr gildi vegna vanskila en hann hafi jafn óðum óskað eftir því að hún myndi taka gildi á ný þegar skuld hafi verið greitt. M hafi greitt kröfur frá V í heimabanka en engar upplýsingar hafi verið um hvaða váttryggingar hann hafi verið að greiða hverju sinni. Hann hafi því haft væntingar um að hann væri að greiða fyrir umbeðnar váttryggingar. Samskipti M við V hafi mest verið persónuleg samskipti og hann hafi aldrei fengið endurnýjunarskrteini frá V.

Í bréfi V kemur fram að ökutækið hafi upphaflega verið kaskótryggt 22.12.2015. Váttryggingin hafi tvisvar fallið niður vegna vanskila á árinu 2016. Kaskótryggingin hafi fallið niður 23.04.2017 vegna vanskila og ábyrgðartrygging fyrir ökutækið verið gefin út 15.08.2017 að beiðni M en ekki hafi þá verið beðið um kaskótryggingu. Á skírteini ábyrgðartryggingarinnar hafi komið fram að engin kaskótrygging hafi verið í gildi. Ábyrgðartryggingin hafi fallið niður vegna vanskila á árinu 2018 og síðan verið gefin aftur út að beiðni M og hafi þá einnig komið fram á skírteininu að kaskótryggingin hafi ekki verið í gildi. Kaskótrygging sé ekki skyldutrygging og beri félaginu því ekki að gefa út slíka váttryggingu aftur falli hún niður vegna vanskila. M hafi fengið send þrjú skírteini vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins þar sem fram komi að engin kaskótrygging sé á því. Áhvílandi skuldir á ökutækinu skipti engu máli í þessu samhengi.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins hafði ökutækið ekki verið kaskótryggt frá því 23.04.2017. Kaskótrygging var því ekki í gildi þegar tjónsatvikið átti sér stað. M verður að bera hallan af því að hafa ekki gengið úr skugga um að ökutækið hafi verið kaskótryggt hafi það verið vilji hans að hafa slíka váttryggingu. Með vísan til þess að ökutækið var ekki kaskótryggt á M ekki rétt á bótum vegna tjóns sem varð á ökutækinu A 17. janúar 2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 119/2019**M og
V vegna kreditkortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna niðurfellingar flugferðar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 22.3.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.4.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og eiginkona hans X, ásamt öðrum hjónum, Y og Z, hafi keypt sér flugfar með flugfélaginu A, en fyrirhuguð brottför var hinn 4. apríl 2019. A sendi hins vegar tilkynningu um aflýsingu umrædds flugs með um þriggja mánaða fyrirvara og bauð aðilum endurgreiðslu á verði flugmiðanna. Þar sem M og ferðafélagar hans höfðu þegar greitt með óafturkræfum hætti fyrir gistingu í fyrirhugaðri ferð keyptu þau í kjölfarið flug á áfangastað með öðrum flugfélögum. Mismunur þess verðs sem þau á endunum greiddu fyrir flug og þess verðs sem A endurgreiddi nam 207.561 kr., og er það sú fjárhæð sem M krefur V um bætur vegna.

Í rökstuðningi fyrir kvörtun sinni styðst M við gr. 7.1 í skilmálum kortatryggingar sinnar þar sem segi að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur sé fyrirfram og ekki fæst endurgreiddur ef nánar tilgreindar ástæður eigi við. Þá vísar hann til gr. 7.1.5 sem tilgreini sem eina þessara ástæðna að röskun leiði til tólf klukkustunda tafar á brottför almenningsfarartækis á útleið. Í samskiptum sínum við V hefur M svo áréttað að kafla váttryggingarskilmálanna um forföll, en ekki ferðatöf, eigi við. Jafnframt vísar M til þess að sá kostnaður sem þegar hefði verið greiddur vegna gistingarinnar og hefði ekki fengist endurgreiddur þó hætt hefði verið við hana, væri töluvert hærri en umrædd bótakrafa en hefði vafalítið fallið undir gildissvið váttryggingarinnar hefði komið til afbókunar. Því hefði M í raun takmarkað tjón sitt og V með því að bóka annað flug á áfangastað.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að ekki sé neinn bóталиður í ferðatryggingu M sem taki til niðurfellingar á flugi. Samkvæmt skýru orðalagi skilmálaákvæðis 7.1.5 taki það aðeins til tafa á flugi, en ljóst sé að flugið hafi verið niðurfellt og því ekki um töf að ræða. Þá hafi M fengið kostnað vegna hins aflýsta flugs endurgreiddan að fullu og nýtt sér þá gistingu sem hann hafði greitt fyrir. Því eigi skilmálagrein 7.1 ekki við, enda hafi ferðakostnaður fengist endurgreiddur. Því sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Í málskoti sínu tilgreinir M meðmálskotsaðilann Y. Ekki verður hins vegar séð að Y sé váttryggður samkvæmt váttryggingarskilmálum umrædds kreditkorts, né að hann hafi, fyrir sína hönd og Z, gert sjálfstæða kröfu á hendur V. Nær því eftirfarandi umfjöllun aðeins til M og X, maka hans, sem eru váttryggð á grundvelli umræddra skilmála.

Í 7. kafla viðeigandi váttryggingarskilmála er fjallað um forfallatryggingu. Þar kemur, í gr. 7.1, fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 350.000 vegna ferðar sem váttryggði kemst ekki í ef nánar tilgreindar ástæður eiga við. Í gr. 7.1.5 er svo að finna ákvæði sem kveður á um að röskun er leiði til a.m.k. tólf klukkustunda tafar á brottför almenningsfarartækis hins váttryggða á útleið skv. ferðaætlun er honum hafi verið látin í té sé ein þessara ástæðna.

Í löggjöf er varðar flugferðir er að finna skýran greinarmun á annars vegar seinkun og hins vegar aflýsingu áætluarflugs, og má vísa til reglugerðar nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum, því til stuðnings. Ljóst er að umræddu flugi á vegum flugfélagsins A var aflýst en ekki seinkað, og því verður ekki litið svo á að töf á brottför þess hafi leitt til þess að váttryggður hafi ekki komist í ferðina, sbr. áðurnefnd skilmálaákvæði. Þrátt fyrir að 7. kafla

skilmálanna taki til forfalla, er þannig áskilnaður um það í gr. 7.1.5 að forföll sé að rekja til tafar. Ekki verður séð að í umræddum vátryggingarskilmálum sé að finna ákvæði er taki til aðstæðna M, þ.e. hugsanlegs tjóns sem hlýst af aflýsingu flugs. Þess utan verður jafnframt að líta til þess að fyrirframgreiddur ferðakostnaður vegna flugs með A, þ.e. þess hluta ferðarinnar, sem M gat ekki nýtt sér, hefur verið endurgreiddur, og því vandséð að skilyrði gr. 7.1 séu uppfyllt. Á grundvelli framangreinds er kröfu M, fyrir sína hönd og X, því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 120/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu er M féll í hálfu á gangstétt við leikskóla.****Gögn.**

Málskot dags. 25.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-17.

Bréf V dags. 17.04.2019 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir frá M, dags. 26.04.2019.

Málsatvik.

Að morgni hins 24. nóvember 2017 féll M á hálkubletti á gangstétt við leikskólann B, sem rekinn er af A, með þeim afleiðingum að hún ökklabrotnaði. Hálkubletturinn virðist hafa myndast vegna bilunar í snjóbræðslulögn, en vatn virðist hafa sprautast úr lögninni og gert það að verkum að gangstéttin blotnaði. M telur að ekki sé um að ræða óhappatilvik heldur slys sem hafi orsakast af vanrækslu starfsmanna A, enda hafi þeir haft vitneskju um umrædda bilun án þess að bregðast við henni. Þannig hafi hvorki verið gert við bilunina né settar upp merkingar er vörðu við hálfu af völdum hennar. Á grundvelli þess gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hinn 14. ágúst 2018. V hafnaði hins vegar þeirri kröfu með bréfi dags. 13. september 2018, á grundvelli þess að um óhappatilvik væri að ræða. Þannig hafi bilunin leitt til þess að hálfu hafi myndast skyndilega en þegar leikskólastjóri B hafi mætt til vinnu hafi engin hálfu verið á þessu svæði og því hafi lögnin gefið sig skömmu fyrir umrætt atvik.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að leikskólastjóri B hafi verið fyrstur til vinnu þennan morgun. Það hafi því verið í hans verkahring að kanna aðstæður við leikskólann og aðkomu fyrir foreldra, börn og starfsfólk. Þá hafi verið mikið frost en engin hálfu eða bleyta og því ekki þær aðstæður fyrir hendi að kallað hafi á viðbrögð af hans hálfu. Ekki sé ljóst hvenær kopartengi í snjóbræðslulögn hafi gefið sig en miðað við allar aðstæður megi þó ganga út frá því að það hafi ekki verið löngu fyrir fall M, enda vatnsþrýstingur það mikill og það mikið frost að hálkublettur hefði verið fljótur að myndast eftir að bilunin átti sér stað.

M mótmælir afstöðu V, og telur þvert á móti að starfsmenn A hafi haft vitneskju um lekann í einhvern tíma fyrir umrætt atvik og því borið skylda til að bregðast við honum. Þá gagnrýnir M að V eða A hafi ekki lagt fram frekari gögn um atvikið og bilunina, þannig liggja ekki fyrir nein skýrsla um atvikið, né um viðgerð á snjóbræðslulögninni eða um verklagsreglur A í tengslum við hálfuvarnir. Það standi V nær að bera hallann af slíkum sönnunarskorti.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins. Til að slíkur bótaréttur sé til staðar þarf að sýna fram á saknæma háttsemi af hálfu vátryggingartaka. Það er ágreiningslaust að umræddur hálkublettur myndaðist í kjölfar þess að snjóbræðslulögn gaf sig og vatn sprautaðist úr henni upp á hellulagt yfirborð gangstéttarinnar. Þá var veðurfar þennan morgun með þeim hætti að telja má að hálkublettur hafi getað myndast fljótt við slíkar aðstæður. Hins vegar liggur ekkert fyrir um að starfsmenn B hafi vitað af umræddri bilun, eða hálkumyndun af völdum hennar, fyrr en eftir að M féll og ökklabrotnaði. Er því ekki sýnt fram á að þeim hafi verið rétt að grípa til aðgerða vegna þessa. Slysið verður því ekki rakið til atvika sem A verður kennt um. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 121/2019**M og
V v/ábyrgðartrygginga ökutækjanna A og B****Árekstur á Reykjavíkurvegi 30. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27. mars 2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 21.5.2019.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá Aðstoð og Öryggi þar sem aðdraganda áreksturs er lýst þannig af hálfu ökumanna að bifreið B hafi verið ekið á hægri akrein norður Reykjavíkurveg og bifreið A á eftir henni í sömu átt á vinstri akrein. Árekstur hafi síðan orðið þegar bifreið B var ekið yfir á vinstri akrein í fyrirhugaða U-beygju. Ökumaður bifreiðar B ber í skýrslunni um mikinn ökuhraða bifreiðar A. Í málinu liggur fyrir skýrsla um ætlaðan ökuhraða bifreiðanna þar sem hann er áætlaður 40 km/klst hjá bifreið A en 17 km/klst hjá bifreið B. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið á vinstri akrein á 40-50 km/klst hraða þegar bifreið B hafi verið ekið í veg fyrir hann.

M telur að ökumaður bifreiðar A beri ábyrgð á árekstrinum vegna mikils ökuhraða og telur að hann, sem ökumaður bifreiðar B, hafi gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hann færði bifreiðina til vinstri til að taka U-beygju. Einnig vísar hann til þess að honum hafi verið lögð orð í munn í skýrslutöku og mótmælir að hafa verið að taka vinstri beygju frá hægri akrein. Einnig telur M að hraðaútreikningar þeir sem komi fram í skýrslu í málinu séu ekki réttir þar sem bifreið A hafi verið færð og forsendur því rangar, auk þess sem ökumaður bifreiðar A hafi verið í símanum.

V hefur ekki gert sérstakar athugasemdir vegna málskotsins, en af gögnum málsins má ráða að afstaða félagsins til sakarskiptingar hafi verið sú að ökumaður bifreiðar B bæri alla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Þess skal fyrst getið að við meðferð málsins hjá nefndinni í júní sl. óskað V eftir því að afgreiðslu málsins yrði frestað þar sem félagið væri að kanna málið frekar m.t.t. nýrra upplýsinga. Slíkar upplýsingar bárust ekki og ekki frekari athugasemdir V við eftirgrennslan í lok ágúst sl.

Í málinu er upplýst að ökumaður bifreiða A ók á vinstri akrein en ökumaður bifreiðar B (M) á hægri akrein um Reykjavíkurveg í aðdraganda áreksturs. Ökumaður bifreiðarinnar B ákvað að færa sig yfir á vinstri akrein í þeim tilgangi að taka síðan U-beygju á gatnamótum. Í 2. Mgr. 17. Gr. og 2 mgr. 15. Gr. umferðarlaga nr. 50-1987 er lögð sú skylda á ökumenn sem ætla að beygja til vinstri á gatnamótum að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig sem og að það sé hægt án óþæginda fyrir aðra. Sú skylda hvíldi á ökumanni bifreiðar B (M). Af gögnum málsins verður ekki ráðið að bifreið A hafi verið ekið yfir hámarkshraða í greint sinn. Miðað við fyrrnefnda varúðarskyldu verður öll sök lögð á ökumann bifreiðar B þar sem honum bar að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók vinstri beygju á akbrautinni. Ekki telst sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið of hratt eða ógætlega þannig að hann beri einnig sök.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 122/2019

**M og
M v/ málskostnaðartryggingarliðar fasteignatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við dómsmál
sem lauk með því að það var fellt niður.**

Gögn.

Málskot, móttekið 26.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M höfðaði dómsmál á hendur A, byggingaraðila tiltekins fjöleignarhúss og var málið þingfest fyrir dómi 17. apríl 2018. Dómsmálið varðaði m.a. ágreining aðila um ákvæði í samþykktum A um ákvörðun söluverðs íbúðar sem var í eigu M, en annars var dómkrafa M sett fram í þremur liðum. Eftir að málið var höfðað munu dómur hafa fallið í þremur sambærilegum dómsmálum á hendur A þar sem fallist var á tvær af þremur hliðstæðum kröfum og M hafði uppi gegn A. Í kjölfar þessara dóma varð að samkomulagi milli M og A að heimilt væri að selja íbúðina á markaðsverði að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum. Hinn 6. mars 2019, þegar eignin hafði verið seld á frjálsum markaði, var dómsmál M gegn A fellt niður og málsaðilar féllu frá málskostnaðarkröfum sínum, en að sögn M hafði því verið neitað af hálfu A að ljúka dómsmálinu með réttarsátt.

M nýtur verndar úr málskostnaðartryggingarlið fasteignatryggingar sem fjöleignarhús það sem íbúð M tilheyrði hafði í gildi hjá V. Hefur M krafist þess að fá kostnað vegna málarekstursins bættan úr málskostnaðartryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar þar sem segir að félagið greiði vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt.

M hefur ekki fallist á afstöðu V. Þótt ákvæði skilmálanna eigi ekki við samkvæmt orðanna hljóðan eigi hér við sama sjónarmið og gildir um skyldur tjónþola til að takmarka tjón sitt. V hafi fyrr fallist á bótaskyldu en endanleg höfnun félagsins sé einungis til komin þar sem málið hafi ekki endað með dómi eða réttarsátt. Af þessari niðurstöðu leiði að aðilar kunni að vera settir í þá stöðu að neyðast til að láta dóm ganga þvert á hagsmuni aðila, hins váttryggða og váttryggingafélagsins, til þess eins að uppfylla framangreint formskilyrði skilmála váttryggingarinnar. Telur M slíka niðurstöðu ótæka.

Álit.

Umrætt dómsmál var leitt til lykta með því að það var fellt niður og aðilar féllu frá kröfum sínum um málskostnað úr hendi gagnaðila. M mun ekki hafa átt þess kost að ljúka málinu með réttarsátt vegna neitunar gagnaðilans. Á það má fallast með M að við aðstæður, eins hér voru uppi, hefði M þurft að neita öllum sáttum við A og láta málið ganga til dóms í þeirri von að dómsniðurstaða yrði hin sama og í þeim þremur dómum sem áður höfðu gengið til að geta vænst þess að fá bættan kostnað sinn vegna málarekstursins úr málskostnaðartryggingunni.

Hvað sem framangreindu liður eru skilmálar málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér um ræðir skýrir að því leyti að lögmanns- og málskostnaður fæst bættur úr váttryggingunni því aðeins að dómsmálið hafi verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Skilmálaákvæðið er skýrt að þessu leyti. Af því leiðir að ljúki máli með öðrum hætti, svo sem sátt utan réttar og niðurfellingu máls án kostnaðar í kjölfarið ellegar frávísun, fæst lögmanns- eða málskostnaður ekki bættur úr váttryggingunni. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni vegna fyrrgreinds málareksturs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 123/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Suðurlandsvegi, hinn 1. júlí 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28.03.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 11.04.2019.

Bréf V2 dags. 14.05.2019.

Athugasemdir M við bréf V2, dags. 17.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 1. júlí 2018 varð árekstur milli ökutækja A, sem er í eigu M, og B. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að áreksturinn hafi átt sér stað við áningarstað rétt vestan við brúna yfir Klifandi. Samkvæmt skýrslunni lýsir ökumaður bifreiðar A atvikum svo að hann hafi ætlað að beygja til vinstri inn á umræddan áningarstað. Hann hafi hægt á sér og gefið stefnuljós en engin umferð hafi verið á móti. Þegar hann var við það að beygja inn á áningarstaðinn hafi bifreið B verið ekið á hlið bifreiðar hans. Atvikalýsing ökumanns bifreiðar B í umræddri skýrslu er á þá leið að hann hafi ákveðið að taka fram úr bifreið A, sem hafi hægt á sér, en ekki gefið stefnuljós fyrir en bifreið B var komin að hlið hennar. Í umræddri lögregluskýrslu er einnig að finna frásögn vitnis, ökumanns bifreiðar sem ekið var á eftir bifreið A. Samkvæmt vitninu gaf ökumaður bifreiðar A stefnuljós til vinstri mjög seint, og ekki fyrir en eftir að hann hafði hægt á akstrinum.

Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjonanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður bifreiðar A bæri 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

M er ósátt við þá sakarskiptinu og telur ökumann bifreiðar B bera alla sök á árekstrinum. Þannig hafi ökumaður þeirrar bifreiðar margbrotið ákvæði umferðarlaga þegar hann tók fram úr bifreið sem var að beygja til vinstri, um hafi verið að ræða kirfilega merktan afleggjara og því afar hættulegt að reyna framúrakstur á þessum stað, ekki síst þar sem tvær bifreiðar hafi ekið fyrir framan bifreið B. Þá hafi bifreið B verið ekið á miklum og ólöglegum hraða, en fram komi í lögregluskýrslu að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið um 100 kílómetrar á klukkustund. Þá byggir M á því að um vegamót í skilningi umferðarlaga hafi verið að ræða, en samkvæmt 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sé óheimilt að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1, váttryggjandi bifreiðar A, fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins. V2, sem er váttryggjandi bifreiðar B, tekur hins vegar fram að eðlilegt sé að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar, og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta fyrir að hafa ekki gætt nægilega að sér við framúrakstur. Þessa afstöðu rökstyður V2 nánar með því framúrakstur hafi verið heimill á þessum stað, en ekki hafi verið um vegamót að ræða, og að ekkert bendi til þess að bifreið B hafi verið ekið of hratt í aðdraganda árekstursins. Á hinn bóginn hafi ökumaður bifreiðar A gefið stefnuljós of seint og því hafi ökumanni bifreiðar B ekki gefist ráðrúm til að bregðast við. Þá hafi ökumaður bifreiðar A ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig.

Álit:

Í 31. gr. umferðarlaga er að finna ákvæði er varða merki og merkjagjöf, en í 2. mgr. er kveðið á um skyldu ökumanns sem ætlar m.a. að beygja, til að gefa öðrum merki til leiðbeiningar. Skv. 4. mgr. sömu greinar skal gefa slíkt merki tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Með hliðsjón af framburði vitnis í áður nefndri lögregluskýrslu verður að líta svo á að ökumaður bifreiðar A hafi vanrækt þessa skyldu og ekki gefið merki tímanlega.

Þá er í 2. gr. 15. gr. umferðarlaga kveðið á um skyldu ökumanns, sem ætlar að beygja á vegamótum, til að ganga úr skugga um að það sé hægt á hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt.

Þá skuli sérstaklega gefa gaum umferð sem á eftir kemur. Verður að telja að ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt nægilega að þessum atriðum í aðdraganda árekstursins.

Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Í 2. gr. umferðarlaga er að finna skilgreiningu á hugtakinu vegamót og er hún svohljóðandi: „Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.“ Skilgreiningu á hugtakinu vegur er jafnframt að finna í lögnum og tekur hún m.a. til bifreiðastæða og þess háttar. Af gögnum málsins fyrir nefndinni verður ráðið að um hafi verið að ræða áningarstað, eða bifreiðastæði sem ökumaður bifreiðar A ætlaði sér að beygja inn á. Við slíkar aðstæður á d-liður 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga við, og verður því ekki fallist á að framúrakstur á þessum vegarkafla hafi verið bannaður. Það breytir því þó ekki að sá sem fer fram úr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að 20. – 22. gr. umferðarlaga, og sýna fulla aðgæslu við framúraksturinn en telja verður að ökumaður bifreiðar B hafi ekki sinnt þessari skyldu nægjanlega. Með hliðsjón af því verður talið rétt að ökumaður bifreiðar B beri nokkra sök á árekstrinum eða 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar á árekstrinum.

Reykjavík 13. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 124/2019**M og
V v/ brunatryggingar húseignar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brunaskemmda á parketi í húseign.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.3.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 15.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 11. maí 2017 mun hafa kviknað í tölvu í tiltekinni húseign í eigu M með þeim afleiðingum að parket á gólfinu varð fyrir skemmdum. Umrædd húseign er brunatryggð hjá V og með tilkynningu 19. sama mánaðar tilkynnti M um atvikið til V, þar sem sagði m.a. svo: „Kviknar í parketi, sökum elds, sem kviknar í út frá tölvu.“ Með bréfi V 13. september 2018 var vísað til greinar 3.1. í skilmálum brunatryggingarinnar og þess getið að myndir sem hafi verið sendar með tjónstilkynningunni hafi borið með sér að skemmdir á parketinu séu vegna sviðnunar, bráðnunar eða annars konar hitabruna en ekki bruna af völdum opins elds. Hafnaði V bótaskyldu úr brunatryggingunni.

Í tölvubréfi M til úrskurðarnefndar, dags. 16. apríl 2019, er tildrögum brunaskemmda lýst frekar. Þar segir að eldur hafi kviknað í tölvu sem hafi verið undir sófa hjá þeim sem bjuggu í íbúðinni. Eldur hafi kviknað í sófanum og hafi allur eldurinn haldist undir sófanum. Þess vegna sé brunasvæðið í parketinu eins stórt og sjá má á fyrirbyggjandi ljósmyndum. Hafi húsráðendur slökkt eldinn með slökkvitæki.

Álit.

Samkvæmt gr. 3.1 í skilmálum V fyrir brunatryggingu húseigna tekur vátryggingin til tjóns af völdum eldsvoða. Hins vegar bætist ekki „tjón af eldi er eigi verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast. Ekki bætist tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu og spani frá rafmögnum óveðri nema af því leiði eldsvoði eða sé afleiðing eldsvoða.“

Af ljósmyndum sem liggja fyrir í málinu verður ekki annað ráðið en bráðið plast eða annað svipað efni hafi lekið niður á parketið og valdi skemmdum á því án þess að eldur hafi beinlínis logað í því. Ljósmyndir eða önnur gögn, sem V hafði undir höndum þegar bótaskyldu var hafnað, gáfu ekki tilefni til að ætla að skemmdirnar hafi hlotist af völdum eldsvoða í skilningi vátryggingarskilmálanna. Eins og málið liggur fyrir var það fyrst við meðferð málsins fyrir úrskurðarnefnd sem því er haldið fram að laus eldur hafi logað í sófa og það hafi valdið skemmdunum. Engin haldbær sönnunargögn, svo sem lögregluskýrsla, ljósmyndir eða önnur gögn, liggja hins vegar fyrir í málinu sem staðreyna að tjónið megi rekja til þess að um eldsvoða hafi verið að ræða. Samkvæmt þessu telst tjónið ekki bótaskyldt úr brunatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 125/2019**V v/ábyrgðartryggingar bifreiðar og slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um réttaráhrif mögulega rangra upplýsinga við bótauppgjör vegna tveggja umferðarslysa 11. febrúar og 16. október 2015.****Gögn.**

Málskot, dags. 3.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M dags. 25.4.2019, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist í tveimur umferðarslysum á árinu 2015 og hefur gert kröfu um bætur vegna beggja hjá V. Annars vegar er um að ræða kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns bifreiðar sem vátryggð var hjá V vegna afleiðinga fyrra slyssins 11. febrúar 2015 og hins vegar kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðar sem ekið var aftan á bifreið M vegna slyssins 16. október 2015. Í gögnum málsins er gerð grein fyrir lækniheimsóknum, endurhæfingu og afleiðingum þessara tveggja slysa, en ekki þykir sérstök ástæða til að tilgreina þær afleiðingar ítarlega í þessum úrskurði.

Hins vegar er rétt að benda á að afleiðingar beggja slysa voru metnar með matsgerð dags. 26. febrúar 2018 og bótakrafa af hálfu M send til V í byrjun mars 2018. Af hálfu V voru sendar viðbótarupplýsingar um þátttöku M í svokallaðri Fitnesskeppni í mars 2016 til matsmanna og drógu matsmenn niðurstöður matsgerðar tilbaka og báðust undan því að meta frekar afleiðingar slyssanna.

M telur að greiða eigi bætur vegna metinna afleiðinga slyssanna skv. matsgerð og bótakröfu í mars 2018 og vísar til upplýsinga um líkamsástand sitt síðustu árin og að þátttaka hans í umræddri keppni hafi ekki falið í sér að hann hafi gefið rangar upplýsingar til matsmanna um líkamlegt ástand sitt. M telur að skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga séu ekki uppfyllt.

V telur að með því að M hafi ekki gefið matsmönnum upplýsingar um þátttöku sína í Fitnesskeppni í mars 2016 séu forsendur matsins brostnar sem og hafi í því falist að M hafi gefið rangar og villandi upplýsingar sem hann hefði mátt vita að gæti leitt til þess að greiddar yrðu út bætur sem hann ætti ekki rétt á. Þannig telur V að M hafi glatað öllum rétti til krafna á hendur félaginu með vísan til 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga. V bendir á að þátttaka í líkamsræktarkeppni sé þess eðlis að það hafi veruleg áhrif á mat á hverjar tímabundnar og varanlegar afleiðingar líkamstjóns geta verið og M hafi mátt vera það ljóst að það upplýsingar hans til lækna og matsmanna um óvinnufærni sína á sama tímabili og hann hafi tekið þátt í slíkri keppni án þess að geta um hana hafi sýnt ásetning til að fá greiddar bætur sem hann hafi ekki átt rétt á.

Álit.

Í málinu er ágreiningur annars vegar um rétt M til bóta úr tvenns konar lögmaeltum vátryggingum sem eigendum ökutækja er skylt að kaupa. Annars vegar slysatryggingu ökumanns vegna slyssins 11. febrúar 2015 og hins vegar ábyrgðartryggingu vegna slyss 16. október 2015. Þessi tvö slys byggjast á tveimur mismunandi tjónsatburðum.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 671/2016 var því slegið föstu að slysatrygging ökumanns væri persónutrygging í skilningi 1. mgr. 61. gr. laga um vátryggingarsamninga. Það þýðir að II. hluti laganna gildir um vátrygginguna og í þeim kafla, nánar tiltekið í 1. mgr. 120. gr. er kveðið á um að sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn vátryggingafélagi skuli veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út vátryggingarfjárhæðin. Í 2. mgr. 120. gr. kemur síðan fram að sá sem við tjónsuppgjör veiti rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geti leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til, glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna sömu atvika.

Hvað varðar ábyrgðartryggingar er vísað til 2. mgr. 1. gr. laganna þar sem kemur fram að váttrygging gegn skaðabótaábyrgð sé svokölluð skaðatrygging og um slíkar tryggingar gildi I. hluti laganna. Í þeim hluta, nánar tiltekið í 1. mgr. 47. gr. laganna er kveðið á um að váttryggður skuli veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þurfi til að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Í 2. mgr. 47. gr. kemur síðan fram að ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiði til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til þá falli niður allur réttur hans samkvæmt þeim og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar.

Þegar orðalag 47. gr. um skaðatryggingar er borið saman við orðalag 120. gr. um persónutryggingar kemur fram að skylda til að gefa upplýsingar og möguleg réttaráhrif þess að gefnar séu rangar upplýsingar beinast að „váttryggðum“ í skaðatryggingum en „þeim sem hyggst hafa uppi kröfu“ í persónutryggingum. Í c.lið 2. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að sá sem telst vera váttryggður í ábyrgðartryggingum sá sem nýtur váttryggingarverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni. Ljóst er því að gildisvið 120. gr. laga um váttryggingarsamninga er með þeim hætti víðtækara en 47. gr.

Í ábyrgðartryggingu þess ökutækis sem ekið var aftan á bifreið M í slysinu 16. október 2015 var M ekki váttryggður í skilningi laga um váttryggingarsamninga og nær gildisvið 47. gr. því ekki til hans. Heimild V til þess að fella niður bætur til M vegna þess tjónsatburðar verður því ekki byggð á 2. mgr. 47. gr. laganna. Þó fallist verði á að mikilvægt sé fyrir þann sem krafinn er um bætur og þá sem meta þurfi afleiðingar slysa að fá réttar upplýsingar um mögulegt tjón getur váttryggingafélag ekki borið fyrir sig umrætt ákvæði 2. mgr. 47. gr. gagnvart tjónþola í ábyrgðartryggingum, einungis váttryggðum. M telst því eiga rétt á bótum úr þeirri ábyrgðartryggingu að því marki sem hann getur sýnt fram á tjón vegna þess tjónsatburðar. Nefndin tekur ekki frekari afstöðu til mögulegs umfang þess tjóns í málinu enda fæli það í sér að nefndin þyrfti að úrskurða um bótafjárhæðir og það gerir hún ekki nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005.

Gildisvið 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga er, eins og áður segir, víðtækara og nær til stöðu M og kröfu hans um bætur úr slysatryggingu ökumanns vegna tjónsatburðarins 11. febrúar 2015. Af gögnum málsins verður þó ekki ráðið að afleiðingar þess tjónsatburðar hafi leitt til greiðsluskyldu í skilningi ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993, ekki einu sinni þó lögð sé til grundvallar niðurstaða þeirrar matsgerðar sem M byggir bótakröfu sína til V á. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á greiðsluskyldu V úr slysatryggingu ökumanns vegna tjónsatburðar 11. febrúar 2015 og ekki efni til að fjalla frekar um heimild V skv. 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga, en sú heimild kemur einungis til ef skilyrði eru að öðru leyti til greiðslu bóta.

Niðurstaða.

Ekki eru skilyrði til beitingar 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gagnvart M vegna bótakröfu hans í ábyrgðartryggingu ökutækis vegna tjónsatburðar 16. október 2015. Ekki hefur verið sýnt fram á tjón í slysatryggingu ökumanns vegna tjónsatburðar 11. febrúar 2015.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 126/2019**M og
V v/sjúkdómatryggingar.****Upplýsingaskylda vátryggðs. Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags.****Gögn.**

Málskot, dags. 3. apríl 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.4.2019, ásamt tölvupóstum starfsmanna V dags. 30. maí og 4. júní 2018 og útreikningi skv. handbók endurtryggjenda vegna áranna 2017 og 2019.

Málsatvik.

Með tjonstilkynningu dags. 16. febrúar 2018 tilkynnti M um tjon til V vegna heilablæðingar 1. nóvember 2017. Í gögnum málsins er óumdeilt að umræddur atburður fellur undir gildissvið sjúkdómatryggingar hans hjá V, sbr. lið 2e í kafla 5 í vátryggingarskilmálum V nr. 323. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M hafi veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt við töku tryggingarinnar og hefur V takmarkað ábyrgð sína um 50% hluta bótafjárhæðar með vísan til 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Umsókn M um vátryggingu er dags. 3. júlí 2017 og kemur fram í gögnum málsins að hann óski eftir bæði líf- og sjúkdómatryggingu hjá V og að hann sé vátryggður í slíkum tryggingum hjá öðrum vátryggingafélögum þegar hann sækir um vátryggingarnar. Í umsóknareyðublaðinu merkir M nei við spurningum um hvort hann hafi notað lyf að staðaldri, hann merkir einnig við nei við spurningu um hvort hann hafi haft háan blóðþrýsting eða leitað til lækna vegna þess. Sjúkdómatrygging var gefin út í kjölfarið og taldi V ekki ástæðu til að fá frekari upplýsingar um heilsufar M en þær sem komu fram á umsóknareyðublaðinu.

Við afgreiðslu málsins hjá V var aflað frekari gagna um heilsufar M áður en hann sótti um vátryggingavernd hjá V. Í læknisvottorði heimilislæknis dags. 11. maí 2018 koma fram eftirfarandi upplýsingar: „Háþrýstingur, greindur með háþrýsting eftir 24 stunda blóðþrýstingsmælingu í ágúst 2013. Settur á Daren 10mg, var 2017 aukið í 20mg og svo skipt yfir í Valpress fyrst 80 mg og síðan 120mg í okt 2017.“ Í öðru vottorði sama læknis dags. 18. júní 2018 kemur fram að M hafði fyrst mælst með væga hækkun á diastolu 2012, greindur með háþrýsting eins og sagði í hinu vottorðinu 2013 og ávísað lyfinu Daren. Kom síðan næst á heilsugæslu vegna háþrýstings 26. september 2017. Einnig liggja fyrir upplýsingar um lyfjaávisanir til M og kemur þar fram að hann hafi einu sinni fengið ávísað lyfinu Daren á árinu 2013 og síðan ekki fyrr en haustið 2017. Af gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að greining háþrýstings á árinu 2013 hafi ekki leitt til frekari læknisheimsókna af hálfu M fyrr en haustið 2017, eftir að sjúkdómatrygging hjá V tók gildi.

M telur að greiða eigi fullar bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V og telur að þær upplýsingar sem hann gaf um heilsufar sitt á umsóknareyðublaði um sjúkdómatryggingu hafi ekki falið í sér verulega vanrækslu á upplýsingaskyldu hans þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. M kveðst hafa gleymt að tiltaka blóðþrýstingsmælingu sem átti sér stað á árinu 2013 og ástæða þess hafi verið sú að hann hafi þá leitað til læknis af öðrum ástæðum og tengdi hækkun blóðþrýstings við erfðar vinnuáðstæður á þeim tíma. M kveðst hafa tekið eitt spjald af lyfinu Daren á sínum tíma en síðan ákveðið að skipta um vinnustað og eftir það hafi hann ekki átt í neinum vandræðum með blóðþrýsting þar til hann leitaði til læknis haustið 2017. Það sé því ljóst að hann hafi ekki tekið lyf að staðaldri og M telur að sú væga yfirsjón hans að tiltaka ekki blóðþrýstingsmælingu árið 2013 í umsókn um sjúkdómatryggingu ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga um að vanræksla upplýsingaskyldu vátryggðs þurfi að vera ekki óveruleg. Auk þess vísar M til þess að meta eigi aðstæður í heild varðandi umfang takmörkunar.

V telur að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku sjúkdómatryggingar með þeim hætti að takmarka eigi ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga og telur að það sé sýnt af læknisfræðilegum gögnum að M hafi verið í meðferð vegna háþrýstings fáum árum áður en hann sótti um vátryggingu hjá V og hafi því átt að svara beinni spurningu um háþrýsting játandi á umsóknareyðublaði. Það hafi hann ekki gert og honum hafi átt að vera það ljóst að umræddar

upplýsingar hefðu áhrif á mat félagsins á áhættu í sjúkdómatryggingu. V vísar til útreikninga m.v. handbækur endurtryggjenda V varðandi útreikning álags sem M hefði fengið á iðgjald sitt ef upplýsingar hefðu legið fyrir um háþrýsting og telur að m.v. handbók ársins 2017 að iðgjald hefði orðið 75% en m.v. forsendur ársins 2019 50-60%. V telur með vísan til þessa að takmörkun ábyrgðar þess sé 50% og hefur greitt bætur til M sem nemur 50% af váttryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingar hans.

Álit.

Í 82. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélagi sé heimilt að óska eftir upplýsingum sem hafa þýðingu við mat þess á áhættu áður en váttrygging tekur gildi. Félaginu er heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma beint hjá váttryggingartaka og skal hann veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Þar kemur einnig fram að váttryggingartaki skuli að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Í 2. mgr. 83. gr. sömu laga kemur fram að hafi váttryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Í 3. mgr. 83. gr. kemur síðan fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, til þess hve sök váttryggingartaka var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti.

Í þessu máli er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort skilyrði 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga sé uppfyllt varðandi heimild V til að takmarka ábyrgð sína og í öðru lagi, ef svo er, hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína skv. 2., sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna.

Þegar litið er til þeirrar beinu spurningar um háþrýsting sem er á umsóknareyðublaði V, og M fyllti út og undirritaði 3. júlí 2017, verður að líta svo á að með því að svara slíkri spurningu neitandi vanrækti M að gefa rétt og tæmandi svör við spurningum V. Spurningin beindist sérstaklega að háþrýstingi og ekki voru nema um fjögur ár liðin frá því að M fór í sérstaka sólarhringsblóðþrýstingsmælingu sem leiddi af sér niðurstöðu um háþrýsting og að hann fékk ávísað lyfi vegna þess. Það verður ekki talið til óverulegrar vanrækslu og eru því skilyrði 2. mgr. 83. gr. uppfyllt.

Þegar metið er hvort V geti takmarkað ábyrgð sína í heild eða að hluta verður að líta til leiðbeininga 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga um til hvaða viðmiða eigi að líta. Í fyrsta lagi þar að skoða hvaða þýðingu vanrækslan hafði fyrir mat V á áhættu. Þar hefur V vísað til útreikninga skv. handbókum endurtryggjenda sinna um álag á iðgjald. Þó sá þáttur skipti máli þá hefur hann ekki úrslitaáhrif á hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína. Það verður einnig að líta til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um mælingu á blóðþrýstingi M á þeim tíma sem hann sótti um sjúkdómatryggingu hjá V og ekki er hægt að fullyrða að mæling þá hefði verið í samræmi við mælingu á árinu 2013 eða haustið 2017 þegar M leitar aftur til læknis. Í öðru lagi varðandi mat á sök M verður að líta til þess að hann var ekki í stöðugri meðferð vegna háþrýstings og upplýsingar hans um vanlíðan og heilsubresti í tengslum við álag í vinnu á árinu 2013 hafa áhrif á upplifun hans á eigin heilsufari og þar af leiðandi hvaða upplýsingar var rétt að gefa á umsóknareyðublaði. Í þriðja lagi verður síðan að líta til þess að vissulega eru tengsl milli háþrýstings og heilablæðingar og getur það aukið takmörkunarheimildir V. Þegar litið er til þessa alls og atvika að öðru leyti telst takmörkun V ekki geta miðast eingöngu við hlutfall mögulegs álags á iðgjald sjúkdómatryggingar, enda er ekki ljós hvert slíkt álag hefði verið. Þegar litið er til alls þess sem tiltekið er hér að ofan þykir rétt að takmarka ábyrgð V um fjórðung (25%) bóta úr sjúkdómatryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V en bætur takmarkast um 25% af heildarfjárhæð.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 127/2019**M og
V vegna húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.****Gögn.**

Málskot, móttekið 04.04.2019 ásamt fylgiskjali.
Bréf V, dags. 16.04.2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum á þann hátt að hún og eiginmaður hennar hafi orðið vör við raka í málningu á neðri hæð fasteignar sinnar, fyrir neðan baðherbergi. Í kjölfarið hafi þau losað niðurfall úr sturtunni, þrifið það og fest betur, og eftir það hafi ekki orðið vart við leka. Telur M að umrætt tjón falli undir gildissvið húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að um notendaleka sé að ræða sem falli utan vátryggingasviðs vátryggingarinnar. Samkvæmt skoðun pípulagningarmanna á vegum V hafi fúga í sturtuklefa verið sprungin og kittun meðfram sturtubotni orðin gisin og óþétt. Þegar vatni hafi verið sprautað á sturtuvegg hafi þannig komið taumar niður með sturtubotni og vegg. Hins vegar hafi hvorki fundist leki frá botnventli né neyslulögnum. Því sé ekki um að ræða vatnstjón sem sé bótaskyld samkvæmt skilmálum viðeigandi vátryggingar.

Álit.

Í skilmálum húseigendatryggingar hjá V er í 2. gr. kveðið á um bótasvið vátryggingarinnar. Þar kemur m.a. fram í gr. 2.1 að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum vökva sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.

Meðal gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina eru myndir af kitti meðfram sturtubotni og má sjá glufur í kittinu þar sem það virðist hafa losnað frá. Þá hefur jafnframt verið lögð fyrir nefndina lýsing verktaka sem skoðaði umrætt tjón fyrir hönd V. Af henni má ráða að ekki leki með botnventli og að umrætt tjón megi rekja til leka með fúgu. Þar sem þessari lýsingu hefur ekki verið hnekkt verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að umrætt vatnstjón megi rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatns- hita eða frárennislögnum, svo sem áskilið er í áðurnefndri skilmálagrein. Hefur því ekki verið sýnt fram á að bótaskylda úr húseigendatryggingu sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 128/2019**M og
V v/ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna líkamstjóns á veitingastað 15. desember 2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 17.4.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti um líkamstjón til V með tjónstilkynningu dags. 21. júní 2017 og lýsti atvikum þannig að hún hafi verið á veitingastað X þegar hún féll við þrep sem afmarkar aðstöðu sem veitingaborð eru á og það svæði sem viðskiptavinir þurfa að ganga um til að greiða fyrir þjónustuna. M kveðst hafa verið ásamt tveimur barnabörnum sínum á veitingastaðnum og þar sem umrætt þrep hafi verið ómerkt hafi hún ekki séð það og fallið harkalega í gólfið með þeim afleiðingum að hún hlaut nokkuð líkamstjón.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga líkamstjónsins og rekur það til þess að aðstæður á veitingastað X hafi verið óforsvaranlegar. M telur að lýsing hafi verið lítil á staðnum og þrepið hafi ekki verið merkt sérstaklega fyrir en eftir að M slasaðist. Einnig vísar M til þess að starfsfólki X hafi verið kunnugt um slyshættu og hafi starfsmenn talað við M um að sambærileg atvik hefðu orðið áður. M mótmælir því einnig sem röngu sem komi fram í skýrslu starfsmanna X til V að hún hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún féll. Þessu til viðbótar bendir M á að V hafi ekki svarað erindi hennar um bótaskyldu fyrir en um ár hafi verið liðið frá því krafa var gerð í ábyrgðartryggingu X.

V telur að upplýsingar frá X sýni að þrep það sem aðgreindi svæði sem viðskiptavinir veitingastaðar X ganga um hafi verið greinilegt. Myndir sýni að mismunandi gólfefni séu á palli og fyrir neðan þrepið og þannig hafi þrepið verið greinilegt, auk þess sem það hafi verið merkt með gulri merkingu. Eftir það hafi þeirri gulu merkingu verið breytt þannig að sett hafi verið hvít og rauð rönd. Í skýrslu starfsmanna X til V kemur fram að eitt atvik hafi verið vita um þar sem viðskiptavinur hafi dottið en það hafi verið við ísvél en ekki á sama stað og M féll. V vísar til Hrd. 1995, bls. 1559 og Hrd. 560/2002 máli sínu til stuðnings en V byggir ekki á að M hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún féll.

Álit.

Í málinu liggja fyrir myndir af því svæði sem M féll á veitingastað X 15. desember 2016. Þar kemur fram að litur gólfefna er ekki sá sami á því svæði sem aðgreinir þar sem setið er og það sem gengið er niður. Í frekari lýsingum sem stafa frá X kemur fram að auk þess hafi þrep það sem viðskiptavinir þurfi að ganga um hafi verið aðgreint með gulum borða. Ekki liggja fyrir myndir af aðstæðum þegar M féll við sem sanna að aðstæður hafi verið með öðrum hætti.

Sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar á veitingastað X hvílir á þeim sem heldur því fram. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli M verður ekki séð að sannað sé að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M heldur verður fall hennar rakið til óhappatilviks sem X beri ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 129/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðastæði við Suðurlandsbraut í Reykjavík til móts hús nr. 14 og 16
þann 25. mars 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B voru í stöðureitum sitt hvoru megin við akleið eftir bifreiðastæðinu sem er samsíða Suðurlandsbraut. Svo háttar að einstefna er á akleiðinni til austurs og frá henni koma stöðureitir beggja megin skálhellt frá akleiðinni. Er A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem þær voru í rákust saman aftanverð hægri hlið A og hægra afturhorn B.

Í viðbótarupplýsingum á tjónstilkynningu kveður ökumaður A að A hafi verið kyrrstæð eftir að hann bakkaði úr stöðureit. Þá hafi B verið bakkað á hægra afturbretti A. Í málskoti segir að ökumaður A hafi verið búinn að bakka, hafi verið kyrrstæður til að setja í áframgír og leggja á til hægri til að aka áfram út götuna þegar B hafi verið bakkað með hægra afturhorn framarlega á hægra afturbretti A.

Í viðbótarupplýsingum á tjónstilkynningu kvað ökumaður B báða ökumenn hafa verið að bakka úr stöðureitum og „skellum saman á miðjum veginum.“

Álit.

Ökumenn virðast ekki hafa fyllt út sameinginlega tjónstilkynningu heldur hafi þeir fyllt út slíka tilkynningu hvor í sínu lagi og lýsa atvikum nánar, hvor á bakhlið sinnar tjónstilkynningar. Eins og málið liggur fyrir verður að leggja þær lýsingar til grundvallar þegar sök ökumanna er metin. Engum vitnum er til að dreifa um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Af lýsingum ökumanna á bakhliðum þeirra tjónstilkynninga sem þeir undirrituðu verður ekki ráðið með neinni vissu að önnur bifreiðin hafi verið kyrrstæð á akleiðinni í það langan tíma að hinn ökumaðurinn hafi átt að verða hennar var í tæka tíð áður en árekstur varð. Þá verður heldur ekki ráðið af skýrslum þeirra að ástæða sé til að leggja sönnunarbyrði um tildrög árekstursins á annan ökumanninn fremur en hinn. Að öllu virtu verður ekki séð að annar ökumaðurinn eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Af því leiðir að skipta verður sök að jöfnu á milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 130/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu/málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28.03.2019 ásamt fylgiskjölum 1-12.

Bréf V dags. 02.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 17. október 2017 var þingfest í héraðsdómi Austurlands einkamál gegn M og fjórum systkina hans. Stefnandi í málinu var bróðir M og í stuttu máli snerist ágreiningurinn um hvort neðri hæð íbúðarhúss sem verið hafði í eigu foreldra þeirra systkina væri réttilega í eigu allra systkinanna eftir ákveðnum hlutföllum, en sum þeirra höfðu afsalað réttindum sínum til stefnanda, eða M eins, sem hafði árið 1990 látið þinglýsa afsali þar að lútandi en samið hafði verið um kaup hans á eigninni árið 1983. Deilt var um gildi þess afsalsgernings og því haldið fram að faðir systkinanna hefði litið svo á að ekkert hefði orðið af kaupunum enda hefði hann afsalað sér umræddum eignarhluta til allra barna sinna með gjafagerningi árið 1988. Dómur í áðurgreindu máli var kveðinn upp hinn 14. desember 2018 og var M sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður milli hans og stefnanda hins vegar látinn niður falla.

M telur sig eiga rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu sem er hluti heimilistryggingar hans hjá V. Kröfu sína rökstyður hann með því að málsóknin hafi komið honum mjög á óvart. Hann hafi litið svo á að umræddum ágreiningi hafi verið lokið með skiptum á dánarbúi móður þeirra systkina og að skiptin væru endanleg og bindandi gagnvart erfingjum. Þá hefðu engin samskipti átt sér stað milli systkinanna varðandi umrædda dómkröfu áður en dómsmálið var höfðað. Þá tekur M fram að V hafi ekki innt hann eftir því hvort einhver ágreiningur væri fyrirbyggjandi áður en umrædd váttrygging tók gildi. Né hafi honum verið gerð grein fyrir þeim verulegu takmörkunum á gildissviði váttryggingarinnar sem höfnun V á bótaskyldu byggir á, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að heimilistrygging M hjá V hafi tekið gildi hinn 1. júní 2017 og sé enn í gildi. Í gr. 50.1 skilmálanna komi fram að málskostnaður sé greiddur ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu. Í gr. 50.2 segi svo að váttryggður geti samt sem áður fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafi gerst eftir að váttryggingin tók gildi. Með hliðsjón af gögnum málsins sé ljóst að umræddur ágreiningur fyrir dómstólum hafi átt sér langan aðdraganda, þannig hafi stefnandi í málinu ítrekað reynt að fá þinglýstum eignarheimildum hnekkkt, og á fyrri stigum hafi gengið dómur og úrskurðir vegna gjafagerninga í tengslum við sömu jörð. Því sé óhjákvæmilegt að líta svo á að ágreiningur málsins hafi komið upp þó nokkru áður en váttrygging M hjá V tók gildi. Verði því að hafna kröfu hans.

Álit.

Ágreiningslaust er að váttryggingin sem um ræðir gekk í gildi örfáum mánuðum áður en dómsmál á hendur M var þingfest. Því er ljóst að bótaréttur M getur ekki byggt á gr. 50.1 viðeigandi skilmála en hún er svohljóðandi: „Hægt er að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu. Hafi váttryggður haft sams konar váttryggingu hjá öðru félagi fær hann þá váttryggingu reiknaða sér til góða.“ Ekki er fyrir nefndinni byggt á því að seinni málsliður ákvæðisins geti átt við, og liggur í raun ekkert fyrir um það, og kemur hann því ekki til frekari skoðunar. Í gr. 50.2 segir svo hins vegar: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur váttryggður samt sem áður fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar kröfunni, hafa gerst eftir að váttryggingin tók gildi.“ Kemur þá til skoðunar hvort krafa M geti byggst á þessari málsgrein, þ.e. hvort atvik eða atburðir sem krafa stefnanda í umræddu dómsmáli byggði á hafi átt sér stað eftir 1. júní 2017. Ljóst er

að deilt er m.a. um gildi þinglýsingar afsals sem mótttekið var til þinglýsingar hinn 4. apríl 1990. Af gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina má svo ráða að á skiptafundi vegna dánarbús móður þeirra systkina, en hún hafði setið í óskiptu búi, hinn 10. maí 2010 hafi verið ágreiningur um eignarhald umræddrar íbúðar. Í stefnu sem lögð var fram í héraðsdómi Austurlands hinn 17. október 2017, kemur fram að beiðni hafi verið send sýslumanninum á Seyðisfirði hinn 18. október 2016 um afturköllun og afmáningu úr fasteignabók. Verður því ekki litið framhjá því að deilur aðila, eins og raunar segir einnig í niðurstöðu héraðsdóms, hafa verið langvarandi og samkvæmt atvikum öllum er ekki hægt að fallast á að þeir atburðir eða atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafi gerst eftir að umrædd váttrygging tók gildi.

Þá verður ekki fallist á það með M að takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar séu í þessu tilviki verulegir í þeim skilningi að skylt hefði verið að geta umræddra skilmálaákvæða sérstaklega við töku váttryggingarinnar, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu heimilistryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 21. maí 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 131/2019**M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Orsakatengsl vegna ætlaðs líkamstjóns og umferðaróhapps 20. mars 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 4.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.4.2019, ásamt tjónagreiðslufirliti vegna munatjóns.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið 20. mars 2017 og tilkynnir M um líkamstjón vegna þess sama óhapps með sérstakri tjónstilkynningu dags. 13. júní 2017. Í málinu liggja einnig fyrir af hálfu M upplýsingar um læknisheimsókn M 22. mars 2017 og meðferð hennar hjá kírópraktor. Af hálfu V hefur verið lögð fram skýrsla um mögulegan höggkraft vegna árekstursins dags. 2. apríl 2018 sem og yfirlit yfir um 170 þúsund króna bótagreiðslur vegna tjóns á bifreið þeirri sem M var í þegar árekstur varð.

M telur að hún eigi rétt til greiðslu bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V og í því felist greiðslur vegna gagnaöflunar til undirbúnings matsgerðar vegna afleiðinga líkamstjónsins. M telur að V geti ekki ályktað með svo almennum hætti út frá mati sem V aflar einhliða á mögulegum höggkrafti vegna árekstursins að M hafi ekki getað orðið fyrir líkamstjóni.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 20. mars 2017 og vísar til matsgerðar dags. 2. apríl 2018 sem sýni að kraftar þeir sem gætu hafa leitt til höggs á bifreið þá sem M var í við áreksturinn hafi verið mjög litlir og ekki til þess fallnir að leiða til líkamstjóns. Einnig bendir V á að kostnaður við að gera við bifreiðina hafi verið minniháttar og styðji það afstöðu félagsins.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til læknis vegna einkenna sem hún rekur til áreksturs 20. mars 2017 tveimur dögum eftir atvikið. Lýsingar á einkennum M í umræddu læknisvottorði og skýrslu kírópraktors eru þess eðlis að vera almenns eðlis og einnig er vísað til annars umferðarslyss M á árinu 2016. Eins og gögn í þessu máli liggja fyrir er ekki hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á mögulegum afleiðingum, hvort meiri eða minni líkur séu á að einkenni M tengist árekstrinum eða afleiðingum annarra atvika eða aðstæðna. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskortum sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 133/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot mótt. 05.04.2019 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 26.04.2019.

Málsatvik.

Hinn 9. nóvember 2017, er M var að störfum hjá A, varð hann fyrir slysi með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á úlnlið hægri handar. M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið að stafla 22 kílóa þungum kössum á bretti, en þegar hann setti kassa efst á staflann hafi kassi dottið á hægri hendi hans með fyrrgreindum afleiðingum. Samkvæmt M hafði hann ekki sinnt þessum verkþætti áður, en A hafi gert kröfu um að kössunum væri staflað í níu hæðir, sem samkvæmt vitnisburði samstarfsmanns M, sem varð vitni að atvikinu, er „vel yfir höfuðhæð meðalmanns“. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V á grundvelli þess að vinnuáðstaður og leiðbeiningar hafi verið ófullnægjandi og vísar til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum máli sínu til stuðnings. Þannig sé óforsvaranlegt að starfsmönnum sé gert að stafla svo þungum kössum ofan á hvern annan án þess að þeir séu á einhvern hátt skorðaðir af í stæðunni enda fylgi þessu verklagi mikil slyshætta. A hafi því vanrækt skyldur sínar til að sjá til þess að hægt væri að framkvæma vinnu án hættu á slysum eða heilsutjóni. Jafnframt vísar M til reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. Þá byggir M á því að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu svo sem skylt hafi verið, og verði A að bera hallann af því að málsatvik séu ekki nægilega upplýst vegna þess. Þá hafnar M því að um eigin sök hans hafi verið að ræða, enda hafi hann gert sitt besta við verk sem hann hafi verið óvanur og fylgt hefðbundnu verklagi við stöflun kassanna.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að alls ósannað sé að atvikið megi rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á. Um tiltölulega einfalt verk hafi verið að ræða og með tilliti til aldurs og reynslu M sjálfs megi ætla að hann hefði verið fær um að vinna verkið á öruggan hátt. Hvað varðir vanrækslu A á að tilkynna atvikið til Vinnueftirlitsins verði að líta til þess að M hafi klárað vinnudaginn og ekki látið vita af atvikinu fyrr en daginn eftir. Atvikið verði því ekki rekið til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi A heldur hafi verið um óhappatvik og/eða eigin sök M að ræða.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins. Í gögnum málsins kemur fram að umræddir kassar hafi verið 22 kíló að þyngd. Hins vegar kemur ekkert fram um lögun þeirra, svo sem hæð, lengd, breidd eða hvernig gripi á þeim er háttað, að öðru leyti. Hið eina sem liggur fyrir varðandi umrædda stafla er að efsti kassinn í slíkum stafla sé vel yfir höfuðhæð meðalmanns. Af því verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að vinnuástaða hafi óforsvaranleg eða leiðbeiningum ábótavant. Hvað varðar tilkynningu til Vinnueftirlitsins vegna atviksins verður ekki litið framhjá því að af gögnum málsins verður ráðið að M hafi áfram verið við störf eftir atvikið og ekki leitað læknis fyrr en daginn eftir, hinn 10. nóvember. Þá kemur fram á tjónstilkynningu til V sem M ritar undir að atvikið hafi ekki verið tilkynnt yfirmönnum eða vinnuveitanda fyrr en hinn 10. nóvember. Verður það því ekki metið A til sakar að slysið hafi ekki verið tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins, og því ekki rétt að A beri hallann af sönnunarskorti vegna skorts á slíkri tilkynningu. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sýnt fram á sök af hálfu A og því óhjákvæmilegt að hafna kröfum M um bætur úr ábyrgðartryggingu þess.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 134/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Árekstur bifreiðastæði við Skógarlind þann 21. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 6. apríl 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Bréf V1, dags. 24. maí 2019.

Bréf V2, dags. 12. apríl 2019, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu sem gerð var vegna málsins kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Skógarlind 2. Bifreiðinni A var ekið í vestur eftir akleið bifreiðastæðisins þegar bifreiðin hafnaði á hægri framhorni bifreiðarinnar B. Í tjónstilkynningunni er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekki séð B fyrir en of seint vegna þess að hann blindaðist af sól. Bifreiðinni B var ekið í norður eftir akleið bifreiðastæðisins. Í tjónstilkynningu er haft eftir ökumanni B að hann hafi stöðvað bifreið sína skömmu áður en árekstur varð. Tjónanefnd vátryggingafélaganna komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla sök á árekstrinum fyrir að virða ekki reglu 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga um hægri forgang.

M, ökumaður B telur niðurstöðu Tjónanefndar ranga og byggir á því að ökutæki sitt hafi verið kyrrstætt og að nægilegt pláss hafi verið fyrir ökumann A til að komast framhjá. Þá hafi Tjónanefnd ekki litið til þess að ökumaður A hafi viðurkennt að hafa blindast af sól og því ekki séð ökutæki sitt.

V2 tekur undir með M og vísar til þess að leggja skuli alla sök á ökumann A, þar sem hann hafi ekki sýnt þá varúð sem af honum mátti krefjast, sbr. 36. gr. umferðarlaga og að hann hafi ekið á kyrrstæða bifreiðina. V1 vísar hins vegar til þess að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum fyrir að virða ekki reglu 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga um hægri forgang.

Álit.

Á bifreiðastæðum gildir ákvæði 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga um að þegar ökuleiðir ökumanna skerast skuli sá sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Ljóst er af gögnum málsins að ökumaður bifreiðarinnar B var með ökutæki A sér á hægri hönd. Bar honum því skv. framangreindu ákvæði umferðarlaga að veita ökumanni A forgang í umrætt sinn. Þrátt fyrir að ökumaður B hafi stöðvað bifreið sína skömmu fyrir áreksturinn er engu að síður ljóst að bifreiðinni var ekið í veg fyrir A. Braut ökumaður B því gegn ákvæði 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga í umrætt sinn. Fyrir liggur að ökumaður A blindaðist af sól í aðdraganda árekstursins en ók engu að síður áfram með þeim afleiðingum að árekstur varð. Verður því að teljast ljóst að ökumaður A gætti ekki nægilega að aðstæðum við aksturinn í umrætt sinn og braut með því gegn almennum reglum umferðarlaga, sbr. m.a. b. liður 36. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að báðir ökumenn eiga nokkra sök á árekstrinum. Þegar litið er til aðstæðna allra og þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður sök á árekstrinum skipti til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík 20. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 136/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar (X).****Gildissvið vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar vegna tjóns á rúðum fasteignar.****Gögn.**

Málskot M, mótttekið 10. apríl 2019.

Bréf V, dags. 3. maí 2019.

Bréf M, ódagsett.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að tjón hafi orðið á rúðum fjölbýlishússins X í kjölfar þess að M tók að sér vinnu við að mála lista í 12 íbúðum í húsinu. Lýsir M atvikum á þá leið að notuð hafi verið vél við að slípa listana og við þá vinnu hafi gler í nálægum rúðum rispast. Skemmdir á glerinu hafi ekki komið í ljós fyrr en eftir að verkið var unnið.

M telur að greiða eigi skaðabætur vegna tjónsins úr fjálsri ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur sem M er með hjá V. Telur M að tjónið falli undir gildissvið tryggingarinnar með þeim hætti að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M og þó að vátryggingarskilmálar undanskilji tjón á munum í vörslu vátryggingartaka og tjón á munum sem vátryggingartaki tekur að sér að vinna við með einum eða öðrum hætti, þá hafi umræddar rúður ekki verið í „vörslum“ M í skilningi vátryggingarskilmálans. Þá telur M ekki hægt að líta svo á að M hafi verið að vinna við rúðurnar í umrætt sinn, heldur hafi M verið að vinna við nálæga lista.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis c-liðar 7.1. gr. vátryggingarskilmálans, þar sem kveðið er á um að vátryggingin tekur ekki til skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

Gildissvið ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá V takmarkast við tjón sem verður á mönnum eða munum vegna skyndilegra og óvæntra atburða og vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum. Gildissvið vátryggingarinnar takmarkast síðan með undanþáguákvæðum í gr. 7.1, þar sem tilgreint er að vátryggingin greiði ekki bætur vegna tiltekinna aðstæðna þar sem verða skemmdir á munum, m.a. þegar þeir eru í vörslum vátryggingartaka eða tjón verður á þeim við það þegar vátryggingartaki tekur að sér að gera við þá, setja þá upp eða vinna við þá með einum eða öðrum hætti.

Enginn ágreiningur virðist vera um að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Kemur því einungis til skoðunar hvort umrætt tjón sé sérstaklega undanskilið skv. áður nefndum c-lið 7.1. gr. vátryggingarskilmálans. Í lýsingum M kemur fram að starfsmenn M hafi verið að vinna við að slípa lista í tilteknum íbúðum hússins með vélum. Við þá vinnu hafi orðið skemmdir á nálægum rúðum. Af framangreindu er ljóst að til að forða tjóni á rúðunum hefðu starfsmenn M þurft að grípa til ráðstafana, svo sem eins og að byrgja glerið með málmplötum eða fjarlægja glerið á meðan verkið var unnið. Þessum nauðsynlega hluta verksins vanrækti M með þeim afleiðingum að tjón hlaust af. Að mati nefndarinnar var það órjúfanlegur hluti verksins að byrgja rúðurnar eða verja þær með öðrum hætti. Verður því að líta svo á að M hafi tekið að sér að vinna við rúðurnar með einum eða öðrum hætti, jafnvel þó M hafi vanrækt þann hluta verksins sem fólst í að verja rúðurnar. Ákvæði c-liðar 7.1. gr. vátryggingarskilmálans tekur til þess verkþáttar að byrgja glugga rúðugler íbúðanna sem um ræðir. Greiðsluskylda er þar af leiðandi ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 137/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort skaðabótaskylda vegna falls í stiga á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 09.4.2019 ásamt fylgiskjölum 1-21.

Bréf V dags. 16.4.2019 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Málsatvik.

Um hádegi hinn 12. janúar 2018 var M að búa sig undir að hefja störf á vinnustað sínum, veitingahúsinu A, og þurfti því að fara niður í kjallara í þeim tilgangi að skipta um föt. Á leið sinni niður stigann féll M, þannig að hann rann niður á bakinu og höfuð hans og háls slógust í þrep og kanta. M leitaði samdægurs til læknis en hann meiddist nokkuð við fallið og í maí 2018 var framkvæmd segulómun á baki hans sem leiddi í ljós brjós-klos á háls- og brjósthrygg.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og rökstyður kröfu sína m.a. með því að M hefði áður varað vinnuveitanda sinn við því að stiginn væri varhugaverður og af honum stafaði fallhætta. Stiginn sé þröngur og brattur en á A hvíli sú skylda, sem vinnuveitanda og veitingastað, að gæta að öryggi þeirra sem leið eigi um stigann. A hafi hins vegar vanrækt skyldur sínar að þessu leyti og ekki gert viðhlítandi öryggisráðstafanir. Þannig hafi svokallað tröppunef, eða listi, verið laust á einni tröppu, sandpappír á tröppunefum hafi verið eyddur og veruleg þörf hafi verið á að skipta um sandteppi á þrepunum til að draga úr hálfu. Þá hafi einungis verið handrið öðrum megin við fyrstu átta þrep stigans, en ekki báðum megin eins og leiðbeiningar frá Mannvirkjastofnun kveði á um. Viðgerð á stiganum til að bæta úr þessum atriðum hafi fyrst farið fram í mars 2019. Þá hafi slysið hvorki verið tilkynnt til lögreglu né Vinnueftirlitsins og verði A að bera hallann af því að rannsókn þeirra aðila hafi ekki farið fram. V hafnaði kröfum M með bréfi dags. 21. mars 2019, m.a. á þeim forsendum að ósannað væri að laus listi á tröppu hefði valdið slysinu, þannig væri lausi listinn neðarlega í stiganum en í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands komi fram að M hefði dottið ofarlega í stiganum. Þessum röksemdum mótmælir M sérstaklega í málskoti sínu, enda hafi hann ekki talið þrepin í fallinu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að það sé aðeins á síðari stigum sem M haldi því fram að umræddur listi hafi orsakað slys hans, og það sé ekki í samræmi við fyrri lýsingu á atvikum. Þá tekur V fram að jafnvel þó umræddur listi hefði orsakað fallið væri alls óvíst að A hefði verið kunnugt um ástand hans. Þá er tekið fram að um sé að ræða hús sem byggt var árið 1928 og sé stiginn í samræmi við reglur þess tíma, en nýjar byggingarreglur gildi ekki afturvirk. Þá er því mótmælt að sandpappír á þrepunum hafi verið uppeyddur og ekki þjónað tilgangi sínum. Enn fremur rekur V að heimilt sé að hafa handrið aðeins öðrum megin við stiga sem liggur að vegg. Jafnframt tekur V fram að ekki sé vitað til þess að önnur slys hafi orðið í umræddum stiga, né að kvartað hafi verið yfir öryggi hans, þrátt fyrir þann fjölda starfsfólks og viðskiptavina sem leið eigi um stigann.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálstri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Fyrir nefndinni liggur fjöldi mynda og myndskaiða af umræddum stiga. Af þeim má greina að umræddur stigi er vissulega bæði brattur og þröngur, en hins vegar verður ekki ráðið af gögnum málsins annað en að stiginn uppfylli þær kröfur sem í gildi voru á byggingartíma hússins. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að almennt ástand stigans hafi verið slíkt að það teljist vanræksla af hálfu A að hafa ekki ráðist í úrbætur á honum áður en umrætt atvik átti sér stað. Af myndskaiði sem M lagði fyrir nefndina verður þó ráðið að listi á sjöundu tröppu stigans talið ofan frá, eða neðan við miðjan stigann, er laus. Hins vegar verður ekki ráðið með óyggjandi hætti af gögnum málsins að M hafi misst fótanna við að stíga á þennan lista og að hann hafi því leitt til þess að hann féll niður stigann. Þannig segir ekki beinlínis í atvikalýsingu M að honum hafi skrikað fótur við að stíga á listann, og staðsetning listans í stiganum samrýmist ekki upprunalegum lýsingum á atvikinu. Jafnvel þó svo væri liggur ekki fyrir að forsvarsmenn A hafi vitað af því að umræddur listi væri laus,

en engin gögn eru til stuðnings því að M eða aðrir hafi áður kvartað yfir ástandi stigans. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14. maí 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 138/2019**M og
V1 vegna ökutækjatrýggingar A og
V2 vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar L og ökutækjatrýggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 09.04.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 26.04.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 23.04.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi farið í þvottastöð L 16. febrúar 2019 á bifreiðinni A. Þegar hún var komin um það bil hálf leið hafi bifreiðin B stöðvast fyrir framan hana með þeim afleiðingum að krókurinn á B hafi farið inn í grillið á A.

M óskaði eftir bótum hjá V2 annaðhvort úr frjálsri ábyrgðartryggingu L eða úr ökutækjatrýggingu B. M telur ástæðuna fyrir því að B fór upp rásunum (færibandinu) og stöðvaðist vera að hann hafi rekist í stýrið eða stigið á bremsuna og að starfsmenn L hafi raðað bílum mjög þétt inn í stöðina og því hafi verið lítil sem engin tími til að bregðast við þegar L fór úr sporunum. M tekur fram að bifreiðin B hafi verið á mjög stórum dekkjum og mögulegt sé að of lítið loft hafi verið í dekkjunum.

Í tölvupósti frá ökumanni B kemur fram að hann hafi fundið stýrið snúast á bílnum sem hafi farið upp úr brautinni og í kjölfarið hafi hann bremsað og flautað. Síðan hafi liðið 5-10 sekúndur og hann hafi flautað aftur og þá hafi færibaldið stoppað. Í millitíðinni hafi hann fundið smá högg á bílinn þegar billinn fyrir aftan hafi runnið á dráttarkúluna hjá honum.

Í bréfi V1 kemur fram færibaldið hafi ekki verið stöðvað strax þegar B fór upp úr færibandinu og hemlaði. Það sé ekki í samræmi við leiðbeiningar sem ökumönnum séu gefnar þegar bifreiðum sé ekið inn í þvottastöðina. V1 telur að tjónið megi rekja til þess að bifreiðum hafi verið raðað á færibaldið með of stuttu millibili sem hafi ekki dugað starfsmönnum L til þess að bregðast við flauti ökumanns B þegar bifreiðin fór út af færibaldi þvottastöðvarinnar. Þá hafi B verið hleypt inn á þvottastöðina á allt of stórum dekkjum sem mögulega voru þess valdandi að bifreiðin fór af færibandinu. Að lokum megi líklega rekja tjónið til sakar ökumanns B fyrir að hafa ekki farið eftir leiðbeiningum þvottastöðvarinnar þ.e. hann hafi hemlað í miðju þvottaferli.

Í bréfi V2 er bent á 2. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingarinnar og að ekki sé sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hafi verið sýnt fram á að lítið loft hafi verið í dekkjum bifreiðarinnar að það hafi haft áhrif á virkni vélarinnar. Hins vegar liggi fyrir að ökumaður B hafi stigið á bremsur bifreiðarinnar, en samkvæmt leiðbeiningum váttryggingartaka megi ekki gera það, þar sem bifreiðin geti við það farið af færibandinu með þeim afleiðingum að næsta bifreið fyrir aftan rekst á hana. Bendi þannig flest til þess að tjónið verði rakið til þess að ökumaður B hafi ekki fylgt leiðbeiningum þvottastöðvarinnar. Þegar af þeim sökum sé ljóst að M eigi ekki bótarétt úr frjálsri ábyrgðartryggingu L. Einnig er í bréfi V2 bent á undantekningarákvæði í c-lið 6. gr. skilmálanna sem og sérákvæði í skilmálunum um að skemmdir af völdum þvottavélar falli ekki undir váttrygginguna.

Álit.

Í gögnum málsins kemur ekkert fram um stærð dekkja bifreiðarinnar B né hvort loftþrýstingur hafi verið of lágur. Þá liggur ekkert fyrir í gögnum málsins um að starfsmenn L hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar óhappið varð á færibaldi þvottastöðvarinnar né að bilun hafi átt sér stað. Það liggja því ekki fyrir atvik sem L ber skaðabótaábyrgð á. Með vísan til þess verður tjón M ekki bætt úr ábyrgðartryggingu L hjá V2. V2 hefur ekki svarað kröfu í ábyrgðartryggingu B með formlegum hætti. Í málskotinu kemur fram að M hafi skilað tjónaskýrslu til V1 19. mars 2019 og hafi V1 óskaði eftir

upplýsingum hjá V2 þar sem B er ábyrgðartryggt. V2 hafi í framhaldinu sent tölvupóst til ökumanns B. Samkvæmt 1. másl. 2. mgr. og 1. másl. 3. mgr. 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingarfélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar og hafi félagið ekki brugðist við kröfunni innan þriggja vikna sé málskotsaðila heimilt að leita til úrskurðarnefndar. Þar sem glöggt má ráða að M hafi gert kröfu í ábyrgðartryggingu B og B hefur ekki svarað kröfunni efnislega tekur nefndin kröfuna til meðferðar. Það liggur fyrir í málinu að ökumaður B bremsaði á færibandinu. Það er þvert gegn leiðbeiningum þegar farið er í gegnum færiband þvottastöðvarinnar og með þeirri háttsemi varð hann valdur að því að bifreiðin A lenti aftan bifreið B. Á þeirri háttsemi ber ökumaður B ábyrgð og er tjón A því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir tjón á bifreiðinni A úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 139/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er slökkviliðsmaður varð fyrir meiðslum er hann þreytti þrekpróf.****Gögn.**

Málskot, móttakið 9.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.5.2019.

Málsatvik.

M starfar sem slökkviliðsmaður hjá A. Hinn 30. október 2015 þreytti hann hluta þrekprófs sem fólst í því að draga aftur á bak um 30 m vegalengd í fullum eldgalla með áfast þyngingarvesti og öndunarkút á bakinu um 80 kg þunga dúkku í fanginu. Kveðst M hafa óskað eftir því að fá að draga dúkkuna á öxlunum eða með bandi yfir brjóstakassa og undir handarkrika en fengið synjun frá B, starfsmanni A sem sá um framkvæmd þrekprófsins þrátt fyrir að M hafi bent B á að annar starfsmaður hafi skömmu áður fengið að draga dúkkuna með sama hætti og M hafði óskað eftir. Hafi M átt að taka um dúkkuna undir handarkrika hennar og yfir brjóstakassa og lyfta henni þannig upp í upprétta stöðu og ganga svo aftur á bak með hana. Hafi M ekki náð að ná höndum sínum utan um dúkkuna þannig að hann næði að læsa höndunum saman og halda réttu líkamsstöðu. Eftir að M lagði af stað með dúkkuna hafi hann misst takið á henni. Þá hafi hann ítrekað ósk sína um að fá að draga dúkkuna en verið synjað um það aftur af hálfu B. Hafi M þá haldið ferð sinni áfram án þess að hafa nægilega gott tak á dúkkunni né ná góðri líkamsstöðu. Hafi svo farið að hann hafi hrasað aftur og fallið aftur fyrir sig þannig að súrefniskútur sem hann bar á bakinu hafi stungist í bak hans og hann orðið fyrir meiðslum. Við þetta hætti M við prófið og hefur síðan verið óvinnufær til slökkviliðsstarfa.

M kveðst hafa orðið fyrir meiðslum í baki á árinu 2004 og hafi starfsmenn A átt að vita af þeim meiðslum og það hafi verið á ábyrgð A að tekið skyldi tillit til þessara meiðsla við framkvæmd þrekprófsins jafnvel þótt vitneskja um meiðslin hafi ekki borist B þegar prófið fór fram. Einnig hafi veri brotið gegn reglum A við framkvæmd prófsins þar sem ekki var unnt að nota umrædda dúkku í samræmi við reglur hvað handfestu snerti, en dúkkan skuli vera þannig úr garði gerð að gott sé að ná tókum á höndum hennar eða með bandi um efri hluta búks. Einnig hafi um 20% hliðarhalli verið á gólfi því þar sem þrekprófið var framkvæmt og hafi verið gríðarlega erfitt fyrir líkamann og beinlínis hættulegt að bera dúkkuna í slíkum halla þar sem átakið verði allverulegt á aðra hlið líkamans. Þá kveður M að hann hafi átt að þreyta þrekprófið innan sex mánaða frá síðustu lækni skoðun. Hún hafi verið framkvæmd 21. mars 2015 og því verið liðnir rúmir sjö mánuðir frá lækni skoðuninni þegar hann var látinn þreyta þrekprófið í lok október sama árs. Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann varð fyrir við það að þreyta þrekprófið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og lýst hefur verið hér að framan og gögn málsins bera að öðru leyti með sér hrasaði M er hann þreytti þrekpróf með því að ganga aftur á bak í fullum eldgalla með súrefniskúta á bakinu og með um 80 kg þunga dúkku í fanginu. Féll M aftur fyrir sig í gólfið þannig að súrefniskútur þrýstist upp í bakið. Ekki verður ráðið af gögnum málsins með vissu hvað nákvæmlega olli því að M hrasaði umrætt sinn. Verður ekki ráðið að þyngd dúkkunnar, stærð og lögun hennar eða þau tók sem M hafði á dúkkunni hafi orðið þess valdandi að hann féll við. Sömuleiðis er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að halli gólfsins hafi beinlínis átt þátt í því hvernig fór. Ekki verður heldur séð að eldri sjúkdómseinkenni í baki eða að meira en sex mánuðir voru liðnir frá síðustu lækni skoðun hafi leitt til þess að M hrasaði. Vera kann að einhver þessara þátta, einn eða fleiri, hafi átt samverkandi þátt í því að hann féll í gólfið. Engu verður þó slegið föstu í þeim efnum. Enn fremur hefur ekki verið sýnt fram á að við framkvæmd þrekprófsins hafi B með saknæmum hætti gefið M slík fyrirmæli um það hvernig hann skyldi taka prófið að leitt hafi til slyssins eða framkvæmd prófsins hafi með einhverju móti farið í bága við skráð fyrirmæli um framkvæmd þess. Þegar litið er til þess að umrætt þrekpróf hefur verið

liður í heildstæðu mati á getu M sem slökkviliðsmanns að koma fólki í lífsháska til bjargar verður ekki talið, eins og hér stóð á, að það geti leitt til bótaábyrgðar A hvernig dúkka sú sem M bar hafi verið úr garði gerð eða að hliðarhalli hafi verið á gólfinu. Samkvæmt framangreindu og að gögnum málsins virtum að öðru leyti verður ekki talið að slysið verði rakið til þeirra atvika sem M telur að hafi valdið slysinu og eigi að leiða til skaðabótaábyrgðar A. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 140/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 09.04.2019 ásamt fylgigögnum.

Bref V, váttryggingafélags, dags. 03.05.2019.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi ekið bifreið sinni (B) 19. ágúst 2018 frá Kirkjubæjarklaustri til Reykjavíkur og hafi fyrir austan Vík í Mýrdal mætt Man vöruflutningabíl sem hafi ausið yfir bifreiðina miklu steinkasti sem hafi valdið tveimur sprungum í framrúðu og lakkskemmdum á vinstri hlið bílsins. Einnig kemur fram að Vegagerðin hafi tjáð M að ábyrgð vegna mistaka við blöndun á efni sem notað var til vegagerðar austan Víkur lægi hjá V, váttryggingafélagi efnissala. M telur bótaskyldu vera fyrir hendi hjá V vegna steinloss í slitlaginu. Með málskotinu fylgdu myndir af skemmdum á bifreiðinni. Þá kemur fram að engin sjónarmið styðji aðra niðurstöðu en þá að vegarhlutinn þar sem tjónið átti sér stað hafi verið afmarkað og haldið galla. M hafi tilkynnt tjónið 30. ágúst 2018 þegar hún vissi hvert hún átti að kvarta.

Í bréfi V kemur fram að ábyrgðartrygging A taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna tjóns á mönnum eða munum af völdum hættulegra eiginleika vöru sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi. Það sé almenn regla í skaðabótarétti að þeim, sem hefur uppi skaðabótakröfu, beri að sýna fram á tjón sitt og orsakatengsl við hið skaðabótaskylda atvik og afstaða félagsins sé sú að M hafi ekki tekist sú sönnun. Í fyrsta lagi hafi M ekki sýnt fram á að hann hafi í reynd ekið um vegarkaflann sem um ræðir heldur sé um einhliða frásögn M að ræða. Engin gögn liggja fyrir sem styðji þá frásögn. Í öðru lagi telur V M ekki hafa sýnt fram á að tjónið á B hafi átt sér stað 19. ágúst 2018. Ákomur á rúðum og öðrum hlutum bifreiða sem rekja megi til steinkasts á þjóðvegum landsins sé afar algengt og ekki liggja fyrir nein gögn um ástand bifreiðarinnar fyrir hið meinta tjónsatvik. Í þriðja lagi sé ómögulegt að staðhæfa að steinkast frá vörubifreiðinni hefði ekki átt sér stað ef malbikið hefði verið rétt blandað, m.ö.o. sé alfarið ósannað að orsakatengsl séu á milli ágallans á malbikinu og steinkastsins. Í fjórða lagi sé það afstaða félagsins að ekki sé unnt að líta svo á að tjónið á B megi rekja til ágallans á malbikinu. M staðhæfi að ógætilegur akstur annarrar bifreiðar hafi orðið þess valdandi að steinar köstuðust í framrúðu og lakk B. Hafi vörubifreiðinni verið ekið ógætilega sé ljóst að sá akstur var í andstöðu við tilmæli á vettvangi. Tengslin milli ágallans og tjónsins séu svo óskýr og langsótt að ekki sé unnt að leggja til grundvallar að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi.

Álit.

Því hefur ekki verið mótmælt að það hafi verið mistök við blöndun á efni við vegagerð austan Víkur í Mýrdal sem hafi valdið steinlosi í slitlaginu. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að Man vörubifreið hafi ausið grjóti yfir bifreiðina B þegar hún ók vegarkaflann og er því ekki hægt að ganga út frá þeirri atburðarrás. Þá liggur engin sönnun fyrir í málinu að orsakatengsl séu á milli þess að steinlos hafi verið í slitlaginu og þess að bifreiðin hafi orðið fyrir steinkasti. Þar sem hvorki er unnt að staðhæfa að steinkastið hafi komið frá annarri bifreið né að tjónið á bifreiðinni sé af völdum slitlagsins er V ekki bótaskyld gagnvart M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir tjón á bifreiðinni B úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 141/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá A****Deilt um bótaskyldu úr slysatryggingar launþega vegna banaslyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.04.2019, ásamt fylgiskjölum 1-7.
Bréf V, dags. 30.04.2019.

Málsatvik.

Aðfararnótt hins 7. febrúar 2017 lést sonur M, X, í kjölfar brennisteinsmengunar, en vegna bilunar í borholukerfi á svæðinu barst brennisteinsvetni með neysluvatnslögnum í húsnæði í eigu A þar sem X hafðist við. Fyrir nefndinni er ekki deilt um atvik þess slyss, en M gera kröfur um bætur úr slysatryggingu launþega á grundvelli þess.

Kröfu sína rökstyðja M með því að þau hafi haft framfæri af syni sínum, og framvísa yfirliti yfir bankamillifærslur því til stuðnings. Þá byggja M á því að hluti af starfsskyldum X hafi verið að hafast við í húsnæði A, enda hafi hann átt lögheimili annars staðar. Því hafi slysið átt sér stað í starfi X hjá A. V hafnaði kröfum M um bætur úr slysatryggingu launþega, á grundvelli þess að X hefði ekki verið að störfum þegar slysið átti sér stað, með bréfi dagsettu 11. apríl 2018. M mótmæla þeirri afstöðu og telja V leggja of þröngan skilning í vinnutímahugtakið, og áréttu að ekki hafi verið lagður fram húsaleigusamningur sem sýni fram á að X hafi haldið heimili í húsnæðinu. Því verði að líta svo á sem viðvera hans í húsnæðinu hafi verið hluti starfsskyldna hans, þ.e. að hafa eftirlit með verksmiðju A sem sé staðsett við hlið húsnæðisins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að í 1. kafla vátryggingarskilmála SP20 sem gilda um vátrygginguna komi orðrétt fram að „vátryggingin gildir fyrir launþega í starfi hjá vátryggingartaka“. Samkvæmt gögnum málsins sé ljóst að X hafi ekki verið kominn til starfa þegar slysið átti sér stað. Þá hafi M ekki sýnt fram á að það hafi verið hluti starfsskyldna X að hafast við í umræddu húsnæði, en samkvæmt A hafi hann búið þar í sex ár. Það að X hafi verið með lögheimili annars staðar breyti því ekki að ósannað sé að hann hafi verið að sinna starfsskyldum með búsetu sinni í húsnæði A, og hafi því slysið ekki átt sér stað í starfi hans eins og skilmálar vátryggingarinnar geri ráð fyrir.

Álit.

Fyrir nefndinni liggja engin gögn, s.s. ráðningarsamningur eða vitnisburðir, er sýni fram á að það hafi verið hluti starfsskyldna X að hafast við í umræddu húsnæði eða sinna þar einhvers konar eftirliti eða næturvörslu. Því verður ekki fallist á að hann hafi verið að störfum, eða á vinnustað, er slysið bar að. Hins vegar verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að skráð lögheimili X var annars staðar og ekki hafa verið lögð fram nein gögn er sýni fram á að hann hafi haft húsnæði A að leigu. Verður því að líta svo á að um viðlegustað í skilningi gr. 9.1.1 skilmála slysatryggingar launþega hjá A hafi verið að ræða. Í gr. 9.1 er fjallað um bótasvið vátryggingar og segir þar að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, og leiðir m.a. til andláts, í starfi hjá vátryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Í gr. 9.1.1 er tekið fram að ef vátryggður hefur vegna starfa síns viðlegustað utan heimilis, komi viðlegustaður í stað heimilis. Verður því að líta svo á að X hafi verið vátryggður vegna slysa í starfi eða á leið til og frá vinnustað, og gildir þá einu hvort umrætt húsnæði telst hafa verið viðlegustaður hans eða heimili. Þar er andlát A bar að um nótt í umræddu húsnæði er ekki hægt að líta svo á að hann hafi verið á leið til vinnu. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 142/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot dags. 11.04.2019 ásamt fylgiskjölum 1-23.

Bréf V dags. 03.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Viðbótarathugasemdir M dags. 06.05.2019.

Málsatvik.

Að morgni hins 29. september 2017 var M að störfum hjá A. Hún hugðist fara að sinna erindum á vegum A, í bifreið fyrirtækisins, en þurfti að fara aftur inn á vinnustaðinn, veitingastað sem rekinn er af A, til að sækja lykla að bifreiðinni. Þegar hún gekk aftur inn á vinnustaðinn rann hún til í bleytu og datt með þeim afleiðingum að hún slasaðist töluvert.

M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu A vegna atviksins. Kröfu sína byggir hún á því að bleyta hafi verið á gólfinu við innganginn en vegna þrifa hafi gólfmotta sem venjulega hafi verið fyrir innan hurðina verið fjarlægð. Orsök slyssins megi því rekja til þess að sá starfsmaður A sem var við þrif hafi ekki gætt nægilega að því hvort bleytupollur hefði myndast undir mottunni eða hvort aðstæður væru nægilega öruggar. Sérstök ástæða hafi verið til aðgætni þar eð gólfefnið, en um flotað steingólf hafi verið að ræða, hafi verið mjög sleipt. Ekki sé ljóst hvernig bleytan hafi komið til en það hafi ekki verið vegna skúringa, enda hefðu þær ekki verið hafnar. Til að skúra þyrfti fyrst að sópa gólfíð, og í tengslum við þá vinnu væri nauðsynlegt að fjarlægja mottuna. Þá hafnar M því að hún hafi sjálf borið bleytu með skóbúnaði sínum inn á vinnustaðinn enda hafi ekki rignt á þessum tíma, og hafnar því jafnframt að hún hafi vitað að þrif stæðu yfir, enda hafi ekkert starfsfólk verið viðstatt þegar hún varð fyrir slysinu. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með því að þrifa upp bleytu jafnóðum og hennar varð vart eða vara við henni með sérstökum skiltum. Þá áréttar M að þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu þegar það átti sér stað verði A að bera hallann af sönnunarskorti um atvik málsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að bleytan sem M rann um hljóti að hafa komið að utan, annað hvort með skóm hennar sjálfrar eða með því að bleyta hafi borist inn um hurðina, en því er mótmælt að ekki hafi rignt þennan morgun, enda hafi M sjálf lýst því í greinargerð sinni að veður hafi ekki verið sérstakt og rigning. Í öðru lagi telur V að ekki verði byggt á öðru en að þegar hafi verið búið að fjarlægja umrædda mottu þegar M gekk út á bílastæði. Að umræddri bifreið hafi aðeins verið um tíu metra gangur og því hæpið að mottan hafi verið fjarlægð á þeim skamma tíma sem það tók M að ganga að bifreiðinni og til baka. Vegna þess, og þar sem bleyta hafi verið úti, hafi M haft fullt tilefni til að gæta að sér er hún gekk aftur inn á vinnustaðinn. Þá er því hafnað að svo verulegur pollur hefði getað myndast undir umræddri mottu að tilefni hefði verið til að grípa til tafarlausra aðgerða í því skyni að þurrka hann upp. Raunar skipti það ekki öllu máli, þar eð afar ólíklegt sé að aðstæður hafi breyst svo verulega á þeim stutta tíma sem það tók M að fara að bifreiðinni og til baka. Þegar M hafi gengið um dyrnar í fyrra skiptið hafi hún komið frá starfsmannaadstöðu, og leiðin þaðan liggi beint gegn hurðinni. Hefði hún því þá átt að veita bleytu, hafi bleyta verið til staðar, athygli og gæta að sér í samræmi við aðstæður. Þá er því hafnað af hálfu V að gólfefni staðarins hafi verið óvanalega hál, enda hafi engin gögn verið lögð fram til stuðnings þeirri staðhæfingu. Hvað varði skort á varúðarmerkingum vegna bleytu verði að líta til þess að þrif hafi farið fram utan opnunartíma veitingastaðarins, þegar engir aðrir en starfsmenn áttu leið um, svo og þess að bleytan hafi ekki myndast vegna skúringa eða annarra athafna starfsmanna A. Af öllu framansögðu sé því ekki fallist á að meiðsl M megi rekja til sakar A eða aðra aðstæðna sem það beri ábyrgð á.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Ekki er að fullu ljóst af hvaða völdum bleyta var á gólfinu umrætt sinn en óumdeilt er að meiðsl M má rekja til þess að hún rann í bleytu. Þannig er hugsanlegt að M hafi sjálf borið inn bleytu með skóbúnaði sínum með þeim afleiðingum að hún rann til þar eð engin motta var á staðnum til að taka við bleytunni. Einnig er mögulegt að starfsmaður A hafi, vegna þrifa, fjarlægt umrædda mottu og að bleyta hafi runnið af mottunni eða safnast fyrir undir henni, eða að gólfið hafi verið skúrað stuttu áður. Hins vegar verður að telja afar ólíklegt, með hliðsjón af því að M getur ekki hafa verið nema örstutta stund að fara að bílnum og til baka, og því að enginn starfsmaður var viðstaddur þegar slysið átti sér stað, að umrædd motta hafi verið á sínum stað þegar M gekk um dyrnar í fyrra skiptið. Verður því að líta svo á að M hafi ekki getað dulist að vinna hafi verið hafin við þrif og að sérstakrar aðgæslu væri þörf við umgang um húsnæðið vegna þess. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það með neinum gögnum að umrætt gólfefni, þ.e. flotað steingólf, hafi verið sérlega hættulegt í bleytu eða að sérstakrar aðgæslu hafi verið þörf vegna þess. Verður því að líta svo á að um óhappatilvik og eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess og er því óhjákvæmilegt að hafa kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28. maí 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 143/2019**V líftryggingar hjá líftryggingarfélaginu X****Réttur til greiðslu bóta úr líftryggingu vegna andláts 8. mars 2014.****Gögn.**

Málskot, dags. 8. apríl 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 27. júní 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að faðir M keypti líftryggingu hjá líftryggingafélaginu X 28. apríl 1976 og skv. váttryggingarskírteini, sem er hluti af gögnum málsins, átti sú váttrygging að gilda til 28. apríl 2014. Faðir M lést 8. mars 2014. Í gögnum málsins eru einnig rakin samskipti eiginkonu M við starfsmenn V sem virðast hafa hafist í október 2018 þegar afrit umrædds váttryggingarskírteinis var sent til V. Eftir eftirgrennslan hafði starfsmaður V samband með tölvupósti 31. október 2018 með orðunum „[...] Búið er að finna út úr þessu í kerfinu hjá okkur. Getur þú sent mér upplýsingar frá sýslumanni þar sem við getum séð hver er réttthafi bóta og bankaupplýsingar viðkomandi.“ Í kjölfarið héldu tölvupóstssamskipti áfram í lok janúar 2019 þar sem V óskaði eftir staðfestingu á því hverjir væru erfingjar líftryggingarhafa og eiginkona M óskaði ítrekað eftir upplýsingum um líftryggingarfjárhæð. Tölvupóstur var sendur af hálfu V 6. febrúar 2019 þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða greiðslu og hringdi M í kjölfarið til V og fékk þá upplýsingar um að líftryggingarfjárhæð sú sem til útgreiðslu kæmi væri um 38 þúsund krónur skv. útreikningi frá tryggingastærðfræðingi V. Í kjölfarið áttu sér stað samskipti milli M og starfsmanna V um hvernig fjárhæð væri fengin og þá fyrst kom fram sú afstaða V að ekki hefðu verið greidd iðgjöld af líftryggingunni síðan árið 1979 og hefði hún því verið fallin niður þegar andlát föður M bar að. Einnig komu fram upplýsingar um að líftryggingafélaginu X hefði verið slitið árið 1995 og þá hefðu líftryggingarhafar með gildar váttryggingar fengið greiðslur. Engu að síður voru greiddar voru bætur af hálfu V til tveggja lögerfingja, samtals um 38 þúsund krónur með millifærslu í apríl 2019.

M telur að greiða eigi líftryggingarbætur að fjárhæð kr. 7.840.206, en þannig hafi líftryggingarfjárhæð (kr. 3.000.0000 árið 1976) breyst m.t.t. verðlagsbreytinga m.v. vísitölu framfærslukostnaðar. M telur að viðurkennt hafi verið af hálfu V að líftrygging væri í gildi og V sé bundið við slíka viðurkenningu. Einnig gagnrýnir M harðlega hvernig starfsmenn V komu á framfæri upplýsingum um rétt M til greiðslna og útlistun fjárhæða. M vísar því einnig á bug að líftryggingin hafi verið fallin úr gildi þar sem V hafi viðurkennt gildi hennar.

V telur í fyrsta lagi að líftrygging föður M hafi ekki verið í gildi á dánardegi hans heldur hafi einungis verið greidd iðgjöld af tryggingunni á árunum 1976-1979 og engin gögn renni stoðum undir frekari iðgjaldagreiðslur og vísar til þess að tryggingin hafi fallið niður m.t.t. 3. gr. þágildandi váttryggingarskilmála líftryggingarinnar. Í öðru lagi getur V ekki fallist á að viðurkennd hafi verið bótaskylda af félagsins hálfu, nema hvað varðar greiðslu upp á 38.605 krónur sem skýrð hafi verið með tölvupósti lögmanns félagsins dags. 20. febrúar 2019 þannig að váttryggingarfjárhæð hafi verið 30.000 krónur eftir verðlagsbreytingar úr gamalli krónu í nýja og við að bætist 8.605 krónur sem feli í sér 7% bónus á iðgjöld frá 1976-1995 þegar líftryggingarfélaginu X var slitið. Í þriðja lagi, ef líftrygging verði metin sem gild á dánardegi föður M, telur V að of seint hafi verið tilkynnt um kröfur M gagnvart V þar sem í 8. gr. váttryggingarskilmála hafi komið fram að kröfur væru réttkræfar í 3 ár talið frá 31. desember það ár sem kröfu hafa var kunnugt um rétt sinn og hann hafði fyrst tækifæri til að bera fram kröfu sína. Þannig hefði krafa M átt að koma fram fyrir 31. desember 2017.

Álit.

Í málinu er uppi afar sérstök staða vegna ágreinings um gildi líftryggingar sem skv. líftryggingarskírteini átti að vera í gildi til 28. október 2014 hjá líftryggingafélaginu X. Í váttryggingarskilmálum sem fylgja váttryggingarskírteini dags. 28. október 1976 kemur fram í 2. grein

hvenær iðgjöld váttryggingar falla í gjalddaga og í 3. gr. er gerð grein fyrir réttaráhrifum þess ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga, þ.e. að ábyrgð félagsins falli þá niður.

Í opinberum gögnum um líftryggingarfélagið X má sjá að við sameiningu þess og Y hafi orðið til Z árið 1990 og má þá ætla að þeir váttryggingarsamningar sem þá voru í gildi hjá X hafi orðið að líftryggingasamningum hjá V.

Til þess að hægt sé að líta svo á að líftryggingarskírteini föður M hafi öðlast sjálfstætt gildi sem váttryggingarsamningur hjá V við stofnun þess árið 1990 verður að liggja fyrir að líftrygging hans hafi verið í gildi á þeim tímapunkti. Í gögnum frá V kemur fram að iðgjöld hafi einungis verið greidd hjá X á árunum 1976-1979 og hefur M ekki lagt fram gögn sem sýna fram á annað. Verður því ekki unnt að líta öðruvísi á en að líftrygging föður M hafi fallið niður þegar ekki bást greiðslur á gjalddaga váttryggingarinnar, en ætla verður að það hafi verið frá árinu 1980 m.v. að gjalddagi iðgjalds hafi verið einu sinni á ári og iðgjöld greidd á árunum 1976-1979. Með vísan til 3. gr. þágildandi váttryggingarskilmála verður að líta svo á að ábyrgð líftryggingafélagsins X hafi fallið niður í kjölfarið og skuldbindingar við stofnun V árið 1990 hafi því ekki verið fyrir hendi. Ekki getur því stofnast réttur til greiðslu váttryggingarfjárhæðar skv. váttryggingarskírteini því sem M framvísaði við V í október 2018.

Hvað varðar afgreiðslu V á máli M, samskipti hans og konu hans við starfsmenn félagsins og útreikning þeirrar fjárhæðar sem félagið ákvað að greiða til lögerfingja verður ekki tekin sérstök afstaða til fjárhæðarinnar sem slíkrar þar sem hún byggir ekki á bótaskyldu úr gildri váttryggingu heldur greiðslu V umfram skyldu skv. váttryggingarsamningi. Ekki verður fallist á röksemdir M um að samskipti hans við starfsmenn V hafi falið í sér skýra viðurkenningu V á því að í gildi væri líftryggingarsamningur við V sjálf. Það er þó rétt að áréttu að váttryggingarfélag leiðbeini þeim sem beina fyrirspurnum til félaganna um réttarstöðu sína með skýrum hætti strax frá upphafi. Í ljósi sérstöðu þeirrar fyrirspurnar sem send var til V vegna líftryggingarskírteinis frá árinu 1976 verður að gera ráð fyrir því að félagið geti með skýrari hætti en það gerði, gert fyrirspyrjanda grein fyrir því hvort í gildi hafi verið váttryggingarsamningur eður ei. Óskýrar upplýsingar um réttarstöðu höfðu í þessu máli greinilega áhrif á væntingar til greiðslu líftryggingarbóta áður en félagið hafði gert skýra grein fyrir raunverulegri réttarstöðu vegna málsins. Eins og áður segir er hins vegar ekki hægt að líta svo á að slíkur óskýrleiki hafi falið í sér viðurkenningu bótaábyrgðar V. M á því ekki rétt á frekari greiðslum frá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslum vegna líftryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 144/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður skarst á málmplötu sem hann var að bera.****Gögn.**

Málskot, móttakið 9.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var ráðinn sem verkamaður hjá A og starfaði í tilgreindu vöruhúsi á vegum A. Í málskoti er frá því greint að á níunda starfsdegi sínum hjá A, 4. september 2017, hafi M verið að bera stálplötur, um 3 m á lengd og 20-30 cm á breidd. Hafi plötunum verið staflað saman í bunka, um fimm stykki sem festar hafi verið saman með þunnu pökkunarplasti. Hafi þyngd hvers bunka verið um 50 kg að mati M, en hann hafi þó ráðið vel við þær. Er hann var að leggja af stað með einn bunkann á geymslustað inni í vöruhúsinu hafi ein platan runnið niður úr bunkanum og skorið lófa hans mjög illa á hægri hendi. Hafi umrædd plata verið umtalsvert styttri en hinar plöturnar, en það hafi ekki sést þar sem hún hafi verið „aftast“ í bunkanum. M var ekki í hönskum þegar slysið varð. Samstarfsmaður M mun hafa ekið M strax á bráðadeild Landspítalans.

Lögregla mun ekki hafa verið kvödd á vettvang þegar slysið varð og Vinnueftirliti ríkisins mun hafa verið tilkynnt um slysið 29. september 2017. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, að því er virðist, dagsettri 5. september 2017 og undirritaðri af M og A, kemur fram að M hafi verið að meðhöndla bárujárnsflasnigar. Þegar hann hafi lyft þeim upp hafi ein platan runnið „undan“ og í lófa M með þeim afleiðingum að mikið og djúpt sár hafi myndast sem hafi þurft að loka með aðgerð.

Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð bæklunarskurðlæknis, dags. 21. nóvember 2018, greindist M með taugaskaða á „radial digital“ taug hægri vísifingurs og var taugin saumuð saman í aðgerð. Þá kemur fram í matsgerðinni að M hafi verið frá vinnu frá slysdegi þar til í byrjun júlí 2018.

M kveðst enga starfsreynslu hafa haft af störfum í vöruhúsinu og enga leiðsögn eða kennslu fengið um verklag, vinnubrögð eða þær hættur sem starfinu fylgdu. Enn fremur hafi hann ekki fengið nauðsynlega kennslu eða leiðbeiningar um rétt verklag frá verkstjóra A. Þá kveður M að óforsvaranlegt hafi verið að flytja þungar, beittar afbrigðilega lagaðar stálplötur með þeim hætti sem gert hafi verið. Hafi framkvæmd starfans farið í bága við nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk tiltekinna ákvæða í reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. Samkvæmt þessu kveður M að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann hlaut í slysinu og hefur af þeim sökum krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður að í umrætt sinn hafi M tekið á móti búnti af „bárujárnsflasnigum“, þ.e. áfellum til notkunar á samskeyti og kanta á bárujárnsklæðningum. Slíkar áfellur séu að jafnaði um 1 mm á þykkt og hver plata vegi tæplega meira en 5 kg og því hafi hvert búnt verið um helmingi léttara en M áætlað eða um 25 kg. M hafi fengið afhentan öryggisbúnað, þ. á m. tvenna vinnuhanska, þykka og þunna, og hafi honum sjálfum verið ætlað að meta þörf á því að nota slíka hanska miðað við aðstæður og verkefni hverju sinni. M hafi unnið undir leiðsögn reyndari starfsmanna og fengið frá þeim almennar leiðbeiningar um framkvæmd starfans. Á þeim grundvelli hafi honum verið treyst til einfaldra starfa innan vöruhússins. Umrætt verk gæti vart talist flókið, þ.e. að handleika og færa innpakkaðar plöturnar með handafli frá flutningstæki til geymslustaðar. Þrátt fyrir lengd búntsins hafi ummál hans og ætluð þyngd ekki verið svo veruleg að um sérlega hættulega byrði hafi verið að ræða í skilningi I. viðauka reglna nr. 499/1994. Þá hafnaði V að slysið hafi orsakast af óforsvaranlegum vinnuaðstæðum auk þess sem það verði ekki rakið til athafna né athafnaleysis starfsmanna A. Hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að M varð óvinnufær þegar eftir slysið og var svo um margra mánaða skeið. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt gögnum mun slysið fyrst hafa verið tilkynnt Vinnueftirlitinu 29. september 2017. Með því að tilkynna slysið svo seint brást A skyldu sinni samkvæmt téðu lagaákvæði að tilkynna það án ástæðulausrar tafar. Slysið og orsakir þess var því ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins né heldur af hálfu lögreglu sem ekki var kvödd á vettvang líkt og áður getur. Af þessu leiðir, í ljósi dómafordæma, að A verður að bera hallann af skorti á sönnun í málinu um þau atriði sem geta haft áhrif á sakarmat og talin eru óljós. Samkvæmt því, og eins og málið liggur fyrir, verður að leggja til grundvallar mat M á líklegri þyngd þeirra platna sem hann bar þegar slysið varð og að lögun byrðinnar hafi verið óvenjuleg. Með tilliti til þessa og að M hafði einungis unnið hjá A í níu daga verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að almennar leiðbeiningar eldri samstarfsmanna hafi dugað til að því hafi mátt treysta að M gæti handleikið byrðina með öruggum hætti. Verður slysið því rakið til ófullnægjandi leiðbeininga, og verkstjórnar af hálfu starfsmanna A. Af þeim sökum ber A skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir. Ekki er efni til að ætla að M hafi verið meðvaldur að slysinu með háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleyis, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. M telst því eiga óskoraðan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 145/2019**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.****Gögn.**

Málskot, móttækið 10.4.2019, ásamt fylgigögnum, þ.á.m. myndbandi.
Bréf V, dags. 22.5.2019, ásamt afriti tölvupósts M til V dags. 28.2.2019.
Athugasemdir M við bréf V, tölvupóstur dags. 23.5.2019.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi tilkynnt um vatnstjón á fasteign sinni hinn 27. febrúar sl. til V. Fulltrúi V kom á staðinn til skoðunar daginn eftir og þann dag sendi V bréf til M þess efnis að skoðun félagsins hafi leitt í ljós að „...frágangur við innbyggð blöndunartæki er ekki nægjanlegur og ekki verður séð að um lagnaleka sé að ræða.“ V hafnaði tjóninu með vísan til þess að tjón M félli ekki undir gildissvið vatntjónstryggingar fasteignatryggingar hans eins og það er afmarkað í vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið í gr. 9.1.1. Þar segir að vátryggingin bæti tjón af völdum „Vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess.“

M telur að tjón hans falli undir gildissvið vátryggingar sinnar hjá V og vísar til þess að hann hafi fengið verkfræðistofu til að mæla raka í vegg á baðherbergi húss síns, sem hafi mælst hár, og í kjölfarið fengið sérfræðinga til að rífa flísar og kanna hverju sætti. Í ljós hafi komið talsverðar rakaskemmdir og mygla. M telur að raki stafi frá pípum sem liggja bak við flísar í blöndunartæki og þannig hafi vatn streymt úr leiðslum húss hans og valdið tjóni. Ekki hafi komið fram við skoðun að vatnið hafi komið í gegnum flísar eða fúgu þeirra og líklega megi rekja leka úr lögnum til þess að samskeyti þeirra, sem vísað er til á myndbandi hafi losað sig að einhverju leyti í sundur og þannig lekið úr lögnum. M telur að skýringar V á höfnun tjónsins séu misvísandi og seint fram komnar röksemdir félagsins um að leki hafi komið til á löngum tíma eigi ekki að leggja til grundvallar sem og að V eigi að bera hallann af því að hafa ekki rannsakað mögulegar orsakir tjónsins betur.

V telur, eins og áður segir, tjónið ekki bótaskyld þar sem það falli utan bótasviðs vátryggingar M eins og það er skilgreint í gr. 9.1.1. í vátryggingarskilmálum, en þar komi fram að vatn þurfi að streyma óvænt og skyndilega úr leiðslum hússins til þess að tjón sé bætt. V bendir á að skv. skoðun félagsins hafi ekkert bent til þess að um leka úr leiðslum hafi verið að ræða, ekki hafi verið um þrýstingstap á lögnum að ræða og vatn hafi lekið meðfram blöndunartækjum sem voru innbyggð í vegg. Einnig vísar V til tölvupósts frá M þar sem hann nefnir þá mögulegu skýringu að lekið hafi smátt og smátt í langan tíma og þannig hafi tjón ekki orðið vegna þess að vatn rann óvænt og skyndilega heldur á löngum tíma.

Álit.

Í skilmálum fasteignatryggingar hjá V er í gr. 9.1.1. kveðið á um gildissvið vatnstjónstryggingar.. að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymi úr leiðslum húss og eigi upptök innan veggja þess. Af þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina, skriflegum gögnum og myndbandi, er ekki með öllu ljóst hvaðan vatnið sem olli skemmdum á húseign M streymdi og hvort vatnið hafi valdið skemmdum með því að það streymdi óvænt og skyndilega úr leiðslum húseignarinnar eða hvort skemmdirnar komu til á lengra tímabili. Vátryggðum ber skv. almennum sönnunarreglum að sýna fram á að tjón hans falli undir gildissvið vátryggingarsamnings. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á orsök tjónsins og verður sönnunarbyrði ekki snúið þannig að V beri hallann af sönnunarskorti þó ágreiningur sé milli aðila um mögulegar orsakir. Af þeim gögnum sem nefndin hefur til skoðunar verður því ekki ráðið með nægilegum líkum hver orsök tjóns á húseign M var og þannig ekki sannað að það hafi orðið vegna þess að vatn streymdi skyndilega og óvænt úr leiðslum

húseignarinnar. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti þessum og á því ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 146/2019**M og
V v/ sjúkratryggingar****Ágreiningur um lengd sjúkratímabils við ákvörðun dagpeningagreiðslna.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M leitaði á bráðamóttöku sjúkrahúss vegna verkja í hægri öxl 24., 26. og 30. janúar 2017. Var M talsvert þjáður af verkjum og óvinnufær. Var hann meðhöndlaður með lyfjum og 28. febrúar sama ár var gerð segulómrannsókn af háls hrygg. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að töluverðar slitbreytingar væru um miðjan og neðanverðan háls hrygginn og stórt brjós klos „yfir til hæ. í bilinu C6/C7 sem þrengir að hæ. rótaropin.“ Talið var að þar væri að finna skýringu á einkennum M. Í framhaldinu fékk hann tilvísun til meðferðar hjá sjúkraþjálfara.

M hafði símasamband við A, heimilislækni sinn, 13. september 2017 og í vottorði læknisins, dags. 30. sama mánaðar, segir að M hafi verið orðinn laus við einkenni frá hálsi og út í hægri öxl. Hann hafi enn verið með einkenni í byrjun sumars en þau farið minnkandi þegar leið á sumarið. Síðustu vikur hafi hann hins vegar verið einkennalaus. Kemur fram í vottorðinu að M hafi verið í hlutavinnu þegar hann hafði símasamband við A. Hann hafi verið alveg 100% frá vinnu í þrjá mánuði, eftir það í um 50% hlutastarfi fram til september en verið í 75% starfi í september.

M hefur í gildi sjúkra- og slysatryggingu hjá V og hefur krafist dagpeningagreiðslna úr sjúkratryggingunni vegna óvinnufærni af völdum framangreindra veikinda. Af því tilefni aflaði V sérstakrar greinargerðar hjá B, bæklunarskurðlækni, um tímabundna örorku M af völdum veikindanna. Í greinargerð B, dag. 30. nóvember 2017, kemur fram að M hafi komið til skoðunar hjá honum 15. sama mánaðar, þar sem M kvaðst hafa verið óvinnufær frá miðjum janúarmánuði 2017 og fram í júní sama ár, en frá júní mánuði hafi hann verið í 50% starfi og sé enn í hálfri vinnu. Fram kemur í greinargerðinni að hefðbundið megi telja þegar um brjós klos sé að ræða að versti tíminn séu fyrstu tveir mánuðirnir, eftir það fari einkenni að lagast og ljóst sé að M hafi lagast að fullu þegar hann sé skoðaður af læknum í nóvember 2017 og einnig sé því lýst að í septembermánuði sé hann einkennalaus. Því verði að telja að brjós klosið hafi gengið til baka og einkenni einnig. Hefðbundið sé rífllegt að áætla að M hafi verið fullvinnufær í tvo mánuði, hafi svo verið fær um vaxandi vinnu þar til hann varð fullvinnufær og kveðst lækningarnir eingöngu hafa áætlun fyrir því að telja M fullvinnufæran að hálfu ári liðnu eða í júlímánuði 2017. Eðlilegt sé því að telja M 100% óvinnufæran frá 15. janúar 2017 til 15. mars sama ár, 75% óvinnufæran frá þeim degi til 15. apríl sama ár, 50% óvinnufæran frá þeim degi til 15. júní sama ár, 25% óvinnufæran frá þeim degi til 15. júlí sama ár og fullvinnufæran eftir það. Í lok greinargerðarinnar er tekið fram að eingöngu sé um grófa áætlun að ræða eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggi og reynslu af vandamálum eins og M hafi. Við annað sé ekki að styðjast.

Samkvæmt skírteini vátryggingarinnar mun biðtími sjúkratryggingarinnar vera 84 dagar og bótatími tvö ár að hámarki. Þá greiðast ekki dagpeningar ef hlutfall óvinnufærni er lægra en 50%. Með tilliti til þessara ákvæða í vátryggingarskírteini og skilmálum kveðst V hafa greitt dagpeninga til M fyrir tímabilið frá 8. apríl 2017 til 15. júní sama ár í samræmi við niðurstöðu í greinargerð B. M hefur ekki viljað fallast á þá niðurstöðu og kveður bótaskyldt sjúkratímabil hafa varað í lengri tíma og vísar í því efni til læknisvottorðs A.

Álit.

M hefur uppi kröfur um greiðslu dagpeninga úr umræddri sjúkratryggingu. Samkvæmt almennum reglum hefur hann sönnunarbyrði um það hvert óvinnufærnitímabil hans hafi verið og hversu mikil óvinnufærnin hafi verið á hverjum tíma. Á veikindatímabilinu verður ekki séð að M hafi vegna veikinda sinna komið til skoðunar eða eftirlits hjá A eða öðrum læknum að frátöldu því að hann leitaði á bráðamóttöku sjúkrahúss í janúar 2017. Af læknisvottorði A verður ekki annað ráðið en að það sem þar greinir um óvinnufærni M byggist alfarið á upplýsingum sem M gaf A í símtali 13. september 2017. Við svo búið verður ekki talið að vottorð A teljist nægilegt sönnunargagn um óvinnufærni M á tímabilinu sem hér um ræðir. Án tillits til þess hvert sönnunargildi greinargerðar B sé, einkum í ljósi þess að V aflaði þess einhliða, er öðrum haldbærum sönnunargögnum hins vegar ekki til að dreifa um óvinnufærni M. Eins og málið liggur fyrir er því óhjákvæmilegt annað en að leggja greinargerð B til grundvallar við ákvörðun dagpeninga til M eins og V hefur þegar gert og virðist óumdeilt. M telst því ekki eiga rétt til frekari dagpeninga úr sjúkratryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr sjúkratryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 147/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu matreiðslumaður féll á leið inn í eldhús á vinnustað.****Gögn.**

Málskot, dags. 16.4.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 26.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfar sem matreiðslumaður hjá A. Að morgni 15. nóvember 2013 var M að fara með vörur inn í eldhús hjá A. Kveðst M hafa gengið aftur á bak inn í eldhúsið með kassa af vörum í fanginu og hafi hann þá runnið á tónum pappakössum sem hafi verið skildir eftir á gólfinu í gangveginum. Við það hafi hann dottið aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að hásin í vinstri fæti slitnaði. Einkenni hafi fyrst verið talin smávægileg, en farið svo versnandi og endað með aðgerð í ársbyrjun 2014 er sinin var saumuð saman.

B, samstarfskona M, kveðst í tölvupósti, dags. 28. mars 2019, hafa verið stödd á kaffistofu þegar slysið varð. Hafi hún þá heyrt hávaða á „staffaganginum“ og þegar hún kom fram hafi M verið að standa á fætur. Hafi hann dottið um pappa sem þar hafi verið.

M kveður A bera ábyrgð á líkamstjóni því sem hann varð fyrir og vísar í því efni til 37. gr., sbr. 13. og 14. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Að auki hafi skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir ekki legið fyrir varðandi umræddan verkþátt, sbr. 1. og 2. mgr. 65. gr. a laga nr. 46/1980. Fyrir slysið hafi enn fremur fyrirsvarsmanni A ítrekað verið bent á slyshættu af völdum tómrar pappakassa sem væri komið fyrir við útidyr. Hefur M krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður ósannað að tómir pappakassar hafi verið í gangveginum þegar slysið varð né heldur að kvartað hafi verið yfir lausum pappakössum í gangveginum fyrir slysið. Yfirlýsing B sanni heldur ekki að M hafi dottið um tóma pappakassa. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engum samtímagögnum er til að dreifa um atvikið og M er einn til frásagnar um það sem gerðist. Sú yfirlýsing B, sem liggur fyrir í málinu og gefin var þegar á sjötta ár var liðið frá slysinu, sannar ein og sér ekki að M hafi runnið á tónum pappakössum og við það dottið aftur fyrir sig. Samkvæmt þessu og gegn andmælum V verður að telja ósannað að M hafi runnið á tónum pappakössum umrætt sinn. Þá er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að slysið megi rekja til þess að skriflegt áhættumat hafi ekki legið fyrir vegna starfsemi í eldhúsinu. Að öllu virtu verður að telja ósannað samkvæmt gögnum málsins að slysið megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustaðnum eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 148/2019**M og
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áverka á „L5“ taugarót.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði í gildi frítímaslysáttryggingu sem var einn þáttur fjölskyldutryggingar hans hjá V. Með tjonstilkynningu til V, dags. 4. maí 2018, gerði M kröfu um bætur úr slysáttryggingunni vegna slyss sem hann kvaðst hafa orðið fyrir 10. febrúar 2017 er hann hafi verið að þvo bifreið sína við þvottaaðstöðu á vinnustað sínum, en þá hafi hann misstigið sig og við það hafi snúist upp á hægri fót. Honum hafi svo farið að versna 10. desember 2017. Meiðslum sem hann hlaut er lýst í tjonstilkynningunni þannig að þau hafi byrjað með doða í rist á hægri fæti en hafi farið versnandi og leitt upp í hné og mjöðm. Hann hafi fengið læknishjálp hjá nafngreindum heimilislækni sínum á heilsugæslustöð.

Af hálfu V var aflað læknisvottorðs frá B, heimilislækni á heilsugæslustöð þeirri sem M hafði leitað til. Í vottorði B, dags. 7. nóvember 2018, segir að M hafi leitað á slysideild Landspítalans 10. febrúar 2017 þar sem hann hafi verið úti að ganga deginum áður og farið þá að finna fyrir verkjum í fætinum sem síðan hafi farið hægt vaxandi. Við skoðun hafi hann reynst með vökvasöfnun í ökklaði „og það var stungið á honum, reyndust vera töluverð aukning á hvítum blóðkornum aðallega polymorphonuclear og einnig sáust kalsíumpýrófosfat kristallar.“ Í læknafréfi spítalans vegna þessarar komu hafi sérstaklega verið tekið fram að ekki hafi verið um áverka að ræða. M mun hafa leitað aftur á slysideildina 27. febrúar sama ár. Hann hafði einnig leitað á heilsugæslustöð 24. sama mánaðar vegna verkja í hægri ganglim, aftanverðu læri og kálfa. Hafi hann þá verið sendur í segulómun af lendhrygg sem hafi sýnt slitbreytingar, en ekki brjósklos og ekki þrengingar á taugarætur.

Við skoðun hjá B 26. apríl 2018 kvartaði M undan dofa og máttleysi í hægri legg og lærvöðvinn greinilega farinn að rýrna. Fengin var tölvusneiðmynd af baki 9. maí 2017 sem sýndi miklar slitbreytingar og grun um „foraminal prolaps hægra megin L4-L5 bili“. Í kjölfarið var fengin segulómun sem sýndi útlit fyrir „lítið frítt fragment hægra megin í mænugangi við afturkant L3 og lítil disk extusion til hægri á diskbili L4-L5 sem mögulega náði að erta hægri L5 rót.“ Var þá fengið álit D, heila- og taugaskurðlæknis, sem hafi litið á M. Í nótu D sé rætt um að M hafi dottið um niðurfall heima hjá sér í febrúar 2017 og fengið slink á bak og eftir það farið að finna fyrir dofa á ristarvæði og í utanverðum sköflungi ásamt leiðniverk ofan í fót skömmu síðar. Taldi D möguleika á að gera aðgerð á bakinu til að létta á taugarótinni. Sú aðgerð hafi síðan verið gerð 9. júlí 2018.

Með bréfi 21. nóvember 2018 hafnaði V bótaskyldu úr slysáttryggingunni með því að ósannað væri að vátryggingaratburður hafi orðið. Með bréfi V 19. mars 2019 áréttaði félagið höfnun sína á bótaskyldu. Í málinu liggja fyrir tvö læknisvottorð D, sem bæði eru dagsett 5. febrúar 2019. Í upphafi beggja vottorðanna er greint frá því að D hafi skorið M 9. júlí 2018 „með microlaminectomiu og foraminotomiu L4-5 hægra megin. Hann var með verulega þrengingu í kringum taugarót og nánast algjöran droppfót (lömun um ökkla) á hægri fæti.“ Síðan segir í öðru vottorðinu að þetta hafi byrjað allt eftir að hann „þann 10. febrúar 2017 datt illilega um niðurfall á vatni á vinnustað sínum utan vinnutíma.“ Í hinu vottorðinu segir á hinn bóginn að þetta hafi allt byrjað eftir að hann „haustið 2017 datt illilega um trissu í vinnunni.“ Í niðurlagi beggja vottorðanna er svo tekið fram að samantekið hafi M fengið áverka á L5 taugarót við fall. Meðverkandi hafi verið beinþrenging á svæðinu en lítill brjósklosbiti og högg hafi valdið taugarótarskaða.

Einnig liggur fyrir yfirlýsing E, vinnufélaga M, dags. 4. apríl 2019, þar sem segir að E hafi 10. febrúar 2017 verið að þvo bifreið sína í fyrrgreindri þvottaaðstöðu á vinnustað þeirra og hafi M verið að þvo bifreið sína við hliðina á bifreið hans. Hafi M stigið niður um grind á niðurfalli og fallið við. Hafi E þurft að aðstoða M við að standa upp og styðja hann til sætis. Hafi M stungið við á hægri fæti og kvartað um að hann hafi snúið sig illa.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum frítímaslysáttryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar segir að félagið greiði bætur vegna slyss er váttryggður verður m.a. fyrir í frístundum, ef það leiðir m.a. til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Í skilmálunum kemur einig fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Eins og að framan greinir er þess getið í tjónstilkynningu M frá 4. maí 2018 að hann hafi misstigið sig er hann var að þvo bifreið sína 10. febrúar 2017 og við það hafi snúist upp á hægri fót. Í læknaþréfi frá slyssadeild Landspítalans til heimilislæknis hans segir að hann hafi nefndan dag komið á slyssadeildina vegna verkja sem hann hafi fundið fyrir á göngu deginum áður og farið vaxandi, en sérstaklega hafi verið tekið fram að ekki hafi verið um áverka að ræða. Í nótu E til D er þess getið að M hafi dottið um niðurfall heima hjá sér í febrúar 2017 og fengið slink á bak. Í einu læknisvottorði E, dags. 5. febrúar 2019 segir að sjúkdómseinkenni M megi rekja til þess að hann hafi 10. febrúar 2017 dottið illilega um niðurfall á vatni á vinnustað sínum utan vinnutíma, en í öðru vottorði E frá sama degi segir hins vegar að einkennin sé að rekja til þess að hann hafi haustið 2017 dottið illilega um trissu í vinnunni. Í báðum vottorðum er tekið fram að M hafi fengið áverka á „L5 taugarót“ við fall og að högg hafi valdið taugarótarskaða. Þegar til þess er litið sem hér að framan greinir er öldungis óljóst hvernig það kann að hafa atvikast að M fékk áverka á „L5 taugarót“ sem virðist hafa komið til við högg. Lýsing atvika er það misvísandi í þeim efnum að telja verður ósannað að hann hafi fengið umræddan taugarótarskaða við högg í frítímaslysi 10 febrúar 2017. Af því leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Það athugist að í málskoti er þess óskað að nefndin kalli eftir gögnum frá E. Ekki kemur fram hverra gagna er óskað að nefndin aflu. Þótt málskotsaðili heimili nefndinni að leita upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa komið að málinu á grundvelli fagþekkingar sinnar, sbr. 1. mgr. 6. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, aflu nefndin ekki læknisvottorða eða annarra gagna frá læknum eða heilbrigðisstofnunum. Slíkra gagna aflu einungis málsaðilar, einkum þó málskotsaðili, og leggja fyrir nefndina. Þá verður heldur ekki séð að frekari gögn eða upplýsingar frá E geti haft þýðingu fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 149/2019**M og
V v/ábyrgðarliðar fasteignatryggingar húsfélagsins H****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið 6. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot, mótt. 22. apríl 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.5.2019, ásamt svörum húsfélags við spurningum V.

Tölvupóstur Arnar Pálssonar dags. 9.5.2019.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið á bifreið M þegar hún stóð fyrir utan vinnustað hans að H hinn 6. febrúar 2019. Að sögn M varð tjónið þannig að snjóhengja og klaki féllu af húspaki og á bifreiðina með þeim afleiðingum að nokkuð tjón varð af.

M telur að húsfélag húseignarinnar H beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið hans. M vísar til þess í bréfi sínu til nefndarinnar að í samtölum sínum við þá sem lengi hefðu starfað í húsinu hefði komið fram að sambærileg atvik hafi áður átt sér stað. Einnig vísar M til þess að tilraunir hafi verið gerðar til að setja varnir á þakkant hússins. Þar að auki telur M að ekki sé hægt að byggja eingöngu á upplýsingum frá formanni húsfélagsins þar sem viðkomandi hafi ekki unnið lengi í húsinu. Í viðbótarupplýsingum, sem bárust nefndinni að undirlagi M með tölvupósti B dags. 9. maí 2019, kemur fram að B kveðst hafa svarað spurningum V eftir bestu vitund um að ekki hafi verið kunnugt um sambærileg tjónsatvik frá 30. maí 2012. Eftir það hafi hins vegar M komið til hans og sýnt honum bréf frá nafngreindum manni sem starfaði hafi í húsinu í áratugi sem sýndi að honum hafi verið kunnugt um að „klakastykki hafi áður fallið af þaki hússins.“

V telur ekki sýnt fram á skaðabótaábyrgð húsfélagsins og vísar til svara formanns þess um að ekki sé kunnugt um sambærileg atvik áður sem og að ekki sé sannað að forsvarsmenn húsfélagsins hefðu átt að bregðast sérstaklega við mögulegri hættu af snjó- eða klakahruni hinn 6. febrúar sl. V vísar til þess að skv. almennum sönnunarreglum beri M sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé uppfyllt. Ekki sé sýnt að aðstæður í umrætt sinn hafi verið þess eðlis að vátryggingartaki fasteignatryggingar hafi átt að bregðast öðruvísi við eða hann hafi að öðru leyti sýnt af sér saknæma og ólögmetna háttsemi.

Álit.

Í málinu liggur fyrir frásögn M um aðstæður við húseignina H, hvar bifreið M skemmdist þegar snjór og klaki lentu á henni 6. febrúar sl. Af almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar má ráða að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sýna fram á að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu máli er deilt um hvort sambærileg tjónsatvik, þ.e. vegna snjóa eða klaka af húspaki H, hafi átt sér stað áður og þá hvaða áhrif það hefur. Í málinu hefur verið haft eftir einum nafngreindum manni að atvik sem þetta hafi átt sér stað áður. Ekki liggur fyrir yfirlýsing frá viðkomandi manni, ekki liggur fyrir hvenær það atvik átti sér stað og verður því ekki út frá því álykta að forsvarsmönnum húsfélagsins hafi verið skylt hinn 6. febrúar 2019, eða í aðdraganda hans, að gera sérstakar ráðstafanir varðandi mögulega tjónshættu. M hefur að öðru leyti ekki sýnt fram á að aðstæður hafi verið þess eðlis í aðdraganda tjónsatburðar að þær skapi húsfélaginu ábyrgð og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar húsfélagsins H hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 150/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 22.04.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 08.05.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 07.05.2019, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi lagt ökutækinu A í porti við gestahús Byggðasafns Hafnarfjarðar 17. mars 2019. Þegar M hafi ætlað að aka brott hafi hann tekið eftir að tveimur bílum hafi verið lagt bak við gestahúsið. Eftir að hafa athugað aðstæður hafi hann talið nægilegt pláss til að taka vinstri beygju og aka út úr portinu án þess að rekast í bílinn sem lagt var vinstra megin við A. Þegar hann hafi bakkað út úr stæðinu og talið svigrúm nægilegt til að taka vinstri beygju hafi M stöðvað bílinn til að skipta um gír. Þá hafi M litið til beggja hliða áður en hann lagði af stað og hafi hann séð að ökutækið B var að bakka og stefndi beint á hann. Hann hafi því flautað en bílstjóri B ekki náð að stöðva í tíma og lent aftan á A hægra megin. Ökutækið A hafi verið kyrrstætt og því þannig merkt á tjónstilkynningu. M mótmælir niðurstöðu tjónanefndar váttryggingafélaganna þar sem sök var skipt til helminga milli ökumanna með vísan til þess að ósannað væri um stöðu ökutækjanna í aðdraganda árekstursins.

Í bréfi V1 kemur fram að ökumaður B hafi viðurkennt í sínum framburði að ökumaður A hafi verið búin að bakka þegar áreksturinn varð og að hann hafi ekki gætt að 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.

Í bréfi V2 kemur fram að ökumaður B, sem talar ekki íslensku, hafi komið á skrifstofuna til að fara yfir tjónstilkynninguna. Fram kemur að hann hafi séð þegar A var ekið afturábak og síðan áfram og þá hafi hann horfið úr sjónarhorni hans vegna kyrrstæðrar bifreiðar við hliðina á. Hann hafi ekið rólega afturábak og þá hafi A verið bakkað á bifreið hans. V2 telur því að hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að sér við akstur afturábak, sb. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga og verði því hvor ökumaður að bera helmings ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Frásagnir ökumanna í tjónstilkynningu og síðar bera með sér að ökumanni B hafi verið ljóst að M hafi verið að bakka ökutækinu A út úr stæðinu. Ökutækið B var staðsett við hlið A en þó lagt aðeins fram. Bæði ökutækin þurftu að fara sömu leið út úr portinu og hefði ökumanni B því átt að vera í lófa lagið að sjá hvenær ökutæki A fór af stað. Ökumaður B bakkar því án þess að fullvissa sig um að það sé án hættu eða óþæginda fyrir ökutækið A eins og 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kveður á um. Með vísan til framangreinds ber ökumaður B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 151/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði verslunar við Engihjalla,
Kópavogi, hinn 19. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 17.04.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Bréf V dags. 08.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 19. febrúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B. Í tjónstilkynningu lýsir ökumaður bifreiðar A atvikum á þann hátt hún hafi lokið við að bakka úr stæði og bifreiðin verið kyrrstæð þegar hún varð vör við að bifreið B var bakkað í átt að henni. Á framhlið tjónstilkynningar er bæði hakað við að bifreið A hafi verið kyrrstæð og henni hafi verið ekið aftur á bak. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum svo að báðir ökumenn hafi verið að bakka úr stæði og er hakað við að bifreið B hafi verið ekið aftur á bak er atvikið átti sér stað.

Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri sök til helminga þar eð hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

M, sem ók bifreið A umrætt sinn, er ósátt við þá niðurstöðu og tekur fram að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð þegar bifreið B, hafi rekist á hana. Þegar litið sé til þess að stuðari bifreiðar B hafi rekist í afturhurð bifreiðar A sé jafnframt ljóst að bifreið B hafi verið bakkað á bifreið A. Máli sínu til stuðnings leggur M m.a. fram ljósmyndir af vettvangi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V, sem er váttryggjandi beggja bifreiða, fram að félagið skili ekki athugasemdum í málinu.

Álit:

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og m.a. með hliðsjón af afstöðumyndum, þykir nægilega sýnt fram á að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar atvikið átti sér stað. Af ákomustað á bifreiðinni má jafnframt ráða að bifreið B hafi verið ekið aftur á bak á hana, enda samræmist ákoman ekki því að A hafi verið á ferð aftur á bak í átt að B þegar atvikið varð. Verður því litið svo á að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 1 mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ber ökumaður bifreiðar B því einn sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 28. maí 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 152/2019**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, dags. 05.04.2019, ásamt fylgiskjölum 1-38.

Bréf V, dags. 06.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 10. ágúst 2016 varð M fyrir líkamstjóni þegar bifreiðin A, sem hún ók umrætt sinn, lenti utan vegar og rakst á stein með þeim afleiðingum að bifreiðin valt. Samkvæmt blóðsýni sem tekið var úr M greindust Alprazolam 10 ng/ml, Brómezapan 15 ng/ml og kókaín 20 ng/ml í blóði hennar. Hinn 19. febrúar 2018 tilkynnti M V um slysið, og hinn 21. mars 2018 sendi M frekari gögn, m.a. frumskýrslu lögreglu, til félagsins. Þá var matsbeiðni send féluginu í nóvember 2018. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda með bréfi dags. 30. nóvember 2018, á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar. Einnig var byggt á því að tilkynningarfrestur 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hefði verið liðinn þegar féluginu barst tilkynning um slysið hinn 5. mars 2018, en formleg tilkynning um umferðarslys hefði þess utan ekki borist fyrir en 8. nóvember 2018.

M mótmælir þessari afstöðu og telur í fyrsta lagi að fullur bótaréttur sé fyrir hendi þar eð V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð vegna tómlætis, en V hafi ekki tilkynnt um afstöðu sína fyrir en átta mánuðum eftir að öll nauðsynleg gögn bárust féluginu. V hafi haft vitneskju um það þegar í mars 2018 að M hafi, skv. lögregluskýrslu, verið í annarlegu ástandi við aksturinn. Hefði V því haft allar forsendur til þess að láta vita þá þegar hygðist félagið takmarka ábyrgð sína. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til 94. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í öðru lagi telur M að tilkynningarfrestur 124. gr. laganna hafi ekki verið liðinn þegar V var tilkynnt um slysið hinn 19. febrúar 2018. Þannig telur M það líklegt, í ljósi þess hve mikið tjón varð á bifreiðinni, að V hafi þegar haft vitneskju um slysið, sbr. lokamálslið 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, þegar tilkynning frá M barst féluginu. Sé ekki fallist á það beri að líta til þess að upphaf ársfrestsins sem kveðið er á um skuli miða við það tímamark þegar tjónþoli geri sér raunverulega grein fyrir afleiðingum váttryggingaratburðar. M hafi ekki verið það ljóst fyrir en í janúar 2018, eða þegar starfsendurhæfingu hjá Virk lauk, að starfsgeta hennar yrði varanlega skert vegna slyssins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji að árstilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar féluginu var tilkynnt um líkamstjón M, um 19 mánuðum eftir slysið. M hafi við slysið hlotið brot á lendarhygg og legið á bæklunardeild frá 10. til 20. ágúst 2016. Telur V því að M hafi fljótlega eftir slysið, eða í síðasta lagi við endurkomu hinn 4. nóvember 2016, en þá hafi M verið töluvert verkjuð, mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. Þá hafi niðurstaða blóðrannsóknar leitt í ljós að M hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hvað varði meint tómlæti V er svo tekið fram að tjónstilkynning hafi ekki borist fyrir en 18. nóvember 2018 en höfnunarbréf hafi verið sent tólf dögum síðar. Því hafi félagið ekki glatað rétti sínum til að bera fyrir sig takmörkun á bótaskyldu. Á grundvelli þessa hafnar V kröfum M.

Álit.

Sem fyrir segir varð M fyrir slysi hinn 10. ágúst 2016. Hlaut hún brot í lendarhygg og samkvæmt gögnum fyrir nefndinni lá hún á sjúkrahúsi í tíu daga frá slysinu. Eftir útskrift þurfti M svo að notast við þriggja punkta bakspelku í um þrjá mánuði. Við endurkomu á göngudeild hinn 23. september og 4. nóvember 2016 lýsti M því svo að hún væri enn verkjuð. Þá verður ráðið af gögnum málsins, sbr. greinargerð frá Janus endurhæfingu, dags. 11. janúar 2018, að M hafi verið í mikilli sjúkrahjálfun frá því í ágústmánuði 2016.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Með hliðsjón af ofangreindu, og því að meiðsli M voru allt frá slysdegi auðsjáanlega alvarleg verður að líta svo á að M hafi snemma mátt vera ljóst að einkenni hefðu hlotist af slysinu. Er því óhjákvæmilegt að miða við að M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar var reist á þegar haustið 2016, eða síðasta lagi við endurkomu hinn 4. nóvember 2016.

Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið að V hafi fengið upplýsingar um umrætt slys fyrr en í mars 2018, eða a.m.k. 16 mánuðum frá því telja verður að M hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hennar byggir á. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og er þá óþarft að fjalla frekar um hvort V hafi sýnt af sér slíkt tómlæti við eftirfarandi afgreiðslu málsins að réttur félagsins til að bera fyrir sig takmörkun á bótaábyrgð hafi fallið niður vegna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 153/2019**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar og slysatryggingar A****Deilt um hvort tjónsatvik hafi verið slys í skilningi vátryggingarskilmála****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.04.2019, ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V, dags. 22.05.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 24.05.2019.

Frekari viðbótarathugasemdir M, dags. 27.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 11. mars 2018 fékk M hnykk á bakið þegar hann var að lyfta skíðum á vélsleða á heimili sínu og var í kjölfarið fluttur á slysadeild. Eftir atvikið greindist M með útbungun á liðþófa og byrjandi brjósklos.

M sendi V tjónstilkynningu vegna atviksins hinn 28. mars 2018. Þar lýsti hann atvikum svo að þegar hann hafi verið að lyfta upp skíði á sleðanum, sem var í hurðargættinni á heimili hans, hafi faðir hans komið óumbeðinn og sparkað í sleðann, og hafi sú athöfn valdið því að M fékk hnykk á bakið. Með bréfi dagsettu 18. júní 2018 hafnaði V bótaskylda á grundvelli þess að ósannað væri að atvikið hefði átt sér stað með þeim hætti, auk þess sem M hefði langa sögu um bakverki og hefði síðast leitað læknis vegna þeirra tveimur dögum fyrir umrætt atvik. Því væri bótaskylda hvorki fyrir hendi úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar M hjá A né úr slysatryggingu félags hans, A. M mótmælir þeirri afstöðu, ástæða þess að aðkomu föður hans sé ekki getið í bráðamóttökuskrá vegna slyssins, og atvikalýsingum beri því ekki saman, sé sú að hann hafi verið undir áhrifum sterkra verkjalyfja við komu á bráðamóttöku, og muni í raun ekki eftir því að hafa rætt atvikið. Þá mótmælir M því að ekkert rökstyðji aðkomu föður hans að atvikinu, enda sé hann tilbúinn að bera vitni um atvikið gerist þess þörf.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi umræddra vátryggingarskilmála. Þannig sé áskilið að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð sé að ræða og að tjón verði rakið til ákomu eða áhrifa utan frá. Í læknisvottorðum vegna málsins komi hins vegar fram að M hafi verið að lyfta þungum vélsleða og síðan fengið skyndilegan verk í bakið. Lýsing M á atvikum í tjónstilkynningu, þ.e. um að faðir hans hafi haft aðkomu að þessu atviki, sé á skjön við þessar lýsingar. Mikið þurfi að koma til svo fallist verði á síðar tilkomna málsatvikalýsingu, enda séu engin gögn fyrirbyggjandi sem styðji frásögn M af atvikum. Því verði ekki byggt á henni, og þar sem sú athöfn að lyfta þungu sé ekki talin utanaðkomandi atburður sé atvikið ekki bótaskyld.

Álit.

Í 2. gr. VII. kafla vátryggingarskilmála umræddrar fjölskyldutryggingar og í 3. gr. slysatryggingar A hjá V er að finna skilgreiningu á slyshugtakinu. Þar kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Kemur þá til skoðunar hvort umrætt atvik hafi verið slys í þessum skilningi. Við mat á því verður að líta til þess að í bráðamóttökuskrá, svo og öllum eftirfarandi læknisvottorðum sem fyrir nefndinni liggja, er atvikinu lýst svo að M hafi verið að lyfta þungum vélsleða þegar hann hafi skyndilega fengið verk í bakið og fallið í gólfíð. Hvergi nema í tjónstilkynningu M til V er fjallað um aðkomu föður M að þessu atviki, og þá liggur engin yfirlýsing eða vitnisburður frá föður M fyrir nefndinni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að um slys, í skilningi umræddra skilmála, hafi verið að ræða, en það að meiðsl verði við að lyfta einhverju þungu verður ekki talið slys í skilningi umræddra skilmála. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sinni, eða slysatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 154/2019**M og****V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 25. apríl 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.

Bréf V, dags. 20. maí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V, dags. þann 16.01.2018 kemur fram að þann 14.01.2018 hafi M verið að keyra undir brúna við Hamraborg þegar hann missti stjórn á bifreiðinni og rann í hálfu með þeim afleiðingum að bifreiðin snerist og lenti á steinvegg að aftanverðu og svo aftur að framanverðu. Þá kemur fram í tilkynningunni að M hafi fengið harkalegt högg bæði á bak og bringu. Í bráðamóttökuskra Landspítalans (LSH) kemur fram að þann 15.1.2018 hafi M leitað á bráðamóttöku LSH vegna verkja í baki eftir umferðarslys. Í bráðamóttökuskra er haft eftir M að hann hafi verið að keyra undir brúnni í Hamraborg daginn áður þegar hann missti stjórn á bifreiðinni í hálfu. Bifreiðin hafi lent á vegg með skottið og snúist í tvo hringi og síðan lent framan á vegg. Loftpúðar hafi ekki sprungið en bifreiðin hafi verið á um 80 km/klst. Kveðst M ekki hafa rekið höfuðið í og liðið vel í fyrstu en verið með vaxandi verki í baki morguninn eftir. Var M greindur með tognun og ofreymslu í hálsi og brjósthrygg. Lögregla var ekki kölluð á vettvang. Myndir af bifreiðinni sem eru í gögnum málsins bera með sér að hún hefur orðið fyrir tjóni á vinstra afturhorni og að framanverðu.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar (A) hjá V. Byggir M á því að hann hafi lent í umferðaróhappi þann 16.1.2018 og að orsakasamband sé á milli slyssins og þeirra áverka sem lýst er í bráðamóttökuskra LSH og tjónstilkynningu til V. M bendir á að ökutækið sé skemmt, hann hafi verið heilsuhraustur fyrir atvikið og að læknisfræðileg gögn styðji að hann hafi hlotið við það líkamstjón.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að tjón M og atvik málsins séu ósönnuð. Telur V m.a. fram að erfitt sé að greina hvort skemmdir á bifreið M séu nýlegar eða gamlar og að skemmdirnar séu illa í samræmi við þann hraða sem M kveðst hafa verið á. Þá telur V að þau læknisfræðilegu gögn sem fyrir liggja sanni með engu móti það atvik sem málskotsaðili lýsir í tilkynningu sinni.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr annars vegar að því hvort M hafi lent í því umferðaróhappi sem hann lýsir í gögnum málsins og hins vegar hvort að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddu umferðaróhappi. Fyrir liggur að lögregla var ekki kölluð á staðinn og að ekki liggja fyrir neinar skýrslur af vettvangi eða framburður vitna sem staðfest geta að umferðaróhappið hafi átt sér stað. M hefur hins vegar lagt fram myndir af bifreiðinni, lýsingu á atvikum sem má finna í bráðamóttökuskra LSH og í tjónstilkynningu M til V.

V tók bifreiðina til skoðunar þann 29.1.2018, en hefur þrátt fyrir það ekki lagt fram gögn, svo sem matsgerðir eða fræðilegan rökstuðning fyrir því að ákomur bifreiðarinnar komi ekki heim og saman við lýsingu M á atvikum. Lýsingar M á atvikum hafa verið greinargóðar og í samræmi við ákomur bifreiðarinnar. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telst því nægilega sannað að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir í gögnum málsins.

M hefur lagt fram bráðamóttökuskra LSH frá 15.1.2018 og sjúkragögn frá heimilislækni sínum þar sem áverkunum er lýst nokkuð nákvæmlega. Í þessum gögnum kemur m.a. fram lýsing læknis á tognunaráverkum og rifbeinsbroti sem svari til áverka eftir bílbelti. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til annars en að M hafi verið heilsuhraustur áður en hann lenti í árekstrinum þann 14.1.2018. Verður með því talið sannað að M hafi hlotið eitthvað líkamstjón við umferðaróhappið þó ekki liggji

fyrir með nákvæmum hætti hvers konar afleiðingar það hafi haft í för með sér, tímabundnar eða varanlegar. Verður því fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A. Með þeirri niðurstöðu er þó ekki tekin afstaða til þess hvert umfang líkamstjóns M kann að vera.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 155/2019**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss 24. september 2018.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 26. apríl 2019, ásamt fylgiskjöllum nr. 1-9.
Bréf V, dags. 16. maí 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að X, móðir M slasaðist hinn 24. september 2018 þegar hún datt og lenti illa á heimili sínu með þeim afleiðingum að hún brotnaði á mjöðm og hrygg. Náði hún að ýta á neyðarhnapp og var flutt með sjúkrabifreið á slyshadeild Landspítalans (LSH). Var hún komin á LSH kl. 19:30 og var send í röntgenmyndatöku kl. 20:30. Fór hún þá að líða út af og fór í hjartastopp. Endurlífgun bar árangur en við hana hlaut hún mörg rifbrot báðum megin. Var hún í kjölfarið lögð inn á gjörgæslu þar sem hún lést af völdum öndunarbílunar 29. september 2018.

M krefst dánarbóta úr heimilistryggingu X. Vísar M til þess að X hafi orðið fyrir gríðarmiklu álagi við mjaðmabrotið og aðra áverka sem hún hlaut við fallið. Telur M það hafa leitt til þess að hún fékk hjartastopp skömmu síðar og við endurlífgunaraðgerðir hafi M svo hlotið frekari áverka og beinbrot sem reyndist of mikið fyrir hana. Fallið þann 24. september sé því bein og eina orsök þess að X lést fimm dögum síðar.

V telur að fall X hafi ekki verið bein og eina orsök þess að hún lést, heldur verði andlát hennar rakið til hjartastopps af óljósri orsök. Hafnaði V bótaskyldu með vísan til svohljóðandi ákvæða 29.1 og 32.4 gr. váttryggingarskilmálans: „29.1 *Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem váttryggingin nær til.*“ og „32.4 *Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.*“

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort slysið sem X varð fyrir þann 24. september 2018 teljist bein og eina orsök andláts hennar í skilningi framangreindra ákvæða 29.1 og 32.4. gr. váttryggingarskilmálans. Um er að ræða skýr gildissviðsákvæði skilmálanna sem lúta að skilyrðum fyrir greiðslu dánarbóta. Fyrir liggur að X slasaðist nokkuð illa við fallið og hlaut við það slæmt beinbrot á mjöðm og hrygg. Ástæða þess að X fór í hjartastopp síðar um daginn er hins vegar öllu óljósari skv. þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu. Segir m.a. í sjúkrasögu X að hún hafi farið í hjartastopp af óljósri orsök. Ekki kemur því fram með skýrum hætti í læknisfræðilegum gögnum málsins að afleiðingar slyssins hafi einar og sér leitt til hjartastopps og dauða X. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið nægjanlega sannað að slysið sem X varð fyrir hafi verið eina orsök þess að hún lést. M á þar af leiðandi ekki bótarétt úr slysatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu X hjá V.

Reykjavík 13. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 156/2019

**M og
V v/ farangurstryggingarliðs greiðslukortatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er farangur týndist.**Gögn.**

Málskot, móttakið 24.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 9. apríl 2017 var M á leið á Kastrup flugvöll í Kaupmannahöfn ásamt annarri konu og þriggja vikna gömlu barni. Samkvæmt lýsingu í málskoti voru þær með „talsvert mikinn“ farangur, eða þrjár stórar ferðatöskur, einn stóran kassa, barnavagn, tvær handfarangurstöskur, bakpoka og bílstól fyrir barnið. Hafi þær pantað leigubifreið að dvalarstað sínum í borginni og hafi bifreiðin staðnæmst rétt fyrir utan dyrnar og hafi þær sett allar töskurnar, kassann og barnavagninn við hliðina á henni og hafi bílstjórinn byrjað að hlaða farangrinum í bifreiðina. Þær hafi farið að leggja barnavagninn saman og koma bílstólum fyrir í bifreiðinni. Um líkt leyti hafi bifreiðarstjórinn lokið við að koma farangrinum fyrir. Þær hafi verið allan tímann á svæðinu þar sem farangurinn var og yfirgáfu svæðið aldrei. Þegar komið var á flugvöllinn hafi komið í ljós að vantaði eina stóra farangurstösku og handfarangurstösku M. Þrátt fyrir eftirgrennslan og tilkynningu til lögreglu hafi töskurnar ekki fundist. Kveður M alveg ljóst að töskunum hafi verið stolið af óprúttum aðila á stéttinni fyrir utan dvalarstað þeirra á meðan verið var að koma öllum farangrinum fyrir í leigubifreiðinni. Hafi það verið faglega gert þar sem þau hafi öll verið í kringum bifreiðina.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins sem hún varð fyrir úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar sinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar sé skilyrt að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða, sbr. gr. 5.1 í viðkomandi skilmálum. Einnig hafi verið brotið gegn varúðarreglu í gr. 5.5.2 í skilmálunum, þar sem segir að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

Álit.

Skilmálaákvæði þau sem V byggir synjun sína á bótaskyldu á teljast í báðum tilvikum varúðarreglur sem eftir atvikum geta veitt félaginu rétt til að skerða bætur eða fella niður samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, en þar segir:

„Félagið getur gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.“

Af gögnum málsins þykir mega slá föstu að M hafi ekki gætt nægilega að farangri sínum meðan verið var að koma honum fyrir í leigubifreiðinni og virðist ekki hafa gengið sérstaklega úr skugga um að honum hafi öllum verið komið fyrir í bifreiðinni áður en lagt var af stað. Í þessu felst sök sem ekki telst óveruleg og með háttsemi sinni braut M gegn fyrrgreindum varúðarreglum. Þegar töskurnar hurfu verður hins vegar til þess að líta að M þurfti ásamt samferðakonu sinni að líta til margra annarra hluta en beinlínis að fylgjast með farangrinum, svo sem að leggja saman barnavagn, koma bílstól fyrir í leigubifreiðinni og koma þriggja vikna gömlu barninu þar fyrir. Sök M og að hve miklu leyti sökin eigi að leiða til skerðingar á bótum verður að meta með tilliti til þessa. Að öllu virtu þykir rétt með vísan til lokamálsliðar 26. gr. laga nr. 30/2004 að skerða bótarétt um 50%. Hún á því að sama skapi rétt til bóta að helmingi úr farangurstryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 157/2019**M og
V v/ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna falls á veitingastað 21. janúar 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 30.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.5.2019, ásamt tilkynningu X um tjón til V dags. 7.2.2018.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 17.5.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M verið á leið að hitta fólk á veitingastað X og hafi hún á leið niður í neðri sal staðarins runnið til á leið niður hringstiga í rýminu og lent þannig á steingólfi að hún hlaut líkamstjón. M leitaði til lækni daginn eftir og var þar greind með heilahristing og hálstögnun og hefur hún einnig þurft að leita til tannlæknis vegna tannbrots.

M kveðst hafa runnið til í bleytu sem hún telur að hafi safnast til í tröppum í hringstiga staðarins og að forsvarsmenn X hafi ekki gert ráðstafanir til að draga úr augljósri hættu, en snjór og bleyta hafi verið úti þegar slysið varð. M telur að gólfefni hafi verið eins og ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012 geri ráð fyrir og starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu þar sem ekki var séð til þess að stíginn væri hálkufír og vísar þar einnig til reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og laga nr. 46/1980 og að þar komi fram lágmarkskröfur til húsnæðis sem ætlað sé til almennrar umferðar almennings. Einnig vísar M til þess að klaki, sennilega úr drykkjarglasi, hafi verið á gólfi staðarins eftir slysið sem bendi til þess að nýlega hafi starfsmaður X misst drykk á gólfið og hafi ekki verið búíð að þurrka upp bleytu vegna þess. M vísar til ljósmyndar af klakanum máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M því á bug að slys hennar sé hægt að rekja til óaðgæslu hennar sjálfar og að X verði að bera hallann af því að húsnæðið hafi ekki verið rannsakað frekar eða upptökur úr myndavélum staðarins lagðar fram.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að aðstæður hafi ekki verið þannig að starfsmenn X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna bleytu. Á þessum tíma árs væri veðurfar gjarna þannig að ómögulegt sé að koma í veg fyrir að einhver bleyta berist inn á staðinn með gestum. Einnig telur V ósannað að klaki úr glasi eða bleyta vegna hans hafi verið orsök slyssins. V telur einnig að ákvæði byggingareglugerðar frá árinu 2012 eigi ekki við í málinu þar sem húsnæði það sem veitingastaður X er í hafi verið byggt miklu mun fyrr, auk þess sem lög nr. 46/1980 og reglur byggðar á þeim lögum gildi ekki um slys M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M hrasaði í stiga á veitingastað X og slasaðist. Sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar á veitingastað X hvílir á þeim sem heldur því fram. Í gögnum málsins kemur fram að snjór og bleyta hafi verið úti við þann dag sem slysið varð. Almennt verður ekki ráðið af skráðum háttænisreglum að starfsmönnum veitingastaða sé skylt að sjá til þess að gólf slíkra staða séu þurr öllum stundum eða að húsnæði veitingastaðarins hafi verið í andstöðu við byggingareglugerðir sem gilda um húsnæði staðarins. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli M verður því ekki séð að sannað sé að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M heldur verður fall hennar rakið til óhappatilviks sem X beri ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 158/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 30.04.2019 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 16.05.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 19. febrúar 2018 varð M fyrir slysi við störf sín hjá A. Atvik voru með þeim hætti að M var að reyna að loka vöruhurð á lager þegar rafmagnsmótor hurðarinnar féll úr nokkurra metra hæð og hann, eða hlutar hans, lentu á höfði M. Lögregla og Vinnueftirlitið voru kölluð til og M, sem slasaðist á höfði við atvikið, fluttur á sjúkrahús.

M telur að A beri ábyrgð á slysinu, enda beri skýrsla Vinnueftirlitsins það með sér að umræddur rafmótor hafi verið laus. Það sé á ábyrgð vinnuveitenda að tryggja að rafmótorar sem staðsettir séu fyrir ofan höfuð starfsmanna séu ekki líklegir til að falla á höfuð þeirra. Þannig skipti ekki máli hvort viðgerðarmaður, sem kom nokkru áður að lagfæra hurðina, hafi átt við mótorinn eður ei, en ágreiningur sé milli aðila um það. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Skyldur vinnuveitenda séu strangar og ótvíráðar þegar komi að því að tryggja öryggi á vinnustað. A hafi auk þess vanrækt að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn, þ.m.t. áhættumat og áætlun um forvarnir, sem hafi samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins, verið meðvirkandi þáttur í orsök slyssins. Því telur M að A hafi með ólögumætri og saknæmri háttsemi valdið líkamstjóni hans og gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að um slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar eða saknæmra mistaka fyrirtækisins eða aðila sem það beri ábyrgð á. Orsök slyssins hafi verið sú að fjórir boltar sem héldu mótornum uppi hafi losnað. Samkvæmt vætti viðgerðarmanns sem gert hafi við hurðina skömmu áður hafi hann aldrei séð mótór losna á þennan hátt og líklega hafi mótorinn verið að smálosna í langan tíma. Þá beri viðgerðarmaðurinn að hann hafi ekki átt við mótorinn sjálfan enda eingöngu um viðgerð á hurðinni sjálfri að ræða. Ekkert hafi vírst athugavert við mótorinn eða virkni hans og því hafi A ekki borið að skoða hann sérstaklega fyrir þetta atvik. Þá er því sérstaklega mótmælt að reglugerð um notkun tækja eigi við um mótorinn enda geti hann ekki talist tæki í skilningi hennar. Jafnframt er því mótmælt að áhættumat hafi ekki legið fyrir á slysdegi.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálstri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Telja verður að nægilega sé sýnt fram á að umræddur rafmótor hafi fallið til jarðar vegna þess að boltar sem héldu honum föstum losnuðu. Hins vegar hefur ekki verið nægilega sýnt fram á hvað varð þess valdandi að umræddir boltar losnuðu, þ.e. hvort um var að ræða óhappatívik eða vanrækslu af hálfu A. Eins og fram hefur komið ber aðilum ekki saman um hvernig viðgerð á umræddri hurð fór fram. Þannig framvísar V vætti viðgerðaraðila sem ekki segist hafa átt við mótorinn, en M framvísar vætti fjögurra starfsmanna sem ýmist segja að mótorinn hafi verið tekinn niður við viðgerðina, eða að viðkomandi hafi farið í lyftara að skoða mótorinn en óvíst sé hvort átt hafi verið við hann. Þá liggur fyrir að umrædd viðgerð kom til vegna þess að ekið hafði verið á hurðina, en ekkert liggur fyrir um hvort það tjón hafi verið þess eðlis að sérstök ástæða hafi verið taka festingar rafmótorsins til sérstakrar skoðunar í kjölfar þess. Enn fremur liggur ekkert fyrir um að virkni mótorsins hafi verið skert á einhvern hátt fyrir slysið, þannig að ástæða hafi verið til að skoða hann sérstaklega, en fleiri sambærilegir mótorar munu staðsettir í húsnæði A. Eins og atvikalýsing liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið megi rekja til saknæmra

athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem A ber ábyrgð á, en ekki verður litið svo á að A beri hlutlæga ábyrgð á umræddum rafmótor og festingum hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmn..

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 159/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á skíðasvæði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.4.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 20.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 1. mars 2017 var M að renna sér á gönguskíðum á skíðasvæði sem rekið er af A. Renndi hann sér í þar til gerðu spori er hann kom þar að þar sem snjóframleiðsla var í gangi. Þar varð skyndilega mun meira viðnám í sporinu en verið hafði. Hafi hann fallið fram fyrir sig og við það brotnað á vinstri upphandlegg.

Í skýrslu af M hjá lögreglu 11. janúar 2018 er atvikum lýst svo að hann hafi verið að renna til norðurs niður nokkra brekku á flata fyrir framan svonefnt gönguskíðahús. Allt í einu hafi hann fundið fyrir snjóúða á andlitinu og í því hafi hann séð að nýr framleiddur snjór hafi þakið sporið framundan. Hann hafi ekki náð að stöðva sig eða bregðast við að öðru leyti heldur runnið viðstöðulaust í nýja snjóinn með þeim afleiðingum að skíðin stöðvuðust og hann féll fram fyrir sig með fyrrgreindum afleiðingum. Engar merkingar hafi varað fólk við þar sem nýi snjórinn fór yfir skíðasporið.

Í lögregluskýrslu sem tekin var 16. október 2018 af B, forstöðumanni skíðasvæðisins, kemur fram að snjóblásari sé staðsettur á flata sunnan við fyrrgreint skíðagönguhús og hafi hann framleitt snjó til norðurs á flatann í átt að húsinu. Kvað B að sá sem ræsir snjóblásarann til að framleiða snjó hverju sinni líti til með blásaranum öðru hvoru meðal annars með tilliti til þess hvort vindur hafi snúist. Taldi B að þegar slysið varð hafi vindur eitthvað snúið sér þannig að snjórinn hafi fallið á sporið þar sem M renndi sér niður. Ekki hafi þurft nema 1-2 cm af nýframleiddum snjó til að gjörbreyta rennslinu í sporinu. Viðnám í framleiddum snjó sé margfalt meira en í náttúrulegum snjó þannig að skíðafærið geti orðið mjög þungt. Starfsmönnum væri uppálagt að framleiða ekki snjó yfir skíðasporin, en ekki sé hægt að verjast því ef einhver breyting yrði á vindátt því snjónum sé blásið allt að 40 m vegalengd og geti því svifið til hliðanna í vindi. Þá taldi B að aðvörunarmerkingar hafi verið á sínum stað við göngubrautina.

Í lögregluskýrslu 16. október 2018 er haft eftir vitninu D, sjálfboðaliða í skíðagönguhúsinu umræddan dag, að snjóframleiðsluvélin hafi verið á flötinni sunnan við skíðagönguhúsið og spýtt snjónum 20-30 m frá sér. Hún hafi verið staðsett þannig að hún hafi ekki átt að spýta snjó yfir göngubrautirnar, en svo virðist sem vindur hafi breytt sér þannig að nýframleiddur snjórinn hafi fokið yfir skíðasporið sem liggur til norðurs niður litla brekku á flötina fyrir framan skíðagönguhúsið. Mikið frost hafi verið þannig að nýframleiddur snjórinn hafi frosið þegar hann féll á jörðina. Það þýði að þegar skíðamenn renna í þennan snjó við þessar aðstæður frjósi undir skíðunum og þau stöðvist. Kvað D að yfirleitt fari snjóframleiðslan fram um nætur eða utan þess tíma sem opið er í brautirnar, en í umrætt skipti hafi verið farið að framleiða snjó snemma um daginn eða morguninn. Þar sem snjóframleiðsluvélin hafi verið sunnan við skíðagöngusvæðið hefði snjóframleiðslan ekki átt að koma að sök nema af því að vindurinn hafi breytt sér. Þá kvaðst D ekki vita hvort einhver varúðarskilti séu sett niður þegar snjóframleiðsla sé í gangi.

Vitnið E mun hafa fallið í skíðagöngubrautinni um svipað leyti og M féll þar. Í skýrslu sem tekin var af E hjá lögreglu 10. október 2018 kemur fram að hún farið niður stutta brekku og niður á flatann framan við skíðagönguhúsið. Hún hafi verið á góðu rennslu í sporinu en allt í einu verið komin í nýjan snjó sem verið var að framleiða. Sá snjór hafi verið viðkomu eins og slydda og verið mjög blautur. Hann hafi haft þau áhrif á skíðin að þau hafi eins og sogast í snjóinn og hún hafi snarstoppað og fallið á vinstri öxl. E kvaðst ekki hafa orðið vör við að snjóframleiðsla hafi verið í gangi þegar hún hóf

skíðagönguna og ekki séð nein aðvörunarskilti um það. Þá hafi hún ekki orðið vör við nýja snjóinn fyrr en hún renndi sér inn í hann.

M kveður slysið mega rekja til mistaka þeirra starfsmanna skíðasvæðisins sem stjórnðu snjóframleiðslunni umrætt sinn og hefur því krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Ber félagið fyrir sig að það hafi hafnað bótaskyldu með bréfi 28. apríl 2017 en málinu hafi fyrst verið skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með málskoti 30. apríl 2019. Þá hafi réttur M til að krefjast bóta verið fallinn niður þar sem hann hafi ekki krafist meðferðar málsins fyrir nefndinni innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina. Vísar V í þessu efni til 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í annan stað kveður V að snjóframleiðsluvélin hafi verið staðsett þannig að hún hafi ekki átt að spýta snjó yfir gönguskiðabrautina, en síðan hafi vindur breytt sér þannig að nýframleiddur snjórinn hafi fokið yfir skíðasporið. Því sé um óhappatilvik að ræða sem forsvarsmönnum eða starfsmönnum A verði ekki kennt um.

Álit.

Í máli þessu krefst M viðurkenningar á rétti sínum til bóta úr ábyrgðartryggingu hjá V. I. hluti laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga gildir um skaðatryggingar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, en með skaðatryggingu er m.a. átt við váttryggingu gegn skaðabótaábyrgð, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Aftur á móti er 2. mgr. 124. gr. laganna, sem vísað er til af hálfu V til stuðnings þeirri málsástæðu að M hafi glatað rétti sínum til bóta, í II. hluta laganna sem vaðar persónutryggingar. Þegar af þessari ástæðu getur 2. mgr. 124. gr. téðra laga ekki átt við um það álitafni hvort M hafi glatað bótarétti með því að hafa lagt málið of seint fyrir úrskurðarnefnd. Ákvæði hliðstætt 2. mgr. 124. gr. er engu að síður að finna í skaðatryggingahluta laganna, eða í 2. mgr. 51. gr. Samkvæmt því ákvæði glatar váttryggður rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu váttryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað í heild eða að hluta. Samkvæmt ákvæðinu er það einungis váttryggður sem kann að glata rétti sínum til bóta ef hann hefur ekki neytt þeirra réttarráða sem kveðið er á um í ákvæðinu innan þess frests sem þar er einnig tilgreindur. Í ábyrgðartryggingum telst sá vera váttryggður sem nýtur váttryggingarverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni, sbr. c. lið 2. gr. laganna. M hefur ekki stöðu váttryggðs og er því ekki bundinn af þeim fresti sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004. Hann hefur ekki glatað rétti til bóta úr ábyrgðartryggingunni þótt meira en eitt ár sé liðið frá því V hafnaði bótaskyldu. Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að M féll í skíðagöngubrautinni sökum þess að nýframleiddur snjór úr snjóframleiðsluvél hafði lagst yfir brautina og valdið því að viðnám í henni jókst til muna sem aftur varð til þess að skíði M snarstöðvuðust skyndilega og hann féll fram fyrir sig og slasaðist. Ekki er heldur um það deilt að orsök þess að snjórinn lagðist yfir brautina var að vindátt breyttist. Þá verður að telja nægilega sannað, m.a. með því sem fram kom í framburði B sem og vitnisins D, að starfsmönnum skíðasvæðisins hafi verið kunnugt um þá hættu sem fólst í því þegar framleiddur snjór fór yfir göngubrautina og þess yrði að gæta við snjóframleiðsluna að slíkt gerðist ekki. Sú aðgæsla af hálfu starfsmanna skíðasvæðisins virðist hins vegar hafa brugðist þegar vindátt breyttist og snjórinn lagðist yfir brautina. Á þessum mistökum starfsmannanna ber A ábyrgð. Að fenginni þessari niðurstöðu hefur A sönnunarbyrði um það að viðvörunarskilti hafi verið á svæðinu sem með öruggum hætti hafi átt að gera M grein fyrir þeirri hættu sem var framundan þegar hann kom að þeim stað í göngubrautinni þar sem framleiddi snjórinn lagðist yfir hana. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sú sönnun hafi tekist. Þá eru engin efni til að telja M meðábyrgan fyrir tjóninu vegna eigin sakar. M á því óskoraðan rétt til bóta fyrir það líkamstjón sem hann hlaut í slysinu úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 160/2019**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar eiganda vinnuvélarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna stjórnunar vinnuvélar vegna áreksturs 23.1.2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 2.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.5.2019, ásamt höfnunarbrefi V dags. 21.2.2019 og tölvupósti VÍS dags. 26.2.2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, sem liggur fyrir í málinu, kemur fram að árekstur varð milli vinnuvélarinnar A og bifreiðarinnar B þegar bifreiðinni var ekið á vinnuvélina, en stjórnandi hennar var að moka bifreiðaplan við götuna Suðurellu. Í lögregluskýrslunni er haft eftir ökumanni B að hann hafi blindast af sól og ekki séð vinnuvélina fyrr en of seint. Haft er eftir stjórnanda vinnuvélarinnar að hann hafi verið að hluta inn á akbraut við moksturinn og með vinnuljós vélarinnar kveikt.

M telur að eigandi vinnuvélarinnar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem vinnuvélinni hafi verið ekið aftur á bak af bifreiðastæði út á akbraut í veg fyrir bifreið hans. Ekki eigi að taka mið af framburði hans hjá lögreglu þar sem hann hafi verið slasaður. M vísar til varúðarskyldu sem kemur fram í 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að ökumenn eigi að gæta sérstakrar varúðar þegar ekið er aftur á bak eða frá brún vegar. Einnig vísar M til 3. mgr. 25. gr. sömu laga varðandi varúðarskyldu þeirra sem aka út af bifreiðastæðum og mótmælir því að ljós á vinnuvélinni hafi verið kveikt.

V vísar til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu um að hann hafi blindast af sól og þannig ekki séð vinnuvélina sem hann ók á. V hefur eftir stjórnanda vinnuvélarinnar að hann hafi verið að aka inn á bifreiðaplan þegar árekstur varð, en ekki verið að aka aftur á bak út af planinu. Engin vitni hafi verið af atvikinu og telur V ekki sannað að árekstur sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um aðdraganda áreksturs, þ.e. hvað það varðar hvort árekstur megi rekja til þess að vinnuvélinni A hafi verið ekið út á akbraut í veg fyrir bifreiðina B eða hvort ökumaður bifreiðarinnar (M) hafi blindast af sól og ekið aftan á vinnuvélina þegar hún var á leið inn á sama bifreiðaplan. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur því fram að annar ber skaðabótaskyldu á tjóni sínu skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar. Enginn vitni voru að atvikinu og ber M hallann af sönnunarskortum um þá háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar sem hann heldur fram að hafi verið orsök slyssins. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að áreksturinn verði rakinn til þess að M hafi, sem ökumaður bifreiðarinnar B, blindast af sól, eins og haft er eftir honum í lögregluskýrslu, og þannig ekið aftan á vinnuvélina. M á því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuvélar hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 161/2019**M og
V vegna bóta úr sjúkdómatryggingu****Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu hjá V vegna Myositis-Myopathy****Gögn.**

Málskot mótttekið 02.05.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 08.05.2019 ásamt tveimur fylgiskjölum.

Málsatvik.

Á árinu 2017 eða 2018 greindist M með sjúkdóminn Myositis-Myopathy en um er að ræða vöðvarýrnunarsjúkdóm, sem m.a. veldur því að M á erfitt með gang. Í kjölfar greiningar sótti M um bætur úr sjúkdómatryggingu hjá V sem hafnaði kröfu hans hinn 15. apríl 2019 á þeim forsendum að sjúkdómurinn væri ekki meðal þeirra sem taldir eru upp sem bótaskyldir í skilmálum sjúkdómatryggingar M hjá félaginu.

M mótmælir þessari afstöðu og telur V reyna að skjóta sér undan greiðsluskyldu með því að vísa til þess að nákvæmlega þessi sjúkdómur sé ekki talinn upp í skilmálum. Um sé að ræða alvarlegan vöðvarýrnunarsjúkdóm og sjúkdómatrygging væri rangnefni féllu slíkir sjúkdómar ekki undir gildissvið hennar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að 3. gr. viðkomandi skilmála innihaldi tæmandi upptalningu á þeim sjúkdómum sem bótaskylda ná til. Myositis-Myopathy sé ekki þar á meðal og þar af leiðandi sé það ekki bótaskyldur atburður samkvæmt viðeigandi váttryggingarskilmálum að greinast með sjúkdóminn. Hafnar félagið því kröfu M.

Álit:

Í 3. gr. skilmála sjúkdómatryggingar sem viðauka líftryggingar M hjá V, EC1023, eru taldir upp tæmandi talningu þeir sjúkdómar sem leiða til þess að bótaskylda stofnist úr váttryggingunni. Þá er í 5. gr. tekið fram að aðrir atburðir en þeir sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 3. gr. leiði ekki til greiðsluskyldu. Myositis-Myopathy er ekki meðal þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í umræddri 3. gr. og þar sem umræddar skilmálagreinar eru svo afdráttarlausar sem raun ber vitni er ekki tilefni til að túlka þær á annan hátt en orðalag þeirra gefur til kynna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 13. júní 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 162/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Orsakatengsl vegna ætlaðs líkamstjóns og umferðaróhapps 13.10.2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 3.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.5.2019, ásamt viðbótargögnum.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 27.5.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið 13. október 2016 og tilkynnir M um líkamstjón vegna þess sama óhapps með sérstakri tjónstilkynningu dags. 3. nóvember, en tilkynningin ber ekki með sér ártal. Af umboði M til lögmans dags. 3. nóvember 2016 verður hins vegar ráðið að líkamstjónið hafi verið tilkynnt til V 3. nóvember 2016.. Í málinu liggja einnig fyrir upplýsingar um heilsugæslulæknisheimsóknir M á tímabilinu 14. október til 6. desember 2016 og sjúkraþjálfun á tímabilinu 26. október 2016 til 26. apríl 2017. Einkenni sem M kvartaði yfir í umræddum læknisheimsóknum og meðferð beindist að voru í háls hrygg ásamt einhverjum einkennum í baki. Einnig kemur fram í læknisfræðilegum gögnum að M hafi haft svipuð einkenni vegna bílslyss árið 1996 og hafi síðast fengið beiðni í sjúkraþjálfun vegna þeirra einkenna í júlí 2015. Af hálfu V hefur verið lögð fram skýrsla um mögulegan höggkraft vegna árekstursins dags. 17. apríl 2018, sem og myndir af bifreið þeirri sem M var í þegar árekstur varð.

M telur að hann eigi rétt til greiðslu bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V og bendir á að V hafi ekki hafnað bótaskyldu fyrr en gagnaöflun vegna tjónsins hafi verið komin á lokastig fyrir mat. M kveðst hafa leitað strax til læknis vegna líkamstjóns síns og sé yfir vafa hafi að það sé til komið vegna árekstursins. M telur einnig að V geti ekki ályktað með almennum hætti út frá mati sem V aflar einhliða á mögulegum höggkrafti vegna árekstursins að M hafi ekki getað orðið fyrir líkamstjóni og vísar á bug tilvísun til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3302/2017, sem V leggur til grundvallar sem sambærilegt mál.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs og vísar til matsgerðar dags. 17. apríl 2018 sem sýni að kraftar þeir sem gætu hafa leitt til höggs á bifreið þá sem M var í við áreksturinn hafi verið mjög litlir og ekki til þess fallnir að leiða til líkamstjóns og fái sú niðurstaða stoð í ofangreindum dómi. V bendir einnig á að einkennum M séu almenns eðlis og sambærileg við einkenni sem hann hafi haft áður og síðast farið í sjúkraþjálfun vegna um ári fyrir áreksturinn.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til læknis vegna einkenna sem hann rekur til áreksturs 13. október 2016 daginn eftir atvikið og í nokkur skipti það haust. Lýsingar á einkennum M í gögnum málsins eru almenns eðlis og einnig er vísað til sambærilegra einkenna eftir annað umferðarslys M á árinu 1996. Eins og gögn í þessu máli liggja fyrir er ekki hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á mögulegum afleiðingum, hvort meiri eða minni líkur séu á að einkennum M tengist árekstrinum eða afleiðingum annarra atvika eða aðstæðna. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirleggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 163/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega A****Deilt um hvort tjónsatvik í körfuknattleik hafi verið slys í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot mótttekið 30.04.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 22.05.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 2. október 2017 varð M fyrir meiðslum er hann var að spila körfuknattleik. Atvikum lýsir M með þeim hætti að hann hafi verið að rekja boltann með andstæðing á móti sér, og þegar hann reyndi að skjóta sér undan varnarmanni hafi komið átak á hné hans með þeim afleiðingum að liðþófar og liðbönd sködduðust og mar kom á bein. M telur að um skyndilegan og óvæntan atburð hafi verið að ræða þrátt fyrir að engin snerting hafi orðið milli hans og varnarmannsins.

V hafnaði bótaskyldu með bréfi til M, dags. 5. febrúar 2019, þar sem fram kemur að það sé mat félagsins að ekkert utanaðkomandi hafi orðið til þess að M meiddist á hné. M er ósáttur við þá afstöðu og telur að tilburðir varnarmannsins hafi falið í sér óvænta, utanaðkomandi ógn, sem ætti að duga til svo atvikið teljist slys í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þá afstöðu sína að umrætt atvik geti ekki talist slys samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, en þar sé áskilið að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð sé að ræða. Meiðsl M hafi komið til við það að það snerist upp á hné hægri fótar er hann steig illa í hann, og ekki hafi komið til snerting frá öðrum. Frumorsök óhappsins sé því innri veiklun en ekki utanaðkomandi atburður. Þá sé ekki sýnt fram á að neitt í atburðarrásinni feli í sér frávik frá því sem M hefði mátt reikna með við körfuboltaleik.

Álit:

Í 8. gr. vátryggingarskilmála umræddrar slysatryggingar A hjá V er að finna skilgreiningu á slyshugtakinu. Þar kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Kemur þá til skoðunar hvort umrætt atvik hafi verið slys í þessum skilningi. Verður að líta svo á að það sé hluti af eðlilegum körfuknattleik að leikmenn reyni að verjast upphlaupum andstæðinga sinna og því að þeir nái að skora. Verður því ekki litið svo á að háttsemi varnarmanns í þessu tilviki hafi falið í sér skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdið hafi meiðslum M. Þvert á móti verður að líta svo á að það að reyna að koma sér undan varnarmönnum sé eðlilegur hluti leiksins og það að M hafi snúist illa á hné við þá tilburði sé ekki slys í þessum skilningi.

Rétt er að taka fram að málsaðilar fjalla nokkuð um breytta málsatvikalýsingu M, þ.e. að atvikalýsing sú sem kom fram í upphaflegri tjonstilkynningu sé ekki sú sama og var sett fram í málskoti til nefndarinnar. Þar sem umrædd tjonstilkynning liggur ekki fyrir nefndinni verður þetta atriði ekki tekið til umfjöllunar, en raunar verður ekki séð að það hefði áhrif á niðurstöðu nefndarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 20. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 164/2019

M og
V1 vegna fjölskyldutryggingar og V2 vegna fjölskyldu- og fasteignatryggingar.Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á verkfærum.**Gögn.**

Málskot M, móttakið 5. maí 2019, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V1, dags. 3. júní 2019.

Bréf V2, dags. 20 maí 2019

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M, til V1, dags. þann 31.5.2018 kemur fram að vatnsleki hafi orðið í bílskúr þar sem vinnustofa M er staðsett. Nánar tiltekið að heitt vatn hafi lekið í gegn um loftið á vinnustofunni með þeim afleiðingum að verkfæri í eigu M skemmdust. Af gögnum málsins má ráða að vinnustofan er ekki staðsett á heimili M, heldur í húsnæði í eigu A, tengdamóður málskotsaðila. Þá kemur fram í gögnum málsins að lekinn hafi átt upptök sín í miðstöðvarofni í íbúðarhúsnæði fyrir ofan vinnustofuna sem er í eigu B, sem er ótengdur þeim M og A.

M hefur gert kröfu í fjölskyldutryggingu sína hjá V1. Þá hefur M gert kröfur í tryggingar þeirra A og B hjá V2. V1 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að vátryggingin taki ekki til verkfæra sem eru staðsett annarstaðar en á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður. V2 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess M sé ekki vátryggður skv. skilmálum fjölskyldutryggingar þeirrar sem A er með í gildi hjá V2 og að ábyrgðarliður fasteignatrygging A taki ekki á tjóninu, þar sem tjónið verði ekki með neinum hætti rakið til vátryggingartaka. Þá komi ekki til skoðunar hvort fasteignatrygging B hjá V2 nái til tjónsins þar sem tryggingin hafi fallið úr gildi þann 1. júlí 2016, talsvert áður en tjónið átti sér stað.

Álit.

Í skilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem M er með í gildi hjá V1 er að finna svohljóðandi ákvæði: *Vátryggingin tekur til: 1.1 Innbús sem er í eigu vátryggðu. „Með innbúi er átt við: [...] Verkfæra, varahluta, áhalda og búnaðar er vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, sem bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.“* Með hliðsjón af framangreindu ákvæði og þeirri staðreynd að verkfærin voru ekki staðsett á skráð lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburðurinn varð er ljóst að M á ekki bótarétt úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V1.

Í skilmála heimatryggingar þeirrar sem A er með í gildi hjá V2 segir: *„Vátryggðir eru vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.“* Þar sem fyrir liggur að M er tengdasonur vátryggingartaka er ljóst að hann telst ekki vátryggður skv. skilmálum heimatryggingar A hjá V2. Er því ljóst að M á ekki bótarétt úr þeirri tryggingu. Enn fremur liggur fyrir að tjónið verður ekki rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Er því jafnframt ljóst að M á ekki bótarétt úr ábyrgðarlið heimatryggingar A eða fasteignatryggingar A hjá V2.

Varðandi kröfu M í fasteignatryggingu B hjá V2 liggur fyrir að vátryggingin féll úr gildi þann 1.7.2016 og var ekki í gildi þegar tjónsatburðurinn varð á árinu 2018. Þegar af þeirri ástæðu á M því ekki bótarétt úr fasteignatryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingum hjá V1 eða V2.

Reykjavík, 25. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 165/2019

M og
V1 vegna málskostnaðartryggingar fasteignatryggingar og
V2 vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar og fasteignatryggingar.

Ágreiningur um gildissvið vátryggingarskilmála vegna réttarlags ágreinings í tengslum við sölu fasteignar X á árinu 2017, sem leiddi til dómsmáls á árinu 2018.

Gögn.

Málskot, dags. 6.5.2019, ásamt fylgigögnum og tölvupósti 3.6.2019.

Bréf V1, dags. 24.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 29.4.2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M seldi íbúð sína í fjöleignarhúsi X í Reykjavík á árinu 2017. Kaupendur eignarinnar skoðuðu hana í lok ágúst sama ár og fengu eignina afhenta 21. nóvember 2017. Vorið 2018, eftir útgáfu afsals, kom upp réttarlegur ágreiningur milli M sem seljanda og kaupenda um hvort upplýsingaskylda hans sem seljanda fasteignar hefði verið vanrækt þegar kaupendur skoðuðu hana í lok maí 2017. Leiddi sá ágreiningur til dómsmáls og þeim lyktum að kröfum kaupenda á hendur M var vísað frá dómi og fékk M dæmdan málskostnað úr hendi kaupenda, en hafði samt sem áður af málarekstrinum kostnað vegna lögmannsaðstoðar, sem hann telur sig vera vátryggðan fyrir.

Í málinu liggja einnig fyrir upplýsingar um að húsfélagið að X hafi verið með fasteignatryggingu hjá V1 frá 10. maí 2017 og sú vátrygging hafi verið í gildi bæði þegar íbúð M var sýnd í lok ágúst 2017 og áfram eftir að M hafi selt íbúðina, eða til 30. apríl 2018. Þá hafi M keypt aðra eign og vátryggt þá eign með fasteignatryggingu hjá V2 og hafi sú trygging verið í gildi þegar réttarlegur ágreiningur kom upp, milli hans sem seljanda eignarinnar í X og kaupenda hennar, í maí 2018. Á báðum tímabilum hafi M einnig verið með í gildi fjölskyldutryggingu hjá V2. M telur vátryggingavernd vera fyrir hendi úr einhverjum þessara vátrygginga, sem allar eigi það sameiginlegt að fela í sér málskostnaðartryggingavernd.

Varðandi fasteignatryggingu hjá V1 telur M að ákvæði vátryggingarskilmála í gr. 53.1, 53.2 og 53.3 veiti honum slíka vernd, en í gr. 53.1 kemur fram að hægt sé að fara fram á að málskostnaður sé greiddur ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu og hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi þá reiknist hún honum til góða. M telur að vátryggingavernd hans sjálfs og síðan húsfélags uppfylli það tímaskilyrði. Einnig vísar M til gr. 53.2 þar sem komi fram að þrátt fyrir gr. 53.1 geti vátryggður samt sem áður fengið málskostnað greiddan ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni, hafa gerst eftir að vátryggingin tók gildi. Þar vísar M til þess að réttarlegur ágreiningur í máli hans við kaupendur hafi snúist um hvort hann hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni sem seljandi við skoðun íbúðarinnar að X í lok ágúst 2017 og þá hafi vátrygging hjá V1 sannanlega verið í gildi. Að lokum vísar M til þess að í gr. 53.3 komi fram að „ef vátryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr vátryggingu þessari ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu.“ M bendir á að fyrrnefndir atburðir til grundvallar kröfu á hendur honum hafi átt sér stað í lok ágúst 2017 og þá hafi verið í gildi vátrygging hjá V1. M hafi ekki vátryggt eignina áfram þar sem hann hafi ekki lengur verið eigandi hennar og hafi þar af leiðandi ekki „sambærilega vátryggingu“ í gildi og uppfylli þannig skilyrði umræddrar greinar 53.3 til greiðslu bóta vegna málskostnaðar.

Varðandi fjölskyldutryggingu hjá V2 telur M að hann uppfylli öll skilyrði til greiðslu bóta varðandi það tímabil sem hann hafi notið vátryggingaverndar, bæði þegar atvik ágreinings komu upp sem og

ágreiningurinn sjálfur. Einnig telur hann að undanþáguákvæði hvað varðar undanþáguákvæði gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum, um að sú váttrygging taki ekki til þess sem varðar váttrygðan sem eiganda fasteignar, vera túlkað með of víðtækum hætti í afstöðu V2 um höfnum bótaskyldu.

Afstaða V1, sem hefur hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu húsfélags X, byggist annars vegar á því að þegar réttarlegur ágreiningur er á milli bæði kaupanda og seljanda íbúðar geti ágreiningur ekki varðar báða aðila sem eigendur sömu fasteignar og vísar um það til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 101/2016. V1 telur að M hafi ekki notið váttryggingarverndar í fasteignatryggingu húsfélagsins að X eftir að hann afhendi íbúð sína og hafi því ekki verið váttryggður þegar ágreiningur kom upp í málinu, heldur kaupandi íbúðarinnar. Í annan stað telur V1 að við mat á því hvort M njóti váttryggingarverndar skv. gr. 53.3 verði að líta til þess að M hafi keypt „sambærilega váttryggingu“ hjá V1 eftir að hann eignaðist aðra fasteign og uppfylli þannig ekki skilyrði ákvæðisins að hafa „...ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega váttryggingu...“

V2 telur að ágreiningur sem varðar M sem eiganda fasteignar falla utan gildissviðs fjölskyldutryggingar skv. undanþáguákvæði í gr. 25.9 váttryggingarskilmála og að ágreiningur varðandi fasteign í X falla utan gildissviðs fasteignatryggingar vegna annarrar eignar M, að Gautavík 20-22, þó slík váttrygging hafi verið í gildi þegar ágreiningur kom upp.

Álit.

Gerð er grein fyrir ágreiningi aðila og þeim ákvæðum váttryggingaskilmála sem skipta máli hér að ofan. Þegar litið er til váttryggingaverndar M í heild sinni verður ekki annað séð en að helst komi til álita að líta til mögulegrar váttryggingarverndar hans úr fasteignatryggingu húsfélags X en ágreiningslaust er að sú váttrygging var í gildi hjá V1 að minnsta kosti á tímabilinu 10. maí 2017 til 30. apríl 2018. Ekki hefur heldur komið fram að V1 telji skilyrði um tveggja ára tímabil, sem áskilið er í gr. 53.1 í váttryggingarskilmálum, ekki uppfyllt.

Verður þá að líta til orðalags gr. 53.3 en það ákvæði verður ekki skilið öðruvísi en að þar sé váttryggingafélagið að víkka út gildissvið váttryggingarinnar frá gr. 53.1 og 53.2 þar sem fjallað er um hvenær váttryggður getur krafist bóta vegna málskostnaðar. Í því ákvæði kemur, eins og áður segir, fram að „*ef váttryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega váttryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr váttryggingu þessari ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu.*“

Það er ljóst að M hafði ekki lengur málskostnaðartryggingu hjá V1 þegar ágreiningur kom upp (í maí 2018), en þau atvik eða þeir atburðir sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust í lok ágúst 2017, þegar hann var sannanlega váttryggður í fasteignatryggingu V1, sem eigandi íbúðar að X. Þegar litið er til þess hvort skilyrði um að M hafi ekki heldur haft „...*sambærilega váttryggingu.*“ gildir einu hvort hann hafi váttryggt aðrar fasteignir sínar með málskostnaðartryggingu. Ákvæði váttryggingarskilmála, þar á meðal gr. 53.3, eru einhliða samið af váttryggingafélaginu sjálfu og verður ekki séð að það ákvæði þjóni tilgangi ef váttryggingavernd vegna annarra fasteigna hafi þar áhrif, en þær váttryggingar hefðu aldrei komi til álita hvort eð er varðandi réttarlegan ágreining máli sem kemur upp varðandi M sem eiganda fasteignar að X.

Óskýrleika hvað þetta varðar verður að túlka M í hag og verður hann að teljast váttryggður í skilningi ákvæðisins þegar þau atvik voru uppi að hann gefur upplýsingar um íbúð í sölumeðferð sem seljandi, þ.e. í ágúst 2017, hann hafi ekki verið með málskostnaðartryggingu eða sambærilega váttryggingu þegar ágreiningur kom upp og að það eru ekki liðin fjögur ár frá þeim atvikum sem lýst er hér á undan. Öll skilyrði gr. 53.3 í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar V1 eru því uppfyllt í máli M og telst hann því eiga rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hennar.

Að þeirri niðurstöðu fenginni er fallist á sjónarmið V2 um að ekki sé fyrir hendi skilyrði til greiðslu bóta úr fjölskyldutryggingu, sbr. gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum, eða fasteignatryggingu annarrar eignar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fasteignatryggingar hjá V1 en á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldu- eða fasteignatryggingar hjá V2.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 166/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar líkamsræktarstöðvar (A).****Ágreiningur um bótaskyldu er gestur í líkamsræktarstöð féll um listaverk í gólfi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Ljósmynd af vettvangi.

Málsatvik.

Hinn 23. september 2017 var M stödd í sérstöku slökunarherbergi í líkamsræktarstöð sem rekin er af A. Í málskoti kveður M að hægindastólum hafi verið raðað í kringum arineld og rökkur hafi verið í herberginu fyrir utan ljós sem barst frá eldinum. Er hún stóð upp úr hægindastól sínum og gengið aftur fyrir stólinn, sem hafi verði stysta leið í átt að hurð og útgangi úr herberginu, hafi hún rekist í bungi á gólfinu sem hafi reynst vera listaverk, nánar tiltekið skúlptúr af brjósti, og við það fallið í gólfid með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á öxl og hné. Eftir slysið kveðst M hafa sent A tölvuskeyti þar sem hún hafi upplýst um slysið og við hvaða aðstæður það varð. Tölvuskeyti hennar hafi verið svarað af hálfu A með tölvuskeyti 26. september 2017, þar sem sagði, orðrétt, m.a.: „Þessi bunga á gólfinu er hluti af listaverki [...] af brjósti. Stólarnir/bekkirnir eiga að vera þannig raðaðir að fólk eigi ekki að geta lent á verkinu, öryggisteymið okkar fer í að athuga þetta hið fyrsta.“

Maki M og einn samferðarmaður sem var með þeim í téðu herbergi hafa lýst aðstæðum í herberginu á svipaðan veg og fram kemur í málskotinu. Þá liggur fyrir yfirlýsing konu sem kveðst á árinu 2008 hafa fallið um sama listaverk og M féll um.

M kveður húsnæðið hafa verið vanbúið og öryggi gesta í herberginu hafi ekki verið tryggt. Líkamsræktin tengist sundlaug og í slökunarherberginu séu gufuböð, heitir pottar o.fl. Starfsemin tengist sundlaug og um starfsemi A gildi reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, en skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar skulu mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum þannig gerð og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við auk þess sem húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Kveður M óumdeilt að engar gönguleiðir hafi verið merktar né varað við listaverkinu. Auk þess hafi vinnureglum um uppröðun stóllanna ekki verði fylgt þegar slysið varð. Þannig hafi lýsing, merkingar og uppröðun húsgagna í herberginu verið ófullnægjandi og í andstöðu við ákvæði reglugerðar nr. 814/2010. Þá hafi slysið ekki verið skráð eins og skylt hafi verið skv. 15. gr. reglugerðarinnar. Ef reglugerð 814/2010 eigi ekki við þá gildi um starfsemi A reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og er í því sambandi einkum vísað til 54. gr. reglugerðarinnar. Hefur M krafist þess að viðurkenndur verði réttur hennar til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Með bréfi 21. janúar 2019 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að aðstæður í slökunarherberginu hafi verð ófullnægjandi og því sé ósannað að umrætt atvik megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Kveður V að reglugerð nr. 814/2010 nái ekki til slökunarherbergisins og geti ekki komið til skoðunar í máli þessu. Þá séu ákvæði í reglugerð nr. 941/2002, sem M hefur vísað til, almennt orðuð og gefi enga vísbendingu um að aðstæður í slökunarherberginu hafi átt að vera með öðrum hætti en þar var. Í bréfinu er aðstæðum í herberginu m.a. lýst svo að þar sem um slökunarherbergi sé að ræða sé takmörkuð lýsing á ákveðnum svæðum herbergisins. Í rýminu séu legubekkir sem er raðað í hring og snúi þannig að höfuð viðskiptavina liggja næst veggjum en fætur að miðju herbergisins. Í miðju rýmisins sé arineldur sem lýsi upp herbergið. Því sé lýsing takmörkuð eða minni við vegg rýmisins til að hámarka afslöppun gesta. Hefðbundin gönguleið liggja því „inn í miðju rýmisins á átt að arineldinum og þaðan út um útgönguhurð.“ Sú leið sem M hafi valið sér sé þröng og dimm og að mati V óvenjuleg. Ekki sé útilokað að fara þá leið sem

M fór, en óhætt sé að leggja til grundvallar að engum hafi átt að dyljast „að hefðbundin gönguleið út úr herberginu sé inn í miðju rýmisins og þaðan út, enda sú leið upplýst.“

Álit.

Aðstæður í slökunarherberginu voru ekki rannsaðar strax í kjölfar slyssins. Af hálfu V hefur aðstæðum í herberginu verið lýst svo að lýsing þar sé takmörkuð, einkum við vegg og lýsing sé einungis frá arineldi í miðju herbergisins. Þá hafi sú leið sem M hafi valið sér á leið sinni út úr herberginu verið þröng og dimm. Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd var aflað einnar ljósmyndar af aðstæðum í herberginu. Af henni má sjá að listaverk það sem M hnaut um er fast við bak stólanna og umhverfis það sé nokkuð rými þar sem ganga má um. Þá verður ekki betur séð en umræddir stólar séu þess eðlis að auðvelt sé að færa þá úr stað. Á tillits til þess hvað telst hefðbundin eða venjuleg leið út úr herberginu verður að líta svo á að umrætt sinn hafi M átt greiða leið út úr herberginu með því að ganga aftur fyrir þann stól sem hún hafði verið í og ekkert hafi bannað henni að fara þá leið. Eins og aðstæðum hefur verið lýst verður að telja að M hafi ekki séð listaverkið sökum þess hversu dimmt var í herberginu. Með því að koma því þarna fyrir og í svo skertri lýsingu sem raunin mun hafa verið var það til þess fallið að valda þeim hættu sem þarna fóru um. Við þessar aðstæður verður að virða A það til sakar að hafa komið téðu listaverki fyrir með þeim hætti sem gert var. A ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir umrætt sinn. Ekki eru efni til að skerða ábyrgð A vegna meðábyrgðar M. M á því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 167/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns við árekstur hinn 18. febrúar 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 02.05.2019, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 29.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. febrúar 2017 lenti M í umferðarslysi. Tveimur dögum síðar leitaði hann til læknis vegna áverka, þ.e. mars á vinstri öxl eftir bílbelti, og tognunar og ofreynslu á fótlegg og baki. Var honum, samkvæmt samskiptaseðli heilsugæslu, ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara ef einkenni versnuðu og að leita til heimilislæknis vegna framhaldsins. M tilkynnti V um slysið hinn 26. nóvember 2018, og gerði kröfu um bætur vegna líkamstjóns. M byggir á því ljóst sé að umræddur árekstur hafi verið harður og bifreið hans skemmt mikið. Þá hafi hann leitað læknisaðstoðar tveimur dögum eftir slysið, og hljóti því að vera óumdeilt að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Máli sínu til stuðnings leggur M jafnframt fram læknisvottorð dags. 1. febrúar 2019 þar sem m.a. kemur fram að M hafi farið að finna fyrir verk í mjóbaki skömmu eftir áreksturinn en ekki leitað lækninga vegna þess. Þá finni M fyrir hræðslu við að lenda aftur í sams konar slysi. Enn fremur kemur fram að M hafi skipt um starfsvettvang í apríl 2018, m.a. vegna afleiðinga slyssins. Niðurstaða þessa vottorðs er að með sálfræðimeðferð og sjúkraþjálfun ætti M að ná sér og segist M nú nýta sér þau úrræði.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því að um orsakatengsl sé að ræða milli slyssins sem M varð fyrir í febrúar 2017 og þeirra einkenna sem hann finni fyrir. Þannig skipti máli við mat á orsakatengslum að samfelld einkennasaga sé til staðar. Í tilfelli M liggja hins vegar fyrir að hann hafi leitað læknis tveimur dögum eftir slysið en svo ekki fyrr en tveimur árum eftir það. Það sé mjög langur tími milli læknisheimsóknna og margt sem geti gerst í millitíðinni. Hafnar V því kröfum M.

Álit.

Sem fyrr segir varð M fyrir slysi hinn 18. febrúar 2017 og leitaði til læknis vegna áverka sinna tveimur dögum síðar. Var M þá ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara ef einkenni versnuðu og eins að leita til heimilislæknis varðandi áframhaldandi meðferð. Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að M hafi þá leitað til sjúkraþjálfara eða frekari læknismeðferðar. Sjúkrasaga M í kjölfar slyssins samkvæmt vottorði sem dagsett er hinn 1. febrúar 2019 virðist þá að mestu byggð á frásögn M sjálfs en ekki rannsóknnum á einkennum hans. Ekki verður séð að áverkar M hafi verið myndaðir eða að frekari rannsóknir á þeim hafi farið fram. Þá liggja ekki fyrir nefndinni nein gögn er sýni fram á að mjóbaksverki þá er M finnur fyrir megi rekja til umrædds áreksturs, enda verður ekki séð að nein læknisfræðileg greining þeirra einkenna liggja fyrir heldur aðeins frásögn M sjálfs. Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki fallist á að M hafi tekist að sýna fram á orsakatengsl milli þeirra einkenna sem hann finnur fyrir og umrædds umferðarslyss. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 168/2019**M og****V v/ sjúklingatryggingar tannlæknis A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómseinkenna í kjálkaliðum í kjölfar tannúrdráttar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.5.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 3.6.2019.
Bréf V, dags. 24.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti mun M hafa hinn 12. júní 2017 leitað til A, tannlæknis, sem starfar í öðru byggðarlagi en M býr í. Kveður M að þá hafi A dregið úr sér síðasta jaxl í efri gómi hægra megin (tönn 17). Kveður M að A hafi tjáð sér að um tvennt væri að velja, annað hvort að taka tönnina eða röttfylla. Hafi hún valið að láta taka tönnina án þess að hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um afleiðingar þess, þannig að valmöguleiki hafi í reynd ekki verið fyrir hendi þar sem hún hafi haft bitvanda fyrir tanntökuna sem hún vissi ekki um. Hefur M vísað í þeim efnum til rökstuðnings trygginga-yfirtannlæknis Sjúkratrygginga Íslands. Eftir að tönnin var fjarlægð hafi hún einungis getað tuggið með vinstri hlið tanngarðsins. Það hafi leitt til þess að þremur vikum síðar hafi kjálkaliðir farið úr skorðum þannig að hún hafi varla getað opnað munninn eða að hámarki 35 mm í eitt ár, ekki getað tuggið mat sem hafi leitt til mikilla verkja, þjáninga og skerðingar á lífsgæðum um óákveðinn tíma. Í október 2017 hafi hún leitað til bitsérfræðings og við athugun hjá honum hafi komið í ljós að bitvandi hennar, sem fyrir tanntökuna hafi verið það lítill að hún fann ekki fyrir honum, hafi versnað verulega. Hefði A upplýst hana um bitvandamálið hefði hún aldrei samþykkt að taka tönnina.

Samkvæmt ódagsettu læknaþréfi B, tannlæknis og sérfræðings í bitlækningum og stoðkerfisverkja í kjálkum, mun M hafa komið til hans vegna verkja hægra megin í kjálka. Hún hafi komið með skriflega lýsingu á gangi mála. Að sögn hafi A dregið jaxl 12. júní 2017 (tönn 17). Hún hafi farið að tyggja vinstra megin. Þremur vikum síðar hafi hún fengið mikla verki hægra megin í kjálka við að geispa, bíta og tyggja. Hafi verkirnir leitt sem stingir í eyrað, fram í kinnbein og gagnauga sem höfuðverkur. Aðspurð hafi M langa sögu um „klik klik“ í hægri kjálkalið sem nú hafi hætt. Hún hafi ekki getað opnað munninn almennilega, eitthvað sé fyrir og hafi reynt ótal úrræði frá læknum. Þá segir í læknaþréfi B að við skoðun sé gapgeta milli framtanna 35 mm. Framhreyfing sé skert í hægri kjálkalið. Álagspróf á kjálkaliðinn ýfi upp kunnuglegan verk og þreifing yfir hægri „masseter og temporalis“ vöðva sömuleiðis. Saga og skoðun uppfylli skilmerki „DC/TMD“ fyrir stoðkerfisverki í kjálka og tognun með framskriði á liðþófa hægri kjálkaliðar. Mikil varnarviðbrögð í kjálkavöðvum, hrædd við hreyfingar. Hvað meðferð snertir segir í læknaþréfinu að þetta hafi verið rætt við M. „Kennt að slaka á kjálka og gera æfingar til að ýta liðþófanum smám saman fram. Ís yfir liðinn og masseter. Nudd og teygjur. Bitgómur sem hækja fyrir kjálkann að sofa við. Horfur ættu að vera góðar.“ Í lok læknaþréfsins kemur fram að 3. október 2017 hafi M verið heldur skárri, þó ekki mikið. „Áfram æfingar. Mát fyrir bitgóm.“

M hafði leitað til Sjúkratrygginga Íslands varðandi þátttöku í kostnaði hennar vegna vandamála sinna í kjálkaliðnum. Í rökstuðningi D, yfirtannlæknis Sjúkratrygginganna, frá 29. nóvember 2017 vegna synjunar stofnunarinnar um greiðsluþátttöku kemur fram að yfirlitsmynd af tönnum M, sem hafi fylgt með umsókn hennar auk fyrrgreinds læknaþréfs, hafi sýnt að M hafi tapað sex tönnum framan við endajaxla. Hafi tanntapið valdið því að bit hennar hafi riðlast mikið. M.a. hafi „tólfárajaxl“ vinstra megin í neðri gómi hallast fram í átt að fremri tönnum. Við það verði jaxlabit hennar þeim megin ekki rétt sem aftur valdi álagi á kjálkaliði hennar. Einnig segir í umræddum rökstuðningi að fyrir liggja að bitvandi M hafi versnað til muna eftir að hún var til meðferðar hjá tannlækni 12. júní sama ár þar sem jaxl hafi verið fjarlægður. Úrdráttur tanna geti valdið álagi á kjálkaliði. Einnig hafi legið fyrir að eftir úrdráttinn hafi M þurft að tyggja meira í vinstri hlið þar sem neðri „tólfárajaxl“ sé í skaðabiti á móti efri jöxlum. Með hliðsjón af þessu hafi það verið mat tryggingayfirtannlæknisins að ekki hafi verið sýnt fram á að kjálkaliðsvandi M hafi verið afleiðing fæðingagalla, sjúkdóms eða slyss í skilningi laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerðar nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar. Af þeim sökum hafi Sjúkratryggingunum ekki verið heimilt að taka þátt í kostnaði við tannlæknismeðferðina.

Með bréfi, dags. 22. febrúar 2018, krafðist M bóta úr sjúklingatryggingu sem A hefur í gildi hjá V vegna þess heilsutjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir af völdum tanntökunnar hjá A 12. júní 2017. Vegna kröfu M aflaði V greinargerðar A vegna málsins auk þess sem félagið aflaði sérstakrar álitserðar (greinargerðar) hjá E, tannlækni og sérfræðingi í munn- og kjálkaskurðlækningum, ráðgefandi tannlækni félagsins.

Í ódagsettri greinargerð A kemur m.a. fram að M hafi leitað til A 30. júní 2016 vegna verks hægra megin en viti ekki hvort hann væri uppi eða niðri. Hún hafi fengið sér kaffisopa skömmu áður og væri að „drepast“ líklega í tönn 17. Hún hafi verið mjög slæm deginum áður og deginum þar áður og þurft að taka verkjalyf. Hvorki við skoðun né röntgenmynd hafi neitt komið fram sem með afgerandi hætti hafi skýrt einkennin. M leitaði svo að nýju til A 12. júní 2017. Mun þá eftirfarandi hafa verið skráð í sjúkraskrá M: „17 Greinileg periapical sýking á rtg mynd Palp aum Akv að exa Sjúkl vildi það frekar en ENDO Er bara nýlega farin að finna til aftur og fór aldrei til ENDO sérfræðings. Eftir exið: 17 Gekk vel :) Skafið, mikil sýking hreinsuð. Skolað vel með Corsodyle“ M mun hafa verið í símasambandi við A 16. júní, 3. júlí og 18. ágúst 2017 vegna sýkingar sem M kvaðst vera með, en hún hafi ekki séð sér fært að koma á stofu til A vegna fjarlægðar milli byggðarlaga. Hún hafi svo komið til skoðunar á stofu hjá A 22. ágúst 2017. Þá hafi M lítið getað opnað munninn og varla getað talað, borðað eða geispað. Hún sé mikið verkjuð og með höfuðverk upp í enni. Verkurinn sé verstur á gagnaugasvæði en hún finni til í allri hægri hlið alveg fram í vör upp að auga og aftur í eyra. M hafi ekki fundið til fyrst eftir að tönn 17 var fjarlægð en verkirnir hafi byrjað á laugardegi sex vikum fyrir komuna til A, líklega 8. júlí 2017. Í greinargerð sinni kveður A að M hafi við tanntökuna í júní 2017 verið komin með lífshættulega sýkingu í kringum tönnina og annað hvort hafi orðið að fara strax í rötffyllingarmeðferð eða fjarlægja tönnina áður en meiri skaði hlytist af. Hafi M beðið sig að fjarlægja tönnina. Um léttan tannúrdrátt hafi verið að ræða og að mati A hafi þessi meðferð ekki átt að hafa laskað kjálkalið eða liðþófa. Hins vegar sé mjög líklegt að liðþófinn hafi verið laskaður eða veikur fyrir.

Í álitserð E vegna málsins, dags. 28. apríl 2018, kemur fram að við skoðun A 12. júní 2017 hafi verið komin fram ákveðin einkenni um rötarsýkingu sem hafi verið staðfest með röntgenmyndum. Um tvennt hafi því verið að velja: Fjarlægja tönnina eða rötffyllingarmeðferð. M sé með margar rötffylltar tennur og eigi því að vita hvernig slík meðferð fari fram. Nokkuð sé ljóst að tannlæknir dragi ekki tönn úr sjúklingi án samþykkis hans. Nokkur aðdragandi sé að tanntöku, deyfa þurfi aðgerðarsvæðið og bíða eftir verkun. Ekki sé annað að sjá en fjarlæging tannarinnar hafi verið framkvæmd með eðlilegum hætti. Þegar M kom til skoðunar hjá A tíu vikum eftir aðgerð hafi hún verið með slæm einkenni frá kjálkaliðum. Við segulómun 16. október 2017 hafi verið staðfest að liðþófar kjálkaliðanna hafi verið úr skorðum og gengnir fram fyrir liðhausa („anterior dislocation“) sem skýri verki í andliti og hreyfingahömlur í kjálkaliðum. Telur E að taka tannarinnar hafi verið nauðsynleg og ekki sé annað að sjá en að tanntakan hafi gengið eðlilega fyrir sig. Mögulegt sé að kjálkaliðsverkir hafi einnig átt þátt í einkennum M. Meiri líkur séu á að aðgerð á neðri kjálka geti haft slæm áhrif og valdið álagi á kjálkaliðina heldur en aðgerðir á efri kjálka þar sem sjúklingurinn þarf einungis að halda munninum opnum en engir aðrir kraftar leggist á liðina. Þá segir í álitserð E að þó svo að bitálag hafi breyst við tanndráttinn þá hafi það ekki verið umflúið og ekki óyggjandi hægt að sýna fram á að það sé orsök kjálkavandans, heldur hafi vandinn verið lengi til staðar og náð hápunkti í ágúst 2017. Meðal niðurstaða E er að við tanntökuna 12. júní 2017 hafi einkenni frá hægri kjálkalið þegar verið komin fram þótt þau hafi verið tiltölulega væg, en ekki enn meðhöndluð af tannlækni þar sem athygli hafi beinst að tönn 17 sem aðalorsök einkenna. Einnig hafi tanndrátturinn, þ.e. aðgerðin sjálf, ekki átt þátt í liðskriði í báðum kjálkaliðum, sem hafi greinst við segulómun í október 2017, þar sem ekkert hafi komið fram sem bendi til annars en að aðgerðin hafi verið venjuleg.

Einkum með vísan til greinargerðar A og álitserðar E hafnaði V bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni með bréfi til V, dags. 11. maí 2018. M vill ekki una þeirri niðurstöðu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu

landlæknis til starfans rétt til bóta samkvæmt lögunum. Samkvæmt 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vöð var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.

4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóatalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Samkvæmt þessum ákvæðum laganna þarf sá er krefst bóta úr sjúklingatryggingu að sýna fram á að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af tiltekinni rannsókn eða læknismeðferð. Þannig þarf M að geta sýnt fram á, svo hún eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu A, að vandamál hennar í kjálkum, einkum hægri kjálka, hafi að öllum líkindum hlotist af læknismeðferðinni hjá A er tönn 17 var dregin úr efri gómi hægra megin 12. júní 2017. Þau læknisfræðilegu gögn sem M byggir kröfu sína á eru fyrrgreint læknabréf B og rökstuðningur eða álit D. Varðandi síðargreinda sönnunargagnið þá var það sett fram sem rökstuðningur fyrir því að synja bæri beiðni M um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í kostnaði hennar vegna kjálkavandamála hennar. Sönnunargildi þessa gagns verður að skoða með tilliti til þessa. Engar álits- eða skoðunargerðir hæfra og óvilhallra aðila liggja fyrir í málinu. Í læknabréfi B er engin umfjöllun um það hvað hafi valdið sjúkdómseinkennum M í hægri kjálka. Þótt einkennin hafi komið fram eða aukist eftir tanntökuna í júní 2017 verður af áliti eða rökstuðningi D ekki talið sannað að þau megi rekja til tanntökunnar. Í þessu sambandi má benda á að í álitserð E er talið að meiri líkur séu á að aðgerð á neðri kjálka geti haft slæm áhrif og valdið álagi á kjálkaliðina heldur en aðgerðir á efri kjálka þar sem sjúklingurinn þarf einungis að halda munninum opnum en engir aðrir kraftar leggist á liðina. Þá ber þess einnig að gæta að í álitserð E er talið að þó svo að bitálag hafi breyst við tanndráttinn þá hafi það ekki verið umflúið og ekki óyggjandi hægt að sýna fram á að það sé orsök kjálkavandans, heldur hafi vandinn verið lengi til staðar og náð hápunkti í ágúst 2017.

Í ljósi þess sem að framan greinir verður ekki talið að kjálkaeinkennum M megi rekja til þess A hafi ekki hagað meðferð sinni við tannúrdráttinn 12. júní 2017 eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu þannig að bótaskylda úr sjúklingatryggingunni gæti hafa stofnast á grundvelli 1. tölul. 2. gr. laganna. Ekki kemur heldur til álita að M hafi orðið fyrir tjóni vegna bilunar eða galla í áhöldum eða öðrum búnaði sem A notaði við tanntökuna. Bótaskylda verður því ekki reist á 2. tölul. 2. gr. Ekkert síðara mat liggur fyrir sem leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vöð var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð M. Bótaskylda verður því heldur ekki reist á 3. tölul. 2. gr. Loks verður ekki fullyrt af gögnum málsins að kjálkaeinkennum M séu fylgikvilli af völdum tanntökunnar þannig að yfir höfuð geti komið til álita að bótaskylda verði byggð á 4. tölul. 2. gr. laganna. Af öllu þessu leiðir að M telst ekki eiga rétt til bóta úr sjúklingatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 169/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega A****Deilt um hvort frestur til að tilkynna um tjónsatvik hafi verið liðinn.****Gögn.**

Málskot dags. 08.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-14.

Bréf V dags. 18.06.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. maí 2015 varð M, sem var þá starfsmaður A, fyrir meiðslum er er hún var að spila íshokki. M hætti leiknum fljótlega eftir atvikið og leitaði á slysadeild en í ljós kom að hún hafði slitið liðbönd milli bátsbeins og mánabeins. Hefur M átt við einkenni vegna þessa áverka að stríða síðan.

V var tilkynnt um atvikið hinn 8. mars 2017. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 15. maí 2018 á grundvelli þess að samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 glati sá sem rétt á til bóta, samkvæmt m.a. slysatryggingu, þeim rétti sé krafa ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa sé reist á. Hinn 5. júní 2015 hafi M fengið ítarlegar upplýsingar hjá bæklunar- og handskurðlækni um áverkann og meðferðarmöguleika. Eftir það hafi M átt að vera fullljóst um atvik að baki kröfu sinni og því hafi tilkynning til V komið of seint fram. Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þá afstöðu sína að slysið hafi ekki verið tilkynnt innan lögbundins frests. Telur V að tilkynningarfrestur hafi byrjað að líða nokkrum dögum eftir atvikið, en í síðasta lagi hinn 4. febrúar 2016 en þá hafi verið sótt um um styrk vegna kaupa á hjálpartæki vegna alvarlegs áverka með langvinnnum vandræðum. Hafnar V því kröfum M.

M er ósátt við þessa afstöðu og í málskoti eru raktar læknisskoðanir þær er M gekkst undir vegna slyssins. Þannig hafi ekki verið talið tilefni til aðgerðar þegar M hitti lækni hinn 20. ágúst 2015 og aftur hinn 4. febrúar 2016. Hinn 12. janúar 2017 fór M aftur til læknis og var þá rætt ítarlegar um kosti og galla aðgerðar, sem M hugnaðist ekki að gangast undir. M hafi svo enn farið í eftirlit hjá lækni hinn 5. febrúar 2018 og aftur hinn 7. febrúar 2019, en á þeim tíma hafi M gert sér grein fyrir að einkenni hennar vegna áverkans gætu talist varanleg. M telur fráleitt að eins árs tilkynningarfrestur hafi verið liðinn hinn 8. mars 2017, þegar V var tilkynnt um slysið. Umræddur frestur sé matskenndur og verði að skoða hvert tilvik fyrir sig. Fyrst og fremst sé um að ræða mat á huglægri afstöðu tjónþola, með tilliti til þess hvenær hann fái upplýsingar um að áverki kunni að hafa varanlegar afleiðingar í för með sér. Hinn 4. júní 2015, en þá hitti M sérfræðing vegna áverkans, hafi ekki verið útséð um hvaða meðferðarúrræði stæðu M til boða, og engin merki hafi verið um að einhverjum bata hafi verið náð. Því standist það ekki skoðun að miða upphaf tilkynningarfrests við það tímamark. Hinn 4. febrúar 2016 hafi M svo enn leitað til læknis en á þeim tíma hafi ekki verið talið tilefni til aðgerðar en ákveðið að M kæmi aftur til eftirlits ári síðar. Hafi M svo leitað til lögmanns vegna afleiðinga slyssins í mars 2017. Það sé í raun ekki fyrr en við síðustu skoðun læknis, hinn 7. febrúar 2019, sem hægt hafi verið að fullyrða um að einkenni M yrðu varanleg, og sé því í fyrsta lagi hægt að miðað upphaf tilkynningarfrests við það tímamark sem hún leitaði lögmannsaðstoðar.

Álit:

M varð sem fyrr segir fyrir slysi hinn 18. maí 2015. V fékk fyrst tilkynningu um slysið hinn 8. mars 2017, eða um einu ári og tíu mánuðum eftir umrætt atvik. Aðila greinir á um hvort M hafi með þeirri tilkynningu uppfyllt ákvæði 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, þar sem kveðið er á um að váttryggður glati rétti sínum til bóta sé krafa ekki gerð innan árs frá því að tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa byggir á.

Ljóst er að M hefur verið nokkuð óslitið undir eftirliti lækna frá umræddu atviki, og kemur þá til skoðunar hvenær M hafi mátt gera sér ljóst að einkenni vegna áverkans væru varanleg, en af gögnum má ráða að einkenni hafi að mestu verið viðvarandi allt frá slysdegi. Taka má undir með M að óraunhæft sé að ætla að henni hafi verið ljósar afleiðingar áverkans á fyrstu dögnum eftir slysið,

enda var hún með gipsspelku í sex vikur og má telja að á því tímamarki hafi verið óljóst hvaða áhrif spelkan mundi hafa. Hins vegar verður að líta til þess að hinn 4. febrúar 2016 sótti M um styrk til kaupa á hjálpartæki, úlnliðsspelku, sem í umsókn er sögð ætluð til „íhaldssamrar langtímameðferðar“. Við það tækifæri var jafnframt ákveðið að M kæmi í eftirlitsskoðun til læknis að ári. Á þessum tíma verður því að miða við að M hafi orðið ljóst að um varanleg einkenni yrði að ræða og verður því að miða upphaf hins umþrætta tilkynningarfrests við það tímamark. Var tilkynning til V, sem send var hinn 8. mars 2017, því of seint fram komin, og réttur M til bóta telst því fallinn niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 170/2019**M og
V vegna vinnuvélatryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 09.05.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 23.05.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að tjón hafi orðið á klæðningu fasteignarinnar X sem er í eigu M af völdum byggingarkrana í eigu A. Kraninn var í notkun vegna byggingar fasteignarinnar Y og samkvæmt tjónstilkynningu varð tjónið með þeim hætti að samband milli kranafjarstýringar og krana rofnaði með þeim afleiðingum að kraninn varð stjórnlaus í smátíma og kranablokkinn og mótafleki rakst utan í fasteignina X og olli umtalsverðum skemmdum á austurhlíð hússins. Í tjónstilkynningunni kemur enn fremur fram að möguleiki sé á því að önnur fjarstýring á öðrum krana hafi truflað samband. V hafnaði bótaskyldu. M telur líklegustu ástæðuna fyrir atvikinu mistök og gáleysi starfsmanna váttryggingartaka sem hafi að öllum líkindum ekki sett kranann í bremsu eftir nóttina og því sé um sök starfsmanna A að ræða. Í málskotinu kemur fram að hafi verið um sambandsleysi að ræða sem ósannað sé þá beri váttryggingartaki ábyrgð á slíku sambandsleysi og að stórkostlegt gáleysi sé að halda áfram með vinnu á krana sem geti skapað slíka hættu.

Í bréfi V kemur fram að svo virðist sem samband milli kranans og fjarstýringarinnar hafi rofnað, eða þá að önnur fjarstýring hafi truflað sambandið þar á milli, með þeim afleiðingum að kraninn rakst utan í X. V telur M ekki hafa lagt fram nein gögn sem sýna fram á saknæma háttsemi þess sem olli tjóninu, þ.e. stjórnanda lyftarans eða vinnuveitanda hans. Þá hafi engar athugasemdir verið gerðar við staðsetningu kranans og ekkert sem bendi til þess að unnt hefði verið að vinna verkið með öðrum hætti en gert var í umrætt sinn. Í bréfinu kemur enn fremur fram að komið hafi í ljós að atvik sem þessi, þ.e. að kraninn varð stjórnlaus um stundarsakir, gerist reglulega og séu þekkt í byggingarstarfsemi og félagið hafi fengið það staðfest frá aðilum sem starfa innan geirans að það væri þekkt að samband rofni milli krana og fjarstýringar sem geri það að verkum að krani verður stjórnlaus. Því er hafnað að slíkt sambandsleysi teljist gáleysi váttryggingartaka enda hafi hann aldrei áður lent í sambærilegu atviki. V hafnar því að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að kraninn hafi orðið stjórnlaus án þess að það væri rakið til sakar starfsmanns A. Í bréfi V kemur fram að þekkt sé í byggingarstarfsemi að kranar eins og um getur í þessu máli verði stjórnlausir sökum þess að samband rofni milli krana og fjarstýringar. Gera verður strangar kröfur til þeirra aðila sem nota slíka vinnuvél sem krani er þar sem ákveðin hætta getur stafað af notkun slíkra vélknúinna véla. Með vísan til þess sem fram kemur hjá V, að þekkt sé í byggingarstarfsemi að umræddir kranar geti orðið stjórnlausir sökum sambandsleysis við fjarstýringu er ekki unnt að líta öðruvísi á en að A hafi átt að gæta þess við uppsetningu og stjórn kranans að hann væri þannig staðsettur að hann ylli ekki tjóni ef hann yrði stjórnlaus og ber A því ábyrgð á tjóninu sem kraninn olli á fasteign M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr vinnuvélatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögfr. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 171/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 10. mars 2018 þegar lestarlúga hópbifreiðar fór í höfuð starfsmanns.****Gögn.**

Málskot, dags. 8.5.2019, ásamt fylgigögnum og tölvupóstur lögmanns M, dags. 27.5.2019.

Bréf V, dags. 13.5.2019, ásamt viðbótargögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þegar lestarlúga á bifreið sem hún var að vinna við féll niður á höfuð hennar. M hafði ný lokið við að setja tösku í bifreiðina og í tjónstilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram pumpa lestarlúgu hafi verið biluð. Umrædd tjónstilkynning er hins vegar ekki undirrituð af fulltrúa X en í bréfi þess til V dags. 19. nóvember 2018 kemur frma að festing sem haldi pumpunni hafi verið biluð eða brotin en ekki pumpan sjálf. Einnig kemur fram í tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands að hlerapumpa hafi verið brotin hægra megin og er sú tilkynning undirrituð bæði af M og fulltrúa X.

M telur að leggja eigi framburð M um atvik málsins til grundvallar þar sem X hafi vanrækt að tilkynna vinnuslys hennar til Vinnueftirlitsins innan tímamarka, en það sé honum skylt skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þannig verði að leggja til grundvallar að lestarlúga bifreiðarinnar hafi verið biluð og komi fram í upplýsingum frá X að tilkynnt hafi verið um bilun 4. mars 2018, eða sex dögum fyrir slysið. Þannig hafi X ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að gert yrði við bilunina með fullnægjandi hætti og ekki skipti máli hvort bilunin hafi upphaflega legið í pumpu eða festingu hennar. M vísar til skyldna vinnuveitanda um öryggi og hollustuhætti á vinnustað í lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum.

V telur ekki sýnt fram á að X hafi haft vitneskju um að festing á pumpu við lestarlúgu hafi verið brotin, en skipt hafi verið um festingu þremur dögum áður eftir tilkynningu um bilun og bifreiðin þá yfirfarin og notuð 9. mars 2018 eða degi fyrir slys M. Ekki sé því sannað að slys hennar megi rekja til atvika sem beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að vinnuslys M megi rekja til þess að lestarlúga bifreiðar sem hún var að vinna við hafi fallið á höfuð hennar og einnig er staðfest af hálfu X að eftir slysið hafi komið fram að festing sem hafi haldið pumpu lúgunnar hafi verið brotin. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir að nokkrum dögum fyrir slysið hafi verið tilkynnt um bilun í lúgunni og hafi hún verið tekin til viðgerðar í kjölfarið og síðan sett í umferð aftur daginn fyrir slys M. Þegar gögn málsins eru metin í heild eru líkur á því að sú viðgerð sem fór fram á festingum á pumpu við lúgu bifreiðarinnar hafi ekki verið fullnægjandi og gildir einu hvort slysinu sé lýst þannig í tjónstilkynningum að pumpa hafi verið brotin eða festing hennar. Þegar X sem atvinnurekandi fær tilkynningu um bilun í festingum eða pumpu verður hann að gæta þess með fullnægjandi hætti að ekki stafi slysaþætta af því að nota lúgu á bifreiðinni. Í ljósi þess að afar stuttur tími leið frá því að bifreiðin var sett aftur í notkun og slyss M verður að leggja til grundvallar að þeim skyldum hafi X ekki sinnt með nægilega tryggum hætti. Má því rekja líkamstjón M til skaðabótaábyrgðar X. Ekki verður séð að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að hún beri sjálf hluta tjóns síns, sbr. 23. gr.a í skaðabótalögum nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 172/2019**M og
V1 og umboðsaðili þess V2 vegna hópvátryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna afleiðinga slyss sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 10.05.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2 dags. 21.05.2019.

Viðbótarupplýsingar frá V2, dags. 30.08.2019.

Málsatvik.

Hinn 28. febrúar 1999 varð M fyrir líkamstjóni þegar hún féll úr skíðalyftu. Í kjölfar endurhæfingar eftir slysið hóf hún störf sem lyfjafræðingur að nýju en aðeins í 50% starfshlutfalli, enda starfsgeta hennar ekki meiri. Árið 2006 minnkaði hún svo starfshlutfall sitt í 20%. Haustið 2018 lét hún svo, að læknisráði, alfarið af störfum vegna afleiðinga slyssins.

M gerir þá kröfu fyrir nefndinni að viðurkenndur verði réttur hennar til fullra bóta vegna starfstengdrar örorku vegna sjúkdóma eða slyss úr hópvátryggingu A hjá V1, en M gekk inn í umrædda vátryggingu á árinu 2003. Til vara gerir M þá kröfu að hún fái greiddar hálfar bætur enda hafi starfsgeta hennar verið 50% á þeim tíma.

Þeirri kröfu hennar hefur verið hafnað af hálfu V1 með þeim rökum að þar sem slysið hafi átt sér stað á árinu 1999 hafi M ekki verið með gilda vátryggingu hjá félaginu á þeim tíma.

Þessari afstöðu mótmælir M og rökstyður kröfu sína m.a. með því að umboðsaðili V1 hér á landi hafi ekki óskað neinna upplýsinga um heilsufar M þegar hún varð aðili að vátryggingarsamningnum. Þá hafi M ekki fyllt út neina sérstaka umsókn vegna umræddrar vátryggingar né hafi það verið gert fyrir hennar hönd. V1 hljóti að þurfa að bera hallann af því að upplýsinga um heilsufar M hafi ekki verið aflað enda hvorki M né A sérfróð um vátryggingar og því ekki hægt að ætla þeim að bjóða fram upplýsingar að fyrra bragði. Hvorki M né A hafi hins vegar leynt neinum upplýsingum og hefði M haft réttmæta ástæðu til að ætla að hún ætti rétt til bóta úr vátryggingunni kæmi til algerrar óvinnufærni. Þá megi ætla að iðgjaldgreiðslur til V1 hafi verið miðaðar við að M nyti fullrar verndar samkvæmt umræddri vátryggingu. Þá vísar M til 86. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem komi fram að vátryggingafélag geti ekki gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð vegna þeirra tilvika að sjúkdómurinn eða meinið hafi verið fyrir hendi þegar ábyrgð þess hófst nema í nánar tilgreindum undantekningartilvikum sem eigi ekki við hvað mál M varði.

Í bréfi sínu til nefndarinnar, sem sent er fyrir hönd V1, rekur V2 þá afstöðu að þar sem M hafi ekki verið með gilda vátryggingu á slysdegi geti afleiðingar slyssins ekki fallið undir skilmála vátryggingarinnar. Þá tekur V1 fram að ekki tíðkist að spyrja sérstaklega um heilsufar einstaklinga sem aðild eigi að hópvátryggingum sem þessum, enda sé viðskiptasambandið milli V1 og A, en ekki M. Er kröfum M því hafnað.

Álit:

Af læknisvottorði sem liggur fyrir nefndinni má ráða að starfsgeta M hafi verið skert allt frá slysdegi hinn 28. febrúar 1999. Þá verður ekki séð að hinn algera missi starfsgetu sem M býr nú við sé að rekja til nokkurs annars en umrædds slyss og afleiðinga þess. Verður því að miða við að krafa M sé til komin vegna atburðar sem átti sér stað áður en hún var vátryggð samkvæmt umræddri vátryggingu.

Í skilmálum umræddrar vátryggingar, blaðsíðu 22, Section 1 kemur m.a. fram eftirfarandi: „We will pay the benefits shown in the Schedule of Compensation if an Insured Person suffers Bodily Injury or Illness as heerein defined during the Period of Insurance.“ Á sömu blaðsíðu er jafnframt að finna skilgreiningu á hugtakinu „Accident“, og er þar áskilið að slyss eigi sér stað á gildistíma vátryggingarinnar. Verður atvik það sem leiddi til óvinnufærni M ekki skilið öðruvísi en sem „Accident“ og verður að heimfæra það undir þá skilgreiningu vátryggingarinnar. Þar sem atvikið átti

sér stað utan þess váttryggingartímabils sem M var váttryggð í váttryggingunni verður ekki fallist á að greiða eigi bætur vegna þessa atviks úr váttryggingunni vegna M. Þessu til fyllingar er einnig vísað til ákvæða váttryggingarskilmála á blaðsíðu 23 þar sem er að finna skilgreiningu á „Pre-Existing Condition“ og kemur þar m.a. fram að um sé að ræða ástand sem váttryggður var, eða hefði átt að vera, meðvitaður um þegar váttrygging gekk í gildi, eða hafi sótt sér lækningu vegna á þriggja ára tímabili fyrir gildistöku hennar. Í kafla um atvik sem eru undanskilin, á blaðsíðu 24-25, er svo m.a. tekið fram að bætur fái ekki greiddar stafi dauðsfall eða örorka beint eða óbeint af slíku ástandi.

Á grundvelli framangreinds er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og telst ákvæði 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki takmarka heimild félagsins til þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hópváttryggingu A hjá V1

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 173/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna falls starfsmanns við ræsi í gólfi 10. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 10. maí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17. maí 2019, ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. myndum af vettvangi.

Bréf lögmanns M, dags. 14. júní 2019.

Málsatvik.

Með tjonstilkynningum til Vinnueftirlitsins, mótt. 26. apríl 2016, Sjúkratrygginga Íslands sem og til V, dags. 12. maí 2016 var tilkynnt um slys M hinn 10. mars 2016 í lageraðstöðu á starfsstöð sinni hjá X á Keflavíkurflugvelli. Aðdraganda slyssins var lýst þannig að M hafi verið mað kassa í fanginu og misstigið sig „...á ræsi í gólfinu og þar er misfella.“ M varð óvinnufær 22. mars sama ár vegna afleiðinga slyssins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar þar sem aðstæður á vinnustaðnum hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 eða reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. M telur að sú misfella sem hafi verið í gólfi vinnustaðar M hafi skapað hættu fyrir starfsfólk, hún hafi sést illa og erfitt að gera grein fyrir henni, auk þess sem engar viðvaranir eða merkingar um hana hafi verið fyrir hendi. Einnig telur M að X hafi viðurkennt í tjonstilkynningum að misfella hafi verið fyrir hendi og hún orsök slyssins.

V telur að ekki hafi verið ástæða til að setja sérstakar merkingar eða viðvaranir við umrætt ræsi þar sem misfella sú sem vísað er til í tjonstilkynningum hafi verið afar lítil og þar sem M hefði komið oft í húsnæðið hefði það verið hennar að vega og meta hvernig væri best að ganga um það með kassa í höndunum og sýna eðlilega aðgát. Einnig vísar V til mynda af vettvangi frá X.

M telur í viðbótarbréfi sínu til nefndarinnar dags. 14. júní sl. að þær myndir sem V hafi lagt fram séu ekki af slysstað heldur annars staðar í sama húsnæði og ítrekar að greinileg misfella hafi verið við ræsið sem M datt um og það hafi verið óforsvaranlegar aðstæður á vinnustaðnum m.t.t. að þar hafi farið fram losun á skólpi úr flugvélum og húsnæðinu sé ekki ætlað til að vera lageraðstaða.

Álit.

Með vísan til þeirra sönnunargagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina er ágreiningur um hvort húsnæði í starfsaðstöðu M hjá X hafi verið forsvaranlegt m.t.t. þeirra starfa sem þar voru unnin og fyrirmæla í lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af ræsi í gólfi sem V telur að M hafi fallið um en M hefur mótmælt því að myndirnar séu af réttu ræsi. Ekki liggja fyrir ljósmyndir af því ræsi eða þeirri aðstöðu sem M kveðst hafa dottið um. Ekki verður séð að það að það séu ræsi eða niðurföll í gólfum kalli almennt á sérstakar viðvaranir eða merkingar, ekki nema byggt sé þannig í kringum þau að augljós slyshætta stafí af. Ekki liggur fyrir með þeim sönnunargögnum sem lögð hafa verið fram að þannig hafi aðstæður verið á vinnustað M og verður skaðabótaábyrgð því ekki felld á X vegna óforsvaranlegra aðstæðna og M hefur ekki tekist að sýna fram á að rekja megi slys hennar til annarra atvika eða ástæðna sem gætu fellt á X skaðabótábyrgð. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögsm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 174/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot dags. 09.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V dags. 14.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

Hinn 26. júní 2017 slasaðist M þegar hann var að störfum á verkstæði A. M lýsir atvikum á þann hátt að hann hafi verið að saga krossviðarplötu en eftir að því var lokið og hafði slökkt á söginni hafi blað sagarinnar haldið áfram að snúast og afsagið hafi skotist í handlegg hans, með þeim afleiðingum að hann beinbrotnaði. M telur að atvikið megi rekja til vanrækslu A á því að tryggja öryggi starfsmanna sinna og veita viðhlítandi leiðbeiningar. Þannig hafi hlíf/þverbiti, sem varna ætti endurkasti frá sagarblaði, ekki verið á söginni umrætt sinn, en M hafi ekki haft þekkingu til að setja hana á sögina, né hafi hann fengið leiðbeiningar þar að lútandi. M telur að sögin hafi því ekki verið réttilega samsett þegar umrætt atvik átti sér stað. Þá hafi atvikið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en tæpum sex mánuðum eftir að það átti sér stað, og verði A að bera hallann af því að ekki hefði verið framkvæmd viðhlítandi rannsókn á slysinu og tildrögum þess. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglna settra á grundvelli þeirra laga. Jafnframt leggur M fram myndir af sambærilegri sög og notkunarleiðbeiningar sagarinnar. V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A með bréfi dags. 25. mars 2019.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að það hefði ekki breytt neinu um atvikið þó umræddur þverbiti hefði verið á vélinni, enda nái hann ekki lengra en að sagarblaðinu og hefði því ekki varnað því að afsagið lenti á M. Því hefði þessi meinti vanbúnaður á vélinni ekki þýðingu. Meðfylgjandi bréfi V voru samskipti félagsins við forsvarsmann A. Þar kemur m.a. fram að M hafi ekki slökkt á söginni heldur hafi annar starfsmaður A gert það. Þá hafi þverbitinn ekki verið á því að M hafi ekki nennt að setja hann á, en raunar hefði það ekki komið í veg fyrir slysið þó hann hefði verið á söginni.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálstri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Ljóst er að aðilum ber ekki saman um atvik eða orsakir þess að M slasaðist umrætt sinn, þ.á.m. hverju það hefði breytt hefði títtnefnd hlíf/þverbiti verið til staðar, en ekki liggja fyrir nefndinni neinar myndir eða skýrar lýsingar á því hvernig vinnu við sögina skuli háttáð. Svo virðist sem vitni hafi orðið að atvikinu, en yfirlýsingar frá þeim eru ekki meðal gagna málsins. Af gögnum málsins verður svo ráðið að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en hinn 19. desember 2017, eða um hálfu ári síðar, þrátt fyrir að M hafi verið óvinnufær um nokkra hríð í kjölfar þess. Með því verður að telja að A hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því að bera hallann af skorti á sönnun um málsatvik, þ.á.m. varðandi það hvort rétt staðsetning umræddrar hlífar hefði komið í veg fyrir tjón. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að settar hafi verið sérstakar verklagsreglur varðandi vinnu við sögina og ekki verður ráðið af svörum forsvarsmanns A hvernig kennslu á hana eða framsetningu leiðbeininga hafi verið háttáð. Verður því að telja að A hafi ekki farið nægilega að fyrirmælum laga og reglna er varða leiðbeiningar til starfsmanna í því skyni að tryggja öryggi á vinnustað, samanber t.d. 14. gr. laga nr. 46/1980. Þá verður heldur ekki séð að sérstakt áhættumat hafi verið til staðar í samræmi við 11. kafla áðurnefndra laga. Verður að meta þessi atriði til sakar A eða starfsmanna þess.

Samkvæmt öllu framansögðu er það mat nefndarinnar að bótaskylda úr frjálstri ábyrgðartryggingu A hjá V sé fyrir hendi. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að háttsemi M sjálfs teljist til stórkostlegs

gáleysis eða ásetnings, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, og eru því ekki skilyrði til að skerða bætur til hans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 175/2019**M og
V vegna slysatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr frítímaslysatryggingu vegna falls.****Gögn.**

Málskot dags. 13.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-13.

Bréf V dags. 29.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 3. desember 2013 féll M fram fyrir sig við heimili sitt á Höfn í Hornafirði með þeim afleiðingum að hann hlaut olnbogabrot, og var hann sendur með sjúkraflugi til Akureyrar þar sem hann gekkst undir aðgerð vegna þess.

M sendi V tilkynningu vegna tjóns síns hinn 29. janúar 2018. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 14. maí 2018 á grundvelli þess að samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 glati sá sem rétt á til bóta samkvæmt m.a. slysatryggingu þeim rétti sé krafa ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa sé reist á. Þar eð M hafi verið í nær óslitinni meðferð vegna tjónsins verði að telja að honum hafi verið afleiðingar þess ljósar allt frá því í janúar 2015 og hafi umræddur tilkynningarfrestur verið liðinn þegar krafa hans barst féluginu. Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þessa afstöðu sína enda geti félagið ekki fallist á að það hafi fyrst verið á árinu 2017 sem M hafi gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins. Það að M hafi haldið áfram að leita sér lækninga og að mælt hafi verið með áframhaldandi meðferð leiði ekki sjálfkrafa til þess að upphaf umrædds tilkynningarfrests færist fjær og fjær slysdegi. Hafnar V því kröfum M.

M mótmælir þessari afstöðu og telur að miða verði við það tímamark sem hann vissi eða mátti vita um varanlegar afleiðingar slyssins. M hafi verið í sjúkrahjálfun 3-4 sinnum í mánuði vegna afleiðinga brotsins frá 21. janúar 2014, og því ljóst að hann hafi lengst af eygt von um bata. Í janúar 2015 hafi M leitað til læknis þar sem töluvert vantaði upp á réttu og styrk í olnboganum auk þess sem M fann fyrir verkjum. Eftir að hafa ráðfært sig við bæklunarlækni ákvað M að halda meðferð áfram, en hafi haustið 2017 gert sér ljóst að hann mundi aldrei ná fullum bata. Fram að því hafi M staðið í þeirri trú að hann gæti náð fullum bata. Það hafi fyrst verið um haustið 2017, eða í fyrsta lagi hinn 13. febrúar 2017 þegar hann leitaði læknis til að fá beiðni um viðbótarsjúkraþjálfun, sem M hafi verið kunnugt um raunverulegar afleiðingar slyssins. Hafi umræddur tilkynningarfrestur því ekki verið liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt til V, enda hafi M lengst af verið í þeirri trú að hann bætti reikna með fullum bata eftir aðgerð og meðferð hjá sjúkrahjálfara.

Álit:

M varð sem fyrr segir fyrir slysi hinn 3. desember 2013. Gögn málsins bera með sér að M hafi gengist undir aðgerð strax í kjölfar brotsins, og að hann hafi komið í endurkomur vegna aðgerðarinnar snemma í janúar 2014. Á þeim tíma virðist hafa verið gert ráð fyrir áframhaldandi sjúkrahjálfun í þeim tilgangi að ná upp hreyfigetu. Hinn 23. janúar 2015 virðist M svo hafa leitað til heilsugæslunnar á Höfn og kvartað yfir lélegri virkni handleggjarins. Læknir þar mælti með endurmati á Sjúkrahúsinu á Akureyri og sendi beiðni þar að lútandi. M kveðst hafa hitt bæklunarlækni á sjúkrahúsinu í lok febrúar 2015, en engin frekari gögn liggja fyrir um þá komu. Hinn 26. janúar 2016 leitaði M enn til læknis og var þá ávísuð frekari meðferð hjá sjúkrahjálfara. Hinn 13. febrúar 2017 leitaði M enn til heilsugæslu og fékk framhaldsbeiðni um sjúkrahjálfun. Verður ekki annað ráðið en M hafi verið óslitið í sjúkrahjálfun allt frá umræddu slysi. Þá er meðal gagna í málinu göngudeildarnóta frá Sjúkrahúsinu á Akureyri dags. 17. apríl 2019 þar sem fram kemur að M sitji uppi með hreyfiskerðingu og verki.

Þegar M tilkynnti um tjón sitt til V voru liðin ríflega fjögur ár frá slysdegi. Ekki liggur fyrir í málinu af hverju ekki voru gerðar frekari rannsóknir á umræddu broti á því tímabili eða af hverju varanlegar afleiðingar voru ekki metnar fyrr. Þá er ekki nægilega ljóst með hvaða rökum M telur rétt að miða

upphaf tilkynningarfrests við hinn 13. febrúar 2017, enda liggur ekki fyrir að sú koma M á heilsugæslu hafi verið frábrugðin öðrum vegna slyssins. Hins vegar verður að líta svo á að ekki sé eðlilegt að stunda sjúkraþjálfun árum saman vegna beinbrots án þess að dragi úr einkennum öðru vísi en að tjónþoli megi gera sér grein fyrir að einkenni séu varanleg. Verður því að líta svo á að M hafi í síðasta lagi snemma á árinu 2016, eða eftir tveggja ára óslitna meðferð, mátt gera sér ljós þau atvik sem krafa hans væri reist á. Verður í því sambandi að taka undir með V um að samfelld sjúkraþjálfun og heimsóknir til lækna leiði ekki sjálfkrafa til þess að tilkynningarfrestur færist fjær og fjær slysdegi.

Verður því, á grundvelli 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, að telja að M hafi, með því að gera ekki kröfu til bóta innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafa er reist á, glatað rétti sínum til bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 176/2019**M og
V vegna sjúkratryggingar bæklunarsérfræðings (X).****Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna hnéspeglunar þann 8.10.2015.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 7. maí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 20. maí 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins leitaði M fyrst til X þann 23. júní 2015 vegna óþæginda í báðum hnjúám. Í sjúkrasögu M kemur fram að hún hafi glímt við verki í hnjúám í 4-5 ár fyrir komuna til X. Í sjúkragögnum frá 12. maí 2015 segir m.a. „*Fær verki t.d. þegar á hestbaki, eins þegar syndir, gengur niðri móti o.fl. Misjafnlega slæm einkenni, stundum þannig að hún getur varla stigið í fótinn en lagast oft fljótt og getur þá haldið áfram t.d. ef er að hlaupa og slikt. Verið í sjúkrahjálfun sem hefur ekki haft neitt að segja að sögn.*“.

Í greinargerð X, dags. 23. mars 2018 kemur fram að í samtali við X í júní 2015 hafi M lýst klemmutilfinningu í hægra hné og þá sérstaklega við réttu. Við skoðun þennan dag hafi M verið með óþægindi við neðri pól hnéskeilar og yfir infapatellar sin við festuna á hnéskeilina. Greinileg óþægindi þegar hún rétti úr hnjúánum og við þrýsting neðan á hnéskeilina og á infrapatellar sinar beggja vegna. Kveðst X hafa grunað klemmuáhrif frá svokölluðum Hoffa fitupúða sem liggur þétt undir infrapatellar sininni. Liðþófapróf voru neikvæð og ekkert athugavert við hliðarliðbönd eða krossbönd. Kveðst X hafa rætt niðurstöðuna símléiðis við M og farið yfir meðferðarmöguleika. Sameiginleg ákvörðun hafi svo verið tekin um að velja speglunaraðgerð á vinstra hné, með því markmiði að kortleggja liðinn og athuga sérstaklega svæðið fyrir neðan hnéskeiljarpólinn og freista þess að létta á þrýstingi frá Hoffa fitupúðanum ef hann sýndi fram á bólgu og þrota.

Í málskoti M kemur fram að fyrir speglunina hafi M einungis haft verki í vinstra hné eftir álag, t.d. eftir hlaup, hjólreiðar og langa kyrrsetu en eftir speglunina hún versnað til muna og fái verki við daglegar athafnir. Kveðst hún ekki geta setið, kropsið eða beygt sig án þess að fá verki. Þá geti hún ekki rétt úr fætinum án þess að það læsist eða hún finni læsingartilfinningu. Eftir vinnudaginn sé hún með þrýstiverki aftan í hnésbótinni.

Hefur M krafist bóta úr sjúklingatryggingu á grundvelli 1., 3. og 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Telur hún ljóst að speglunin hafi haft í för með sér tjón á hné og að hún sé verri en fyrir speglun. Þá byggir hún á því að speglun sé inngríp sem ekki eigi að framkvæma nema að aðrar leiðir hafi verið útilokaðar. Engar vægari meðferðir eða aðgerðir hafi verið reyndar á hnénu fyrir speglun né lagðar til við tjónþola. Telur hún að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn og meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið. Þá telur M að hún hafi hlotið tjón af meðferðinni hjá X sem er meira en svo að sanngjarnt sé að hún skuli þola það bótaalaust í skilningi 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu skv. 1., 3. og 4. tl. laga um sjúklingatryggingar séu uppfyllt. Vísar V sérstaklega til þess að miðað við fyrirliggjandi gögn verði ekki sýnt fram á að tjón M megi að öllum líkindum rekja til læknismeðferðar X líkt og áskilið er skv. lögum um sjúklingatryggingar. Þá telur V að jafnvel þó að orsakatengsl teldust sönnuð sé ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að læknismeðferð vátryggingartaka hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Hafnar félagið því jafnframt að engar vægari meðferðir eða aðgerðir hafi verið reyndar á hnénu og vísar til þess að M hafi verið til meðferðar hjá tveimur sjúkrahjálfulum áður en hún leitaði til X og að sú meðferð hafi ekki borið neinn árangur.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, rétt til bóta samkvæmt lögnum ef þeir verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Í 2. gr. laganna segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhverra þeirra atvika sem síðan eru rakin í tl. 1-4. Í 1. tl. 2. gr. laganna er mælt fyrir um bótaskyldu ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í 3. tl. er kveðið á bótaskyldu ef mat sem síðar er gert í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vöð var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferðina og í 4. tl. er vísað til tjóna sem hljóttast af meðferð og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust.

Frumskilyrði fyrir bótaskyldu skv. framangreindum tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu er ávallt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við þá læknismeðferð sem vátryggingartaki veitir sjúklingi sínum. Lýsingar M á einkennum eftir speglunina eru nokkuð almenns eðlis og óljóst af þeim hvort um sé að ræða einkenni sem M hlaut vegna meðferðarinnar hjá X eða hvort um sé að ræða versnandi verki vegna sömu kvilla og hrjáðu M fyrir læknismeðferðina. Í gögnum málsins liggur ekki fyrir matsgerð eða önnur gögn sem staðfest geta að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við meðferðina hjá X. Þegar þessari ástæðu verður bótaskylda ekki reist á ákvæðum 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 177/2019**M og
V v/ frítímaslysáttryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um rétt til bóta þar eð meira en þrjú ár voru liðin frá slysi er óskað var
örorkumats.****Gögn.**

Málskot, móttekið 10.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í danstíma 11. mars 2014 varð M fyrir meiðslum á vinstri úlnlið. Hún leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild LSH þar sem hún var greind með tognun og ofreynslu í úlnliðnum. Í apríl sama ár leitaði M til A, bæklunarlæknis, á stofu. Þá kom í ljós slitið liðband sem gert var að í aðgerð hjá A 27. júní s.á. Við aðgerðina mun taug hafa farið í sundur sem var saumuð saman í aðgerð 20. febrúar 2015. M hafði áfram einkenni af þeim sökum og leitaði til annars bæklunarskurðlæknis, B. Í júlí 2017 mun M hafa gengist undir aðgerð hjá B.

M nýtur váttryggingarverndar samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V. Hinn 4. september 2015 tilkynnti M um tjón sitt til V vegna þeirra áverka sem hún hlaut í slysinu 11. mars 2014. Auk þess að gera kröfu um bætur úr slysáttryggingunni hjá V gerði M einnig kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu A hjá öðru váttryggingafélagi, D, vegna taugaskaðans sem hún varð fyrir við aðgerðina hjá A 27. júní 2017.

Með tölvubréfi V 17. ágúst 2016 til lögmanns M var bótaskylda viðurkennd úr slysáttryggingunni. Var tekið fram að gæta bæri þess að greint yrði á milli afleiðinga slyssins og meints sjúklingatryggingaratburðar sem og fyrra heilsufars M. Þá var þess vænst að afrit af matsbeiðni yrði send V í samráði við D. Með tölvubréfi lögmanns M til V sama dag var V upplýst um að D hefði óskað eftir læknisvottorði frá B og væri lögmaðurinn þá að útbúa beiðni til B þar að lútandi. Myndi lögmaðurinn svo „þegar að því kemur“ senda beiðnina til V og þess gætt að greint yrði á milli áverkans af völdum slyssins 11. mars 2014 og meints sjúklingatryggingaratburðar. Með tölvubréfi V til lögmannsins sama dag var fallist á þessa ráðagerð með orðunum „Gott mál“. Með bréfi lögmanns M til B, dags. 29. nóvember 2017, var óskað eftir læknisvottorði. Beiðnin var ítrekuð nokkrum sinnum, árangurslaust að því er virðist, a.m.k. fram til 14. ágúst 2018. Þann dag var einnig sent tölvubréf til V þar sem upplýst var að ekki hafi tekist að afla læknisvottorðsins. Hinn 17. sama mánaðar sendi V lögmanni M tölvubréf þar sem því var velt upp „að senda matslækni fyrirbyggjandi gögn og útskýra með vottorðsbeiðnina til [B]. Matslæknir gæti farið inn í sjúkraskrá sjálfur og aflað gagna.“ Í framhaldinu var af hálfu V lagt til að nafngreindur læknir yrði fenginn til að meta varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Þá var í sama tölvubréfi þess óskað að nánar tilgreindar spurningar í fjórum liðum auk undirliða yrðu lagðar fyrir matsmanninn. Laut fyrsta spurningin að því hvort „tímabært sé að leggja mat á afleiðingar af völdum frítímaslyss/vinnuslyss sem , kt. lenti í þann , og ef ekki hvenær ætla megi að það verði tímabært?“ Loks var þess farið á leit við lögmann M að hann myndi útbúa matsbeiðni og senda félaginu. Með tölvubréfi 11. febrúar 2019 til V sendi lögmaður M drög að matsbeiðni þar sem gert var ráð fyrir að til matsstarfans yrði fenginn sá læknir sem V hafði lagt til í tölvubréfinu 17. ágúst 2018. Með tölvubréfi V til lögmanns M 6. mars 2019 var vísað til ákvæðis í skilmálum frítímaslysáttryggingarinnar þar sem fram kemur að varanleg læknisfræðileg örorka skuli að jafnaði metin einu ári eftir slys, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. M hafi orðið fyrir slysinu 11. mars 2014 eða rétt tæpum fimm árum fyrr. Með vísan til þessa og ákvæðis slysáttryggingarskilmálanna kvaðst V ekki mundu standa að mati á varanlegum afleiðingum slyssins.

Álit.

Afstöðu V ber að skilja svo að félagið hafi hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu þar eð ekki hafi verið óskað eftir mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára eftir að slysið varð. Skilmálar þeir sem M byggir höfnun sína á eru samdir einhliða af félaginu sjálfu og það getur að eigin frumkvæði vikið frá einstökum ákvæðum þeirra í tilvikum sem eru vátryggingartaka eða vátryggðum til hagsbóta. Með tölvubréfi 17. ágúst 2018 féllst M á að standa að örorkumati með M auk D vegna sjúklingatryggingar A eins og lýst hefur verið hér að framan. Þá voru liðin fjögur ár og rúmur fimm mánuðir frá slysinu. Þessa ákvörðun V, eins og hún var sett fram í téðu tölvubréfi, verður að skilja svo að í henni hafi falist að V hafi fallist á að bera ekki fyrir sig fyrrgreint skilmálaákvæði um að örorkan skyldi metin eigi síðar en þremur árum eftir slysdag. Við svo búið er V ekki heimilt að hafna bótaskyldu þótt meira en þrjú ár eru liðin frá slysinu. M telst því eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 178/2019**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda ökutækis.****Ágreiningur um vísitöluviðmiðun við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.5.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 31.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir meiðslum í umferðarslysi 10. nóvember 2015 er bifreið sem hún ók valt. Hefur M verið metin til 10% varanlegrar örorku vegna afleiðinga slyssins og hefur krafist bóta vegna örorkunnar úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar sem keypt hafði verið hjá V. Ekki er ágreiningur með aðilum um hina metnu örorku né heldur að við ákvörðun bóta skuli miða við hámarksárslaun sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 6. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim. Þá greinir aðila heldur ekki á um það að sú fjárhæð hámarksárslauna sem tilgreind er í ákvæðinu, 4.500.000 krónur, skuli taka vísitölubreytingum en þá greinir hins vegar á um það við hvaða vísitölu skuli miða. M telur að miða skuli við launavísitölu eins og kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. laganna en V telur að miða skuli við lánskjaravísitölu líkt og á við um lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr., sbr. 1. mgr. 15. laganna.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin því aðeins um bótafjárhæðir að fyrir liggja samþykki allra málsaðila. V hefur fallist á að nefndin úrskurði um ágreining aðila sem að ofan greinir. Kemur því ekki til frekari skoðunar hvort ágreiningurinn heyri undir starfssvið nefndarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum skal við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku ekki miða við hærri árslaun en 4.500.000 krónur. Ákvæði þetta er efnislega alveg hið sama og var í lögnum þegar þau öðluðust gildi í upphafi, 1. júlí 1993, en þá var ákvæðið á hinn bóginn 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá er 1. málsliður 1. mgr. 15. gr. óbreyttur frá því lögin tóku gildi, en hann orðast svo: „Fjárhæðir bóta, sem greindar eru í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 7. gr. og 2. másl. 1. mgr. 13. gr., breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna.“ Tilvísun í 3. mgr. 7. gr. í 1. másl. 1. mgr. 15. gr. í upphaflegu lögum hefur því án nokkurs vafa átt við hámarkslaunaviðmiðið sem nú er að finna í 4. mgr. 7. gr. og skyldi það breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna.

Með 6. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á skaðabótalögnum var m.a. felld ný málsgrein, sem varð 3. mgr., inn í 7. gr. laganna og við það varð 3. mgr. að 4. mgr. lagagreinarinnar. Hins vegar voru engar breytingar gerðar á lagatilvísunum í 1. másl. 1. mgr. 15. gr. líkt og áður greinir. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 37/1999 eða öðrum lögskýringargögnum með þeim lögum er ekki að finna neinar skýringar hvers vegna svo var ekki gert. Þar er heldur ekki að finna neina ráðagerð um það að hámarksárslaunaviðmiðið ætti taka breytingum samkvæmt annarri vísitölu en gildi fyrir lagabreytinguna, né heldur að hámarkslaunaviðmiðið ætti að fylgja annarri vísitölu en lágmarksárslaunaviðmiðin sem tilgreind eru í 3. mgr.

Með 14. gr. laga nr. 37/1999 var nýrri lagagrein, 29. gr., bætt inn í lögin, svohljóðandi: „Fjárhæðir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við lánskjaravísitölu eins og hún var 1. júlí 1993 (3282) og taka þær sömu breytingum og mælt er fyrir um í 15. gr., sbr. einnig [lög nr. 12/1995](#), um vísitölu neysliverðs.“

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 2008, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 21. janúar 2010 í máli nr. 230/2009 með vísan til forsendna héraðsdóms, var því slegið föstu að fjárhæðir bóta, sem greindar eru í 3. mgr. 7. gr. laganna skuli breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu. Í forsendum dómsins sagði m.a. svo: „Í 15. gr. laga nr. 50/1993 er fjallað um verðlagsbreytingar. Þar er kveðið á um það m.a. að fjárhæðir bóta, sem greindar eru í 3. mgr. 7. gr. laganna skuli breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Þá segir í 29. gr. laganna að fjárhæðir samkvæmt lögnum séu miðaðar við lánskjaravísitölu eins og hún var 1. júlí 1993 (3282) og taki þær sömu breytingum og mælt sé fyrir um í 15. gr. laganna. Verður því fallist á [...] að verðtryggingarákvæði 15. gr. laga feli í sér þá meginreglu sem lögð sé til grundvallar við verðbætur viðmiðunarfjárhæða samkvæmt lögnum.“ Af þessum orðum verður ekki dregin önnur ályktun en sú að 29. gr. laganna mæli fyrir um þá meginreglu sem lögð skal til grundvallar við verðbætur viðmiðunarfjárhæða samkvæmt lögnum, þ.e. að þær skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu, og að 15. gr. laganna feli í sér þá meginreglu. Í ljósi þessarar meginreglu er ekki efni til annars en að hámarksárslaunaviðmið 4. mgr. 7. gr. skuli breytast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu, enda standa rök ekki til annars en að sú viðmiðunarfjárhæð sæti sams konar vísitölubreytingum og þær viðmiðunarfjárhæðir sem tilgreindar eru í 3. mgr. lagagreinarinnar.

Í 1. mgr. 7. gr. er að finna meginregluna um það hvaða árslaun beri að leggja til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku, þ.e. meðalatvinnutekjur tjónþola þrjú síðustu almanaksárin fyrir tjónsdag að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs. Skulu árslaunin, sem þannig eru fundin, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf örorkunnar miðast við. Þótt árslaun tjónþola, eins og þau eru í hverju tilviki þrjú almanaksárin fyrir tjónsdag, séu samkvæmt þessu leiðrétt samkvæmt launavísitölu getur það ekki haggð þeim fyrirmælum laganna að fastar fjárhæðir sem tilgreindar eru í lögnum, þ. á m. í 3. og 4. mgr. 7. gr., taki breytingum eftir öðrum verðbreytingamælikvarða, þ.e. lánskjaravísitölu, sbr. 29. gr.

Að öllu framangreindu virtu verður að telja rétt að hámarksárslaunaviðmið skv. 4. mgr. 7. gr. laganna breytist mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna 1. júlí 1993, 3282 stig, og eins og nánar er mælt fyrir um í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. V hefur þegar greitt M bætur fyrir varanlega örorku samkvæmt þessari vísitöluviðmiðun. Af gögnum málsins verður ekki séð að tölulegur ágreiningur sé um þann útreikning sem lagður var til grundvallar við ákvörðun bótanna af hálfu V. M á því ekki rétt til frekari bóta fyrir varanlega örorku.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir varanlega örorku úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 179/2019**M og
V vegna húftryggingar fiskiskips (A).****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 14.05.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 07.06.2019.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi gert út farþegaskipið A. Skipið hafi verið keypt frá Noregi í lok árs 2015 og þegar það hafi verið tekið í venjubundinn slipp til viðhalds árið 2018 hafi komið í ljós tæringarpollar í skrokki þess. Það hafi komið eigendum í opna skjöldu þar sem botnskoðun á floti hafði farið fram í apríl 2017 samkvæmt kröfum Samgöngustofu og engar athugasemdir hafi verið gerðar. Botn skipsins hafi verið í óaðfinnanlegu ástandi þegar skipið var tekið í slipp í apríl 2016.

M tilkynnti V um tjón á skipinu vegna tæringar 4. apríl 2018. M leitaði síðan til R 10. apríl 2018 til að skoða hvað hefði valdið tæringunni og niðurstaða R var að um einangrunarbilun væri að ræða. Fram kom að til að finna nákvæmlega hvar bilunin lægi þyrfti að einangrunarmæla allar greinar á öllum spennukerfum skipsins. Þar sem tveir strengir að olíuhiturum væru tengdir 230V L-N-PE beint frá landtengingu á forvaf einangrunarspennis að hiturum, þá kæmi einangrunarbilunin ekki fram í einangrunarmæli í aðaltöflu skipsins. Enginn annar búnaður væri sjáanlegur við fyrstu skoðun sem gæti sýnt þennan bilunarstraum. M taldi skýrslu R benda til þess að starfsmaður félagsins hefði gert mistök með því að tengja ofangreinda tvo strengi að olíuhiturunum beint frá landtengingu á forvaf einangrunarspennis.

V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að félaginu bæri ekki að bæta skemmdir af völdum ófullnægjandi viðhalds, fúa, þreytu, tæringar, slits eða sambærilegra orsaka. Einnig benti V á að engin sönnun lægi fyrir um mistök starfsmanna og að félagið teldi orsök tæringarinnar ekki skipta máli þar sem slíkt tjón væri undanþegið bótabyrgð samkvæmt váttryggingarskilmálum.

M fékk álit E, rafmagnstæknifræðings, á orsökum tjónsins og niðurstaða hans var sú að orsök tjónsins væri mistök starfsmanna, þ.e. að lagðir hefðu verið tveir strengir frá landtengispenni að rafhiturum fyrir olíu um borð í skipinu. Taldi E að við það hafi myndast spennunur milli skrokks og sjávar sem auðveldlega geti orsakað tæringu í skrokki skipsins sem er úr áli. Strengirnir hafi hvergi komið við aðaltöflu skipsins og hvergi verið tengdir við stjórnþúnað eða aðvörunarþúnað rafkerfis um borð í skipinu og af þeim sökum hefði þessi útleiðsla ekki komið fram á mælum í töflu þess.

M lét dómkveðja matsmenn til að meta hvað hefði valdið tæringu skipsins og til að áætla kostnað viðviðgerð. Í matsgerðinni kom fram að umfangsmiklar tæringarskemmdir á byrðingi skipsins megi rekja beint til rafmagnsútleiðslu sem myndaðist við ranga og skaðlega tengingu 16. júní 2016 þegar olíuhitarar aðalvélar voru aftengdir raforkukerfi skipsins og beintengdir við fasaspennu landsnets (forvafi landtengispennisins). Einnig koma fram að tæringartjónið á botni skipsins sé það afgerandi að engum vörnum verði viðkomið öðrum en að endurnýja byrðing algjörlega undir sjólinu, frá afturgafli að stefni.

M gerir þær kröfur að viðurkennt verði að hann eigi rétt til bóta vegna tjóns á skipinu úr húftryggingu hjá V. M telur að orsök tjónsins sé mistök starfsmanns og ekkert bendi til þess að tjónið megi rekja til þess að viðhaldi skipsins hafi verið ábótavant. Útilokað sé að halda því fram að málskostsaðili hafi getað gert ráðstafanir á fyrri stigum málsins til að koma í veg fyrir tjónið þar sem honum var ekki um það kunnugt fyrr en í apríl 2018. Váttrygging M sé all risk váttrygging og að mati M fellur tjónið undir bótasvið skv. 6. gr. skilmálanna, nánar tiltekið 6.4. þar sem fram kemur að váttryggingafélagið bæti skemmdir sem raktar verði til yfirsjónar eða vanrækslu skipverja eða þriðja manns. Engir fyrirvarar

séu gerðir í greininni að ákveðin eða sérstök tjón séu undanþegin en það sé ólíkt tilvísun til undanþágu í grein 6.3. Þá telur M að skyndileg tæring geti ekki verið undanþegin skv. grein 9.3. í váttryggingarskilmálunum nema hún stafi af ófullnægjandi viðhaldi og að túlka verði skilmálana þröngt. Í grein 9.3. komi fram að tjón vegna skemmda af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum séu undanskilin bótaskyldu. M telur ákvæðið ekki eiga við þegar um tjón er að ræða sem sé til komið með jafn skyndilegum og óvenjulegum hætti og í þessu tilvikum og þegar M hafi sinnt reglubundnu og eðlilegu viðahaldi. Grein 9.3. eigi við atriði sem verði til á lengri tíma og orsakist vegna viðhaldsskorts. Með ákvæðinu sé verið að undanþiggja tjón sem séu fyrirséð við notkun muna ef váttryggjandi gæti ekki forsvaranlegrar umhirðu og gerist smám saman. Hefði ætlun V verið undanskilja bótaskyldu tjón vegna tæringar og fúa í öllum tilvikum óháð orsökum þeirra og eðlilegu viðhaldi hefði það þurft að koma fram í váttryggingarskilmálum með skýrum og afdráttarlausum hætti og orðlag greinar 9.3. sé ekki skýrt né afdráttarlaust heldur sé það beint í tengslum við viðhald skipsins og sem einhvers konar afleiðing þess. Að lokum kemur fram hjá M að í bókinni Bótarétti sé fjallað um það að ef eðlilegt slit, tæring og þess háttar valdi váttryggingaraburði, myndi það að öðru jöfnu falla undir váttryggingu, nema það væri sérstaklega undanskilið. Tjónið á skipinu hafi hvorki verið fyrirsjáanlegt né orðið vegna eðlilegrar notkunar eða slits. Umhirða og viðhald skipsins hafi verið með fullnægjandi hætti og ummerki um afleiðingar yfirsjónar skipverjans hafi ekki komið fram við reglulegar skoðanir og viðhald.

Í bréfi V kemur fram að tæringin í skipinu hafi reynst vera óvenjumikil og að fjöldi tæringargata hafi fundist í skrokknum. Engin haldbær skýring hafi fundist á tæringunni. Botn skipsins hafi verið í óaðfinnanlegu ástandi þegar skipið var í slipp í apríl 2016 og einnig við botnskoðun sem gerð var á floti í apríl 2017. Skipið hafi síðast verið notað frá maí - september 2017 og hafi legið við bryggju á Akureyri og tengt við landrafmagn. Mælingar R hafi bent til þess að einangrunarbilun væri einhversstaðar í skipinu og hafi komið þar fram að vegna þess að tveir strengir að oliuhiturum væru tengdir 230V L-N-PE beint frá landtenginu á forvafi einangrunarspennis að hiturum þá hafi einangrunarbilunin ekki komið fram í einangrunarmæli í aðaltöflu skipsins. Skv. skýrslu E hafi strengir frá landtengispenni að hitaelementum skipsins hvergi komið fram við aðaltöflu skipsins og hafi hvergi verið tengdir við stjórnbúnað né aðvörunarbúnað rafkerfis um borð. Þannig hafi útleiðslan hvergi komið fram í mælum í töflu skipsins. Niðurstaða matsmanns sé sú að tæringuna megi rekja til rangra og skaðlegra tengingar þann 18. júní 2016 þegar oliuhitarar aðalvélarinnar voru aftengdir raforkuferfi skipsins og beintengdir við fasaspennu landsnets.

V heldur því fram að orsök tæringar skipti ekki máli þar sem um hlutlæga ábyrgðartakmörkun sé að ræða. Um sé að ræða svokallaða „all-risk“ skilmála. Í 6. gr. skilmálanna sé bótasvið váttryggingarinnar talið upp og í grein 6.1. segi að félagið greiði bætur fyrir algert tjón. Í þessu máli sé tjónið ekki algert. Í grein 6.2. segi að félagið greiði bætur vegna skemmda á skipinu sökum skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar nema sérstök undantekning sé gerð í váttryggingarsamningnum. Þessi grein eigi heldur ekki við þar sem ekki var um að ræða skyndilega og óvænta óhappatilviljun enda hafi rafmagnið búið að vera rangtengt frá 18. júní 2016 og það hafi ekki verið óhappatilviljun heldur röng tenging sem olli tjóninu. Í grein 6.3. segi að félagið greiði bætur vegna skemmda sem stafi af því að galli sé í efni skipsins, smíðisgalli eða viðgerðargalli á því eða hlutum þess, enda verði skaðabætur ekki fengnar úr hendi þeirra sem ábyrgð kunna að vera á slíkum göllum. Tjónið falli ekki undir þessa grein. Í grein 6.4. segi að félagið bæti skemmdir sem raktar verði til yfirsjónar eða vanrækslu skipverja eða þriðja manns. Í málskoti og í matsgerð dómkvaddra matsmanna komi fram að skipverji hafi tengt rafmagnið með þeim hætti sem fyrr greinir og því falli tjónið undir grein 6.4. Í grein 9 sé að finna undanskildar áhættur. Í grein 9.2. segi að félagið bæti ekki skemmdir á þeim hlutum skipsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á sbr. 6.3. og í grein 9.3. segi að félagið bæti ekki skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Í bréfi V er einnig vísað til bókarinnar Bótaréttur II þar sem komi fram um slíkar áhættur sem undanþegnar séu að segja megi að slit, tæring og önnur sambærileg rýrnun váttryggðra hagsmuna séu áhættur sem ekki sé váttryggt gegn. Skilmálar váttryggingarinnar sem um ræði í þessu máli geri ekki greinarmun á því hvort tæring myndist á skömmum tíma eða á lengri tíma eða hvort hún hafi myndast vegna mistaka, óhappatilviljunar eða efnisgalla. Tæring sé alltaf undanskilin áhætta sbr. grein 9.3. í skilmálunum.

Þá kemur fram í bréfi V að telji nefndin að framangreind hlutlæg ábyrgðartakmörkun eigi ekki við telji félagið að bótaréttur sé niður fallin vegna stórkostlegs gáleysis vátryggingartaka. Í grein 13.2. í skilmálunum segi að þegar skip sé í höfn eða í lægi skuli ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt beri vátryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu. Í grein 13.3. komi fram að vátryggðum beri að fara eftir fyrimælum opinberra stofnana svo sem Siglingastofnunar og Löggildingarstofu og í 14. gr. komi fram að ef vátryggingaratburðurinn verði rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs eigi hann enga kröfur á hendur félaginu. Félagið sé ekki sammála því að um mistök skipverja hafi verið að ræða þegar skipið var tengt við landrafmagn árið 2016. Það hafi ekki getað farið fram hjá skipverjum og þá sérstaklega vélstjóra og skipstjóra skipsins að tengingar við landrafmagn voru fram hjá öryggiskerfi skipsins. Það sé álit félagsins að rafmagnið hafi með vitund og vilja skipverja verið tengt með þessum hætti og það hafi verið ákvörðun vélstjóra skipsins að tengja skipið við landrafmagn með þessum hætti þ.e. fram hjá öllum varnarkerfum og útleiðnimælum skipsins. Félagið telur að brotið hafi verið gegn varúðarreglu 13.3. skilmálanna þar sem rafmagnið var ekki tengt með löglegum hætti og það séu bein orsakatengsl milli hinnar ólöglegu tengingar rafmagnsins og tjónsins sem um ræðir.

Álit.

Í máli þessu er tjónsatburðinn sá að umfangsmiklar tæringarskemmdir urðu á byrðingi skipsins A sem er í eigu M. Í niðurstöðu matsgerðar kemur fram að tæringuna megi rekja beint til rafmagnsútleiðslu sem myndaðist við ranga og skaðlega tengingu 16. júní 2016 þegar olíuhitarar aðalvélar voru aftengdir raforkukerfi skipsins og beintengdir við fasaspennu landsnets. Ekkert liggur fyrir um að rafmagnið hafi verið þannig tengt með vitund og vilja skipverja. V ber fyrir sig undanþágu ákvæði í grein 9.3. í skilmálunum um að tjón vegna tæringar sé undanskilið bótarétti. Í grein 9.3. kemur fram að skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum séu undanskildar áhættur. Sama gildir um tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla. Í þessu máli er ljóst að tæringarskemmdirnar eru ekki tilkomnar vegna ófullnægjandi viðhalds né eðlilegrar tæringar, þ.e. tæringin er ekki til komin vegna notkunar skipsins heldur rangrar rafmagnstengingar sem starfsmaður M varð valdur að. Orsök tjónsins hefur ekki verið hnekk, þ.e. að tjónið megi rekja til mistaka skipverja þegar rafmagnsleiðslur voru ranglega tengdar. Samkvæmt grein 6.4. í vátryggingarskilmálunum bætir V tjón sem valdið er af yfirsjón eða vanrækslu skipverja. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að M hafi mátt vera ljós þessi yfirsjón skipverjans og það liggur fyrir að M tilkynnti um tjónið strax og upplýsingar um það lágu fyrir. Með vísan til framangreinds skal V bæta M skemmdir á A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húftryggingu fiskiskipa M hjá V vegna tjóns á skipinu A.

Reykjavík, 10. september 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 180/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 31. ágúst 2017 við að losa stíflu úr plastendurvinnsluvél.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.5.2019, ásamt fylgigögnum og tölvupóstur lögmanns M, dags. 27.5.2019.
Bréf V, dags. 28.5.2019, ásamt viðbótargögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast þannig við vinnu sína að hann skarst á vinstri hendi þegar hann var að losa stíflu sem varð í plastendurvinnsluvél X. M lýsir atvikum þannig að hann hafi orðið var við stíflu í vélinni og því slökkt á henni. Þegar hann hafi opnað vélina og farið að losa skurðarblöð hennar hafi hann skorið sig á einu þeirra.

M telur sönnunarstöðu í málinu markast af því að X hafi vanrækt skyldu sína til að tilkynna vinnuslys M til Vinnueftirlitsins, eins og skylt er skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Skoðun Vinnueftirlits hefði getað varpað ljósi á orsök slyssins með skýrari hætti og verði X að bera hallann af því að rannsókn hafi ekki farið fram. M byggir einnig á því að vél sú sem M var að vinna við hafi verið í ólagi auk þess sem hún eigi að vera þannig búin að ekki þurfi að fara með hendur inn í hana þegar hún stíflast. Það að X hafi vitað og viðurkennt að vélin stíflaðist gjarnan hafi kallað á auknar öryggisráðstafanir af hans hálfu sem ekki hafi verið sýnt fram á. Einnig byggir M á því að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum.

V telur að sú vél sem M var að vinna við hafi verið í lagi á slysdegi en þegar unnið sé við vélina þá gerist það reglulega að plast stíflist í henni og þurfi reglulega að skipta um hnífa vélarinnar þannig að verkfæri sem fylgi vélinni sé notað til að losa hnífana, boltar losaðir, hnífur tekinn út og nýr skrúfaður í og vélinni síðan lokað aftur. V telur að það að plast festist í vélinni sé ekki sök af hálfu X og það að notaðar séu hendur til að skipta um hnífa í vélinni sé óhjákvæmilegt og feli ekki í sér ófullnægjandi aðstæður.

Álit.

Í málinu liggur fyrir af hálfu X að vél sú sem M var að vinna við eigi það til að stíflast þegar unnið er við hana. Einnig liggur fyrir að það þurfi oft að skipta um hnífa vélarinnar og við það sé óhjákvæmilegt að handfjatla hnífana. Þegar aðstæður eru með þessum hætti verður, með hliðsjón af almennum öryggisskyldum sem lagðar eru á atvinnurekanda, t.d. í 13., sbr. 37. gr. laga nr. 46/1980 að haga vinnu þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 367/2006 koma einnig fram tilmæli um almennar öryggisráðstafanir varðandi tæki sem starfsmenn þurfa að nota við vinnu sína. Við þær aðstæður sem lýst er hér að ofan bar X að gæta þess að fyrirmæli til starfsmanna væru skýr um slysahefðu af vinnu við vélina, tryggja að réttur hlífðarbúnaður væri notaður við vinnuna og að öryggi þeirra starfsmanna sem þurfa oft að skipta um hnífa vélarinnar væri betur tryggt en gögn málsins sína. Í ljósi þess að slys M var ekki rannsakað frekar verður að leggja þær skyldur á X að sýna fram slíkt verklag. Það kemur ekki nægilega skýrlega fram í gögnum málsins og verður því skaðabótaábyrgð lögð á X vegna líkamstjóns M. Ekki hefur verið sýnt fram á að háttsemi M hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning í skilningi 23. gr. a skaðabotalaga nr. 50/1993 og ber hann því ekki hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 181/2019**M og
V v/ábyrgðartryggingar ökutækja A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs í hringtorgi 27. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 17.5.2019, ásamt fylgigögnum, þ.á.m. myndbandsupptöku.

Tölvup. V, dags. 12.3.2019 með niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafél. í máli nr. 153/19.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningarskýrslu í máli Aðstoðar&Öryggis í máli þeirra nr. D01-2019-0167, keur fram að bifreið A hafi í aðdraganda áreksturs við bifreið B verið ekið upp Smiðjuveg og inn á hringtorg við Skemmuveg. Bifreið A dró aðra bifreið við akstur inn í hringtorgið. Bifreið B var hins vegar ekið upp Skemmuveg og inn á hringtorg við Smiðjuveg. Árekstur varð inni í hringtorginu og kveðst ökumaður bifreiðar A í fyrrnefndri skýrslu hafa sætt færiss að aka inn í hringtorkið og hafi bifreið B komið „á smá ferð í hringtorginu“ og kveðst ökumaður bifreiðar A þá hafa hægt á sér til að vekja athygli ökumanns bifreiðar B á því að hann væri með aðra bifreið í eftirdragi. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið við akstur inn í hringtorginu þegar bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir hann og hægt þannig á sér í kjölfarið að hann hafi lent aftan á henni.

M telur að ekki sé hægt að leggja tjónstilkynningarskýrslu til grundvallar við sakarskiptingu í málinu og telur að ekki hafi þar komið fram réttar upplýsingar um aðdraganda áreksturs. M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt nægilegrar varúðar við akstur inn í hringtorgið og ástæða þess að hann hafi hægt ferðina hafi verið til að passa upp á að ökumaður bifreiðar B sæi bifreiðina sem bifreið A var með í drætti. Ökumaður bifreiðar B hafi hins vegar ekki hægt á sér í samræmi við það og þess vegna hafi bifreið B verið ekið aftan á bifreið A. Einnig vísar M til yfirlýsingar vitnis dags. 4.3.2019 um að ökumaður bifreiðar B hafi ekki veitt umferð fyrir framan sig nægilega athygli.

Ekki liggur fyrir afstaða V í málinu, annað en að niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna, þar sem öll sök á árekstrinum er lögð á bifreið A.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að við akstur inn á veg í hringtorgi því sem árekstur varð ber þeim sem ekur inn í hringtorgið að veita umferð um hringtorgið forgang vegna umferðarmerkis um biðskyldu, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi á M sem ökumanni bifreiðar A m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu, en af þeim verður ekki annað ráðið en að bifreið B hafi verið komin inn í hringtorgið á undan bifreið A. Ágreiningur málsins snýr að því hvort M hafi virt slíkan forgang nægilega og áreksturinn megi frekar rekja til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B sem ekki gat stöðvað bifreið sína áður en hún lenti á bifreið A. Vegna skýrra lagafyrirmæla um forgang bifreiðar B við akstur um hringtorgið verður að leggja sönnunarbyrði á M um að hann sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt þess nægilega vel að veita umferð um hringtorgið forgang þegar hann ók inn í það. Þó liggi fyrir yfirlýsing frá vitni um aksturslag bifreiðanna verður ekki talin felast í henni það afgerandi lýsing á háttsemi ökumanna að hægt sé að fullyrða að ökumaður bifreiðar B hafi átt að haga akstri með öðrum hætti en hann gerði. Verður því að leggja hallann af sönnunarskortum um óaðgæslu ökumanns bifreiðar B við þessar aðstæður á þann sem átti að veita forgang skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ber ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum og ekki er sannað að hann verði rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 182/2019**V v/ ábyrgðartryggingar verkpallaleigu (B) og uppsetningaraðila verkpalla (D).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á húseign af völdum foks frá verkpöllum.****Gögn.**

Málskot, móttækið 20.05.2019, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 29.05.2019, ásamt fylgiskjölum 1-10.

Málsatvik.

Með verksamningi við húsfélagið A í Reykjavík tók M að sér m.a. skipti á þakklæðningu hússins, gerð þakkants og þakrennu. Í tengslum við verkið voru verkpallar, ásamt uppsetningu, niðurrifi og flutningi samkvæmt tilboði, teknir á leigu hjá verkpallaleigunni B. Í gögnum málsins kemur fram að fyrirtækið D hafi sem undirverktaki hjá B séð um uppsetningu verkpallanna við A.

Að kvöldi 28. nóvember 2018 var lögreglu tilkynnt að verkpallar væru að fjúka við A. Kveður M að göngupallar úr verkpöllum hafi valdið tjóni á nýrri þakklæðningu og þakrennu hússins.

M kveður að tjónið sem varð á þakklæðningunni megi rekja til ófullnægjandi frágangs við uppsetningu verkpallanna og hefur krafist þess að V, sem ábyrgðartryggjandi B og D, bæti tjónið.

Þá hefur M lagt fyrir nefndina yfirlýsingu A þess efnis að það haldi eftir hluta greiðslu í því skyni að tryggja að verki verði lokið í samræmi við samning, A að skaðlausu.

Fyrir nefndinni hafnar V bótaskyldu, m.a. með þeim rökum að M sé ekki eigandi þeirra muna sem skemmdust og þar af leiðandi ekki tjónþoli. Breyti engu þar um að A haldi eftir greiðslum vegna umrædds verks, enda sé þar um að ræða ágreining um efnidir innan samninga.

Álit.

Eins og að ofan greinir hafði M tekið að sér samkvæmt verksamningi við húsfélagið að A að skipta m.a. um þakkantinn sem varð fyrir foktjóninu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M sé meðal eigenda A eða þakkantsins sem varð fyrir skemmdunum, en ekki hefur verið sýnt fram á endanlegt tjón vegna þeirra. Verður því að líta svo á að það sé A en ekki M sem er tjónþoli og breytir engu í þeim efnum þó greiðslu hafi verið haldið eftir eða lokaúttekt verksins tafist. Þá hefur M ekki sýnt fram á að það leiði kröfu sína frá A eða hafi fengið hana framselda frá því.

Rétt er að taka fram að sami ágreiningur var lagður fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum með málskoti í máli nr. 59/2019. Á grundvelli e- liðar 4. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, vísaði nefndin málinu frá, þar eð málið væri vanreifað að því er varðaði grundvöll þeirrar skaðabótakröfu sem M teldi sig eiga á hendur B og D. Með hliðsjón af ofangreindu er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá að nýju af sömu ástæðum. Rétt er áréttá að mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 183/2019**M og****V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A
Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra vegna húsbyggingar.****Gögn.**

Málskot M, móttækið 22. maí 2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, 29. maí 2019.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti málsins keypti M raðhús í raðhúsallengju að X. Var A aðalverktaki og skráður byggingarstjóri á verkinu. Lýsir M því í málskoti að eftir byggingu hússins hafi orðið vart við galla í húseigninni sem lýsir sér með þeim hætti að svalahurð í svefnherbergi sé óþétt.

M telur sig eiga skaðabótarétt á hendur byggingarstjóra vegna þeirra framkvæmda sem hann þarf að fara í til þess að lagfæra eignina. Máli sínu til stuðnings hefur hann lagt fram tölvupóst frá söluaðila hurðarinnar og aðliggjandi gluggakerfis. Í tölvupósti söluaðilans kemur fram að söluaðilinn telji að gallann megi rekja til þess að gluggi sem liggur að hurðinni hafi verið settur skakkt í og að þar sem hurðin sé fest á gluggakerfið sé ómögulegt að þétta hurðina án þess að taka gluggakerfið og hurðina niður og setja upp að nýju. Byggir M kröfu sína annars vegar á því að A hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar sem byggingarstjóri. Einnig virðist M byggja á að A hafi sjálfur verið framkvæmdaraðili og beri þannig ábyrgð á framkvæmd verksins.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að gallinn verði ekki rakinn til stórfelldrar vanrækslu A sem byggingarstjóra og að hann falli þar af leiðandi ekki undir ábyrgð byggingarstjóra skv. 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þá vísar V til þess að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á framkvæmd verkþátta einstaka iðnmeistara eða hönnuða, sbr. 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga.

Álit.

Í 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er kveðið á um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Segir í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllumum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð.

Tekið skal fram að gögn málsins eru nokkuð takmörkuð, bæði hvað varðar byggingasögu fasteignarinnar og tjónið sjálft. Engin matsgerð liggur fyrir varðandi umræddan galla og ekki verður séð, hvorki í málskoti né öðrum gögnum málsins, hvernig byggingarstjóri sem hafði eftirlit með byggingarframkvæmdum hafi vanrækt starfsskyldur sínar samkvæmt því sem að framan greinir eða með öðrum hætti valdið M fjártjóni vegna gáleysis í starfi sínu sem byggingarstjóri, en það er forsenda þess að bótaskylda geti stofnast úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25 júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 184/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Nauthólsvegi hinn 26.03.2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.05.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 12.06.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 26. mars 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók í umrætt sinn, og B. Í lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið kemur fram að báðar bifreiðarnar hafi snúið í sömu átt og báðar verið töluvert skemmdar að framan eftir áreksturinn. Í skýrslunni kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið að aka í suðurátt eftir Nauthólsvegi þegar hann lenti á bifreið A. Haft er eftir honum að hann átti sig ekki á því nákvæmlega hvað gerðist en mögulega hafi bifreið A verið ekið í veg fyrir hann. Að sögn M ók hann á vinstri akrein en þurfti að hægja á sér vegna annarrar bifreiðar. Við það hafi bifreið B, sem honum fannst ekið helst til greitt, rekist á vinstri hlið bifreiðar hans. Í lögregluskýrslu kemur fram að hvorugur ökumanna hafi getað gefið greinargóða lýsingu á óhappinu. Þá liggja fyrir nefndinni tjónstilkynningar frá báðum ökumönnum til V, en tilkynningarnar gerðu þeir hvor í sínu lagi. Þar lýsir M atvikum svo að hann viti í raun ekki hvaðan B kom en hann telji að ökumaður hennar hafi verið að stytta sér leið. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum hins vegar svo að bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að framhorn bifreiðanna lentu saman.

Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem byggði á því að ökumaður bifreiðar A hefði skipt um akrein í veg fyrir bifreið B og var því öll sök lögð á M.

M er ósáttur við þá niðurstöðu og krefst þess aðallega fyrir nefndinni að öll sök verði lögð á ökumann B en til vara að sök verði skipt milli aðila. Byggir hann á því að bifreið B hafi verið á röngum vegarhelmingi og að líklega hafi ökumaður hennar verið að reyna framúrakstur í aðdraganda árekstursins. Í öllu falli standi orð gegn orði og því óeðlilegt að leggja framburð ökumanns B einan til grundvallar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V, sem er váttryggjandi beggja bifreiða, þeirri afstöðu sinni að ljóst sé af gögnum málsins, þ.á.m. afstöðumynd sem lögregla tók í kjölfar árekstursins, að M hafi ekið til vinstri frá útskoti á veginum og í veg fyrir bifreið B. Því hafi M brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að skipta um akrein eða aka á annan hátt til hliðar án þess að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.

Þá hafa verið lögð fyrir nefndina gögn frá ökumanni bifreiðar B. Lýsir hann atvikum á þann hátt að bifreið A hafi verið beygt til hægri í útskot á veginum, en svo ekið í veg fyrir hann. Þá telur hann að rangt hafi verið haft eftir sér í lögregluskýrslu um atvikið, en auk þess hafi liðið 17 dagar frá atvikinu og þar til skýrslan var gerð.

Álit:

Eins og rakið hefur verið ber ökumönnum ekki saman um atvik eða afstöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstursins, og skortir raunar töluvert á skýrleika gagna hvað það varðar. Þá verður ekki ráðið með vissu af afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, ákomu á bifreiðarnar, eða ummæla í lögregluskýrslu hvað olli árekstrinum. Að þeim gögnum virtum verður að telja mögulegt að bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir bifreið B en að einnig sé mögulegt að ökumaður bifreiðar B hafi reynt framúrakstur í aðdraganda árekstursins. Engum vitnum er til að dreifa og eins og málið liggur fyrir nefndinni er ekki unnt að ákvarða hvor ökumannanna beri sök á árekstrinum umfram hinn. Á grundvelli þessa, sbr. og 89. gr. umferðarlaga, þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn bifreiðar A og bifreiðar B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 185/2019**M og
V vegna málskostnaðartryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.05.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf M mótttekið 19.06.2019.

Bréf V dags. 01.07.2019 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 06.08.2019.

Málsatvik.

Mál þetta á sér nokkra forsögu sem óhjákvæmilegt er að rekja í stuttu máli. Með úrskurði sínum í máli 237/2014, sem kveðinn var upp hinn 9. september 2014 hafnaði úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kröfu M um bætur úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar hans hjá V, en M hugðist þá höfða mál til viðurkenningar á eignarrétti sínum að tiltekinni fasteign. Var kröfu hans hafnað á þeim grundvelli að samkvæmt skilmálum viðkomandi váttryggingar tæki hún ekki til málskostnaðar í dómsmálum sem varða váttryggðan sem eiganda fasteignar.

Telur M sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessa úrskurðar og hyggst höfða mál á hendur úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Hefur M krafist greiðslu úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V vegna þess. Ágreiningur vegna þeirrar kröfu hefur jafnframt komið til kasta nefndarinnar sem vísaði málinu frá með úrskurði í máli nr. 5/2018 sem kveðinn var upp hinn 6. mars 2018, en M hefur jafnframt farið fram á endurupptöku þess máls.

V synjaði þeirri kröfu M sem til umfjöllunar er hér með bréfi dags. 17. apríl 2019 á grundvelli þess að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum yrði ekki talin hafa slíka stöðu að lögum að hún gæti borið skyldur eða átt réttindi að landslögum og átt þannig aðild að dómsmáli. Því væri skilyrði skilmála umræddrar váttryggingar um að um einkamál sem gæti komið til úrlausnar dómstóla hér á landi væri að ræða ekki uppfyllt.

M fellir sig ekki við þessa afstöðu V og telur að það sé í verkahring dómstóla einna, en ekki váttryggingafélags að hafa lokaorð og ákvörðunarvald um túlkun laga. Að taka afstöðu til þess hvort umræddur ágreiningur eigi undir dómstóla sé á valdi dómstóla einna. Þar sem það sé ekki í verkahring V að ákveða meiningu laga, heldur sé slíkt hlutverk dómstóla, sé ekki um annað að ræða en að fallast á kröfu hans um bætur úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar hans.

Fyrir nefndinni gerir M kröfur í nokkrum liðum og eru þær eftirfarandi:

Að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fallist á það með málskotsaðila að V hafi ekki mátt synja kröfu (beiðni) málskotsaðila á grundvelli þess sem greinir í framangreindu synjunarbréfi félagsins til málskotsaðila, dags. 17. apríl sl. og að félaginu beri af þeirri sömu ástæðu að verða við kröfu málskotsaðila um að félagið samþykki gagnvart honum bótaskyldu úr hlutaðeigandi tryggingu hans hjá félaginu.

Að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði, en til vara gefi það álit, að tjón (kostnaður) sem málskotsaðili kann að verða fyrir vegna málskostnaðar við rekstur hér hlutaðeigandi dómsmáls gegn úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sé bótaskyld úr málskostnaðartryggingu hans hjá V að því marki sem skilmálar þeirrar tryggingar heimila.

Að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði en til vara úlykti, að V beri að greiða kvartanda sanngjarna fjárhæð, að mati nefndarinnar, vegna vinnu og kostnaðar hans við að hafa uppi kærðu þessa.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V afstöðu sína með sömu rökum og þegar höfðu komið fram í bréfi félagsins til M, dags. 17. apríl 2017. Það er að ekki væri um að ræða einkamál sem gæti komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi, sbr. gr. 25.1 þeirra skilmála sem um váttrygginguna

gilda, enda hafi úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum ekki slíka stöðu að lögum að hún geti borið skyldur eða átt aðild að dómsmáli. Í skilmálum váttryggingarinnar sé að finna þau skilyrði sem þurfi að vera uppfyllt svo bótaskylda sé til staðar. Það sé félagsins að meta hvort svo sé, en á hinn bóginn geti M borið höfnun félagsins undir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum kjósi hann að gera svo.

Í viðbótarathugasemdom sínum vísar M rökstuðningi V á bug en vísar að öðru leyti til þess sem fram kemur í málskoti.

Álit.

Þar sem krafa M í málskoti er byggð á nokkuð öðrum grunni en krafa hans í máli 5/2018 þykir tækt að taka hana til sjálfstæðrar úrlausnar, þrátt fyrir að í grunninn sé um sama ágreining að ræða, þ.e. í báðum tilfellum er um að ræða kröfu um bætur úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar M vegna fyrirhugaðrar málsóknar gegn úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.

Í tengslum við málskot sitt gerði M ákveðna fyrirvara og athugasemdir við ætlaða gagnaöflun nefndarinnar. Í því ljósi er rétt að áréttu að nefndin hefur hvorki uppi ábendingar né leiðbeiningar til váttryggingafélaga í tengslum við gagnaöflun þeirra eða málatilbúnað fyrir nefndinni. Gagnasöfnun fyrir nefndinni fer eftir 6. gr. samþykktu hennar, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Þar kemur m.a. fram að váttryggingafélagi skuli gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri enda hlýtur það að vera forsenda fyrir afgreiðslu mála að báðir aðilar komi að sínum sjónarmiðum. Um leiðbeiningar nefndarinnar til váttryggingafélaga í tengslum við málatilbúnað þeirra er ekki að ræða.

Ágreiningur þessa máls snýr í grundvallaratriðum að því hvort V hafi verið heimilt að hafna kröfu M um bætur úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar hans hjá V á grundvelli þess að ágreiningur hans við úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum gæti ekki sætt meðferð dómstóla hér á landi.

Í því samhengi er rétt að áréttu að váttryggingafélögum er heimilt að setja skilmála um váttryggingar sínar og setja takmarkanir á bótasvið þeirra, svo fremi að það sé gert í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Í 25.1 gr. skilmála umræddrar váttryggingar kemur fram að váttryggingin bæti málskostnað sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Á þessu ákvæði byggir höfnun V á kröfu M en ekki verður fallist á að V sé óheimilt að takmarka bótasvið málskostnaðartryggingar við þau mál sem mögulegt er að reka fyrir héraðsdóm dómstólum. Kemur þá til skoðunar hvort ágreiningur M við úrskurðarnefndina geti komið til úrlausnar dómstóla hér á landi og þar með hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er kveðið á um að aðili dómsmáls geti hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Í þessu ákvæði felst að aðrir en einstaklingar geta notið réttþæfis og verið aðilar dómsmála að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ljóst er að þetta ákvæði hefur oft valdið vafa í framkvæmd og ekki verður sett fram nein einföld regla um inntak þess. Því verður að taka undir með M varðandi það að það sé dómstóla að skera úr um það hvort staða úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum sé slík að hún geti átt aðild að dómsmáli. Sé svo ekki má enda gera ráð fyrir að aðildarskortur leiði til sýknu fyrir dómi, eða frávísunar með eða án kröfu. Verður því fallist á það með M að V hafi ekki verið rétt að hafna kröfu hans með vísan til þess að nefndin geti ekki átt aðild að dómsmáli. Með þessu er þó ekki tekin afstaða til þess hver staða nefndarinnar sé í þessu tilliti, enda eins og áður segir, dómstóla að kveða úr með það.

Ekki þykir þó rétt að túlka inntak 25.1 gr. umræddra skilmála svo þröngt að það taki aðeins til spurninga um það hvort aðildarhæfi sé til staðar. Þannig er það jafnframt skilyrði málshöfðunar að aðilar hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, og í 25.13 gr. viðeigandi váttryggingarskilmála er tekið fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu.

Úrskurðir nefndarinnar, sem hefur engra sjálfstæðra hagsmuna að gæta utan þess að úrskurða í samræmi við samþykktir sínar, eru hvorki bindandi né aðfararhæfir og því getur málskotsaðili ávallt skotið ágreiningi til dómstóla jafnvel þó nefndin hafi úrskurðað um hann. Sama gildir um váttryggingafélög að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. 4. mgr. 7. gr. samþykktu nefndarinnar.

Þannig er aðilum fært að leita til dómstóla, en ágreiningur fyrir dómi er þá milli málskotsaðila og viðkomandi váttryggingarfélags og snýst um upphaflegan ágreining þeirra en ekki niðurstöðu úrskurðarnefndar sem slíka, enda er hún eins og áður sagði ekki bindandi og því ekki þörf á að fá henni hnekkt fyrir dómstólum. Því er vandséð að úrskurður nefndarinnar, á hvern veg sem hann er, geti í sjálfu sér valdið málskotsaðila tjóni og er vandséð hvernig byggt yrði á því fyrir dómi. Uppruna þessa máls má rekja til þess að V hafnaði kröfu M um greiðslu úr málsskotstryggingarlið fjölskyldutryggingar hans þegar hann hugðist höfða mál til staðfestingar eignarhaldi sínu á fasteign. Að uppfylltum öðrum skilyrðum reglna einkamálaréttarfars hefði M samkvæmt framansögðu verið fært að leggja þann ágreining sinn við váttryggingafélagið fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Verður því ekki séð að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi neina sjálfstæða hagsmuni í tengslum við slíkan málarekstur. Á grundvelli þessa verður ekki séð að fyrir hendi séu réttmætir hagsmunir fyrir M til að fá dóm í máli gegn úrskurðarnefndinni. Jafnframt verður að telja að efnislega mundi úrlausn slíks ágreining í raun varða ágreining váttryggðs við váttryggingafélagið en ekki nefndina sem slíka, enda eins og áður segir vandséð hverjir hagsmunir hennar væru. Rétt er að taka fram að ágreiningur váttryggðs við félagið fellur ekki undir bótaskyldu umræddrar váttryggingar, sbr. gr. 25.14 í skilmálum hennar.

Á grundvelli þess að ýmislegt varðandi fyrirhugaðan málarekstur M gegn úrskurðarnefndinni er óljóst, sbr. framangreint, verður því að telja að V hafi, með heildstæðu mati á atvikum, verið rétt að hafna kröfu hans.

Hvað varðar þriðja kröfulið M, þ.e. um greiðslu málskostnaðar fyrir nefndinni, er það svo að samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingarfélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Að auki úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málskotsaðila. Önnur ágreiningsmál milli málskotsaðila og váttryggingarfélags en hér hafa verið talin upp falla utan starfssviðs nefndarinnar, þ.á m. krafa M um að nefndin úrskurði um greiðslu til hans vegna kostnaðar hans við málskot til nefndarinnar. Er þeirri kröfu M því vísað frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu heimilistryggingar sinnar hjá V. Kröfu M um að úrskurðað verði um greiðslu vegna kostnaðar við málskotið er vísað frá.

Reykjavík 10. september 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 186/2019**M og
V1 vegna ökutækjanna A og B
og
V2 vegna ökutækisins C****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 22.05.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 11.06.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 05.09.2019.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að málsatvik hafi verið þau að ökutæki í eigu M urðu fyrir fyrir tjóni eftir að ökutækin A og B reyndu að stöðva för ökumanns C. C hafi verið númerslaus og hafi ökumanni verið gefið merki um að stöðva aksturinn með bláum forgangsakstursljósum og hljóðmerkjum. Ökumaðurinn hafi ekki sinnt því og aukið hraðann. Samkvæmt lögregluskýrslu mældist hraði C mest 141 km/klst. Auk þess hafi ökumaður C brotið fjölmargar aðrar reglur umferðarlaga, til dæmis hafi hann ekið í svigakstri milli akreina og annarra bifreiða og ekið mjög ógætilega út í vegkant og inn á akbrautina til skipts til að komast fram hjá öðrum bifreiðum. Eftir töluverða eftirför hafi B verið komið fyrir sem tálmun fyrir C sem hafi ekið viðstöðulaust beint framan á B. Í kjölfar þess hafi A hafnað með óhjákvæmlegum hætti aftan á C.

V2 hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að B hafi verið ekið á C af ásetningi. M telur ekki unnt að fallast á það sökum þess að í gögnum málsins sjáist glögglega að C hafi verið ekið á B sem hafi verið kyrrstæð. Ökumaður C hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með ofsaakstri sínum og ekki skeytt um öryggi annarra vegfarenda né afskipti lögreglu af sér. Einnig sé ljóst að ökumaður C hafi haft einbeittan vilja og ásetning til að komast undan lögreglu og verði að telja aðgerðir lögreglu við að stöðva för hans eðlilegar miðað við þær aðstæður sem að framan greinir. Í 89. gr. umferðarlaga sé kveðið á um það að þegar tjón hlýst af árekstri vélknúinna ökutækja beri að skipa tjóninu að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Ekki verði annað séð en að ökumaður C beri alla ábyrgð á því tjóni sem varð enda ljóst að vítavert aksturslag hans hafi verið orsök þess að árekstur varð.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að ökumaður C beri alla sök á tjóni því sem varð á ökutækjum A og B. V1 vísar til 3. mgr. 5. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að vegfarandi skuli fara eftir leiðbeiningum um umferð sem lögreglumaður eða sá sem ráðherra hefur heimilað að stjórna umferð gefur. Þær leiðbeiningar gildi framar leiðbeiningum sem séu gefnar á annan hátt. Í 2. mgr. komi fram að þegar ökumaður ökutækis sem ætlað sé til neyðaraksturs noti sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur skuli aðrir vegfarendur víkja úr vegi í tæka tíð. Í 7. gr. reglna um neyðarakstur nr. 643/20104 komi fram að við neyðarakstur geti ökumaður við aðstæður þar sem hann telur það brýnt látið hjá líða að fylgja m.a. ákvæðum umferðarlaga um umferðarreglur fyrir ökumenn og ökuhraða, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar. Þá vísar V1 til 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 þar sem fram komi að hlutverk lögreglu sé að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglum, 4. mgr. 15. gr. þar sem fram komið að lögreglu sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana á kostnað manns til að koma í veg fyrir óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu og 19. gr. þar sem fram komi að almenningi sé skylt að hlýða fyrirmælum sem lögregla gefi, svo sem vegna umferðarstjórnunar eða til þess að halda uppi lögum og reglum á almannafæri. Ökumaður C hafi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga og lögreglulaga. Að lokum vísar V1 til 89. gr. umferðarlaga um að tjón sem hljótist af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skuli skipt að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Í bréfi V2 kemur fram að B hafi verið ekið í veg fyrir C í þeim tilgangi að stöðva akstur þeirrar bifreiðar og eftir að árekstur hafi orðið hafi A verið ekið aftan á C. Ökutækinu B hafi vísitandi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og í veg fyrir akstursstefnu C í því skyni að stöðva C. Erfitt sé að greina á myndskeiði hvort B hafi náð að stöðva algerlega áður en árekstur varð, en jafnvel þótt svo

hafi verið telur V2 það engu breyta þegar horft sé til þeirrar staðreyndar að B var ekið vísitandi inn á öfugan vegarhelming aðeins örstuttu áður en C kom þar að. Árekstur virðist því hafa verið óumflýjanlegur og breyti engu þótt ákvörðun lögreglu kunni að hafa verið réttlæt看leg vegna almannahagsmuna. Eftir áreksturinn hafi A verið ekið aftan á C og virðist það hafa verið gert til að tryggja að C gæti ekki bakkað. C hafi verið stopp eftir áreksturinn og því hafi ekki verið nauðsynlegt að valda öðrum árekstri, með tilheyrandi hættu á muna- og líkamstjóni, til þess að stöðva C. Af myndskeiðinu megi ráða að nægt svigrúm hafi verið til að sveigja frá eða stöðva B til að forða árekstri og virðist þannig hafa verið um vísitandi árekstur að ræða. Þrátt fyrir að lögreglu kunni í vissum tilfellum vera heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga í neyðar- og forgangsakstri gildi þrátt fyrir það 89. gr. laganna um skiptingu sakar. Beri þannig að skipta tjóninu að tiltölu við sök ökumanna og verði því að líta til hefðbundinnar sakarskiptingar á þeim tímapunkti sem áreksturinn varð. V2 telur rétt og eðlilegt að íslenska ríkið, sem eigandi bifreiðanna, beri sjálft áhættu af því tjóni sem óhjákvæmilega verður á bifreiðum sem hlut eiga að máli og að váttryggjandi lögreglubifreiða geti þá tekið mig af þessari þekktu áhættu við iðgjaldasetningu.

Álit.

Í 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hljótist af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu. Í a-lið 2. tölul. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að það sé hlutverk lögreglu m.a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi.

Ákvörðun um lögregluaðgerð liggur hjá lögreglu og er nauðsynleg til að tryggja hlutverk lögreglu skv. ákvæðum 1. gr. lögreglulaga. Afleiðingar lögregluaðgerðar geta leitt til þess að munir í eigu lögreglu skemmast. Í málskotinu kemur fram að varðstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hafi veitt heimild til að stöðva C með ákeyrslu og að lögreglubifreiðin B hafi verið komið fyrir á miðjum veginum sem tálmun fyrir C. Slík lögregluaðgerð er hluti af hlutverki lögreglu og afleiðingar hennar falla ekki undir tjón í skilningi 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga og þar með ekki undir ábyrgðartryggingu C. Ákvæði 89. gr. umferðarlaga um skiptingu sakar á ekki við í máli þessu þar sem M ber sjálft áhættu af tjóni sem er hluti af lögregluaðgerð og er tilkomin vegna fyrirmæla. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu C hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu C hjá V2.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 187/2019**M og
V vegna kreditkortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna ferðarofs.****Gögn.**

Málskot, dags. 01.06.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 06.06.2019, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi verið á ferðalagi sem áætlað hafi verið 6.-19. maí 2018 en 11. maí hafi hann farið til Íslands vegna matareitrunar og því hafi hann sótt um bætur úr kortatryggingu MasterCard World Elite útgefnu af Arion banka hjá V. V hafnaði bótaskyldu. Í málskotinu kemur einnig fram að M hafi haft samband við sinn lækni á Íslandi sem hafi ráðlagt honum að fara heim vegna veikinda og liggur fyrir vottorð frá læknum þar að lútandi dags. 18.05.2018. M telur málskotið vera innan árs frests skv. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga þar sem hann hafi fengið bréf V, dags. 28. maí 2018, um höfnun á bótaskyldu þann 01.06. 2018. M telur gr. 4.3. og 4.4. skilmálans óljósar þar sem ekki komi nægilega skýrt að skilyrði fyrir bótaskyldu sé að hafa samband við SOS International vegna forfalla á ferðalagi.

Í bréfi V kemur fram að um endurgreiðslu ferðar gildi grein 4.6.1. í skilmálum váttryggingarinnar þar sem fram komi að félagið endurgreiði hlutfallslega allt að kr. 440.000 kr. af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim. V hafnar því að skilmálar váttryggingarinnar séu óljósir. Í bréfi V kemur enn fremur fram að engin samtímagögn staðfesti að M hafi rofið ferð sína vegna veikinda. V telur frest skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga liðinn þar sem það dregur í efa að M hafi ekki fengið höfnunarbréf V fyrr en 1. júní 2018.

Álit.

Ekki verður fallist á það, gegn neitun M, að bréf V dags. 28.05.2018, þar sem bótaskyldu er hafnað, hafi borist M fyrir 01.06.2018. Því er ekki fallist á það að frestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sé liðinn.

Í skilmálum váttryggingarinnar kemur fram í gr. 4.6.1. að skriflegt læknisráð verði að liggja fyrir, samþykki félagsins og SOS International svo ferð sé endurgreidd sem váttryggður þarf að rjúfa. Fyrir liggur að M tilkynnti hvorki V né SOS International um rof á ferðalagi sínu. Þá liggur ekki fyrir staðfesting læknis á veikindum M þegar hann tók ákvörðun um heimferð. Með vísan til framangreinds er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðarofstryggingu kortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 188/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A hjá V.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á sundstað.****Gögn.**

Málskot dags. 20.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 06.06.2019.

Málsatvik.

Hinn 16. júlí 2018 var M staddur á sundstað sem rekinn er af A. Þegar hann var á leið úr sturtu steig hann af handklæði sem var á gólfinu við inngang í skáparými og féll þá í bleytu á gólfinu með þeim afleiðingum að hann meiddist. M telur að umrætt atvik megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A eða þeirra sem A ber ábyrgð á. Þannig hafi gólfið verið bæði blautara og hálla en hann hefði reiknað með, enda gert ráð fyrir að fólk færi ekki inn í skáparými fyrr en eftir að það hefði þurrkað sig. Þá komi fram í skýrslu um atvikið, sem starfsmaður A hafi ritað undir, að M hafi runnið í bleytu á „handónýtu“ gólfi. M telur að þar sem starfmenn A hafi haft vitneskju um sérstök hætta gæti skapast vegna hálfu á gólfinu hafi þeim borið skylda til að grípa til öryggisráðstafana, s.s. með hálkuvörnum eða með því að þurrka gólfið reglulega. A beri því skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli þess að aðstæður í sundlauginni hafi verið ófullnægjandi og gerir M því kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins og eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 17. ágúst 1018.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að slys M sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess. Ekkert liggja fyrir um að umrætt gólf hafi verið vanbúið, eða í ósamræmi við áskilnað reglugerðar nr. 814/2010, þegar atvikið átti sér stað. Þá liggja í raun ekki fyrir að gólfið hafi verið blautt, en starfsmaður A hafi farið um klefann meðan M var að klæða sig og hafi hann ekki séð neitt athugasemdir við aðstæður. Hins vegar sé ekki hægt að útiloka að bleyta hafi verið á gólfi, en eðli máls samkvæmt sé alltaf hætt við bleytu á gólfi sundstaða, og því einhver fallhætta til staðar, sér í lagi ef sundlaugargestir gæti ekki varúðar. Þetta eigi jafnt við þó að gripið sé til allra mögulegra ráðstafana til að koma í veg fyrir slys. Þá tekur V fram að ummæli um „handónýtt“ gólf séu frá M sjálfum komin, en ekki starfsmanni A. Afstaða V er því sú að um óhappatilvik og eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða og er bótaskyldu hafnað.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sé til staðar. Meðal gagna málsins er eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem gerð var í kjölfar eftirlitsheimsóknar hinn 20. júlí 2018, eða tveimur dögum eftir umrætt atvik. Í skýrslunni, sem virðist nokkuð ítarleg, koma fram nokkrar athugasemdir um aðbúnað á sundstaðnum, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 814/2010. Ekki eru hins vegar gerðar neinar athugasemdir um hálkuvörn á gólfi í skáparými né um aðbúnað þar að öðru leyti. Hins vegar kemur fram að þurrkmotta sé staðsett á mörkum blautrýmis og búningsklefa og hálkumerking til staðar í búningsklefa. Má ekki ráða af skýrslunni að þessi atriði þyki ófullnægjandi. Verður því ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á að gólf í búningsklefa hafi á einhvern hátt verið vanbúið. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmenn A hafi á einhvern hátt brugðist skyldum sínum að m.t.t. til eðlilegra aðgerða við að varna slysum af þessu tagi. Hefur því ekki verið sýnt fram á sök hjá A eða starfsmönnum þess og er bótaskylda þ.a.l. ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25. júní 2019

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 189/2019**M og
V v/ innbrotsþjófnaðarliðs innbústryggingar.****Ágreiningur um rétt félags til að skerða eða fella niður bætur vegna rangrar
upplýsingagjafar við tjónsuppgjör.****Gögn.**

Málskot, móttekið 28.5.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Eftir hádegi 25. október 2018 tilkynnti M til lögreglu um að brotist hafi verið inn í íbúð hennar við nánar tilgreinda götu í Reykjavík. Lögregla kom á vettvang og gerði skýrslu um málið sem fékk númerið 007-2018-072693 í málaskrá lögreglunnar. Í skýrslunni kom fram að búið hafi verið að sparka upp útidyrhurð og stolið þaðan ýmsum innbúsmunum.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar frá 13. nóvember 2018 í sama máli, nr. 007-2018-072693, mun M hafa mætt þennan sama dag á lögreglustöð til að veita viðtöku ellefu nánar tilgreindum munum sem áttu að hafa horfið úr innbúi M við innbrotið.

M hefur í gildi innbústryggingu hjá V sem m.a. felur í sér innbrotsþjófnaðartryggingu. Hinn 19. nóvember 2018 tilkynnti M um innbrotið til V og í tilkynningunni voru taldir upp í 21 lið ýmsir búsmunir auk barnafata sem M kvað að hafi verið stolið í innbrotinu. Við samanburð á tilgreiningu þeirra muna sem getið er í tjónstilkynningunni og lista yfir þá muni sem M fékk afhenta hjá lögreglu 13. sama mánaðar má sjá að í allnokkrum tilvikum er um sömu muni að ræða. Með því að tilgreina í tjónstilkynningunni 19. nóvember ýmsa muni sem hún hafði þá þegar endurheimt telur V að M hafi af ásetningi gert kröfu um hærri bætur en hún átti rétt til. Með tölvubréfi 3. janúar 2019 til M tilkynnti V að með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga væri bótaréttur hennar fallinn niður.

Í tölvubréfi 26. febrúar 2019 til V kvað lögmaður M að svo hafi virst sem um misskilning hafi verið að ræða þar sem einnig hafi verið brotist inn í bifreið M 12. nóvember 2018 og hún hafi verið að tilkynna um bæði tjónin með tjónstilkynningunni til V 19. nóvember 2018, en þeir munir sem lögreglan afhenti 13. nóvember hafi verið úr innbrotinu í bifreið M.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga fellur niður allur réttur váttryggðs til bóta vegna tiltekins váttryggingaratburðar ef hann veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til. Sé háttsemi váttryggðs ekki alvarleg, hún varði aðeins lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæla með getur hann þó fengið bætur að hluta.

Samkvæmt tjónstilkynningu M 19. nóvember 2018 var einungis tilkynnt um tjón vegna eins tjónsatburðar, þ.e. innbrotsins í íbúð hennar 25. október 2018. Í tilkynningunni er hvergi minnst á innbrot í bifreið hennar 12. nóvember 2018. Af skýrslum lögreglu er ljóst að munir þeir sem afhentir voru 13. sama mánaðar voru vegna innbrotsins í íbúð M. Engin gögn, svo sem lögregluskýrslur, liggja fyrir um innbrot í bifreið M, en samkvæmt gögnum málsins virðist fyrst hafa verið minnst á það innbrot í fyrrgreindu tölvubréfi lögmanns M til V 26. febrúar 2019, nærri tveimur mánuðum eftir að V hafði hafnað bótaskyldu.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að allar staðhæfingar um innbrot í bifreið M séu úr lausu lofti gripnar. Verður því slegið föstu að munir þeir sem M fékk afhenta hjá lögreglu 13. nóvember 2018 hafi horfið í innbrotinu í íbúð hennar 25. október 2018. Hinir afhentu munir voru því að nokkru leyti þeir sömu og tilgreindir voru á listanum í tjónstilkynningunni til V, en þó alls ekki allir. Hvað sem því líður verður af gögnum málsins ekki annað ráðið en hún hafi tilgreint á listanum ýmsa muni

sem hún hafði þegar endurheimt hjá lögreglu og þannig vísitandi veitt rangar upplýsingar um tjónið sem hún vissi eða mátti vita að myndi leiða til þess að hún fengi hærra bætur en hún átti rétt til. Háttsemi M telst vera alvarleg og varðar talsverðan hluta þeirrar kröfu sem hún hafði gert. Ekki eru heldur fyrir hendi neinar sérstakar ástæður að öðru leyti sem geta mælt með því að hún eigi rétt til bóta að hluta. Réttur hennar til bóta úr innbústryggingunni telst því hafa fallið niður.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr innbrotshjófnaðarlið innbústryggingar hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 191/2019**M og
V vegna almennrar skaðabótaábyrgðar félagsins.****Deilt um hvort V beri skaðabótaábyrgð gagnvart M vegna framkvæmda á baðherbergi hennar í tengslum við vatnstjón.****Gögn.**

Málskot dags. 1.5.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 15.7.2019.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M því að leki hafi komið í ljós frá baðherbergi fasteignar hennar, og að vegna þess hafi V, svo og V2, en tjón varð einnig á fasteign á neðri hæð hússins vegna lekans, verið kallað til. Við mat váttryggingafélaganna á aðstæðum hafi allt verið rifið innan úr baðherbergi íbúðar M. Í tengslum við umræddan leka hafi M haldið eftir hluta kaupverðs fasteignarinnar en hafi í eftirfarandi dómsmáli verið dæmd til greiðslu þess þar sem ekki hafi tekist að sýna fram á galla á fasteigninni enda hafi verið búið að rífa allt úr baðherberginu.

M telur að umfang framkvæmdanna á baðherbergi hennar hafi verið á ábyrgð V. V hafi gengið lengra en þörf hafi verið á og beri almenna bótaábyrgð á tjóni M vegna þess. Hinn 31. júlí 2018, voru samhljóða kröfubréf send til V1 og V2, þar sem gerð var fjárfkrafa að upphæð kr. 2.391.871, í samræmi við niðurstöðu dómkvadds matsmanns um kostnaðinn við að setja upp sambærilega innréttingu og þá sem hafi, samkvæmt ákvörðun V og V2, verið rífin niður. Í umræddu bréfi er einnig gerð krafa um að V2 greiði bætur vegna tjóns sem falli undir ábyrgðartryggingu fasteignarinnar. V mun hafa hafnað ofangreindum kröfum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að meint atvik sé að rekja til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi af hálfu váttryggingartaka eða annars sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Þá hafi ekki verið sýnt fram það hvaða hluta baðherbergisins hafi verið óþarft að fjarlægja, né rökstutt hvernig það teldist saknæm og ólögmat háttsemi hjá váttryggingartaka að aðstoða M við að forða henni og nágrönnum hennar frá frekara tjóni. Með vísan til alls þessa sé ekki til staðar bótaskylda úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka.

Álit:

Í málskoti kemur fram að ágreiningur aðila varði almenna skaðabótaábyrgð, og af því má ráða að M krefjist ekki bóta úr tiltekinni váttryggingu, heldur telji sig eiga skaðabótakröfu á hendur V. Slíkur ágreiningur fellur í sjálfu sér undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005.

Hins vegar kemur þá til skoðunar hvort mál þetta sé það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 4. gr. samþykta nefndarinnar. Verður þá að horfa til þess að þrátt fyrir að ágreiningur sé í málskoti sagður varða almenna skaðabótaábyrgð verður ekki litið framhjá því að í öðrum gögnum, svo sem bréfi lögmanns M til bæði V og V2 er jafnframt farið fram á að V2 „greiði úr tryggingu fasteignarinnar þ.s. um tjón var að ræða sem féll undir ábyrgðartryggingu fasteignarinnar“. Ekkert liggur fyrir um viðbrögð V2 við þessari kröfu og þá vísar V, í svörum sínum til nefndarinnar, til fyrri afstöðu sinnar, sem virðist hafa verið send lögmanni M skriflega. Það svar liggur þó ekki fyrir nefndinni, né upplýsingar um efni þess, en svar V til nefndarinnar virðist að öðru leyti miða við að krafa hafi verið gerð um bætur úr „ábyrgðartryggingu váttryggingartaka“. Ekki liggur þó fyrir hver sá váttryggingartaki er, og af gögnum málsins er nokkuð óljóst hvort V er váttryggjandi íbúðar á efri eða neðri hæð, þannig kemur fram í málskoti að V sé „váttryggingaraðili efri hæðar“ en í bréfi lögmanns M til V dags. 31. júlí 2018 er V sagt „váttryggjandi neðri hæðar.“

Með hliðsjón af framansögðu, og þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni, verður að teljast óljóst hvort M, sem raunar virðist þó njóta aðstoðar lögmanns, ætli sér að gera kröfu á grundvelli ákveðinnar váttryggingar eða almennrar skaðabótaábyrgðar. Verður því að telja málatilbúnað hennar svo óljósan að málið sé ekki tækt til meðferðar, sbr. áðurnefndan e-lið 4. gr.

Hvað varðar mögulega kröfu á hendur V um skaðabætur vegna þess að innrétting á baði hafi verið rifin án þess að tilefni væri til verður jafnframt að telja þá kröfu verulega vanreifaða. Þannig liggja ekki fyrir gögn er sýni fram á ástand baðherbergisins fyrir þessar framkvæmdir, hvernig ákvarðanatöku var hagað við starfann, um umfang hins meinta tjóns eða gögn er sýni fram á saknæma háttsemi V. Á grundvelli þessa væri mögulega tækt að hafna kröfu M um bætur á grundvelli almennrar skaðabótaábyrgðar, en þar sem allur málatilbúnaður er svo óljós og óskýr þykir réttara að vísa málinu í heild sinni frá á grundvelli e-liðar 4. gr.

Rétt er að taka fram að máli sem er vísað frá á þeirri forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð, sbr. e-lið 4. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum,.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.

Reykjavík 20. ágúst 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 192/2019

**M og
V v/ málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um upphaf tilkynningarfrests.**Gögn.**

Málskot, dags. 24. maí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26. júlí (sic) 2019.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 26. júní 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, sem er váttryggður í fjölskyldutryggingu hjá V, varð fyrir líkamsárás 6. ágúst 2017. Hann veitti lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna vegna afleiðinga líkamsárásarinnar 25. október 2017 og var óskað eftir tilnefningu lögmanns sem réttargæslumanns skv. ákvæðum laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 í nóvember sama ár. Ákæra var gefin út haustið 2018 og 18. desember 2018 var, við fyrirtöku málsins fyrir héraðsdómi, beiðni M um tilnefningu réttargæslumanns formlega hafnað. M hafði tilkynnt um hugsanlegt tjón til V með bréfi dags. 4. desember 2018.

M telur að hann eigi rétt til greiðslu bóta úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar þar sem tilnefningu réttargæslumanns hafi verið hafnað og honum hafi ekki verið ljóst að lögmannskostnaður gæti fallið á hann fyrir en í fyrsta lagi í nóvember 2018 þegar honum var ljóst að líkur væri á afleiðingar líkamsárásarinnar væru varanlegar. Auk þess byggir M á því að það hafi ekki verið fyrir en honum hafi verið synjað um tilnefningu réttargæslumanns sem honum hafi verið ljóst að kostnaður myndi falla á hann sjálfan en ekki verða greiddur úr ríkissjóði.

V telur að tilkynnt hafi verið of seint um tjón M m.t.t. gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum váttryggingarinnar en þar er vísað til tilkynningarfrests 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að M hafi verið kunnugt um atvik að baki tjóni sínu í október 2017 þegar hann veitti lögmanni umboð en ekki hafi verið tilkynnt um mögulegt tjón til V fyrir en í desember 2018. Þá hafi ársfrestur sá sem kemur fram í 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga verið liðinn og hefur V því hafnað bótaskyldu og hafnar þeim röksemdum M að upphafstími tilkynningarfrests eigi að miða við höfnun dómara á tilnefningu réttargæslumanns vegna sakamáls gegn árásarmanni hans.

Álit.

Ágreiningslaust er að M er váttryggður með fjölskyldutryggingu hjá V, en sú samsetta váttrygging inniheldur svokallaða málskostnaðartryggingu. Samkvæmt þágildandi váttryggingarskilmálum er hlutverk málskostnaðartryggingar að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamáli. Í gr. 25.1 í skilmálunum kemur fram að váttryggingin bætir málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Einnig er skilyrði um að váttryggingin hafi verið í gildi í tvö ár áður en ágreiningur kom upp. Tjónsatburður í málskostnaðartryggingum er skilgreindur út frá því að réttarlegur ágreiningur hafi komið upp milli váttryggðs og einhvers annars og þarf váttryggingin að hafa verið í gildi þegar slíkur ágreiningur kemur upp og tvö samliggjandi ár áður.

Sá ágreiningur sem getur orðið að dómsmáli í einkamáli milli M og þess sem hann telur að hafa veitt honum áverka snýst um hvort greiða eigi skaða- og eða miskabætur vegna ætlaðs tjóns. Ágreiningur um tilnefningu réttargæslumanns í sakamáli er ekki ágreiningur í einkamáli heldur hluti af sakamáli og er slíkur ágreiningur undanþeginn greiðsluskyldu í málskostnaðartryggingu M, sbr. undanþáguákvæði í gr. 25.2 í váttryggingarskilmálum.

Það liggur fyrir í málinu að M beindi bótakröfu að árásarmanni sínum í desember 2018. Ekkert kemur fram í þeim gögnum sem liggja fyrir hjá nefndinni, um að kröfum hafi verið beint að árásarmanninum

fyrir eða afstöðu hans til slíkra krafna. Með hliðsjón af þessu verður ekki annað séð en að ágreiningur vegna slíkrar bótakröfu hafi þannig í fyrsta lagi getað komið fram í desember 2018 og þar sem tilkynnt var um hugsanlegt tjón M til V á sama tíma verður ekki fallist á tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga og gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum sem V hefur vísað til, hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt í desember 2018. Verður því fallist á greiðsluskyldu vegna þess tjónsatburðar sem felur í sér einkamálaréttarlegan ágreining um greiðslu bóta vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 193/2019**M og
V vegna starfstryggingar (starfstengdrar slysa- og sjúkratryggingar)****Ágreiningur um rétt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni á árinu 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 4. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 14. júní 2019.

Tölvupóstur Tryggja ehf., dags. 25. júní 2019 með samþykki um að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði í málinu.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi tilkynnt um tjón til V með tjónaskýrslu dags. 15. júní 2018. Þar kemur fram að M kveðst hafa orðið óvinnufær vegna aðgerðar á öxl í byrjun maí 2018. Í tjónaskýrslunni kemur einnig fram að M kveðst hafa haft svipuð einkenni sem ekki hafi leitt til óvinnufærni frá október 2016 fram í apríl 2017 og þá verið í sjúkraþjálfun. Í læknisvottorði sérfræðings í bæklunarskurðlækningum dags. 10. september 2018 kemur fram að M hafi leitað til hans í mars 2018 og þá haft óþægindi í öxlum um tíma. Við skoðun hafi komið í ljós að M var með „... kröftuga klemmu á axlarhlususinar hægra megin með hreyfiskerðingu...“ M fór í kjölfarið í aðgerð hjá sama lækni 3. maí 2018 og áætlað að hún yrði frá vinnu í sex vikur, eða til 18. júní 2018, sbr. óvinnufærnisvottorð dags. 16. október 2018. Í læknisfræðilegum gögnum kemur einnig fram að M hafi leitað til heimilislæknis vegna óþæginda í öxl haustið 2016 og þá hafi hún fengið sjúkdómsgreininguna M75.0 og í samskiptaseðli dags. 30. september 2016 kemur eftirfarandi lýsing fram: „Ómun sýnir tendiosu í supraspintatus sin og bólgu í bursunni.“ M fékk í kjölfarið tilvísun til sjúkraþjálfara.

M telur að hún eigi rétt á dagpeningum skv. váttryggingarsamningi vegna óvinnufærni sinnar frá 3. maí til 18. júní 2018. M telur að sá sjúkdómur sem leiddi til óvinnufærni hennar hafi ekki komið til fyrir en á árinu 2018 og hún hafi verið búin að ná sér af einkennum sem hún fann fyrir á árinu 2016 og hafi þá aldrei verið frá vinnu. Það hafi ekki verið fyrir en við greiningu sjúkdóms hjá sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum í mars 2018 sem tjón hennar hafi fyrst getað komið fram og óvinnufærni hafi komið til innan 12 mánaða frá þeim tímapunkti.

V telur að veikindi M hafi fyrst komið upp á árinu 2016 þegar hún leitaði lækniástoðar vegna einkenna í öxl. Í bréfi Tryggja ehf. f.h. V til M dags. 24. apríl 2019 kemur fram tilvísun til skilmála váttryggingar M þar sem komi fram að veikindi verði að leiða til óvinnufærni innan 12 mánaða frá því að þeirra var fyrst vart, til þess að komi til greiðslu bóta og slíkt skilyrði hafi ekki verið uppfyllt í máli M. Sambærileg afstaða kemur fram í bréfi V dags. 14. júní sl.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort þau veikindi sem leiddu til óvinnufærni M hafi komið upp á árinu 2018 eða hvort þau hafi komið fyrst upp á árinu 2016. Þeir váttryggingaskilmálar sem liggja fyrir í gögnum málsins eru á ensku. Í fyrsta hluta þeirra kemur fram að orðið illness sé skýrt með eftirfarandi hætti: „means sickness or disease, the symptoms of which first appear during the Period of Insurance and which solely and independently of any other cause results in Your total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear.“

Í læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir nefndinni er gerð grein fyrir einkennum M í öxl og greiningu þeirra og meðferð á árinu 2016 annars vegar og á árinu 2018 hins vegar, en ágreiningslaust er að M var ekki óvinnufær fyrir en á árinu 2018. Af sömu læknisfræðilegu gögnum verður ekki með nákvæmum hætti ráðið að greining sérfræðings í bæklunarskurðlækningum á axlarklemmu M í mars 2018 megi rekja með beinum hætti til þeirra einkenna sem hún leitaði lækni vegna á árinu 2016. Um það ber V sönnunarbyrði og m.v. þau gögn sem liggja fyrir verður ekki séð að M hafi verið greind

með sjúkdóminn axlarklemmu fyrir en á árinu 2018 og óvinnufærni hafi komið fram stuttu eftir þá greiningu og því ósannað að þau einkenni hafi komið fram meira en 12 samfelldum mánuðum eftir fyrstu einkenni þess tiltekna sjúkdóms. M telst því eiga rétt á bótum vegna óvinnufærni úr starfstryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu bóta vegna óvinnufærni úr starfstryggingu hjá hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 194/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá A****Deilt um bótaskyldu úr slysatryggingar launþega vegna meiðsla sem M varð fyrir við störf sín.****Gögn.**

Málskot, móttakið 03.06.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 14.06.2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 15. maí 2018 varð M fyrir meiðslum við störf sín hjá A. Samkvæmt lýsingu M í málskoti voru atvik þau að hann var, ásamt þremur samstarfsmönnum sínum, að fjarlægja gömul skjöl í kössum úr geymslu sem var svo full af gögnum að erfitt var að athafna sig. Einn samstarfsmanna hans stöðvaði skyndilega fyrir framan hann með þeim afleiðingum að M rakst aftan á hann og steig við það illa í fótinn með þeim afleiðingum að hann meiddist á hné.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga vegna atviksins, dags. 1. febrúar 2019, er atvikum lýst á þann hátt að mikil þrengsli hafi verið í geymslunni. M hafi verið með fótinn skorðaðan milli tveggja kassa, þegar samstarfsmaður hans hafi skyndilega stöðvað fyrir framan hann. M hafi þá þurft að færa sig frá, en við það hafi hann snúið upp á hnéð. Í vitnisburði samstarfskonu M, dags. 24. maí 2019, kemur fram að þrengslin í geymslunni hafi verið slík að ekki hafi verið hægt að flytja kassana eftir gólfinu heldur hafi þurft að lyfta þeim upp, og snúa sér með þá, til að flytja þá til. Samstarfsmaður þeirra, sem einnig hafi verið að flytja kassa, hafi stöðvað snögglega fyrir framan M, með þeim afleiðingum að M, sem hélt á kassa, hafi rekist aftan á hann. Hafi M þá þurft að stöðva hreyfingu sína en hafi við það meiðst á hnénu, sem ekki hafi þolað álagið.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins sem send var hinn 7. júní 2018 er atvikum hins vegar lýst svo að M hafi tekið upp einn kassann, og þegar hann var að færa hann hafi smellið í hnénu og það bólгнаð upp. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega A með bréfi dags. 12. september 2018, með vísan til 2. gr. skilmála umræddrar vátryggingar. Þar komi fram að með slysi sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannarlega án vilja hans. Það að snúa upp á hné geti ekki talist utanaðkomandi atburður í þeim skilningi og því falli atvikið utan slyshugtaks launþegatryggingarinnar. M telur þá afstöðu V byggða á rangri atvikalýsingu enda hafi meiðsli M verið afleiðing þess að annar starfsmaður hafi stöðvað skyndilega án þess að M hefði séð það, og það hefði leitt til þess að M rakst á hann og slinkur hafi komið á fótinn sem hafi verið staðsettur milli tveggja þungra kassa á gólfi geymslunnar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að fyrir liggja þrjár mismunandi atvikalýsingar. Í slíkum tilvikum sé eðlilegt að byggja á samtímagögnum, þ.e. lýsingu á atvikum eins og hún komi fyrir í læknisvottorði skömmu eftir atvikið, en atvikinu hafi verið lýst í sjúkraskýrslu hinn 12. júní 2018, og þar komi aðeins fram að óvart hafi snúist upp á vinstra hné M. Sú lýsing sé í samræmi við lýsingu á atvikinu í tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Ekki sé sýnt fram á að áverkar M hafi orðið af skyndilegum, utanaðkomandi atburði, heldur vegna innri veikleika í líkama hans sem rakinn verði til ofreynslu og álags eða rangrar líkamsbeitingar. Því sé ekki um slys í skilningi viðeigandi skilmála að ræða og bótakröfu M hafnað.

Álit.

Samkvæmt lýsingum á verklagi starfsmanna umrætt sinn virðist sem þeir hafi lyft kössum af gólfi eða stöflum, og snúið sér með þá í fanginu til að færa þá til. Verður að telja að M hafi meiðst á hné við slíkan snúning. M heldur því fram að umræddur snúningur hafi komið til þegar hann rakst aftan á samstarfsfélaga sinn. Atvikalýsingum ber ekki saman hvað það varðar, og jafnvel þó svo hafi verið, eru tengslin milli mögulegs árekstrar og meiðsla M ekki ljós. Verður því að byggja á því að áverka þá sem M varð fyrir megi rekja til rangrar líkamsbeitingar. Verður því ekki talið sýnt fram á að meiðsli

M megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar og því ekki um að ræða slys í skilningi viðeigandi skilmála. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 195/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Völuteigi í Mosfellsbæ við innkeyrslu að húsum nr. 25-27 þann 15.5.2019.****Gögn.**

Málskot, móttekið 4.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf (tölvubréf) V1, dags. 13.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 21.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið eftir Völuteigi til norðausturs og beygt til vinstri inn á bifreiðastæði við hús nr. 25-27. Í sömu andrá var B ekið áleiðis út af bifreiðastæðinu í beygju til hægri inn á Völuteig til suðvesturs. Rákust þá saman vinstri afturhurð og afturbretti A og framstuðari B hægra megin.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 35 km hraða á klst., en báðar bifreiðir hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B kvað ökumann A hafa ekið of hratt og röngu megin inn á bifreiðastæðið.

Álit.

Á afstöðuteikningu á sameiginlegri tjónstilkynningu, sem báðir ökumenn hafa undirritað, er A sýnd þar sem henni er ekið inn á bifreiðastæðið lengst til hægri miðað við akstursstefnu og B er þar sýnd einnig lengst til hægri miðað við akstursstefnu á leið út af bifreiðastæðinu. Nokkuð bil er á milli ökutækjanna. Af myndinni verður ekki ráðið hvar bifreiðirnar voru staðsettar þegar þær rákust saman. Nokkrar ljósmyndir liggja einnig fyrir af bifreiðunum sem teknar voru á vettvangi. Á einni þeirra má ráða að B hafi átt nokkurn spöl ófarinn að Völuteigi þegar árekstur varð. Hvað sem því líður verður ekki með vissu ráðið af málsgögnum hvort áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi tekið of þrönga beygju inn á bifreiðastæðið og með því ekki gætt að ákvæðum 2. og 3. másl. 3. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 ella að ökumaður B hafi ekki verið ekið fast við hægri brún akleidarinnar út af bifreiðastæðinu inn á Völuteig og þannig ekki gætt að 1. másl. 3. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., laganna. Að öllu virtu verður ekki ráðið hvor ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt þessu og með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður sök skipt að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 196/2019**M og
V vegna sjúklingatryggingar augnlæknis A****Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna lasermeðferðar á auga hinn 15.03.2016.****Gögn.**

Málskot móttakið 27.05.2019 ásamt fylgiskjölum 1-11.

Bréf V dags. 18.06.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti hafði M verið í meðferð á augndeild Landspítala Háskólasjúkrahúss vegna versnandi sjónar á vinstri auga sem rakinn hafði verið til bjúgs og bólgu, en M þjáist af sykursýki. Hinn 15. mars 2016 hitti hann, í tengslum við ofangreinda meðferð, A á læknastofu hennar. Segist M hafa verið með fulla sjón á hægri auga á þeim tíma. Við skoðun hafi A tjáð honum að hann hefði fengið blóðtappa í vinstra auga og vildi hún skjóta laser í augað til að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Jafnframt hafi M viljað skjóta laser í hægri auga M og hefði hún fullvissað hann um að það hefði ekki áhrif á sjón hans á því auga. Eftir meðferðina hafi M hins vegar ekkert séð með hægri auga og hafi hann því leitað á augndeild LSH nokkrum dögum síðar. Í kjölfarið hafi hann gengist undir aðgerð til að fjarlægja örvef á hægri auga eftir umrædda lasermeðferð. Enn hafi M þó skerta sjón á hægri auga og nánast enga jaðarsjón, auk þess sem hann stríði við skerta rökkursjón.

Vegna þessa sendi M kvörtun til Landlæknis sem skilaði álitinu sínu hinn 21. mars 2018. Niðurstaða embættisins var sú að breytingar í hægri augnbotni hefðu verið slíkar að verulegrar sjónskerðingar hefði verið að vænta og því fullt tilefni til að reyna aðgerð. Hins vegar hefði vantað upp á upplýsingagjöf A til M. Í samantekinni niðurstöðu kemur fram að afstaða embættisins sé sú að mistök hafi ekki átt sér stað við meðferð M.

Með tölvupósti dags. 21. janúar 2019 hafnaði V kröfu M um bætur úr sjúklingatryggingu með þeim rökum að fylgikvilli sá er M þjáðist af í kjölfar aðgerðarinnar væri ekki þess eðlis að hann félli undir bótaskyldu laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þannig væri fylgikvillinn ekki meiri en svo að sanngjarnt væri að sjúklingur þyldi hann bótaskyld, sbr. 4. tl. 2. gr. laganna, en við mat á því þyrfti að horfa til þess hve tjónið væri mikið, hvernig heilsufar tjónpóla væri að öðru leyti, hversu algengt tjón væri og hversu mikil hætta væri á því að tjón yrði. Ef hætt væri við verulegu heilsutjóni, væri sjúkdómur látinn afskiptalaus, væri niðurstaðan sú að menn yrðu að setta sig við verulega hættu á alvarlegum eftirköstum meðferðar. Þá þyrfti fylgikvillinn að vera nokkuð alvarlegur samanborið við sjúkdóminn og afstaða félagsins væri að svo væri ekki í tilfelli M.

M fellir sig ekki við þessa afstöðu og telur bótaskyldu samkvæmt áður nefndum lögum fyrir hendi. M byggir á því að lasermeðferð á hægri auga hafi misheppnast enda hafi hann haft fulla sjón á því auga en búi nú við verulega sjónskerðingu og hafi aðeins miðjusjón. Þá gerir M alvarlegar athugasemdir við skort á upplýsingagjöf, enda hafi hann hvorki fengið upplýsingar um ástand augans fyrir meðferðina né um ástæðu þess að A vildi prófa lasermeðferð á því. Hafi hann því ekki haft forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um meðferðina. Jafnvel þó meðferðin sem slík hefði verið réttlætlanleg væri ljóst að eitthvað hefði farið úrskeiðis við framkvæmd hennar og afleiðingarnar væru þess eðlis að ekki væri sanngjarnt að M þyldi þær bótaskyld. Einkenni M í dag megi rekja beint til lasermeðferðarinnar og um sé að ræða mun alvarlegri fylgikvilla en almennt gengur og gerist. Þá hefði M ekki samþykkt meðferðina hefði honum verið ljós áhættan á sjónskerðingu í kjölfar hennar. M telur tjón sitt falla undir 1. og/eða 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Í bréfi til nefndarinnar áréttar V áður framkomna afstöðu sína til kröfunnar. Vísar V til umfjöllunar Landlæknis sem m.a. hafi aflað óháðrar álitserðar. Þar komi fram að hefði ekki verið aðhafst hefði sykursýkistengdur augnsjúkdómur M leitt til verulegrar sjónskerðingar, ef ekki blindu. Hefði M því hlotið viðeigandi meðferð. Þá komi fram í álitinu Landlæknis að meðferð A á M hefði verið innan ramma góðrar læknisfræði og að ekki hafi verið gerð mistök við meðferðina. Því hafi ekki verið sýnt

fram á að skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu væru uppfyllt. Hvað varðar bótakröfu á grundvelli 4. tl. 2. gr. telur V að einkenni M kunni að eiga rót sína að rekja til grunnsjúkdóms þess sem M þjáist af, en ekki meðferðarinnar sem slíkrar. Tilfelli M hafi verið alvarlegt og hætt hafi verið við mikilli sjónskerðingu eða blindu án meðferðar. Ef augljós hættu sé á að sjúklingar geti hlotið mikla örorku af sjúkdómi sé hann látinn afskiptalaus verði þeir að setta sig við verulega áhættu á alvarlegum eftirköstum meðferðar. Þá verði ekki ráðið af málgögnum að skilyrði ákvæðisins um sjaldgæfi fylgikvillans séu uppfyllt. Séu því skilyrði 4. tl. 2. gr. ekki uppfyllt. Að endingu tekur V fram að það hafi ekki áhrif á bótarétt samkvæmt ákvæðinu hvort sjúklingur hafi verið upplýstur um hættu á fylgikvilla eður er. Er kröfu M því hafnað.

Álit.

Fallist er á það með M, sbr. einnig ummæli í álitargerð Landlæknis, að einkenni hans megi rekja til togs á himnu í hægri auga, en það megi rekja til umræddrar meðferðar. Því sé um að ræða fylgikvilla aðgerðar en eftir stendur þá að meta hvort hann, eða ástæður hans, séu þess eðlis að bótaskylda skapist. Í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er kveðið á um að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til atriða sem talin eru upp í 1.-4. tl. ákvæðisins.

M byggir kröfu sína í fyrsta lagi á 1. tl. ákvæðisins en þar kemur fram að bætur skuli greiða ef ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Fyrir nefndinni liggur álit Landlæknis hvað þetta varðar og hefur nefndin ekki forsendur til annars en að miða við það sem þar kemur fram, þ.á.m. álit óháðs sérfræðings sem embættið leitaði til. Í álit hans segir m.a. að M hafi fengið viðeigandi meðferð, og að ekki hafi verið um mistök, vanrækslu eða vangá að ræða. M hafi hins vegar verið óheppinn að fá tog á himnuna á hægri auga, en ekkert hefði getað tryggt honum skadleysi vegna þess. Niðurstaða Landlæknis tekur mið af þessu og er eins og áður sagði ekki talið að mistök hafi átt sér stað við meðferðina. Verður því að telja að gögn liggja fyrir nefndinni varðandi nauðsyn umræddrar meðferðar svo og það að mistök hafi ekki átt sér stað við framkvæmd hennar. Hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt.

Í öðru lagi byggir M kröfu sína á ákvæði 4. tl. 2. gr. en þar kemur fram að bætur skuli greiða ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hættu væri á slíku tjóni. Í álit Landlæknis kemur m.a. fram að M hafi verið með alvarlegan sjúkdóm á hægri auga sem hefði endað með mikilli sjónskerðingu, ef ekki blindu, hefði ekki komið til meðferðar. Af læknisvottorði sem liggur fyrir nefndinni má einnig ráða að einhver einkenni á hægri auga hafi verið til staðar fyrir meðferðina og því tilefni til að reyna meðferð. Af gögnum má ráða að sjón M á hægri auga sé nú 0,65 og að hann hafi misst jafnarsýn og búi við skerta rökkursýn. Með hliðsjón af alvarleika sjúkdóms hans og hættu á blindu án meðferðar er ekki fallist á að skilyrði ákvæðisins um alvarleika fylgikvilla séu uppfyllt. Þá hafa ekki verið lögð fyrir nefndina gögn er sýni fram á að tíðni umrædds fylgikvilla. Verður því ekki talið að skilyrði 4. tl. 2. gr. séu uppfyllt.

Telja má ljóst að upplýsingagjöf til M, hvað varðaði ástand hans, meðferðina og hættu á fylgikvillum, hafi verið ábótavant, sbr. ummæli um það í álit Landlæknis. Hins vegar verður ekki séð að slík vanræksla leiði til bótaskyldu samkvæmt áður nefndum lögum. Ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu augnlæknis A hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 197/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bónda (A).****Ágreiningur um bótaskyldu er sauðkind stökk á konu svo hún féll við og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.7.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu, dags. 6. júlí 2017, kvaðst M hafa hinn 20. maí 2017 verið gestkomandi á tilteknum bóndabæ hjá A þar sem sauðburður stóð yfir. Hafi hún verið þar nokkra stund og verið til aðstoðar er verið var að færa sauðkind ásamt lömbum til í fjárhúsum á bænum. Hafi hún varnað því að kindin kæmist út. Kindin hafi verið eitthvað stressuð og vildi komast út. Hafi hún rokið á M sem við það hafi kastast út, lent illa á hægri hlið á harðri malarjörðinni og orðið fyrir meiðslum á hægri öxl. Kveður M að sér hafi ekki verið leiðbeint um að standa ekki í dyrunum. Hún sé óvön og hafi ekki starfað við búskap. Í málskoti segir að við vinnu í kringum dýr geti hegðun þeirra verið mjög ófyrirsjáanleg. Því beri að fara með sérstakri varúð, einkum þegar sauðburður á sér stað og dýrin mjög óróleg og jafnvel árásgjörn. Þar sem M hafi verið gestkomandi á bænum og óvön sveitastörfum hafi hvílt sérstök skylda á A að huga að fullnægjandi öryggisráðstöfunum, leiðbeiningum og skipulagi við umrætt verk, þannig að hætta myndi ekki stafa af.

Hefur m krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut umrætt sinn. Samkvæmt upplýsingum A hafði umrædd ær verið látin jafna sig eftir sauðburð og hafi hún karað lömb sín á fjárhúshlaðinu. Síðan hafi átt að færa hana og lömbin í einstaklingsstíu inni í fjárhúsinu. Hafi það verið gert með þeim hætti að ærin hafi verið látin elta lömb sín þangað. Umrætt sinn hafi átt að færa ána í stíu á efri hæð í fjárhúsinu eftir sérstakri göngubraut. Þegar komið var með lömbin um hálfu leið upp göngubrúna mun ærin hafa orðið órugg að elta lömbin og sótt aftur út á fjárhúshlaðið. M hafi staðið úti á fjárhúshlaðinu og gert sig líklega til að stíga upp í hlöðuna (fjárhúsið) og varna ánni útgöngu, óumbeðin. Í því hafi ærin ætt út og á M með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist.

Álit.

Aðila greinir að nokkru á um það hver hafi verið tildrög slyssins. Ósannað er að M hafi verið að störfum á bænum í tengslum við sauðburðinn og borið að hlýða sérstökum fyrirmælum þegar hún hugðist varna ánni útgöngu úr fjárhúsinu. Engin skýr sönnunargögn liggja fyrir um það að ær kunni að vera hættulegar við sauðburð þannig að A hafi borið að vara hana við mögulegri hættu sem gæti stafað af ánni þegar hún leitaði aftur útgöngu úr fjárhúsinu. Af gögnum málsins verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bónda hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 198/2019**M og
V1 vegna ökutækisins A og
V2 vegna ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 04.06.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 03.07.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 21.06.2019.

Málsatvik.

Málsatvik voru þau að ökutæki í eigu M varð fyrir tjóni þegar lögregla veitti ökutækinu B eftirför þann 6. júní 2018. Lögregla hóf eftirförina þegar ökutæki B hóf ofsaaustur. Hraðinn mældist 170 km/klst á Miklubraut þar sem hámarkshraði er 60 km/klst og síðar 80 km/klst. Eftir töluverða eftirför veitti varðstjóri heimild til að aka á ökutæki B til að stöðva aksturinn þar sem umferð þurfti að sveigja frá til að forða slysi. Reynt var að stöðva B með ákeyrslu á hringtorgi á Vesturlandsvegi en það tókst ekki og síðan setti lögreglan á Vesturlandi naglamottu á veg í Kjósarskarði sem ökumaður B ók framhjá. Við það dró úr hraðanum á ökutækinu en mikilvægt þótti að stöðva för B. Að lokum náði lögreglubifreið A að aka þétt upp að afturenda B, nýta þannig skriðþunga bifreiðarinnar og ýta við B með þeim afleiðingum að ökutækið snerist og fór út af veginum og batt það enda á eftirförina. V2 hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að lögreglan hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að stöðva för B og þar af leiðandi valdið árekstri af ásetningi. M telur að um bótaskyld tjón sé að ræða þar sem ökumaður B hafi ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu og hafi reynt með öllum tiltækum ráðum að forða sér og þar með lagt sjálfan sig og aðra í stórhættu og beri hann því sök á tjóninu sem varð. Leitað hafi verið allra leiða til að stöðva för B þannig að sem minnst hætta skapaðist. Ökumaður B hafi verið í annarlegu ástandi og undir áhrifum áfengis og örvandi fíkniefna. Litlu hafi mátt muna að stórslys yrði og hafi ökumaður B því sýnt af sér vítavert gáleysi. Verði að telja aðgerðir lögreglu eðlilegar miðað við aðstæðurnar sem sköpuðust. Ekki verði annað séð en að ökumaður B beri alla ábyrgð á því tjóni sem hlaut af enda vítavert aksturslag hans orsök þess.

V2 hafnar bótaskyldu og vísar til þess að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið vísvitandi á ökutæki B. Þó svo að lögreglunni sé í vissum tilfellum heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga í neyðar- og forgangsakstri gildi þrátt fyrir það ákvæði 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um skiptingu sakar. Beri því að skipta tjóninu að tiltölu við sök ökumanna og líta til hefðbundinnar sakarskiptingar á þeim tímamarki sem áreksturinn varð. Engu breyti þótt ákvörðun lögreglu kunni að hafa verið réttlætlanleg vegna almannahagsmuna og velti það ekki ábyrgð á afleiðingum ákeyrslunnar sem slíkrar yfir á eiganda þeirrar bifreiðar sem ekið var á. V2 telur rétt og eðlilegt að íslenska ríkið sem eigandi bifreiða beri sjálft áhættu af því tjóni sem óhjákvæmilega verði á bifreiðum við slíkar lögregluaðgerðir. Lögregla geti ekki gengið út frá því að fá bifreiðar sínar bættar úr lögboðinni ökutækjatrýggingu þess ökutækis sem ekið er á og komið þannig ávallt skaðlaus út úr þeim aðgerðum. Ákvörðun lögreglu hafi verið þannig að ljóst yrði að um munatjón yrði að ræða og ekki sé hægt að líta öðruvísi á en að lögreglan hafi samþykkt að taka á sig tjón sem af því hlytist.

V1 telur að ökumaður B eigi að bera alla ábyrgð á því tjóni sem varð á A. V1 vísar til 3. mgr. 5. gr. og 8. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að í 2. mgr. 8. gr. laganna komi fram að ökumenn skuli víkja eða nema staðar ef ökutæki sem ætlað sé til neyðaraksturs gefi sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur. Ljóst sé að ökumaður B hafi valdið vegfarendum stórhættu með aksturslagi sínu og skv. 45. gr. a umferðarlaga megi enginn stjórna ökutæki undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Ökumaður B hafi því brotið gegn ákvæðum umferðarlaga og lögreglulaga og tjón á bifreiðinni A megi þannig rekja til vítaverðar háttsemi ökumanns B.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber þeim sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki að bæta tjón sem hlýst af notkun þess. Í 1. mgr. 91. gr. laganna kemur fram að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hljótist af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu. Í a-lið 2. tölul. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að það sé hlutverk lögreglu m.a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Í 15. gr. laganna eru ákvæði um aðgerðir lögreglu í þágu almannafríðar, allsherjarreglu o.fl. og í 4. mgr. er kveðið á um að ef maður óhlýðnist fyrirmælum lögreglu skv. 2. og 3. mgr. geti hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningsi í hættu.

Ákvörðun um lögregluaðgerð liggur hjá lögreglu og er nauðsynleg til að tryggja hlutverk lögreglu skv. ákvæðum 1. gr. lögreglulaga. Afleiðingar lögregluaðgerðar geta leitt til þess að munir í eigu lögreglu skemmast eða starfsfólk slasast og eru þær hluti af hlutverki lögreglu sem þarf að standa straum af þeim kostnaði. Ekki er unnt að fallast á að slíkar afleiðingar lögregluaðgerðar falli undir tjón í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og þar með ábyrgðartryggingu skv. 91. gr. laganna. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 199/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um sönnun og ábyrgð vegna áreksturs 14. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 11. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 26. júní 2019, ásamt tölvupósti dags. dags. 16. og 18. febrúar 2019 frá ökumanni ökutækis A.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningarskýrslu sem starfsmaður fyrirtækisins Aðstoðar&Öryggis gerði vegna málsins kemur fram að ökumaður bifreiðar A tilkynnti um tjón á bifreið sinni vegna áreksturs við bifreið B á mótum Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur. Í skýrslunni kveðst ökumaður bifreiðar A hafa ekið frá Suðurlandsvegi niður á aðrein við Vesturlandsveg í vesturátt og verið að bíða eftir að komast inn Vesturlandsveginn og þá hafi bifreið B verið ekið vestur og til hægri inn á aðrein og á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B taldi í skýrslunni að það hafi verið ekið aftan á bifreið sína þegar hann var kominn inn á aðreinina. Í skýrslunni kemur einnig fram að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreið B. Í málinu liggur fyrir niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna um að ökumaður bifreiðar B (M) beri alla sök á árekstri við bifreið A.

M, sem var ökumaður bifreiðar B, telur í málskoti sínu til nefndarinnar að rangt sé farið með í lýsingu á atvikum af hálfu ökumanns bifreiðar A. M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið upp ramp að Höfðabakka þegar hann verður var við smádyrk á afturenda bifreiðar sinnar. Því næst hafi ökumaður bifreiðar A elt hann á áfangastað hans á bifreiðastæði við Húsgagnahöllina og sakað hann um að hafa ekið utan í bifreið A. Þessu hafnar M og telur ranglega farið með af hálfu ökumanns A sem og að það sé sannað að ekki hafi fundist nokkur merki þess á bifreið B að henni hafi verið ekið utan í bifreið A og þannig geti slíkt ekki staðist.

V gaf nefndinni ekki upp sérstaklega afstöðu til málsins í tölvupósti dags. 26. júní sl., en upplýsir um frekari frásögn ökumanns bifreiðar A í málinu þar sem efnislega kemur fram að hún telur að M hafi ekið bifreið sinni á bifreið A, eins og fram kemur í tjonstilkynningarskýrslu.

Álit.

Nokkur ágreiningur er um atvik í umrætt sinn en tjonstilkynningarskýrsla staðfestir þó að báðir ökumenn hafi verið við akstur á Vesturlandsvegi með þeim hætti sem haft er eftir þeim í þeirri skýrslu. Þegar framburður ökumanna er metinn verður að telja sannað að bifreið A hafi verið á aðrein þeirri sem bifreið B var ekið inn á. Ökumaður bifreiðar A ber um árekstur og ökumaður bifreiðar B (M) segist hafa heyrt dyrk á sama tíma og hann ók inn á aðreinina. Þannig verður talið sannað að árekstur hafi orðið í sömu mund og bifreið B var ekið inn á aðreinina. Við þær aðstæður bar ökumanni bifreiðar B að gæta að umferð sem var fyrir á aðreininni og ber hann því sönnunarbyrði um að hafa ekki ekið utan í bifreið A við þær aðstæður heldur að árekstur hafi átt sér stað eftir að þeirri aðgæsluskyldu hafði verið nægilega sinnt. Af gögnum málsins í heild telur nefndin að slík sönnun hafi ekki tekist. Ökumaður bifreiðar B verður að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og ber því alla sök á árekstri við bifreið A.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 200/2019**V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna árekstrar á gatnamótum Bústaðavegar og
Háaleitisbrautar hinn 02.04.2019****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.06.2019, ásamt fylgigögnum 1-7.

Bréf V1, dags. 26.06.2019.

Bréf V2, dags. 13.07.2019.

Málsatvik.

Að morgni 2. apríl 2019 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn. Fyrirtækið Aðstoð & öryggi var kallað á vettvang og liggur skýrsla þess fyrir í málinu. Þar kemur fram að bifreið A hafi verið ekið suður Háaleitisbraut að gatnamótum við Bústaðaveg þar sem hún hafi stöðvað gegnt rauðu umferðarljósi. Henni hafi svo verið ekið inn á gatnamótin þegar ljósið varð grænt. Á sama tíma hafi bifreið B, sem var á leið vestur Bústaðaveg, verið ekið inn á gatnamótin og í veg fyrir A með þeim afleiðingum að bifreiðarnar rákust saman. Samkvæmt framburði M í umræddri skýrslu var staða umferðarljósa græn á hans akstursstefnu. Þá hafi bifreið hans verið komin inn á gatnamótin þegar bifreið A var ekið af stað. Jafnframt eru í skýrslunni raktar yfirlýsingar tveggja vitna, sem bæði bera að bifreið B hafi verið ekið á mikilli ferð inn á gatnamótin, gegnt rauðu ljósi. Þá halda bæði vitnin því fram að bifreið A hafi verið ekið af stað gegnt grænu umferðarljósi.

M er ósáttur við að bera einn alla sök á umræddum árekstri og telur að afstaða ljósa við umrædd gatnamót hafi ekki verið rannsökuð nægilega og eins að draga megi sannleiksgildi vitnisburða í málinu í efa. Í málskoti sínu til nefndarinnar byggir hann þannig á því að vitni að atburðinum hafi ekki getað séð ljósin gegnt hans akstursstefnu og því standist staðhæfingar þeirra ekki, og auk þess hafi annað vitnið verið samstarfsmaður ökumanns bifreiðar A. Jafnframt sé það svo að jafnvel þó gult ljós hafi logað á hans akstursstefnu hafi hann verið að hreinsa gatnamótin og teljist því vera á grænu ljósi í þeim skilningi. Jafnframt gerir M í málskoti athugasemdir við verklag V2 við bótauppgjör vegna tjóns á bifreið hans og fjárhæð bóta.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að samkvæmt lýsingum ökumanna á aðdraganda árekstrar verði að telja meiri líkur en minni á því að rautt ljós hafi logað fyrir umferð um Bústaðarveg þegar bifreið B var ekið yfir gatnamótin. Sé litið til framburðar vitna sé jafnframt ljóst að bifreið B hafi verið ekið inn á gatnamótin gegnt rauðu ljósi með þeim afleiðingum að árekstur varð. Er því afstaða V1 sú að ökumaður bifreiðar B beri einn fulla sök á árekstrinum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V2 fram að félagið muni ekki gera athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Af framburði ökumanna í skýrslu Aðstoðar & öryggis má ráða að þeir telji sig báða hafa ekið gegnt grænu umferðarljósi. Ekki hefur verið sýnt fram á að afstaða umferðarljósa sé slík að það sé mögulegt. Þegar litið er til þess að tvö vitni, annað staðsett í bifreið fyrir aftan bifreið A, og hitt staðsett í bifreið gegnt bifreið B, við beygjuljós inn á Háaleitisbraut, bera bæði að bifreið B hafi verið ekið inn á gatnamótin gegnt rauðu ljósi verður að telja nægilega sýnt fram á að svo hafi verið. Vitnisburður beggja vitna er að mestu samhljóða og er þá ekki tilefni til að líta sérstaklega til þess að annað vitnið hafi verið kunnugt ökumanni bifreiðar A. Verður því að telja að M hafi, umrætt sinn, vanrækt að gæta nægilega að 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að fara skuli eftir leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru með m.a. umferðarljósum og að hann beri því einn sök á umræddum árekstri, en ekki hefur verið sýnt fram á neina sök hjá ökumanni bifreiðar A.

Hvað varðar umkvartanir M í málskoti um mögulega bótafjárhæð vegna tjóns á bifreið hans er rétt að taka fram að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fjallar aðeins um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr.

auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Ekki verður séð að samþykki V2 fyrir umfjöllun nefndarinnar um bótafjárhæð liggi fyrir og er því þeim þætti málsins vísað frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. fyrrnefndra samþykka.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á umræddum árekstri. Að öðru leyti er máli þessu vísað frá nefndinni með vísan til 3. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 201/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Reykjanesbraut 9.2.2019.****Gögn.**

Málskot móttakið 13.06.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Tölvupóstur V dags. 28.06.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 9.febrúar 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók í umrætt sinn, og B. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að M lýsi atvikum á þann hátt að hún hafi hægt á bifreiðinni vegna myrkurs og þá hafi bifreið B ekið aftan á hana. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum svo að hann hafi ekið á eftir bifreið A á svipuðum hraða, eða um 85 kílómetra hraða á klukkustund, alla Reykjanesbrautina í átt til Reykjavíkur, en við Hvassahraun hafi bifreið A verið snögghemlað án ástæðu. Hann hafi reynt að varna árekstri með því að sveigja til vinstri en það hafi ekki tekist, og því hafi hægra framhorn bifreiðar B rekist í vinstra afturhorn bifreiðar A. Í lögregluskýrslunni er jafnframt vísað til framburðar farþega í bifreið B, sem er hópferðabifreið, en þar segir að bifreið A hafi verið hemlað snögglega.

Málinu var vísað til tjonanefndar váttryggingafélaganna sem byggði á því að ökumaður bifreiðar A hefði hemlað án tilefnis og að ökumaður bifreiðar B hefði ekki gætt nægjanlega að umferð fyrir framan sig. Var sök því skipt til helminga.

M er ósátt við þá niðurstöðu og krefst þess fyrir nefndinni að öll sök verði lögð á ökumann B þar sem hann hafi ekki gætt að því að hafa nægilegt bil milli bifreiða og ekki hagað akstri sínum á þann hátt að hann gæti stöðvað farartækið áður en kæmi að hindrun. Þá er því mótmælt að M hafi hemlað að tilefnislausu enda hafi verið tilefni til að hægja á akstrinum vegna birtuskilyrða. Við þau skilyrði hafi ökumanni bifreiðar B borið skylda til að haga aksturshraða sínum í samræmi við aðstæður.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V, sem er váttryggjandi beggja bifreiða, því yfir að félagið muni ekki senda sérstakar athugasemdir vegna málsins. Hins vegar fylgdu bréfi V yfirlýsingar frá ökumanni og tveimur farþegum í bifreið A. Annar farþeginn lýsir því svo að M hafi hægt á sér vegna veðurs og birtuskilyrða í aðdraganda árekstrar, en hinn segist hafa einbeitt sér að símtæki sínu og hafi skyndilega fundið fyrir högginu við ákomuna.

Álit:

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að byggja á því að ökumaður bifreiðar A hafi hægt nokkuð skyndilega á bifreiðinni, þó ekki sé ljóst hvort um snögghemlun hafi verið að ræða. Verður því að telja að hún beri nokkra ábyrgð á umræddum árekstri, sbr. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hins vegar þykir rétt að ökumaður bifreiðar B beri meginhluta sakar þar sem telja verður að hann hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig og vanrækt að hafa svo mikið bil milli bifreiða að ekki skapaðist hættu á árekstri, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ekki hagað hraða sínum þannig að hann gæti stöðvað ökutækið, sbr. 1. mgr. 36. gr. sömu laga.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 8. ágúst 2019
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 202/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27. apríl 2018 varð árekstur á bifreiðastæði við verslunina Bónus að Helluhrauni í Hafnarfirði. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra framhorn bifreiðar sem A var farþegi í. M leitaði á bráðadeild Landspítalans 30. sama mánaðar vegna verkja í herðum og hægra hné eftir að hafa rekið það í mælaborð við áreksturinn. Var M metin óvinnufær af völdum slyssins til 31. júlí 2018 samkvæmt fyrirliggjandi vottorðum heimilislæknis.

Af hálfu V var aflað útreiknings á þyngdarhröðun bifreiðanna við áreksturinn, svonefnds „PC Crash“ útreiknings. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu, dags. 22. júní 2018, er líklegasta gildi þyngdarhröðunar A talin vera -1,19g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar bifreiðar þeirrar sem A var farþegi í var talið vera -0,66g.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn. V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum umrætt sinn.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur M haft um nokkurra ára skeið fyrir slysið sögu um einkenni í brjóstbaki, herðum, vinstri öxl og vöðvabólgu. Engin álits- eða matsgerð óvilhalls aðila liggur fyrir um það hvort M hafi orðið líkamsmeiðslum, þ. á m. varanlegum, við áreksturinn. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að skemmdir á bifreiðum séu tiltölulega litlar. Að þessu virtu og gegn andmælum V verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn 27. apríl 2018. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 203/2019**M og****VI ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sönnun og ábyrgð vegna áreksturs 29. maí 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 20. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 28. júní 2019, ásamt gögnum málsins.

Bréf V1, dags. 8. júlí 2019, ásamt gögnum málsins.

Málsatvik.

Á framhlið tjonstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, kemur fram að ökumenn beggja bifreiða segjast hafa verið að aka út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h. og þar að auki merkir ökumaður bifreiðar B sérstaklega við að hann haf verið að aka aftur á bak. Á teikningu á sömu framhlið kemur er gefið til kynna með örvum að bifreið B hafi ekið aftur á bak en bifreið A áfram. Á bakhlið tjonstilkynningar kveðst ökumaður bifreiðar A hafa verið búinn að bakka áleiðis úr bílastæði þegar ruslabíll kom akandi og þá kveðst ökumaður bifreiðar A hafa stöðvað og bifreið B hafi verið ekið aftur á bak á bifreið A í kjölfarið. Ökumaður bifreiðar B telur að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak þegar árekstur varð.

M telur að sök hafi ranglega verið skipt til helminga hjá Tjónanefnd vátryggingafélaganna og telur sannað bæði af gögnum málsins og viðurkenningu ökumanns bifreiðar B strax eftir áreksturinn að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér m.t.t. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Í málinu verður að lesa saman merkingar á framhlið tjonstilkynningar og framburð ökumanna. Á framhlið tjonstilkynningarinnar, sem báðir ökumenn undirrita, er merkt þannig við lýsingu atvika að einungis bifreið B hafi verið ekið aftur á bak. Verður að líta svo á að slík merking hafi stöð í framburði M (sem ökumanns bifreiðar A) um að bifreið A hafi verið kyrrstæð og að víkja fyrir óþekktri bifreið sem ekið var á sama tíma um bifreiðarstæði það sem báðir ökumenn hugðust aka út af. Fær það stöð í því að bifreið B hafi verið ekið aftur á bak án nægilegrar aðgátar og verður ökumaður þeirrar bifreiðar því að bera ábyrgð á árekstrinum

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 204/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu er strætisvagnsstjóri féll í hálfu á bílastæði****Gögn.**

Málskot mótttekið 24.06.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 11.07.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 29. nóvember 2018 var M, sem starfar sem strætisvagnsstjóri hjá A, að ganga að bifreið sinni eftir vaktaskipti en áður hafði hún skilað strætisvagninum sem hún ók þann dag á þar til gert svæði. Er hún var á leið að bifreið sinni sem lagt var í bifreiðastæði starfsmanna féll hún og meiddist nokkuð. M lýsir atvikum á þann veg að talsverður snjór hafi verið á planinu og að vinna við ruðning hafi staðið yfir og mjög hált þar sem búið var að ryðja, enda hafi planið ekki verið sandað. Á leið að bifreið sinni hafi hún þurft að klofa yfir ruðninga, en við það hafi hún runnið til og dottið.

M telur að tjón sitt megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A eða aðila sem A beri ábyrgð á. Þannig hafi sambærileg atvik áður átt sér stað á þessu svæði og oft verið kvartað yfir lélegum hálkuvörnum. Eftir að hálkuslys átti sér stað á svæðinu hinn 21. janúar 2015 hafi Vinnueftirlitið sent A bréf með tilmælum um að gera skyldi verklagsreglur um hálkuvörnir hjá stofnunum A. A hafi hins vegar ekki orðið við þeim tilmælum en hefðu slíkar verklagsreglur verið til staðar megi gera ráð fyrir að þær hefðu t.a.m. kveðið á um að ekki skuli sinna hálkuvörnum á sama tíma og vaktaskipti fara fram með tilheyrandi umferð starfsfólks enda auki það hættu á slysum sem þessu. Þá hafi þeir starfsmenn A sem voru við snjóruðning umrætt sinn ekki sinnt um að aðstoða M þar sem hún lá á jörðinni heldur haldið starfi sínu áfram. Hafi sú hegðun aukið á tjón M. Enn fremur hafi slys M ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 3. desember 2018, þrátt fyrir að ljóst væri að það var alvarlegt.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi A eða að aðstæður hafi á einhvern hátt verið slíkar að rétt sé að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. A hafi einfaldlega verið að bregðast við aðstæðum og ekkert í lögum eða reglum leggi bann við því að stunda snjómokstur um það leyti sem vaktaskipti fara fram. M hafi mátt vera ljóst að hálkuvörnum hafi ekki verið lokið og borið að sýna varkárni í samræmi við það. Tjón hennar verði því rakið til óhappatilviks og eigin sakar.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins. Slys M átti sér stað um vetur, og af veðurfarsyfirliti sem liggur fyrir nefndinni má ráða að töluverð snjócoma hafi verið umræddan dag og hitastig með þeim hætti að reikna mætti með talsverðri hálfu. Þá liggur ekki annað fyrir en að A hafi brugðist við þeim aðstæðum með því að ryðja umrætt bílaplan. Ekki hefur heldur verið sýnt fram að það hafi falið í sér sérstakt gáleysi af hálfu A að ryðja planið á þeim tíma sem vaktaskipti áttu sér stað eða að vinnubrögð við snjóruðning hafi á einhvern hátt verið óforsvaranleg og að slys M megi rekja til þess. Ekki telst því sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 205/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar****Barn kastar steini í bifreið þann 23.4.2018.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 14. júní 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 10. júlí 2019, ásamt fylgiskjali.

Tölvupóstur M, dags. 14. júlí 2019.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu ók M, þann 25. apríl 2018, á bifreið sinni eftir Gagnvegi í Reykjavík, í átt að Fjallkonuvegi. Þegar hún var á móts við strætóskýli við Dalhús heyrði hún skyndilegan háan hvell í toppnum á bifreiðinni, beint fyrir ofan höfuðið á sér. Hún lítur þá í spegil og sér þrjá drengi við skýlið. Hún snýr við og fékk staðfest að einn þeirra hafi kastað grjóti í bifreiðina, drengur (A). Lögregla hafði samband við foreldra A þar sem fram kom að drengurinn viðurkenndi að hafa kastað snjóbolta/grjóti í átt að bifreiðinni en hann og vinur hans hefðu kastað á svipuðum tíma og hann vissi ekki hvor átti kastið sem lenti á bifreiðinni. Lögregla hafði einnig samband við foreldra þess drengs, þar sem fram kom að hann hafi ekki kastað steini í átt að bílnum. M gerði kröfu í ábyrgðartryggingu foreldra A. Þeirri kröfu var hafnað af V með tölvubréfi, dags. 4. júní 2019 á þeim forsendum að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi og tryggingin bæti ekki slík tjón, sbr. 65. gr. skilmála tryggingarinnar.

M telur tjónið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu foreldra A þar sem tjóninu hafi ekki verið valdið af ásetningi, heldur hafi 9 ára drengur kastað grjótinu af óvitaskap. Hann hafi ekki reynt að flýja af vettvangi og gefið allar upplýsingar sem óskað var eftir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji gögn málsins nokkuð óljós. Ekki liggi fyrir hvort steini eða snjóbolta hafi verið kastað í bifreiðina og engin gögn, svo sem myndir, tjónamat eða annað liggi fyrir. Því verði að teljast ósannað að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni. Þá sé einnig óljóst hver á að hafa kastað í átt að bifreiðinni. Lögregla hafi enga skýrslu tekið af A og frásögn um að hann hafi kastað steini í bifreiðina virðist byggja á frásögn annarra drengja, sem einnig gætu hafa kastað í bifreiðina. Frásögn þeirra verði því að teljast ótrúverðug og því telji félagið ósannað að A hafi kastað snjóbolta/steini í bifreiðina. Þá teljist það ásetningsverknaðar, eða í það minnsta stórfellt gáleysi, að valda skemmdum á bifreið með því að kasta snjóbolta/steini í hana. Engin áhrif hafi þó gerandi sé ungur að árum, enda ljóst að hann hafi nægan þroska til að gera sér grein fyrir eðli og afleiðingum háttseminnar. Verði talið sannað að A hafi kastað í bifreiðina með þeim afleiðingum að tjón varð sé því ljóst að tjónið sé undanskilið samkvæmt 65. gr. skilmála, þar sem fram kemur að félagið beri ekki ábyrgð á tjóni sem valdið er af ásetningi.

Í bréfi M frá 14. júlí 2019 er því hafnað að gögn málsins séu óljós. Aldrei hafi annað verið sagt en að steini/grjóti hafi verið kastað í bílinn, enda var enginn snjór þegar atvikið átti sér stað. Þá fylgi með reikningur frá Víkurós, sem gerði við bifreiðina.

Álit

Í lögregluskýrslu er það viðurkennt að A hafi kastað grjóti í átt að bifreið M. Í sömu skýrslu hafnar annar drengur því að hafa kastað í bifreiðina og því liggur ekki annað fyrir en að A hafi einn kastað í átt að bifreiðinni og verður slík hegðun metin honum til gáleysis. Jafnframt liggur fyrir reikningur frá verkstæði sem gerði við skemmdir á toppi bifreiðarinnar og telst því sannað að tjón hafi orðið. V ber sönnunarbyrði fyrir því að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi og hefur sú sönnun ekki tekist. Þar af leiðandi á undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum, sbr. 65. gr. þeirra, ekki við í málinu. Tjónið fellur því undir ábyrgðartryggingu sem foreldrar A eru með hjá V og fæst því bætt úr tryggingunni

Niðurstaða.

Tjón á bifreið bætist úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar sem foreldrar A voru með hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 206/2019**M og
V ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 18. nóvember 2016 á geymslusvæði strætisvagna.****Gögn.**

Málskot, dags. 24. júní 2019, ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V, dags. 8. júlí 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú lýsing M, sem starfaði þá við að aka strætisvögnum hjá X, að hann hafi í lok vinnudags 18. nóvember 2016 verið að ganga frá strætisvagni á geymslusvæði þeirra við Rangárvelli þegar hann féll á vinstri hlið og hlaut áverka á síðu og öxl. Nánar tiltekið kveðst M haf a verið að ganga að verkstæðisdyrunum á geymslusvæðinu þegar það hafi verið eins og kippt undan honum fótunum. Í lýsingu í málskoti kemur fram að hálka hafi getað myndast þannig að bleyta sem komið hafi vegna þess að strætisvagnar eru þvegnir inni á verkstæði hafi frosið og síðan snjóað yfir hana og þannig myndast hálka, einnig kemur fram í málskoti að veður hafi einnig verið þannig þennan dag að hálka hafi getað myndast skyndilega. Í málinu liggur einnig fyrir tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlitsins, sem móttekin er 1. desember 2016 hjá Vinnueftirlitinu, þar sem lýsing starfsmanns X af málinu er þannig að M hafi runnið til í hálku við húsnæði SAK.

M telur að X hafi vanrækt hálkuvarnir á geymslusvæði strætisvagna. Hann hafi sjálfur dottið áður á sama svæði, eða í janúar 2015 og fleiri starfsmenn hafi dottið á sama stað. M vísar einnig til þess að Vinnueftirlitið hafi sent bréf til X, dags. 30. apríl 2015 um að það bæri að gera verklagsreglur um hálkuvarnir hjá stofnunum X, en slíkar reglur liggi þrátt fyrir það ekki fyrir hjá X. Auk þess vísar M til þess að hann hafi verið óvinnufær frá slysdegi og X hafi ekki tilkynnt um slysið 18. nóvember 2016 til Vinnueftirlitsins eins og bar að gera. M telur því að vanræksla X vegna hálkuvarna felist í því að hafa ekki sett verklagsreglur eða brugðist sérstaklega við hálku þennan dag.

V telur að slys M sé ekki hægt að rekja til saknæmrar og ólögþráttar háttsemi X, starfsmanna bæjarins eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á heldur hafi fall M verið óhappatilvik og aðstæður ekki frábrugðnar því sem búast megi við að vetri til.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir lögregluskýrsla vegna atvika eða aðstæðna á geymslusvæði strætisvagna 18. nóvember 2016. M kveðst hafa verið óvinnufær frá þeim degi en í lækni-fræðilegum gögnum verður ekki séð að slík óvinnufærni sé staðsett, en M leitaði fyrst til læknis vegna fallsins 20. nóvember 2016. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins frá X verður ekki heldur séð að staðfest sé að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi og þannig hafi tilkynningarskylda skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 orðið til strax þá eða að X hafi vanrækt slíka skyldu þannig að leggja beri frásögn M til grundvallar málsatvikum. Þó ekki liggi fyrir sérstakar verklagsreglur um hálkuvarnir hjá X á umræddu svæði verður að sýna fram á slíkar varnir hafi verið vanræktar í greint sinn til þess að til greiðsluskyldu komi úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í gögnum málsins liggur einungis fyrir einhliða lýsing M á því að mögulega hafi myndast hálka vegna þvottar strætisvagna eða að aðstæður hafi verið þannig að sandbera hefði átt svæðið. Á meðan slík lýsing fær ekki stoð í öðrum gögnum málsins verður hún ekki lögð til grundvallar bótaábyrgð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna vinnuslyss úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 207/2019**M og
V vegna ábyrgðarliðar í heimatryggingu A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á Sörlaskjólí 15.06.2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 25.06.2019 ásamt fylgiskjölum 1-21.

Bréf V dags. 27.06.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Hinn 15. júní 2018 rákust M, sem var fótgangandi, og A, sem var á reiðhjólí, saman með þeim afleiðingum að þau féllu bæði í götuna og M slasaðist töluvert. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna slyssins lýsir M atvikum á þann hátt að hún hafi lagt bifreið sinni sunnan megin við akbrautina, gengið aftur með henni og ætlað sér að þvera akbrautina í átt að húsi norðan megin við götuna. Hún hafi ekki heyrt í bifreið og því talið sér óhætt að ganga út á akbrautina. Samtímis því að hún gekk út á akbrautina hafi hún litið í vestur og þá séð A þar sem hann kom á mikilli ferð á reiðhjólí, en hann hafi horft niður og verið að auka ferð sína. Henni hafi brugðið við og öskrað en þau skolið saman með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina og slasaðist. A lýsir atvikum hins vegar á þann hátt að hann hafi hjólað austur Sörlaskjól á 20-25 kílómetra hraða á klukkustund. Hann hafi hjólað eftir miðri akbrautinni þar sem bifreiðum hafi verið lagt beggja vegna hennar. Þegar hann var kominn að bifreið M hafi M skyndilega gengið út á götuna í veg fyrir hann. Hann hafi hemlað og sveigt til hægri í átt frá henni, en hún tekið skref til baka í sömu átt og hann og þau skolið saman. Hann hafi horft fram eftir götunni áður en slysið varð en ekki séð M þar sem hún hafi verið aftan við bifreið sína.

M telur tjón sitt bótaskyldt og sendi V tilkynningu um það dags. 1. ágúst 2018. Kröfu sína rökstyður M með því að A hafi sýnt af sér verulegt gáleysi. Þannig hafi hann verið á of mikilli ferð, eða við hámarkshraða sem mun vera 30 kílómetrar á klukkustund, miðað við aðstæður og hafi ekki getað stöðvað reiðhjólíð tímanlega við óvæntar aðstæður. Þá hafi hann ekki brugðist rétt við þegar sýnt var hvert stefndi og hafi hann sveigt að M í stað þess að sveigja frá henni. Slysið hafi átt sér stað á sólríkum eftirmiðdegi í íbúðargötu og því hafi A mátt vænta þess að þarna væri fólk á ferð, og því rík ástæða til að gæta fyllstu varúðar. Þá hafi fjölda bifreiða verið lagt beggja vegna götunnar og því sérstök ástæða til að vænta þess að gangandi vegfarendur væru á ferli við þær. Hemlunarvegalegd reiðhjóla sé lengri en bifreiða og því ástæða til að vera ekki á hámarkshraða í íbúðargötum. A, sem sé vanur keppnismaður í hjólreiðum, hafi verið að etja kappi við tímann. Honum hefði hins vegar verið í lófa lagið að velja aðra leið til að minnka líkur á tjóni gangandi vegfarenda. Enn fremur hafi A hjólað of nálægt kyrrstæðum bílum, horft niður á veginn en ekki fram á hann, og bjalla hefði ekki verið á hjólí hans. Þá er því hafnað að um nokkra eigin sök M hafi verið að ræða, enda hafi verði ómögulegt fyrir hana að verða vör við hljóðlaust reiðhjól fyrr en hún hafi verið komin út á götuna, enda þá fyrst sem hún hafði útsýni til beggja átta.

V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 18. mars 2019 og fyrir nefndinni áréttar félagið þá afstöðu sína að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Rökstyður V afstöðu sína með því að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að A hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, sem hafi verið góðar þennan dag. Þá sýni upplýsingar úr forritinu Strava að A hafi verið á 28,4 kílómetra hraða á klukkustund rétt fyrir áreksturinn og því undir leyfilegum hámarkshraða. Jafnframt séu staðhæfingar um að A hafi verið að keppast við að ná góðum tíma ósannaðar og eins staðhæfingar um að hvorki glitmerki né bjalla hafi verið til staðar á reiðhjólí hans. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu að hemlunarvegalegd reiðhjóla sé meiri en bifreiða. Hafnar V því jafnframt að A hafi sýnt af sér aðgæsluleysi umrætt sinn enda hafi hann ekki orðið M var, fyrr en hún birtist skyndilega á götunni Slys M megi því rekja til eigin aðgæsluleysis hennar og þess að hún gætti ekki nægilega að ákvæði 1. mgr. 12. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hún gekk út á akbraut án þess að hafa næga aðgát gagnvart nálægum ökutækjum. Hafnar V því bótaskyldu enda telur félagið að tjón M sé ekki að rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á.

Álit:

Ágreiningur aðila snýst samkvæmt framansögðu um það hvort A beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir er þau skulu saman þannig að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðarlið heimatryggingar hans.

Aðila greinir á um ýmis atriði máls þessa en þó virðist ljóst að A hafi verið á það miklum hraða að hann hafi ekki náð að stöðva ferð sína tímanlega áður en hann og M skulu saman. Þrátt fyrir að ekki sé sýnt fram á að hraði A hafi verið yfir lögmæltum hámarkshraða verður því að miða við að hann hafi hjólað fullgreitt miðað við aðstæður, enda um hefðbundna íbúagötu að ræða, nálægt útivistarsvæði þar sem vænta má bæði hjólandi og gangandi vegfarenda sem og umferðar bifreiða og þar sem bifreiðum var lagt beggja vegna akbrautarinnar. Mátti A því gera ráð fyrir umferð fótgangandi vegfarenda á þessu svæði og þurfti að haga ökuhraða eftir því. Þá má einnig ganga út frá því að viðbrögð A, þegar hann sveigði í átt að M, í stað þess að sveigja frá henni, með það að markmiði að forða árekstri þeirra, hafi átt þátt í að tjón varð. Á grundvelli þessa verður því talið að A hafi ekki gætt nægilega að ákvæði 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og beri skaðabótaábyrgð á umræddu tjóni.

Hins vegar verður ekki litið framhjá því að M virðist hafa gengið út á akbrautina án nægilegrar aðgátar, en samkvæmt frásögn hennar hlustaði hún eftir umferð en leit ekki til hliðar fyrr en um leið og hún steig inn á akbrautina. Verður því að líta svo á að hún hafi ekki viðhaft sérstaka aðgát í samræmi við 1. mgr. 12. gr. umferðarlaga. Er því rétt að hún beri helming tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.

M og A bera hvort um sig helming sakar á umræddu atviki og á M rétt á bótum úr ábyrgðarlið heimatryggingar A hjá V í samræmi við það.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 209/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsstúlka í bakaríi féll á gólfi í bakaríinu og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 29. júní 2016 var M að störfum í bakaríinu A. Samkvæmt tjonstilkynningu A til V, dags. 5. júlí 2016, var M að fylla á tertukæli fyrir vaktaskipti. Hafi hún sótt tertur í kæli á baksvæði, misstigið sig og dottið á jafnsléttu. Í tjonstilkynningu M til V um slysið, dags. 28. desember 2017, segir að hún hafi verið að sækja tertur á baksvæði, misstigið sig og dottið á jafnsléttu. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 4.7.2016, er atvikum lýst á sama veg. Í fyrirliggjandi læknisvottorðum kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslustöð að kvöldi slysdags þar sem hún hafi dottið á rófubeinið og væri hvellaum yfir því. Var hún sögð óvinnufær með einhverjum hléum að því er virðist frá slysdegi til 31. október 2016.

Í tölvubréfi samstarfsstúlku M og verslunarstjóra hjá A, dags. 9. janúar 2018, kemur fram að M hafi verið að klára vakt og ákveðið að ljúka við að fylla búðina áður en hún færi. Hafi hún farið á bak við og ætlað að sækja möndluköku. Þegar hún hafi verið búin að taka kökuna hafi hún runnið á gólfinu sem hafi verið blautt vegna kælísins sem hafi lekið. Gólfíð hafi alltaf verið eitthvað blautt vegna kælísins. Einnig verði gólfíð stórhættulegt þegar það verður blautt. Hafi starfsfólk alltaf verið að þrifa en það hafi aldrei gengið því kælirinn hafi ekki verið í lagi. Þegar M hafi verið að fara heim hafi verið „mjög vont“ fyrir hana að ganga. Í málskoti kveður M að slysið verði rakið til þessara aðstæðna í A.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við byltuna úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur mótmælt því sem fram kemur í tölvubréfi samstarfsstúlku M. Umræddur kælir hafi verið fenginn hjá tilgreindum aðila og hann hafi ekki lekið eða vatn lekið frá honum. Hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Samkvæmt fyrrgreindri tjonstilkynningu M til V hafði hún misstigið sig á jafnsléttu. Gögn eða upplýsingar um að slysið megi rekja til bleytu á gólfi vegna vatnsleka frá kæli koma fyrst fram í tölvubréfi frá samstarfskonu M 9. janúar 2018 eða meira en hálfu öðru ári eftir slysið. Sú lýsing á sér ekki stoð í öðrum gögnum málsins og fær ekki samrýmst lýsingu M á tildrögum þess að hún féll í gólfíð. Á þessari lýsingu verður því ekki byggt sem nægileg sönnun þess að slysið verði rakið til vanbúnaðar kælísins eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins einhverjum dögum eftir að það gerðist. Slysið var því ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar eins og þar að gera skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hvað sem því líður verður, með tilliti til þess hvernig tildrögum slyssins var lýst í upphafi af hálfu M, ekki séð að nægilegt tilefni sé til að fella sönnunarbyrði á A um það að slysið verði ekki rakið til aðstæðna á vinnustaðnum líkt byggt er á af hálfu M í málskoti. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 210/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 23.05.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 05.07.2019.

Málsatvik.

M var farþegi í ökutækinu A sem valt og slasaðist hann töluvert á vinstri öxl og hlaut illa tilfært viðbeinsbrot. Ökumaður A var ölvaður. M var metinn tímabundið óvinnufær og með varanlegan miska 8 stig og varanlega örorku 12%. M sótti bætur til V úr ábyrgðartryggingu A vegna tjónsins sem hann varð fyrir en var tilkynnt um skerðingu á bótum með vísan til þess að hann hefði tekið sér far með ölvuðum manni, sbr. 2.mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1897.

Í málskotinu segist M hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum B og síðan hafi hann og félagar hans beðið ökumann A að skutla þeim upp í vinnubúðir. Þeir hafi farið gangandi að heimili ökumannsins þar sem aksturinn hófst. Í stað þess að fara beint í vinnubúðirnar fór ökumaðurinn aðra leið með fyrrgreindum afleiðingum. M segist ekki hafa haft vitneskju um ölvun ökumannsins. Hann hafi ekki verið að neyta áfengis með honum heldur eingöngu verið staddur á sama stað. M hafi ekki þekkt ökumanninn og tekið sér far með honum í þeirri trú að hann myndi keyra beina leið í vinnubúðirnar.

V telur augljóst að dómgreind ökumannsins hafi verið skert vegna áfengisneyslu og að orsakatengsl séu á milli ölvunar ökumannsins og slyssins. V telur ljóst af lögregluskýrslunni að M hafi eða hafi mátt vita að ökumaðurinn var að aka undir áhrifum áfengis. Það komi fram í lögregluskýrslunni að allir aðilar hafi verið að drekka á bar og þeir hafi farið saman af barnum, gengið saman heim til ökumannsins og þaðan í bifreiðina. Það komi bæði fram í framburði ökumanns og farþega. Það sé ljóst að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að ökumaðurinn var ölvaður.

Álit.

Í lögregluskýrslunni kemur fram að megna vínlykt hafi lagt frá vitum ökumanns A. Þá er haft eftir ökumanni A (C) að hann hafi byrjað að drekka fyrr um kvöldið á veitingastaðnum B og þegar búið hafi verið að loka B hafi hann ásamt farþegum bílsins farið gangandi að heimili hans og þar hafi hann hafið aksturinn. Í skýrslunni er haft eftir M og tveimur öðrum farþegum að þeir hafi allir verið sammála um að C hafi ekið bifreiðinni. Þeir sögðust hafa verið fyrr um kvöldið allir að drekka bjór og áfengi á veitingastaðnum B og eftir að honum var lokað hafi þeir farið gangandi að heimili C þar sem þeir fóru í bifreiðina. Niðurstaða blóðsýnis sýndi að C var með 1,67% af áfengi í blóðinu og var hann því óhæfur til að stjórna ökutækinu, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þrátt fyrir að dómgreind M hafi verið skert vegna ölvunarástands hans dregur það ekki úr ábyrgð hans á eigin gerðum. M gekk með C frá veitingastaðnum B að heimili C og hefði hann átt á þeim tíma að gera sér grein fyrir áfengisáhrifum á C sem hafði svo mikið alkóhól í blóði sínu. Með vísan til þess telst M hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með ölvuðum ökumanni og þykir rétt að bætur til hans skerðist um helming, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Bætur M úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V skerðast um helming.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 211/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá A****Deilt um bótaskyldu úr slysatryggingar launþega vegna meiðsla sem M varð fyrir.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.06.2019 ásamt fylgiskjölum 1-19.

Bréf V, dags. 23.07.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt lýsingu M á atvikum varð hann fyrir meiðslum við störf sín hjá A hinn 10. ágúst 2017. Atvik hafi verið þau að M hafi, ásamt fleirum, verið að taka færiband út lausfrysti er hann rann til á blautu gólfinu og fékk högg á hægri hné. M tilkynnti V um atvikið hinn 5. apríl 2018 en félagið hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega hjá A með tölvupósti hinn 22. júní 2018 á grundvelli þess að ekki hefði verið staðfest að einkenni M mætti rekja til slyss í starfi hans hjá A. Í kjölfarið aflaði M frekari gagna, m.a. yfirlýsingar vitnis og staðfestingar forsvarsmanns A, sem þá hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, á atvikalýsingu eins og hún kom fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga dags. 11. október 2018. V hafi þó enn hafnað því að bótaskylda væri til staðar. M er ósattur við þá afstöðu V enda telur hann atvik fullsönnuð. Þannig komi lýsing á þeim fram í tilkynningu sem send var Sjúkratryggingum, en þar hafi atvik verið staðfest með undirskrift framkvæmdastjóra A. Jafnframt liggja fyrir yfirlýsing samstarfsmanns M, sem hafi verið vitni að atvikinu. Þá staðfesti fyrirbyggjandi lækisfræðileg gögn bæði atvikið sem slíkt og einkenni M í kjölfarið. Jafnframt bendir M á að V hafi hafnað frekari gagnaöflun í málinu og stríði sú afstaða gegn 10. gr. skilmála umræddrar vátryggingar, en gera megi ráð fyrir að frekari gögn um komur M til lækis og heilsufar hans eftir atvikið hefðu þjónað þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á atvik málsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að M hafi ekki sýnt fram á að einkenni hans yrðu rakin til vinnuslyss. Hann hafi fyrst leitað lækis þremur vikum eftir meint tjónsatvik, eða hinn 31. ágúst 2017. Í athugasemdum lækis vegna þeirrar komu sé hvorki minnst á slys eða áverka, og við seinni komu M á heilsugæsluna sé hann áfram greindur með bólgu framan á hné, en ekkert komi fram um slys eða áverka. Hinn 17. október hafi M enn leitað lækis og þá fyrst komi fram í sjúkragögnum að hann hafi fengið hnykk á hnéð einhverjum vikum fyrr. Þá hafi verið framkvæmd myndgreining á hné M hinn 12. mars 2018. Niðurstöður hennar séu að M sé með trosnun á liðþófa og bólgur í liðnum. Af framangreindu sé ljóst að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir slysi í ágúst 2017, enda megi frekar rekja einkenni hans til slits, fremur en áverka. Þá mótmælir V því að yfirlýsingar fyrirverandi framkvæmdastjóra A og samstarfsmanns M hafi sönnunargildi í málinu, enda sé þeirra aflað löngu eftir meint atvik og eftir að V hafi hafnað bótaskyldu. Er kröfu M því hafnað.

Álit.

Af áverkavottorði frá heilsugæslu, sem gefið er út hinn 27. nóvember 2018 og er meðal gagna málsins, má ráða að M hafi greinst með slitið krossband og gengist undir aðgerð vegna þess hinn 18. september 2018. Í því vottorði kemur einnig fram að M hafi slasast við að taka band úr lausfrysti hinn 29. ágúst 2017. Einnig kemur fram að sá læknir sem undir vottorðið ritar hafi fyrst hitt M af þessu tilefni hinn 27. febrúar 2017, svo dagsetningar virðast eitthvað á reiki miðað við það sem segir í málskoti. Þá segir í upphaflegri tilkynningu til V vegna atviksins að M hafi fyrst leitað lækis vegna áverkanna hinn 15. ágúst 2017. Engin gögn liggja fyrir nefndinni um þá komu M til lækis og má raunar ráða af fyrirbyggjandi gögnum að hann hafi fyrst leitað lækis vegna áverkans hinn 31. ágúst 2017. Á samskiptaseðli vegna þeirrar komu kemur þó ekkert fram um að M hafi orðið fyrir slysi, heldur segir þar að M hafi unnið undir bíl í tvo daga og sé með verk í hægri hné. Hinn 4. september 2017 virðist M aftur hafa leitað á heilsugæsluna og var þá tappað vökva af hnénu, en ekkert kemur fram um að hann hafi orðið fyrir slysi né að krossband sé slitið eða að grunur sé um slíkan áverka. Það er fyrst við komu hans á heilsugæslu hinn 17. október 2017 sem þess er getið að M hafi fengið hnykk á hægri hné. Við áframhaldandi komur M á heilsugæsluna virðist áfram byggt á því að um bólgu í hné sé að

ræða og meðferð í samræmi við það. Beiðni um myndgreiningu virðist svo hafa verið send hinn 27. febrúar 2018 og þar kemur fram að M hafi fengið slæman slink á hægra hné í lok sumars. Myndrannsókn leiddi í ljós áverka á krossbandi og í kjölfarið virðist M hafa verið vísað til sérfræðings og gengist undir aðgerð á hné. Ekki verður séð að vottorð frá umræddum sérfræðingi liggi fyrir nefndinni.

Með hliðsjón framansögðu svo og því að ekkert liggur fyrir um að M hafi tilkynnt vinnuveitanda strax um atvikið og óvinnufærni í kjölfar þess og yfirlýsinga vitnis og forsvarsmanns A virðist fyrst aflað meira en ári síðar, svo og því að ekkert liggur fyrir um sennilega orsök áverka á krossbandi, eða fyrra heilsufar M, verður að telja að M hafi ekki sýnt nægilega fram á að hann hafi orðið fyrir slysi við störf sín hjá A, og að heilsutjón hans megi rekja til þess atviks. Þá verður ekki fallist á það með M að 10. gr. skilmála slysatryggingar launþega nr. 382 feli það í sér að V beri fortakslaus skylda til að hafa forgöngu um öflun læknisvottorða, óháð mati félagsins á nauðsyn slíkrar gagnaöflunar. Verður því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 212/2019**V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort tilkynning um tjónsatburð hafi borist of seint og bótaréttur því glatast.****Gögn.**

Málskot, móttekið 20.6.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.7.2019.

Málsatvik.

M slasaðist 26. júní 2015 þegar hún ók bifreið, A, aftan á aðra bifreið á Stekkjarbakka í Reykjavík. Af gögnum málsins, einkum ljósmyndum má ráða að áreksturinn hafi verið nokkuð harður. Af skýrslu sem gerð var á vettvangi um áreksturinn er ekki að sjá að þess hafi verið getið að slys hafi orðið á fólki.

M mun hafa farið á Læknavaktina slysdaginn og einnig leitað á heilsugæslustöð þar sem getið er um slysið við komu um mánuði eftir áreksturinn. Einnig er sjúkdómseinkenna í tengslum við slysið getið við komu á heilsugæslustöðina 29. febrúar 2016, 13. febrúar 2017 og 20. febrúar 2018. Við þessar komur fékk M ráðleggingar læknis, m.a. varðandi nudd og var ávísað lyfjum. Í síðastgreindu komunni fékk hún beiðni um sjúkrahjálfun.

M tilkynnti V, váttryggjanda A, þann 26. nóvember 2018 um meiðsl þau sem hún taldi sig hafa hlotið í árekstrinum, þ.e. tognun í hálsi og baki, bringu, öxl og nára. Með bréfi V, dags. 29. mars 2018, hafnaði V kröfu M um bætur úr slysatryggingu ökumanns A með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2007 um váttryggingarsamninga.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að nein markviss læknismeðferð hafi verið í gangi vegna þeirra einkenna sem M taldi að rekja mætti til slyssins, en þess ber að gæta að hún hafði einnig einkenni vegna eldra slyss. Slysið var tilkynnt V 26. nóvember 2018 eða þremur árum og fimm mánuðum eftir að það gerðist. Sjúkdómseinkenni hennar sem beinlínis má rekja til slyssins eru frekar óljós og ekki að sjá að læknismeðferð hafi gagnert miðað að því að M fengi bata af þeim. Eins og hér stendur á verður að telja að M hafi fengið vitneskju um atvik sem krafa hennar er reist á meira en einu ári áður en krafa var gerð á hendur V í lok nóvember 2018. M telst því hafa glatað rétti til bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V, sbr. 1. mgr. 124. gr. vsl.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 213/2019

M og
V v/slysatryggingar ökumanns bifreiðarÁgreiningur um rétt dánarbús til greiðslu slysatryggingarbóta vegna umferðarslyss 14.6.2017.

Málskot, dags. 26. júní 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17. júlí 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir að sonur M lést í desember 2017, en hafði hinn 14. júní sama ár slasast í umferðarslysi. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns bifreiðar sonar M í greint sinn, en ágreiningur er um hvort og þá hvaða bótagreiðslur vegna slyssins af hálfu V geti fallið til móður M. M telur að V hafi verið búð að viðurkenna greiðsluskyldu sína er sonur M féll frá með því að greiða bæði tímabundið atvinnutjón frá slysdegi út október 2017, samtals 796.950 krónur auk þess sem greiddar hafi verið óskilgreint inn á tjónið afborganir að fjárhæð samtals 700.000 krónur í tveimur greiðslum í nóvember og desember sama ár. Í því felist ótvíræð viðurkenning og eigi M því rétt á greiðslu þjáningabóta og bóta fyrir varanlegan miska skv. 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. V telur í fyrsta lagi að skilyrði til framsals á kröfu sonar M séu ekki fyrir hendi skv. 1. mgr. 18. gr. skaðabótalaga þar sem til þess þurfi krafa að hafa verið viðurkennd eða dæmd. Ekki hafi verið um viðurkenningu slíkrar kröfu að ræða af hálfu V og eigi því heldur ekki við regla 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga varðandi skilyrði þess að þjáningabætur og bætur fyrir varanlegan miska erfist. V vísar einnig til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-901/2018 þar sem félagið telur að reynt hafi á sambærilegt mál.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um að hvaða marki krafa sonar M um greiðslu bóta vegna umferðarslyss hafi erfist til móður hans, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hún sé eini erfingi sonar síns. Ekki verður ráðið af sömu gögnum að krafa um greiðslu bóta hafi verið gerð í nafni dánarbús sonar M. Í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga segir: „Krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska erfist hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í sakamáli.“

Þegar sonur M lést lá ekki endanlega fyrir hverjar tímabundnar eða varanlegar afleiðingar yrðu af því líkamstjóni sem hann hlaut í umferðarslysinu 14. júní 2017. Því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af hálfu V að bætur fyrir tímabundið atvinnutjón hafi verið greiddar frá slysdegi og út október 2017 og síðan tvær óskilgreindar greiðslur eftir það. Við mat á því hvort krafa hafi verið viðurkennd í skilningi 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga verður að líta til þess að forsendur greiðslna fyrir tímabundið atvinnutjón og þjáningarbóta er að slíkar bætur eru greiddar á tímabili tímabundinnar óvinnufærni tjónþola. Viðurkenning V á slíkri kröfu fyrir andlát sonar M felur að mati nefndarinnar að minnsta kosti í sér viðurkenningu á kröfu M til greiðslu þjáningarbóta fyrir sama tímabil. Þegar önnur gögn málsins um afleiðingar líkamstjóns sonar M eru virt verður hins vegar ekki talið ljóst hver frekari krafa sonar M um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska hafi verið. Verður slík krafa því ekki talin hafi verið viðurkennd í skilningi 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga. Réttur M til bóta einskorðast því við þjáningarbætur frá slysdegi til 31. október 2017.

Niðurstaða.

Krafa sonar M, um greiðslu þjáningarbóta frá 14. júní til 31. október 2017 úr slysatryggingu ökumanns, erfist til M skv. 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 214/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á framrúðu og þaki bifreiðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 25.06.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V2 dags. 09.07.2019.

Bréf V1 dags. 13.07.2019.

Málsatvik.

Hinn 7. júní 2019 gaf M, ökumaður bifreiðar A, skýrslu hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi vegna atviks sem hann kvað hafa átt sér stað þá fyrr um daginn. M bar að hann hafi ekið austur Sandskeið á eftir vörubifreiðinni B sem dró eftirvagn þegar grjót hafi kastast frá bifreiðinni og framan á bifreið A. Hafi M í kjölfarið reynt að ná tali af ökumanni bifreiðar B en án árangurs. Í lögregluskýrslu er einnig rakinn framburður ökumanns bifreiðar B, og kemur þar fram að rétt sé að hann hafi verið við akstur á þessu svæði. Hins vegar sé ólíklegt að umrætt grjót hafi kastast af eftirvagninum þar sem ekki hafi verið mikið á honum. Þá hafi hann ekki vitað fyrr en síðar að ökumaður bifreiðar A hafi viljað ná tali af honum.

V2 hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B. M fellir sig ekki við þá afstöðu og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B, enda telur hann að V2 hafi ekki rökstutt afstöðu sína nægilega. Í málskoti lýsir M atvikum á sama hátt og í lögregluskýrslu og árettar að ekki hafi gengið að ná tali af ökumanni bifreiðar B, þrátt fyrir að hann hafi veitt bifreiðinni eftirför inn Bolöldu og að námusvæði.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V2 fram að ökumaður bifreiðar B teldi ólíklegt að grjót hefði kastast af eftirvagninum þar sem ekki hefði verið mikið á honum. Atvikið hafi átt sér stað á fjölförnu svæði og fleiri ökutæki verið þar á ferðinni á umræddum tíma. Engin frekari gögn styðji með fullnægjandi hætti staðhæfingar M um orsök tjónsins og sé því ekki sýnt fram á að tjón á bifreið A megi rekja til notkunar á bifreið B. Er bótaskyldu því hafnað.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Sá sem heldur því fram að tjón hafi orðið vegna notkunar bifreiðar verður, samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar, að sýna fram á að svo hafi verið. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni eru ekki til staðar nein gögn sem staðfesta að umrætt tjón á bifreið A megi rekja til grjóts er hafi kastast frá bifreið B. Með hliðsjón af því, neitun ökumanns B, svo og því að engum vitnum virðist til að dreifa, verður að telja ósannað að tjón á bifreið A megi rekja til notkunar bifreiðar B. Haggar það ekki þessari niðurstöðu að ökumaður bifreiðar A virðist hafa leitað ökumann bifreiðar B uppi, enda sýnir það eitt í sjálfu sér ekki fram á atburðarás þá er leiddi til tjónsins. Verður því að telja að atvik séu ósönnuð og samkvæmt áður nefndri sönnunarreglu verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2

Reykjavík 10. september 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 215/2019**M og
V vegna sjúklingatryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu skv. bótareglum laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 vegna læknismeðferðar 21. júlí 2017.****Gögn.**

Málskot, móttekið 26. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 13. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf lögmanns M, dags. 20. ágúst 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er atvikum þannig lýst að M hafi verið við æfingar í líkamsræktarstöðinni hinn 20. júlí 2017 þegar hann „...missti lyftingastöng af brjóstkassanum á sér þannig að vinstri olnbogi lenti á hnénu og stöngin lenti á úlnliðnum.“ Daginn eftir hringdi hann í X, sem er sjálfstætt starfandi heimilislæknir, og lýsti atvikum og því að hann væri stíður og aumur í úlnlið. Síðar sama dag fór M í læknisskoðun hjá X. Í sjúkraskrá við þá komu færði X inn eftirfarandi athugasemd: „Hyperextention-áverka á vi úlnlið sem er ekki áberandi bólginn að sjá. Ekki indirect beineymsli. Verulega skert extention í vi. úlnlið. Ráðl. og útsk.“ Einnig kemur fram að M fékk ávísað Voltaren rapid lyfi við bólgu og verk. Í október 2017 leitaði M til síns eigin heimilislæknis vegna verkja í vinstri úlnlið og var í kjölfarið sendur í segulómrannsókn sem leiddi í ljós brot á bátsbeini vinstri handar. Aðgerð var framkvæmd í kjölfarið og liggur einnig fyrir mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóns M. Einnig liggur fyrir í gögnum málsins álit Landlæknis, dags. 4. mars 2019.

M telur að hann hafi hlotið líkamstjón við vangreiningu X á þeim áverka sem hann var með þegar hann leitaði til X daginn eftir atvikið á líkamsræktarstöðinni. M telur að læknisrannsókn hafi ekki verið fullnægjandi af hálfu X við komu M á læknastofu hans auk þess sem X hafi ekki boðað hann í endurkomu eða eftirlit eins og rétt hefði verið að gera gagnvart M. Vísað er til bótaskyldu skv. 1. tl. 2. gr. og 3. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. M vísar til upplýsinga í matsgerð vegna varanlegra afleiðinga líkamstjóns M, bæklinga frá Landspítala varðandi greiningu á beinbrotum, fræðigreini um greiningu á broti á bátsbeini og úrskurðar nefndarinnar í máli 289/2009 sem og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-1560/2012 því til stuðnings að X hafi ekki viðhaft rétt vinnubrögð við greiningu áverka M. Einnig rekur M það að það sem komi fram í mati þess óháða sérfræðings sem Landlæknir leitaði til vegna álits embættisins dags. 4. mars 2019 og telur að niðurstaða hans sem og niðurstaða Landlæknis sé ekki í samræmi við upplýsingar sem komi fram í forsendum ákvörðunar, en þar komi t.d. fram að skráning upplýsinga í sjúkraskrá hafi verið ófullnægjandi. Einnig vísar M til þess að X sjálfur viðurkenni í bréfi til V dags. 21. maí 2018 að M hafi ekki verið rétt greindur við fyrstu komu og hafi því ekki fengið fullnægjandi meðferð.

V telur ekki sýnt fram á að skilyrði 1. tl. 2. gr laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt og byggir á því að tjón M hafi ekki orðið af vangreiningu eða ófullnægjandi læknismeðferðar af hálfu X. Afstöðu sína byggir V á umsögn sérfræðings í heimilislækningum dags. 12. júlí 2018 til Landlæknis og álits Landlæknis dags. 4. mars 2019 þar sem komi m.a. fram að um óvenjulegan áverkamekanisma hafi verið að ræða og ekki atvik sem séu algengari við brot á bátsbeini, t.d. fall á útréttan handlegg. Það sé því erfitt að gagnrýna greiningu X sem heimilislæknis og í fyrrnefndri umsögn kemur einnig fram að líklegt sé að aðrir heimilislæknar hefðu veitt svipaða úrlausn og X.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis, rétt til bóta samkvæmt lögnum. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um

ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Eins og áður segir liggur fyrir í málinu álit Landlæknisembættisins, dags. 4. mars 2019, þar sem fjallað er um kvörtun M til embættisins vegna vinnubragða hins váttryggða læknis við komu M til hans 21. júlí 2017. Niðurstaða í umræddu áliti, á grundvelli gagna málsins, þ.á.m. með hliðsjón af umsögn óháðs sérfræðings í heimilislækningum, er sú að „...mistök og/eða vanræksla hafi ekki átt sér stað þegar [M] leitaði á stofu til [X] heimilislæknis þann 21.07.2017.“ Þessu áliti hefur ekki verið hnekkjt með öðru áliti sérfræðinga á sviði læknisfræði þó athugasemdir hafi verið gerðar við rökstuðning þess. Þó sönnunarmat nefndarinnar sér frjálst, í þeim skilningi að hún leggur sjálfstætt mat á þau sönnunargögn sem fyrir liggja í málinu, telur hún ekki komnar fram nægilega skýrar upplýsingar sem hnekkja þeim læknisfræðilegu ályktunum sem dregnar eru í áliti Landlæknis í máli M. Ekki verður bótaskylda heldur ákveðin eingöngu á grundvelli svars X við spurningum V í bréfi dags. 21. maí 2018 á meðan fyrrnefndu áliti hefur ekki verið hnekkjt sérstaklega. Af þessum sökum, og eins og málið liggur nú fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 217/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 07.05.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 04.07.2019 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann var að ganga niður stiga milli eldhúss og vörulagers á veitingastaðnum A sökum þess að hann rann og féll í stiganum og lenti illa á hægri hendi.

V hafnaði bótaskyldu og taldi að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustaðnum eða annarra atvika sem váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á að íslenskum rétti.

Í málskotinu kemur fram að stiginn sé brattur og hringlaga, úr stáli og aðeins með handriði öðrum megin og M hafi runnið á sleipum stáltröppum. Gamall sandpappír hafi verið í stiganum sem sjaldan sé skipt um en skipt hafi verið um hann daginn eftir slys M. M vísar til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því hafi ekki verið hægt að rannsaka slysstað og leiða í ljós orsök slyssins og hvernig aðbúnaður var á vinnustaðnum. Einnig bendir M á að A hafi ekki tryggt að stiginn væri öruggari en raun bar vitni og þar með hafi hann brotið gegn lagaákvæðum og reglum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og ekki hlutast til um öryggi starfsmanna í stiganum.

Í bréfi V kemur fram að skv. bráðamóttökuskra hafi M hrasað í stiganum og í tilkynningu um slys til Sjúkratryggingar Íslands segi að M hafi dottið í stiganum. V vekur athygli á því að engin gögn staðfesti að stiginn hafi verið háll á slysdegi og það sé því algjörlega ósannað að bleyta í stiganum hafi orsakað fall M. Samkvæmt váttryggingartaka hafi eftirlitsaðilar ítrekað tekið út aðstæður á vinnustaðnum og engar athugasemdir verið gerðar við stigann. Jafnvel þótt bleyta hafi verið til staðar bendir V á að ógerlegt sé að viðhafa slíka aðgæslu að öll bleyta á gólfi sé samstundis hreinsuð upp. V telur vinnuaðstæður hafa verið forsvaranlegar og að slys M verði hvorki rakið til saknæmrar né ólögætrar háttsemi váttryggingartaka, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á heldur sé um óhappatilvik að ræða og hugsanlega aðgæsluleysi M.

Álit.

Af lýsingu á stiganum og myndum má ráða að stiginn í þessu máli sé brattur og þröngur. Í fyrstu lýsingu á bráðamóttöku kemur fram að M hafi hrasað í stiganum og í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands er tilgreint að hann hafi dottið í stiganum. M mátti vera ljóst að stiginn var brattur og þröngur og að sérstök ástæða væri til að fara gætilega um hann. Skilyrði bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu er að slys megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis váttryggingartaka. Í gögnum málsins kemur fram að sandpappír hafi verið notaður sem rennivörn en ágreiningur er um ástand sandpappírsins á slysdegi. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að almennt ástand stigans hafi verið slíkt að það teldist til vanrækslu af hálfu A. Eins og mál þetta liggur fyrir verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna hans og er A því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 218/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna árekstrar á gatnamótum Höfðabakka og Fálkabakka
hinn 18.06.2019****Gögn.**

Málskot, móttakið 02.07.2019, ásamt fylgigögnum 1-2.

Bréf V1, dags. 19.08.2019.

Bréf V2, dags. 18.07.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. júní 2019 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn. Fyrirtækið Aðstoð & Öryggi var kallað á vettvang og liggur skýrsla þess fyrir í málinu. Þar kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi ekið austur Stekkjarbakka að Höfðabakka og beygt inn á aðrein að Höfðabakka til suðurs, framhjá merkingum sem banni tímabundið umferð þessa leið. Við gatnamót Höfðabakka og Fálkabakka hafi ökumaður B þurft að stöðva bifreiðina vegna vinnuvéla í götunni, og hafi bifreiðin verið kyrrstæð þegar tengivagni vörubifreiðarinnar A var bakkað á hægri hlið hennar. Samkvæmt framburði ökumanns bifreiðar A sá hann ekki bifreið B á aðdraganda árekstrarins, en um hafi verið að ræða lokað vegavinnusvæði og hann því ekki átt von á óviðkomandi umferð þegar hann ók aftur á bak frá Fálkabakka inn á Höfðabakka. Samkvæmt framburði M í umræddri skýrslu hugsaði hún ekki út í það að hún hafi verið að aka inn á vinnusvæði, hún hafi orðið merkinganna vör en jafnframt séð aðra bifreið aka inn á umrætt svæði.

Þar sem ágreiningur varð um sakarskiptingu var máli þessu vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök til helminga. M er ósátt við þá niðurstöðu og telur að ökumaður bifreiðar A beri einn ábyrgð á árekstrinum þar eð hann hafi ekki gætt að sér áður en hann ók aftur á bak.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að félagið fallist á niðurstöðu Tjónanefndar og geri því ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V2 þeirri afstöðu sinni að ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hann ók aftur á bak og þar með farið í bága við fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann beri því einn sök á umræddum árekstri.

Álit.

Ekki verður séð að ágreiningur sé um atvik málsins sem slík. Þannig liggur fyrir að bifreið B var kyrrstæð, eftir að hafa verið ekið inn á vinnusvæði þar sem umferð var bönnuð, þegar bifreið A var ekið á hana. Af ljósmyndum er fylgja skýrslu Aðstoðar & Öryggis má ráða að merkingar sem bönnuðu umferð frá Stekkjarbakka inn á Höfðabakka voru afar skýrar og greinilegar. Verður því að meta ökumanni bifreiðar B það til sakar að hafa allt að einu ekið inn á vinnusvæði vegavinnutækja, og þar með vanrækt að fylgja leiðbeiningum um umferð, sbr. 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga. Breytir þar engu að önnur bifreið hafi skömmu áður ekið inn á umrætt svæði. Þrátt fyrir að ökumaður bifreiðar A hafi því ekki mátt vænta umferðar fólksbifreiða á svæðinu verður þó jafnframt að meta honum það til sakar að hafa ekki gætt nægilega að því að unnt væri að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra, svo sem 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga kveður á um. Þykir því rétt að sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn bifreiðar A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 219/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði við Suðurlandsbraut 19. júlí 2019.****Gögn.**

Málskot móttækið 03.07.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 18.07.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 19. júní 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók í umrætt sinn, og B. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis, sem gerð var um atvikið kemur fram að ökumenn séu ekki sammála um atvik málsins. Þannig haldi ökumaður bifreiðar A því fram að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð í stöðureit þegar bifreið B hafi verið ekið á hana, en ökumaður bifreiðar B haldi því fram að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð og verið bakkað hvorri á aðra.

Var málinu vísað til tjonanefndar váttryggingafélaganna sem byggði á því að báðar bifreiðarnar hefðu verið á ferð í aðdraganda árekstursins og því hvorugur ökumanna gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Var sök því skipt til helminga.

M er ósátt við þá niðurstöðu og krefst þess fyrir nefndinni að öll sök verði lögð á ökumann bifreiðar B. Vísar hún til þess að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð í stöðureit þegar ekið var á hana, og að afstöðumyndir af vettvangi sýni bifreið A innan stöðureits, en bifreiðin hafi ekki verið færð milli þess sem áreksturinn og átti sér stað og myndirnar voru teknar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V, sem er váttryggjandi beggja bifreiða, því yfir að félagið muni ekki skila sérstökum athugasemdum vegna málsins. Meðfylgjandi bréfi V eru þó viðbótarathugasemdir frá ökumanni bifreiðar B. Þar kemur fram að hún telji ökumann bifreiðar A einan bera sök á árekstrinum, enda hafi hún sjálf stöðvað bifreið sína, og verið að búast til að aka áfram, þegar bifreið A hafi verið ekið úr stöðureit og á fullri ferð á bifreið B.

Álit:

Ljóst er að ökumönnum ber ekki saman um atvik í aðdraganda umrædds áreksturs. Þá er frásögn ökumanns bifreiðar B ekki fyllilega hin sama í skýrslu Aðstoðar & öryggis, þar sem hún segir báðar bifreiðarnar hafa verið á ferð fyrir áreksturinn, og í viðbótarathugasemdum þar sem hún segir bifreið sína hafa verið kyrrstæða. Þegar svo háttar til að ágreiningur er uppi um málsatvik verður að líta til frumgagna, sem í þessu tilviki er áður nefnd skýrsla. Af afstöðu bifreiðar A á ljósmyndum sem fylgja skýrslunni, en því hefur ekki verið mótmælt að afstaða bifreiðarinnar á þeim sé sú sama og hún var við áreksturinn, verður ekki annað séð en að bifreiðin sé innan stöðureits. Verður því að telja að bifreið A hafi verið kyrrstæð í aðdraganda árekstrar. Hins vegar þykir sýnt, og er það í samræmi við frásagnir beggja ökumanna í áður nefndri skýrslu, að bifreið B hafi verið á ferð. Verður samkvæmt þessu að telja að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 220/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu er M féll í hálfu við húsnæði A.****Gögn.**

Málskot móttakið 03.07.2019 ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V dags. 15.08.2019 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, móttækna 10. september.2019.

Málsatvik.

Hinn 13. desember 2016 slasaðist M, þegar hann féll í hálfu er hann var á gangi eftir vesturhlið húsnæðis A. Að sögn M var hann á leið frá lager fyrirtækisins og að skrifstofum þess. Atvikaðist fallið með þeim hætti að hægri fótur M rann fram í hálfu meðan vinstri fótleggur hans sat fastur og kom við það sveigur á vinstri fót og bak M. M leitaði ekki til læknis fyrr en 22. desember 2016, þegar hann sá fram á að afleiðingar þessa áverka væru viðvarandi. Atvikið mun hafa verið tilkynnt Vinnueftirlitinu og V í janúarmánuði 2017.

M telur að tjón sitt megi rekja til saknæmrar og ólögðmætrar háttsemi A eða aðila sem A beri ábyrgð á. Þannig hafi A ekki sinnt hálkuvörnum með forsvaranlegum hætti og með því gætt þess að umferðarleiðir sem starfsmenn þess hafi þurft að nýta sér væru hættulausar. Þá hefði A verið fært að auka öryggi starfsmanna til muna, t.a.m. með því að setja hitalögn í jörð eða koma fyrir handriði beggja vegna umræddrar gönguleiðar. Skylda A til að bregðast við hálfu á þessu svæði hafi svo verið sérlega rík þar sem búast hafi mátt við þó nokkurri umferð fótgangandi þar, enda sé um að ræða einu gönguleið starfsmanna frá lager og bifreiðastæðum að skrifstofum og verslun A. Þá hafi A beinlínis mælst til þess að starfsfólk nýtti sér þessa leið þar sem fleiri bifreiðastæði séu við lagerinnangang, og því sé ætlast til að fólk gangi meðfram vesturhlið hússins að skrifstofum. Þá hafi A borið rík skylda, sem umráðaaðila fasteignar og verslunarrekanda, til þess að gæta að öryggi þeirra sem ættu erindi við fyrirtækið. M telur jafnframt að A hafi ekki tilkynnt um höfnun bótakröfu innan þess tímaramma sem tiltekinn sé í 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að það sé ekki rétt að mælst sé til þess að starfsmenn leggi bifreiðum sínum við lagerinnangang og gangi þaðan að skrifstofum, enda sé nóg af bifreiðastæðum við skrifstofur A. Þá er því jafnframt hafnað að M hafi átt erindi á lagerinn umræddan dag. Þess utan sé innangengt frá skrifstofum A og á lager þess og því hafi það verið ákvörðun M sjálfs að ganga þessa leið. Þá hafi ekki verið sýnt fram á hvernig A hafi brugðist skyldum sínum eða að gönguleiðir hafi ekki verið nægilega öruggar, og raunar hafi A sett handrið meðfram umræddri gönguleið, þó slíkt hafi verið umfram skyldu þess. Þá tekur V fram að ekki hafi verið frost á slysdegi eða dagana fyrir hann og því ekki sérstakt tilefni til viðbragða af hálfu A. Er bótaskyldu því hafnað. Hvað varði tilvísun til 31. gr. laga um vátryggingarsamninga þá eigi sú grein ekki við, þar sem ákvæði um tilkynningarfrést þar taki aðeins til tiltekins kafla laganna. Í þessi tilviki hafni félagið einfaldlega bótaskyldu á grundvelli þess að A hafi ekki sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi og falli tilkynning um höfnun bótaskyldu ekki undir gildissvið þess kafla.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M málatilbúnaði V og áréttar sérstaklega að vinnuveitandi hafi staðfest skriflega, í tilkynningum um slysið til Vinnueftirlits og Sjúkratrygginga, að ísing hafi verið orsök þess. Því sé fullsannað að M hafi runnið á ísingu umrætt sinn.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins. Rétt er að áréttast að 31. gr. laga um vátryggingarsamninga leggur þá skyldu á vátryggingafélög að tilkynna um það án ástæðulauss dráttar hyggist þau takmarka ábyrgð sína á grundvelli IV. kafla laganna, þ.e. fyrst og fremst á grundvelli háttsemi vátryggðs og annmarka á

upplýsingagjöf. Verður því ekki séð að sú lagagrein feli það í sér að V glati rétti sínum til að hafna bótaskyldu á grundvelli þess að ekki sé um skaðabótaskylda háttsemi að ræða, sé ekki tilkynnt um þá afstöðu innan ákveðinna tímamarka. Verður því ekki leyst úr ágreiningi aðila á grundvelli þess. Af þeim gögnum, þar á meðal veðurfarsyfirliti, sem liggja fyrir nefndinni verður ekki ráðið með vissu hvort M hafi runnið í bleytu eða á hálkubletti, en svo virðist sem slydda hafi verið kvöldið áður en rigning aðfararnótt hins 13. desember. Í öllu falli hefur ekki tekist að sýna fram á að veðurfar eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að sérstök ástæða hafi verið fyrir A að grípa til aðgerða. Þá liggur ekki fyrir nákvæmlega hvar M skrikaði fótur eða hverjar aðstæður voru þar á þeirri stundu er slysið varð, en ljósmyndir þær er liggja fyrir nefndinni eru mestmegnis af bílastæðum við húsið. Þó liggur fyrir að handrið er meðfram gönguleiðinni, eða a.m.k. hluta hennar, en ekki er ljóst hvort M gekk meðfram því eða notaði það sér til stuðnings við gönguna. Hefur samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt fram á að hvaða leyti M hafi vanrækt skyldur sínar þegar kom að hálkuvörnum umræddan dag. Ekki telst því sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um og M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Eru þá ekki efni til að taka til sérstakrar skoðunar hvort ferð M um umræddan göngustíg tengdist starfi hans beint, eða hvort sérlega var mælt til þess að starfsmenn leggðu bifreiðum sínum í bifreiðastæði við lagerinnangang.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 1. október 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 221/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot M mótttekið 4. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
Bréf V, dags. 26. júlí 2019.

Málsatvik.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð hvað varðar málsatvik en þar kemur þó fram að M var farþegi í bifreið sem lenti í umferðaróhappi 2. júlí 2011. Einnig kemur fram í gögnum málsins að þáverandi lögmaður M hafi þann 28.2.2012 sent V umboð og tilkynningu um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Þann 15.5.2012 upplýsti félagið lögmanninn um skerðingu bóta með vísan til þess að M hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með ölvuðum ökumanni þrátt fyrir að hafa haft fulla vitnuskju um ölvunarástand hans. Þann 29.3.2016 barst V umboð frá öðrum lögmanni M og næstu vikur á eftir fóru fram samskipti milli lögmannsins og V varðandi gagnaöflun o.fl. Þann 19.3.2018 sendi sá lögmaðurinn aftur umboð til V og óskaði eftir gögnum málsins hjá V. Núverandi lögmaður fékk umboð frá M 11.10.2018. Félagið hafnaði bótaskyldu þann 17.1.2019 með vísan til fyrningar.

Fram kemur í læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi leitað á heilsugæslu þann 4.4.2012, 20.7.2012 og 30.10.2012 þar sem hún hafi kvartað undan verkjum sem hún tengdi við bílslysið. Var henni ráðlagt af lækni í heimsókninni þann 30.10.2012 að fara í meðferð hjá sjúkrahjálfa. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir um slysið frá síðustu læknisheimsókninni árið 2012 þar til M leitaði á heilsugæslu þann 12.11.2018, þar sem M lýsir því að hún þjáist enn af verkjum í baki vegna bílslyssins.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu úr ökutækjatrýggingu hjá V. Byggir M á því að bótaréttur sé ekki fyrndur, þar sem hún hafi ekki haft vitneskju um kröfu sína fyrr en í fyrsta lagi eftir lækni- og slysskoðunina þann 12.11.2018 og að fyrningarfrestur skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hafi því ekki verið liðinn. M byggir kröfu sína einnig á því að V hafi slitið fyrningu gagnvart M með því að hafa viðurkennt skyldu sína, sbr. 14. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, m.a. með því að greiða útlagðan kostnað M vegna læknisvottorða. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að allar kröfur í trygginguna séu fyrndar skv. 99. gr. ufl. auk þess sem félagið hafi ekki rofið fyrningu með því að greiða fyrir gögn sem nauðsynleg þóttu til að taka afstöðu í málinu.

Álit.

Í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að allar bótakröfur, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark þegar tjónþola sjálfum mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni við slys. Af gögnum málsins er ljóst að M leitaði til lækni í nokkur skipti á árinu 2012 og fékk ráðleggingar um að fara í meðferð hjá sjúkrahjálfa. Gögn málsins upplýsa ekki um það hvort M leitaði sér frekari meðferðar en þó er ljóst miðað við lýsingar hennar að ástandið fór ekki batnandi. Verður samkvæmt gögnum málsins að ætla að M hafi átt að gera sér ljóst í síðasta lagi á árinu 2013 að hún byggji við einhverjar varanlegar afleiðingar í kjölfar slyssins. Framangreindur fjögurra ára fyrningarfrestur hóf því að líða í lok árs 2013. Ekki verður fallist á það með M að V hafi viðurkennt bótarétt með þeim hætti að það hafi rofið fyrningarfrestartímið í málinu. Bótakrafa M er því niður fallin vegna fyrningar. M á því ekki rétt á bótum úr ökutækjatrýggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr ökutækjatyggingu hjá V.

Reykjavík 20. ágúst 2019

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 222/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Vinnuslys á veitingastað 20. apríl 2018.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 6. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-17.

Bréf V, dags. 16. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum 1-11.

Málsatvik.

M starfaði sem verslunarstjóri á veitingastað A þegar hún var að skipta um svokallaðan „gljábrúsa“ í uppþvottavél. Um er að ræða plastbrúsa sem hefur að geyma töluvert magn af sterku uppþvottaefni. Í málskoti M er atvikum lýst með þeim hætti að hún hafi nýlokið við að koma nýjum gljábrúsa fyrir við uppþvottavélina og verið að stinga slöngu er lá frá uppþvottavélinni niður um gat efst á brúsanum. Við það hafi uppþvottaefni sprautast úr gatinu og í hægra auga málskotsaðila með þeim afleiðingum að tjón hlaut af.

Í lögregluskýrslu, dags. 22.4.2018, er hins vegar haft eftir M að hún hafi verið að skipta um sápubrúsa við umrædda þvottavél og að hún hafi verið búin að taka slönguna úr tóma brúsanum og verið að leggja fulla brúsann á gólfið þegar uppþvottaefni sprautaðist úr gatinu í hægra auga hennar.

M telur að leggja eigi framburð hennar til grundvallar varðandi lýsingu á málsatvikum og að misræmi í framburði hennar og í lögregluskýrslu megi að líkindum rekja til tungumálaörðugleika. Þá telur M að slys hennar megi rekja til þess að aðstæður á vinnustaðnum hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar M sérstaklega til þess að brúsinn hafi verið haldinn ágalla og að skortur hafi verið á tilsögn og öryggisbúnaði á vinnustað hennar. Tjónið verði þar af leiðandi rakið til saknæms og ólögmæts vanbúnaðar á vinnustað hennar, sem vinnuveitanda hennar bar skylda til að koma í veg fyrir og ber ábyrgð á, sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum.

V vísar til þess að um hafi verið að ræða einfalt verk sem ekki krefðist sérþekkingar. Þá væri M æðsti stjórnandi vinnustaðarinnar og hún hefði að líkindum unnið verkið margsinis áður. Telur V að tjónið verði rakið til óhappatilviks og að þar afleiðandi sé bótaréttur ekki fyrir hendi úr frjálstri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Fyrst og fremst því hvort tjónið verði rakið til þess að aðstæður á vinnustað M hafi verið með þeim hætti að þær hafi farið í bága við fyrirmæli laga og reglna um öryggi á vinnustöðum eða hvort verklag við þrif hafi verið þannig að meta verði samstarfsmönnum M eða yfirmönnum til gáleysis að hafa látið það viðgangast.

Í gögnum málsins liggur fyrir öryggisblað frá framleiðanda uppþvottaefnisins, dags. 14.9.2017. Þar kemur fram að um sé að ræða uppþvottalög sem inniheldur ertandi efni sem valdið getur alvarlegum bruna á húð og augnskaða. Þá kemur fram í öryggisblaðinu að nota skuli hlífðargleraugu/andlitsgrímu og hlífðarfatnað til að hindra vááhrif. Fyrir liggur að viðhlítandi öryggisbúnaður var ekki til staðar á vinnustað M. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að tjónið verði rakið til þess að A uppfyllti ekki ákvæði laga nr. 46/1980 um að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. A ber því skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 223/2019**M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X****Upplýsingaskylda váttryggingartaka vegna tjóns. Sönnun tjóns.****Gögn.**

Málskot, mótt. 11. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 26. júlí 2019.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynningarskýrsla frá Aðstoð&Öryggi um atvik málsins. Hinn 15. febrúar sl. kom starfsmaður fyrirtækisins á vettvang og hitti þar fyrir M sem kvaðst hafa ekið austur Skútuvog frá Kleppsmýrar vegi þegar hann missti stjórn á bifreiðinni X í hálfu og hafi þannig ekið á steypuklump sem stóð utan akbrautarinnar. Í skýrslunni kemur einnig fram að M sé pólskur og tali „mjög lélega ensku og ekki íslensku.“ Einnig kemur fram að samskipti M og starfsmanns Aðstoðar & Öryggis hafi farið fram á ensku með hjálp google translate og einnig eru setningar skrifaðar á pólsku. Þar kemur fram að M hafi ekið á 40 km/klst hraða þegar hann missti stjórn á bifreið sinni og svo koma fyrir setningarnar: „engin skemmd var á bílnum fyrir. Bíllinn var í fullkomnu lagi. Grillið var ekki á bílnum, ég týndi því. Ég týndi því fyrir tveimur dögum.“ Í kjölfar þess að V fékk tjónstilkynningu senda var óskað eftir frekari rannsókn málsins og fór starfsmaður Aðstoðar&Öryggis bæði á vettvang tjónsins og til frekari skoðunar á bifreið M sem geymd var á athafnasvæði Króks. Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram að starfsmaður Aðstoðar&Öryggis telur að engar ákomur á bifreið M, nema þá kannski rispúr á síls á undirvagni, hafi orðið til við það þegar bifreið hans hafi verið ekið út af akbraut og upp á steypuklump sem hafi verið utan hennar hinn 15. febrúar 2019.

Í kjölfarið tilkynnti V um að félagið teldi M hafa af ásetningi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um tjónsatvikið og ástand bifreiðar sinnar til að fá greiddar bætur sem hann mátti vita að hann ætti ekki rétt á og hafnaði því að greiða nokkrar bætur vegna málsins.

M telur að sannað sé með tjónstilkynningarskýrslu dags. 15. febrúar 2019 að hann hafi misst stjórn á bifreið sinni og ekið út af akbraut, upp á steypuklump og þannig hafi orðið tjón á bifreið hans. M bendir einnig á að rannsóknarskýrsla sú sem V byggir á sé sönnunargagn sem sé einhliða aflað af V og hafi því takmarkað sönnunargildi, rannsókn sé framkvæmd 10 dögum eftir atvikið og ekki komi fram í skýrslunni hvaða sérþekkingu starfsmaðurinn sem framkvæmdi rannsóknina hafi. Einnig telur M að þær skýringar sem komi fram í skýrslunni um stöðu steypuklumpsins sem M ók á séu ekki fullnægjandi sönnun á því að ákomur á bifreiðinni hafi ekki komið til við akstur á hann, mælingar séu ófullnægjandi í ljósi þess að þær byggji á því að ekki hafi verið mögulegt að áakstur leiddi til þess að steypuklumpurinn félli til hliðar. Það sé því algjör óvissa um stöðu hans þegar ekið var á hann og dragi það úr því að hægt sé að álykta um að mælingar á ákomustöðum bifreiðarinnar annars vegar og stöðu steypuklumpsins eftir áakstur hins vegar, séu lýsandi. M telur einnig að skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 séu ekki uppfyllt til niðurfellingar á greiðsluskyldu V. M bendir á að V beri sönnunarbyrði um ásetning og að upplýsingar hafi verið rangar eða ófullnægjandi og með hliðsjón af tungumálaerfiðleikum verði ekki hægt að fullyrða að það sem haft var eftir M á vettvangi hafi verið rangt eða ófullnægjandi og enn síður að hann hafi haft ásetning til að setja fram slíkar upplýsingar í því skyni að fá greiddar bætur sem hann ella hefði ekki fengið. Í ljósi þess að þau skilyrði komi fram í 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga þá geti V ekki borið þau fyrir sig nema hafa um þau ótvíræð sönnunargögn. Einnig bendir M á að niðurstaða rannsóknarskýrslu Aðstoðar&Öryggis sýni að það hafi alla vega orðið tjón á undirvagni bifreiða M og hann eigi rétt á bótum vegna þess tjóns.

V vísar því á bug að ekki sé hægt að leggja títtnefnda rannsóknarskýrslu til grundvallar í málinu og bendir á að sá starfsmaður Aðstoðar&Öryggis sem framkvæmdi rannsóknina hafi áralanga reynslu af slíkum störfum sem lögreglumaður. Einnig bendir V á að niðurstaða skýrslunnar sé afdráttarlaus, þrátt fyrir að hennar sé aflað einhliða.

V telur að efnisatriði skýrslunnar sýni að ákomur á bifreið M og hæð steypuklumpsins sem hann ók á séu ekki í sömu hæð og geti því ekki verið vegna áaksturins. Einnig bendir V á að ekki hafi sést för á akbrautinni eftir bifreið M sem bentu til þess að hann hafi reynt að stöðva bifreiðina. V telur einnig að M hafi átt þess kost á öllum stigum málsins að koma á framfæri réttum upplýsingum um ástand bifreiðarinnar X áður en tjónsatvik varð og þar sem það hafi ekki verið gert verði að leggja til grundvallar orð M sjálfs um að bifreiðin hafi verið óskemmd fyrir 15. febrúar 2019, að því undanskildu að vantað hafi á bifreiðina grill og númeraplötur að framan. Auk þessa telur V sannað að skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga séu uppfyllt þar sem yfirlýsingar M um ástand bifreiðar hans fyrir tjónsatvikið sé ekki hægt að túlka öðruvísi en að bifreiðin hafi verið í lagi, rannsóknarskýrsla sýni hins vegar að örlítill hluti skemmda á bifreiðinni geti verið vegna áaksturs á tjónsdegi og þannig hafi M sýnt ásetning til að gefa rangar upplýsingar til að fá greiddar bætur vegna skemmda sem ekki komu til vegna þess tjónsatviks sem hann lýsti fyrir starfsmanni Aðstoðar&Öryggis á tjónsdegi.

Álit.

M og V lýsa atvikum, skýrslum og sjónarmiðum sínum ítarlega í gögnum málsins.

Ágreiningur í málinu snýr fyrst og fremst að því hvort V geti fellt niður bótarétt M á grundvelli vanrækslu hans á upplýsingaskyldu við uppgjör tjóns, sbr. skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þar kemur skýrt fram að til þess að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu váttryggðs við tjón þurfi það að sýna ásetning við þá vanrækslu sem og að vita eða mega vita að hann fái þá greiddar bætur sem hann ætti ekki að fá. Við mat á þessum skilyrðum verður að hafa í huga að váttryggingafélög hafa sönnunarbyrði um saknæmisstig váttryggingartaka, þ.e. ásetninginn, sem og að hann hafi vitað eða mátt vita að hann fengi greiddar bætur sem hann átti ekki rétt á.

Við mat á því verður að líta til þess að í fyrstu skýrslu vegna málsins er þess strax getið að tungumálaerfiðleikar voru í samskiptum við M þar sem hann talaði á vettvangi litla ensku og enga íslensku. Ekki verður lagt til grundvallar að sú skylda hafi hvílt á M að gera sérstaklega grein fyrir atvikum að fyrri bragði eftir frumskýrslu og á meðan málið hefur verið til afgreiðslu hjá V, en í ljósi upplýsinga um tungumálaerfiðleika verður að líta svo á að það standi V frekar nær að afla frekari upplýsinga hjá tjónþolum um það tjón sem þeir krefjast bóta vegna áður en dregnar eru frekari ályktanir um ásetning þeirra til að gefa rangar upplýsingar við uppgjör bóta. Sönnunarbyrði hvílir, eins og áður segir, á V vegna þessa og eru upplýsingar í gögnum málsins ekki óyggjandi um ásetning M til slíkrar háttsemi í skilningi 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga og þegar af þeirri ástæðu getur V ekki fellt niður bótarétt M með vísan til þeirrar greinar.

Þegar kemur að því að meta hvaða bótarétt M getur átt vegna þess tjónsatviks sem lýst er í skýrslu Aðstoðar&Öryggis vegna tjónsatviksins 15. febrúar sl., verður ekki hjá því komist að líta til efnislegra röksemda rannsóknarskýrslu þeirrar sem liggur fyrir í gögnum málsins. Þar kemur fram að óvissa sé um hvort tjón á bifreið M, annað en „...kanski rispur á síls á undirvagni...“ hafi hlotist af útafakstri M og áakstri á steypuklump utan akbrautar. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni verði að sýna fram á að slíkt tjón sé tilkomið vegna tjónsatviks. Sönnunarbyrði um það hvílir því á M. Ekki liggur fyrir sérstök matsgerð af hans hálfu eða önnur gögn þar sem gerð er grein fyrir bótakröfum vegna tjóns á bifreið M. Ekki verðar dregnar aðrar ályktanir af gögnum málsins en að það tjón sem sannanlega hafi komið til vegna áaksturs á steypuklump þann sem M lenti á utan akbrautar, séu fyrrnefndar rispur á síls á undirvagni. Ekki hefur verið sýnt fram á umfang annars tjóns á bifreiðinni vegna tjónsatviksins 15. febrúar sl. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu en bætur takmarkast við það tjón sem sannanlega varð skv. niðurstöðum rannsóknarskýrslu sem V aflaði vegna málsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna hluta þess hluta tjóns sem sannað er að orðið hafi á bifreið hans úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 224/2019**M og
V vegna frítímaslysáttryggingar og slysáttryggingar launþega.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna ölvunar tjónþola þegar hann féll niður stiga.****Gögn.**

Málskot mótttekið 05.07.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V dags. 24.07.2019.

Viðbótarathugasemdir M dags. 24.09.2019 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir V dags. 07.10.2019.

Málsatvik.

M lýsir atvikum svo að hann hafi verið á leið niður tröppur á heimili sínu að kvöldi hins 18. ágúst 2018 þegar hann rak fótinn í gólflista sem voru þar vegna framkvæmda með þeim afleiðingum að hann féll niður tröppurnar. Hlaut hann af þessu töluvert líkamstjón. M telur sig eiga rétt til bóta úr slysáttryggingu launþega og slysáttryggingu fjölskyldutryggingar vegna slyssins en V hefur hafnað þeirri kröfu þar eð M hafi verið undir verulegum áhrifum áfengis. M fellst á að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, en hafnar því hins vegar að slysið sé að rekja til þess ástands. Hann hafi þannig rekið fótinn í bunka af gólflistum og hrasað í kjölfarið. Þegar af þeirri ástæðu sé ósannað að slys M sé að rekja til ölvunarástands eða háttsemi sem verði metin honum til stórkostlegs gáleysis.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu. Rökstyður félagið afstöðu sína með því að áfengismagn í blóði M hafi mælst 3,04 prómill og hafi því verið gífurlega hátt. Í skilmálum fjölskyldutryggingar M komi fram í gr. 9.13 í 4. kafla að ekki séu bætt slys sem verði vegna neyslu áfengis. Í þágildandi skilmálum slysáttryggingar launþega hafi jafnframt komið fram að valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi geti það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaréttar skv. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Við mat á því hvort það lagaákvæði eigi við komi m.a. til skoðunar hvort váttryggður hafi verið undir áhrifum áfengis þegar tjónsatburður varð. Þá hafi M ekki sýnt fram á að slysið megi rekja til einhvers annars en ölvunarástands hans.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar ítrekar M það að stafli gólflista hafi orsakað fall hans. Þeirri staðhæfingu til stuðnings leggur V fram vætti þriggja aðila. Í vitnisburðum tveggja þeirra kemur fram að lausir trélistar hafi verið dreifðir um gólfið í kjölfar slyssins.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar ítrekar V áður fram komna afstöðu sína. Umræddir vitnisburðir stafi þá ekki frá aðilum sem hafi orðið vitni að atvikinu sjálfu, og séu því aðeins til frásagnar um aðstæður á vettvangi eftir að slysið átti sér stað.

Álit:

Míðað við það áfengismagn sem mældist í blóði M við komu á sjúkrahús var hann ofurölvi þegar hann féll í tröppunum. Verður að líta svo á að það ástand hans hafi átt verulegan þátt í að hann hrasaði og skiptir þá ekki öllu máli hvort hann hrasaði um gólflista sem verður að telja sýnt fram á að hafi verið í, eða við tröppurnar, umrætt sinn. Með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem kveður á um heimild váttryggingafélags til að skerða eða fella niður bætur hafi váttryggður með stórkostlegu gáleysi valdið váttryggingaratburði eða leitt til þess að afleiðingar hans urðu meiri en ella er V hins vegar heimilt að takmarka ábyrgð sína. Eins og kemur fram í tilvitnuðu ákvæði ber, við úrlausn á þessum atriðum líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Rétt þykir með vísan til ofangreinds að M sæti skerðingu bóta um 2/3 hluta en fái tjón sitt bætt að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysaftryggingu fjölskylduftryggingar sinnar og slysaftryggingu launþega hjá V en skerða skal bætur um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Reykjavík 15. október 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 225/2019**M og
V vegna frítímaslysáttryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna atviks í líkamsræktarstöð****Gögn.**

Málskot mótttekið 04.07.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf V mótttekið 16.07.2019 ásamt fjórum fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum svo að hann hafi lent í frítímaslysi við lyftingar á líkamsræktarstöð hinn 30. apríl 2018. Ekki er í málskoti að finna ítarlegar lýsingar á tildrögum þessa en svo virðist sem atvikið hafi leitt til brjóskekks í baki, og M hafi bæði orðið fyrir kostnaði og tekjutapi vegna þess. Af gögnum má og ráða að hann hafi leitað á heilsugæslu hinn 17. maí 2018, og þá lýst einkennum sínum svo að hann hafi byrjað að finna fyrir verkjum við lyftingar þremur vikum áður. M var greindur með brjóskekki og gekkst undir uppskurð vegna þess í júní 2018. Telur M atvikið bótaskyldt úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu. Rökstyður félagið afstöðu sína með því að M hafi ekki sýnt fram á að umrædd einkenni verði rakin til slyss enda liggja ekki fyrir nein gögn sem staðfesti ákveðinn slysaatburð. M hafi ekki leitað læknis hér á landi fyrr en ár var liðið frá meintu atviki, en hafi þá nefnt að hann hafi leitað lækningar í Póllandi. Engin gögn liggja þó fyrir um það. Þá tekur V fram að jafnvel þó sýnt væri fram á að einkenni M yrðu rakin til umrædds atviks komi fram í 36. gr. skilmála umræddrar váttryggingar að félagið greiði ekki bætur vegna m.a. brjóskekks.

Álit:

Af samskiptaseðli frá heilsugæslu verður ekki annað ráðið en að M hafi leitað á heilsugæslu hérlendis þegar um miðjan maí 2018, og verður því ekki fallist á það með V að hann hafi fyrst leitað læknis hér á landi þegar ár var liðið frá umræddu atviki. Hins vegar verður að fallast á það með V að litlar lýsingar eða gögn um umrætt atvik liggja fyrir, eða um þá meðferð sem M sótti til Póllands. Þannig er óljóst hvernig meiðsli M atvikuðust og hvaða einkenni verða rakin til þess atviks. Verður því að telja að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds atviks og líkamlegra einkenna M. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna kröfum hans og koma þá ekki til frekari skoðunar ákvæði 36. gr. skilmála umræddrar váttryggingar um takmarkanir á bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 226/2019

M og
V v/ brunatryggingar húseignar og innbústryggingar.Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bruna í húsi.**Gögn.**

Málskot, móttakið 1.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 19.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 17. janúar 2019 kviknaði í kjallara í húsinu A í eigu M í tilteknu sveitarfélagi. Í skýrslu lögreglu um brunan segir að miklar skemmdir hafi verið sjáanlegar í kyndiklefa sem er á hægri hönd þegar komið er inn í kjallarann. Miklar skemmdir hafi verið sjáanlegar í kjallaranum af völdum reyks og hita auk þess sem mikinn reyk hafi lagt um efri hæðir hússins.

Samkvæmt gögnum málsins mun A hafa verið byggt árið 1911 úr steini og skúr úr timbri byggður við það árið 1955. M keypti A samkvæmt fyrirbyggjandi kaupsamningi, dags. 1. ágúst 2014.

Hinn 13. september 2016 var gerð af hálfu rafmagnssviðs Frumherja svonefnd skýrsla um neysluveitu vegna A. Lýtur skýrslan að raforkuvirki hússins og eru gerðar athugasemdir við það í 31 lið. Þar af varða 18 þeirra aðaltöflu í kjallara, tíu athugasemdir varða lagnir almennt á efri hæðum og í risi og þrjár athugasemdir lúta svo að lögnum í kjallara. Síðastgreindu athugasemdirnar varða í fyrsta lagi „strengrennur (leiðslurennu)“, en þar er gerð svofelld athugasemd: „Taugar sem eingöngu eru með rekstrareinangrun (ídráttartaugar) eru lagðar í strengjarennur. *Tilvísun 510,3, 511.1, 512, 522.* Lagning eða festing strengrenna er ófullnægjandi.“ Í öðru lagi er gerð athugasemd við „ídráttartaugar“ með svofelldri athugasemd: „Ídráttartaugar eru lagðar utan á veggjum og loftum. Áverkahætta. Varanlegar fastalagnir vantar. *Tilvísun 512, 521, 522, 2.8 í rur.* Rangt efnisval eða rangur frágangur á taugum og tengingum.“ Í þriðja lagi er gerð athugasemd við „strengjalagnir“ með svofelldri athugasemd: „Strengjalagnir eru lausar og ófrágengnar. Varanlegan frágang vantar á lagningu strengja. *Tilvísun 522.8 526.* Festing strengja ófullnægjandi (togf. vantar).“

Í kjölfar brunans var óskað eftir aðkomu Mannvirkjastofnunar vegna rannsóknar á brunanum. Í rannsóknarskýrslu stofnunarinnar, dags. 12. febrúar 2019, segir að eldsupptök hafi verið í gömlum kyndiklefa í kjallara hússins. Þar hafi loftaklæðning brunnið og einnig hilla með málningarvörum, en aðrar skemmdir hafi mestmegnis verið eftir reyk, hita og vatn. Þá segir að í skjalakerfi stofnunarinnar hafi fundist skoðunarskýrsla frá 2015 þar sem alvarlegar athugasemdir hafi verið gerðar við frágang raflagna í A og ekki hafi verið að sjá að neinar úrbætur hafi farið fram þrátt fyrir að eiganda hafi verið sent afrit af skoðunarskýrslunni og honum gerð grein fyrir ábyrgð og hann hvattur til lagfæringa sem fyrst. Í tengslum við rannsókn Mannvirkjastofnunar á upptökum eldsins voru teknar til frekari rannsóknar „leifar af tengli klóm og leiðurum sem verið höfðu í rýminu“. Varðandi rannsókn á þessum sýnum segir í skýrslunni að við skoðun á þeim hafi ekkert afgerandi leitt í ljós, en tengillinn hafi hitnað mikið af eldi og skemmst þannig að næstum ómögulegt hafi verið að sjá hvort yfirhitnun hafi orðið á honum. Einnig hafi klær verið illa farnar og erfitt að ákvarða út frá skemmdum á þeim hvort eldsupptök hafi verið í þeim. Hafi skemmdirnar verið líkari utanaðkomandi hitaskemmdum. Niðurstaða skýrslunnar er svohljóðandi:

„Eftir að hafa farið yfir gögn, myndir og brunasýni þá virðast standa eftir tveir möguleikar þ.e. að eldsupptök sé í/við hillu sem í voru málningarvöru og raflögn á bak við (þar er greinilegasti brunaferillinn) svo og í tengli/klóm í lofti fyrir ofan og framan þessa sömu hillu.

Sjálfsíkvikun vegna málningar og/eða annarra efna í hillu í rýminu er möguleiki en ekkert fannst sem styður þá tilgátu, sú málning sem fannst virtist vera vatnsmálning. Kjallarinn var læstur og fundust ekki ummerki sem gætu bent til íkveikju. Miðað við ástand raflagna þá þykir líklegast að bilun í þeim vegna rangrar uppsetningar og/eða viðhaldsleysis hafi orsakað eldsvoðann og að eldsupptök hafi verið í eða við málningarhillu.“

Fyrir liggur rannsóknarskýrsla lögreglunnar á Vestfjörðum um brunann, dags. 25. mars 2019. Í skýrslunni er gerð grein fyrir aðstæðum og störfum lögreglunnar á vettvangi þegar eldurinn kom upp, rannsókn Mannvirkjastofnunar auk þess sem aflað var upplýsinga, m.a. hjá eiginkonu M, um aðstæður í kyndiklefanum. Í símaskýrslu hennar hjá lögreglu kom fram að þau hafi ekkert átt við rafmagn í húsinu. Þá kvað hún að í rými því sem eldur var hvað mestur hafi þera verið í loftinu og þurft hafi að stinga rafmagnssnúru í samband til að kveikja á henni. Tengill fyrir innstunguna hafi verið staðsettur í lofti fyrir miðju rétt hjá perunni. Kvað hún þessa ljósaperu hafa verið það eina sem hafi verið rafmagnstengt í kjallaranum. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir að engin ummerki hafi fundist um að eldur hafi kviknað af mannavöldum. Þá segir að ætla megi að eldur hafi kviknað út frá rafmangi og er í því efni vísað til fyrrgreindrar skýrslu Mannvirkjastofnunar.

Við brunann urðu skemmdir á sjálfri húseigninni auk þess sem skemmdir munu hafa orðið á innbúsmunum í eigu M. Af því tilefni hefur M krafist bóta úr brunatryggingu fasteignarinnar og innbústryggingu hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr báðum vátryggingunum en telur að skerða beri bætur um 50%. Telur félagið með vísan til skýrslu Mannvirkjastofnunar að M hafi brotið gegn 2. mgr. 23. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir þar sem segir að eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis beri ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt sé þeim skylt að hlíta fyrir mælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í lögum og reglugerðum um brunavarnir, byggingarmál, öryggismál, hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni. Einnig hefur V vísað til varúðarreglu í skilmálum sínum fyrir brunatryggingu húseigna þar sem segir að vátryggðum beri að sjá um að umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á, svo og að vátryggðum beri að fara eftir fyrir mælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu. Enn fremur telur V að tjóninu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga sem og að hann hafi ekki gætt skyldu sinnar til að hindra vátryggingaratburð samkvæmt 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

Álit.

Skoðunarskýrsla Mannvirkjastofnunar frá 2015 með alvarlegum athugasemdum við frágang raflagna í A liggur ekki fyrir í málinu né heldur nein gögn um að hún hafi verið kynnt M. Við svo búið og gegn andmælum M telst ósannað að raflagnir í A hafi verið skoðaðar af hálfu Mannvirkjastofnunar á árinu 2015 og M hafi verið gerð grein fyrir athugasemdum sem þá áttu að hafa verið gerðar við ástand raflagna í húsinu. Á hinn bóginn liggur fyrri ítarleg skýrsla um ásigkomulag raflagna í A sem unnin var af Frumherja í september 2016, þar sem m.a. eru gerðar athugasemdir í þremur liðum við ástand raflagna í kjallaranum, líkt og áður getur. Önnur gögn um ástand raflagna í kjallaranum, þ. á m. í því rými þar sem eldsupptök voru, liggja ekki fyrir í gögnum málsins. Óumdeilt er að skýrsla Frumherja var kynnt M og ekkert mun hafa verið unnið við raforkuvirki A eftir að skýrsla þessi var gerð.

Samkvæmt 26. gr. vátryggingarsamningalaga getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Í 12. tölulið 2. gr. laganna um vátryggingarsamninga, sbr. 2. gr. laga nr. 61/2019 um breytingu á þeim, er skilgreint í þremur staflíðum hvað felst í varúðarreglum. Samkvæmt staflíð c eru varúðarreglur fyrir mæli í vátryggingarsamningi um að vátryggður eða aðrir skuli við notkun, geymslu eða viðhald vátryggðs hlutar framkvæma það með tilteknum hætti. Varúðarregla sem lýtur að viðhaldi húseignar verður samkvæmt þessu að vera skýr og alveg ljóst til hvers sé ætlast af vátryggingartaka svo vátryggingafélag geti borið það fyrir sig ef út af er brugðið, þ. á m. hvað laga- eða stjórnvaldsreglum honum beri að hlíta.

Í fyrri málslið varúðarreglu þeirrar sem er að finna í skilmálum brunatryggingar húseignar hjá V segir að vátryggðum beri að sjá um að umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Í engu er þess getið hvaða lög eða

reglugerðir það eru sem M bar að hlíta á grundvelli þessarar varúðarreglu. Verður að telja varúðarregluna það almenna og óskýra að V getur ekki borið hana fyrir sig gagnvart M. Samkvæmt síðari málslið varúðarreglunnar ber váttrygðum að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu. Líkt og áður getur liggja ekki engin fyrirmæli fyrir eða athugasemdir frá Mannvirkjastofnun varðandi raforkuvirki í A. Einu athugasemdirnar sem liggja fyrir um raforkuvirkið er að finna í fyrrgreindri skýrslu Frumherja hf. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en Frumherji hf. sé hlutafélag í einkaeigu en ekki opinber eftirlitsstofnun eins og áskilið er svo V geti borið fyrir sig þessa varúðarreglu. Í ljósi þessa getur V ekki byggt skerðingu á bótum til M á grundvelli þeirra varúðarreglna sem að framan greinir.

Í skýrslu Frumherja hf. er ekki að sjá að krafist hafi verið úrbóta vegna þeirra athugasemda sem fram koma í skýrslunni eða bent á að eldhætta gæti stafað af orkuvirki hússins í því ástandi sem það var. Með tilliti til þessa verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi mátt gera sér grein fyrir að meiri eldhætta væri í húsinu en almennt má gera ráð fyrir í gömlu húsum eins og hér um ræðir. Telst því einnig ósannað að tjón það sem varð í eldsvoðanum megi rekja til stórkostlegs gáleyisis M.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga skal váttrygður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón sé yfirvofandi hætta á að váttryggingaratburður verði, eða ef hann er orðinn. Engin haldbær rök hafa komið fram af hálfu V um að eldsvoðann megi rekja til þess að M hafi vanrækt skyldur samkvæmt þessu lagaákvæði. Skerðing bóta verður því ekki byggt á þessu lagaákvæði.

Að öllu framangreindu virtu eru ekki efni til að skerða bætur sem M á rétt á úr brunatryggingu A. Af hálfu V hefur ekki verið byggt á neinum varúðarreglum í innbústryggingu þeirri sem M krefst bóta úr. Þá á hið sama við um þessa váttryggingu og brunatryggingu húseignarinnar að tjónið verður ekki rakið til stórkostlegs gáleyisis M eða að hann hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga. Eru því heldur ekki efni til að skerða bætur úr þessari váttryggingu. M telst því eiga óskertan rétt til bóta úr lögboðinni brunatryggingu A og innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr brunatryggingu húseignar og innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 227/2019**M og
V v/ lögmaþtrar ábyrgðartryggingar hönnuðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna mistaka við deilihönnun á útveggjafrágangi
hótelviðbyggingar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.6.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vorið 2018 á var unnið við að klæða útveggi viðbyggingar tiltekins hótels í eigu M í sveitarfélaginu A. Hönnun byggingarinnar var í höndum B hjá teiknistofunni D. Mun B m.a. hafa haft með höndum hönnun útveggjanna. Var timburklæðning undir læsta málmklæðingu fest á útvegg viðbyggingarinnar. Við skoðun byggingarfulltrúa í A eftir ábendingu eldvarnarefirlitsmanns í umdæminu reyndist timburklæðningin vera úr brennanlegu efni sem mun vera óheimilt að nota á húsbyggingu sem er hærri en tvær hæðir en viðbyggingin er fjórar hæðir. Varð því að rífa niður klæðninguna sem komin var upp og setja nýja úr leyfilegu efni. Með tveimur bréfum D til V, dags. 5. apríl og 25. september 2018, var V tilkynnt um atvikið. Í síðara bréfinu er því lýst að mistök hafi orðið við deilihönnun D á útveggjafrágangi byggingarinnar og að mistökin haft í för með sér aukakostnað fyrir húsbyggjanda, M.

Kveður M að smiðir sem unnu að smíðinni á hans vegum hafi klætt og gengið frá hluta útveggja hússins með timbri í samræmi við deiliteikningu sem starfsmaður D hafi afhent þeim þótt þær eða samrit þeirra hefðu á þeim tíma ekki verið lagðar inn til byggingarfulltrúa.

M hefur krafist bóta vegna aukakostnaðar sem leiddi af framangreindu úr lögmaþtri starfsábyrgðartryggingu hönnuða sem D hafði í gildi hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni. Með því að deiliteikningar af umræddri klæðningu hafi ekki verið lagðar inn til byggingarfulltrúa eða samþykktar af honum hafi engin hönnun á klæðningunni legið fyrir þegar verkið var framkvæmt. Því sé ljóst að meint tjón M falli ekki undir váttrygginguna, enda taki váttryggingin einungis til tjóns af völdum teikninga sem hönnuður hefur staðfest með undirritun sinni fyrir byggingarfulltrúa, sbr. orðalag 1. gr. skilmála þeirra sem um váttrygginguna gilda. Einnig sé ósannað að hið meinta tjón verði rakið til mistaka starfsmanna D, enda ósannað að nokkrar teikningar af umræddri klæðningu hafi yfir höfuð verið til á þeim tíma sem verkið var unnið. Að auki kveður V að starfsábyrgðartrygging hönnuða nái ekki til „óundirritaðra og óinnlagðra teikninga“. Önnur túlkun fari í bága við meginreglur laga um mannvirki nr. 160/2010 og er í því efni m.a. vísað til 1. mgr. 16. gr. laganna sem og 34. og 3.-5. mgr. 36. gr.

Álit.

Í 1. gr. skálmála V fyrir starfsábyrgðartryggingu hönnuða segir að váttryggt sé „gegn bótaskyldu, er fellur á váttryggðan sem löggiltan hönnuð uppdráttu af mannvirkjum eða hönnunarstjóra gagnvart byggingaryfirvöldum, í því tilviki að þriðji maður verður fyrir fjárhagstjóni, sem rakið verður til gáleysis við hönnunarstarf eða hönnunarstjórn váttryggðs og hann hefur ábyrgst með áritun á teikningu, sbr. 23. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Í 23. gr. mannvirkjalaga er kveðið á um það í hverju ábyrgð hönnuða er fólgin. Þannig segir í 2. mgr. greinarinnar að hönnuðir beri ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Þá ber hönnuðum að árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína. Í síðastgreindum málslið felst skylda hönnuða til að árita uppdrætti en ekki er unnt að skilja málsliðinn svo að áritun sé skilyrði þess að þeir geti borið ábyrgð sem á þeim hvílir samkvæmt lögnum. Þá verður af ákvæðinu ráðið að hönnun geti komið fram í fleiri gögnum en teikningum, svo sem verklýsingu og skriflegum fyrirmælum. Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra segir að hönnuði, einstaklingi eða fyrirtæki

þar sem löggiltur hönnuður starfar, sem leggur uppdrætti fyrir útgefanda byggingarleyfis skv. ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar, er skylt að hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hönnuðar. Skal ábyrgðartryggingin þannig taka fjárhagstjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hönnuðar. Er slík störf ekki einskorðuð við gáleysi við gerð uppdráttar sem hafa verið áritaðir og lagðir inn hjá byggingarfulltrúa. Þá verður ráðið af 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar að ábyrgðin taki til sérhvers fjárhagstjóns sem verður við byggingarleyfisskylda framkvæmd vegna gáleysis í störfum hönnuðar. Hvað sem líður ákvæðum 1. gr. váttryggingarskilmála V um gildissvið ábyrgðartryggingarinnar verður að líta svo á að hún taki til skaðabótaábyrgðar hönnuða eins og mælt er fyrir um hana í 23. gr. laga nr. 160/2010. Ekkert í 34. eða 3-5. mgr. 36. gr. laga nr. 160/2010 eða öðrum laga- og stjórnvaldsfyrirmælum fær því breytt.

Í ljósi bréfa D til V 5 apríl og 28. september 2018 og gagna málsins að öðru leyti verður að telja að starfsmönnum D hafi orðið á mistök þegar undir málmklæðninguna var valið timbur sem óheimilt var að nota. Jafnframt verður að telja að engum vafa sé undirorpið að það hafi verið á verksviði B sem aðalhönnuðar byggingarinnar að segja til um hvers konar efni skyldi notað sem festingu fyrir málmklæðninguna. Þótt skýr sönnunargögn um umfang tjóns M liggi ekki fyrir verður að telja nægilega sannað samkvæmt málgögnum að M hafi orðið fyrir einhverju fjárhagstjóni af völdum mistaka B og annarra starfsmanna D við hönnun klæðningarinnar. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 160/2010 ber D ábyrgð á því tjóni og fæst það bætt úr starfsábyrgðartryggingu D hjá V, líkt og að framan greinir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 228/2019**M og
ABÍ vegna bifreiðarinnar A og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Reynishverfisvegi 26. mars 2019.****Gögn.**

Málskot, mótt. 8. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf ABÍ, dags. 10. júlí 2019, ásamt bréfi ABÍ til lögmanns M dags. 23. maí 2019.

Bréf V, dags. 17. júlí 2019.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B hinn 26. mars 2019 og í lögregluskýrslu vegna tjónsatviksins kemur fram að á akbraut þeirri sem bifreiðunum var ekið hafi ekki verið málaðar yfirborðsmerkingar. M (ökumaður bifreiðar A) kveðst í skýrslunni hafa stöðvað bifreið sína á sinni akrein til að fylgjast með vörubifreið sem var inni á plani við bæinn Reyni og þannig fyrir akstursstefnu hans, sem var fyrirhuguð til vinstri til inn að sama bæ. M kveðst hafa gefið stefnumerki til vinstri, ekki séð aðra bifreið í baksýnispegli en við beygju hans til vinstri hafi hann fundið mikið högg koma á bifreið sína og bifreið B skolið á henni á mikilli ferð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið á lítilli ferð þegar hann ók fram á bifreið A og þar sem ekki hafi verið stefnumerki á bifreið A þá hafi hann ákveðið að fara framúr henni. Þá hafi ökumaður bifreiðar A beygt skyndilega til vinstri í veg fyrir bifreið B. Tveir farþegar í bifreið B báru á sama hátt og ökumaður um aðdraganda áreksturs. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing vitnis sem ekki er getið um í lögregluskýrslu, dags. 1. júlí 2019, þar sem atvikum er lýst þannig að vitnið hafi verið við vinnu á plani við bæinn Reyni og hafi bifreið A komið þar að og ökumaður hennar gefið stefnumerki til vinstri áður er henni var beygt til vinstri inn á planið, en þá hafi bifreið B verið ekið á nokkurri ferð á bifreið A.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á bifreið A og vísar í fyrsta lagi til þess að ökumaður bifreiðar B segi ranglega til í lögregluskýrslu um stefnumerkjagjöf ökumanns bifreiðar A og vísar þar til sérstakrar yfirlýsingar vitnis dags. 1. júlí 2019. Í öðru lagi bendir M á að bifreið hans hafi verið kyrrstæð á vegi þar sem ætla mátti að hann væri að beygja til vinstri og varhugavert hafi verið af ökumanni bifreiðar B að fara á milli bifreiðar A og vörubifreiðarinnar á planinu við bæinn á miklum hraða. Í þriðja lagi vísar M til staðhátta og í fjórða lagi til þess að ökuhraði bifreiðar B hafi verið of mikill m.v. aðstæður og megi álykta það af skemmdum á bifreiðunum.

Álit.

Í umferðarlögum nr. 50/1987 eru fyrirsmáli til ökumanna í 2. mgr. 17. gr. sömu laga að sá ökumaður sem ætlar að aka til hliðar eða draga snögglega úr hraða þess þurfi að gæta þess að það sé gert án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur. Í 1. mgr. 16. gr. sömu laga kemur fram að ákvæði 2. mgr. 15. gr. gildi einnig um akstur af akbraut þó ekki sé um vegamót að ræða. Framburður vitna stangast á um hvort stefnumerki voru gefin áður en bifreið A var ekið til vinstri og verður því ekki talið sannað að slík merkjagjöf hafi verið ökumanni bifreiðar B sýnileg, auk þess sem merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu, sbr. 5. mgr. 31. gr. umferðarlaga.

Af þessu má ráða að þegar ökumaður beygir úr kyrrstöðu út af vegi til vinstri hvíli sérstök aðgæsluskylda á honum gagnvart umferð sem á eftir kemur. Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi og gagna þessa máls í heild verður að líta svo á að ökumaður bifreiðar A hafi ekki sinnt þeirri aðgæsluskyldu nægilega og ber hann því sök á árekstrinum.

Til þess að komi til sakar ökumanns bifreiðar B þarf að sýna fram á að hann hafi ekið gegn fyrirmælum sömu umferðarlaga um framúrakstur í 20. gr. eða ekið of hratt m.v. aðstæður, sbr. 36. gr. sömu laga. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með skýrum hætti að þannig hafi aðstæður verið og verður ökumaður bifreiðar A að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á ökumann A.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 230/2019**M og
Vvegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið.****Gögn.**

Málskot dags. 05.07.2019.

Bréf V dags. 16.7.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Samkvæmt atvikalýsingu í málskoti var átján ára sonur M á hlaupum þegar hann féll við og á kyrrstæða bifreið í eigu þriðja aðila, með þeim afleiðingum að hnappar á jakka sem hann var í rispuðu farþegahurð bifreiðarinnar. M telur að umrætt tjón, sem átti sér stað hinn 10. apríl 2019, sé bótaskyldt úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar þeirrar sem hann var með í gildi hjá V á tjónsdegi, þar sem um gáleysi sonar hans hafi verið að ræða þegar hann hljóp að bifreiðinni með þessum afleiðingum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu á þeim forsendum að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Þannig taki ábyrgðarliður váttryggingarinnar til þess þegar váttryggðir baki sér skaðabótaskyldu að lögum. Það geti hins vegar ekki talist fela í sér saknæma háttsemi að hlaupa eftir gangstétt, og það að viðkomandi féll við, og olli við það tjóni á bifreiðinni, verði að skoðast sem óhappatilvik, sem leiði ekki til skaðabótaábyrgðar.

Álit:

Váttryggingin sem hér um ræðir tekur til sonar M, sem eins hinna váttryggðu. Í skilmálum er varða ábyrgðarlið umræddrar váttryggingar er tekið fram að félagið váttryggi gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Svo að skaðabótaskylda stofnist þarf að koma til saknæm háttsemi af hálfu tjónvalds, þ.e. í þessu tilviki gáleysi. Kemur þá til skoðunar hvort hann hafi sýnt af sér saknæma háttsemi umrætt sinn þannig að leiði til þess að bótaskylda stofnist úr ábyrgðarlið umræddrar váttryggingar. Af atvikalýsingu verður ekki ráðið annað en að um hreint óhapp hafi verið að ræða, en ekki verður séð að tjónvaldur, sonur M, hafi hagað ferð sinni með gáleysislegum eða óforsvaranlegum hætti umrætt sinn. Það eitt að hlaupa á gangstétt nálægt kyrrstæðum bifreiðum getur þannig ekki talist fela í sér saknæma háttsemi. Verður því að líta svo á, miðað við lýsingu á tjónsatvikinu sjálfu, sem hér hafi verið um óhapp að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 231/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar eiganda orlofshúss.****Ágreiningur um bótaskyldu er lok á heitum potti féll ofan á höfuð konu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20. maí 2107 var M gestkomandi í orlofshúsi í eigu SFR (A) og fór í heitan pott við húsið ásamt tveimur ungbörnum. Hafi hún tekið lok af pottinum og hallað því upp að skjólvegg fyrir ofan pottinn. Vildi þá svo til að lokið féll niður og lenti á höfði M sem hlaut snert að heilahristingi og hálstögnun.

M telur að leiðbeiningar hafi skort um það hvernig ganga skyldi frá lokinu meðan potturinn var í notkun ásamt því að engar festingar hafi verið fyrir lokið á skjólveggnum. Telur hún A bera ábyrgð á slysinu og vísar í þeim efnunum m.a. til a-liðar 1. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirk þar sem segir að það sé markmið laganna að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmynd af pottinum má ráða að um sé að ræða heitan pott af algengri stærð með skjólvegg á tvær hliðar. Milli pottsins og skjólveggsins virðist vera um 30 cm bil en á hvorri hlið skjólveggsins eru tvö útiljós sem skaga lítið eitt úr frá skjólveggnum. Af ljósmynd af lokinu, sem var yfir pottinum, má sjá að það er lagt saman um miðju. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þyngd loksins eða úr hvers konar efni það er gert. Engu að síður verður að telja ljóst af aðstæðum, svo sem útiljósunum á skjólveggnum, að ekki hafi verið ætlast til að lokið sé lagt upp að skjólveggnum heldur að það sé lagt niður á pallinn í námunda við pottinn, en ekki verður ráðið að þyngd loksins geri það örðugt að taka lokið af pottinum og leggja það til hliðar. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að frágangur loksins hafi verið ófullnægjandi eða að slysið verði rakið til skorts á leiðbeiningum um það hvernig lokið skuli tekið af pottinum eða hvernig skuli gengið frá því meðan potturinn er í notkun. Að þessu virtu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 232/2019

M og

V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags og tilkynningarfrestur váttryggingafélags skv. 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna umferðarslyss.**Gögn.**

Málskot, dags. 8. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 22. júlí 2019, ásamt afriti tölvupósts V til lögmanns M dags. 12. júlí 2018 og váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu dags. 29. október 2016 vegna tjónsatviks sama dag kemur fram að M var ökumaður bifreiðar sem fór út af vegi í bílveltu. Framburður M um aðdraganda bílveltunnar er í þessari skýrslu eftirfarandi: „... hafi hún verið að ganga frá farsímanum eftir að hafa verið á „Snapchat“ milli sæta bifreiðarinnar. Hafi hún því næst gripið sælgæti sem þar var og á þessu augnabliki hafi henni verið litið af veginum í smá stund. Þegar hún svo leit aftur fram á veginn hafi ökumaður bifreiðarinnar fyrir framan hana verið búin að hægja mikið á sér.“ Í kjölfarið hemlaði M og beygði með þeim afleiðingum að bifreiðin valt. Vitni í bifreið sem var ekið á eftir bifreið bera með sama hætti um að M hafi hemlað snögglega vegna bifreiðar sem hafi dregið úr hraða á undan henni. Í lögregluskýrslunni er gerð grein fyrir því að M hafi á vettvangi fundið fyrir verk í baki og hálsi og hefi verið flutt á slysideild til frekari skoðunar.

Læknisvottorð liggur fyrir vegna þeirrar heimsóknar en M gaf lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna vegna afleiðinga slyssins í febrúar 2018 og í kjölfarið óskaði sá lögmaður eftir gögnum málsins hjá V. Í kjölfarið óskaði V eftir frekari niðurstöðum blóð- og þvagrannsóknna vegna slyss M og tilkynnti félagið lögmanni M með tölvupósti dags. 1. mars 2018 að skerðing væri „líkleg“ í málinu, en þá var beðið eftir niðurstöðum fyrrnefndra rannsókna. Þær niðurstöður voru sendar til V með tölvupósti í síðasta lagi 26. mars 2018 m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu. Hinn 12. júlí 2018 tilkynnti V síðan lögmanni M að það takmarki ábyrgð sína um þriðjung af heildartjóni vegna stórkostlegs gáleysis M við aksturinn og vísaði félagið til 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 því til stuðnings.

M telur í fyrsta lagi að V hafi vanrækt að senda tilkynningu um takmörkun ábyrgðar sinnar vegna slysatryggingar ökumanns „án ástæðulauss dráttar“ eða að öðru leyti í samræmi við það sem áskilið sé í 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þannig verði félagið að sæta því að glata rétti til að bera fyrir sig atvik sem gætu leitt til takmörkunar á ábyrgð, eins og kveðið sé á um í 2. mgr. 94. gr. laganna. M telur að vanræksla V hafi falist í því að um fjórir og hálfur mánuður liðu frá því að tilkynnt var um hugsanlegar kröfur í slysatryggingu ökumanns af hálfu M þar til fullnaðartilkynning í samræmi við ákvæði 94. gr. laga um váttryggingarsamninga var send, það er að félagið hafi í síðasta lagi haft lögregluskýrslu undir höndum 23. febrúar 2018 en fullnaðartilkynning um takmörkun ábyrgðar hafi ekki verið send fyrr en 12. júlí 2018. M telur að svo langur tími geti ekki verið „án ástæðulauss dráttar“, eins og kveðið sé á um í ákvæðinu. Í öðru lagi telur M að ef ekki sé fallist á ofangreind sjónarmið hennar að V hafi ekki sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að háttsemi hennar við akstur í aðdraganda bílveltunnar hafi verið stórkostlegt gáleysi í skilningi 90. gr. laga um váttryggingarsamninga. M telur að um óhappatilkynningu hafi verið að ræða og aðstæður sem ökumaður bifreiðar sem var á undan hafi skapað með því að draga skyndilega úr hraða. Einnig bendir M á að hún hafi ekið á löglegum hraða og verið í miklu uppnámi þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang og taki framburður hennar í frumskýrslu lögglunnar mið af því.

V telur að takmarka eigi ábyrgð félagsins um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis M við aksturinn þar sem hún hafi brotið gegn fyrirmælum 1 mgr. 47. gr. a sem bannar notkun farsíma undir stýri auk þess sem hún hafi verið að borða sælgæti við aksturinn þar að auki. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 22. júlí 2019 kemur einnig fram að M hafi verið undir áhrifum kannabis- og benzodiazepín lyfja skv.

upplýsingum úr bráðamóttökuskrá. V vísar því á bug að félagið hafi tilkynnt of sein um takmörkun sína á ábyrgð í skilningi 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga.

V vísar til þess að M hafi ekki tilkynnt um líkamstjón sitt fyrr en 22. febrúar 2018 til félagsins og 26. mars sama ár hafi félagið fengið upplýsingar um rannsóknir vegna slyssins. V telur að með tilkynningu sinni um væntanlega skerðingu 1. mars 2018, nokkrum dögum eftir að tjón M var tilkynnt sérstaklega til þess hafi verið vel innan ástæðulauss dráttar í skilningi fyrrnefnds ákvæðis.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort tilkynning V um takmörkun ábyrgðar vegna afstöðu til kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns hafi verið innan ástæðulauss dráttar í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í 1. mgr. 94. gr. laganna kemur fram að ef váttryggingafélag ætlar að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að öllu leyti eða hluta skv. öðrum ákvæðum XIII. kafla laganna, þá verði það að tilkynna váttryggingartaka eða þeim sem eigi rétt til váttryggingarbóta skriflega um afstöðu sína og það verður að senda tilkynninguna án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum skv. ákvæðum fyrrnefnds XIII. kafla. Einnig þarf að leiðbeina um rétt til að bera ágreining undir úrskurðarnefnd. Ef váttryggingafélag sinnir þessu ekki þá missir það rétt til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skv. 2. mgr. 94. gr. laganna.

Í tilkynningu V dags. 12. júlí 2018 er vísað til 31. gr. váttryggingarskilmála og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga varðandi heimild félagsins til takmörkunar ábyrgðar sinnar. Röksemdir V eru nánar tiltekið að félagið meti það svo að það að M hafi verið „... í símanum á Snapchat á meðan á akstri stóð og litið af veginum í smástund. Talsvert umferð var og var hún á 80 km hraða í rigningu og slæmu skyggni.“ Ekki er fjallað sérstaklega um að M hafi verið undir áhrifum lyfja í umræddri tilkynningu. Ákvæði 90. gr. laga um váttryggingarsamninga er í XIII. kafla laganna og gildir því tilkynningaskylda 94. gr. um atvik málsins.

Verður ekki annað séð en að þegar V tilkynnir um takmörkun ábyrgð sinnar í samræmi við fyrirmæli 94. gr. laganna, hinn 12. júlí 2018 sé fyrst og fremst byggt á upplýsingum sem komi fram í frumskýrslu lögreglu. Ætla má að V hafi borist sú skýrsla fljótlega eftir tjónsatvikið þar sem rík hefð er fyrir því að váttryggingafélög fái sendar lögregluskýrslur sem varða ökutæki sem tryggð eru hjá þeim. Í skýrslunni kemur skýrlega fram að M leitaði á slysideild vegna einkenna sem hún fann fyrir á vettvangi og gáfu tilefni til að álykta að líkamstjón hefði orðið. Í allra síðasta lagi hefur V altént fengið frumskýrslu lögreglu í hendur 23. febrúar 2018.

Í 1. mgr. 94. gr. er kveðið á um að tilkynning váttryggingafélags um takmörkun ábyrgðar þurfi að vera skrifleg, send án ástæðulauss dráttar frá því félagið vissi um atvik sem veita heimild til takmörkunar og upplýsa um rétt til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd. Tilkynning V með tölvupósti 1. mars 2018 uppfyllti ekki þessi skilyrði og verður því að leggja til grundvallar að tilkynning hafi fyrst komið til M með tölvupósti 12. júlí 2018. Þá eru liðin tæp tvö ár frá tjónsatvik og margir mánuðir frá því að V barst frumskýrsla lögreglu í allra síðasta lagi. Þó V hafi beðið um frekari gögn í þessu tiltekna máli verður að ætla að það hafi á grundvelli frumskýrslu lögreglunnar hæglega getað tilkynnt M með fullnægjandi hætti um þá takmörkun ábyrgðar sinnar, sem félagið rökstyður ekki sérstaklega fyrr en 12. júlí 2018, í allra síðasta lagi í lok febrúar 2018.

Í ljósi allra atvika sem tilgreind eru hér að ofan telst V því ekki hafa tilkynnt M um takmörkun ábyrgð sinnar án ástæðulauss dráttar, í samræmi við fyrirmæli í 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga og fellur réttur V til að bera fyrir sig slíka mögulegar takmarkanir því niður, sbr. 2. mgr. 94. gr. sömu laga. Af þeim ástæðum telst ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um háttsemi M við aksturinn.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 233/2019

M og
V v/ ábyrgðartryggingar strætisvagns (A).**Ágreiningur um bótaskyldu er farþegi í strætisvagni kvaðst hafa orðið fyrir meiðslum er vagninum var ekið yfir hraðhindrun eða ójöfnu.****Gögn.**

Málskot, dags. 5.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.7.2019.

Málsatvik.

Að kvöldi 3. nóvember 2016 var M farþegi í strætisvagninum A á leið austur Skothúsveg í Reykjavík. Mun A þá hafa verið ekið yfir hraðhindrun eða ójöfnu þannig að M skaust upp úr sæti sínu og lenti illa. Kveðst hann hafa orðið fyrir meiðslum sem hafi versnað dagana eftir slysið. M gaf skýrslu hjá lögreglu 10. sama mánaðar þar sem hann lýsti atvikum á þann veg að A hafi verið ekið yfir ójöfnu á götunni og við það hafi hann kastast úr sæti sínu og hafnað á gólfinu á rassinum. Hafi hann fundið til kvala í baki, en staðið upp, harkað af sér og sest aftur í sætið.

Af fyrirliggjandi sjúkraskrá M á tiltekinni heilsugæslustöð má sjá að M hafi leitað til heimilislæknis síns á heilsugæslustöðinni 8. nóvember 2016. Þar er atvikum lýst á svipaðan veg og að framan greinir. Þar segir einnig að hann hafi verið á leið til vinnu og unnið alla nóttina, en verið afleitur síðan og ekki treyst sér til vinnu eftir það. Við skoðun gangi hann hálfskakkur og sé lengi að standa upp og setjast. Hann sé aumur í „paravertebral“ vöðvum frá miðjum brjósthrygg að mjaðmaspöðum og aumur yfir „ileo-lumbal ligg, SI liðum og origo og insertio piriformis bilat. Distalstatus ganglima a.ö.l. í lagi“. Var honum ávísað fast verkja- og bólgueyðandi lyf. Eftir þessa heimsókn mun M hafa í allnokkur skipti leitað á heilsugæslustöðina vegna verkja í stoðkerfi og annarrar vanlíðunar.

Frá marsmánuði 2017 mun M hafa verið í starfsendurhæfingu á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs um eins árs skeið.

M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Með sameiginlegri matsbeiðni M og V, dags. 18. júní 2018, voru tveir aðilar, læknir og lögmaður, fengnir til að meta hverjar væru afleiðingar af völdum þeirra meiðsla sem M kveðst hafa orðið fyrir við atvikið 3. nóvember 2016. Er í matsgerð þeirra, dags. 21. febrúar 2019, talið að M hafi verið veikur án þess að vera rúmfastur í skilningi 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 3. nóvember 2016 til 3. febrúar 2017, varanlegur miski sé 3 stig og varanleg örorka 3%. Í álits- og niðurstöðukafla matsgerðarinnar segir m.a. að afar ólíklegt sé að A hafi verið ekið á því líkri ferð að M hafi getað kastast upp í loft eða skotist úr sæti sínu eins og hann hafi lýst. Hann sé með fyrri sögu um einkenni frá mjóbaki og hafi verið metinn vegna þeirra og enn fremur dofa niður í ganglimi. Með engu móti sé hægt að tengja öll þau einkenni sem hann lýsi fyrir matsmönnum, þ.e. verki víða um stoðkerfi, við umræddan tjónsatburð eins og honum er lýst. Allt bendi til að um langvinna verki sé að ræða og um sé að ræða verkjaeinkenni sjúklings, verki sem geti átt uppruna sinn í fyrri slysi og hugsanlega hafi aukist við seinna slysið, en af fyrirliggjandi gögnum sé ljóst að einkenni hafi verið veruleg eftir fyrri slysið og ein og sér haft töluverð áhrif á vinnugetu M auk einkenna sem til koma og tengjast ekki slysinu. Eins og málum er háttað sé metið að álitum óvinnufærni eftir tognunaráverka sem ekki sé ólíklegur eftir tjónsatburðinn en útilokað sé að tengja öll útbreidd og mikil einkenni sem M lýsi sem afleiðingar tjónsatburðarins 3. nóvember 2016.

Með bréfi V til lögmanns M, dags. 22. mars 2019, gerði félagið grein fyrir því að óskað hafi verið eftir upplýsingum um atburðinn hjá eiganda A og þar upplýsingar fengist frá vagnstjóra A í umrætt sinn að hann kannaðist ekki við atvikið. Svo virðist sem M hafi ekki gefið sig fram við vagnstjóran og því geti eigandinn ekki staðfest atvikið. Engin vitni hafi verið að atvikinu og M kveðst hafa verið einn í A. Með vísan til þessa kvað V ósannað að atvikið hafi átt sér stað og hafni þar með að M eigi bótarétt úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Sá sem telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni sem hlotist hefur af notkun skráningarskylds vélknúns ökutækis hefur sönnunarbyrði um að svo hafi verið. Þannig hefur M sönnunarbyrðina um að hann hafi orðið fyrir meiðslum af völdum A er honum var ekið um Skothúsveg umrætt sinn.

M kveðst hafa orðið fyrir meiðslum í A við það að vagninum var ekið yfir ójöfnu eða hraðahindrun. Engin vitni virðast hafa verið að atvikinu og M mun ekki hafa gert stjórnanda A viðvart um það. Í skýrslu hjá lögreglu viku síðar lýsti M atvikum svo að hann hafi kastast upp í loft og fallið svo niður á gólf þar sem hann hafi lent á sitjandanum og fundið til í baki. Fyrir matsmönnum í tengslum við mat á afleiðingum vegna atviksins, lýsti M atvikum svo að hann hafi kastast upp úr sæti sínu og næstum því lent uppi í þaki en lent síðan aftur í sætinu. Að áliti matsmanna er talið afar ólíklegt að A hafi verið ekið á slíkum hraða að atvikið gæti hafa gerst með þeim hætti sem M hefur lýst. Að framangreindu virtu verður að telja að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir meiðslum í A við atvik eins og hann hefur lýst því hjá lögreglu, hjá heimilislækni og hjá matsmönnum þeim sem að framan greinir. Verður þannig að telja ósannað að hann hafi orðið fyrir meiðslum sem hafi hlotist af notkun A.

Þótt V hafi staðið að matsbeiðni ásamt M verður af gögnum málsins ekki ráðið að V hafi með einhverjum hætti gefið bindandi yfirlýsingu um að M fengi tjón sitt að einhverju leyti bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Að framangreindu virtu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu strætisvagnsins A hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 234/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna reksturs atvinnubifreiðar vegna áreksturs 10. maí 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 28. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 18. júlí 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni í umferðaróhappi hinn 10. maí 2018 þar sem henni var ekið í Hvalfjarðargöngum þegar bifreiðinni X var ekið á öfugum vegarhelmingi á móti og þannig hafi árekstur orðið milli bifreiðanna. Vátryggingafélagið V hefur viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna tjóns sem hlaust af árekstrinum og af gögnum málsins má einnig ráða að tiltekin bótafjárhæð hafi verið greidd til M vegna umferðaróhappsins.

M gerir grein fyrir því í málskoti að bifreið hans hafi verið sérútbúin til að sinna ferðapjónustu fatlaðra og hafi gjöreyðilagst í árekstrinum. M vísar til þess að þegar áreksturinn varð hafi samningur hafi verið í gildi frá 1. janúar 2015 milli M og Strætó bs. um þjónustu og hafi hann ekki átt að renna út fyrir en 31. desember 2019 og hafi auk þess verið hægt að framlengja hann í 2 ár. M telur að V hafi ekki bætt tjón fyrirtækisins að fullu en það felist bæði í munatjóni á bifreiðinni sem eyðilagðist og öðru fjártjóni vegna rekstrarstöðvunar M í kjölfarið, þar sem M átti ekki aðra bifreið sem hægt var að nota til rekstursins. M gerir þá kröfu að nefndin „...samþykki bótaskyldu félagsins vegna tekjumissis og rekstrarkostnaðar vegna reksturs bifreiðar í atvinnurekstri frá 1. júní 2018 til dagsins í dag.“ M telur að slíkt tjón sé sennileg afleiðing árekstursins og verði að taka mið af því að það taki tíma að útvega sambærilegt sérútbúið ökutæki til rekstursins, hann hafi sjálfur sem eigandi M verið óvinnufær vegna afleiðinga umferðaróhappsins og hann hafi takmarkað tjón sitt eftir fremstu getu.

V bendir á að það hafi samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og telur að ágreiningur við M snúist fyrst og fremst um fjárhæð bóta. V vísar einnig til þess að greiddar hafi verið bætur af hálfu félagsins vegna tjóns á bifreiðinni sjálfri, afnotamissis hennar og bætur vegna tímabundins atvinnutjóns vegna líkamstjóns.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Þeir sem hafa orðið fyrir tjóni eru annars vegar eigandi bifreiðarinnar fyrirtækið M, og hins vegar ökumaður þeirrar bifreiðar sem virðist jafnframt vera eigandi fyrirtækisins M.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Eins og ágreiningi er lýst í gögnum málsins er ekki hægt að líta öðruvísi á en að hann snúist eingöngu um hver fjárhæð skaðabóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X eigi að vera vegna tekjumissis og kostnaðar M vegna títtnefnds tjónsatviks. Í 3. gr. fyrrnefndra samþykpta kemur fram að nefndin úrskurðar ekki um slíkan ágreining nema með sérstöku samþykki beggja málssaðila. V hefur hafnað því að veita slíkt samþykki, sbr. bréf þess dags. 18. júlí sl. og verður því að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 235/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Suðurlandsvegi 9.7.2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 08.07.2019.

Tölvupóstur V1 dags. 25.07.2019 auk fylgigagna.

Tölvupóstur V2 dags. 30.07.2019.

Viðbótarathugasemdir málskotsaðila dags. 08.08.2019.

Málsatvik.

Hinn 9.júlí 2018 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók í umrætt sinn, og B, á Suðurlandsvegi, til móts við Skaftártungu. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að M lýsi atvikum svo að hún hafi ekið í austurátt á eftir hægfaru ökutæki. Hún hafi ákveðið að taka fram úr bifreiðinni og verið komin upp að hlið hennar og um það bil að gefa stefnumerki til hægri og aka fram fyrir bifreiðina þegar hún hafi fundið högg. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum á þann hátt að hún hafi ætlað að taka fram úr bifreið á undan sér en hætt við og sveigt frá þegar hún sá að sá ökumaður hugði einnig á framúrakstur. Taldi hún að snerting hafi orðið milli þeirrar bifreiðar og sinnar og við það hafi hún misst stjórn á bifreiðinni, en hún hafi verið á um 95 kílómetra hraða á klukkustund. Í lögregluskýrslu er einnig vísað til framburðar X, en hann ók bifreið með tengivagni og var staðsettur milli bifreiða A og B í röð bifreiða þegar umrætt atvik átti sér stað. Segir hann að ætlun sín hafi verið að taka fram úr bifreið A en hafi hann þá séð bifreið B við hlið sér og sveigt til baka. Bifreið B hafi í kjölfarið verið ekið á vinstra afturhorn bifreiðar A. Samkvæmt lögregluskýrslu var engar skemmdir að sjá á bifreið X eða tengivagni hennar.

Málinu var vísað til tjonanefndar váttryggingafélaganna sem byggði á því að ökumaður bifreiðar A hefði ekki gætt nægilega að umferð áður en hann hóf framúrakstur og bæri því einn sök á umræddum árekstri.

M er ósátt við þá niðurstöðu og lýsir atvikum svo að hún hafi upphaflega ætlað að taka fram úr bifreiðinni fyrir framan sig þegar henni hafi verið ekið í veg fyrir sig, en aksturslag ökumanns þeirrar bifreiðar hafi verið sérkennilegt. Hafi hún hætt við framúrakstur að svo stöddu en fljótlega ákveðið að ljúka honum. Hafi hún verið á 80 til 90 kílómetra hraða á klukkustund og komin upp að ökutækinu fyrir framan þegar hún fann fyrir höggi, en við ákomuna hafi bifreið hennar runnið um 40 metra og því næst farið tvær veltur áður en hún rann áfram á toppnum. Ljóst sé að ökumaður bifreiðar B hafi ekki fylgst með atvikum framar í bifreiðaröðinni. Þá liggja ekki fyrir af hverju ökumaður bifreiðar B hafi ekki getað hægt á ferð sinni og þar með forðað aftanákeyrslu, og telja megi að bifreið B hafi verið á meiri hraða en fram komi í lögregluskýrslu og aksturshraði ekki í samræmi við aðstæður.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V1 því yfir að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

V2, sem er váttryggjandi bifreiðar B, lýsir þeirri afstöðu í bréfi sínu til nefndarinnar að ljóst sé að ökumaður bifreiðar B hafi þegar hafið framúrakstur þegar ökumaður bifreiðar A hóf framúrakstur. Því hafi ökumanni bifreiðar A borið að veita B forgang til að ljúka framúrakstri og beri hann þar af leiðandi fulla ábyrgð á árekstrinum.

Álit:

Rétt er að áréttta að umræddur árekstur var aðeins milli bifreiða A og B, þó aðrar bifreiðar hafi, samkvæmt lögregluskýrslu, haft áhrif. X var hins vegar eina vitnið sem gaf sig fram en aðrir voru farnir af vettvangi þegar skýrslutaka lögreglu fór fram. Af atvikalýsingu, svo og vitnisburði X í lögregluskýrslu, verður að miða við að ökumaður bifreiðar B hafi þegar hafið framúrakstur þegar ökumaður bifreiðar A hóf sinn framúrakstur. Verður því að byggja á því að ökumaður bifreiðar A hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að ákvæðum 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sér í lagi ákvæði c.-

liðar, en þar er kveðið á um að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án áhættu og athuga sérstaklega hvort enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum. Verður því að telja að ökumaður bifreiðar A beri einn sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

M, ökumaður bifreiðar A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 10. september 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 236/2019**M og
V v/ almennrar slysatryggingar.****Ágreiningur um hvort maður hafi orðið fyrir slysi í skilningi váttryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttekið 9.7.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.8.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hafa viðbeinsbrotnað af völdum slyss er hann var við vinnu 19. október 2018. Hann leitaði á bráðadeild Landspítalans 22. október 2018. Í bráðamóttökuskrá spítalans vegna komunnar þangað segir að M sé „reykingamaður sem hefur verið með viðvarandi hósta sl. 2-3 vikur, hósta í morgun á leið til vinnu og fær þá skyndilegan verk aftan í hæ. thorax.“ Í læknisvottorði (sjúkradagpeningavottorði) heimilislæknis, dags. 7. maí 2019, segir að M hafi brotið rifbein við slæman endurtekinn hósta um miðjan október 2018. Í öðru læknisvottorði (sjúkradagpeningavottorði), dags. 10. maí 2019, segir að M hafi orðið fyrir vinnuslysi 19. október 2018, „járnþúnt slóst í síðuna, rifbeinsbrotnaði við það. Sótti á slysideild 22.10.2018 og var þá mjög verkjaður og fékk sterk verkjalyf og staðfest að um rifbeinsbrot var að ræða. Erfitt um að hósta og draga djúpt andann“.

Í tilkynningu M um slysið til V, dags. 7. maí 2019, segir að járnþúnt hafi farið á hann 20. október 2018 að Bugðufæti 12. Krafðist M bóta úr almennri slysatryggingu sem hann hefur í gildi hjá V. Með bréfi V til M, dags. 15. maí 2019, hafnaði V bótaskyldu úr slysatryggingunni þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að líkamstjón hans mætti rekja til slyss í skilningi skilmála slysatryggingarinnar.

Í tölvubréfi til lögmanns M, dags. 5. júní 2019, kveðst vinnufélagi M hafa orðið vitni að því er M klemmdist við störf þegar þeir hafi verið að vinna saman. Það hafi gerst 19. október 2018 að Sæmundargötu 21. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna á beygjuvél skammt frá. Hafi hann þá séð þegar M klemmdist þegar hann varð á milli „tonns“ sem var hangandi í krana og „klippiborðs“ sem „tonnið“ var að fara á. Hafi M snúið bakið að vitninu og „tonninu“ og virðist ekki hafa séð þegar kranamaðurinn kom með það með þeim afleiðingum að hann klemmdist á milli. M hafi greinilega verið kvalinn eftir þetta.

Álit.

Samkvæmt váttryggingarskilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir eins og segir í váttryggingarskírteini, en með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Gögn málsins eru mjög misvísandi um atvik sem eiga að hafa leitt til þess að hann viðbeinsbrotnaði. Við komu hans á bráðadeild Landspítalans 22. október 2018 var skráð að hann hafi viðbeinsbrotnað að morgni komudags er hann hóstaði í kjölfar viðvarandi hósta í tvær til þrjár vikur. Hliðstæð lýsing kemur fram í læknisvottorði 7. maí 2019. Talsvert ber í milli annars vegar í lýsingu vitnis og hins vegar í tjónstilkynningu M um það hvar og hvaða dag tjónsatvik á að hafa gerst. Engum samtímagögnum er til að dreifa um að viðbensbrotið hafi orðið af öðrum orsökum en hósta. Í ljósi þessa og að virtu heildstæðu mati á sönnunargögnum sem liggja fyrir í málinu verður að telja ósannað að sjúkdómseinkenni M megi rekja til slyss í skilningi váttryggingarskilmála. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 237/2019**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er bifreið var stolið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Seinni hluta dags 19.5.2018 var tilkynnt til lögreglu að A, bifreið í eigu M, hafi verið stolið fyrir utan tiltekið hús í Hafnarfirði. B, eiginkona M, mun hafa komið á A að umræddu húsi tveimur dögum áður og læst bifreiðinni og farið inn þar sem hún hafi farið úr yfirhöfn en lykklar að A hafi verið í vasa yfirhafnarinnar. Hún hafi farið nokkru síðar af staðnum en í annarri bifreið. Vegna framkvæmda í húsnæðinu hafi útidyrnar verið lokaðar en sjálf útihurðin verið ólæst. Telur hún að óboðnir hafi farið inn í húsnæðið og tekið bíllyklana án þess að hún hafi orðið þess vör.

Þegar A fannst munu skemmdir hafa verið unnar á henni. Hefur M krafist bóta vegna tjónsins úr kaskótryggingu A hjá V. V kveður að samkvæmt skilmálum kaskótryggingarinnar skulu lykklar að ökutækinu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang. Þjófnaðinn megi rekja til þess að varúðarregla þessi hafi verið brotin og svo og af völdum stórkostlegs gáleysis. Því beri að skerða bætur um 2/3. M vill ekki una þeirri niðurstöðu.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar ökutækja hjá V er m.a. mælt fyrir um þá varúðarreglu að lykklar að váttryggðu ökutæki skulu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang. Með vísan til þess að B hafi ekki gætt þessarar varúðarreglu er hún lagði yfirhöfn sína frá sér í ólæstu húsnæði með lyklum að A í vasa yfirhafnarinnar hefur V skert bætur úr kaskótryggingunni eins og að framan greinir.

Í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er kveðið á um þá meginreglu að í váttryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að váttryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl.

Í 2. mgr. lagagreinarinnar er kveðið á um nánar tilgreindar undantekningar frá meginreglunni samkvæmt 1. mgr., en samkvæmt a-lið 2. mgr. má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., semja svo um að við váttryggingu ökutækja, skipa, loftfara eða annarra farartækja og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Í ljósi þessa ákvæðis hefur V sett í skilmála kaskótryggingarinnar ákvæði þess efnis að félagið geti borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða, sbr. a-lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Í athugasemdum við 2. mgr. 29. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 segir svo: „Í a-lið þessarar málsgreinar er heimildin til að semja um samsömun látin ná til manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Hér þarf að koma til að váttryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins váttryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið váttryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti, og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef váttryggður annast um eða rekur hið váttryggða.“

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að það var ekki háttsemi M sem leiddi til þess að A var stolið og þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að B, eiginkona hans, hafi verið ábyrg fyrir A í skilningi a-liðar 2. mgr. 29. gr. V er því ekki heimilt að bera fyrir sig hvernig vörslum bíllyklana var háttáð af hálfu B í aðdraganda þess að A var stolið. Þegar af þeirri ástæðu á M óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A, bifreiðarinnar hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 238/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23. maí 2018 varð árekstur með þremur bifreiðum á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku í Reykjavík þar sem þeim var ekið til vesturs á hægri akrein. Var þá bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M var farþegi í. Síðan var bifreiðinni D ekið aftan á A. Ökumaður A kvaðst hafa ekið í röð bifreiða á hægri akrein og litið af veginum í smá stund. Er hann leit aftur fram hafi allt verið „stopp“ fyrir framan og hafi hann lent aftan á B. Svo hafi D verið ekið aftan á A. Ökumaður B kvaðst hafa ekið í röð bifreiða og verið „næstum því stopp“ þegar A var ekið aftan á B. Ökumaður D kvað A fyrir framan sig hafa verið nauðhemplað og hafi hann ekki náð að stöðva í tíma.

Daginn eftir áreksturinn leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Í fyrirliggjandi sjúkraskrá heilsugæslustöðvarinnar segir að hann hafi verið farþegi í bifreið sem hafi stöðvað í umferðinni þegar annarri bifreið var ekið af fullum krafti á þeirra bifreið. Kvaðst hann vera með verki í baki, sérstaklega neðst í mjóbaki og einnig stífni í öxlum báðum megin og einnig stífni og verki í hálsþrygg. Mun M hafa verið vísað til meðferðar hjá sjúkraþjálfara. Við komu á heilsugæslustöðina 21. nóvember 2018 er m.a. getið um einkenni frá slysinu eða tognun og ofreynslu á brjóst- og hálsþrygg auk þess sem beiðni um sjúkraþjálfun virðist hafa verið endurnýjuð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn. V aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna sem varð við áreksturinn. Við árekstur A og B var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A samkvæmt útreikningnum talið vera -1,36g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar B 1,03g. Við árekstur milli A og D var líklegasta gildi þyngdarhröðunar B talið vera 0,88g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar D -0,90g. M.a. með vísan til þessa útreiknings hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins um það líkamstjón sem M kveðst hafa orðið fyrir eru mjög að skornum skammti, eða einungis fyrrgreind útskrift úr sjúkraskrá. Engrar matsgerðar hæfra og óvilhallra matsmanna hefur verið aflað um líkamstjónið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skemmdir á ökutækjum hafi orðið miklar við áreksturinn. Samkvæmt þessu, gögnum málsins að öðru leyti og gegn andmælum V verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum árekstursins. Hann telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 239/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23. maí 2018 varð árekstur með þremur bifreiðum á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku í Reykjavík þar sem þeim var ekið til vesturs á hægri akrein. Var þá bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók og síðan var bifreiðinni D ekið aftan á A. M kvaðst hafa ekið í röð bifreiða og verið „næstum því stopp“ þegar A var ekið aftan á B. Ökumaður A kvaðst hafa ekið í röð bifreiða á hægri akrein og lítið af veginum í smá stund. Er hann leit aftur fram hafi allt verið „stopp“ fyrir framan og hafi hann lent aftan á B. Svo hafi D verið ekið aftan á A. Ökumaður D kvað A fyrir framan sig hafa verið nauðhemlað og hafi hann ekki náð að stöðva í tíma.

Daginn eftir leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Samkvæmt læknisvottorði heimilislæknis, dags. 26. júní 2018, hafði M fundið lítið til fyrst eftir slysið og sofið ágætlega en þegar hann hafi verið byrjaður að vinna daginn eftir hafi hann farið að fá verki vinstra megin í mjóbak. Verkirnir hafi komið og farið yfir daginn þótt hann hafi reynt að finna þægilega stöðu til þess að vera í. Á heilsugæslustöðinni hafi hann fengið almennar ráðleggingar og ráðlagt að taka Íbúfen 400 mg x 3 næstu fimm daga, notast við heita bakstra og ekki hlífa sér. Í heilsufarssögu M kom fram að hann væri með þekkta „scoliosu“ (hryggskekku) og farið í rannsóknir vegna þess. Í mars 2018 hafi hann verið sendur til meðferðar í sjúkrahjálfun vegna einkenna frá bakinu. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá heilsugæslustöðvarinnar mun M einnig hafa leitað þangað 11. júlí 2018 vegna einkenna sem hann rakti til slyssins. Segir í sjúkraskránni vegna þeirrar komu að M hafi kvíða vegna verkja sem hann virðist rekja til slyss einum og hálfum mánuði áður. Sjúkrahjálfari hafi gert plan en ekki fylgt æfingum eins og á að gera. Einkenni séu helst hægra megin, en ekki merki um brjós-klos og sé góður „inn á milli“.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn. V aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna sem varð við áreksturinn. Við árekstur A og B var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A samkvæmt útreikningnum talið vera -1,36g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar B 1,03g. Við árekstur milli A og D var líklegasta gildi þyngdarhröðunar B talið vera 0,88g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar D -0,90g. M.a. með vísan til þessa útreiknings hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins um það líkamstjón sem M kveðst hafa orðið fyrir eru mjög af skornum skammti, eða einungis fyrrgreint læknisvottorð og útskrift úr sjúkraskrá. Engrar matsgerðar hæfra og óvilhallra matsmanna hefur verið aflað um líkamstjónið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skemmdir á ökutækjum hafi orðið miklar við áreksturinn. Samkvæmt þessu, gögnum málsins að öðru leyti og gegn andmælum V verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum árekstursins. Hann telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 240/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs 1. apríl 2019.****Gögn.**

Málskot, mótt. 9. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V, dags. 29. júlí 2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf M, dags. 6. ágúst 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir lögregluskýrsla dags. 8. apríl 2019 þar sem kemur fram að M komi á lögreglustöð í Hafnarfirði til að tilkynna um umferðarslys og afstungu. Í skýrslu M (sem eru ökumaður og farþegi í bifreið A) hjá lögreglu kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið Vesturlandsveg til suðurs frá Mosfellsbæ og verið staðsett í ytri hring í hringtorgi við Bauhaus þegar bifreið B hafi verið ekið úr innri hring hringtorgsins á bifreið A. Einnig liggja fyrir sjálfstæðar lýsingar M til V eftir það. Í annarri lögregluskýrslu dags. 23. júní 2019 er rætt við ökumann bifreiðar B og hann lýsir atvikum þannig að hann hafi verið að keyra í vesturátt frá Mosfellsbæ og ökumaður bifreiðar A hafi ekið utan í bifreið B. Einnig lýsir ökumaður bifreiðar B atvikum þannig að færð hafi ekki verið góð og ekki hafi verið búið að skafa snjó af bifreið A. Sambærileg lýsing kemur fram í tjónstilkynningu ökumanns bifreiðar B til V, sem er ódagsett, en þar kemur einnig fram sú lýsing ökumanns bifreiðar B að bifreið A hafi pressað bifreið B út til vinstri á næstu akrein þar sem snjóruðningstæki hafi verið ekið á móti þeim og hafi ökumaður bifreiðar B þannig komið í veg fyrir stórslys.

M telur að ranglega sé eftir haft í lögregluskýrslu dags. 8. apríl 2019 bæði um staðsetningu áreksturs og atvik. M lýsir því að árekstur hafi átt sér stað á kafla á milli hringtorgs niður að Grafarvogi og hringtorgs við Bauhaus. M bendir einnig á að lýsing ökumanns bifreiðar B sé röng, aðstæður hafi verið þannig að akreinar með umferð í gagnstæðar áttir hafi verið aðgreindar með umferðareyju og því hafi ekki verið hættu af snjóruðningstæki sem ekið var á móti. Auk þess mótmælir M því að bifreið A hafi verið þakin snjó. M telur að bifreið B hafi verið ekið á milli bílaraða á miklu meiri hraða en var á annarri umferð í slæmum aðstæðum, krapaelg og lélegu skyggni. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar B hafi ekki stöðvað bifreið sína strax eftir áreksturinn.

Afstaða V verður ekki skilin öðruvísi en að félagið telji að skipta eigi sök til helminga vegna árekstursins þar sem ósannað sé um atvik í aðdraganda áreksturs.

Álit.

Í gögnum málsins gera M ítarlega grein fyrir sinni upplifun af atvikum við og í aðdraganda áreksturs bifreiðanna A og B hinn 1. apríl 2019. Í málinu liggur einnig fyrir lýsing atvika frá ökumanni bifreiðar B. Ljóst er af þessum lýsingum að ökumenn eru sammála um að árekstur hafi orðið með bifreiðunum og telst það því sannað. Lýsingar þeirra af því hvar árekstur átti sér stað og hver aðdragandi hafi verið eru hins vegar gjörólíkar. Þó lýsing farþega og ökumanns í bifreið A (M) sé feli í sér lýsingu tveggja einstaklinga eru tengsl þeirra þannig að ekki er hægt að líta svo á að það sé sambærilegt við skýrslu vitnis sem ekki er tengt aðilum málsins. Þegar litið er til gagna málsins í heild og almennra viðmiða um sönnunarmat verður ekki séð að hægt sé að leggja aðra lýsinguna til grundvallar umfram hina varðandi sönnun atvika og teljast þau ósönnuð. Ekki verður því hægt að leggja meiri sök á annan ökumann heldur en hinn og sök vegna áreksturs skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 241/2019

M og
V vegna sjúklingatryggingar X**Ágreiningur um gildissvið sjúklingatryggingar vegna afleiðinga sýkingar í fæti
eftir aðgerð á fæti 19. júní 2017.****Gögn.**

Málskot, mótt. 12. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 23. ágúst 2019.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi gengist undir aðgerð á hægri fæti hjá læknum X hinn 19. júní 2017. Um var að ræða aðgerð til leiðréttingar á skekkju á stóru táfótarins og var það hluti af aðgerðinni að koma fyrir skrófu í beini auk þess sem búið var um skurðsár í kjölfarið. Í kjölfarið fór M heim til sín með viðeigandi umbúðir og áætlað að saumar yrðu fjarlægðir tveimur vikum síðar. Rúmlega viku eftir aðgerðina leitaði M til læknis á Akranesi og var þar greind með sýkingu í skurðsári og leiddi meðferð við sýkingunni til læknismeðferðar á smitsjúkdómadeild Landspítalans í kjölfarið auk þess sem M var til meðferðar hjá lýtalæknum spítalans vegna afleiðinga sýkingarinnar. Afleiðingum er lýst í gögnum málsins en þar greinir M bæði frá tímabundnum afleiðingum með sjúkrahúsvist og þeim óþægindum sem hún glímir við í dag. Ekki er þörf á að fjalla frekar sérstaklega um umfang mögulegs tjóns hér.

M telur að sýking sú sem greindist rúmri viku eftir aðgerð hjá X hafi komið til í aðgerðinni og beri X skaðabótaábyrgð á tjóni hennar á grundvelli 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Í málskoti er sérstaklega vísað til 4. tl. 2. gr. þar sem vísað er til þess að til skaðabótaábyrgðar geti komið ef að öllum líkindum megi rekja tjón sjúklings af meðferð til sýkingar eða annars fylgikvilla sem er meira en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust.

V vísar til þess að tíðni sýkinga í aðgerðum sem þeirri sem M gekkst undir í greint sinn sé ekki nægilega fátíð en en hún sé um 4% í sambærilegum aðgerðum. Þannig séu skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu ekki uppfyllt. Einnig kemur það fram í afstöðu félagsins að skilyrði ákvæðisins um misvægi þess hve tjónið er mikið og þess hve veikindi sjúklings voru alvarleg sé ekki uppfyllt.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga rétt til bóta samkvæmt lögnum sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Þá skal samkvæmt 2. gr. laganna greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til atvika sem nánar eru tilgreind í fjórum tölulíðum í lagagreininni. Eins og mál þetta horfir við byggir M kröfu sína á 4. tölulíð greinarinnar, þ.e. ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort þessum skilyrðum bótaskyldu sé fullnægt skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Í málinu liggur fyrir að M leitaði læknis rúmri viku eftir aðgerð hjá læknum X vegna einkenna sýkingar. Í málinu liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar um tíðni slíkra sýkinga en það sem kemur fram í bréfi V dags. 23. ágúst 2019 um að tíðni þeirra sé um 4%. Ekki liggur heldur fyrir mat á afleiðingum sýkingarinnar, en það sanngirnismat sem þarf að fara fram vegna skilyrða 4.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu gerir ráð fyrir að þessir þættir séu vegnir saman. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu er ekki sýnt að það hafi verið nægilega fátítt að sýkingar sem þessar komi upp til að vega á móti enn óljósum afleiðingum fyrir M.

Verður því ekki fallist á að sannað sé aðstæður hennar séu þess eðlis að gildissvið 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nái yfir þær. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst M því ekki eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 242/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna slyss á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot dags. 16.07.2019 ásamt fylgiskjölum 1-10.

Bréf V dags. 30.07.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 13. júní 2017 varð M fyrir slysi við störf sín sem húsasmiður hjá A. Samkvæmt upplýsingum í málskoti voru atvik með þeim hætti að M var að framlengja trévinupall. Við þá vinnu steig hann á gluggapóst sem gaf sig með þeim afleiðingum að M féll um fimm metra niður á steingólf og hlaut töluverð meiðsl af. Lögreglu og Vinnueftirliti var tilkynnt samdægurs um slysið og liggja skýrslur þeirra fyrir nefndinni.

M telur að A beri ábyrgð á slysinu, þar eð A hafi vanrækt þær skyldur sem á því hvíldu varðandi öryggi á vinnustað. A hafi þannig sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi og því sé bótaskylda til staðar úr ábyrgðartryggingu þess. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til þess að í skýrslu Vinnueftirlitsins komi fram að ekki hafi verið viðhöfð rétt vinnubrögð við uppsetningu vinnupallsins þar sem ekki hafi verið gætt að fallvörnum þeirra sem við verkið unnu. Þá hafi Vinnueftirlitið gefið út fyrirmæli um að tryggja skuli fallvarnir starfsmanna við breytingar og smíði verkpalla. Enn fremur byggir M á því að vanbúnaður á vettvangi hafi valdið slysinu, enda hafi gluggapóstur brotnað. Máli sínu til stuðnings vísar M jafnframt til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og reglugerðar um notkun tækja.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi A, starfsmanna þess eða að aðstæður hafi á einhvern hátt verið slíkar að rétt sé að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Að öðru leyti vísar félagið til áðursends höfnunarbréfs til M. Þar er m.a. rakið að M sé reyndur húsasmiður sem hafi setið námskeið á vegum A þar sem sérstaklega hafi verið fjallað um fallvarnir. Því hefði A verið rétt að treysta því að M væri dómbær á það hvenær þeirra fallvarna sem honum stóðu til boða væri þörf. Ekkert liggja fyrir um það að M hafi verið nauðsynlegt að stíga út fyrir verkfallinn og á umræddan gluggapóst eða að honum hafi ekki verið fært að vinna verkið á öruggan hátt, t.d. með því að vera í fallvarnarbelti. Sé því ekkert í gögnum málsins sem beni til þess að umrætt atvik megi rekja til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi A, starfsmanna þess eða annarra atvika sem það beri ábyrgð á.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess. Af þeim skýrslum og ljósmyndum sem lagðar hafa verið fyrir nefndina má ráða að M hafi umrætt sinn unnið að því að breikka vinnupall í þeim tilgangi að skapa betri vinnuáðstæður, en nokkurt bil virðist hafa verið milli vinnupallsins og gluggapóstsins sem M steig á með þeim afleiðingum að hann gaf sig. Þá má ráða af lýsingum á atvikum að M hafi staðið á stálbita neðan við vinnupallinn en svo stigið á umræddan gluggapóst, væntanlega til að komast betur að pallinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að umræddur gluggapóstur hafi verið vanbúinn svo sem M heldur fram, og í hverju sá vanbúnaður hafi verið fólgin. Fyrir liggur að M var með hjálm og heyrnarhlífar en engar fallvarnir, þrátt fyrir að ætla megi að þeirra hafi verið þörf við þessar aðstæður. Í málskoti er m.a. vísað til þess að vinnuveitandi beri ábyrgð á því að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun auk þess sem gera skuli þeim grein fyrir þeirra slysaþættu sem sé samfara störfum þeirra. Því hefur ekki verið mótmælt að M hafi fengið sérstaka þjálfun varðandi fallvarnir né að honum hafi staðið til boða að nota fallvarnarbelti umrætt sinn. Verður því ekki talið sýnt fram á að A hafi vanrækt skyldur sínar að þessu leyti þannig að leiði til skaðabótaábyrgðar þess. Þá hefur ekki

verið sýnt fram á að A hafi vanrækt þær skyldur sem á það eru lagðar samkvæmt þeim lögum og reglum sem tilgreind eru í málskoti.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem A ber ábyrgð á og verður því ekki talið að skaðabótaábyrgð sé til staðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 243/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar vöruflutningabifreiðarinnar B****Ágreiningur um hvort árekstur hafi orðið milli bifreiða á Hringveginum í Öxnadal.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 30.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 31.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14. janúar hafði M samband við lögregluna á Norðurlandi eystra til að tilkynna að þann dag um kl. 17:55-18:05 hafi hann verið að aka norður Hringveg í Öxnadal á bifreið sinni, A, er hann hafi mætt vöruflutningabifreið með gámavagn eða „tengivagn“ aftan í á veginum milli Bakkaselsbrekku og brúar yfir Gil. Hafi eftirvagninn farið utan í A með þeim afleiðingum að vinstra stefnuljós hafi brotnað, vinstra frambretti rispast, hliðarspegill brotnað og tveggja cm breið rifa komið þvert yfir afurhurðina rétt neðan við rúðu. Ökumaður flutningabifreiðarinnar hafi ekki stöðvað og væntanlega ekki orðið var við óhappið. Kvað M að veður hafi verið mjög slæmt, hriðarbylur og kóf. Kvaðst M vera nokkuð viss um að bifreiðin sem fór utan í A hafi verið merkt fyrirtækinu D. Hafi hún verið hvít með kassa og dregið eftirvagn (tengivagn). Nokkrum dögum síðar hafði M samband við lögregluna ný og kvaðst hafa upplýsingar um að þarna hafi B verið á ferðinni auk þess sem hann kvað tímarammann sem hann hafði áður gefið upp (18:55-18:05) gæti verið rýmri eða 17:45-18:05.

Lögreglan hafði samband við starfsmann hjá D sem aflaði upplýsinga um að bifreiðin B, í eigu D, hafi verið á leið suður á fyrrgreindu tímabili en verið komin suður fyrir Öxnadalshéiði kl. 18:01. Þá sé B með bláan kassa en ekki hvítan. Við eftirgrensulan á eftirvagni, sem B mun hafa dregið, hafi engin ákoma verið sýnileg og breiddarljós sem skagi út aftast sé úr gúmmí og geti ekki hafa valdið skemmdunum á A.

M hefur krafist þess að fá tjón á A bætt út ábyrgðartryggingu B hjá V2. V2 hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir, svo sem rannsókn á mögulegum ákomum á B ásamt samanburði á ákomum á báðum ökutækjum, sem sýna fram á að tjón á A hafi orðið við það að árekstur hafi orðið milli A og B er ökutækin munu hafa mæst á Hringveginum í Öxnadal. Er því ósannað samkvæmt gögnum málsins að tjón á A hafi orðið af völdum áreksturs við B. Þegar af þeirri ástæðu getur M ekki krafist bóta vegna tjónsins á A úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, flutningabifreiðarinnar hjá V2.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 244/2019**M og****V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Árekstur á götunni Seljabót 22. júní 2019.****Gögn.**

Málskot, mótt. 19. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 23. 2019, ásamt tilvísun til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 271/2016 og tölvupósti eiganda bifreiðar B, dags. sama dag.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir tjónstilkynning sem undirrituð er af ökumönnum bifreiða A og B þar sem atvikum áreksturs er lýst þannig að bifreið A hafi verið ekið til vinstri af götunni Seljabót, áleiðis inn á bifreiðastæði við Vélsmiðju Grindavíkur þegar bifreið B hafi verið ekið áleiðis framúr bifreið A og lent þannig í hlið hennar. Einnig kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi gefið stefnumerki til vinstri og ökumaður bifreiðar B hafi séð stefnuljósið of seint. Í viðbótarskýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að stefnumerki hafi verið eftir að ökumaður bifreiðar A hafi ekið áleiðis í vinstri beygju og hafi ökumaður bifreiðar B því ekki haft tækifæri til þess að stöðva bifreið sína.

Álit.

Í umferðarlögum nr. 50/1987 eru fyrirmæli til ökumanna í 2. mgr. 17. gr. sömu laga að sá ökumaður sem ætlar að aka til hliðar eða draga snögglega úr hraða þess þurfi að gæta þess að það sé gert án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur. Í 1. mgr. 16. gr. sömu laga kemur fram að ákvæði 2. mgr. 15. gr. gildi einnig um akstur af akbraut þó ekki sé um vegamót að ræða. Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu, sbr. 5. mgr. 31. gr. umferðarlaga. Af þessu má ráða að þegar ökumaður beygir úr kyrrstöðu út af vegi til vinstri hvíli sérstök aðgæsluskylda á honum gagnvart umferð sem á eftir kemur. Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi og gagna þessa máls í heild verður að líta svo á að ökumaður bifreiðar A hafi ekki sinnt þeirri aðgæsluskyldu nægilega og ber hann því meginsök á árekstrinum.

Til þess að komi til sakar ökumanns bifreiðar B þarf að sýna fram á að hann hafi ekið gegn fyrirmælum sömu umferðarlaga um framúrakstur í 20. gr. eða ekið í í bága við merktar akreinalínur, sbr. 23. merkjareglugerðar nr. 289/1995. Af gögnum málsins verður verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B viðurkenni að hafa séð stefnumerki á bifreið A þó seinni skýringar bendi til þess að það stefnumerki hafi verið gefið seint. Þegar litið er til þess sem ökumaður viðurkennir í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna um stefnumerki og almennrar varúðarskyldu hans við framúrakstur telst hann einnig bera sök á árekstrinum. Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 245/2019

M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar AÁgreiningur um bótaskyldu.**Gögn.**

Málskot, dags. 18.07.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 12.08.2019.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að skemmdir hafi orðið á húsnæði M að H56 vegna byggingaframkvæmda á H58 þar sem A sá um framkvæmdir. Um sé að ræða

- **vatnstjón** á parketi á stiga milli 2. og 3. hæðar og parketi á stofugólfi á 3. hæð,
- **sprungutjón** á útvegg austurhliðar á 2., 3. og 4. hæð,
- **steypuskemmdir** á ökutækinu B og
- **rúðubrot** og frágangur á glugga á austurvegg ásamt rykskemmdum.

Fram kemur að undurbúningur framkvæmdanna hafi byrjað 2013 og þær séu enn yfirstandandi. Vatnstjónið hafi átt sér stað 14. mars 2015 þegar A hafi verið að þússa útvegg H56. Borað hafi verið í gegnum austurveginn á að minnsta kosti tveimur stöðum og ætlunin hafi verið að klæða veginn með Pace efni eða öðru sambærilegu. Það hafi ekki verið gert og eftir rigningu í tvo sólarhringa hafi vatn flætt í gegnum vegginn og á parket í stiga og stofu sem hefði skemmst. Lekinn hafi verið tilkominn vegna vanrækslu A á að setja klæðningu á austurveginn.

Sprunguskemmdir á austurvegg hafi komið í ljós síðla árs 2015 þegar byggingakrani A hafi slegist margoft í austurvegg hússins sem hafi orðið til þess að langar sprungur mynduðust og rúða brotnaði 22. júní. A hafi sett nýja rúðu í gluggann og síðar lokað honum með frauðplasti og að lokum steipt fyrir gluggann. Þá hafi mikið vatn lekið í gegnum austurvegg á milli 2. og 3. hæðar 27. desember sem hafi skemmt muni. Í lok desember hafi svo skvetts steypa frá framkvæmdunum á ökutækið B þannig að lakk og rúður skemmdust.

Í bréfi V kemur fram að A hafi haft ábyrgðartryggingu frá 14.08.2012 til 19.10.2015 og svo frá 11.12.2015 til 06.05.2016. Um váttrygginguna gildi skilmáli nr. A-1 og váttryggingin taki ekki til allra tjóna sem A valdi heldur eingöngu tjóna sem valdið er með skaðabótaskyldum hætti. A eða starfsmenn hans þurfi að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns og slík sönnunarbyrði hvíli á tjónþola, þ.e. að sýna fram á hver hin saknæma háttsemi hafi verið og hvernig hún hafi leitt til tjóns. V telur að með öllu sé ósannað að tjón hafi orðið á H56 sem rekja megi til sakar A eða starfsmanna hans. Óljósar kvartanir hafi legið fyrir og ekki nein gögn né formleg tjónstilkynning. Þá kemur fram í bréfi V að A hafi verið úrskurðað gjaldþrota 09.11.2017 og því geti V ekki aflað upplýsinga um atburði eða atvik sem áttu sér stað á árinu 2015. Tjónamatsmaður V sem fór á staðinn 2015 sé hættur störfum og hann hafi ekki ritað skýrslu vegna málsins.

Varðandi einstaka kröfulið tekur V eftirfarandi fram:

- **Rúðubrot.** Lögregluskýrsla hafi fylgt málskotinu um það atvik. Engin byggingakrani hafi verið váttryggður með frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V og því engin váttrygging til staðar sem bæti tjón af völdum byggingarkrana.
- **Vatnstjón** á parketi. Fyrir liggja dagbókarfærsla lögreglu 27.12.15 vegna vatnstjóns og sprungu í vegg sem lá niður í kjallara. Pollur hafi verið í stiga en ekki hægt að átta sig á hvaðan vatnið kæmi. Engin samtímagögn liggja fyrir sem sönnun á því og það sé því með öllu ósannað að vatnstjón á parketi megi rekja til framkvæmdanna. Þegar dagbókarfærslan hafi verið rituð hafi verið í gildi frjáls ábyrgðartrygging fyrir A. Váttryggingin hafi ekki verið með neina viðbótarvernd vegna framkvæmda þeirra sem getur um í málinu og í grein 7.3. í skilmálunum sé undanþágubáguákvæði um skaðabótakröfur um tjón sem hlýst af niðurrífi manvirkja. Það hafi því ekki verið til staðar nein váttrygging vegna framkvæmdanna.

- **Skemmdir á ökutækinu B.** Engin gögn liggi fyrir um tjónið og því er hafnað sem ósönnuðu.
- **Lagfæring og frágangur við þak.** Samkvæmt gögnum málsins hafi verktakinn C staðfest að menn á þess vegum ætli að lagfæra og klára frágang og það sé A því algerlega óviðkomandi.

Álit.

Í málskoti koma fram upplýsingar um margvísleg tjón sem M telur að hafi orðið á húsnæðinu H56 og ökutækinu B vegna framkvæmda A á lóðinni við H58, meðal annars þegar bygging þar var rifinn niður. Ekki fylgir málskotinu nein matsgerð um umfang tjónsins. Til að unnt sé að sýna fram á að tjón M sé að rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna verða að fylgja málskoti samtímagögn sem sýna orsakasamband milli tjónsins og háttseminnar. Engin slík gögn fylgja málinu. Þá liggur hvorki fyrir að byggingakrani í eigu A hafi verið váttryggt með frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V á þeim tíma sem tjón varð né að A hafi váttryggt sérstaklega skaðabótakröfur vegna tjóns sem hlytist af því að váttryggtur ynni við sprengingar, uppgröft, aðrar framkvæmdir í jörðu né niðurrifi mannvirkja eins og gert er ráð fyrir í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar, sbr. grein 7.3. Með vísan til framangreinds hefur því ekki verið sýnt fram á að tjón M sé að rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna hans og bætir frjáls ábyrgðartrygging A hjá V því ekki tjón M á húsnæðinu H56 og ökutækinu B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjóns á húseigninni H56 og ökutækinu B.

Reykjavík, 3. september 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 246/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna rakaskemmda á parketi.****Gögn.**

Málskot dags. 18.07.2019.

Bréf V dags. 29.7.2019.

Viðbótarathugasemdir frá M, dags. 01.08.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt atvikalýsingu í málskoti varð vatnstjón að heimili M og gat hún því ekki dvalist þar. Í kjölfarið fékk hún, og kettir í hennar eigu, að dveljast tímabundið í fasteign vinar hennar. Nokkrum dögum eftir vatnstjónið flutti M kattaklóru sem hafði verið á heimili hennar en geymd til þurrkunar í bilskúr eftir vatnstjónið, í fasteignina þar sem hún dvaldi, í þeirri trú að kattaklóran væri orðin þurr. Svo reyndist þó ekki vera og hlaust af nokkurt raka- og myglutjón á parketinu þar sem klóran var staðsett. Krefst M bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar sinnar vegna þessa.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að í skilmálum viðkomandi váttryggingar sé sérstaklega, í b-lið 15. gr., tekið fram að váttryggingin bæti ekki tjón á munum sem váttryggður hafi að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslum hans. Ljóst sé að umrætt húsnæði sé í vörslum M en auk þess sé megi rekja tjónið til langvarandi raka eða vatnsleka og/eða myglu og sé það því einnig undanskilið á þeim forsendum, sbr. i-lið sömu greinar. Enn fremur telur V að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til sakar M og þar af leiðandi sé umrætt atvik ekki bótaskyld.

Í viðbótarathugasemdum M áréttar hún að hún sé hvorki með viðkomandi fasteign að láni né leigu heldur hafi hún fengið inni hjá vini sínum og framlag hennar felist í innkaupum á mat og slíku.

Álit:

Af þeim upplýsingum sem fyrir nefndinni liggja verður helst ráðið að M, ásamt köttum sínum, hafi fengið að dveljast sem gestkomandi á heimili vinar M í einhvern tíma, meðan viðgerðir fóru fram á heimili hennar. Ekki hefur verið sýnt fram á að fasteign vinarins hafi verið í vörslum M eða að hún hafi haft hana að leigu eða láni í skilningi áður nefnds ákvæðis, en það er V að sýna fram á slíkt. Verður því ekki fallist á að undantekning þessi eigi við. Þá verður ekki talið að umræddar skemmdir á parketi megi rekja til „langvarandi raka eða vatnsleka og/eða myglu“ í skilningi ákvæðis i-liðar 15. gr. eins og V heldur fram. Að mati nefndarinnar verður þá ekki fallist á að um óhappatilvik hafi verið að ræða heldur verði að meta M það til gáleysis að hafa staðsett kattaklóru á parketi aðeins nokkrum dögum eftir að klóran var staðsett í fasteign þar sem „heitt vatn bunaði í ca. 10-12 tíma“ samkvæmt upplýsingum í málskoti. Samkvæmt öllu framansögðu er bótaskylda úr ábyrgðarlið váttryggingar M hjá V því fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V er fyrir hendi.

Reykjavík 29. ágúst 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 247/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu er ljósastaur féll á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari gögnum móttæknum 8.8.2019.
Bréf V, dags. 31.7.2019, og síðari athugasemdir, dags. 20.8.2019.

Málsatvik.

Eftir hádegi 22. mars 2019 var lögreglan á A kvödd að tilteknu bifreiðastæði í bænum þar sem hús utan um ljós á ljósastaur hafði fallið ofan á þak bifreiðar (B) í eigu M. Í skýrslu lögreglu segir að líklegast sé að staurinn hafi fallið vegna hvassviðris sem gekk yfir A á umræddum tíma. Ökumaður B kvaðst hafa verið nýbúinn að leggja bifreiðinni á bifreiðastæðinu og stíga út úr henni þegar staurinn hafi fallið á þak B. Húsvörður í nærliggjandi húsi tjáði lögreglu að komið hafi fyrir að bifreiðum væri bakkað á ljósastaurinn þannig að burðargeta hans gæti hafa veikst. Einnig væri ljósastaurinn framleiddur úr álblöndu í þeim tilgangi að hann gæfi eftir ef ekið er á hann. Því þoli staurinn ekki mikið tjón. Starfsmenn frá rafverktaka og orkuveitufyrirtæki í A komu á vettvang, aftengdu staurinn og söguðu í sundur þar sem hann hafði brotnað. Á fyrirbyggjandi ljósmyndum má sjá að skilti hefur hangið á ljósastaurnum.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins á B af völdum ljósastaura úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Undir rekstri málsins hefur M aflað upplýsinga hjá þýskum framleiðanda ljósastaura sem hann kveður vera framleiðanda ljósastaura sem féll á B. Samkvæmt upplýsingum framleiðandans munu staurar af venjulegri gerð („standard poles“) sem hann framleiðir ekki vera gerðir til að bera skilti („signs“). V hefur mótmælt að gögn þessi hafi sönnunargildi í málinu, þar sem ekkert liggir fyrir í málinu um að staurinn sem féll á B sé frá þessum framleiðanda né heldur að verið sé að fjalla um sams konar staur og féll á B.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sérstök rannsókn hafi farið fram á staurnum í því skyni að ganga úr skugga um hverjar hafi verið orsakir þess að hann féll á B. Þannig liggur ekkert fyrir um það hvort hann hafi verið haldinn framleiðslugalla, ekki haft nægilegt burðarþol til að bera skilti eða hann kunnir að hafa veikst sökum þess að búíð hafi verið að aka á hann áður. Í þessu sambandi geta upplýsingar frá þýskum framleiðanda ljósastaura, sem M aflaði, ekki upplýst málið að þessu leyti, enda ekkert í gögnum málsins sem varpar ljósi á að í umfjöllun framleiðandans sé verið að fjalla um ljósastaut nákvæmlega sömu gerðar og féll á B. Þá er heldur ekkert komið fram í gögnum málsins að starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita að hætta hafi verið á að staurinn myndi falla. Verður því að telja ósannað að tjónið á B megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 248/2019**M og
V vegna kaskótryggingar ökutækisins A****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna áreksturs við bílastæði hjá Borgarholtsskóla.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 22. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 20. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 28. ágúst 2019.

Málsatvik.

Þann 4. nóvember 2016 varð tjón á váttryggðu ökutæki kvartanda. Tjónið varð með þeim hætti að ökumaður var að bakka ökutækinu að vöruhóтели Eimskips við Korngarða, 104 Reykjavík, nánar tiltekið að hurðum hússins sem eru merktar 1-4. Að sögn ökumanns varð hann fyrir truflun við aksturinn vegna fíflagangs annarra bílstjóra á svæðinu sem truflaði einbeitingu hans og gerði að verkum að hann bakkaði ökutækinu á skyggni sem er fyrir ofan tilvitnaðar hurðir. Áreksturinn olli því að högg kom á efri hluta flutningskassa, sem er fastur við bifreiðina, þannig að kassinn gekk til og skekkist. Höggið hafði þannig bæði áhrif á innri og ytri festingar kassans við ökutækið.

Ekki er ágreiningur milli aðila um að tjónsatvikið falli undir gildissvið kaskótryggingar M hjá V. Ágreiningur lýtur að því hvaða bætur eigi að greiða úr kaskótryggingunni og hvernig beri að skýra undanþáguákvæði í skilmálum tryggingarinnar.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðasmiðja hafi metið nauðsynlegan viðgerðarkostnað á ökutækinu vegna tjónsins þannig útseld vinna vegna viðgerðarinnar nemi 2.040.000 kr. án vsk. Aðkeypt vinna vegna viðgerðar kr. 200.000 án vsk. Inni í þessari kostnaðaráætlun. vegna viðgerðar, er hvorki innifalin nauðsynleg málningarvinna né kítun á álborðum, komi til þess t.a.m. að losa verði álborð í sundur og kítta að nýju.

V hefur á hinn bóginn boðið fram greiðslu bóta úr tryggingunni að fjárhæð 2.000.000 kr., sem fullnaðargreiðslu vegna tjónsins, skv. framlögðum gögnum. Á það boð hefur kvartandi ekki fallist.

Álit.

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu er ekki ágreiningur um hvort tjón kvartanda falli undir umrædda tryggingu eður ei. Aðeins er deilt um þá fjárhæð sem skuli koma til útgreiðslu úr tryggingunni vegna tjónsins. Kvartandi hefur lagt fram mat á því hvert sé umfang tjóns hans.

Það er grundvallarregla í váttryggingarrétti, sé ekki um annað samið, að váttryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í gr. 5.5. í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar V kemur fram að ef ekki er altjón á hinu váttryggða ökutæki greiði félagið „kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er eins og það var síðast fyrir tjónið.“ Verður umrætt ákvæði skilmálanna ekki skilið öðruvísi en að það feli í raun í sér rétt til váttryggðs um greiðslu fullra bóta fyrir tjón sitt í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í gr. 5.6. er síðan gert ráð fyrir því að náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað þá „skulu dómkvaddir menn meta hann.“

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að V hafi látið dómkveðja matsmenn til að fá úr því skorið hver fjárhæð fullra bóta til M eigi að vera á meðan M hefur lagt fram mat á áætluðum kostnaði við meirihluta viðgerðar. Þar sem því mati hefur ekki verið hnekkkt verður það lagt til grundvallar um bótarétt M hjá V.

Það sem hér kemur þá einnig til skoðunar er hvort váttryggingarskilmálar tryggingarinnar beri með sér að V hafi undanskilið rétt váttryggða um greiðslu á fullum bóttum í skilmálum tryggingarinnar að teknu tilliti til atvika málsins.

V hafnaði því að greiða fullar bætur með vísan til 3.4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar. Í umræddri grein er svofellt undanþáguákvæði frá bótaskyldu úr kaskótryggingunni; „*Váttryggingin bætir ekki skemmdir eða slit sem leiðir af eðlilegri notkun, ryðbruna eða tæringu. Hér undir fellur eðlilegt slit á lakki ökutækis vegna hefðbundins steinkasts af vegi.*“

V byggir að meginstefnu á því að burðarvirki ökutækisins hafi verið ryðgað og í slælegu ástandi þegar tjónið varð, sem skýri umfang þess. Að mati V hafi t.a.m. svokallaður kassi sem varð fyrir högginu við áreksturinn verið sprunginn og soðið hafi verið í sprungur. Því hefur verið mótmælt af hálfu M að þetta eig að hafa áhrif á bótafjárhæð.

Almennar túlkunarreglur váttryggingasamninga leggja sönnunarbyrði á V að sýna fram á að skilyrði undanþáguákvæða váttryggingarskilmála eigi við. Í ljósi framlagðra gagna verður ekki séð að matið sem gert var á umfangi tjóns kvartanda hafi verið hnekkkt eða í því felist að bætt sé tjón sem stafi af eðlilegri notkun, ryðbruna eða tæringu. Þannig telst V ekki hafa sýnt fram á að undanþágur váttryggingarskilmála tryggingarinnar eigi við varðandi umfang tjónsins. Með vísan til þessa er það niðurstaða nefndarinnar að V skuli greiða M fullar bætur í samræmi við matið á tjóni á bifreiðinni A.

Niðurstaða.

M á rétt á bóttum úr kaskóatryggingu hjá V í samræmi í samræmi við mat sem lagt var fram á því tjóni sem varð á ökutæki A við árekstur þann 4. nóvember 2016.

Reykjavík, 22. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Lúðvík Bergvinsson lögfr.

Mál nr. 249/2019**M og
V vegna kreditkortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.07.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.08.2019.

Viðbótarathugasemdir V, dags. 15.08.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að eiginkona M, X, hafi keypt sér flug í ferð sem fara átti hinn 24. maí 2019. X þjáist hins vegar af krónískum sjúkdómi sem lýsi sér í ofnæmi og ofsakláða. Sjúkdómurinn hafi greinst hinn 5. maí 2017 og sé haldið niðri með lyfjagjöf. X hafi þó getað ferðast við eðlilegar aðstæður og margsinnis farið erlendis frá því sjúkdómurinn greindist. Hins vegar geti sérstakar ástæður valdið því að sjúkdómurinn blossi upp, og í maí 2019 hafi mygla greinst á heimili þeirra hjóna, auk þess sem X hafi á þeim tíma verið undir miklu álagi, sem leitt hafi til versunar sjúkdóms hennar. Hafi þurft að beita sérstakri lyfjagjöf vegna þess og sú meðferð taki nokkrar vikur. Um hafi verið að ræða tímabundna meðferð vegna tímabundinna veikinda og X hafi náð fyrri heilsu í júní 2019. Umrædd flugferð hafi verið pöntuð hinn 2. apríl 2019, en þá hafi X verið við góða heilsu. Vegna ofangreindra aðstæðna hafi hún hins vegar þurft að hætta við fyrirhugaða ferð.

M, en flugferðin var greidd með greiðslukorti hans, hefur gert kröfu um að fá bætur vegna þess tjóns sem þessu var samfara úr greiðslukortatryggingu sinni sem einnig tekur til X. V hefur hafnað kröfunni með vísan til þess að samkvæmt gr. 7.2.1 skilmála viðkomandi vátryggingar bæti félagið ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þessa afstöðu sína. Óumdeilt sé að X hafi þjáðst af sjúkdómi síðan á árinu 2017, og að áföll þau og álag sem hún hafi orðið fyrir í maí 2019 hefðu ekki leitt til veikinda hennar hefði hún ekki þjáðst af umræddum sjúkdómi fyrir.

Álit.

Í 7. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála er fjallað um forfallatryggingu. Þar kemur, í gr. 7.1, fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 350.000 vegna ferðar sem vátryggði kemst ekki í ef nánar tilgreindar ástæður eiga við, en meðal þeirra eru veikindi vátryggðs, þ.e. í þessu tilfalli X. Í gr.7.2.1 er svo að finna áður nefnda undanþágu á greiðsluskyldu, þ.e. að hún sé ekki til staðar hafi vátryggður leitað sér læknishjálpar eða meðferðar við sjúkdómi sínum á undangengnum sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Að sögn M, og því hefur ekki verið mótmælt, var umrædd flugferð keypt hinn 2. apríl 2019. Kemur þá til skoðunar hvort X hafi notið meðferðar við sjúkdómi sínum á tímabilinu 2. október 2018 til 2. apríl 2019.

Meðal gagna fyrir nefndinni er læknisvottorð fyrir X, gefið út hinn 28. maí 2019, og er það ritað á staðlað eyðublað sem V leggur til. Meðal þess sem spurt er að á eyðublaðinu er hvort viðkomandi hafi verið í meðferð í tengslum við veikindin sl. 12 mánuði. Er því svarað játandi og að meðferðin hafi falist í lyfja- og samtalsmeðferð. Hins vegar kemur ekki skýrt fram hvenær umrædd meðferð hafi farið fram, og hvort það hafi verið á undangengnum sex mánuðum fyrir greiðslu ferðarinnar, og er vottorðið, og eyðublaðið, nokkuð óljóst að þessu leyti. Þá hefur V ekki kallað eftir ítarlegri gögnum um meðferð X og hvenær hún hafi farið fram. Undanþáguákvæði gr. 7.2.1. er skýrt varðandi það að vátryggður þurfi að hafa notið læknishjálpar eða meðferðar á sex mánaða tímabili fyrir greiðslu staðfestingargjalds, en eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á það. Telst bótaskylda því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.
lögfr.

Hildigunnur

Hafsteinsdóttir

Mál nr. 250/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við Strandgötu í Sandgerði.****Gögn.**

Málskot M, móttækið 25. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 1. ágúst 2019.

Bréf V2, dags. 9. ágúst 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. þann 24.6.2019, kemur fram að þann 23.6.2019 hafi orðið árekstur með bifreiðunum A og B við Strandgötu í Sandgerði. Á vettvangi er haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið bifreið sinni eftir Strandgötu í norður, með fyrirhugaða vinstri beygju að Strandgötu 14, þegar ökumaður B ók bifreið sinni í veg fyrir hana. Kvaðst ökumaður A hafa verið á hraðanum 20 – 30 km/klst. og gefið stefnuljós til að gera grein fyrir fyrirhugaðri beygju. Kveðst hún ekki hafa séð bifreið B fyrir aftan sig.

Á vettvangi er haft eftir ökumanni bifreiðarinnar B að hún hafi verið að aka Strandgötu til norðurs á eftir pallbifreið (C), en bifreið A hafi verið fyrir framan C. Kveður hún A hafa verið á afskaplega lágum hraða á gatnamótunum eða „eiginlega kyrrstæður“. Ökumaður B hafi því ætlað að taka framúr. Ökumaður A hafi svo skyndilega gefið stefnuljós til vinstri og ekið á bifreið sína þegar hún var í framúrakstri.

Samkvæmt framburði vitnisins X á vettvangi var hann að aka á eftir bifreiðunum á Strandgötu. Samkvæmt honum hægði ökumaður bifreiðarinnar A mjög ferðina og sýndist honum að ökumaður bifreiðarinnar hefði verið að tala við konu sem var að aka sláttutraktor á gangstéttinni hægra megin við bifreiðina. Ökumaður B hafi þá ekið fram úr bifreiðinni A en ökumaður A hafi í sömu andrá beygt til vinstri í hlið bifreiðarinnar B.

M, eigandi bifreiðarinnar A, var ökumaður sláttutraktorsins í umrætt sinn. Tók lögregla því vitnaskýrslu af henni. Kveðst hún hafa verið að aka sláttutraktornum á gangstéttinni þegar ökumaður A hægði á sér til að beygja inn á bifreiðastæðið við Strandgötu 14. Þegar ökumaður A hafi byrjað að beygja hafi ökumaður B tekið fram úr og ekið í hliðina á A.

M sættir sig ekki við niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna, sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök með ökumönnum bifreiðanna A og B á þá leið að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar og ökumaður B beri 2/3 hluta sakar. Hefur M, eigandi A krafist þess að ökumaður B verði látinn bera alla sök, m.a. með vísan til þess að ökumaður B hafi ekið gáleysislega og hratt í aðdraganda árekstursins. Þá mótmælir M þeim fullyrðingum að ökumaður A hafi verið í samræðum við ökumann sláttutraktors í aðdraganda árekstursins.

V1 gerir ekki athugasemdir vegna málsins. V2 vísar hins vegar til þess að skv. framburði vitnis í lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins verði að teljast sannað að ökumaður bifreiðarinnar A hafi ekki sýnt af sér næg aðgæslu í aðdraganda árekstursins. Hún hafi verið að spjalla við M, eiganda bifreiðarinnar A, sem ók sláttutraktor á gangstétt við hlið bifreiðarinnar. Það hafi gefið ökumanni B fullt tilefni til að taka framúr. Því sé rétt að ökumaður A beri meira en 1/3 hluta sakar.

Álit.

Sá sem fer framúr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem fram kemur að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Af myndum úr lögregluskýrslu málsins má sjá að hálfbrotin miðlína er máluð milli akreina og þá ber að líta til þess sem kemur fram í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Sá sem

beygir til vinstri á akbraut verður hins vegar að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þegar hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Einnig ber þeim sem ekur með þessum hætti til vinstri að gæta fyrirmæla fyrrgreinds ákvæðis 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995.

Við mat á sakarskiptingu skv. 89. gr. umferðarlaga verður að horfa til atvika og aðstæðna í hverju máli fyrir sig. Varúðarskylda hvílir á báðum ökumönnum eins og rakið er hér að framan. Með hliðsjón af gögnum málsins þykkir ljóst að hvorugur ökumanna sýndi af sér næga aðgæslu í aðdraganda árekstursins. Fyrir liggur að ökumaður A gætti ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hún beygði til vinstri. Þá er enn fremur ljóst að ökumaður B gætti ekki nægilegrar varúðar áður en hún ók fram úr A. Með vísan til þessa telur nefndin rétt að skipta beri sök með þeim hætti að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar og ökumaður B beri 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B bera 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 1. október 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 251/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og áreksturs 19. janúar 2018.****Gögn.**

Málskot, mótt. 31. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12. ágúst 2019.

Bréf lögmanns M, dags. 14. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á á Sæbraut 19. janúar 2018. M kom á heilsugæslu 7. mars sama ár og lýsti þar einkennum vegna árekstursins og tilkynnti um líkamstjón sitt til V með tjónstilkynningu, að því er virðist í lok mars 2019. Í málinu liggja einnig fyrir læknisvottorð um frekari læknisheimsóknir og matsgerð vegna mats á afleiðingum líkamstjónsins, sem M aflaði sjálf, dags. 25. júlí 2019.

M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V á grundvelli niðurstöðu matsgerðar sem sýni afleiðingar líkamstjóns þess sem hún telur sig hafa hlotið vegna árekstursins. Einnig vísar M til læknisfræðilegra gagna þar sem komi fram lýsing á einkennum M og staðfesting á því að hún hafi verið hraust áður en slysið kom til.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að félagið telur að mikið vanti upp á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi hlotið þá áverka á baki sem hún lýsir í málskoti. V bendir á að ekki liggi fyrir samtímagögn um einkenni strax eftir áreksturinn, M hafi ekki leitað til læknis fyrr en tæpum tveimur mánuðum eftir áreksturinn og vegi það þungt við mat á orsakatengslum. V bendir einnig á að ályktun matsmanna varðandi orsakatengsl sé hæpin þar sem ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn um fyrri heilsufar M. V telur því orsakatengsl ósönnuð milli þeirra óþæginda sem M hefur í baki og árekstursins 19. janúar 2018.

Álit.

Enginn ágreiningur er í málinu um að það hafi orðið árekstur með bifreiðinni X og bifreið M þannig að sú bifreið varð fyrir tjóni, en í málinu liggur fyrir afrit reiknings fyrir viðgerð bifreiðarinnar. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í gögnum málsins er fyrstu komu M til læknis vegna afleiðinga árekstursins lýst í vottorði vegna læknisheimsóknar 7. mars 2018 eða um sjö vikum eftir áreksturinn. Það eitt og sér útilokar ekki að orsakatengsl séu milli óþæginda M í dag og árekstursins heldur verður að skoða gögn málsins í heild. Í málinu hefur M aflað sönnunargagna sem felast í læknisvottorðum og upplýsingum um fyrri heilsufar, auk þess sem hún hefur lagt fram sérstaka matsgerð þar sem tveir matsmenn leggja mat á orsakatengsl vegna líkamstjóns hennar. Þó matsgerðarinnar sé einhliða aflað verður ekki litið framhjá því að með henni og gögnum málsins heild telst sýnt fram á að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn og eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu hjá V. Hins vegnar hefur nefndin ekki skýrt samþykki málsaðila til að fjalla um umfang tjónsins í formi bótafjárhæðar og verður því ekki fjallað frekar um það hver fjárhæð bóta eigi að vera. Hins vegar telst sýnt að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við áreksturinn, sem telst nóg til að viðurkenna bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

Viðurkennd er bótaskylda V vegna líkamstjóns M úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Ekki er tekin afstaða til umfangs líkamstjónsins.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 252/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll og slasaðist um borð í hvalaskoðunarbát****Gögn.**

Málskot mótttekið 25.07.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 06.08.2019 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

Hinn 21. október 2017 varð M fyrir slysi um borð í hvalaskoðunarbát A. Samkvæmt lýsingu í málskoti voru atvik með þeim hætti að M stóð frammi í stefni bátsins þegar tilkynnt var um að sést hefði til hvals. M sneri sér þá við og féll um landfestarpolla, en þar sem hún hélt á myndavél náði hún ekki að bera af sér fallið. Lenti kjálki hennar því á öðrum landfestarpolla með þeim afleiðingum að hún slasaðist töluvert. Í þessari sömu ferð hafi annar farþegi einnig fallið um pollana en afleiðingar þess verið minniháttar.

Lögregla var kölluð til vegna atviksins og auk þess kom starfsmaður rannsóknarnefndar samgönguslysa á vettvang.

M telur að tjón sitt megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A eða aðila sem A beri ábyrgð á og því sé til staðar bótaréttur úr ábyrgðartryggingu A. Þannig ætti með réttu að vera bannað að standa á þessum hluta bátsins, enda hafi fleiri slasast með sama hætti. Þá hafi sjúkraflutningamenn átt í örðugleikum með að ná til M þar sem aðkoma hafi verið þröng og erfið. Það hafi leitt til frekari þjáninga M. Slysið sé ekki að rekja til atvika er varði M sjálfa, sem sé alvön sjóferðum. Þannig hafi hún ekki verið undir áhrifum áfengis eða hagað sé gáleysislega á nokkurn hátt.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að starfsmenn A kannist ekki við að annar farþegi hafi dottið um landfestarpolla stuttu áður né að sambærileg slys hafi orðið á þessum sama stað. Atvikaskýrsla um næstum óhöpp, óhöpp og slys, sé fyllt út samkvæmt ákveðnu ferli og engin skýrsla um slíkt atvik sé til staðar. A flytji um 100.000 farþega árlega, og meginþorra þeirra á þessu tiltekna skipi. Ekkert bendi til þess að banna eigi farþegum að standa frammi í stefni þegar aðstæður væru með þeim hætti sem þær voru hinn 21. október 2017, en þá hafi veður verið stillt og kjöraðstæður til siglinga. Hins vegar sé stefninu lokað ef veður eða sjólag eru þannig að ekki teljist öruggt að vera þar. Telur V því að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til atvika sem A beri ábyrgð á. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A en svo bótaskylda sé fyrir hendi þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki fallist á að slys M megi rekja til vanbúnaðar viðkomandi skips, eða þess að sérstaklega varasamt hafi verið fyrir farþega að standa í stefni þess, enda er ekki sýnt fram á að önnur sambærileg tilvik hafi átt sér stað. Kjöraðstæður virðast hafa verið til sjóferða umræddan dag og því ekki sérstök hætta á að farþegar féllu við á gangi um skipið, og umræddir landfestarpollar virðast hafa verið vel sýnilegir farþegum, sem gefur tilefni til aðgæslu við umferð um stefni skipsins. Ekki telst því sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um heldur hafi verið um óhappatilvik auk aðgæsluleysis M sjálfrar að ræða. Er bótaskylda þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 253/2019**M og****V v/ lögmæltrar starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna raka- og mygluskemmda o.fl. í sumarbústaðarbyggingu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 22.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Nýjar kröfur M með tölvubréfi, dags 10.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V við nýjum kröfum M, dags. 17.9.2019.

Málsatvik.

Sumarið 2017 mun M hafa samið við A um að vera húsasmíðameistari og byggingarstjóri við að reisa grind fyrir sumarbústað, klæða þakið með asfaltþappa, setja í hurðir og glugga og klæða hliðar hússins með krossviði. Mun verki þessu hafa lokið í september sama ár. Þá mun ekki hafa verið gengið frá þéttingu samskeyta á krossviðarklæðningu hússins. Af þeim sökum kveður M að vatn hafi átt greiða leið inn í húsið og af því hafi hlotist umtalsverðar raka- og mygluskemmdir. Samkvæmt matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, dags. 18. júlí 2019, var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að umtalsverðar raka- og mygluskemmdir væru sjáanlegar um alla bygginguna sem líklegast mætti rekja til þess að ekki hafi verið gengið frá krossviðarklæðningu þannig að hún héldi vatni og ólíklegt að óeðlilegur mygluvöxtur væri til staðar í byggingunni hefði það verið gert strax. Þá kemur fram í matsgerðinni að óforsvaranlegt hefði verið að skilja húsið eftir í því ástandi sem það var þar sem það hafi auðveldlega lekið vatni. Fagaðilum hefði átt að vera ljóst að viðskilnaður af þessu tagi kalli á leka inn í húsið og þar af leiðandi skapast umtalsverð hætta á rakaskemmdum, myglumyndun og væntanlega fúa til lengri tíma. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sem A hefur í gildi hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig: Í fyrsta lagi að engin skylda hvíli á byggingarstjóra að framkvæma verkþætti heldur hvíli á honum eftirlitsskylda með framkvæmdum auk þess sem hann beri ekki ábyrgð á faglegru framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Í öðru lagi að verkið, hvað varðar frágang krossviðar, hafi verið í fullu samræmi við byggingarlöggjöf, hönnunargögn og kröfur um faglega framkvæmd. Í þriðja lagi að jafnvel þótt A hafi vanrækt starfsskyldur sínar að einhverju leyti verði tjónið ekki rakið til þess að framkvæmdirnar stöðvuðust. Þannig skorti orsakatengsl milli meintrar saknæmrar vanrækslu A og tjóns M sem einvörðungu verði rakið til þess að framkvæmdirnar stöðvuðust. Loks í fjórða lagi liggja fyrir að um ólokinn verkþátt hafi verið að ræða og samkvæmt lögum um mannvirki nái ábyrgð byggingarstjóra ekki yfir verkþætti sem ekki hafa verið unnir eða eru óloknir.

Með tölvubréfi 10. september 2019 var af hálfu M gerð krafa um að viðurkenndur verði réttur til bóta úr starfsábyrgðartryggingu A vegna tjóns sem megi rekja til þess að burðarvirki væri ekki í fullu samræmi við sérupprætti ásamt því að frágangi festinga væri ábótavant. Vísaði M í þessu sambandi til vottorðs byggingarfulltrúa frá 14. nóvember 2018 um stöðuúttekt þar sem fram kom að ekki væri unnt að gera fullnægjandi úttekt á timburvirki samhliða stöðuúttekt þar sem timburgrind væri ekki í fullu samræmi við sérupprætti, frágang festinga og útloftun þakvirkis væri einnig ólokið. Sömuleiðis var þess krafist með vísan til fyrrgreindrar matsgerðar dómkvaddra matsmanna að viðurkenndur yrði réttur til bóta þar sem bæta þurfi neglingu gólfbita við dregara undir húsinu, auk þess sem vanti alla vinkla efst á veggstöðir þar sem þær gangi upp í kant upp úr þaki á báðum hliðum hússins. Kveður M ótvírætt að þessir þættir falli undir ábyrgð byggingarstjóra, enda ljóst að þarna hafi ekki verið byggt í samræmi við teikningar. V hefur hafnað þessum kröfum.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirkiskal skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar

skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllumum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð. Samkvæmt 7. mgr. sömu lagagreinar ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis hans í starfi. Þá ber byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegru framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar A taldi að hann sem húsasmíðameistari hefði lokið sínum verkhluta við smíði hússins, átti honum á hinn bóginn sem byggingarstjóra að vera ljóst að við þau verklok sem þá urðu hafi byggingunni verið verulega áfátt og hún lægi undir skemmdum ef henni yrði ekki lokað betur fyrir komandi vetur. Með því að hann sem húsasmíðameistari hugðist ekki sinna lagfæringum á því sem áfátt var bar honum sem byggingarstjóra að tilkynna það M sem eiganda byggingarinnar, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Á því varð misbrestur af hálfu A. Hins vegar liggja fyrir gögn í málinu þar sem fram kemur að síðari hluta október vissi M að frágangi byggingarinnar var ekki lokið og að byggingin lægi undir skemmdum eins og fráganginum var háttað. Ekki hefur verið sýnt fram á að þá hafi verið komnar fram skemmdir af völdum raka eða myglu. Eins og hér stóð á verður því ekki talið að skemmdir á byggingunni af þessum sökum megi rekja til þess að A tilkynnti ekki M um að smíði hans væri lokið og byggingin í því ástandi sem raunin var. Bótaábyrgð hefur því ekki stofnast af þessum sökum.

Hvað snertir þær kröfur sem tilgreindar eru í tölvubréfi 10. september 2019 er m.a. vísað til matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna frá 18. júlí 2019. Í matsgerð þeirra segir að við skoðun hafi mátt sjá að burðarstoðir vanta á nokkrum stöðum svo og festingar við botnstykki. Jafnframt þurfi að bæta við neglingu gólfbita við dregara undir húsinu. Þá vanta alla vinkla efst á veggstoðir þar sem þær ganga upp í kant upp úr þaki á báðum hliðum hússins. Enn fremur er í matsgerðinni vikið að stöðuúttekt byggingarfulltrúa frá 14. nóvember 2018 þar sem fram hafi komið að timburgrind hafi ekki verið í fullu samræmi við séruppdrætti ásamt því að frágangi festinga og útloftun þakvirkis sé ólokið. Kváðust matsmenn hafa staðreynt að engin útloftun hafi verið út úr þakkanti og stoðir vanta í útveggjagrind ásamt fullnægjandi festingum miðað við samþykktar teikningar. Enginn samningur liggur fyrir í málinu um það hvert nákvæmlega hafi verið það verk sem A tók að sér við byggingu sumarbústaðarins sumarið 2017 né heldur gögn um það hvernig það kom til að verklok urðu þá um haustið. Hvorki af fyrrgreindri matsgerð dómkvaddra matsmanna eða öðrum gögnum málsins verður ráðið að framangreindir verkþættir, sem ekki hafði verið lokið við, teljist hafa verið ágallar á verki A sem húsasmíðameistara og honum bar sem byggingarstjóra að hafa eftirlit með lögum samkvæmt. Af þeirri ástæðu telst ósannað að A hafi sem byggingarstjóri bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M þótt verkþáttum þessum hafi ekki verið lokið. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni vegna þessa.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V, , vegna þeirra krafna sem að framan greinir.

Reykjavík, 24. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 254/2019**M og****V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X (dráttarvél)****Ágreiningur um meðábyrgð tjónþola vegna slyss 5. júní 2018.****Gögn.**

Málskot, móttekið 31. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 2. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er gerð grein fyrir slysi M sem varð þegar hann var ásamt ökumanni dráttarvélar að sækja heyrúllu. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu dráttarvélarinnar, heldur lýtur hann að því hvort og þá að hve miklu leyti M skuli bera líkamstjón sitt sjálfur vegna meðábyrgðar, sbr. heimild í 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (sjá bréf V dags. 25. september 2018). V hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum og nánar tiltekið er því ágreiningur um hvort M skuli bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis.

Atvikum er þannig lýst í lögregluskýrslu að M og ökumaður dráttarvélarinnar hafi ætlað að sækja heyrúllu sem var í lítilli heyrúllustæðu og notað til þess dráttarvélinna. Nánar tiltekið lýsir M því þannig að til hafi staðið að koma heyrúllu í skóflu dráttarvélarinnar og aka með hana til gjafar. M segir heyrúlluna hafa verið að hluta í skóflunni þegar hann ákvað að vagma heyrúllunni um leið og ökumaður dráttarvélarinnar kreppti skófluna að dráttarvélinni. M kveðst hafa snúið baki í dráttarvélinna og haft það við heyrúlluna sem átti að fara í skófluna og samtímis spyrnt fótum í hinar heyrúllurnar í þeim tilgangi að koma þessari einu í skófluna, en við það að stjórnandi dráttarvélarinnar hreyfði skófluna, þá hafi heyrúllan dottið úr skóflunni og á M með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón. Stjórnandi dráttarvélarinnar lýsir atvikum með sambærilegum hætti.

M telur að hann eigi ekki að bera hluta tjóns síns sjálfur þar sem hann sé ungur að árum og ábyrgðin sé aðallega vinnuveitanda hans sem var stjórnandi dráttarvélarinnar í greint sinn um að tryggja viðeigandi leiðbeiningar til ungra starfsmanna og öryggi og vinnustað. Einnig er tilvísun til þess að hugtakið stórkostlegt gáleysi sé þrengra í váttryggingarétti en í skaðabótarétti.

V hefur takmarkað ábyrgð sína við 2/3 hluta heildartjóns M, eins og áður segir, og telur að háttsemi M hafi verið stórkostlega gálaus. V vísar til þess að haft sé eftir stjórnanda dráttarvélarinnar í lögregluskýrslu að hann hafi lagt til annað vinnulag með því að binda rúlluna en því hafi M mótmælt. Auk þess vísar V til þess að M hafi sjálfur verið bústjóri og stjórnað verkinu ásamt stjórnanda dráttarvélarinnar. Máli sínu til stuðnings vísar V til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Rétt er að taka fram að heimild váttryggingafélags til takmörkunar bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis byggist á 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að tjónþoli sem byggir skaðabótarkröfu á hlutlægrei skaðabótareglu laganna í 1. mgr. 88. gr. getur þurft að bera sjálfur ábyrgð á tjóni sínu ef háttsemi hans sem leiðir til tjónsins felur í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning. Tilvísun til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 á því ekki við og því ekki heldur tilvísun til þess hvernig hugtakið stórkostlegt gáleysi er mögulega túlkað í váttryggingarétti.

Þegar litið er til gagna málsins verður ekki annað séð en að M sjálfur ákvað að reyna með eigin líkamspýngd og afli að stýra því hvort heyrúlla færi upp í skóflu dráttarvélar, samhliða því að stjórnandi dráttarvélarinnar færð skófluna úr stað. Í gögnum málsins kemur einnig fram að hver heyrúlla geti verið um 800 kg. að þýngd. Af háttsemi M stafaði augljós slysa-hætta og er ekki hægt að líta svo á að M hafi á slysdegi haft þá stöðu gagnvart stjórnanda dráttarvélarinnar að honum hafi borið að leiðbeina M sérstaklega um það hvernig verkið var unnið eða háttsemi hans hafi frekari áhrif á mat á meðábyrgð M. Verður háttsemi M metin honum til stórkostlegs gáleysis sem hefur þær afleiðingar að hann telst bera þriðjung tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 255/2019**V v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort maður hafi orðið fyrir slysi í skilningi váttryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.8.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 13.8.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti var M hinn 2. ágúst 2018 að störfum sem háseti um borð í tilteknu vöruflutningaskipi, A. Vann hann þá við að sjóbúa skipið í Vestmannaeyjum áður en skipið lagði úr höfn áleiðis til Rotterdam í Hollandi. Hafði honum verið falið að koma fyrir svokölluðum sjóbúnaðarstöngum (e. lashing gear) á gáma sem voru á þilfari skipsins. Segir í málskoti að stangir þessar séu tvenns konar, annars vegar 2,4 m á lengd og 12 kg að þyngd og hins vegar 4,8 m á lengd og 24 kg að þyngd. Hafi hann verið að koma einni slíkri stöng fyrir á þriggja hæða gámasamstæðu á þilfarinu þannig að hann hafi reist stöngina með hægri hendi meðan hann studdi við stöngina með vinstri hendinni. Hafi hann þá skyndilega misst takið á stönginni sem hann hafði með hægri hendinni þannig að stöngin hafi skyndilega og harkalega fallið niður á þilfarið með þeim afleiðingum að slæmur slinkur hafi komið á vinstri öxl hans. Strax eftir slysið hafi hann kennt sér meins en þó sinnt vinnu sinni út vaktina. M mun hafa leitað til læknis í Rotterdam. Frá Rotterdam sigldi A til Árósa í Danmörku eftir viðkomu í Cuxhaven í Þýskalandi. M mun hafa farið í land í Árósum og flogið þaðan til Íslands.

Í skipsdagbók er svofelld skráning: „[M] to doctor with pain in shoulder. Last saturd. the 28th of July when lifting cargo lashing gear he felt severe pain in the shoulder, been in pain since and shoulder swollen up.“ Í skjali, sem nefnist „Nav-Tech – MANAGEMENT OF SAFETY“, dags. 1. ágúst 2018, er að finna svofellda skráningu: „Saturday 28th of July in port of Aarhus Denmark, when [M] lifting heavy cargo lashing gear he felt severe pain in the shoulder and felt something like snapping and bone touching. He has been in pain and swollen since and needs to have this looked at. About 8 months ago [M] left shoulder got broken on three different places and after healed he always suffered with pain in different degree.“

Á ódagsettri forsíðu tjonstilkynningar til V segir svo: „Við að lyfta þungum hlutum þá fann hann eins og eitthvað hefði brotnað í öxlinni á sér.“

Hinn 6. ágúst 2018 mun M hafa leitað á bráðadeild Landspítalans. Við komu þangað er skráð: „Var í Hollandi að vinna þegar hann reynir á vi. öxl. Hann þrífrotnaði þar fyrir um ári síðan. Fór í rtg. skoðun úti í Hollandi í gær og er honum ráðlagt að leita bæklunarlæknis hér heima.“

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð, dags. 16. ágúst 2018, þar sem segir: „Brotnaði fyrir 2 árum, var núna fyrir um 15 dögum síðan í Hollandi við vinnu að lyfta 20 kg. plötu og fann þá smell og verk í öxlinni. Hefur verði með verk í henni síðan. Leitaði læknis í Hollandi, þar voru teknar rtg myndir og hann sendur heim til Íslands með flugvél og ekki talinn vinnuhæfur.“

M krafðist bóta úr slysatryggingu áhafnar A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir í öxlinni. Með tölvubréfi 26. mars 2019 hafnaði V bótaskyldu þar sem ekki var talið að um slys hafi verið að ræða í skilningi váttryggingarskilmála slysatryggingarinnar.

Í læknisvottorði heimilislæknis M, dags. 7. apríl 2019, segir svo: „Í vottorðabeiðni lögmanns er beðið um álit á orsökum áverkans. Ég hef rætt við [M] og hann hefur lýst fyrir mér atvikum. Hann er að lyfta þungri stöng sem notuð er til að opna gámahlara um borð í skipinu. Hann notar báðar hendur. Stöngin fellur niður á gólf hægra megin og við það myndast kröftugur kippur í vi. öxlina niðrávið. Fann smell og sársauka er stöngin kipti í vi. handlegg/öxl og leitaði lækna eftir það. Það var þannig ekki sjálf lyftan sem orsakar áverkann heldur það að hægri endi stangarinnar fellur skyndilega niður á gólf hægra megin og við það myndast kröftugur og snöggur kippur í vi. öxl sem veldur áverkanum. Frásögn [M] er að mínu mati trúverðug og verður að teljast líklegt að einmitt svona hafi slysið átt sér stað út frá skoðun á áverkunum eftir slysið.“

Í læknisvottorði tiltekins bæklunarlæknis, dags. 29. apríl 2019, sem sagt er vera skrifað að beiðni lögmans M, segir svo: „[M] lendir í slysi 02.08.2018. Slysið varð með þeim hætti að hann var að lyfta 20 kg. þungri plötu er hann missti takið með hægri höndinni og við það að platan fellur á gólfíð kemur slinkur á vinstri höndina og fann hann þá smell í vinstri öxlinni. Hann hafði hlotið brot á sömu öxl 2 árum áður.

Einnig liggur fyrir í málinu yfirlýsing starfandi bátsmanns um borð í A, dags. 8. ágúst 2019 þar sem hann kveðst staðfesta að M hafi tilkynnt honum sem bátsmanni í afleysingum og því næsta yfirmanni M að hann hafi orðið fyrir eymslum í öxl við festingu á sjóbúnaði í lok júlí/byrjun ágúst 2018, er A hafi verið í höfn í Vestmannaeyjum og síðan rætt við sig á leið inn til Rotterdam. Hafi hann þá tjáð M að leita til skipstjóra.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysátryggingar þeirrar sem hér um ræðir greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir við störf um borð í skipinu eða við vinnu í beinum tengslum við rekstur þess, sbr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Samkvæmt skilmálunum er með orðinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

Í upphaflegum gögnum um atvikið, svo sem í skipsdagbók og svonefndri „Navu-Tech“ skýrslu, er því lýst á þann veg að M hafi fengið mikinn verk í vinstri öxl er hann var að lyfta þungri snjóbúnaðarstönginni. Á sama veg er atvikinu lýst við komu M á bráðadeild Landspítalans, svo og í læknisvottorði frá 7. maí 2019. Í yfirlýsingu bátsmanns, sem M mun hafa upplýst um meiðsl sín er A var að koma til Rotterdam, segir að M hafi tjáð honum að hann hafi orðið fyrir eymslum í öxl við festingu á sjóbúnaði. Það var fyrst í tveimur læknisvottorðum, sem rituð voru að beiðni lögmans M eftir að S hafði hafnað bótaskyldu, að haft var eftir M að hann hafi misst tak á umræddri sjóbúnaðarstöng með þeim afleiðingum að slinkur hafi komið á vinstri handlegg og öxl. Þá liggur fyrir að rúmum tveimur árum fyrir umrætt atvik hlaut M brot á þessari sömu öxl. Að virtum gögnum málsins verður að leggja lýsingu á málsatvikum í hinum upphaflegu gögnum til grundvallar þegar lagt er mat á það hvort M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er svo um slys sé að ræða sem telst bótaskyldt samkvæmt skilmálum slysátryggingarinnar. Samkvæmt þeim gögnum, líkt og rakið er hér að framan, telst ekki sannað að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmálanna. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum slysátryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 257/2019**M og****V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs í Múlagöngum 14. júní 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V2, dags. 8. ágúst 2019.

Bréf V1, dags. 9. september 2019.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna bifreiða A og B til vátryggingafélaga sinna kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B við útskot í svokölluðum Múlagöngum. Bifreið A var ekið beint áfram eftir akbraut í einbreiðum göngunum og var við þær aðstæður ekið utan í bifreið sem stóð út úr útskoti sem ætlað er bifreiðum sem koma á móti. Í málskoti er vísað til þess að umferðarmerki gefi til kynna fyrir utan göngin að ökumenn skulu halda 200 metra bili á milli bifreiða við innakstur í göngin. Í skýrslu ökumanns bifreiðar A á bakhlíð tjonstilkynningarinnar kemur fram að bifreið B hafi staðið þversum á akbraut við útskot þannig að ljós bifreiðarinnar lýstu ekki beint áfram heldur á hlið og hafi M því (sem ökumaður bifreiðar A) því ekki séð bifreið B og þannig ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður bifreiðar B segir í sinni skýrslu að hún hafi verið að aka um göngin á eftir öðrum bifreiðum og þannig hafi háttáð að nokkrar bifreiðar hafi þurft að víkja fyrir umferð á móti í sama útskotið. Bifreið B hafi þar verið síðust og kvaðst ökumaður hennar hafa ekið henni eins langt inn í útskotið og hún gat þegar bifreið A hafi verið utan í bifreið B.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem sá ökumaður hafi ekki gætt varúðar við innakstur í göngin og ekki gætt þess að hafa það bil á milli bifreiða sem merkingar gera ráð fyrir. M telur að það útskot sem ökumaður bifreiðar B hafi verið að hluta inni í hafi ekki verið ætlað fyrir eins margar bifreiðar og voru þar og staðsetning bifreiðar B hafi því verið þannig að hún lokaði akstursleið um göngin og á því beri ökumaður hennar ábyrgð.

V1 gerir ekki frekari athugasemdir við málskotið en V2 telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að aka utan í kyrrstæða bifreið B.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lýsing beggja ökumanna á aðdraganda áreksturs. Í 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er kveðið á um að vegfarendur ber að sýna tillitsemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum. Þegar litið er til þess að árekstur með bifreiðum A og B varð í göngum, þar sem ein akrein er til aksturs beint áfram og útskot reglulega fyrir umferð sem kemur á móti, verður að hafa umrædd fyrirmæli sérstaklega í huga. Þó ökumaður bifreiðar A hafi ekið eftir akbraut ganganna og ökumaður bifreiðar B hafi átt að honum forgang við aksturinn með því að víkja í þar til gerð útskot, verður að líta til þess að aðstæður voru þess eðlis að vegna umferðar um göngin lenti ökumaður bifreiðar B í vandræðum með staðsetningu bifreiðar sinnar í slíku útskoti. Þegar ökumaður A ók framhjá bar honum að gæta varúðar og haga ökuhraða eftir aðstæðum. Verður að ætla að ökumanni sem ekur framhjá útskoti ætti að vera ljóst hvort þar eru margar bifreiðar og ef röð er verður að sæta lagi við að hleypa bifreiðum úr útskotinu til að hægt sé að halda áfram. Af gögnum málsins er ekki sýnt að ökumaður bifreiðar A hafi gætt slíkrar varúðar nægilega vel og ber hann því meginhluta sakar, eða 2/3 hluta hennar. Hins vegar verður einnig að leggja þá skyldu á ökumanns sem þarf að stöðva að hluta inni á akbraut, eins og ökumaður bifreiðar B þurfti að gera, að gera ökumönnum sem koma á móti vart við bifreið sína með afgerandi hætti. Það hefði ökumaður bifreiðar B getað gert betur og ber því einnig hluta sakar, eða 1/3 hluta hennar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 1. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 258/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna tjóns á bifreið 5. nóvember 2017.****Gögn.**

Málskot, móttekið 31. júlí 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 22. ágúst 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið M þar sem henni var lagt í stæði fyrir utan íbúð hans 5. nóvember 2017. Framkvæmdum hafi verið lokið við húsið hluti af verkpalli X hafi lent á bifreið M í hvassviðri þann dag.

M telur að tjón hans megi rekja til mistaka verktakans þar sem hann hafi gleymt hluta af vinnupalli eftir viðgerðir og vegna veðurs hafi hann tekist á loft og lent á bifreið X. M telur að ekki sé hægt að hafna ábyrgð verktakans á þeim grundvelli að stormur hafi verið.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að þann dags sem tjón varð á bifreið M hafi verið mikið hvassviðri og hafi vinnupallur í eigu X fokið af stað vegna þess, en ósannað sé að hægt hefði verið að gera ráðstafanir í tæka tíð til að koma í veg fyrir að vinnupallurinn færi af stað. Ekki hafi verið sýnt fram á að uppsetning vinnupallsins hafi verið ábótavant eða festingar öðruvísi en venjulega tíðkast.

Álit.

Gildissvið ábyrgðartrygginga tekur mið af því að vátryggður beri skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á tjóni þess sem krefur hann um skaðabætur og kemur það fram í 4. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar hjá V. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að það sé sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans, sem beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í takmörkuðum gögnum málsins verður ekki séð að komi fram upplýsingar um hvort framkvæmdum hús það sem bifreið M stóð við var lokið, hvort vinnupallur sá sem fauk á bifreið M hafi verið rétt uppsettur eða hvort starfsmenn X hefðu átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna veðurs í aðdraganda tjónsins. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M, sem hefur sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð séu uppfyllt, sbr. það sem kemur fram hér á undan. M á því ekki rétt á skaðabótum vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 259/2019**M og****V v/ ábyrgðartryggingar rekstraraðila hjúkrunarheimilis.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður hjúkrunarheimilis rann á blautu gólfi og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags.19.8.2019.

Síðari athugasemdir M, dags 20.9.2019, ásamt tveimur vitnaskýrslum.

Síðari athugasemdir V, dags, 15.10.2019.

Málsatvik.

Að morgni 15. mars 2018 var M að störfum við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimili, sem rekið er af B. Í slysatilkynningu B til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 12. apríl 2018, er atvikum lýst svo að M hafi verið að sinna vistmanni í herbergi hans á annarri hæð A ásamt öðrum starfsmanni. Hafi hún þurft að fara út úr herberginu til að sækja eitthvað eða sinna annarri bjöllu sem hringdi á deildinni. Þegar hún hafi stigið út úr herberginu og fram á ganginn hafi hún runnið í mikilli bleytu sem hafi verið á ganginum. Verið var að skúra ganginn og hafi viðkomandi starfsmaður hellt miklu vatni á ganggólfið. Hafi M skolið í gólfið og fengið áverka á mjóbak, vinstri mjöðm og háls.

Í ódagsettri tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, sem virðist undirrituð af öryggisverði hjá A en skráð af M, er aðstæðum lýst svo að mikil bleyta hafi verið á gólfinu eftir að skúringakona hafi verið að þrifa gólfið og hellt miklu vatni á það. Hafi M runnið í bleytunni.

Tvær samstarfskonur M á A hafa gefið skýrslur vegna atviksins. Önnur samstarfskonan kvaðst hafa verið á staðnum og séð útundan sér þegar M slasaðist og einnig heyrt þegar hún skall í gólfið. Þá kveðst hún oft hafa séð þann starfsmann, sem annaðist þriffin, hella vatni og sápu yfir allt gólfið með þeim afleiðingum að varla hafi verið hægt að ganga um þau þar sem stórir pollar hafi þakið gólfið. Þá kveðst hin samstarfskona M oft hafa orðið vitni að því að ein þeirra kvenna sem annast þrif á A hafi hellt vatni yfir allt gólfið og þurrkað svo yfir rennandi blautt gólfið.

M kveður verklag það sem viðhaft var umrætt sinn við þrif á ganggólfinu hafa falið í sér óþarfa hættu fyrir starfsfólk sem og vistfólk á A. Hefur hún krafist bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu sem kveður eðlilegt að bleyta hafi verið á gólfinu þar sem verið var að skúra gólfið og ósannað sé að bleyta á gólfinu hafi verið það mikil að skúringaraðferð starfsmanns A umrætt sinn hafi falið í sér saknæma háttsemi. Að sögn B, hafi starfsmaðurinn sem annaðist þriffin einungis verið að skúra á nærsvæði ræstingarvagns og því hafi öllum sem áttu leið fram hjá átt að vera ljóst að verið væri að skúra ganginn með tilheyrandi bleytu. Þá hafi viðkomandi starfsmaður verið með hálfslitra kókflösku sem hún hafi skvett úr á gólfið ef henni fannst þvegillinn vera orðinn of þurr, en það hafi aldrei verið nema við fætur hennar.

Álit.

Framangreindar tilkynningar til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins, svo og lýsingar tveggja samstarfskvenna M, lýsa sérstakri og óvenjulegri aðferð við þrif á gólfum sem var til þess fallin að valda hættu fyrir þá sem leið áttu um, hvort sem það hafi verið vistfólk, starfsmenn eða gestir. Lýsingar af hálfu B um að starfsmaður sá sem þreif gólfið hafi verið með hálfslitra kókflösku og einungis hellt úr henni við fætur sér þegar þvegillinn var orðinn þurr fær ekki samrýmst þeirri lýsingu sem fram kemur í framangreindum tilkynningum um slysið og eiga sér einnig nokkra stoð í skýrslum samstarfskvenna M. Verður að leggja þá lýsingu sem fram koma í slysatilkynningunum til grundvallar við mat á bótaábyrgð B. Ekkert er um það að sú aðferð, sem viðhöfð var við þriffin, hafi verið óhjákvæmileg eða af öðrum ástæðum nauðsynleg, en verklag þetta virðist hafa viðgengist athugasemdalaust af hálfu yfirmanna. Eins og hér stóð á bar að hafa uppi skýr merki um bleytu á gólfunum til viðvörðunar þeim sem leið áttu um, en í þeim efnun dugði ekki að hafa einungis einn ræstingarvagn í næsta nágrenni. Á því varð misbrestur og til þess verður slysið rakið. Því ber B sem vinnuveitandi M ábyrgð á líkamstjóni hennar. Ekki er efni til að skerða bótarétt hennar vegna meðábyrgðar. Hún á því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 260/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs við Linnetstíg hinn 10.05.2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 12.08.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 26.08.2019.

Bréf V2 dags. 19.08.2019.

Frekari athugasemdir M, dags. 27.08.2019.

Málsatvik.

Hinn 10. maí 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Ökumenn fylltu út tjónstilkynningu á vettvangi. Á framhlið hennar er merkt við að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak og út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h. Á bakhlið skýrslunnar þar sem fram koma viðbótarupplýsingar frá váttryggingartaka lýsir ökumaður bifreiðar A atvikum svo að hann hafi bakkað út á götuna og verið kominn út úr stæði þegar ökumaður B hafi bakkað sinni bifreið út úr stæði gegnt bifreið A og árekstur hafi orðið með tilheyrandi skemmdum. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum svo að ökumaður A hafi bakkað út af stæði sínu og verið kominn vel út á veg þegar ökumaður B hafi bakkað út úr sínu stæði og rekist aftan á bifreið A.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak og því skyldi sök skiptast til helminga.

M er ósáttur við þá niðurstöðu og í málskoti rekur hann að hann hafi verið kominn út á götuna og verið þess búinn að aka af stað þegar ökumaður bifreiðar B hafi í flýti bakkað úr bifreiðarstæði og á bifreið A. Á vettvangi hafi ökumaður bifreiðar B beðist afsökunar á því að hann hefði ekki gætt nægilega að sér, auk þess sem hann viðurkenni í tjónstilkynningu að bifreið A hafi verið komin vel út á veg þegar áreksturinn átti sér stað. Ökumaður bifreiðar B viðurkenni þar með að bera alla ábyrgð á tjóninu og því eigi ekki að skipta sök í málinu. Þá hafi tjónanefnd ekki rétt eftir ökumanni B í niðurstöðu sinni. Þá kemur fram í gögnum málsins að M telji sig hafa gætt sérstaklega að ákvæði 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og gengið úr skugga um að unnt væri að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra áður en hann hóf akstur aftur á bak.

Í bréfi V1, sem er váttryggjandi bifreiðar A, til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki þörf á að skila athugasemdum vegna málsins.

Mat V2, sem er váttryggjandi bifreiðar B, er að rétt sé að skipta sök að jöfnu enda hafi báðir ökumenn merkt við „ók aftur á bak“ í sameiginlegri skýrslu sinni, en ekki sé merkt við að önnur hvor bifreiðanna hafi verið kyrrstæð.

Álit:

Við mat á sakarskiptingu þarf að líta til framburðar aðila auk annarra gagna, en eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykir ekki tækt að líta eingöngu til merkinga á framhlið tjónstilkynningar, þar sem fram kemur að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak. Meðal gagna málsins er ljósmynd sem sýnir afstöðu bifreiðar A í kjölfar árekstursins. Af henni má ráða að A hafi lokið akstri aftur á bak og verið búinn að rétta hjól bifreiðarinnar af með tilliti til aksturs áfram þegar bifreið B var ekið aftur á bak á bifreið A. Þá virðist báðum ökumönnum í frásögnum sínum bera saman um að bifreið A hafi þegar ekið aftur á bak úr bifreiðastæði, og verið komin út á veg þegar ökumaður bifreiðar B hóf akstur aftur á bak. Af framangreindu þykir ekki rétt að ökumaður bifreiðar A beri hluta sakar og er því öll

sök lögð á ökumann bifreiðar B, en sýnt þykir að hann hafi ekki gætt nægilega að ákvæði 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga við akstur aftur á bak.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 10. september 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 261/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um umfang bótaskyldu úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 13.08.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 29.08.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 03.09.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M því að hann hafi, í tengslum við opinber skipti á dánarbúi móður sinnar, verið aðili að tveimur dómsmálum. Í stuttu máli var annars vegar um að ræða mál sem lyktaði með dómi Hæstaréttar í máli nr. 121/2017 en með honum var ákvörðun skiptastjóra, um að fram færi könnun á vegum nánar tilgreinds erlends fyrirtækis á því hvort dánarbúið ætti eignir á innlánsreikningum erlendis, felld úr gildi. Hins vegar var um að ræða úrskurð héraðsdóms um kröfu nokkurra erfingja þess efnis að skiptastjóra dánarbúsins yrði heimilað, í nafni dánarbúsins, að fela sama fyrirtæki könnun á því hvort dánarbúið hafi átt, eða eigi, eignir á erlendum bankareikningum, en ágreiningur var meðal erfingja um það hvort slík könnun skyldi fara fram. Þeim ágreiningi var vísað frá dómi með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur í máli Q-8/2017, þar sem efnisleg úrlausn þeirrar kröfu sem lá fyrir mundi ekki leysa úr ágreiningi aðila. Heimild til handa skiptastjóra til að hefja umrædda könnun legði þannig ekki á herðar honum skyldu til að aðhafast í þeim málum, til þess þyrfti hann að taka nýja ákvörðun, sem síðan gæti verið borin undir dómstóla, á grundvelli laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Í málskoti kvartar M yfir því að V beri fyrir sig ákvæði í 42. gr. skilmála umræddrar váttryggingar við bótauppgjör og haldi því fram að þessi dómsmál teljist eitt tjón, enda séu kröfur í þeim í meginatriðum af sömu rót sprottnar, og því eigi að fara með bótagreiðslur eins og um eitt tjón sé að ræða og þak á bótagreiðslu í samræmi við það. M, sem hafi verið á móti því að hin umþrætta könnun færi fram, hafi verið nauðugur sá kostur að taka til varna í umræddum dómsmálum. Dómkröfur í málunum hafi ekki verið hinar sömu, og stefnendur ekki þeir sömu. Í fyrra málinu hafi skiptastjóri verið stefnandi f.h. dánarbúsins, en í síðara málinu hafi það verið sumir lögerfingja dánarbúsins. Þá hafi aðild varnarmegin ekki verið fyllilega sú sama, þó M hafi átt aðild að báðum málunum. Jafnframt hafi dómur í seinna málinu hafnað því að málin tvö væru eins að efni til, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá hljóti fyrirvari 42. gr. aðeins að eiga við sé um tilhæfulausan málarekstur, sem dómstólar hafi þegar tekið afstöðu til, að ræða. Orðalag umrædds skilmála sé óljóst en engar skynsamlegar ástæður geti verið fyrir því að takmarka rétt M til að taka til varna, enda hafi hann ekki getað vikist undan stefnu. Þá kvartar M undan upplýsingagjöf af hálfu V og telur rétt að vekja athygli Fjármálaeftirlitsins á nánar tilgreindum atriðum er varða skilmála og upplýsingagjöf V. Enn fremur byggir M á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, um að víkja megi til hliðar samningi sem sé ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju, auk þess sem samningar sem atvinnurekandi býður neytendum að gangast undir skili vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um túlkun slíks samnings beri að túlka hann neytanda í hag. Þetta eigi sér í lagi við þar sem um staðlaðan samning, saminn einhliða af V, sé að ræða.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ágreiningur aðila snúi ekki að bótaskyldu sem slíkri heldur túlkun skilmálaákvæða á því hvað teljist „eitt tjón“. V vísar til 42. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála þar sem m.a. segi að fleiri ágreiningsmál skuli talin eitt tjón ef kröfur þær sem hafðar eru uppi eru í meginatriðum af sömu rót. V telur að svo sé, enda snúi ágreiningur í báðum tilvikum að því hvort hefja eigi könnun á því hvort dánarbúið eigi innlánsreikninga erlendis. Því séu kröfurnar í báðum málum að meginstefnu til af sömu rót sprottnar. Þá hafnar V því að umrætt skilmálaákvæði skuli túlkað með jafnþröngum hætti og ákvæði 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, og túlkun héraðsdóms á því ákvæði geti því ekki verið leiðbeinandi við túlkun

skilmálaákvæðisins. Hugmyndin að baki málskostnaðartryggingu fjölskylduþryggingar M hjá V sé ekki sú að váttryggðir geti fengið bætur sem samsvari bótaþaki oftast en einu sinni vegna mála sem veltist fram og aftur í kerfinu. Ágreiningur erfingjanna í því máli sem hér sé til umfjöllunar sé þess eðlis að mögulegt sé að vísa ákvörðun skiptastjóra endurtekið til dómstóla. Það breyti því ekki að slíkar kröfur teldust af sömu rót runnar. Þá hafnar V því að umrætt skilmálaákvæði sé óljóst enda hafi afar sjaldan sprottið deilur um túlkun þess. V ítrekar því þá afstöðu sína að bótaréttur vegna fyrrgreindra dómsmála sé fyrir hendi, en aðeins upp að nánar tilgreindu bótaþaki, og skuli líta á bæði málin sem eitt tjón í skilningi viðeigandi váttryggingarskilmála.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar áréttar M áður fram komna afstöðu sína. Tekur hann sérstaklega fram að jafnvel þó ekki verði álitnið tilefni til að víkja ákvæði 42. gr. umræddra skilmála til hliðar á grundvelli samningalaga, sé í öllu falli ljóst að umrædda skilmálagrein beri að túlka þröngt.

Álit.

Í málskoti sínu tiltekur M nokkur atriði, viðvíkjandi skilmálum og upplýsingagjöf af hálfu V, sem hann telur að þarfnist nánari skoðunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Af því tilefni er rétt að taka fram að samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Almennt eftirlit með starfsemi váttryggingafélaga er hins vegar í höndum Fjármálaeftirlitsins sem eftirlitsstjórnvalds. Vísast því til Fjármálaeftirlitsins með ofantaldar umkvartanir, en ekki er tilefni til frekari skoðunar nefndarinnar á þeim.

Í grundvallaratriðum snýr ágreiningur aðila að túlkun á 41. gr. þeirra skilmála sem giltu um umrædda váttryggingu þegar ofangreind málaferli stóðu yfir. Í núgildandi skilmálum, sem báðir aðilar virðast vísa til, er samhljóða orðalag að finna í 42. gr. en þar segir m.a.: „Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.“ Þau tvö dómsmál sem hér um ræðir varða bæði ágreining um það hvort dánarbú móður M skuli ganga til samninga við tiltekið fyrirtæki í þeim tilgangi að kanna hvort dánarbúið kunni að eiga eignir á erlendum innlánsreikningum. Aðild M að báðum málum byggði á því að hann var andvígur slíkum samningi. Verður því að fallast á það með V að bæði þessi dómsmál séu sprottin af sömu rót og skiptir þá ekki máli þó stefnendur hafi ekki verið þeir sömu í báðum tilfellum, eða að dómkröfurnar hafi verið ekki verið samhljóða. Eftir stendur að bæði málin vörðuðu í raun sama ágreining sem upp kom við skipti dánarbúsins, þ.e. um hvort umrædd könnun skyldi fara fram. Verður því að telja að um eitt tjónstilfelli, í skilningi váttryggingarskilmálanna, hafi verið að ræða.

Verður þá ekki talið sýnt fram á að umþrætt skilmálaákvæði sé svo óljóst eða óskýrt, sbr. 36. gr. b. samningalaga, að tilefni sé til annarrar túlkunar en orðalagstúlkunar, né að tilefni sé til að víkja ákvæðinu til hliðar á grundvelli 1. mgr. 36. gr. sömu laga, þegar svo háttar til að váttryggður er stefndi, en ekki stefnandi, í dómsmáli.

Samkvæmt framansögðu er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um að litið verði á framangreind dómsmál sem tvö aðskilin tjón.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V, vegna málskostnaðar hans í báðum dómsmálum, en líta skal á bæði málin saman sem eitt tjón og bótauppgjör taki mið af því.

Reykjavík 24. september 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 262/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar byggingarstjórans A****Ágreiningur um fyrningu kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra.****Gögn.**

Málskot mótttekið 15.08.2019 auk fylgigagna 1-10.
Athugasemdir V dags. 06.09.2019 auk fylgigagna 1-8.
Viðbótarathugasemdir málskotsaðila dags. 09.09.2019.

Málsatvik.

Með kaupsamningi dagsettum 5. mars 2019 seldu M húseign sína til X og fór afhending fram hinn 1. apríl. Hinn 12. apríl tilkynntu X um að þau hefðu orðið þess vör að þak umræddrar fasteignar væri mikið skemmt vegna raka og myglu þar sem loftun þaksins væri ábótavant. Á grundvelli þessa, svo og álitsgerðar um þakið, kröfðust M bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A hjá V. M og X gerðu samning sín á milli um afslátt af kaupverði fasteignarinnar, en þar kom m.a. fram að M væri frjálst að hafa uppi kröfur á hendur A vegna tjóns síns. Eftir nokkur samskipti milli aðila hafnaði V svo kröfu M um bætur úr umræddri vátryggingu þar eð krafan væri fyrnd.

Í málskoti taka M fram að ágreiningur aðila afmarkist við það hvort krafa þeirra sé fyrnd eður ei. Hins vegar sé óumdeilt að ekki hafi verið farið eftir samþykktum teikningum við byggingu fasteignarinnar og að A hafi því sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi. Þá hafi A verið með vátryggingu í gildi hjá V meðan á smíðinni stóð. Lokaúttekt hafi enn ekki farið fram en fasteignin sé nú skráð á byggingarstig 4 og því sé umrædd vátrygging enn í gildi, sbr. 33.1. gr þágildandi byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Þar sem lokaúttekt hafi ekki farið fram framlengist að sama skapi sá tími sem unnt er að gera kröfu í vátrygginguna sem því nemi. Um hugsanlega fyrningu gildi þá eldri lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 og samkvæmt 2. tl. 4. gr. fyrnist krafa um skaðabætur á tíu árum, en upphafstími fyrningar miði við það tímamark er gallans verður vart. M hafi fyrst fengið vitneskju um tilvist gallans með bréfi þess efnis frá X sem kom til vitundar þeirra í aprílmánuði 2019 og því sé krafa þeirra ekki fyrnd.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að starfsábyrgðartrygging A hafi verið í gildi hjá félaginu frá 1. mars 2007 til 1. mars 2010, en áður hafi A haft í gildi vátryggingu hjá öðru félagi. Óumdeilt sé að starfsábyrgðartrygging A hafi verið afturkölluð með tilkynningu til umhverfisráðuneytisins í febrúar 2010 og hafi því ekki verið í gildi í níu ár þegar tjónstilkynning barst V. Þá hafi A, og iðnaðarmenn á hans vegum, aðeins unnið við byggingu hússins að fokheldisstigi, en fokheldisvottorð sé dagsett í mars 2007. Það virðist þó hafa misfarist hjá M að afskrá sig sem byggingarstjóra hússins. Þeir verkþættir sem deilt sé um hafi allir verið unnir á árinu 2007. Þar af leiðandi séu kröfur á hendur A fyrndar, enda beri að miða við það tímamark þegar missmíði hafi orðið en ekki lokaúttekt.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar mótmæla M málavaxtalýsingu V, þ.á.m. því hvernig staðið hafi verið að byggingu hússins. Er og áréttað að A sé enn skráður byggingarstjóri á umræddri fasteign. Þá liggi ekki fyrir hvenær gengið hafi verið frá þakinu, og raunar sé þeim verkþætti enn ólokið samkvæmt greinargerð matsmanns, þ.e. þakkantur sé ekki lokaður. Þá miðist lok framkvæmdar við dagsetningu lokaúttektar og gildi vátrygging í fimm ár frá þeim tíma. Á grundvelli þess sé í raun óþarft að fjalla um fyrningu, þar eð lokaúttekt hafi enn ekki farið fram. Í öllu falli geti upphafstími fyrningar svo ekki talist nema frá því tímamarki sem M fékk vitneskju um ágalla á þaki hússins.

Álit:

Þar sem aðilar virðast sammála um að láta einungis á það reyna fyrir nefndinni hvort krafa M sé fyrnd koma önnur atriði ágreinings þeirra ekki til frekari skoðunar. Af gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að fokheldisúttekt hafi farið fram í marsmánuði 2007. Gera verður ráð fyrir að þá hafi frágangi þaks verið lokið, enda er það skilyrði þess að fokheldisvottorð sé gefið út. Því verður að líta svo á að þeir gallar sem kunna að vera á frágangi þaksins hafi verið til staðar allt frá þeim tíma. Fyrning á

kröfum M í þessu tilviki á undir eldri fyrningarlög, nr. 14/1905, og samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þeirra laga fyrnast skaðabótakröfur á tíu árum en samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar er upphaf fyrningarfrests miðuð við það tímamark þegar skaðabótaskyld háttsemi á sér stað. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að framkvæmd við lokun þaksins hafi farið fram í síðasta lagi í mars 2007. Voru því meira en tíu ár liðin frá lokum þeirra framkvæmda þar til tjonstilkynning barst V hinn 15. apríl 2019. Þegar af þeirri ástæðu eiga M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V enda verður að líta svo á að skaðabótakrafa þeirra sé fallin niður fyrir fyrningu.

Niðurstaða.

Krafa M á hendur A er fyrnd og eiga þau því ekki kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu hans hjá V.

Reykjavík 1. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 263/2019**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort meiðsli á öxl verði rakin til slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttekið 15.8.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 28.8.2019.

Málsatvik.

Hinn 10. nóvember 2017 var M að bera þungt borð úr bifreið þegar hann varð fyrir meiðslum á vinstri öxl.

Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 13. og 15. febrúar 2018, segir að M hafi verið að bera þungt borð úr bíl í bústað og komið slinkur á borðið og við það hafi hann fengið mikinn verk í vinstri öxl. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 27. september 2018, segir að M hafi verið að bera þungt borð úr bíl þegar slinkur hafi komið á borðið.

M leitaði á heilsugæslustöð 11. nóvember 2018. Á samskiptaseðli vegna komunnar segir að hann hafi fengið slink á öxlina fyrir tveimur mánuðum. Hafi hann verið að bera þungt og síðan haft verki við ýmsar hreyfingar. Samkvæmt ómskoðun af öxlinni 15. janúar 2018 greindist „óregluleg trúlega fullþykktar rifa í supraspinatus sininni sem mælist 1 cm í ant-post diameter.“

M gekkst undir aðgerð á öxlinni hjá bæklunarlækni 23. janúar 2018. Í vinnublaði læknisins þann dag segir að M hafi verið að bera plötu við annan mann fyrir tveimur mánuðum. Þegar hann ætlaði að hvolfa henni hafi hann fengið slink og heyrst smellur í öxlinni með talsverðum sársauka. Síðan hafi verið verkir við vissar hreyfingar sem ekki hafi lagast. Segulómrannsókn hafi sýnt „suprasp rupturu“.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við atvik það sem að framan greinir. V hefur hafnað greiðslu úr slysatryggingunni þar sem M hafi ekki orðið fyrir meiðslunum af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega greiðir félagið bætur vegna slyss, er vátryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálunum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þá segir að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

Í fyrirbyggjandi tilkynningum um tjónið, þ.e. bæði til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlits ríkisins, er þess getið að slinkur hafi komið á borðið sem M var að bera umrætt sinn. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir mega leggja þessa atvikalýsingu til grundvallar þegar lagt er mat á það hvort meiðsl M í vinstri öxl hafi orðið af völdum utanaðkomandi atburðar í skilningi skilmála slysatryggingarinnar. Verður þannig að telja að meiðslin hafi orðið af völdum þess að slinkur hafi komið á sjálfa borðplötuna. Telst það hafa verið utanaðkomandi atburður sem olli því að M varð fyrir meiðslum í öxlinni. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmálanna og eigi því rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 1. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 264/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.08.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 02.09.2019.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram M hafi verið að aka vestur Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði 7. mars 2018 kl. 6:34 þegar hann ók ökutækinu A á lágt umferðarskilti, boðmerki með stefnuör, sem staðsett var á lítilli umferðareyju þar sem ekið er af Skípalóni inn á Hvaleyrarbraut. M slasaðist á hægri axlarlið.

V taldi að M ætti að bera 1/3 tjóns síns sjálfur þar sem fram hafi komið í lögregluskýrslu að M hafi mögulega sofnað við aksturinn. Einnig kemur fram hjá V að í sjúkragögnum frá Heilsugæslunni Keflavík komi fram að M hafi verið að hálfsofna undir stýri en honum fyndist hann samt sem áður ekki sofna. Þá komi fram að M hafi áður lent í tjónum vegna þessa og að hann hafi fundið fyrir þreytu við akstur í vinnu sinni og leitað til læknis vegna þreytu og skerts viðbragðsflýtis. Skv. 1. og 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skuli ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki og honum sé óheimilt að stjórna ökutæki ef hann sé þannig á sig kominn að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega. V telur að slsýsið sé rakið til þess að M hafi sofnað undir stýri og að skýr orsakatengsl séu milli þess og slyssins. M hafi því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn skv. 90. gr. umferðarlaga og því verði hann að bera 1/3 hluta tjóns síns.

M telur sig ekki hafa sofnað undir stýri og margt annað hafi getað ráðið úrslitum um hvernig fór. Sýsið hafi verið snemma dags um vetur og því myrkur úti og allt eins sé líklegt að skyggni ökumanns hafi ekki verið sem best miðað við aðstæður. M hafi fundið fyrir þreytu í vinnunni en sú þreyta þurfi ekki að merkja syfju. Þreytan hafi allt eins getað verið þreytueinkenni vegna líkamlegs erfiðis í starfinu. M telur að hann eigi að njóta vafans og hann eigi að fá fullar bætur.

Álit.

Í 1. mgr. 44. gr. laga umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður skuli vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki, því sem hann ferð með. Í 2. mgr. 44. gr. kemur fram að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Í lögregluskýrslu um slysið sem er fyrsta gagn málsins kemur fram hjá M að hann hafi mögulega sofnað við aksturinn en ekki verið viss. Í læknisvottorði sem er dagsett á slysdegi kemur fram að M hafi leitað sér læknisaðstoðar vegna þreytu og skerts viðbragðsflýtis og að ákveðið hafi verið að breyta lyfjum M sem gætu haft áhrif á þessa þætti. Gera verður auknar kröfur til M sem er atvinnubílstjóri og ekur vörubifreið um að gæta að því að vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki sem hann fer með. Með vísan til framburðar M í lögregluskýrslu og læknisvottorði átti honum að vera ljóst að hann væri ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega eins og 2. mgr. 44. gr. kveður á um. Með vísan til þess er M talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og skal hann bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M, ber 1/3 hluta sakar á tjóni sínu vegna áreksturs hans á ökutækinu A sem váttryggt er hjá V.

Reykjavík, 1. október 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 265/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns vegna umferðaróhapps 13. febrúar 2018.****Gögn.**

Málskot, móttækið 16. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 2. september 2019, ásamt gögnum.

Tölvupóstur frá lögmannsstofu M, dags. 22. nóvember 2019, ásamt læknisvottorði dags. 25. september 2019.

Málsatvik.

Hinn 13. febrúar 2018 varð árekstur með bifreið M og bifreiðinni X. Í gögnum málsins eru ekki ítarleg gögn um áreksturinn sjálfan, önnur en skýrsla vegna útreiknings í PC Crash, dags. 28. ágúst 2018, sem stafar frá V og fjallar um höggkraft sem talinn er hafa náð að leysast úr læðingi við áreksturinn. Í málinu liggja einnig fyrir tvö læknisvottorð sem sýna annars vegar að M hafi leitað á heilsugæslustöð sama dag og árekstur varð og kvartað undan miklum verkjum og stífleika í brjóstbaki og hálsi. Hins vegar kemur fram í seinna læknisvottorðinu að M hafi leitað til heilsugæslunnar aftur í október 2018 og þar lýst einkennum sínum sem og í janúar 2019. Í því vottorði kemur fram að M hafi verið í sjúkraþjálfun vegna umræddra einkenna.

M telur að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstri við bifreiðina X og séu orsakatengsl milli þess og árekstursins sönnuð með hliðsjón af því að hann leitaði strax til læknis vegna einkenna og hefur verið í meðferð vegna þeirra síðan. M vísar því á bug að hægt sé að byggja eingöngu á niðurstöðum PC Crash skýrslu um höggkraft vegna árekstursins. M vísar til þess að málið sé sent til úrskurðarnefndar þar sem V hafi ekki viljað falla frá yfirlýsingu um að það muni bera fyrir sig ársfrest fyrir M til að skjóta málinu til nefndarinnar eða dómstóla.

V telur að skýrsla um PC Crash útreikning sýni að árekstur sá sem varð með bifreið M og bifreiðinni X hafi verið svokallaður lágorkuárekstur. V vísar til þess að það sé eitt að því sem horfa verði til við mat á orsakatengslum sem og hvort einkenni hafi verið staðfest strax eftir slys, hvort þau hafi verið sértæk fyrir þá áverka sem gátu hlotist af tjónsatburði og hvort samfella sé í sjúkrasögu og saga um læknisheimsóknir. V telur að umræddar viðmiðanir séu ekki uppfylltar, áreksturinn hafi verið mjög vægur skv. PC Crash skýrslunni, einkenni M séu almenn og ekki sé nægileg samfella í læknisheimsóknum hans vegna þeirra einkenna sem hann tengir við afleiðingar árekstursins. Því sé ekki sannað að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni vegna árekstursins.

Álit.

Ágreiningur um bótaskyldu er kominn fyrir nefndina innan árs frá því V tilkynnti lögmanni M með tölvupósti dags. 29. ágúst 2018 að félagið hafnaði því að orsakatengsl væru milli áreksturs og mögulegs varanlegs heilsutjóns M. Í tölvupóstinum kemur fram að afstöðu félagsins sé hægt að skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla innan árs, ella falli krafan niður og er í þeim efnum vísað til 51./124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Þess verður að geta hér að í 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. laganna kemur fram að váttryggður geti glatað rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingafélag hafnar kröfu hans. Mögulegur réttur M til bóta hjá V er úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Sá sem er váttryggður í þeirri tryggingu er eigandi bifreiðarinnar en ekki sá sem krefst skaðabóta í skilningi skaðabótaréttar úr ábyrgðartryggingu, en M er einmitt í þeirri stöðu gagnvart V. Það er því beinlínis rangt af hálfu váttryggingafélags að vísa til þess að krafa M geti fallið niður með vísan til þessara ákvæða og eiga þau ekki við í málinu.

Efnislegur ágreiningur M og V lýtur hins vegar að því hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðarins 13. febrúar 2018. Í málinu eru takmörkuð gögn og hvað varðar hraða- og höggútreikning verður ekki litið framhjá því að þeirra gagna er einhliða aflað af V.

Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að litið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástands M.

Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins. Þó M hafi leitað strax á tjónsdegi til læknis þá hefur ekki verið samfella í læknisheimsóknnum og ekki liggja fyrir frekari gögn um meðferð einkenna eða sértæki þeirra við áreksturinn. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á orsakasamband milli árekstursins og líkamlegra einkenna og er því ekki hægt að fallast á að frekari greiðsluskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 266/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl umferðaróhapps og líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot dags. 15.08.2019 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Bréf V dags. 2.9.2019 ásamt fylgigögnum 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins lenti bifreið sem M var farþegi í í árekstri hinn 8. ágúst 2018. Atvik voru þau að bifreið A var ekið aftan á bifreiðina sem M var í þar sem hún var kyrrstæð við biðskyldu. Lögregla var kölluð til og liggur lögregluskýrsla vegna atviksins fyrir. M telur sig hafa orðið fyrir heilsutjóni við áreksturinn og krefur því V um bætur úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A vegna þess.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ósannað sé að varanlegt heilsutjón hafi getað hlotist af umræddum árekstri. V byggir þessa afstöðu sína m.a. á niðurstöðu svokallaðs PC crash hraðaútreiknings, sem beri með sér að bifreið A hafi verið á um 6,4 km hraða á klukkustund, enda hafi litlar skemmdir orðið á bifreiðunum við áreksturinn. Þá komi fram í vottorði heilsugæslu að M eigi langa sögu um bakverki og verki í öxl. Þar komi einnig fram að ekki sé hægt að segja til um hvort þau einkenni hafi versnað eftir áreksturinn. Einkenni M eftir áreksturinn, þ.e. eymsli í hálsi og axlarvöðvum verði þá ekki talin sértæk fyrir árekstur heldur sé um að ræða almenn og algeng einkenni fólks sem þjáist af vöðvabólgu. Þá gerir V athugasemdir við að ekki sé næg samfella í læknakomum M, sem hafi leitað á slysamóttöku strax hinn 8.ágúst vegna árekstursins, en virðist ekki hafa leitað til heimilislæknis vegna áverka sem rekja megi til hans. Með heildstæðu mati á fyrirliggjandi gögnum sé því ekki nægilega sýnt fram á að M hafi hlotið varanleg einkenni vegna umrædds áreksturs.

Í málskoti hafnar M því að svokölluð PC crash skýrsla hafi sönnunargildi í málinu. Enda sé um að ræða einhliða skýrslu og M hafi ekki gefist kostur á að koma sjónarmiðum eða athugasemdum á framfæri. Auk þess sé ekki á færi PC crash forritsins að meta hversu umfangsmiklar afleiðingar áreksturs séu fyrir einstaklinga. Jafnvel þó árekstur sé vægur geti hann valdið líkamlegum einkennum og mat á því eigi að vera í höndum óvilhallra matsmanna en ekki vátryggingafélags. Þá sýni læknisfræðileg gögn fram á að M hafi hlotið áverka í slysinu, hún hafi fundið fyrir verkjum í hálsi og baki eftir slysið og komi það fram í bráðamóttökuskrá. Fer M því fram á að úrskurðað verði um fulla bótaskyldu V vegna umrædds slyss.

Álit:

Hvað varðar hraða- og höggútreikning verður ekki litið framhjá því að þeirra gagna er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Hins vegar liggur ekki fyrir neitt sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins. Þvert á móti liggja ekki fyrir nefndinni nein gögn er sýni fram á áframhaldandi meðferð eða einkenni í kjölfar árekstursins, en af bráðamóttökuskrá má ráða að M hafi verið send heim með verkjalyf og ábendingar um líkamsstöðu. Í vottorði heimilislæknis, dags. 27. júní 2019, kemur svo fram að M eigi langa sögu um bakverki og verki í öxl, hafi greinst með slitbreytingar á árinu 2016, og hafi raunar verið óvinnufær vegna einkenna frá stoðkerfi áður en áreksturinn átti sér stað. Þar kemur jafnframt fram að ekki sé hægt að fullyrða um áhrif árekstursins á þau einkenni. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á orsakasambandi milli árekstursins og líkamlegra einkenna og er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 1. október 2019.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 267/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 20. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-18.

Bréf V, dags. 23. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M, starfsmaður bensínstöðvarinnar A, að vinna við að losa járnhlemm, einskonar ræsislok, ofan af olíuskilju hinn 21.5.2018, þegar hlemmurinn féll á tá hans. Fram kemur í sjúkrasögu M að stóratá hans hafi tvíbrotnað við slysið og að hann fyndi enn fyrir afleiðingum þess rúmlega 10 mánuðum síðar. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins með skriflegri tilkynningu, dags. þann 28.5.2018. Samkvæmt áletrun á tilkynningunni var hún þó ekki móttækin fyrr en hinn 3.7.2019, tæpum tveimur mánuðum eftir slysið.

Af hálfu M er atvikum lýst með þeim hætti að hann hafi verið fenginn að til að athuga með stöðuna á olíu fyrir vörubíla. Til þess að geta framkvæmt verkið hafi hann þurft að losa járnhlemm á plani stöðvarinnar. Kveðst M aldrei hafa unnið verkið áður en segir að reynslumeyri starfsmaður bensínstöðvarinnar hafi átt að leiðbeina honum við verkið. Hafi starfsmaðurinn rétt M tvo króka til að losa hlemminn, en ekki gefið nánari fyrirmæli. M kveðst því hafa togað hlemminn beint upp, sem varð til þess að hlemmurinn datt og lenti ofan á tá hans. Eftir slysið hafi M fengið að vita að réttur verkferill hefði verið að toga í hlemminn og draga meðfram jörðinni. Þannig telur M að slysið verði rakið til þess að ekki var gætt nægilega að verkstjórn, leiðbeiningum og öryggis og aðbúnaðar á vinnustaðnum. Á þeim grundvelli krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hafnar greiðsluskyldu m.a. með vísan til þess að M hafi fengið leiðbeiningar frá starfsmanni um hvernig ætti að vinna verkið og að hann hafi vitað tveir starfsmenn ættu að lyfta hlemmnum í sameiningu. Samstarfsmaður M hafi sagt honum að þau myndu vinna verkið í sameiningu en hann hafi þrátt fyrir það „rokið til“ og sinnt verkinu einsamall með fyrrgreindum afleiðingum.

Álit.

Eins og fyrr getur var slysið ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en nokkru eftir að slysið bar að. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Þar sem þeirri lagaskyldu var ekki gætt af hálfu A og með hliðsjón af fjölmörgum dómafordæmum, verður að leggja frásögn M til grundvallar varðandi tildrög slyssins og annað sem óljóst kann að vera og þýðingu getur haft varðandi ábyrgð A á slysinu nema A sýni fram á hið gagnstæða.

M telur að slysið verði aðallega rakið til ófullnægjandi verkstjórnar á verkstað og að A hafi ekki tryggt að M fengi tilsögn varðandi rétta líkamsbeitingu, kennslu í réttri notkun hjálpartækja og upplýsingar um þá áhættu sem felst í því að vinna verkin með röngum hætti. Með því hafi A brotið gegn 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 499/1994. Ekki hefur verið sýnt fram á með sannanlegum hætti að tildrög slyssins hafi verið á annan veg en M hefur lýst. Af því leiðir að A ber skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekki eru efni til að skerða rétt M til bóta vegna stórkostlegs gáleysis af hans hálfu, sbr. 23. gr. a skaðabotalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. M á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24. september 2019.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 268/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna vinnuslyss 3. apríl 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 26. ágúst 2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón við vinnu sína þegar hann var að fara upp í stiga á hleðsluvél (loader) fyrir flugvélar og féll M aftur fyrir sig úr stiganum niður á steyppt plan. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins vegna málsins kemur fram að M hafi verið að fara upp lóðréttan stiga á svonefndum Highloader af gerðinni FMC Commander og að sögn vitna hafi hann varið kominn í 4 tröppu, sem er í um 120 cm hæð, þegar hann féll aftur fyrir sig. Niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins er sú að tækið sem slíkt hafi verið með „gilda skoðun“ til desember 2018 en að fallvörnum við tækið hafi verið ábótavant. Í skýrslunni koma fram þau fyrirmæli um úrbætur að tryggja þurfi fallvarnir og öruggt uppgengi í stiga tækis og aðgengi inn á hleðslupallinn. Einnig eru gefin þau fyrirmæli að endurskoða skuli skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna þess verkþáttar sem slys M varð við og þurfi sú endurskoðun að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmann og áhættuþátta við verkþáttinn. Í skýrslunni er einnig vísað til almennra fyrirmæla um öryggi á vinnustöðum, sbr. 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og 4. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 varðandi gerð áhættumats skv. 65. gr. a. laga nr. 46/1980.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans þar sem fyrirtækið hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 og að tjónið megi alfarið rekja til skorts á viðeigandi fallvörnum við tækið og skorti á áhættumati og vitnar til skýrslu Vinnueftirlitsins því til stuðnings. Nánar tiltekið telur M að nauðsynlegt hafi verið að koma fyrir viðeigandi fallvörnum við stiga sem er í um 3,8 metra hæð, tryggja handfestu og það hafi verið auðvelt fyrir X að gera slíkar ráðstafanir. Einnig vísar M til þess að í skýrslu Vinnueftirlitsins hafi komið fram að það skorti áhættumat vegna þess verkþáttar sem slys M hafi orðið við og það hafi einnig leitt til slyssins og eigi að hafa áhrif á sakarmat, sbr. niðurstaða í dómi Landsréttar í máli nr. 402/2018. Einnig mótmælir M að það liggi fyrir afgerandi sönnun fyrir því að tæki það sem hann var að vinna við hafi verið tekið út sérstaklega af Vinnueftirlitinu og að það hafi verið í fullkomnu lagi. Einnig bendir M á að háttsemi hans sjálfs hafi ekki verið stórkostlega gálaus í skilningi 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993 og hann geti því ekki borið hluta tjóns síns sjálfur.

V telur að líkamstjón M verði ekki rakið til vanbúnaðar eða þess að X hafi vanrækt skyldur sínar til að tryggja öryggi starfsmanna á vinnusvæði M. V bendir á að tæki það sem M vann við hafi verið tekið út af Vinnueftirlitinu og hafi verið sérstaklega CE merkt. Stigi sá sem M hafi verið að fara upp sé leyfilegur á slíkum tækjum m.t.t. gr. 4.1.2 í reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006 og hafi hann ekki verið sérstaklega hættulegur. Einnig bendir V á að M hafi verið reynslumikill starfsmaður, hann hafi sinnt sama starfi í þrjú ár og margoft farið upp sambærilegan stiga og X aldrei fengið ábendingar frá honum eða öðrum um að hættuástand hefði skapast við notkun hans. V telur því að slys M megi rekja til hans eigin óaðgæslu eða óhappatilviks en ekki til vanbúnaðar stigans.

Álit.

Í gögnum málsins eru myndir af því tæki sem M datt úr og ekki er að sjá að það sé ágreiningur um málsatvik sérstaklega.

Ágreiningur M og V snýr eingöngu að því hvort rekja megi líkamstjón M til vanrækslu af hálfu X varðandi fallvarnir á tæki sem notað var við vinnu M og/eða hvort rekja megi líkamstjónið til vanrækslu þess að gera skriflegt áhættumat vegna þess verkþáttar sem M var að vinna við.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram það mat eftirlitsins að fallvörnum hafi verið ábótavant við tækið sem M vann við þegar hann féll og hlaut líkamstjón við vinnu sína. Í skýrslunni fylgja einnig fyrirmæli um að tryggja þurfi fallvarnir og öruggt uppgengi og endurskoða skuli skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði m.t.t. sérstakrar áhættu vegna verkþáttarins. Þegar litið er til þeirrar atburðarásar við notkun hillurekka, virkni sjálfvirks búnaðar og neyðarhnapp, sem var upp í málsatvikum dóms í máli Landréttar nr. 402/2018, verða þær aðstæður ekki lagðar að jöfnu við þær aðstæður sem voru uppi í máli M þar sem sá verkþáttur sem M var að vinna fól ekki ekki í sér jafn margslungna áhættu og málsatvik dómsins. Það að Vinnueftirlitið hafi gefið fyrirmæli í skýrslu sinni um endurskoðun skriflegrar áætlunar um verkþáttinn verður því ekki metið þannig að skort hafi mat á þeim áhættuþætti að starfsmenn gætu fallið úr stiga, líkt og M gerði.

Þá stendur eftir að meta hvort X hafi vanrækt skyldur sínar að öðru leyti m.t.t. laga og reglna sem í gildi eru um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. lög nr. 46/1980 og reglur settar með stoð í þeim lögum. Það liggur fyrir í gögnum málsins hvernig tæki það sem M var að nota þegar hann féll lítur út og hvernig það er notað. Starfsmenn sem tækið notað þurfa að ganga upp lóðréttan stiga utan á því til að komast að stjórnækjum og að það þurfi að gera það mörgum sinnum á dag. Því má ætla að bæði M og aðrir starfsmenn hafi gert það margoft áður en M slasaðist. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að starfsmenn hafi gert athugasemdir við notkun tækisins eða bent á sérstakar hættur við notkun þess, til að mynda skort á fallvörnum. Ekki verður heldur ályktað af gögnum málsins að tækið hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til þess sem vinnuvél/tæki, sbr. ummæli í skýrslu Vinnueftirlitsins um „gilda skoðun“ til desember 2018.

Þegar litið er til þess hvaða áhrif skýrsla Vinnueftirlitsins varðandi mat á því hvort X hafi sýnt gáleysi við skipulag þeirrar vinnu sem M þurfti að sinna og hvað felist því að tryggja fallvarnir og öruggt uppgengi upp stiga þann sem M féll úr, er ljóst að það kemur ekki skýrlega fram hvaða ráðstafanir X þurfi að grípa til í því augnamiði. Í gögnum sem V hefur lagt fram frá X kemur fram að þær ráðstafanir sem gerðar hafi verið eftir slys M eru þær að áréttað er í reglum X að starfsmenn hafi alltaf festu við þrjá fleti, þ.e. tvo fætur og eina hönd eða tvær hendur og einn fót, þegar gengið er um stigann og að það sé ítrekað í almennri kennslu um öryggisatriði. Í því felast almenn fyrirmæli sem fela ekki í sér sérstakar ráðstafanir umfram það sem eðlilegt má telja varðandi umgengni um stiga.

Ekki er nægilega ljóst af skýrslu Vinnueftirlitsins eða öðrum gögnum málsins hvaða fallvörnum væri frekar hægt að koma við á umræddu tæki sem M var að vinna á, t.d. hvort unnt sé að byggja grind utan um stigann sem myndi grípa starfsmenn við sömu aðstæður og M var eða að slík framkvæmd fæli ekki í sér frekari aðra hættu. Þó fyrirmæli Vinnueftirlitsins lúti að því að tryggja fallvarnir og öruggt uppgengi upp stiga verður ekki talið sannað að X hafi getað gert einhverjar tiltekna ráðstafanir sem komið hefðu í veg fyrir slys M við það einfalda verk sem hann vann og sönnunarbyrði um það hvílir á þeim sem heldur því fram að háttsemi annars feli í sér vanrækslu. Hallann af þeim sönnunarskortri verður M að bera og telst hann ekki eiga rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 269/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttekið 21.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28. ágúst 2018 var bifreiðinni A lítilli jeppabifreið, ekið á hægri afturhorn bifreiðar sem M ók á bifreiðastæði. M leitaði á heilsugæslu 1. september 2018 þar sem hann kvartaði um verki í hálsi, höfuðverk og verki ofarlega í mjóbaki, en þessi einkenni kvaðst hann hafa haft frá slysinu fjórum dögum áður. Hann kvaðst vera með brjós-klos ofarlega í háls hrygg og hafi yfirleitt einkenni af þeim sökum út í vinstri handlegg. Slysið hafi ekki hjálpað hvað þetta varðar. M leitaði einnig til heilsugæslu 12. september. Á samskiptaseðli vegna þeirrar komu segir að M hafi verið slæmur fyrir í baki og hálsi. Þekkt sé eldra brjós-klos í hálsi en ekki grunur um bráða versnun í því vegna áverka. Þá segir í samskiptaseðlinum að M búi við vöðvabólgu og festumein í baki frá „linea nuchae“ niður til spjaldhryggs og versnun ofan í þrálátt ástand. Eftir hvíld í tvær vikur fyrir komuna sé M ekkert skárri og sé hræddur um að verða óvinnufær vegna verkja. Var óskað eftir mati og meðferð sjúkraþjálfara meðfram skammtíma veikindafjarvistum.

Í tengslum við beiðni um myndgreiningarrannsókn 29. nóvember 2018 var einkennum M lýst svo að M væri með viðvarandi stöðuga verki í „partavertebral lumbal“ vöðvum með vissa útgeislun út í „hæ flank“ og „hæ gluteal“ svæði og læri. Telur M sig líka finna til í sjálfum hryggnum, en eigi erfitt með að aðgreina verkina. Verkina leiði niður í „hæ gluteal“ og aftanvert læri og legg og „plantart“ í hægri fæti. „Þetta gæti því verið að fylgja S2 hæ megin. Við palp er hann aumur yfir lumbal paravertebral vöðvum, sérstaklega hæ megin. Hann er einnig töluvert aumur (nánast hvellaumur) yfir spinal processana L2-3-4. Verkirnir eru núna orðnir verri en fyrr og sjkl á erfitt með að stunda sína vinnu (... eiginlega alltaf fremur hörð fysisk vinna). Áður haft Cervical brjós-klos 2015. Er enn með einkennum þáðan.“

Samkvæmt læknisvottorði frá heilsugæslustöð til atvinnurekanda vegna fjarvista, dags. 12. september 2018, kemur fram að M hafi verið óvinnufær með öllu vegna slyssins frá 28. ágúst 2018 til 19. september s.á.

Allnokkur gögn hafa verið lögð fram varðandi ýmis sjúkdómseinkenni frá stoðkerfi sem M hefur búið við fyrir slysið í ágúst 2018.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir af við áreksturinn. V aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna í svonefndu „PC Crash“ forriti. Samkvæmt útreikningnum, dags. 17. janúar 2019, var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A - 0,92g og bifreiðarinnar sem M ók 1,00g. Með vísan til niðurstöðu þessa útreiknings hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki ágreiningur um að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A fyrir það líkamstjón sem sýnt er fram á að hann hafi hlotið við áreksturinn. Samkvæmt þeim læknisfræðilegu gögnum sem að framan greinir má ráða að M hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn jafnvel þótt einnig megi ráða af málgögnum að litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum og mjög litlir höggkraftar hafi leyst úr læðingi við hann. Þannig verður ekki annað ráðið en M hafi verið óvinnufær vegna afleiðinga slyssins frá slysdegi, 28. ágúst 2018, til 19. september s.á. Þykir samkvæmt þessu mega slá föstu að M eigi rétt á þjáningabótum fyrir þetta tímabil, sbr. 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 án þess þó að slegið verði föstu að hann hafi verið rúmfastur á tímabilinu. Á hinn bóginn verður til þess að líta að ekkert álit eða mat liggur fyrir um afleiðingar slyssins að öðru leyti, þ. á m. varanlegar afleiðingar þar sem tekið er tillit til þeirra sjúkdómseinkenna sem M bjó við

fyrir slysið. Þá liggja heldur engin gögn fyrir í málinu um að M hafi orðið fyrir tekjutapi þann tíma sem hann telst hafa verið óvinnufær vegna slyssins. Í ljósi þessa verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að hann eigi rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr. laganna, varanlegan miska skv. 4. gr. eða varanlega örorku skv. 5. til 7. gr. laganna. M telst því einungis hafa sýnt fram á rétt sinn til þjáningabóta úr ábyrgðartryggingunni líkt og að framan greinir.

Niðurstaða.

M á rétt á þjáningabótum fyrir tímabilið 28. ágúst 2018 til 19. september 2018 úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Að öðru leyti telst hann ekki eiga rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingunni.

Reykjavík, 14. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 270/2019**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar dráttarvélarinnar B.****Árekstur á Akrafjallsvegi þann 20.6.2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 5.9.2019.

Bréf V2, dags. 4.9.2019.

Málsatvik.

A og B var ekið vestur Akrafjallsveg og var A ekið á eftir B. Var A ekið áleiðis fram úr B vinstra megin en í sömu andrá var B beygt til vinstri og árekstur varð með ökutækjunum. Miklar skemmdir eru sagðar hafa orðið á vinstri hlið A en litlar skemmdir á B. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Yfirborð akbrautar er malbikað með hálfbrotinni miðlínu.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50-60 km hraða á klst. á eftir B. Hafi hann ætlað að taka fram úr B en þegar hann hafi verið kominn við hlið B hafi B verið beygt til vinstri í veg fyrir A og farið í hægri framhlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 10-15 km hraða á klst. og hafi verið að beygja inn á vinnusvæði sunnan megin við veginn. Hann hafi ekki tekið eftir A þegar hann beygði B yfir á hina akreinina með þeim afleiðingum að hann hafi ekið í veg fyrir A og árekstur orðið. Hann kvaðst hafa litið í hliðarspegil og gefið stefnumerki þegar hann hugðist beygja.

Í skýrslu lögreglu um áreksturinn kemur fram að B hafi dregið eftirvagn, D. Engin aftur- eða stefnuljós hafi verið á D auk þess sem hann hafi skyggt á aftur- og stefnuljós á B. Þá hafi raftengi D ekki verið tengt við B.

Álit.

Fyrir liggur að engin stefnu- eða afturljós voru aftan á D. Auk þess má ráða af fyrirbyggjandi ljósmyndum sem fylgdu lögregluskýrslu að D, bæði vegna hæðar og breiddar, hefur skyggt á ljósabúnað aftan á B. Ökumaður B gat því ekki gefið öðrum vegfarendum merki um fyrirhugaða beygju til vinstri með stefnuljósagjöf, sbr. 2. mgr. 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá vissi ökumaður B ekki af ferðum A áður en hann beygði til vinstri. Af þeim sökum gætti hann ekki að því að geta beygt án hættu eða óþæginda fyrir aðra og þá sérstaklega með tilliti til umferðar sem á eftir kom, sbr. 2. mgr. 15. gr. sbr. 1. mgr. 16. gr. ufl. Til þessa verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn og telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum.

Samkvæmt b-lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, er hálfbrotin lína miðlína sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Þessarar sérstöku varúðar gætti ökumaður A ekki þegar hann færði A yfir miðlínuna í því skyni að aka fram úr B. Þá gaf hann ekki hljóðmerki til að vara ökumann B við framúrakstrinum. Á ökumaður A einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri ¼ hluta sakar og ökumaður B ¾ hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber ¼ hluta sakar og ökumaður dráttarvélarinnar B ber ¾ hluta sakar.

Reykjavík, 1. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 271/2019**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um hvort dómsmál tengdist sambúðarslitum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.8.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 5.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í stefnu í dómsmáli sem M höfðaði í júní 2019 á hendur A, fyrrum sambúðarmaka sínum, var M í sambúð með A um 17 mánaða skeið á árunum 2015 til 2017. Þau bjuggu í fasteign í eigu A og kveður M að þau hafi ætlað að breyta og endurbæta eignina í því skyni að hefja þar tiltekinn atvinnurekstur. Hafi þau endurfjármagnað áhvílandi veðskuldir og þau bæði gerst skuldarar á nýju láni. Einnig hafi M selt íbúð í sinni eigu og hafi fjármunir sem komu við sölu verið nýttir til framkvæmdanna. Þegar slitnaði upp úr sambúð þeirra kveður M að samkomulag hafi verið milli hans og A um að fasteign A yrði seld og í kjölfarið fengi M greidda til baka þá fjármuni sem hann hafði lagt í endurbætur á eigninni. Þegar til átti að taka hafi A ekki kannast við slíkt samkomulag. Í júní 2019 höfðaði M dómsmál á hendur A til endurheimtu þeirra fjármuna sem hann kveðst hafa lagt til eignarmyndunar í fasteign A á sambúðartímanum.

Hefur M krafist bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni sem hann hefur í gildi hjá V vegna kostnaðar sem hann hefur haft af málarekstrinum. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt skilmálum fyrir réttaraðstoðartryggingu hjá V tekur vátryggingin til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í skilmálunum eru tilgreind nokkur atriði sem eru undanþegin bótasviði vátryggingarinnar. Þannig er m.a. tekið fram að vátryggingin taki ekki til ágreinings eða máls sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað og sama eigi við um mál vegna sambúðarslita. Eins og atvikum er háttað í dómsmáli því sem M hefur höfðað á hendur A er engum vafa undirorpið að dómsmálið hefur komið upp í sambandi við sambúðarslit M og A og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V vegna kostnaðar við umræddan málarekstur.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. október 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 273/2019**M og
V vegna fjölskyldutryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna tjóns á fasteign og lausafjármunum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 10. september 2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lýsingu í tjónstilkynningu frá M til V dags. 4. júlí 2019 kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign og nokkrum lausafjármunum M þegar fata af málningu féll af þaki húss hans og niður á stétt í innkeyrslu hans með þeim afleiðingum að málning slettist á fyrrnefndar eignir. M lýsir aðdraganda tjónsins þannig að faðir hans (X) hafi verið að hjálpa til við málningarvinnu á þaki og þegar hann hafi lagt frá sér um 15-20 lítra málningarfötu hafi hún runnið af þakinu með fyrrgreindum afleiðingum. Í tölvupósti dags. 9. júlí 2019 lýsir X atvikum þannig að hann hafi verið að hjálpa syni sínum (M) og lýsir hann atvikinu með eftirfarandi hætti: „...dollar rann niður þakið og niður á bílaplan. Mér finnst eins og það hafi verið vindhviða sem hjálpaði til að svona illa fór en get ekki alveg fullyrt það.“ M telur bæta eigi tjón hans úr fjölskyldutryggingu föður hans X þar sem hann telur að atvikið sé bótaskyldt skv. sakarreglunni.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X þar sem ekki sé sýnt að tjón M sé rakið til saknæmrar háttsemi X heldur til óhappatilviks. V bendir á að m.v. myndir af húsi M á heimasíðunni www.ja.is virðist þakhalli ekki vera mikill og við þær aðstæður ekki óforsvaranlegt að leggja frá sér málningarfötu á það, eins og X gerði. Einnig vísar V til þess að þar sem M hafi verið eigandi hússins sem var verið að mála þá hafi framkvæmd verksins og verklag verið á hans ábyrgð.

Álit.

Í málinu liggur fyrir sú lýsing á aðdraganda tjóns M að X hafi verið að hjálpa M við að mála þak húss hans og við þær aðstæður hafi X lagt frá sér málningarfötu á þakið sem hafi síðan runnið af þakinu og niður á bílaplan. Verður ekki séð af lýsingum X eða M að sú háttsemi X, að setja málningarfötuna niður með þeim hætti sem hann gerði, hafi verið með þeim hætti að hann beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem af hlaust. Ekki er sýnt fram á að aðrir möguleikar hafi verið til að leggja fötuna frá sér eða að háttsemi X hafi verið þannig gáleysisleg eða tillitslaus að til skaðabótaábyrgðar komi. Þar sem gildissvið ábyrgðartryggingar X nær einungis til slíkrar háttsemi af hans hálfu þá verður ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 274/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 22.08.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 05.09.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 05.09.2019, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að bifreiðarnar hafi verið að aka norður Reykjanesbrautina að Álfabakka, samsíða og á móts við Álfabakka hafi bifreiðinni B verið beygt til hægri og þá hafi ökumaður A reynt að gefa í til að forða árekstri en ekki náð því með þeim afleiðingum að B hafi verið ekið á A þannig að hægri framburtur B hafi keyrt inn í vinstri afturhluta A með þeim afleiðingum að A hafi snúist og endað upp á umferðareyju. M telur framburð ökumanns B ekki standast. Í framburði B kemur fram að hann hafi hvorki verið að skipta um akrein né verið að fara að skipta um akrein.

Í lögregluskýrslu kemur fram hjá ökumanni B að hann hafi heyrt hljóð og högg og þá fyrst séð hvar bifreiðin A snerist fyrir framan bifreið hans. Ökumaðurinn kveðst ekki hafa séð A fyrr en áreksturinn varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið samsíða B og þar sem akreinum hefði byrjað að fjölga hefði B byrjað að skipta um akrein og beygt til hægri. Við áreksturinn hefði hann misst stjórn á bifreiðinni og hún snúist þvert yfir allar akreinarnar og endað upp á umferðareyju.

Í bréfi V1 er vísað til atvikalýsingu í lögregluskýrslu um að B hafi verið að skipta um akrein og er tiltekið að þeirri atvikalýsingu hafi ekki verið hnekkkt. V1 telur að ekki sé hægt að byggja á frásögn B og að hann hafi með hegðun sinni brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í bréfi V2 kemur fram að samkvæmt lögregluskýrslu hafi aldrei verið haft eftir B að hann hafi skipt um akrein og það hafi heldur ekki komið fram í viðbótarframburði. V2 telur atvik í aðdraganda árekstursins ósönnuð og því sé rétt að skipta sök til helminga.

Álit.

Í máli þessu er frumgagn lögregluskýrsla sem var tekin á vettvangi. Í lögregluskýrslunni liggur fyrir framburður ökumanna A og B og er misræmi í þeim framburði. Ökumaður A, M, telur að ökumaður B hafi keyrt á A sem hafi snúist og endað upp á umferðareyju. Ökumaður B, segist ekki hafa séð A en hafa heyrt hljóð og högg og þá nauðhemað. Þegar litið er til lögregluskýrslu, framburðar aðila og annarra gagna málsins liggur ekki ljóst fyrir hvernig atvikum var háttað þegar áreksturinn varð. Gegn neitun ökumanns B um að hann hafi ekið á A er því ósannað hvor bifreiðin það var sem skipti um akrein. Með vísan til þess verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík, 1. október 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 275/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega A****Ágreiningur um hvort líkamsmeiðsl séu af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot dags. 23.08.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V dags. 03.09.2019 ásamt fylgiskjölum 5-7.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 22. mars 2017 hafi M orðið fyrir meiðslum þegar hún var með hópi leikskólabarna, en hún starfaði á leikskóla sem rekinn er af A, í heimsókn í fimleikasal. M hafi verið að leik með börnunum og farið með kollhnís af trampólíni yfir í púðagryfju. Hafi hún farið í brú og lent illa á bakinu. M hafi orðið óvinnufær strax í kjölfar slyssins og finni enn fyrir afleiðingum þess. Telur M að tjón sitt sé bótaskyldt úr slysatryggingu launþega A hjá V en V hefur hafnað kröfu hennar. Kröfu sína fyrir nefndinni rökstyður M með því að V túlki hugtakið slys með of þröngum hætti. Í umræddum vátryggingarskilmálum komi fram að slys sé skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Í dómaframkvæmd hafi verið miðað við að um slys sé að ræða þegar eitthvað óvænt hefur gerst og um er að ræða frávík frá þeirri atburðarás sem vænst var og atvik verða ekki rakin til undirliggjandi meinsemda eða sjúkdóms tjónþola. Ef tjónþoli fellur á gólf eða hlut sé skilyrðið um utanaðkomandi atburð uppfyllt. Ljóst sé að stökk og fall M sé ekki að rekja til sjúkdóma eða annars innra ástands, heldur hafi hún fallið á hluti, þ.e. trampólín og gryfju, við vinnu sína við óvenjulegar aðstæður. Sé tjón hennar því bótaskyldt úr umræddri vátryggingu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar rekur V lýsingu á atvikinu eins og hún var sett fram í tjónstilkynningu, tilkynningu til Sjúkratrygginga og í læknisvottorði. Þannig komi fram í læknisvottorði að M hafi ekki náð að halda vöðvum stífum og hafi fengið óeðlilega mikla bakfettu. M hafi strax fundið fyrir verkjum, ekki náð andanum fyrst og hafi fundið að eitthvað brakaði eða brast í bakinu. Í tjónstilkynningu komi fram að M hafi farið í brú og lent illa á bakinu. Á grundvelli þessara gagna telur V að þetta tjónsatvik falli ekki undir skilgreininguna á „slysi“ eins og hún er sett fram í 1.4 gr. skilmála slysatryggingar launþega. Ástæða meiðsla M hafi verið sú að hún hafi ekki náð að halda bakvöðvum stífum og hafi þess vegna fengið fetu á bakið sem hún fann strax fyrir. Í tilviki M hafi því verið um að ræða álagsmeiðsli, sem stafi iðulega af rangri líkamsbeitingu, en ekki utanaðkomandi atburðum, svo sem áskilið sé. Er því bótaskyldu hafnað.

Álit:

Í 1.4 gr. vátryggingarskilmála umræddrar slysatryggingar A hjá V er að finna skilgreiningu á slyshugtakinu. Þar kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Kemur þá til skoðunar hvort umrætt atvik hafi verið slys í þessum skilningi. Í læknisvottorði sem er meðal gagna fyrir nefndinni segir að M hafi ætlað „að sýna börnunum hvernig ætti að taka heljarstökk aftur á bak en náði ekki að halda vöðvum stífum heldur fékk óeðlilega mikla bakfettu. Fann strax fyrir verkjum og náði ekki andanum fyrst, fann að það brakaði eða eitthvað brast í bakinu.“ Í tjónstilkynningu vegna atviksins til V kemur fram sú lýsing að M hafi verið að „hoppa af trampólíni yfir í púðagryfju með kollhnís, fer í brú og lendir illa á bakinu.“ Af þessum lýsingum verður ráðið að meiðsli M megi rekja til óeðlilegrar fetu á baki hennar áður en hún lenti, þ.e. rangrar líkamsbeitingar en ekki utanaðkomandi atvika. Verður því ekki talið sýnt fram á að meiðsli M stafi af skyndilegum, utanaðkomandi atburði og er því ekki um að ræða slys í skilningi viðeigandi skilmála. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 276/2019**M og
V v/ forfallaliðs greiðslukortatryggingar.****Hjón komust ekki í utanlandsferð vegna veikinda í kjölfar fráfalls innan fjölskyldunnar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.8.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 7.10.2019.

Málsatvik.

M hafði ásamt eiginmanni sínum keypt flug til Svíþjóðar 23. júlí 2019 og til baka 10. ágúst sama ár auk gistingar hluta tímans. Nokkru fyrir brottför lést faðir tengdadóttur þeirra er hann var staddur hjá dóttur sinni og tengdasyni í Svíþjóð. Kveður M að allar aðstæður hafi gjörbreyst hjá sér þegar þessi staða hafi verið komin upp og hafi andlegt ástand þeirra hjóna verið með þeim hætti að ekki hafi verið nokkur möguleiki fyrir þau að ferðast til útlanda vegna þeirra aðstæðna sem komnar voru upp. Er í því efni vísað til læknisvottorðs frá heilsugæslu sem þau leituðu til vegna áfallsins.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði frá heilsugæslustöð er vísað til framangreindrar ferðar M og eiginmanns hennar til Svíþjóðar sem þau hugðust fara. Þá segir í vottorðinu að þau geti ekki farið í ferðalagið vegna skyndilegs fráfalls í fjölskyldu og geti því hvorki nýtt sér flugið né gistingu.

Með því að M og eiginmaður hennar hafi ekki komist í ferðina til Svíþjóðar vegna þeirra veikinda sinna sem að framan greinir hafa þau krafist bóta úr forfallalið greiðslukortatryggingar sem eiginmaður hennar hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr váttryggingunni.

Álit.

Samkvæmt forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar þeirrar sem til skoðunar er í máli þessu bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að nánar tilgreindri fjárhæð vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í meðal annars ef ástæða þess er andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni. Þá mun váttryggingin ná til korthafa og maka hans. Þannig mun ekki vera um það deilt að bæði M og eiginmaður hennar, sem er korthafi, teljist vera váttryggð samkvæmt váttryggingunni.

Í málinu er öðrum læknisfræðilegum gögnum en framangreindu læknisvottorði frá heilsugæslustöð á hinn bóginn ekki til að dreifa um veikindi M og eiginmanns hennar. Í því er í reynd ekkert fjallað um veikindi M eða eiginmanns hennar, andleg eða líkamleg, sem hafi orðið þess valdandi að þau komust ekki í umrædda utanlandsferð. Skilyrðum bótaskyldu úr váttryggingunni er því ekki fullnægt. Hvorki M eða eiginmaður hennar eiga því rétt til bóta úr forfallatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M og eiginmaður hennar eiga ekki rétt á bótum úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 277/2019**M og
V v/ fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints tjóns á innbúi af völdum vatnsleka í íbúðarhúsi.****Gögn.**

Málskot, móttekið 21.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Frekari athugasemdir M, dags. 13.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi innbústryggingu og innbúskaskó hjá V. Hinn 8. júní 2018 varð vatnstjón í íbúðarhúsi hans sem olli talsverðu tjóni á sjálfri fasteigninni. Í tjónstilkynningu til V 24. júní 2018 kom fram að vatn hafi lekið frá baðkari á 3. hæð og lekið niður á 2. og 1. hæð og margþættar skemmdir orðið á öllum hæðum hússins, þ. á m. af völdum raka og myglu að því er ráða má af gögnum málsins.

Með annarri tjónstilkynningu M, 21. ágúst 2018, var V tilkynnt um rakaskemmdir í húsgögnum í kjölfar vatnslekans. Í málskoti kemur að farga hafi þurft innbúi í kjölfar vatnslekans þar sem það hafi verið ónothæft af völdum „mycotoxina“. Tjónið hafi verið tilkynnt 24. júní og V hafi ekki afgreitt málið fyrr en 21. ágúst sama ár. Á þeim tíma sem hafi liðið megi gera ráð fyrir aukningu á eiturefnum í andrúmsloftinu og þar af leiðandi hafi húsgögn og innbúsmunir orðið ónothæfir. Til stuðnings kröfu sinni hefur M vísað til skoðunargerðar sveppafræðings frá 1. október 2018. Í þeirri skoðunargerð kemur fram að skoðað hafi verið sýnishorn af „ryki og því sem sessan, ofan í plastpokanum sem hún kom í, var barin þannig að ryk innan úr henni kæmi upp á yfirborðið.“ Þá segur um niðurstöður skoðunarinnar að miðað við það sem sást í ryki úr sessunum hafi lítið borið á gróum myglusveppa í því og ekki hafi sést merki um að gró „*Aspergillus versicolor*“ (sem eru litlaus en greinilega hrjúf/finlega vörtótt). Ýmsar agnir bæði sandur og agnir sem líklega eru úr viði sáust í þó nokkru magni. Þannig að ég hallast að því að það sé lítið af sveppakyns efni sem er það stórt að það sjáist í mestu stækkun ljósmásjár.“ Í niðurlagi skoðunargerðarinnar segir að hins vegar megi búast við að minni agnir sem hafi brotnað úr myglusveppum þegar þeir vaxa en líka úr dauðum sveppum sem molni niður, sem á ensku kallast „fungal fragments“, brot úr sveppum/sveppabrot, geti verið í sessunum án þess að það hafi sést við skoðun eins gerð var. Enn fremur hefur M vísað til almennrar umfjöllunar sama sveppafræðings og framkvæmdi skoðunargerðina um „Mengun innbús af völdum vaxtar myglusveppa innanhúss“ sem tekin var saman í febrúar 2014. Hefur M krafist þess að fá innbú sitt bætt úr innbústryggingunni þar sem það hafi verið eyðilagst vegna myglu m.a. sökum þess hversu langan tíma það hafi tekið V að afgreiða bætur vegna tjóns á fasteigninni.

Þá kveður M að V hafi ekki bætt honum að öllu leyti tjón fyrir þann tíma sem íbúðarhúsið var óíbúðarhæft, þ.e. frá 27. júlí 2018, er fjölskyldan flutti út, til 1. desember 2018, er unnt var að sofa þar að nýju, en V hafi einungis greitt húsaleigubætur í tvo mánuði.

V hefur hafnað bótakröfum M sem að framan greinir.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum innbústryggingar V bætir vátryggingin skemmdir af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins, vatnsrúmunum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum. Ekki virðist um það deilt að tjón á innbúi sem streymir úr baðkari kunni að falla undir bótasvið vátryggingarinnar, enda um vökva að ræða sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins. Raka- og mygluskemmdir á vátryggðum innbúsmunum sem verða við vátryggingaratburð, þ.e. atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið, sbr. f-lið 2. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, geta því fallið undir bótasvið vátryggingarinnar ef sýnt er fram á að slíkt tjón hafi orðið við vátryggingaratburðinn.

Í máli því sem hér er til úrlausnar liggja fyrir gögn um raka- og mygluskemmdir í sjálfri fasteigninni auk beinna skemmda af völdum vatns. Innbúsmunir munu á hinn bóginn ekki hafa orðið fyrir beinum vatnsskemmdum, en skilja verður málskot M á þann veg að vegna rakamyndunar í húsinu af völdum vatnslekans hafi innbúið orðið fyrir skemmdum eða eyðilagst vegna raka og myglu. Því til sönnunar er fyrrgreind skoðunargerð sveppafræðings frá 1. október 2018 og hin almenna samantekt sveppafræðingsins frá febrúar 2014 um mengun innbús af völdum vaxtar myglusveppa innanhúss. Skoðunargerðin lýtur einungis að mögulegri myglu í einni tiltekinni sessu sem á að hafa tilheyrt innbúi M, en af skoðunargerðinni verður ekki með skýrum hætti ráðið að umrædd sessa hafi verið ónothæf sökum myglu né heldur að svo hafi verið komið fyrir innbúinu að öðru leyti. Ekki verður heldur neitt fullyrt af hinni almennu samantekt að innbú M hafi eyðilagst vegna myglu. Af þessum gögnum verður því ekki fullyrt að innbú M hafi að einhverju leyti eða öllu verið svo illa farið af völdum myglu og raka sem rekja megi til vatnslekans 8. júní 2018 þannig að það beri að bæta úr innbústryggingunni hjá V. Þegar af þessari ástæðu getur heldur ekki komið til álita að M að M eigi rétt til bóta úr innbúskaskó tryggingu sinni hjá V.

Verði nauðsynlegt fyrir vátryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar óhjákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði. Engin haldbær gögn hafa verið lögð fram um það að M hafi orðið fyrir meiri aukakostnaði en V hefur þegar greitt sökum þess að hann og fjölskylda hans þurftu að flytja af heimilinu vegna tjónsins. M á því ekki rétt á frekari bótum af þeim sökum.

Samkvæmt framangreindu á M því ekki rétt á bótum út fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Af málgögnum má ráða að nokkurn tíma hafi tekið að ljúka uppgjöri bóta vegna tjóns á fasteigninni. Hvað sem því líður verður ekki séð að það hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi af hálfu V sem leitt geti til bótaskyldu félagsins vegna þess tjóns sem M telur að hafi orðið á innbúi hans af völdum raka og myglu. M á því ekki rétt á skaðabótum úr hendi V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Hann á heldur ekki rétt á skaðabótum úr hendi V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 278/2019**M og****V vegna slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort heimilt sé að skerða bótarétt vegna umferðaróhapps.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.08.2019, ásamt fylgiskjöllum 1-8.

Bréf V, dags. 25.09.2019, ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 19.11.2019, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Um klukkan 14:00 hinn 29. október 2017, þegar M var að akstri á Reykjanesbraut, sofnaði hún undir stýri með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði á vegriði, og skemmdist nokkuð auk þess sem M varð fyrir líkamstjóni. V hefur fallist á að bæta tjón M vegna þessa en telur rétt að skerða bótarétt M um 1/3 á grundvelli þess að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn, þar eð hún hafi vitað af tilfallandi þreytuköstum sem yrðu þess valdandi að hún sofnaði.

M mótmælir þessari afstöðu og telur sig eiga rétt til fullra bóta. Þannig hafi M, fyrir slysið, aldrei fundið fyrir þreytuköstum við stjórn ökutækis, né hafi hún fyrr sofnað undir stýri. Svefnvandamál M hafi fyrir slysið tengst kvöldþreytu og hafi hún því ekki verið meðvituð um að hætt gæti verið við að hún sofnaði undir stýri um hábjartan dag. Því verði ekki fallist á að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 enda þurfi mikið að koma til svo stórfellt gáleysi komi til álitá.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga, auk 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 en þar sé heimild til handa V til að skerða eða fella niður ábyrgð hafi váttryggður valdið váttryggingaratburði með háttsemi sem telja verði stórkostlegt gáleysi. Þá sé í 1. mgr. 44. gr. umferðarlaga sú skylda lögð á ökumann að hann sé líkamlega og andlega fær um að stjórna því ökutæki sem hann fer með. M hafi átt sögu um að „detta út“ fyrirvaralaust og á ólíklegustu stöðum. Þá hafnar V því að fyrir liggja að svefnvandamál M hafi einskorðast við kvöldþreytu enda sýni lækisfræðileg gögn ekki fram á það. Hafi M því tekið verulega áhættu með því að setjast undir stýri og því sýnt af sér stórfellt gáleysi. Telur V því rétt að skerða bætur til hennar um 1/3.

Viðbótarathugasemdir M til nefndarinnar fylgdu ítarlegri lækisfræðileg gögn um M. Þá áréttar M að fyrir umrætt slys hafi svefnvandamál M einungis tengst kvöldþreytu og hafi henni aldrei verið ráðlagt að hætta akstri. Um einangrað tilvik hafi verið að ræða, og ekki sé sýnt fram á að svefnvandamál M hafi orsakað slysið. Þá sýni vottorð svefnsérfræðings, sem M leitaði til eftir atvikið, fram á að hún sé fullfær um að aka bifreið.

Álit.

Þegar um persónutryggingar aðrar en líftryggingar er að ræða, en hér greinir aðila á um hvort heimilt sé að skerða bætur úr slysátryggingu ökumanns, má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð. Sambærilegt ákvæði, sem vísað er til í málsgögnum, er að finna í 2. mgr. 27. gr. sömu laga, en tekur eingöngu til skaðatrygginga annarra en ábyrgðartrygginga og af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur aðila varði slíkar váttryggingar. Við úrlausn á því hvort og að hve miklu leyti megi beita fyrrnefndu heimildinni skal samkvæmt lagaákvæðinu litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fikniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ráðið að um einstakt tilvik hafi verið að ræða, og að svefnvandamál þau sem M hafi glímt við hafi fyrir þennan atburð einskorðast við þreytuköst um kvöld. Þá liggur ekki fyrir að M hafi fyrir umræddan atburð verið ráðlagt frá því að aka bifreið. Verður því ekki talið sýnt fram á að M hafi verið ófær til aksturs hinn 29. október 2017, vegna líkamlegs ástands, s.s. svefnleysis eða annarra atvika sem geti haft áhrif á á akstursgetu, sbr. 1. mgr. 44. gr. umferðarlaga, eða að hún hafi sýnt af sér

stórkostlegt gáleysi með akstrinum. Hallann af sönnunarskorti hvað það varðar ber V. Telst M samkvæmt framansögðu eiga rétt á fullum bóttum frá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bóttum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 279/2019**M og
V v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um hvort dómssmál varðaði málskotsaðila sem eiganda fasteignar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M höfðaði dómssmál með stefnu sem þingfest var í héraði í október 2017 á hendur fimm systkinum sínum og gerði þær dómkreofur að nánar tilgreindir eignarhlutar, sem væru skráðir á nafn eins hinna stefndu, A, á tilgreindri landareign, B, yrði skipt á milli hans og stefndu í nánar tilgreindum hlutföllum. Segir í stefnu að M, stefndu og önnur systkini þeirra hafi fengið að gjöf frá foreldrum sínum landspildu og neðri hæð í íbúðarhúsi á landareigninni. Þegar gjafirnar voru gefnar hafi fasteignirnar ekki verið skráðar undir sérstökum landnúmerum en nú hafi jörðin verið skráð sem B og íbúðarhúsið sem B1. Eignirnar hafi ekki verið skráðar á öll systkinin saman heldur séu þær í óskiptri sameign tveggja bræðra M, og sé A annar þeirra. Taki dómkrafan til þess hluta sem A er skráður fyrir í hinni óskiptu sameign og hafi öll systkinin í sameiningu átt að vera skráð sem eigendur þar sem eignirnar hafi verið gefnar þeim sameiginlega. Þá kemur fram í stefnunni að hluti systkina M hafi afsalað „rétti sínum til réttmæts eignarhluta“ þeirra í B og B1 til M og því sé þeim ekki stefnt í umræddu dómssmáli. Í málskoti segir að dómssmálið hafi í meginatriðum varðað kröfu M um viðurkenningu á eignarrétti að neðri hæð í B1 sem faðir hans hafi gefið M og systkinum hans með munnlegum gjafagerningi á árinu 1988 en A sé skráður fyrir 100% eignarhaldi á eigninni.

M hefur í gildi fjölskylduþryggingu hjá V sem felur m.a. í sér sérstaka málskostnaðarþryggingu. Með tölvubréfi til V 28. nóvember 2018 var af hálfu M óskað eftir afstöðu V til bótaskyldu úr málskostnaðarþryggingunni vegna þess kostnaðar sem M hafði orðið fyrir vegna málarekstursins. Með tölvubréfi V 29. sama mánaðar hafnaði M bótaskyldu úr vátryggingunni, annars vegar á þeirri forsendu að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreinings sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar og hins vegar á þeirri forsendu að eins árs frestur til að tilkynna um kröfu úr vátryggingunni hafi verið liðin þegar tilkynningin barst með vísan til ákvæða í skilmálum og væntanlega 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (en ekki 1. mgr. 124. gr. laganna eins og vísað er til í tölvubréfi V og bréfi félagsins til nefndarinnar).

Álit.

Samkvæmt skilmálum málskostnaðarþryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Á hinn bóginn er tekið fram í skilmálunum að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Líkt og að framan greinir verður ekki annað ráðið en að það sé forsenda dómssmáls þess sem M höfðaði á hendur fimm systkinum sínum að hann kveðst vera eigandi þeirra eignarhluta í B og B1 sem dómssmálið snerist um til jafns við önnur systkini sín á grundvelli gjafagernings frá föður þeirra. Í ljósi þessa verður að líta svo á að ágreiningur sá sem dómssmálinu var ætlað að leysa úr hafi varðað M sem eiganda fasteignar að hluta. Þegar af þeirri ástæðu leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðarþryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 280/2019**V hf. v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna tjóns á fasteign og lausfjárumnum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 18. september 2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 19. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 15. október 2018 komið að fasteign sinni þannig að kjallari hennar hafi verið allur í vatni og er aðstæðum þannig lýst að tjónið sé rakið til þess að pumpa, sem átti að pumpa vatni upp úr kjallaranum, hafði farið í sundur og vatnið því ekki náð að dælast úr kjallaranum. M lýsir því einnig að hann hafi fengið X til að vinna fyrir sig verk á tímabilinu frá hausti 2017 fram í febrúar 2018 og hafi verkið falist í því að sjá til þess að dælubúnaður væri í lagi.

Í gögnum málsins liggur einnig fyrir lýsing frá X um að hann hafi unnið fyrir M á tímabilinu september 2017 til febrúar 2018 og hafi verk hans falist í því að skipta út varavatnsdælu í brunni í eldhúsgólfi kjalla í húsi M og hafi hann gert það sem og komið fyrir einstreymisloka við dæluna. Í febrúar 2018 hafi síðan komið í ljós að dælan var gölluð og hafi X því kmið fyrir nýrri aukadælu og tengingum við hana og hafi verið gengið frá henni við aðstæður sem voru fyrir hendi, þ.e. rör hafi ekki þá verið samlímd né sérstakar þrýstilagnir settar. X kveðst hafa bent M á að æskilegt væri að setja upp skynjara við öryggiskerfi.

M telur að X hafi sýnt saknæma háttsemi við frágang á því verki sem hann tók að sér fyrir M við dæluskripti. M vísar til álits löggilts pípulagningarmeistara dags. 6. febrúar 2019 um að ekki hafi verið gengið rétt frá lögnum og úttekta húsasmíðameistara dags. 12. nóvember 2018 um frágang. Einnig vísar M til gagna frá Orkuveitunni um að ekki hafi verið rekstrartruflanir á svæðinu á þeim tíma sem tjón varð sem og skýrslu frá þeim sem að tjóninu kom um hvar lagnir hafi verið í sundur.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi X. V vísar til frásagnar X af því að allar tengingar hafi verið í lagi þegar hann tengdi varadælu fyrir M og bendir á að þegar tjónið varð hafi rafmagn slegið út í húsnaði M og leiði það almennt til þess að brunndælur hætti að dæla vatni, en það sé ekki sannað að rafmagn hafi slegið út vegna raka í húsnaðinu. Auk þess telur V ekki unnt að byggja á áliti pípulagningarmeistara sem M hafi lagt fram í málinu og gerir athugasemdir við ályktanir sem dregnar eru í því áliti varðandi það hvort frágangur með þrýstilögnum hafi verið nauðsynlegur. Einnig bendir V á að M hafi ekki farið eftir tillögum X um að setja upp viðvörunarbúnað og megi rekja tjónið til þess.

Álit.

Ljóst er af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að þær lagnir sem lágu frá dælum í húsnaði M voru ekki þrýstilagnir sem voru festar niður og ekki var skynjari í safnbrunni sem gaf til kynna óeðlilega vatnssöfnun og að sérfræðingur telji það vera líklega orsök tjónsins. Það eitt dugar þó ekki til að sýna fram á skaðabótaábyrgð X því M ber sönnunarbyrði fyrir því að það verk sem hann fékk X til að vinna hafi falist í því að ganga frá lögnum með þeim hætti. Ágreiningur er milli aðila um í hverju það verk fólst og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um efni þess verksamnings sem hann gerði við X vegna uppsetningu á varadælu. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið með vissu að tjón M sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 282/2019**M og
V vegna húseigendatryggingar fasteignarinnar K****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 28.08.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 26.09.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf M, dags. 01.10.19, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að gat hafi komið á klóakfrárennsli í K í febrúar 2019 og 12.-13. mars hafi fundist vatnsleki í neysluvatni. Bæði tjónin hafi verið tilkynnt V sem hafi hafnað bótaskyldu. M telur að um stakt gat hafi verið að ræða sem ekki sé tilkomið vegna tæringar og því eigi það vera bótaskyld. Varðandi vatnslagnirnar þá telur M að V sé ekki stætt á því að bera fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum. M kveðst hafa verið í samskiptum við V strax eftir að tjónsins varð vart vegna klóaklagnanna og síðar látið vita í mars þegar framkvæmdir hófust. Þá hafi frekari tilkynningar verið sendar í framhaldinu vegna tjóns í vatnslögnunum. Í báðum tilvikum hafi þurft að bregðast skjótt við. Tjónamatmaður á vegum V hafi ekki komið fyrir en 14. mars og verði V að bera hallan af því að hafa ekki sinnt tilkynningum M. Ekki sé möguleiki á því að tjónið hafi orðið af öðrum orsökum en ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum orsökum og ekkert liggi fyrir um að um langvarandi leka hafi verið að ræða. Bréf tjónaskoðunarmanns geti ekki talist grundvöllur né sönnun fyrir því og beri V hallan af því að sýna fram á að um langvarandi leka hafi verið að ræða.

Í bréfi V kemur fram að M hafi fyllt út tjónstilkynningu 22. febrúar sem félagið hafi farið yfir 25. febrúar. M hafi verið látin vita að verktaki yrði sendur á staðinn. 28. febrúar hafi verið sammælt um að M myndi sjá um lagnamyndatöku. 11. mars hafi M svo látið vita af því að framkvæmdir væru hafnar á K. Mátti M þá vera ljóst að bótaskylda væri ekki ákveðin. Verktaki á vegum félagsins hafi svo skoðað tjónið 14. mars og þá hafi framkvæmdir verið vel á veg komnar og frekara tjón komið í ljós. V vísar til gr. 2.1. í skilmálum váttryggingarinnar þar sem fram komi að váttryggingin bæti tjón á hinu váttryggða af völdum „vökva sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Gatið sem um ræðir hafi verið staðsett undir húsinu um 50 cm frá klósettopi og því sé það undir botnplötu hússins. Vökvi sem eigi upptök sín undir botnplötu eigi ekki upptök sín innan veggja hússins líkt og áskilið sé í skilmálanum. V vísar einnig til gr. 3.3. í skilmálanum þar sem fram komi að váttryggingin bæti ekki tjón vegna grunnlagna sem séu missignar, morknar eða hafi á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu. Lagnir í K séu rúmlega 50 ára gamlar og telur V að ástand þeirra hafi verið orðið bágborið. Þá hafi framkvæmdir M gert það að ómögulegt að staðreyna uppsprettu lekans og að staðfesta að hann væri óvæntur, skyndilegur og ófyrirsjáanlegur. Hvað varðar vatnslekann telur V að hann teljist ósannaður og því útilokað að fallast á bótaskyldu.

Í bréfi M kemur fram að gatið hafi verið 50 cm frá salerni lárétt en ekki lóðrétt. Einnig kemur fram að glögglega sjáist af mynd hvernig lagnir liggja innan veggja hússins og ofan við sökkulbotn útveggja.

Álit.

Í skilmálum húseigendatryggingarinnar kemur fram í gr. 2.1. að váttryggingin bæti tjón á hinu váttryggða af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Einnig kemur fram að váttryggingin greiði kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Í málskotinu kemur fram að M hafi fundið klóaklykt og því látið mynda þær lagnir og í framhaldinu hafið framkvæmdir. Ekki kemur fram í málskoti tjón vegna þess gats sem fannst en

fram kemur að frekari skemmdir hafi fundist þegar framkvæmdir við skólplögnin hafi hafist. Þá kemur fram í málskoti að vatnsleki hafi fundist daginn eftir en ekki er getið um tjón vegna þess. Af myndum sem fylgja gögnum málsins má sjá að lagnirnar eru allar gamlar og erfitt er að átta sig á því hvar umrætt gat sé. Með vísan til gagna málsins virðist vera að um eðlilegt viðhald sé að ræða á lögnunum. Ekki unnt að sjá af gögnum málsins að sýnt sé fram á að tjón hafi orðið í húseigninni K af völdum ófyrirsjánlags, skyndilegs og óvæntum leka og verður því ekki dregin önnur ályktun en að um eðlilegt viðhald sé að ræða á lögnunum. Með vísan til framangreinds er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu fyrir K hjá V.

Reykjavík, 22. október 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 283/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot móttakið 29.08.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2 dags. 17.09.2019.

Bréf V1 dags. 18.09.2019.

Málsatvik.

Hinn 25. júní 2019 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn. Ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og þar haka báðir ökumenn við að hafa ekið út frá bílastæði, lóð, einkavegi, e.þ.h. Í skýrslunni lýsir ökumaður bifreiðar A atvikum svo að hann hafi nánast verið búinn að bakka út úr stæði og að bifreið B hafi einnig verið að bakka og verið komin hálf út úr stæðinu þegar árekstur átti sér stað. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum hins vegar svo að bifreið hans hafi verið kyrrstæð og hann að búa sig undir að aka áfram þegar hann hafi séð bifreið A stefna á sig með þeim afleiðingum að árekstur varð. Var málinu vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem byggði á því að báðar bifreiðarnar hefðu verið á ferð í aðdraganda árekstursins og því hvorugur ökumanna gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Var sök því skipt til helminga.

M fellir sig ekki við þau málalok, og tekur fram í málskoti að það hafi verið mistök hjá honum að haka ekki við að bifreið sín hefði verið kyrrstæð þegar ekið var á hana. Ökumaður bifreiðar A hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með aksturslagi sínu og hafi greinilega ekki litið í spegla við aksturinn. Það sé alrangt að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak úr stöðureitum þegar áreksturinn varð. Þá sé ljóst að ökumaður bifreiðar A hafi ekki orðið bifreiðar B var fyrr en hann ók á hana. Jafnframt segir M að ákoman á bifreið hans sýni fram á að bifreið B hafi verið kyrrstæð við áreksturinn.

Í athugasemdum V1, sem er vátryggjandi bifreiðar A, lýsir V1 þeirri afstöðu sinni að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak svo sem 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 áskilur. Ekki sé tækt að byggja á einhliða atvikalýsingu M sem sé í andstöðu við atvikalýsingu ökumanns bifreiðar B og þær upplýsingar sem fram komi á sameiginlegri framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn staðfesti með undirritun sinni. Þá sé ógerlegt að ráða af ljósmyndum af ákomu á bifreið B að bifreiðin hafi verið kyrrstæð. Telur V1 því sök réttilega skipt til helminga.

Mat V2, sem er vátryggjandi bifreiðar B, er að rétt sé að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A. Félagið byggir afstöðu sína m.a. á því að ökumaður bifreiðar A hafi ekki rengt framburð M um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð, auk þess sem ætla megi að ökumaður bifreiðar A hafi ekki orðið B var í aðdraganda árekstrar. Þá bendi ákoma á bifreið B eindregið til þess að hún hafi verið kyrrstæð.

Álit:

Ljóst er að ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Leggja verður til grundvallar það sem ökumenn skrá þar nema ótvírætt verði sannað að atvik hafi að einhverju leyti verið með öðrum hætti. Eins og áður segir merkja báðir ökumenn við að þeir hafi ekið aftur á bak úr stöðureit þegar árekstur varð. Þá bendir afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar ekki til annars. Hvað varðar ljósmyndir af ákomu á bifreið B og staðhæfingu M þess efnis að hún sé þess eðlis að útilokað sé annað en að bifreiðin hafi verið kyrrstæð, verður að telja þá staðhæfingu ósannaða og verður niðurstaða ekki byggð á henni. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Miðað við gögn málsins er ekki sýnt fram á annað en að hvorugur ökumanna hafi gætt að þessari varúðarskyldu og verður ekki ráðið með vissu að gáleysi annars ökumanna hafi verið meira en hins. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn bifreiðar A og bifreiðar B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 8. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 284/2019**M og
V vegna starfstryggingar.****Upplýsingaskylda váttryggingartaka og gildissvið váttryggingarskilmála vegna óvinnufærni frá árinu 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22. ágúst 2019 ásamt fylgigögnum 1-11.

Athugasemdir V, með ódagsettu bréfi móttöknu í október 2019 og fylgigögnum 1-5.

Athugasemdir lögmanns M, með ódagsettu bréfi móttöknu í desember 2019 og læknisvottorði dags. 18. nóvember 2019.

Frekari upplýsingar um váttryggingartímabil og fyrirspurn um nýjar áhættuupplýsingar með tölvupósti V, dags. 3. janúar 2020.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M stofnaði til váttryggingarsamnings um svokallaða starfstryggingu (starfstengda sjúkra- og slysaörorkutryggingu) í maí 2001. Sá samningur var gerður til þriggja ára en skv. upplýsingum frá V hefur samningurinn verið endurnýjaður árlega frá þeim tíma í gegnum íslenska váttryggingamiðlun og váttryggjandi við endurnýjun á árunum 2016 og 2017 var erlent váttryggingafélagið sem hefur ekki starfsleyfi á Íslandi, en veitir hér þjónustu á grundvelli starfsleyfis sem veitt er innan Evrópska Efnahagssvæðisins og hefur félagið veitt samþykki fyrir því að nefndin fjalli um ágreining þess við M.

Í gögnum málsins kemur fram að endurnýjun váttryggingar M átti sér stað á árinu 2016 fyrir váttryggingatímabilið 21. maí 2016 til og með 20. maí 2017 og síðan aftur fyrir váttryggingatímabilið 21. maí 2017 til og með 20. maí 2018. Með bréfi dags. 12. desember 2018 sleit V váttryggingasamningi við M og endurgreiddi honum iðgjöld vegna umræddra tímabila. Í bréfi V kemur fram að V telur að M hafi gefið vísvitandi rangar upplýsingar um heilsufar sitt og að félagið hefði ekki endurnýjað váttrygginguna ef það hefði haft réttar áhættuupplýsingar. Einnig vísar V til þess að í váttryggingarskilmálum sé ákvæði um að skilyrði greiðslu bóta vegna örorku sé að hún sé til komin innan 12 mánaða frá því að einkenni veikinda komu fyrst fram.

M telur að hann eigi rétt til greiðslna úr starfstryggingu sinni þar sem einkenni sem leiddu til óvinnufærni hans hafi ekki komið til fyrr en á árinu 2017 og hann hafi þá verið með váttryggingu í gildi. M vísar til læknisvottorðs dags. 10. nóvember 2017 og bréfs sama lækni, sem er heimilislæknir M, dags. 21. júní 2019, sem og vottorðs sérfræðilækni dags. 18. nóvember 2019, máli sínu til stuðnings. M bendir á að hann hafi verið váttryggður í 16 ár með sömu váttryggingu og lýsir því að hann hafi fyrst fundið fyrir þeim einkennum sem leiddu til óvinnufærni hans, seinni hluta árs 2017 og hafi hann leitað til sérfræðilækni í ágúst 2017 sem hafi þá fyrst metið hann óvinnufæran allt það ár, sbr. fyrrnefnt vottorð dags. 18. nóvember 2019. M kveðst hafa upplifað sig almennt við góða heilsu fram á árið 2017. M lýsir áhrifum og orsökum hás blóðþrýstings og hjartaþræðinga sem litlum og telur sig ekki vera haldinn hjartasjúkdómi. Einnig telur hann að læknisvottorð dags. 9. október 2018 dragi upp óraunsæja mynd af heilsufari hans. Þessu til viðbótar vísar M til þess að leiðbeiningar umboðsaðila V vegna upplýsingagjafar um endurnýjun váttryggingar hans árlega hafi verið með þeim hætti að M þyrfti ekki að upplýsa V um heimsóknir til lækna, tannlækna og/eða heimilislækna vegna eðlilegs eftirlits með heilsu sinni.

Álit:

Í málinu er í fyrsta lagi deilt um hvort M hafi veitt rangar upplýsingar um heilsufar sitt við endurnýjun váttryggingar á árinu 2016 og 2017 og hvort V sé heimilt að takmarka ábyrgð sína að fullu vegna óvinnufærni M og segja upp váttryggingarsamningum. Í öðru lagi, ef ekki sé fallist að V hafi haft umrædda heimild, er deilt um gildissvið ákvæðis váttryggingarskilmála um greiðslu bóta.

Til þess að skera úr um ágreining milli M og V vegna meintra rangra upplýsinga M við endurnýjun váttrygginga verður að líta til ákvæða laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Í 1. mgr. 82. gr. þeirra laga kemur fram að váttryggingafélag geti óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættu áður en váttryggingarsamningur tekur gildi og þarf váttryggður að eigin frumkvæði að veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Við endurnýjun váttryggingarsamnings getur váttryggingafélag óskað eftir nýjum áhættuupplýsingum, sbr. 3. mgr. 79. gr. laga vsl. Í 83. og 84. gr. vsl. kemur fram hvaða afleiðingar það getur haft ef váttryggður hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 10. nóvember 2017 kemur fram að M varð óvinnufær á árinu 2017 og í meðfylgjandi yfirlýsingu læknis kemur fram að sú óvinnufærni sé metin frá 1. janúar 2017 og orsökum hennar lýst með hliðsjón af m.a. gigtarsjúkdómi, vefjagigt, háþrýstingi, hjartasjúkdómi, þunglyndi og síþreytu, sbr. skjalið „medical report“ dags. 10. nóvember 2017. Þar kemur einnig fram að læknirinn hafi haft M til meðferðar vegna einkenna frá því í febrúar 2015. Sami læknir svarar erindi lögmanns M með bréfi dags. 21. júní 2019 kemur fram að kvartanir um stoðkerfisvanda hafi „aukist með tímanum og leiða til tilvísunar til gigtarlæknis samanber vottorð þar um og í framhaldi örorkumats sem byggir nær einvörðungu á stoðkerfisvanda.“ Einnig kemur í því bréfi að M hafi „verið við almennt góða heilsu og ekki verið með einkenni sem leiða ættu til örorku eða skertrar starfsgetu hans. Það er ekki fyrr en hann versnar verulega af einkennum liðverkja og stirðleika sem hafa haft afgerandi áhrif á svefngæði hans, verki og hreyfigetu, sérstaklega við langar setur, stöður eða tölvuvinnu sem er að megninu til fólgið í starfi hans. Aðrir sjúkdómar eða vandar hafa ekki haft áhrif á starfsorku hans.“, segir síðan í bréfinu. Einnig telur læknirinn að mögulegur hjartasjúkdómur eða þunglyndi hafi ekki haft áhrif á starfsgetu M.

Í málinu liggur einnig fyrir læknisvottorð sérfræðings í gigtarsjúkdómum dags. 18. nóvember 2019 um að óvinnufærni M hafi komið til snemma árs 2017 „... vegna svæsinnar vefjagigtar sem bar tiltölulega snögglega að.“

Þessu til viðbótar liggur einnig fyrir svokallað „medical review“, dags. 9. október 2018 frá þriðja læknum sem hafði aðgang að sjúkraskrá M og þar er einkennum M lýst þannig: „In his chart there have been discussions of a possible disability due to his musculoskeletal problems since February 2015 an he has been deemed unfit fro physically strenuous activities since January 2016. The patient has worked independently as an accountant but since 1 January 2017 he has been unable to perform his regular work. In March 2017 his doctor suggested he might have fibromyalgia, a diagnosis which was then confirmed by a rheumatology specialist.“

Eins og áður segir var starfstrygging M endurnýjuð á árinu 2016 fyrir váttryggingatímabilið 21. maí 2016 til og með 20. maí 2017 og síðan aftur fyrir váttryggingatímabilið 21. maí 2017 til og með 20. maí 2018. V óskaði eftir nýjum upplýsingum um áhættu vegna endurnýjunar váttryggingarinnar, sbr. fyrrnefnda heimild þess í 3. mg. 79. gr. vsl., vegna endurnýjunar beggja váttryggingartímabila. Í yfirlýsingu M dags. 19. maí 2016 kemur fram að M svarar því neitandi að hafa frá síðustu endurnýjun váttryggingar hans hafa „...leitað til læknis, farið á sjúkrahús eða leitað til annarra sérfræðinga í tengslum við líkamlega heilsu.“ Einnig svarar M því neitandi í sömu yfirlýsingu að breytingar hafi orðið á aðstæðum hans sem gætu haft áhrif á áhættumat vegna váttryggingarinnar. M svarar nákvæmlega eins til á yfirlýsingu dags. 16. maí 2017 þar sem sömu spurningar koma fram og í yfirlýsingunni árið áður. Í skýringum M kemur fram að hann hafi ekki talið nauðsynlegt að veita upplýsingar um „eðlilegt eftirlit“ með heilsufari sínu.

Samningagerð milli M og V um endurnýjun váttryggingarsamnings á árunum 2016 og 2017 snerist um mat V á þeirri áhættu sem var að baki endurnýjun samningsins. Slíkar upplýsingar hafa áhrif á mat váttryggingafélags um hvaða áhættu það er tilbúið til að tryggja og hvaða iðgjöld váttryggingartaki þurfi að greiða. Þegar litið er upplýsinga í læknisvottorðum, sérstaklega vottorði sem byggir á upplýsingum úr sjúkraskrá M, dags. 9. október 2018, verður ekki hjá því litið að M hefur ítrekað leitað til læknis vegna ýmissa líkamlegra einkenna, fengið lyf vegna ýmissa kvilla sem og ráðleggingar frá því í byrjun árs 2016 um að reyna ekki of mikið á sig. Þær upplýsingar eru þess eðlis að ætla má að þær geti haft áhrif á mat váttryggingafélags á áhættu á bak við váttryggingarsamning um þá persónutryggingu sem M hafði hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á að hálfu V að M hafi svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína í skilningi 1. mgr. 83. gr. vsl. Hins vegar er það mat

nefndarinnar að upplýsingar um einkenni þau sem M leitaði til læknis vegna a.m.k. frá árinu 2015, skv. læknisvottorði hans eigin heimilislæknis frá 10. nóvember 2017 og upplýsinga í bréfi sama læknis frá 21. júní 2019, séu þess eðlis að M hefði átt að upplýsa um þau á yfirlýsingum sem hann undirritaði annars vegar 19. maí 2016 og 16. maí 2017. Á þeim yfirlýsingum koma fram skýrar spurningar um hvort M hafi leitað til læknis eða hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum hans em gætu haft áhrif á áhættumat. Í öllum tilvikum svarar M því neitandi, þrátt fyrir ýmis einkenni sem lýst er í læknisvottorðum. Verður að telja að M hafi þannig vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart V í þeim máli að ekki sé um óverulega vanrækslu að ræða, sbr. 2. mgr. 83. gr. vsl., þannig að V geti fellt ábyrgð sína niður í heild eða að hluta. Í 1. mgr. 84. gr. vsl. kemur síðan fram að váttryggingu megi segja upp með fjórtán daga fyrirvara við sömu aðstæður. Við mat á því að hvort V geti fellt niður ábyrgð sína í heild eða að hluta segir í 3. mgr. 83. gr. að líta verði til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafði fyrir mat þess á áhættu, hversu sök váttryggðs eða váttryggingartaka er mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti. Þegar litið er til þess að M hafði ítrekað leitað til læknis vegna fjölpættra einkenna sem höfðu áhrif á þrek hans, tekið lyf og fengið ráðleggingar frá ársbyrjun 2016 um að reyna ekki of mikið á sig, verður að ætla að honum hafi mátt vera fullljóst að slíkar upplýsingar gætu haft nokkur áhrif á mat V á áhættu vegna váttryggingar þeirrar sem hann endurnýjaði með fyrrnefndum yfirlýsingum sínum um heilsufar sitt. Af hálfu V liggur fyrir sú afstaða að félagið hefði ekki endurnýjað váttrygginguna ef það hefði haft réttar upplýsingar um heilsufar M á árið 2016 eða 2017. Þó einhliða yfirlýsing V dugi ekki til mats á þýðingu vanrækslu á upplýsingagjöf þá telst sök M nokkur og atvik að öðru leyti með þeim hætti að V geti fellt niður ábyrgð sína í heild og skilyrði til að segja upp váttryggingunni í skilningi 1. mgr. 84. gr. vsl. M á því ekki rétt til greiðslu bóta úr starfstryggingu sinni hjá V og þegar af þeirri ástæðu reynir ekki á gildissvið váttryggingarsamningsins að öðru leyti, þ.e. túlkun ákvæðis váttryggingarskilmála um hvort óvinnufærni hans hafi komið til innan 12 mánaða frá því að veikindi komu til.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfstryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 285/2019**M og****V v/ ábyrgðartryggingar rekstraraðila körtubílabrautar B.****Ágreiningur um bótaskyldu er ungur piltur varð fyrir meiðslum við akstur í körtubílabraut.****Gögn.**

Málskot, móttekið 30.8.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.9.2019.

Málsatvik.

Síðdegis 2. júní 2018 var M, þá 13 ára gamall, að aka svonefndri körtubifreið (gokart) (A) í þar til gerðri braut, körtubraut, sem rekin er af fyrirtækinu B er hann rakst á öryggisvegg, sem umlykur brautina, og varð fyrir meiðslum. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið segir að M hafi leigt sér A og er hann hafði ekið um 35 hringi af 36 í brautinni hafi hann fengið eitthvað í vinstra auga og reynt að nudda augað. Hafi hann ætlað að stíga á bremsuna en líklega komið við eldsneytisgjöfina og hafnað á öryggisveggnum. Við það hafi hann kastast á stýri A. Við skoðun hafi hemlar A virkað vel og við ástíga á hemla hafi ekki verið unnt að auka ferð með eldsneytisgjöfinni. Ekkert óeðlilegt við virkni A að öðru leyti hafi komið fram við skoðun. Stýri hafi beygst við það að M lenti á því. Sérstök járnöryggisgrind liggur utan um allan neðri hluta A og festingar fyrir hana að framan hafi verið brotnar sem hugsanlega hafi gerst við áreksturinn. A sé ekki útbúin með öryggisbelti en M hafi verið með hjálm.

Umrædd körtubraut er staðsett í 5000 m² húsnæði, þar sem körtubifreiðum er ekið eftir um 400 m löngum afmörkuðum hring. A er sögð vera með „fjörgengis/bensínvél, 50 kúbika, 6 hestöfl, og getur tækið náð hraða allt að 47 km/klst. við bestu aðstæður.“ Áreksturinn hafi orðið með þeim hætti að A hafi verið ekið eftir um 38 m löngum nokkuð beinum kafla í átt að 90 gráðu beygju og hafi A hafnað á öryggisvegg við innanverða beygjuna. Miðað við hraðamælingar sem gerðar voru á vettvangi með aðstoð starfsfólks B er mesti hraði körtubifreiða sem þarna næst um 30 km á klst.

Öryggis- eða varnarveggir í brautinni eru sagðir vera með dekkjum sem liggja lárétt á gólfinu og plast sé utan á dekkjunum. Þar sem óhappið varð sé járnúla sem náí upp í loft í húsnæðinu og einungis dekk í einni röð ásamt viðeigandi plasti liggja utan um súluna til að dempa högg við árekstur. Af hálfu lögreglu var gerð athugasemd við B að ekki væri meiri „dempun“ við járnúlna ef kæmi til áreksturs þar. Af hálfu B hafi verið tekið vel í athugasemdina og hafi þar verið bætt við vörnum.

B hafi haft gildandi starfsleyfi viðkomandi sveitarfélags þar sem fram komi m.a. að starfsmaður skuli vera við brautina þegar viðskiptavinur er í brautinni og hafa yfirsýn yfir æfingasvæði. Þegar slysið varð hafi enginn starfsmaður verið staddur við brautina heldur hafi sá starfsmaður sem því átti að sinna að eigin sögn farið inn í afgreiðsluna til að athuga hversu mikið væri eftir af tímanum.

Af hálfu M er talið að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna og öryggisráðstafana í og við körtubrautina, ófullnægjandi öryggisbúnaðar A og ófullnægjandi öryggisbúnaðar fyrir ökumann. Er í því sambandi einkum vísað til þess að lögregla hafi gert athugasemdir við varnarbúnað í kringum súlu, þar sem A skall á öryggisveggnum og fallist hafi verið á þá athugasemd af hálfu B. Þá hafi öryggisbeltum að annars konar hlífðarbúnaði ekki verið komið fyrir í körtubifreiðunum, svo sem púðum eða öryggisgrindum. Einnig hefði mátt „skrúfa niður“ vélarafli ökutækjanna svo þær kæmust ekki eins hratt og raun bar vitni. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón það sem hann hlaut í slysinu úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið varð þegar M fannst hann hafa fengið eitthvað í annað auga sitt og var að nudda það. Við skoðun lögreglu á A kom í ljós að stýri hafði bognað og festing á öryggisgrind að framanverðu hafði brotnað, væntanlega við áreksturinn. Ekki verður ráðið að stýrið eða festingin hafi gefið sig vegna vanbúnaðar eða galla í ökutækinu, fremur að það hafi verið útbúið þannig að þessir hlutir myndu gefa eftir við árekstur til að draga úr slysa-hættu af völdum höggþunga sem kæmi á ökutækið við slíkar aðstæður. Athugasemd lögreglu við öryggisvegg við járnúlu þar sem áreksturinn varð mun hafa lotið að því að setja aðra dekkjaröð ofan á þau dekk sem voru fyrir við súluna. A skall á dekkjunum sem

voru á gólfinu og verður ekki séð að dekk ofan á þeim hefði haft nokkur áhrif á það að áreksturinn varð eða hverjar afleiðingar hans urðu, enda kastaðist M ekki úr A eða skall á sjálfa súluna. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að nauðsynlegt hafi verið að gera frekari ráðstafanir í A eða umhverfis akstursbrautina en gert var. Af gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að A hafi komist hraðar en heimill hraði er almennt í akstursbrautum eins og hér um ræðir. Að öllu virtu verður samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að telja ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar A, ófullnægjandi öryggisráðstafana við akstursbrautina eða annarra atvika sem B getur borið ábyrgð á. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 286/2019**M og
V vegna slysatryggingar sjómanna A hjá V.****Ágreiningur um hvort matareitrun falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot dags. 03.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-8.

Bréf V dags. 11.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum í málskoti leitaði M sér lækniástoðar vegna einkenna frá meltingarfærum hinn 29. september 2017. Hann kveðst fyrst hafa fundið við einkennum hinn 26. september, eða þremur dögum fyrr, þegar hann var á leiðinni í land en hann var skipverji á skipi í eigu A. Þá segir hann annan skipverja hafa veikst um svipað leyti. Við rannsóknir hafi svo komið í ljós að M hafði sýkst af salmonellu.

M telur tjón sitt vegna þessa bótaskyldt úr slysatryggingu sjómanna, sem er hluti af áhafnatryggingu sem A er með í gildi hjá V. Máli sínu til stuðnings vísar M til skilmála umræddrar vátryggingar þar sem fram komi að vátryggingin bæti slyss sem verði á sjómanni um borð í skipi A. M telji að einkenni hans megi rekja til slyss enda sé slyss skilgreint sem „skyndilegur og utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama tjónþola og gerist án hans vilja.“ Þá hafi sjúkdómar sem stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu verið skilgreindir sem slyss, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015. Því hafi verið um slyss í þeim skilningi að ræða. M hafi verið við störf um borð þegar hann neytti matar sem bryti skipsins hafði framreitt, og hafi sá matur verið mengaður af salmonellu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að einkenni M verði ekki rakin til slyss heldur veikinda, enda hafi ekki verið um að ræða ákomu eða áhrif utan frá. Þess utan sé ósannað að veikindin megi rekja til matvæla sem M hefði neytt um borð í skipinu, enda hafi veikindin ekki komið upp fyrr en eftir að M var kominn í land.

Álit:

Telja verður að atvik það er leiddi til einkenna M, þ.e. eitrun af völdum salmonellu, sem alla jafna berst með matvælum, sé slyss í skilningi umræddra skilmála. Þannig er um að ræða skyndilegan og utanaðkomandi atburður sem átti sér stað án vilja M. Veikindi af völdum matareitrunar verða þannig beint rakin til utanaðkomandi þátta en ekki veikleika í líkama M sjálfs. Þá er matareitrun ekki undanskilin í skilmálum nr. 344 sem gilda um umrædda vátryggingu, og verður hún heldur ekki felld undir neitt ákvæði 8. gr. um undanskilda áhættu. Þá verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi neytt hinna salmonellusýktu matvæla þegar hann var við störf í skipi A, enda hafi hann verið í töluvert löngum tús og einkenna orðið vart þegar hann var á leið í land. Þá verður heldur ekki séð að M hafi á einhvern hátt verið meðvaldur að tjóni sínu svo réttlæt看legt sé að skerða bótarétt hans.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna A hjá V.

Reykjavík 1. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 287/2019**M og
V vegna slysatryggingar í fjölskyldutryggingu.****Deilt um hvort frestur til að tilkynna um tjónsatvik hafi verið liðinn vegna slyss 4. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot dags. 30.08.2019 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V dags. 27.09.2019.

Málsatvik.

Hinn 4. júlí 2016 varð M fyrir meiðslum er er hann var að spila fótbolta með félögum sínum og var skriðtæklaður. M leitaði strax á bráðamóttöku og var í gífsi vegna ökklabrots til 23. ágúst 2016. Þar sem M var með viðvarandi einkenni frá fætinum leitaði hann svo til læknis hinn 27. nóvember 2018. Niðurstaða þeirrar læknisskoðunar var sú að reynandi væri að spegla ökkllalið aftan frá til að draga úr klemmueinkennum aftan við liðinn. Kostir og gallar væru við slíka aðgerð og ekki öruggt að verkir þeir sem M fyndi fyrir hyrfu við hana.

V var tilkynnt um atvikið hinn 5. desember 2018. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 6. mars 2019 á grundvelli þess að samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 glati sá sem rétt á til bóta, samkvæmt m.a. slysatryggingu, þeim rétti sé krafa ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa sé reist á. V telur að M hafi verið ljóst um afleiðingar slyssins strax á slysdegi eða í síðasta lagi sex vikum eftir að gífs var fjarlægð hinn 23. ágúst 2016. Af þeim sökum hafi réttur hans til bóta verið fallinn niður þegar V var tilkynnt um atvikið. Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þá afstöðu sína að slysið hafi ekki verið tilkynnt innan lögbundins frests. M hafi verið með viðvarandi verki allt frá slysdegi og ekki sé að sjá neitt nýtt í sjúkrasögu hans sem réttlæti að vitneskja hans um tjónið hafi ekki verið til staðar.

M er ósáttur við þessa afstöðu og tekur í málskoti sínu fram að hann hafi ekki haft upplýsingar um að um varanlegt ástand væri að ræða fyrr en hann leitaði til læknis hinn 27. nóvember 2018, enda hafi honum verið sagt að einkenni hans mundu jafna sig með tímanum.

Álit.

M varð sem fyrr segir fyrir slysi hinn 4. júlí 2016. V fékk fyrst tilkynningu um slysið hinn 5. desember 2018, eða um tveimur árum og fimm mánuðum eftir umrætt atvik. Aðila greinir á um hvort M hafi með þeirri tilkynningu uppfyllt ákvæði 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, þar sem kveðið er á um að váttryggður glati rétti sínum til bóta sé krafa ekki gerð innan árs frá því að tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa byggir á. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hafi haft viðvarandi verk í ökkla allt frá slysdegi þrátt fyrir að ekki verði séð að hann hafi leitað til læknis fyrr en hinn 27. nóvember 2018, eða um tveimur árum og þremur mánuðum eftir að gífs var tekið af fætinum. Þá verður ekki séð að nein ný einkenni hafi komið fram á þessum tíma, þvert á móti verður að ráða af gögnum málsins að um óbreytt ástand hafi verið að ræða allan þann tíma. Verður því að miða við að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum áhrifum slyssins meira en ári áður en umrædd tilkynning var send V. Var tilkynning til V, sem send var hinn 5. desember 2018, því of seint fram komin, og réttur M til bóta telst því fallinn niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 22. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 288/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps 14. maí 2018.****Gögn.**

Málskot, móttækið 30. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 24. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp hafi átt sér stað hinn 14. maí 2018 með þeim hætti að bifreiðinni X hafi verið ekið aftan á bifreið sem M ók. Skýrsla var ekki gerð á staðnum en fyrir liggur tjónstilkynning þar sem atvik og aðdragandi áreksturs er skýrður af báðum ökumönnum. Er slík skýrsla gerð 4. júní 2018 og þar er haft eftir M að hún hafi tagnað í baki. Í málinu liggur einnig fyrir sérstök tjónstilkynning M til V dags. 4. júní 2018 þar sem hún gerir grein fyrir því að hún hafi fengið hnykk á bak við áreksturinn. Í gögnum málsins liggja einnig fyrir upplýsingar um að M hafi leitað til læknis 22. maí 2018 og þar lýst óþægindum sem hún rakti til áreksturs og fengið þá beiðni um sjúkraþjálfun. Einnig liggja m.a. fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar frá heimilislækni.

M gerir kröfu um að nefndin úrskurði um „fulla bótaskyldu“ úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V og vísar til þeirra læknisfræðilegu gagna sem liggja fyrir í málinu sem sönnun um að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

V telur að orsakatengsl milli áreksturs og þeirra einkenna sem M kveðst hafa séu ósönnuð og vísar um það fyrst og fremst til þess að nær engar skemmdir hafi orðið á bifreið M eða bifreiðinni X við áreksturinn. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 8 dögum eftir áreksturinn og að M hafi lent í umferðarslysi áður, eða á árinu 2004 og þá fengið svipuð einkenni.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynningarskýrsla um að það hafi orðið árekstur þannig að ökumaður bifreiðar X hafi ekið aftan á bifreið sem M ók. Af myndum af bifreiðunum að dæma hefur er ekki mikið sýnilegt tjón á þeim, en enginn ágreiningur virðist þó vera um að ökumaður bifreiðar X beri fulla ábyrgð á árekstrinum, með þeirri saknæmu háttsemi að hafa ekki haft nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það tjón sem M hefur orðið fyrir vegna árekstursins er því þegar af þeirri ástæðu bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Þegar kemur að því að taka afstöðu til þess hvort M hafi nægilega sýnt fram á í þessu máli að hún hafi orðið fyrir einhverju tjóni vegna árekstursins verður að líta til þess að M kveðst hafa fengið einkenni eftir áreksturinn strax, þó hún hafi ekki leitað til læknis vegna þeirra fyrr en 8 dögum seinna. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður að leggja til grundvallar að M hafi með því sýnt fram á að hún hafi fundið fyrir líkamlegum einkennum það stuttu eftir áreksturinn að líkur eru á því að hann hafi haft einhver áhrif á heilsu hennar. Hvort slíkar afleiðingar eru eingöngu tímabundnar eða hvort þær eru varanlegar felur í sér afstöðu til bótafjárhæðar sem ekki eru forsendur til að fjalla um hér, enda þarf samþykki beggja aðila málsins til slíkrar umfjöllunar skv. samþykktum nefndarinnar.

Í mati nefndarinnar til bótaskyldu felst því sú afstaða að M hafi sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni en ekki hvort meiri líkur en minni séu á því að afleiðingar þess séu varanlegar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna afleiðinga líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V, að því marki sem sýnt er fram á umfang þess tjóns.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 289/2019**M og
V vegna almennrar slysatryggingar M hjá V.
Ágreiningur um hvort bótaskylda sé til staðar vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot dags. 29.08.2019 ásamt fylgigögnum 1-9.

Bréf V dags. 13.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-4.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 30. júlí 2018, er M var að störfum á verkstæði sínu, hafi hann teygst sig eftir hlut og við það fengið áverka á hægri hendi. Í byrjun ágúst hafi hann leitað læknis vegna verkja í hægri öxl og út í höndina. Gekkst M undir aðgerð vegna þessa hinn 3. maí 2019.

Þar eð M hafi orðið fyrir skaða á hægri öxl og hægri upphandlegg, eða biceps, telur hann atvikið bótaskyldt úr almennri slysatryggingu sinni hjá V. Máli sínu til stuðnings vísar hann til þess að þegar um meiðsl á útlimum sé að ræða sé þess einungis krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða svo bótaskylda sé til staðar. Sé bótaskylda því til staðar þó skilyrði slyshugtaks vátryggingarréttar, að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans séu ekki öll uppfyllt, enda sé þess ekki krafist við meiðsl á útlimum að um utanaðkomandi atburð sé að ræða.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir M þeirri afstöðu að M hafi ekki sýnt fram á að skilyrði slyshugtaks samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar séu uppfyllt. Í fyrsta lagi telur V að gögn málsins bendi eindregið til þess að ástæða einkenna V séu slitbreytingar, þ.e. sjúklegt ástand í öxl, og þau því ekki afleiðing slyss. Þá hafi V fengið álit frá ráðgefandi lækni félagsins sem styðji þessa afstöðu auk þess sem lækningurinn telji ekki að V hafi hlotið skaða á upphandlegg. Þá styðji öll gögn málsins þá afstöðu að um axlarmeiddsl, en ekki meiðsl á útlím sé að ræða. Þurfi því bæði skilyrði um skyndilegan og utanaðkomandi atburð að vera uppfyllt. Svo sé ekki og er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Í 2. gr. skilmála almennrar slysatryggingar M hjá V kemur fram að með slysi sé átt við „skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“ Jafnframt kemur fram í greininni að við meiðsl á útlimum sé þess eingöngu krafist að um „skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“ Samkvæmt lýsingu í málsskoti og upplýsingum úr sjúkraskrá M fann hann skyndilega fyrir verk þegar hann teygði höndina út til að ná í eitthvað. Að mati nefndarinnar var því ekki um utanaðkomandi atburð að ræða en telja verður að önnur skilyrði slyshugtaks greinarinnar séu uppfyllt. Kemur þá til skoðunar hvort um hafi verið að ræða meiðsl á útlím. Samkvæmt lýsingu í sjúkradagpeningavottorði sem fyllt var út hinn 4. júní 2019, var sjúkdómsgreining „axlarmeinsemd, ótilgreind“ og fram kemur að M hafi farið í aðgerð á hægri öxl hinn 3. maí 2019 og að óvinnufærni megi rekja til slits á sinum í hægri öxl. Í „niðurstöðu“ kemur fram að um hafi verið að ræða „luxation á biceps sin sem dissicerar sig í gegnum subscapular sinina. Partial áverki á subraspinatus sinina, engin reaction. Talsverð vökvaaukning í humeroscapular liðnum og slitbreytingar.“ Þessar niðurstöður hafi fengist með segulómun á hægri öxl. Verður ekki annað ráðið af þessu en að meiðsl M, þó þau kunni að hafa valdið verkjum út í handlegg og erfðleikum við að lyfta honum, hafi verið bundin við axlarsvæðið og sínar sem þar er að finna. Samkvæmt öllu framansögðu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að um meiðsl á útlím hafi verið að ræða og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr almennri slysatryggingu hjá V

Reykjavík 15. október 2019
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 290/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A
Vinnuslys þann 6. febrúar 2018.****Gögn.**

Málskot M, móttækið 4. september 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V, dags. 11. september 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.

Málsatvik.

Hinn 6. febrúar 2018 varð M fyrir meiðslum við störf sín hjá A. Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, sem barst Vinnueftirlitinu þann 28. september 2018, er atvikum lýst á þann hátt að M hafi verið á gangi um vinnusvæði A þegar hann rann í hálfu sem snjóað hafði yfir með þeim afleiðingum að hann datt á höndina/öxlina og hlaut af því líkamstjón.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V á þeim grundvelli að tjónið megi rekja til gáleysislegrar háttsemi/athafnaleysis A og starfsmanna þess. Telur M að starfsmenn A hafi orsakað hálkuna með því að sprauta vatni á vinnusvæðinu. Þá telur M að sú háttsemi að sprauta vatni á vinnusvæðinu, þegar mikil hætta var á hálkumyndun hafi verið gáleysisleg og að líkamstjón hans megi rekja til þeirrar háttsemi. M byggir einnig á því að líkamstjón hans megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustað hans. Telur hann að A hafi vanrækt athafnaskyldu sína með því að grípa ekki til allra þeirra ráðstafana sem sanngjarnt mætti telja til að koma í veg fyrir slys starfsmanna vegna hálfu.

V hafnar bótaskyldu og vísar til upplýsinga frá A um að enginn starfsmaður þeirra kannist við að hafa sprautað vatni á umrætt svæði. Hins vegar kunni að vera að saltblandað affall hafi runnið á svæðið frá vél sem staðsett er á svæðinu. Þá hafi A gert sérstakar ráðstafanir vegna affallsins þegar frost er úti og hálfu. Hafi svæðið verið skafað og saltað á hverjum degi og hafi svæðið verið hálfuvaríð með þeim hætti á slysdagi. A hafi því sinnt þeim skyldum sem sanngjarnt og eðlilegt er að gera í þessum efnum. Að auki vísar V til þess að M sé reyndur starfsmaður með yfir 20 ára starfsreynslu og hafi hann því margoft átt leið um svæðið fyrir slysið og verið meðvitaður um að affall væri staðnum.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Fyrir liggur að M var óvinnufær í nokkra daga eftir slysið og að slysið hafi þrátt fyrir það ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 28. september 2018. Með því að tilkynna slysið svo seint brást A skyldu sinni samkvæmt framangreindu lagaákvæði um að tilkynna slysið án ástæðulausrar tafar. Enn fremur leiddi það til þess að slysið og orsakir þess voru því ekki rannsakaðar af hálfu Vinnueftirlitsins. Af þessu leiðir, í ljósi dómafordæma, að A verður að bera hallann af skorti á sönnun í málinu um þau atriði sem geta haft áhrif á sakarmat og talin eru óljós. Samkvæmt því, og með hliðsjón af því að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um orsök slyssins, annar en framburður M og ósanaðar fullyrðingar A. Verður því að leggja framburð M til grundvallar um það með hvaða hætti slysið orsakaðist.

Að teknu tilliti til framangreinds telst sannað að tjónið verði rakið til óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustað M. Af þeim sökum ber A skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir. Ekki er efni til að ætla að M hafi verið meðvaldur að slysinu með háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. M telst því eiga óskoraðan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 291/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Starfsmaður féll á gangstétt við vinnustað 21. nóvember 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 20. september 2019.

Bréf lögmanns M, dags. 9. október 2019.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi dottið á gangstétt við vinnustað sinn þar sem hún var við vinnu sína og þannig hlotið líkamstjón. Í tjónstilkynningum til Vinnueftirlits og Sjúkratrygginga Íslands er atvikum þannig lýst að M hafi dottið eða runnið á stéttina. Það kemur einnig fram í tjónstilkynningu til V sem M undirritar sjálf. Í málskoti er aðstæðum síðan þannig lýst að bæði möl og ís hafi verið á gangstéttinni og að M hafi runnið vegna þess og halla sem á gangstéttinni var.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar þar sem ekki hafi verið gerðar nægilegar ráðstafanir við hálkuvarnir og beri X sem eiganda fasteignar að gæta þess að umhverfi fasteignarinnar sé hættulaust. M vísar til fjölda dóma máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M til þess að í bréfi V til nefndarinnar felist í raun viðurkenning á því að M hafi runnið í möl og því beri X ábyrgð á. Einnig bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og borið hefði að gera skv. ákvæðum laga nr. 46/1980.

V telur í fyrsta lagi að ekki sé staðfest að ágreiningur sé uppi í málinu þar sem félagið hafi ekki tekið afstöðu til bótaskyldu ennþá. Það komi til vegna þess að ekki hafi borist upplýsingar frá X um aðstæður og málavexti. V telur að eigi að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni vegna þessa og vísar til 3. gr. samþykktar fyrir nefndina, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005. Í öðru lagi krefst V frávísunar á þeim grundvelli að málið sé óljóst og illa upplýst þar sem svör X liggja ekki fyrir. Í þriðja lagi telur V að gögn málsins sýni ekki annað en að X hafi gert fullnægjandi ráðstafanir varðandi hálkuvarnir og þannig verði líkamstjón M ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir formlegt svar V við kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X. Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kemur fram í 3. mgr. 5. gr. að hægt sé að leita beint til úrskurðarnefndar með mál ef skriflegri kröfu málskotsaðila er ekki svarað af hálfu váttryggingafélags innan þriggja vikna frá því að hún barst félaginu. Ljóst er að í þessu máli voru þær þrjár vikur liðnar og í málinu liggja fyrir gögn sem staðfesta að tjónsatvik átti sér stað þó ekki liggja fyrir formleg skýrsla frá X. Verður málinu ekki vísað frá vegna þessa. Ljóst er að lýsingum í gögnum málsins að M féll á gangstétt við vinnustað sinn 21. nóvember 2018. Ekki verður séð að það sé ágreiningur um þau málsatvik á umræddri stétt hafi verið hálka og möl eða sandur. Ekki er hægt að leggja annað til grundvallar en að um óhappatilvik hafi verið að ræða, en ekkert liggur fyrir um að starfsmenn X hafi vanrækt að gera ráðstafanir við hálkuvarnir eða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X geti borið skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 292/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Árekstur á Arnarnesvegi 21. október 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 1. október 2019 ásamt gögnum.

Tölvupóstur V1, dags. 14. október 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A og B á Arnarnesvegi þar sem ökumaður bifreiðar A auk austur Arnarnes og beygði til vinstri á ljósastýrðum gatnamótum við Hafnafjarðarveg þegar ökumaður bifreiðar B kom akandi beint vestur Arnarnesveg með fyrirhugaða akstursstefnu beint áfram. Vitni sem ók í sömu akstursstefnu og ökumaður bifreiðar B telur að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekið á ofsahraða fram úr sér og mögulega gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin. Í málinu liggur einnig fyrir hraðaútreikningur þar sem áætlaður hraði bifreiðar B er 102 km/klst.

M telur að áreksturinn megi fyrst og fremst rekja til ofsaksturs ökumanns bifreiðar B. Hún vísar til þess að hún sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki farið út á gatnamótin í fyrirhugaða vinstri beygju fyrr en ljósin skiptu af grænu í gult og þá hafi enginn bifreið verið á gatnamótunum. Hún hafi við tekið fullt tillit til umferðar sem á móti kom við vinstri beygju inn á Hafnafjarðarveg og það hafi verið fráleitt að ætla að bifreið B, sem M kveðst hafa séð á lengdar, myndi ekki stöðva á gatnamótunum. Einnig vísar M til framburðar vitnis og útreikninga sem liggja fyrir um líklegan hraða bifreiðar B, sem sé langt yfir hámarkshraða.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur sannað að árekstur sé hægt að til þess að bifreið B hafi verið ekið langt yfir hámarkshraða og gegn rauðu ljósi.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga, annars vegar vegna þess að M sem ökumanni bifreiðar A hafi borið að veita umferð sem kom á móti henni á Arnarnesvegi (bifreið B) forgang við beygju sína á vegamótunum, sbr. háttænisregla þess efnis í 1. og 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það verði hins vegar að meta ökumanni bifreiðar B það til sakar að hafa ekið nokkuð yfir hámarkshraða, en ósannað sé að bifreið B hafi verið ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi.

Álit.

Ágreiningur er um skiptingu sakar vegna árekstur bifreiða A og B. Í fyrsta lagi er ágreiningur um stöðu umferðarljósa og hvort ökumaður bifreiðar B hafi ekið inn á gatnamót gegn rauðu ljósi. Í skýrslu lögreglu af vitni sem ók í sömu akstursátt og ökumaður bifreiðar B koma fram getgátur vitnisins um þá háttsemi ökumanns bifreiðar B án þess að vitni geti fullyrt nákvæmar um stöðu ljósanna. Verður með vitnisburði hans ekki talið sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ótvírætt ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi. Verður því að leggja til grundvallar að staða ljósanna hafi verið sú sama hjá báðum ökumönnum við akstur á gatnamótunum rétt í aðdraganda árekstursins. Í umferðarlögum er kveðið á um það í 25. gr. hvernig haga ber akstri á gatnamótum. Í 1. mgr. 25. gr. kemur fram að ökumenn skuli sýna aðgát við aksturinn og gildi það um báða ökumenn í þessu máli. Í 6. mgr. 25. gr. kemur síðan fram að sá sem ætlar að beygja á á gatnamótum verði að veita umferð sem kemur á móti forgang og þannig hátaði um ökumann bifreiðar A, málskotsaðila í þessu máli. Í 36. gr. umferðarlaga er síðan kveðið á um að ökumenn skuli haga ökuhraða m.v. aðstæður og gæta sérstaklega að sér við akstur um gatnamót. Þó ekki sé sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi telst hann að hafa ekið of hratt m.v. aðstæður, án tillits til þess hvort hámarkshraði er 50 eða 60 km/klst á vettvangi, en þar má vísa bæði til útreiknaðs hraða og vitnisburð um hraðakstur. Af öllum virtum aðstæðum verður sök skipt til helminga milli ökumann bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 293/2019

M og

V v/ ferðasjúkrakostnaðartryggingar Visa Platinum viðskiptagreiðslukorts.

Ágreiningur um túlkun váttryggingarskilmála vegna viðbótarferðakostnaðar vegna veikinda.**Gögn.**

Málskot, móttakið 5. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 25. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M veiktist á ferðalagi erlendis og þurfti að leita á sjúkrahús vegna veikindanna. M kveðst hafa lagt út fyrir tilteknum kostnaði í tengslum við veikindin og í liggur fyrir bæði sundurliðun og gögn sem staðfesta að sá kostnaður var greiddur, bæði kostnaður vegna heimferðar M seinna en áætlað var, kostnaður vegna gistingar umfram þann tíma sem áætlað var og annar samgöngukostnaður.

Í váttryggingarskilmálum eru tvö ákvæði sem koma til skoðunar vegna þess kostnaðar sem M þurfti að greiða. Nánar tiltekið segir í váttryggingarskilmálum: „Félagið bætur eftirfarandi: 4.3.2 *Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.*“

Einnig segir þar „4.6.1 *Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.*“

M telur að greiðsluskylda hafi stofnast úr greiðslukortatryggingu hans og vísar almennt til ákvæða váttryggingarskilmála tryggingarinnar og almennra samskipta hans við félagið um hvenær sé rétt að leita til samstarfsaðila V eins og SOS INTERNATIONAL.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að greiðsla kostnaðar M falli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar þar sem ákvarðanir voru hvorki teknar í samráði við félagið sjálft eða SOS INTERNATIONAL, en það sé skilyrði skv. skilmálunum.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum V er m.a. fjallað um mismunandi bótaþætti, m.a. sjúkrakostnað á ferðalagi erlendis í gr. 4.3 og verður að lesa ákvæði gr. 4.3.2 í váttryggingarskilmálum í tengslum við þá fyrirsögn. Í gr. 4.6 er fjallað um bótaþáttinn endurgreiðslu ferðar og verður að lesa ákvæði gr. 4.6.1 í tengslum við á fyrirsögn. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að krafa M um bætur úr greiðslukortatryggingu sinni nái ekki til kröfu um bætur fyrir endurgreiðslu ferðar heldur kostnað við heimferð og aukadvalarkostnað sem rekja má til veikinda M. Slíkur kostnaður getur komið til án kröfu um endurgreiðslu ferðar og um sjúkrakostnað almennt er fjallað í gr. 4.3 í váttryggingarskilmálum V. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki fjallað frekar um orðalag gr. 4.6.1 í váttryggingarskilmálum þar sem það á ekki við um kröfu M.

Það ákvæði sem getur hins vegar átt við um kröfu M er gr. 4.3.2, en þar segir að félagið bæti, „*Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.*“ Við túlkun þessa ákvæðis verður að líta til þess að um er að ræða ákvæði í stöðluðum sáningsskilmálum. Orðalag þess um að haft sé samráð við SOS INTERNATIONAL verður ekki skilið sem hlutlægt skilyrði bótaskyldu. Ekki kemur fram í ákvæðinu sjálfu að í öllum málum þurfi að hafa slíkt samráð heldur verður að túlka það með hliðsjón af því að tjón M hafi verið þess eðlis að rétt hafi verið að hann leitaði sérstakrar aðstoðar, t.d. til að takmarka sjúkrakostnað sinn vegna veikindanna. Í málinu liggur ekki fyrir að kostnaður M hefði getað verið minni vegna þess að hann seinkaði heimferð vegna veikinda og ekki liggur heldur fyrir að veikindi hafi verið þess eðlis að þær viðbótarráðstafanir sem M greip til hafi verið óþarfar.

Vafi um það hvað felst í orðalaginu „í samráði við *SOS INTERNATIONAL*.“ verður að túlka M í hag með hliðsjón af viðurkenndum túlkunarreglum samningaréttarins, þ.e. svokallaðri andskýringarreglu, ennfremur 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, en þar kemur með berum orðum fram að ef vafi er um merkingu skriflegs samnings sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á (t.d. staðlaðir samningsskilmálar) skuli túlka samninginn neytandanum í hag.

Telst tjón M því vera bótaskyld úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 294/2019**M og
V vegna fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots.****Gögn.**

Málskot mótttekið 09.09.2019.

Bréf V dags. 16.09.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M því að tvívegis hafi verið brotist inn á heimili hans í sömu vikunni. Brotist hafi verið inn í gegnum lítinn glugga, og í fyrra skiptið hafi glugginn verið skemmdur og nokkrum skrautmunum stolið. Í síðara skiptið hafi öryggiskerfi við gluggann verið aftengt og kórólum að verðmæti 600.000 kr. stolið. M kvartar yfir því að V hafi ekki brugðist við og greitt bætur vegna tjónsins, þar sem ljóst sé af lögregluskýrslu að um innbrot hafi verið að ræða.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til varúðarreglu í váttryggingarskilmálum sem feli í sér fyrirmæli til váttryggingartaka um að gera tiltekna ráðstafanir til að fyrirbyggja eða takmarka tjón. Þar komi m.a. fram að loka skuli gluggum og krækja þá aftur. Þá komi fram í almennum skilmálum váttryggingarinnar að sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í tilviki M hafi gluggar íbúðar hans alltaf verið opnir til að tryggja að raki sem stafaði frá kóralræktun ætti leið út. Slíkt fæli í sér brot á varúðarreglu auk þess sem það væri lítið mál að komast að stormjárnnum á opnum gluggum á jarðhæð. Hafnar V því bótaskyldu.

Álit:

Af lögregluskýrslu sem er meðal gagna fyrir nefndinni, en lögregla var kölluð til hinn 14. janúar 2019 þegar í ljós kom að brotist hafði verið inn, má ráða að M hafi verið erlendis þegar brotist var inn í íbúð hans, og að systir hans og mágur hafi tekið eftir því að búíð var að brjóta stormjárn á eldhúsglugga þegar þau komu að athuga með íbúðina. Hafi engin önnur ummerki verið á vettvangi en kórall í fiskabúri hafi verið horfinn. Af ljósmynd sem liggur fyrir nefndinni má jafnframt ráða að glugginn hafi opnast „öfugt“ þannig að stormjárnið hafi verið á efri hluta hans en ekki neðri eins og venjan er. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að glugginn hafi verið opinn þegar stormjárn á honum var brotið. Í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um fjölskyldutryggingu M hjá V kemur fram, í gr. 3.5.5 í almennum skilmála, að váttryggður skuli loka öllum gluggum og krækja aftur. Verður að telja að með þeirri háttsemi að skilja glugga eftir opna í mannlausri íbúð hafi M brotið gegn nefndri varúðarreglu. Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem vísað er til í almennum skilmála váttryggingarinnar, er kveðið á um heimild váttryggingafélags til að gera fyrirvara um að skuli laust úr ábyrgð í heild eða hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Eins og atvikum öllum er háttað verður ekki talið að nefndar undantekningar eigi við og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna innbrots.

Reykjavík 15. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 295/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna tjóns á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10. september 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19. september 2019, ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur M, dags. 19. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 29. júlí verið með bifreið sína á verkstæði X til að láta skipta um ljósaperur og til þess hafi þurft að opna húdd á bifreiðinni. M hafi síðan eftir það ekið um 200 til 300 metra og þá hafi húddið opnast og farið á framrúðu bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að það skemmdist, sem og bretti og annað á bifreiðinni. M telur að rekja megi tjón á bifreið hans til mistaka af hálfu starfsmanna X þar sem þeir hafi ekki lokað húddinu á bifreið hans nægilega vel eftir að þeir skiptu um ljósaperur. M vísar því á bug að festing hafi verið í ólagi eða tjónið megi rekja til ástands bifreiðarinnar og telur einsýnt að starfsmenn X hafi ekki séð til þess að húdd á bifreiðinni væri nægilega lokað auk þess sem þeir hinir sömu hefðu átt að vara M við ef þeir töldu ástand bifreiðarinnar vera þannig að hætta skapaðist af.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki sé sannað að tjón M megi rekja til háttsemi starfsmanna X og telur að m.v. ástand bifreiðar M þá sé allt eins líklegt að ástand bifreiðarinnar hafi verið með þeim hætti að festingar á húddi hafi gefið sig. Þar vísar V til þess að viðhald bifreiðarinnar hafi ekki verið fullnægjandi og megi allt eins rekja tjónið til þess.

Álit.

Í málinu er staðreynt að M leitaði með bifreið sína á verkstæði X til að láta skipta um perur í ljósum. Við það verk þarf að opna og loka aftur húddi bifreiðarinnar. Þó stuttur tími hafi liðið frá því að M ók út af verkstæði X eftir peruskiptin liggur ekki fyrir með vissu hvað varð til þess að húdd á bifreið hans opnaðist. Ekki liggur t.d. fyrir mat óháðra aðila á ástandi bifreiðarinnar eða líklegri ástæðu tjónsins. M ber sönnunarbyrði fyrir því að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við að loka húddinu og að það sé eina mögulega ástæða tjónsatviksins. Hallann af sönnunarskortri vegna þess verður að leggja á M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 296/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna skemmda á bifreið sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 09.09.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 20.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Hinn 17. maí 2019 lagði M bifreið sinni á bryggju, meðan hann var að var að störfum í skipi sem stóð við bryggjuna. Á sama tíma var skotbómulyftari nýttur við að lyfta stálbitum á hafnarsvæðinu. Við það verk spýttist malbik undan göfflum lyftarans á bifreið M og olli skemmdum á henni.

M gerir kröfu vegna þessa í ábyrgðartryggingu A, sem mun vera eigandi lyftarans, enda telur hann að stjórnandi lyftarans hafi beitt gafflinum of mikið með þeim afleiðingum að hann hafi stungist í malbikið og að tjón á bifreiðinni megi rekja til þessara mistaka.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að það hafi ekki verið starfsmaður A sem ók lyftaranum í umrætt sinn, heldur starfsmaður undirverktaka. Þar sem ökumaðurinn hafi hvorki verið starfsmaður A, né liggi fyrir að hann hafi unnið verk sitt samkvæmt leiðsögn frá A sé ekki sýnt fram á að A beri ábyrgð á verkum hans. Þess utan er það mat V að ekki hafi verið sýnt fram á að ökumaður lyftarans hafi unnið verkið með óeðlilegum hætti eða sýnt af sér saknæma háttsemi og allt eins sé líklegt að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjónið á bifreið M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Af gögnum málsins má ráða að stjórnandi lyftarans hafi ekki verið starfsmaður A, heldur undirverktaka sem var að störfum á svæðinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á hver afskipti A voru af umræddu verki eða hvort það var unnið undir leiðsögn A. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess og verður því þá þegar að hafna kröfu hans. Kemur þá ekki til skoðunar hvort umrætt tjón hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi stjórnanda lyftarans eða hvort um óhappatilvik var að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmn..

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 297/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður rakst á súlu í verslunarrými á vinnustað sínum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7. febrúar 2019 var M að störfum í verslun A við að afgreiða viðskiptavin. Af þeim sökum kvaðst M hafa þurft að fara með viðskiptavininum á lager verslunarinnar á næstu hæð fyrir ofan. Er hann gekk eftir afgreiðslusalnum mun annar viðskiptavinur hafa komið inn í verslunina og við það hafi M litið til hliðar og heilsað viðskiptavininum. Í sömu andrá hafi hann gengið á mjóa burðarsúlu í afgreiðslusalnum og hlotið við það meiðsl. Í skýrslu þess viðskiptavinar sem M var að afgreiða umrætt sinn segir: „Þessi súla er þarna í miðjum salnum grá að lit og var erfitt að sjá hana. Var súlan þarna á gönguleið sem við fórum.“

M kveður umrædda súlu fara í bága við byggingarreglugerð og hvernig hún var staðsett í verslunarrýminu hafi farið í bága við nánar tilgreind ákvæði í lögum um nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmyndum er súla sú sem M rakst á í verslunarrýminu vel greinileg og auðvelt að eiga leið um rýmið í kringum hana. Engin haldbær gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á að súlan, staðsetning hennar og frágangur, hafi á einhvern hátt farið í bága við byggingarreglugerð eða ákvæði laga nr. 46/1980. Er ósannað samkvæmt gögnum málsins að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 298/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar heilsuræktarstöðvar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll í hálfu við heitan pott.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.9.2019, ásamt fylgigögnum, þ. á m. myndskeiðum úr eftirlitsmyndavélum, og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 24.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Eftir hádegi 31. desember 2017 var M stödd í heilsuræktarstöð A. Utandyra er heitur pottur og umræddan dag var kalt í veðri eða hitastig um -5° að því er fram kemur í málgögnum. Af þeim sökum hafði klakabunki safnast upp á hellulagðri stétt fyrir framan pottinn, einkum við tröppu þar sem farið er ofan í hann og upp úr honum. Reynt hafði verið að höggvar ísinn til að nema hann á brott að því er virðist en án árangurs. Þá hafði handklæði verið lagt yfir tröppuna væntanlega í því skyni að draga úr hættu af völdum hálfu í tröppunum. Þá var sérstakt skilti við hálkusvæðið til að vara við hálkunni.

Rúmri klukkustund eftir að reynt var að höggva klakabunkann og fjarlægja hann má á fyrirliggjandi myndskeiðum sjá hvar M lagði leið sína úr húsnæði heilsuræktarstöðvarinnar í gufubaðsklefa og gekk þá fram hjá heita pottinum. Þá má sjá þar sem hún kom úr gufubaðinu nokkrum mínútum síðar og fór í heita pottinn. Eftir nokkurra mínútna dvöl þar sést þar sem hún steig upp úr pottinum og steig á handklæði á tröppunni við pottinn og þar við. En um leið og hún steig af handklæðinu rann hún á hálli stéttinni. Féll M á stéttina og varð fyrir meiðslum. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón það sem hún hlaut við byltuna úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins, einkum fyrirliggjandi myndskeiðum, er engum vafa undirorpið að klaki og mikil hálfka var við pottinn sem var til þess fallinn að valda mikilli hættu fyrir þá sem lögðu leið sína í pottinn og svo aftur á leið úr honum. Ljóst er að starfsmönnum A tókst ekki að gera viðhlítandi ráðstafanir til að draga úr þeirri hættu sem stafaði af hálkunni sem þarna var. Telja verður að við þessar hættulegu aðstæður hafi það verið með öllu óforsvaranlegt að hleypa fólki í pottinn. Verður að virða það fyrirsvarsmönnum hótelsins til gáleysis að hafa veitt aðgang að pottinum þegar aðstæður voru svo hættulegar sem raun ber vitni. A ber því ábyrgð á líkamstjóni M. Áður en slysið varð hafði M gengið fram hjá pottinum á leið sinni í gufubaðið og síðan farið ofan í pottinn. Þá var viðvörðunarkerki uppi til að vara við hálkunni. M mátti því vera ljós sú hætta sem stafaði af hálkunni. Bar henni því að gæta ítrustu varúðar er hún fór upp úr pottinum. Þeirrar varúðar gætti hún ekki sem skyldi og verður því að telja rétt að skerða að nokkru bætur vegna meðábyrgðar hennar. Eftir atvikum öllum og með tilliti til þeirrar ríku ábyrgðar sem hvíldi á A fyrir að hafa veitt aðgang að pottinum við umræddar aðstæður þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en beri sjálf 1/3 hluta tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 299/2019**M og
V v/ frítímaslysáttryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður við flogaveikikast féll í jörðina svo tennur sködduðust.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.9.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 18.9.2019.

Málsatvik.

Aðfaranótt 2. júní 2019 var M á gangi á gangstétt er hann fékk flogaveikikast og féll við það í gangstéttina með þeim afleiðingum að hann varð fyrir áverka á tönnum. Hefur M orðið fyrir kostnaði vegna viðgerða á þeim tönnum sem sködduðust við fallið.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingarlið váttryggingarinnar vegna þess kostnaðar sem hann hefur orðið fyrir vegna viðgerðar á tönnum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt váttryggingarskilmálum frítímaslysáttryggingarinnar sem hér um ræðir greiðir félagið bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, í ólaunuðu námi eða við almennar íþróttaiðkanir ef það leiðir m.a. til tannbrots. Þá er tekið fram í skilmálunum að með hugtakinu slyss sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Í málinu liggur fyrir að flogaveikikast varð þess valdandi að M féll í gangstéttina með þeim afleiðingum að tennur hans sködduðust. Þannig var það ekki utanaðkomandi atburður sem olli meiðslunum heldur flogaveikikastið. Eins og skilmálar váttryggingarinnar áskilja verða meiðsl á líkama, öðrum en útlimum (þ.e. griplimum og fótlimum), m.a. að hafa orðið við skyndilegan utanaðkomandi atburð svo um slyss sé að ræða sem fæst bætt úr váttryggingunni. Með því að þessu skilyrði var ekki fullnægt í tilviki því sem hér um ræðir teljast tannáverkarnir ekki hafa orðið af völdum slyss í skilningi váttryggingarinnar. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni vegna þeirra tannáverka sem hann hlaut umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 300/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X og ábyrgðartryggingar Y****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á húseign af völdum foks frá verkpöllum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11. september 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 20. september 2019.

Málsatvik.

Um málsatvik sem tengjast máli þessu hefur áður verið fjallað í máli nefndarinnar nr. 51, 59 og 182/2019. Um er að ræða tjón á húseigninni A sem varð í vondu veðri vegna foks á vinnupöllum eða hluta þeirra á húseignina.

Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 51/2019 var tekin efnisleg afstaða til skaðabótaábyrgðar vegna aðstæðna sem sköpuðust og varðaði tjón á bifreið og viðurkennd bótaskylda úr ábyrgðartryggingum X og Y vegna þess tjóns, auk þess sem viðurkennd var bótaskylda úr ábyrgðartryggingu Z sem í þessu máli kemur fram fyrir hönd M. Til skýringa á tengslum húsfélagsins og Z má nefna að með verksamningi við húsfélagið tók Z að sér m.a. skipti á þakklæðningu hússins, gerð þakkants og þakrennu. Í tengslum við verkið voru verkpallar, ásamt uppsetningu, niðurrifi og flutningi samkvæmt tilboði, teknir á leigu hjá verkpallaleigunni X. Í gögnum málsins kemur fram að fyrirtækið Y hafi sem undirverktaki hjá X séð um uppsetningu verkpallanna við A.

Sama dag og úrskurður um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingum ofangreindra fyrirtækja lá fyrir var máli Z gegn V vegna ábyrgðartrygginga X og Y vísað frá nefndinni, sbr. úrskurður í máli nr. 59/2019.

Í úrskurði vegna máls nr. 182/2019 er máli sama málskotsaðila einnig vísað frá nefndinni á þeim forsendum að Z hafi ekki orðið fyrir tjóni í skilningi skaðabótaréttar og eigi því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingum X og Y. Í úrskurðinum kom fram að Z hefði ekki sýnt fram á að það leiði kröfu sína frá húsfélaginu eða hafi fengið hana framselda frá því. Einnig var málinu vísað frá vegna vanreifunar.

Eins og mál þetta liggur nú fyrir nefndinni er í málskoti málskotsaðili tilgreindur sem Húsfélagið að A Með málskotinu fylgir skjal sem kallað er „Yfirlýsing/Umboð“ og undir það rita tveir nafngreindir stjórnarmenn húsfélagsins A. Efni skjalsins ber með sér að fyrri málskot Z til nefndarinnar hafi verið með vitund og samþykki húsfélagsins og er veita umræddir tveir stjórnarmenn húsfélagsins Z „fullt umboð til að fá skorið úr um mögulega bótaábyrgð þriðja aðila á fyrrgreindu tjóni fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og til samskipta af því tilefni við tryggingarfélagið V.“

M telur að höfnun V á greiðsluskyldu vegna þess tjóns sem varð á húseigninni að A eigi ekki við rök að styðjast og telur X og Y bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð á húseigninni og þannig eigi að greiða bætur vegna slíks tjóns úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V.

V telur í fyrsta lagi að máltilbúnaður í þessu máli feli í sér sama mál og tekið var fyrir af hálfu nefndarinnar í máli nr. 182/2019 og til þess að það mál verði endurupptekið þurfi að sýna fram á skilyrði til endurupptöku liggja fyrir skv. 10. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Slík skilyrði séu hins vegar ekki uppfyllt og beri því að vísa málinu frá. Í öðru lagi telur félagið rétt að áréttu að Z sé ekki eigandi þeirra hagsmuna sem skemmdust heldur húsfélagið að A og það hafi ekki nokkur krafa borist til V frá eiganda hagsmunanna. Þess vegna sé í raun ekki kominn upp ágreiningur milli þess sem getur gert kröfu um bætur og V því V hafi ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til slíkrar bótakröfu.

Álit.

Eins kemur fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 182/2019 og að ofan greinir, tók Z að sér samkvæmt verksamningi við húsfélagið M að skipta m.a. um þakkant sem varð fyrir tjóni þegar hluti úr vinnupalli fauk á hann. Þau gögn sem nú liggja fyrir til viðbótar. þ.e. yfirlýsing/umboð frá hluta

stjórnar húsfélagsins til Z um að gæta hagsmuna húsfélagsins, eru ekki að öllu leyti skýr um hver fer í raun með þá hagsmuni, heldur er vísað með almennum hætti til einkahlutafélagsins Z. Hægt er að líta svo á að það þýði að sá sem fer með fyrirvar fyrir Z geti þá gert kröfur fyrir hönd húsfélagsins A. Þegar litið er til umræddrar yfirlýsingar/umboðs má með góðum vilja skilja hana þannig. Verður því að taka afstöðu til þess hvort önnur skilyrði séu uppfyllt til þess að nefndin geti fjallað um mögulega kröfu Z f.h. húsfélagsins A til greiðslu bóta úr ábyrgðatryggingu X og Y hjá V.

Við þær aðstæður verður að líta til þess hvort ágreiningur sé kominn upp um þá kröfu, vegna þess að í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kemur fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags.

Til þess að hægt sé að líta svo á að ágreiningur sé kominn upp milli málskotsaðila og váttryggingafélags verður málskotsaðili sjálfur a.m.k. að hafa beint kröfum að váttryggingafélaginu sjálfu, sbr. orðalag 2. mgr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, „Áður en málskotsaðili getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi váttryggingarfélag.“ Í 3. mgr. 5. gr. samþykktanna kemur síðan fram að bregðist váttryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar sé málskotsaðila heimilt að leita beint til nefndarinnar. Einnig kemur þar fram að nefndinni sé, ef sérstaklega stendur á, heimilt að taka mál til umfjöllunar þrátt fyrir að því þessu skilyrði sé ekki fullnægt.

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að húsfélagið sjálft eða fyrirtækið sem hefur frá því 6. september 2019 haft einhvers konar umboð til að gæta hagsmuna húsfélagsins hafi beint nokkrum kröfu um greiðslu bóta vegna tjóns á þakkanti húseignar að váttryggingafélaginu V vegna ábyrgðatrygginga X og Y. Þannig er ekki hægt að líta svo á að sýnt sé fram á að um raunverulegan ágreining um bótaskyldu sé að ræða milli M og V.

Með hliðsjón af ofangreindu er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá að nýju af þeim ástæðum að það skilyrði 1. mgr. 3. gr. samþykktu um úrskurðarnefndina um ágreining eru ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 301/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækis B****Árekstur á Arnarnesvegi 23. ágúst 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 26. september 2019, ásamt athugasemdum ökumanns bifreiðar B við málskoti.

Bréf V1, dags. 18. október 2019, ásamt myndum af vettvangi.

Tölvupóstur M, dags. 24. október 2019.

Málsatvik.

Af tjónstilkynningarskýrslu í málinu má ráða að ökumenn bifreiða A og B telja að þær hafi báðar ekið bifreiðum sínum um Arnarnesveg í vesturátt þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ætlað að aka áfram í vestur yfir gatnamót þegar bifreið B hafi komið hægra megin við bifreið A og beint á hana. Ökumaður bifreiðar kveðst einnig hafa ekið vestur Arnarnesveg og ætlað í vinstri beygju inn Hegranes þegar bifreið hafi komið á nokkurri ferð úr sömu átt og ekið utan í vinstra framhorn bifreiðar B. Af myndum af tjóni á bifreiðum að dæma er nokkuð tjón framan á bifreið B en aðallega á hægra framhorni og frambretti bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B vísar til þess að hún hafi verið að koma úr Smáralind fyrir áreksturinn og vísar því á bug að hafa komið úr þeirri átt að hún hafi ekið upp Súlnes í aðdraganda árekstursins.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum og telur upplýsingar ökumanns bifreiðar B m hvaðan hún hafi verið að koma ekki hafa þýðingu við sakarskiptingu. M vísar einnig til ákomu á bifreiðunum máli sínu til stuðnings.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að lesa megi úr gögnum málsins og upplýsingum um ákomu á bifreiðunum að bifreið B hafi komið frá hægri að bifreið A og í veg fyrir hana og beri því fulla ábyrgð á árekstrinum.

V2 vísar til þess að framburður ökumanna stangist á í meginatriðum og ekki séu efni til að leggja annan til grundvallar frekar en hinn og beri því að skipta sök til helminga.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynningarskýrsla rannsóknaraðila sem kom á vettvang áreksturs í kjölfar hans. Í þeirri skýrslu kemur skýrsla beggja ökumanna skýrlega fram og stangast framburður þeirra á í meginatriðum um aðdraganda árekstursins og staðsetningu bifreiðanna við hann. Í tjónstilkynningarskýrslunni er engin frekari ályktun dregin um staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð og ekki var vitni að árekstrinum. Af myndum af vettvangi eða öðrum gögnum málsins verða heldur ekki dregnar skýrar ályktanir sem styðja framburð annars ökumanns frekar en hins. Við slíkar aðstæður er ekki hægt að leggja framburð annars ökumanns frammar hinum og telst því ósannað hver nákvæmur aðdragandi áreksturs varð og þannig hvor ökumanna hafi átt að veita hinum forgang. Við þær aðstæður verður að skipta sök á árekstrinum til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 302/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um takmörkun ábyrgðar vegna umferðarslyss 18. desember 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 12. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að bifreiðinni X hafi verið ekið út af bílastæðum við Suðurlandsbraut 58 þegar árekstur varð með henni og vespu sem M ók eftir gangstíg sem lá þvert á akstursstefnu ökumanns bifreiðarinnar. Umrædd vespa er ekki skráningarskylt vélknúið ökutæki og verður því að byggja á því að krafa M sé byggð á hlutlægrri bótareglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hefur slík krafa verið gerð á hendur V sem tryggði X með lögboðinni ábyrgðartryggingu.

V hefur fallist á bótaskyldu vegna slyssins en hefur takmarkað ábyrgð sína um þriðjung af heildartjóni M með hliðsjón af 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem V telur ökumann vespunnar hafa verið meðvaldur af líkamstjóni sínu. Röksemdir V fyrir slíkri takmörkun byggjast á því að í gögnum málsins komi fram að M hafi verið undir áhrifum fíkniefna, en skv. niðurstöðu blóðrannsóknar sem framkvæmd var eftir slysið mældist magn amfetamíns í blóði M 1.400 ng/ml og hann hafi verið illa áttaður á vettvangi slyssins. Einnig byggir V á að M hafi ekki gætt sín við akstur vespunnar á gangstígnum, ekið hratt og óvarlega, en hann hafi haft næg tækifæri til að bregðast við og stöðva fyrir bifreiðinni X ef hann hefði ekki haft skerta ökuhæfni vegna fíkniefnaneyslu.

M byggir kröfu sína á því að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og að V beri sönnunarbyrði um að M hafi ekið hratt og óvarlega, einnig að fíkniefnaneysla hafi haft áhrif á ökuhæfni hans. M bendir á að neyslan ein og sér dugi ekki heldur verið V að sýna fram á að orsakatengsl hafi verið milli hennar og tjónsatviksins. Það telur M að V hafi ekki tekist. Einnig bendir M á að vespan sem hann ók hafi ekki komist yfir 25 km/klst hraða og ekið hafi verið á hann á gangstíg sem honum hafi verið heimilt að aka vespunni eftir.

Álit.

Í gögnum málsins er skýrt hverjar aðstæður á slysstæð voru. Bifreiðinni X var ekið áleiðis út af bifreiðastæði og varð árekstur milli hennar og vespu sem M ók. Ökumanni bifreiðarinnar bar að gæta að umferð þvert á akstursátt sína við akstur út af bifreiðastæði. Það breytir því þó ekki að vegfarendur um gangstíga verða að gæta að sér við þegar ekið er um gangstíga sem þessa. Af lýsingum í skýrslum verður að ætla að M hefði getað brugðist við umferð með sýnilegri hætti en hann gerði hefði hann ekki verið undir áhrifum fíkniefna í greint sinn. Af magni sem mældist í blóði hans verður talið sannað að ökuhæfni M hafi skerst til muna og fær það einnig stoð í því sem haft er eftir honum um atvikið á tjónsdegi, þar sem hann getur ekki skýrt aksturslag sitt greinilega. Þegar allt þetta er tekið saman verður að teljast sannað að M sé meðvaldur af líkamstjóni sínu vegna stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga og V geti takmarkað ábyrgð sína um þriðjung. Koma lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki frekar til skoðunar við afgreiðslu málsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V en bætur til hans skerðast um þriðjung
Reykjavík, 22. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögsm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 303/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar í húseigendatryggingu A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð þegar M féll niður tröppur.****Gögn.**

Málskot mótttekið 10.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-18.

Bréf V dags. 26.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-2.

Málsatvik.

Að kvöldi hins 17. nóvember 2018, eftir að hafa snætt kvöldverð á veitingahúsi, féll M í tröppum sem lágu frá veitingastaðnum, datt fram fyrir sig á gangstéttina og slasaðist alvarlega. Í málskoti telur M sig eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu húseigendatryggingar A þar eð stiginn hafi verið vanbúinn og lýsingu við hann ábótavant. Hafi M því ekki séð þegar hann steig á brotið þrep með þeim afleiðingum að hann féll fram fyrir sig. Þá vísar M til þess að vitni telji víst að hann hafi fallið í næstneðsta þrepi stigans, en það sé einmitt hið brotna þrep. Ónákvæmar lýsingar sem upphaflega lágu fyrir á tildrögum slyssins, þegar vitni hafi verið í uppnámi, hafi ekkert vægi í þessu sambandi. Neðst í stiganum hafi lýsingu verið ábótavant og því ómögulegt að sjá brotið og ekkert handrið til að styðjast við neðst í stiganum. M byggir á því a stiginn hafi verið í óforsvaranlegu ástandi og hafi ekki átt að veita umferð um hann. Þá bendi ekkert til eigin sakar M enda sé umræddur vanbúnaður eina orsök slyssins. Máli sínu til stuðnings vísar M til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og dómaframkvæmdar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V í fyrsta lagi til þess að misræmi sé í málavaxtalýsingum varðandi það hvort M hafi fallið efst í stiganum eða í næstneðsta þrepi hans. Þannig beri samtímalæknagögn það með sér að M hafi fallið efst í stiganum og dottið niður tíu tröppur. Í afstöðubeiðni lögmanns M til V, og síðar fengnum yfirlýsingum vitna, komi hins vegar fram að M hafi fallið vegna brots í næstneðstu tröppu. Telur V ekkert skýra þetta misræmi og að miða beri við upphaflega málavaxtalýsingu. Á grundvelli hennar telur V ekkert benda til þess að slys M sé að rekja til vanbúnaðar á stiganum, enda góð lýsing efst í honum og hvergi brotið úr efri þrepum hans. Þá sé ljóst að handrið sé meðfram stiganum frá efsta þrepi hans. Verði hins vegar byggt á hinni síðar til komnu málsatvikalýsingu er það jafnframt afstaða félagsins að ekki sé sýnt fram á að slys M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem A verði látið bera skaðabótaábyrgð á, heldur megi rekja slysið til eigin aðgæsluleysis M eða óhappatilviks sem engum verði kennt um. Þannig er ekki fallist á að lýsingu við næstneðsta þrep stigans hafi verið ábótavant, enda ljósastaur nálægt því auk þess sem ljósaskilti sé fest á vegginn við þrepið. Þá verði ekki séð hvernig hið litla brot sem hafi verið til staðar utarlega á næstneðsta þrepi stigans hafi eitt og sér getað orsakað slys M, enda hafi M þurft að stíga mjög utarlega á þrepið svo að þetta brot hefði áhrif á jafnvægi hans. Víðs vegar um bæinn sé svo að finna sams konar brot úr tröppum eða kantsteinum og gera verði eðlilegar kröfur til aðgæslu vegfarenda. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, váttryggðs. Meðal gagna málsins eru myndir af umræddum stiga. Má greina af þeim að handrið sé öðrum megin við þrepin, allt að næstneðsta þrepi. Þá má jafnframt sjá að brotið er úr kanti næstneðsta þrepsins. Verður þó ekki séð hvernig það brot getur, eitt og sér, hafa orsakað fall M, hafi hann að öðru leyti farið með gát um stigann, enda hefði hann þá þurft að stíga mjög framarlega á umrætt þrep, en ekki verður séð að sprungur á þrepinu hafi verið þess eðlis að hætta væri á falli um þær. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að umræddur stigi brjóti í bága við fyrirmæli byggingarreglugerðar eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnvel þótt fallist yrði á að M hafi fallið í næstneðsta þrepi stigans, en ekki ofar í honum, verður því

ekki talið sýnt fram á að slys hans megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 304/2019**M og
V vegna slysátryggingar launþega hjá A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu launþega vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 14. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 27. september 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hinn 28. nóvember 2014 hafi M runnið til á bleytu á gólfi með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hægri handlegg. Þegar atvikið átti sér stað var M staddur í veislusal vegna jólaþögnuðar sem haldinn var af starfsmannafélagi á vinnustað hans.

M hefur gert kröfu um bætur úr slysátryggingu launþega með vísan til þess að vátryggingin taki til slysa sem vátryggður verður fyrir við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Um hafi verið að ræða jólaþögnuð á vegum starfsmannafélags A sem hófst á vinnustað M strax að loknum hefðbundnum vinnudegi og þaðan verið farið beint í veislusal, þar sem atvikið átti sér stað. Telur M ómögulegt að ætla að eiginlegt rof hafi verið milli vinnutíma starfsmanna og umrædds atburðar og ómögulegt hafi verið að greina hvar slysátryggingu launþega skyldi sleppa. Telur M því að tjónið hafi verið á vinnutíma í þeim skilningi vegna þess að jólaþögnuðurinn var samofinn og samfelldur hefðbundnum vinnutíma.

Jafnframt byggir M á því að um hafi verið að ræða atburð sem fellur undir tiltekið ákvæði vátryggingarskilmála slysátryggingarinnar, þar sem fram kemur að slys sem verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, sem fara fram á vegum vátryggingartaka eða starfsmannafélags hans og ætlast hafi verið til þátttöku vátryggðs í slíkri iðkun sem hluta af starfi hans, óháð því hvort slysið verði á vinnutíma eða utan hans.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að slysið hafi gerst utan vinnutíma M og að ekki hafi verið um að ræða viðburð sem fellur undir ákvæði vátryggingarskilmálanna um slys sem verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi ekki verið ætlast til þátttöku M í jólaþögnuðinum.

Álit.

Í málinu er ekki uppi ágreiningur um málsatvik. Hins vegar er deilt um það hvort slys sem M varð fyrir falli undir ákvæði 3.1. og 4.1. gr. vátryggingarskilmálans sem gildir um slysátrygginguna. Ákvæði 3.1. gr. vátryggingarskilmálans sem um ræðir er svohljóðandi: „*Vátryggingin tekur til slyss sem vátryggður verður fyrir við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis...*“ Hæstiréttur hefur túlkað sambærileg ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan en þó með þeim hætti að starfsmenn teljist tryggðir jafnvel þó þeir aki ekki stystu leið frá vinnustað til heimilis, svo sem ef þeir þurfa að taka eldsneyti á bifreið sína á heimleiðinni, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 388/2016. Með hliðsjón almennum túlkunarreglum og dómafordæmum verður þó ekki fallist á að jólaþögnuður starfsmannafélags, sem fram fer utan vinnustaðarins og eftir hefðbundinn vinnutíma geti fallið undir framangreint ákvæði 4.1 gr. vátryggingarskilmálans. Þá segir orðrétt í 4.1. gr. vátryggingarskilmálans: „*Tryggingin nær til slysa er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum vátryggingartaka eða starfsmannafélags hans og ætlast hafi verið til þátttöku vátryggðs í slíkri iðkun sem hluta af starfi hans. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans.*“ Ljóst er að M varð fyrir slysi á jólaþögnuði starfsmannafélags. Jólaþögnuður starfsmanna telst ekki til íþróttaiðkunar, keppni eða leikja. Slys sem verða á slíkum samkomum starfsmannafélags falla því ekki undir framangreint ákvæði 4.1. gr. vátryggingarskilmálans. Þá er enn fremur ljóst að af gögnum málsins að starfsmönnum A var ekki skylt að mæta í jólaþögnuðinn. Skilyrði framangreinds ákvæðis 4.1. gr. vátryggingarskilmálans um að ætlast hafi verið til þátttöku starfsmanna er því heldur ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega, hjá V

Reykjavík 22. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 305/2019**M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið er reiðhjól rakst á hana.****Gögn.**

Málskot móttakið 16.09.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 24.09.2019.

Viðbótarathugasemdir frá M, dags. 25.09.2019.

Málsatvik.

Hinn 27. júní 2019 urðu skemmdir á bifreið M þegar A, sem var á reiðhjóli, hjólaði á hægri afturhurð hennar. Í málskoti og lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins er atvikum nánar lýst þannig að M hafi verið að aka Nesveg til austurs á lítilli ferð, þegar A, sem var ellefu ára, hafi krækt fyrir sendibíl sem hafi verið lagt fyrir gagnstéttina og lokað henni, og hjólað út á akbrautina til vesturs og lent á afturhurð bifreiðarinnar.

Í málskoti tekur M fram að hann hafi ekki séð A fyrr en hann hjólaði á bifreiðina og hafi hann því aldrei átt möguleika á að varast hann. Telur M því að hann eigi rétt á bótum vegna skemmda á bifreið sinni úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar sem B, faðir A, var með í gildi hjá V þegar umrætt atvik átti sér stað.

V hefur hafnað bótaskyldu með þeim rökum að um bótaskyldu vegna umrædds tjóns fari eftir reglum um skaðabótaskyldu utan samninga. Verði því að sýna fram á að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi vátryggðs, í þessu tilviki A. Atvik hafi verið þau að A, sem hafi verið ellefu ára, hafi ekki verið unnt að hjóla á gangbrautinni þar sem sendibifreið hafi þverað hana. Hafi hann því neyðst til að hjóla út á akbraut til að komast framhjá hinni kyrrstæðu bifreið. Ekkert sé fram komið um að A hafi hjólað óvarlega í ljósi þessara óvenjulegu aðstæðna og að teknu tilliti til ungs aldurs hans, en ekki verði gerðar sömu kröfur til hans og fullorðinna. Verði því að líta svo á að umrætt tjón verði fyrst og fremst rakið til óhappatilviks eða eigin sakar M, sem hefði mátt vera ljóst að hætta gæti skapast vegna staðsetningar sendibifreiðarinnar. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarsvörum sínum til nefndarinnar ítrekar M áður fram komna afstöðu sína og hafnar því að hann hafi getað orðið A var í aðdraganda umrædds atviks.

Álit.

Ekki verður séð af gögnum málsins að ágreiningur sé milli M og A um atvik sem slíkt. Verður því að byggja á því að A hafi hjólað út á akbrautina og í veg fyrir M til að komast hjá sendibifreið með kerru sem teppti umferð um gangstéttina. Af myndum af vettvangi verður að líta svo á að M hafi ekki getað orðið A var þegar hann kom akandi úr gagnstæðri átt, þar sem umrædd sendibifreið teppti útsýni. Þá verður ekki ráðið að A hafi stöðvað, eða gáð að umferð á akbrautinni, áður en hann krækti fyrir sendibifreiðina með framangreindum afleiðingum. Þrátt fyrir ungan aldur A verður að byggja á því að honum hafi mátt vera ljóst að umferðar gæti verið að vænta á akbrautinni og því hafi honum borið að sýna aðgæslu áður en hann hjólaði út á hana. Verður því að telja að umrætt tjón megi rekja til saknæmrar háttsemi A. Samkvæmt öllu framansögðu er bótaskylda úr ábyrgðarlið vátryggingar B hjá V því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar B V, vegna skemmda á bifreið hans.

Reykjavík, 22. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 306/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot móttækið 17.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V1 dags. 14.10.2019.

Bréf V2 dags. 01.10.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 15.10.2019.

Málsatvik.

Hinn 26. maí 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur sendi hvor um sig einhliða tilkynningu til viðeigandi vátryggingafélags. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum á þann hátt að hún hafi lagt í bifreiðastæði og beðið þar eftir farþega. Eftir að farþeginn var kominn inn í bifreiðina hafi hún strax byrjað að bakka út úr stæðinu og þá hafi bifreið A verið fyrir aftan bifreið B og ökumaður hennar ætlað sér að bakka í aðliggjandi stæði. Hún hafi hins vegar aldrei séð bifreiðina og ekið því ekið á hana. Hún geri sér ekki grein fyrir hvort bifreið A hafi verið kyrrstæð, en alla vega hafi ökumaður hennar ætlað sér að bakka í bifreiðastæði. M lýsir málavöxtum á þann veg að hann hafi hafið akstur aftur á bak í bifreiðastæði þegar ökumaður bifreiðar B hafi óvænt hafið akstur aftur á bak. Hann hafi flautað í þeim tilgangi að vara B við, en hún hafi stöðvað bifreiðina of seint og þær því skolið saman.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök til helminga. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur ökumann B eina bera sök á árekstrinum. M byggir á því að tjónanefnd hafi miðað við að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð við áreksturinn en það sé ekki rétt. Hann hafi vissulega gert þau mistök að haka við „nei“ í tjónstilkynningu þar sem spurt var hvort bifreiðin hefði verið kyrrstæð, enda hefði hann misskilið spurninguna. Hins vegar telur hann skýrt af atvikalýsingu að bifreið A hafi verið kyrrstæð, enda hafi hann séð í hvað stefndi og flautað til viðvörunar. Bifreið hans hafi þó verið króuð af og honum því ómögulegt að varna árekstri. Þá hafi ökumaður bifreiðar B viðurkennt að hafa ekki litið í baksýnispegil áður en hún hóf akstur aftur á bak en því miður hafi M láðst að geta þess í tjónstilkynningu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V1 til þess að ökumaður bifreiðar B hafi beinlínis viðurkennt að hafa ekki veitt umhverfi sínu nægilega athygli enda hafi hún í tjónstilkynningu sagt að hún hafi ekki vitað af A áður en hún hóf akstur aftur á bak. Þá telur V1 það hafið yfir vafa að bifreið A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Því beri að leggja alla sök á B.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V2 fram að með hliðsjón af atvikalýsingum í tjónstilkynningum ökumanna sé ljóst að hvorugur þeirra hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak, sbr. 1. mgr. 17 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M hafi ekki fært fram nein rök fyrir síðar til kominni staðhæfingu sinni um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Beri því að skipta sök til helminga.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M að hann telji alls ekki ljóst af atvikalýsingu í tjónstilkynningu að hann hafi verið á ferð, þvert á móti gefi hún til kynna að bifreið hans hafi verið kyrrstæð.

Álit:

Ljóst er að ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi, en leggja verður til grundvallar lýsingar ökumanna í tjónstilkynningum sem þeir sendu síðar nema ótvírætt verði sannað að atvik hafi að einhverju leyti verið með öðrum hætti. Í tjónstilkynningu M til V1 má sjá að merkt er „nei“ við fullyrðingu um að bifreið hans hafi verið lagt eða hún kyrrstæð. Þrátt fyrir síðar til komna yfirlýsingu M um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs verður ekki litið framhjá

umræddri merkingu nema ótvírætt sé sýnt fram á annað. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki talið að slík sönnun hafi tekist, og hún verður ekki dregin af nánari lýsingum ökumanna á atvikum eins og þær koma fyrir í tjónstilkynningum, enda er ekki ljóst af þeim að bifreið A hafi verið kyrrstæð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Miðað við gögn málsins er ekki sýnt fram á annað en að hvorugur ökumanna hafi gætt að þessari varúðarskyldu. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn bifreiðar A og bifreiðar B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 19. nóvember 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 308/2019

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins S.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er skólp flæddi upp úr niðurföllum í kjallara hótels.**Gögn.**

Málskot, móttekið 17.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7. desember 2018 flæddi skólp upp úr niðurföllum í kjallara hótels M í nánar tilgreindu sveitarfélagi (S) og olli skemmdum á húseigninni og lausafármunum sem voru í kjallaranum. Stífla í götulögn mun hafa valdið því að skólpvatnið flæddi inn í kjallarann. Við athugun á lögninni kom í ljós gat á henni. Þegar gatið fannst var búið að losa um stífluna en talið að gatið kunni að hafa valdið stíflunni þótt það hafi ekki fengist staðfest. Af hálfu fyrirsvarsmanna S kemur fram að umræddar lagnir hafi aldrei verið myndaðar og því hafi ekki verið vitneskja um gatið á lögninni fyrr en það fannst í kjölfar tjónsatviksins.

M telur að fyrirsvarsmenn S hafi vitað af því að ástand lagna hafi ekki verið í lagi og segir að nafngreindur maður hafi reglulega „bent á vanrækslu og röngum ákvörðunum (sic) í setningu á lögnum (1967??).“ Telur M að S beri ábyrgð á tjóni því sem það varð fyrir og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin haldbær sönnunargögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að vitneskja hafi verið hjá S um bágt ásigkomulag lagnarinnar og af þeim sökum verið hætta á tjóni eins og M varð fyrir. Samkvæmt því verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til vanrækslu S á viðhaldi lagnarinnar eða annarra atvika sem S getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 310/2019**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.09.2019, ásamt fylgiskjölum 1-18.

Bréf V, dags. 23.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 24.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, að morgni hins 5. maí 2018, misst stjórn á bifreið sinni og ekið á ljósastaur þegar hann beygði til vesturs frá Hafravatnsvegi inn á Reykjaveg. Hafi hann verið á ferð með vini sínum, B. Þar sem bifreiðin var ekki tryggð húftryggingu hafi tjón á henni sem slíkt ekki verið tilkynnt til V. Níu dögum eftir atvikið hafi A leitað á heilsugæslu vegna afleiðinga þess, og hafi foreldrar hans tilkynnt tjónið til V hinn 22. ágúst 2018 þegar sýnt hafi verið að afleiðingar þess yrðu varanlegar. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að umrætt slys hefði átt sér stað og þess að orsakatengsl væru ekki fyrir hendi. Meðal gagna sem M leggur fyrir nefndina eru yfirlýsingar B og foreldra hans um umrætt atvik, auk þess sem vinnuveitendur votta um skerta starfsgetu M um sumarið 2018. Gerir M á grundvelli framangreinds kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að alls ósannað sé að meintur tjónsatburður hafi átt sér stað hinn 5. maí 2018 og sé ekki sýnt fram á orsakatengsl milli hans og líkamlegra einkenna tjónþola. Máli sínu til stuðnings vísar V til þess að í skýrslu Aðstoðar og öryggis, sem gerð hafi verið á grundvelli símtals við M hinn 2. júlí 2018, sé tjónsdagur sagður hinn 22. júní 2018. Þá hafi, í fyrstu tilkynningum um tjónið til V, tjónsdagur verið sagður hinn 20. maí 2018. Í öðrum gögnum sé einnig misræmi hvað þetta varðar. Ríki því alger óvissa varðandi það hvenær eða hvort atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir og hafi yfirlýsingar vina og vandamanna M ekkert gildi í því sambandi. Þá lýsi M atvikum svo að bifreiðin A hafi runnið til vegna ísingar á veginum, en meðalhiti hinn 20. maí hafi verið um fimm gráður. Þá sé ekki að sjá að neitt tjón hafi orðið á umræddum ljósastaur, sbr. skýrslu Aðstoðar og öryggis. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar áréttar M áður fram komnar röksemdir og vísar jafnframt til skjáskots af netsamskiptum móður M og föður B frá 5. maí 2018, þar sem móðir M spyrji sérstaklega um líðan B í kjölfar atviksins. Þá vísar M til þess að veðurfarsyfirlit frá tjónsdegi staðfesti að veðurfarsaðstæður hafi verið í samræmi við lýsingu hans.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr annars vegar að því hvort það umferðaróhapp sem lýst er í gögnum málsins hafi átt sér stað og hins vegar hvort orsakatengsl séu milli þess og líkamlegra einkenna M. Eins og fram hefur komið var umrætt tjón ekki tilkynnt til V fyrr en þremur og hálfum mánuði eftir tjónsdag og er í gögnum málsins að finna ákveðið misræmi hvað varðar dagsetningu tjónsatburðarins. Meðal gagna fyrir nefndinni eru yfirlýsingar B og foreldra hans, foreldra M og móðursystur hans sem öll lýsa því yfir að umrætt atvik hafi átt sér stað að morgni hins 5. maí 2018. Að auki er lagt fyrir nefndina skjáskot af netsamskiptum föður B og móður M frá 5. maí 2018 þar sem hún spyr hvort B hafi orðið fyrir meiðslum við óhappið. Einnig liggja fyrir nefndinni ljósmyndir af skemmdum á A og virðast þær bera með sér að hafa verið teknar þann dag. Þá er lýsing M á atvikum stöðug og hin sama í tjónstilkynningu til V og í læknagögnum, auk þess sem veðurfarsyfirlit sem liggur fyrir nefndinni virðist styðja lýsingu M á því að ísing hafi verið á veginum að morgni hins 5. maí 2018. Þá verður ekki annað séð en að ákoma á bifreiðina geti verið í samræmi við það að henni hafi verið ekið á ljósastaur. Með heildstæðu mati á fyrirbyggjandi gögnum verður því að telja nægilega sannað að umrætt atvik hafi átt sér stað að morgni hins 5. maí 2018, eins og M staðhæfir.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð þar sem kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 14. maí 2018 vegna einkenna frá hálsi og lendarhrygg sem hann rakti til umrædds áreksturs. Þá ber læknisvottorðið með sér að komur M á heilsugæslu hafi verið nokkrar eftir áreksturinn, og að hann hafi einnig leitað til sjúkraþjálfara. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að M hafi áður haft einkenni frá hálsi eða baki. Verður því að telja sannað að M hafi hlotið líkamstjón við umræddan árekstur.

Verður samkvæmt framansögðu fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 311/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis B****Árekstur á Bíldshöfða 17. júlí 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 8. október 2019, ásamt gögnum málsins sem lögð voru fyrir tjonanefnd vátryggingafélaganna og athugasemdir ökumanns bifreiðar B við málskot.

Tölvupóstur V1, dags. 28. október 2019

Málsatvik.

Í tjonstilkynningarskýrslu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á Bíldshöfða í Reykjavík, en báðum bifreiðum var ekið út frá bifreiðastæðum til vinstri inn á akbraut Bíldshöfða í aðdraganda árekstursins. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið inn á Bíldshöfða í vinstri beygju með ætlaða akstursátt í austur þegar árekstur varð við bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið út frá bifreiðastæði við Brimborg og ætlað að aka vestur Bíldshöfða þegar árekstur hafi orðið eftir að hann hafi verið kominn yfir báðar akreinar í sína akstursátt. Í sömu skýrslu er haft eftir vitni sem var staðsett við ljós á gatnamótum Breiðhöfða og Bíldshöfða að bifreið B hafi verið komin yfir báðar akreinar þegar árekstur varð sem og að bifreið A hafi verið ekið á meiri hraða en bifreið B.

V1 telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar A (M) fyrir að gæta ekki forgangs umferðar um Bíldshöfða við akstur út af bílaplani, eins og honum bar að gera skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V1 telur að með framburði vitnis sé staðfest að bifreið B hafi verið komin inn á akbrautina þegar M ók inn á hana.

V2 telur að það eigi að skipta sök til helminga.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að ökumenn greini á um staðsetningu ökutækja og hvorum hafi borið að veita hinum forgang við akstur um Bíldshöfða. Þegar tekið er mið af skýrum framburði vitnis, sem tengist hvorugum ökumanni og gaf sig fram á vettvangi áreksturs, verður að leggja til grundvallar að ökumaður bifreiðar B hafi verið kominn inn á akbraut Bíldshöfða þegar M ók inn á hana á bifreið A af bifreiðplani. Ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Bíldshöfða forgang við aksturinn skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og verður hann því að bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 312/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna B og C****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 31.7.2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 24.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V2 dags. 14.10.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf V1 dags. 28.10.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 7.11.2019.

Málsatvik.

Hinn 31. júlí 2018 varð árekstur milli ökutækja A, sem er í eigu bílaleigunnar M, og B. Í málskoti lýsir M atvikum svo að ökumaður A hafi neyðst til þess að nauðhemla til að forða árekstri við flutningabifreiðina C, en C hefði verið ekið frá biðskyldu og í veg fyrir A. Afturhluti bifreiðar C hefði í kjölfarið stefnt beint á A sem hefði þá verið kyrrstæð. Til að forða árekstri hefði ökumaður A ekið bifreiðinni aftur á bak og hefði hún þá rekist á bifreið B. Ökumaður C hafi ekið af vettvangi en hafi síðar viðurkennt að hafa ekið í veg fyrir A á biðskyldu, en bifreið A hafi þá verið kyrrstæð. M heldur því hins vegar fram að bifreið A hafi aðeins verið kyrrstæð því ökumaður hennar hafi neyðst til að nauðhemla vegna aksturslags C. Á grundvelli þessa telur M að ökumaður C eigi sök á umræddum árekstri milli A og B.

Í skýrslu sem Aðstoð og öryggi gerði vegna málsins er aðeins að finna framburð ökumanns A en ekki náðist í ökumenn bifreiða B og C við skýrslugerðina. Er framburður ökumanns A samhljóða því sem segir í málskoti. Meðal gagna málsins er jafnframt að finna framburð ökumanns C og segir þar að hann hafi ekið af stað þar sem bifreið A hafi verið kyrrstæð. Hefði hann þurft að taka víða beygju vegna lengdar bifreiðarinnar. Hafi hann fylgst með því í speglum bifreiðarinnar að ekki væri hættu á árekstri við bifreið A og ekki talið slíka hættu fyrir hendi. Bifreið A hefði hins vegar skyndilega hafið akstur aftur á bak með þeim afleiðingum að hún rakst á bifreið B. Jafnframt er meðal gagna málsins yfirlýsing frá ökumanni B, sem tekur undir með M um að C hafi borið ábyrgð á árekstrinum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem er váttryggjandi B og C, til nefndarinnar, kemur fram sú afstaða félagsins að ökumaður bifreiðar A, sem hafi ekið aftur á bak án þess að huga að annarri umferð, beri alla ábyrgð á umræddum árekstri, enda bendi ekkert til þess að bifreið C hefði ekki getað ekið framhjá A án þess að til árekstrar kæmi.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M áður fram kominn rökstuðning og afstöðu og vísar auk þess til máls 60/2018 fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Álit:

Án gagna er sýni fram á hið gagnstæða og gegn neitun ökumanns bifreiðar C verður ekki talið sýnt fram á að aksturslag C hafi verið slíkt að ökumaður bifreiðar A hafi neyðst til að aka aftur á bak til að forða árekstri. Ljóst er að bifreið A var ekið aftur á bak úr kyrrstöðu og á bifreið B sem var kyrrstæð. Verður að líta svo á að með þeirri háttsemi hafi A ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að sá sem snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli áður ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Verður hann því einn talinn bera ábyrgð á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 313/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis X og slysa- og sjúkratryggingar.****Ágreiningur um orsakatengsl vegna líkamstjóns í tengslum við árekstur 17. maí 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25. september 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 9. október 2019.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningarskýrslu kemur fram að bifreiðinni X var ekið aftan á aðra bifreið hinn 17. maí sl. M var farþegi í bifreið X og í gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað samdægurs á Læknavaktina á Háleitisbraut vegna eymsla og stífleika aftan í hálsi og herðum, einnig að hann hafi leitað til læknis heilsugæslu 23. maí 2019 og þá fengið beiðni um sjúkráþjálfun sem og leitað reglulega til heilsugæslulækna síðan. Í málinu liggur einnig fyrir svokölluð PC-Crash skýrsla frá 1. september 2019, sem V aflaði um mögulega höggkrafta við áreksturinn.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og vísar þar til umræddrar hraðaútreikningsskýrslu og misræmi í lýsingum tjónþola á árekstrinum og mynda sem liggja fyrir af bifreiðunum. V telur að þeir litlu höggkraftar þeir sem geta hafa leysts úr læðingi við áreksturinn séu þannig að ómögulegt sé að hljóta nokkuð líkamstjón við þær aðstæður og samsvari þeir sér við að M hafi hlammað sér í sófa.

M telur að líta eigi til takmarkaðs sönnunargildis hraðaútreikningsskýrslu þeirrar sem V hefur lagt fram þar sem hennar sé aflað einhliða og að rannsókn að baki skýrslunni sé verulega ábótavant. Einnig vísar M til dómaframkvæmdar varðandi almennt gildi slíkra skýrslna. M telur að læknisfræðileg gögn sýni orsakatengsl milli áreksturs og líkamlegs ástands M.

Álit.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir að vegna árekstursins 17. maí sl. hafi M leitað til læknis samdægurs og reglulega síðan auk þess sem læknisfræðileg gögn liggja fyrir um óvinnufærni hans. Hvað varðar hraða- og höggútreikning verður ekki litið framhjá því að þeirra gagna er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Af framlögðum gögnum telur nefndin meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggja fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Af þeirri skýrslu sem V byggir mál sitt á og aflaði einhliða verða, eins og áður segir, ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo hafi verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 314/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er unglingspiltur kastaðist af vélarhlíf bifreiðar.****Gögn.**

Málskot, móttekið 25.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, 16 ára gamall, ásamt þremur félögum í biðreiðinni A voru í leik sem þeir nefndu „hitaleik“. M mun hafa tapað í leiknum og varð fyrir vikið að liggja á vélarhlíf A meðan hún væri á ferð. Mun hann hafa legið á maganum og andlitið vísað að framrúðunni þannig að hann horfði inn í bifreiðina. Þegar A var hemlað kastaðist M af vélarhlífinni og skall í götuna og hlaut áverka á höfði.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst M hafa farið á vélarhlífina. Hann hafi sagt öikumanni A að aka hægt og hafi ökumaðurinn játað því. Ökumaðurinn hafi hins vegar ekið hraðar og hraðar og allt að 50 km hraða á klst., en allt í einu hafi hann bremsað niður og við það hafi hann flogið af bifreiðinni og höfuðkúpubrotnað.

Ökumaður A, 17 ára gamall, kvað M hafa lagst vélarhlíf A þar sem hann hafi tapað fyrrnefndum hitaleik. M hafi beðið hann um að aka rólega og hafi hann samþykkt það. Hann hafi ekið miklu hraðar en á 20 km hraða á klst., líklega um 40 km hraða á klst., í fyrsta eða öðrum gir. Hann hafi þá orðið hræddur, „panikað“ og nauðhemlað A. Við það hafi M skotist af vélarhlífinni og farið kollhnís á götunni.

Farþegi í framsæti A umrætt sinn kvað öikumann A hafa ekið með M á vélarhlífinni á um 40 km hraða á klst. Ökumaðurinn hafi „panikað“, hemlað niður og M dottið af vélarhlífinni og farið heljarstökk aftur á bak og fallið í götuna.

Farþegi í aftursæti A kvað A hafa örugglega verið ekið á allt að 50 km hraða á klst. Hann hafi ekki séð á hraðamælinn en farþeginn í framsætinu hafi sagt það. Hann hafi talið að A yrði ekið á um 10 km hraða á klst. og ekki búist við að henni yrði ekið eins hratt og raunin var. Þeir hafi kallað á öikumanninn að hægja á sér og þá hefði ökumaðurinn bremsað en við það hefði M skotist af A.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann hlaut við slysið úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu en að skerða beri bætur um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni öikumanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

M tók þátt í leik sem fólst í því að hann lá óvarinn með öllu á vélarhlíf A meðan hún var á ferð. Leikur af þessu tagi var stórhættulegur og til þess fallinn að enda með ósköpum. M átti að hafa aldur og þroska til að gera sér ljósa grein fyrir þessum háskaleik og hvernig hann gæti endað. Með háttsemi sinni sýndi hann því vítavert gáleysi sem verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Af þessum sökum þykir rétt að bætur vegna líkamstjóns hans sæti nokkurri skerðingu. Þegar litið er til þess að hann virðist í galsa hafa tekið þátt í leik með félögum sínum þar sem það féll í hans hlut að leggjast á vélarhlíf A og ekið var talsvert hraðar en hann hafði mátt búast við, eða a.m.k. á um 40 km hraða á klst., og atvika að öðru leyti þykir rétt að bætur skerðist um helming og hann eigi að sama skapi rétt til bóta að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 316/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns á húsnæði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15. október 2019, ásamt gögnum.

Bréf lögmanns M, dags. 18. október 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að leki hafi verið frá heitavatnslögn við húseignina A og þannig hafi orðið skemmdir á húseigninni. Í málskoti kemur fram af hálfu M að fúkkalykt hafi verið í húsnæðinu og þegar borað hafi verið í botnplötu hafi komið í ljós að hitavatnsinntak út við húsgrunn hafi verið rofið og að X hafi framkvæmt bráðabirgðaviðgerð tveimur dögum eftir að fyrirtækinu var tilkynnt um lekann. Í tölvupósti X til V dags. 7. og 8. ágúst sl. kemur fram af hálfu X að heitavatnslögnin sé í eigu X og hafi verið lögð árið 1974 í samræmi við verklag sem tíðkaðist á þeim tíma. Einnig gaf X þá skýringu að lögnin hafi gefið sig vegna tæringar, en hún hafi líklegast komið til vegna þess að samsetning við beygu á lögninni hafi gefið sig þannig að jarðvatn hafi komist að lögninni með þeim afleiðingum að hún tærðist.

M telur að tjón á húseign sinni megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X. M byggir á að ástand lagna sé á ábyrgð X og starfsmenn hafi ekki sinnt aðgæsluskyldu sinni gagnvart ástandi þetta gamallar lagnar. Einnig telur M að það hafi staðið X nær að tryggja sér fullnægjandi sönnun um orsakir tjónsins og að það sé ekki hægt að útiloka að hægt sé að rekja tjónið til bótaskyldrar háttsemi starfsmanna X. Einnig vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2126/2018 varðandi sönnunarbyrði X og að 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur eigi ekki við þar sem ekki sé sýnt að þau atriði sem talin séu upp í 3. mgr. þeirrar greinar eigi við í málinu. Þessu til viðbótar telur M að X hafi ekki sýnt fram á að orsök tjóns sé tæring í lögn og verði X að bera hallan af því.

V telur að ekki sé hægt að beita sjónarmiðum um öfuga sönnunarbyrði í málinu og hafnar því að héraðsdómur í máli E-2126/2018 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Þar hafi verið óþekkt bilun í plastlögn að ræða þar sem eigandi lagnarinnar gat ekki gefið frekari skýringar en í þessu máli liggja slíkar skýringar fyrir. Einnig telur V að ekki sé sannað að tjón M verði rakið til vanrækslu X eða viðhaldsskorts á lögninni. V bendir á að almennt sé miðað við að jarðlagningar endist að lágmarki í 50 ár eða lengur og ekkert bendi til þess að umrædd lögn hafi verið komin á tíma varðandi frekari viðhaldsþörf. Ekki hafi heldur nokkuð legið fyrir um að umrædd lögn væri í slæmu ástandi eða við það að gefa sig. Einnig vísar V til 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 varðandi undanþágu á bótaábyrgð X vegna beinna og óbeinna tjóna sem rekja má til bilana svo fremi sem tjónið verði ekki rakið til mistaka starfsmanna X. Einnig vísar V til þess að almennt sé gert ráð fyrir því að vatn sé leitt frá húseignum, t.d. með drenlögnum og beri húseigandi ábyrgð á því. Að lokum vísar V til þess að ekki sé ljóst af hvaða orsökum þær endurbætur sem M hafi ráðist í á húseigninni stafi. Það sé því ekki ljóst hvort þær megi rekja einungis til rofs á heitavatnslögn eða af öðrum orsökum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um raunverulega orsök tjóns á húseign M vegna þess að leki var frá heitavatnslögn í eigu M í húseignina. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaréttarins eigi við um atvik málsins. Gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nær til þess tjóns sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málinu liggja fyrir skýringar af hálfu X um aldur lagnar og líklegar tjónsorsakir. Ekki liggur fyrir matsgerð í málinu eða önnur sönnunargögn sem eru í andstöðu við mat X á tjónsorsök.

Er því ekki varhugavert að leggja til grundvallar að orsök rofs á lögn X sé sú að tæring hafi komist í lögnina sem þá hafi farið að leka. Í gildandi lögum er hvergi kveðið á um hlutlæga ábyrgð X vegna tjóns sem verður vegna bilunar í lögnum. Í reglugerð nr. 297/2006 er auk þess kveðið á um að X beri ekki skaðabótaábyrgð nema vegna mistaka starfsmanna. Það þarf því að liggja fyrir að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi varðandi viðhald eða eftirlit með lögn að húseign M til þess að um greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V geti verið að ræða. Í málinu liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um slíkt, eða mat sérfræðinga á að þannig hafi aðstæður verið. Ekki verður dregin sú víðtæka ályktun af héraðsdómi í máli nr. E-2126/2018 að aðstæður séu með sama hætti í þessu máli. Ekki hefur því verið sýnt fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt varðandi mögulega ábyrgð X á skemmdum á húseign M og hefur því ekki stofnast bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 317/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 05.08.2016.****Gögn.**

Málskot móttakið 27.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-14.

Bréf V dags. 11.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Viðbótarathugasemdir M, móttækna 15.10.2019.

Málsatvik.

Hinn 5. ágúst 2016 slasaðist M, þegar hann var við störf hjá A. Lögregla var kölluð til vegna atviksins og samkvæmt upplýsingum í lögregluskýrslu kvaðst M hafa verið að vinna með vörutjakk á vörulyftu og fest aðra löppina undir hjólinu á tjakknum með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og datt fram af vörulyftunni. Í lögregluskýrslu kemur jafnframt fram að Vinnueftirlitið hafi ekki verið kallað til þar eð bifreiðin sem verið var að afferma hafi verið farin af vettvangi.

V hefur hafnað kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna slyssins. Í málskoti byggir M á því að A hafi borið skylda til að kalla til bæði lögreglu og Vinnueftirlit. Þar sem það hafi ekki verið gert hafi engin rannsókn farið fram á tildrögum slyssins og beri A ábyrgð á því. Því sé hafnað að M hafi sjálfur orsakað slysið með því að hlaða of miklu á tjakkinn umrætt sinn. Þá virðist sem A hafi látið stilla tjakkinn þannig að hann stöðvaðist ekki samstundis þegar handfang væri sett í stöðvunarstöðu eða þrýstingur tekinn af hnappnum sem knýr hann áfram, heldur hægðist á honum. Það sé varhugavert, sér í lagi þegar lítið er til þess hve lítið vinnurými sé á vörulyftum vörubifreiða. Í ljósi aðstæðna verði svo ekki byggt á einhliða frásögn A varðandi það að tjakkurinn hafi verið í lagi og að ekki hafi verið átt við hann eða bremsubúnað hans. Því telur M að tjón sitt sé að rekja til slits eða vanbúnaðar tjakksins og beri A ábyrgð á því. Þá séu það óforsvaranleg vinnubrögð af hálfu V að byggja alfarið á frásögn A af atvikum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ósannað sé að slys M megi rekja til bilunar eða vanbúnaðar vörutjakksins eða annara atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á. Í raun sé enginn ágreiningur um atvik sem slík enda hafi þau verið staðfest með framburði vitnis og hefði frekari rannsókn ekki breytt neinu þar um. Þá sé ljóst að það sé afar lítið svigrúm til athafna sé tjakkurinn notaður á vörulyftu. M hafi þó unnið lengi með umræddan tjakk og hafi verið kunnugt um virkni hans, þ.á.m. um að tjakkurinn hafi frá upphafi verið stilltur þannig að hann stöðvaðist ekki samstundis, heldur hægðist fyrst á honum. Þá er því sérstaklega mótmælt að tjakkurinn hafi verið bremsulaus eða honum ábótavant á annan hátt, enda hafi prófun A á tjakknum eftir slysið leitt í ljós að svo hafi ekki verið. Hafnar V því bótaskyldu og telur að slysið sé að rekja til aðgæsluleysis M sjálfs, sem hafi farið of nálægt brún vörulyftunnar áður en hann slepti keyrslurofa tjakksins.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M málatilbúnaði V og áréttar sérstaklega að það sé í verkahring og á ábyrgð vinnuveitanda en ekki tjónþola að rannsaka umrætt atvik. Sé tjakkurinn það stór að erfitt sé að athafna sig með hann á vörulyftu sé það jafnframt á ábyrgð vinnuveitanda að útvega tæki sem henti aðstæðum betur. Þá verði að líta á það sem vítavert gáleysi af hálfu vinnuveitanda að stilla tjakkinn þannig að ekki sé hægt að stöðva hann samstundis. Ítrekar M því kröfu sína um bætur úr ábyrgðartryggingu A.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins. Ekki virðist ágreiningur um atvik sem slík, og þannig ber M og vitni sem lýsir atvikum í skýrslu til V saman um að M hafi verið að vinna með tjakkinn á vörulyftu og þegar hann slepti keyrslurofanum hafi tjakkurinn runnið á annan fót hans með þeim afleiðingum að hann féll af vörulyftunni og slasaðist. M byggir á því að tjakkurinn hafi runnið á þennan hátt þar sem A hafi sérstaklega stillt bremsubúnað tjakksins þannig að hann stöðvaðist ekki samstundis. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður þó ekki séð að M hafi lagt fram nein gögn er sýni fram á réttmæti þeirra fullyrðinga, og svo virðist sem M hafi verið kunnugur þessum tiltekna verkþætti og virkni vörutjakksins, en af hálfu A er því haldið fram að hún hafi verið óbreytt frá upphafi. Þar sem ekki hefur verið gert sennilegt að slys M verði rakið til sakar A eða aðila sem A ber ábyrgð á ber því að hafna kröfu M. Breytir möguleg vanræksla A á því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins ekki sönnunarstöðu að þessu leyti þar sem ágreiningur virðist eins og áður segir ekki um málsatvik sem slík.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 318/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er þjónn á hóteli A féll á eldhúsgólfi og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni sunnudagsins 12. júní 2016 var M að störfum sem þjónn á hóteli A og var á leið með hafragrautspott úr eldhúsi í borðsal. Rann hún þá til í bleyti eða fitu á eldhúsgólfinu með þeim afleiðingum að hún féll harkalega í gólfið og varð fyrir áverkum, einkum á vinstri olnboga.

Í tilkynningu vinnuveitanda um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 14. júní 2016, segir að þjónn hafi runnið í bleytu á gólfi og fallið með þeim afleiðingum að hún hafi olnbogabrotnað.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um atvikið, dags. 4. október 2017, sem er undirrituð af M og vinnuveitanda, segir að M hafi verið að vinna við að framreiða morgunverð, runnið á sleipu gólfi með stóran pott í höndum og fallið á bakið og olnbogann með þeim afleiðingum að hann brotnaði.

Í sameiginlegri yfirlýsingu tveggja samstarfsmanna M umrætt sinn, dags. 17. ágúst 2017, kemur fram að gólfið hafi verið mjög sleipt eins og það hafi verið mjög oft og margoft hafi verið gerðar athugasemdir við það af starfsfólki, þar sem oft hafi legið við slysi þegar fólk var að vinna í eldhúsinu.

Strax eftir slysið var farið með M á heilsugæslustöð og síðan á sjúkrahús þar sem handleggurinn var settur í gifsspelku.

Faðir M gaf skýrslu um atvikið hjá lögreglu degi síðar, eða 13. júní 2016. Er þar greint frá atvikum í öllum veigamiklum atriðum eins og að framan greinir.

V hefur hafnað bótaskyldu og kveður aðstæður hafa verið óbreyttar þegar slysið var tilkynnt VER og lögreglu og A geti ekki borið ábyrgð á því að þessir aðilar hafi látið undir höfuð leggjast að rannsaka aðstæður á slystað. M beri því sönnunarbyrðina um það að slysið verði rakið til saknæms vanbúnaðar á slystað, en sú sönnun hafi ekki tekist. Þá kveður V að samkvæmt upplýsingum frá A sé eins gólf á umræddu eldhúsgólfi og sé víða á gólfum eldhúsa á hótelum, veitingastöðum og mötuneytum. Sé því mótmælt sem röngu að umrætt gólf hafi verið óvenju hált eða að starfsmenn hafi ítrekað kvartað vegna þess.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79 .gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slysi þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

M tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlitsins fyrr en 14. júní 2016 er tveir dagar voru liðnir frá slysinu, en þá var liðinn sá frestur sem A hafði að lögum til að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Af hálfu A var enginn frekari reki gerður að því að slysið og tildrög þess yrðu rannsökuð. Eins og hér stendur á hvílir sönnunarbyrðin á A um það sem aðila greinir á um og hefði mátt fá upplýst ef rannsókn hefði farið fram strax í kjölfar þess að slysið varð.

Ekki er um það deilt að M datt á hálu eldhúsgólfinu er hún var við störf hjá A. M telur að gólfið sé svokallað „epoxy“ gólf sem geti verið mjög hált. Þá hafi bleyta og fita átt það til að slettast á gólfið sem geri það enn sleipara. Þá hafi fituleysanlegt efni ekki verið til staðar til að þrifa gólfið með fullnægjandi hætti og þar af leiðandi hafi umhirðu gólfsins verið ábótavant. Þessum staðhæfingum M um gólfið og aðstæður á vinnustaðnum, sem eiga nokkra stoð í yfirlýsingu samstarfsfélaga M, hafa ekki verið hraktar af hálfu A. Verður að leggja þær til grundvallar við mat á ábyrgð A á slysinu. Verður slysið rakið til þessara aðstæðna sem verður að telja að hafi verið ófullnægjandi og til þess

fallnar að valda slysum eins og M varð fyrir. A ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og á M rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hótelsins A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 319/2019**M og
V vegna húseigendatryggingar húsfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 30.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V, dags. 14.10.2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Vatnsleka varð vart í íbúð M í A og stafaði lekinn frá baðherbergi í íbúðinni fyrir ofan. Skoðunarmaður á vegum V komst að þeirri niðurstöðu að um leka frá „ömmustöng“ hafi verið að ræða þar sem kítun væri óþétt þar sem stöngin fór í gegnum baðkarsbríkina. Taldi V því að um langvarandi leka hefði verið að ræða, enda tæki langan tíma fyrir vatn að mynda útbungun eins og þá sem hefði verið á veggjum í íbúð M. V vísaði því til greinar 17.9 í viðeigandi skilmálum þar sem fram kæmi að ábyrgðartryggingarliður váttryggingar A hjá V tæki ekki á langvarandi leka og hafnaði bótaskyldu.

M mótmælir því að um langvarandi leka hafi verið að ræða og hafi hann tilkynnt um tjónið um leið og hann varð þess var. V taki fram að „yfirleitt“ sé um langvarandi leka að ræða þegar lekur með ömmustöng en styðji fullyrðingu sína um að svo hafi verið í þessu tilviki ekki með gögnum. Þá hafi félagið ekki sett fram neina skýra skilgreiningu á því hvað teljist „langvarandi“ leki og hver tímamörk séu í því samhengi. Hafi V talið að umrætt tjón félli ekki undir bótasvið C-liðar váttryggingarinnar sem fjalli um ábyrgðartryggingu þar eð um langvarandi leka hafi verið að ræða. Hlutverk ábyrgðartryggingar sé að bæta tjón sem váttryggður ber skaðabótaábyrgð á, en samkvæmt 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús beri eigandi séreignar skaðabótaábyrgð vegna fjártjóns sem verður á eignum annarra eigna vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar og lögnum, mistökum við meðferð eignarinnar og viðhald hennar eða bilunar á búnaði séreignar og lögnum þó eiganda verði ekki kennt um slíka bilun. Ljóst sé að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi og að umrædd váttrygging taki til hennar enda eigi undantekningin um langvarandi leka ekki við.

Í bréfi V til nefndarinnar ítrekar V þá afstöðu skoðunarmanns að umrædd ömmustöng hafi verið óþétt þar sem hún fór í gegnum brík baðkarsins og hafi því vatn smitast með stönginni og þaðan niður í íbúð M. Þá telur V að um langvarandi leka hafi verið að ræða og að það samræmist reynslu félagsins af sambærilegum málum. Váttryggingin taki ekki til tjóns vegna langvarandi raka eða vatnsleka. Það sé M sem beri sönnunarbyrði fyrir því að ekki hafi verið um langvarandi leka að ræða enda verði sá sem telur annan aðila bera skaðabótaábyrgð að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er bótaskyldu úr ábyrgðartryggingarliðu húseigendatryggingar A því hafnað.

Álit.

Meðal gagna fyrir nefndinni er að finna ljósmyndir af umræddri „ömmustöng“ og baðkarsbríkinni sem hún er leidd í gegnum. Af myndunum má ráða að nokkuð sé farið að kvarnast upp úr kítu við gatið á bríkinni og verður að telja að vatn hafi átt leið meðfram stönginni og í gegnum gatið. Þá sýnir ein ljósmyndanna aðstæður undir umræddu baðkari. Þar er að sjá nokkurn raka á gólfinu en ekki það mikinn að það skýri tjónið sem varð á íbúð M. Má af því, og þar eð ekki liggja fyrir nefndinni gögn er sýni fram á annað, ráða að um langvarandi leka hafi verið að ræða, og vatn hafi smám saman seitrað inn í vegg íbúðar M uns skemmdir komu í ljós.

Í C-lið umræddra váttryggingarskilmála er að finna ákvæði um ábyrgðartryggingu. Það kemur fram í gr. 17.9 að váttryggingin bæti ekki tjón sem verður vegna langvarandi raka eða vatnsleka. Líta verður svo á að um hlutlæga ábyrgðartakmörkun sé að ræða sem eigi við óháð því hvort skaðabótaskylda sem slík sé til staðar. Er bótaskylda úr ábyrgðarliðu váttryggingarinnar því ekki til staðar. Þá verður ekki séð að tjón M sé bótaskyldt á grundvelli annarra skilmálaákvæða váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu húsfélags A hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 320/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna vatnstjóns í júlí 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29. september 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 8. október 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón haf orðið vegna vatnsleka frá kaldavatnsinntakið á lóð við fasteign M og lak vatn inn í fasteignina.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á vatnstjóni hans, en þegar tilkynnt hafi verið um tjónið hafi M verið í sumarfrí norður í landi. Í samskiptum sem M kveðst hafa átt við starfsmenn V og X hafi ekki annað komið fram en að lögn í eigu X hafi farið í sundur og ekki hafi komið fram fyrr en síðar að sá möguleiki væri til staðar að lögnin væri í eigu M og frekari ráðstafana væri þörf af hans hálfu. Einnig vísar M til þess að saknæm háttsemi starfsmanna X hafi verið sú að loka ekki fyrir vatnsaðstreymi og ósannað sé að það hefði haft áhrif á aðra íbúa í nágrenninu. M vísar til almannahlutverks X og þess að bæði starfsmenn X og V hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni gagnvart M.

V telur að bilun hafi orðið í lögn sem er í eigu og á ábyrgð M sjálfs og ekki sýnt að bilun hafi orðið vegna vanrækslu á viðhaldi lagnakerfis X. V telur auk þess að ekki sé hægt líta svo á að X hafi borið skylda til að skrúfa fyrir vatnsaðstreymi að því hverfi sem hús M er í til að koma í veg fyrir tjón hans því það hefði haft áhrif á önnur hús í hverfinu og mögulega skapað hættu fyrir aðra. Einnig telur V að þó ekki hafi verið lokað fyrir vatnsaðstreymi sé ósannað að það séu orsakatengsl milli þess og tjóns sem M varð fyrir.

Álit.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á að tjón hans sé hægt að rekja til þess að einhver annar beri skaðabótaábyrgð á því. Í því felst að M þarf að sýna fram á að tjón hans sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málinu er upplýst að bilun varð í lögn sem tilheyrir fasteign M. Ekki liggja fyrir nægilega skýr gögn í málinu að bilun þessa megi með einhverjum hætti rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða einhvers sem tilheyrir lagnakerfi X. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti þar um. Auk þessa verður ekki talið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vanrækt að gera ráðstafanir sem hefðu getað takmarkað tjón M með því að loka fyrir vatnsaðstreymi að húseign hans, án þess að það hefði þannig áhrif á aðra notendur að óhætt hefði verið að framkvæma slíka aðgerð. Verður það ekki metið þeim til sakar. M á því ekki rétt á bótum vegna vatnstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 321/2019**M og
V v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um rétt félagsins til að fella niður ábyrgð vegna rangra upplýsinga í
vátryggingarumsókn.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.10.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 18.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með umsókn móttækinni hjá V 2. júlí 2003 sótti M um sjúkdómatryggingu. Í umsókninni svaraði M neitandi spurningu hvort hann hafi áður haft „aðra sjúkdóma“, svo og spurningu um hvort hann sé eða hafi verið á lyfjum. Hinn 28. febrúar 2019 gekkst M undir opna hjartaaðgerð. Með tilkynningu móttækinni hjá V 26. mars 2019 krafðist M bóta úr vátryggingunni vegna hjartaaðgerðarinnar.

Í sjúkraskrá sem aflað var í tilefni af bótakröfunni kom fram að um nokkurra ára skeið hafði M verið á svefnlyfjum, m.a. mun hann hafa verið á lyfinu Ropan á tímabilinu september 1998 til september 2001 og á lyfinu Flunitrazepam frá september 2001 til janúar 2003, og einnig sterkum verkjalyfjum um tíma. Hefði M veitt réttar upplýsingar í vátryggingarumsókninni á sínum um þessa lyfjanotkun og þau sjúkdómseinkenni sem orsökðu notkun lyfjanna kveður V að hefði það leitt til þess að aflað verið ítarlegri upplýsinga sem hefðu haft veruleg áhrif á mat félagsins á áhættu. Er í því sambandi bent á áhættumatsreglur endurtryggjanda V á þeim tíma sem vátryggingin var tekin, þar sem við það var miðað að misnotkun róandi lyfja innan árs frá umsókn hefði leitt til þess að umsókninni hefði verið hafnað, en með möguleika á að sækja um síðar. Áhættumatsreglur V tækju mið af reglum endurtryggjanda á hverjum tíma. Hefðu réttar upplýsingar um svefnleysi og „lyfja(mis)notkun“ í kjölfar þess legið fyrir við töku vátryggingarinnar sé ljóst að umsókn M hefði verið hafnað að sinni og vátryggingin ekki gefin út. Með vísan til framangreindra atriða hafnaði V bótaábyrgð vegna rangrar upplýsingagjafar við töku vátryggingarinnar, sbr. 2. og 3. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga má í persónutryggingum fella ábyrgð vátryggingafélags niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Við mat á ábyrgð félagsins í þessu sambandi skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökinn var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

Í fyrirbyggjandi skjali sem mun vera hluti af áhættumatsreglum endurtryggjanda V þegar hin umdeilda vátrygging var tekin virðist mega ráða að sá sem hefur misnotað og verið háður (þ. á m. ómeðvitað) (e. „Drug Abuse and Dependence (including solvent abuse)“) róandi lyfjum (e. sedatives), t.d. „Diazepam, Nitrazepam, Chlordiazapoxid“, sem ávísuð hafa verið af lækni (e. prescribed by doctor) og önnur atvik séu í sögu (e. „Other cases, in history“) viðkomandi innan árs frá umsókn um sjúkdómatryggingu skuli hafna umsókn með möguleika um að sækja um síðar. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að lyfið Flunitrazepam sé svefnlyf og sé tekið við svefnleysi. Þá verður hvorki af því sem liggur fyrir úr áhættumatsreglum endurtryggjanda V né gögnum málsins að öðru leyti ráðið með skýrum hætti að Flunitrazepam teljist til róandi lyfja sem hafi átt að leiða til höfnunar vátryggingarinnar samkvæmt því sem greinir í téðum reglum. Verður ekki séð að V hafi sýnt fram á að því hafi verið heimilt að fella niður vátrygginguna með því að réttar upplýsingar í vátryggingarumsókninni um svefnvandamál M og lyfjanotkun hans hefðu leitt til þess að honum hefði verið synjað um vátrygginguna, a.m.k. um sinn, á grundvelli áhættumatsreglna. V hefur ekki tilgreint aðrar ástæður sem eigi að leiða til þess að fella beri ábyrgð þess niður í heild eða að hluta. Eins og málið liggur fyrir er því ekki efni til annars en að fallast á rétt M til óskertra bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 322/2019**M og
V vegna málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar vegna ágreinings í einkamáli.****Gögn.**

Málskot, móttekið 26. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 30. október 2019.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 31. október og 1. nóvember 2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M á í ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjaness vegna erfðamáls. Málið hefur fengið málsnúmerið hjá dómstólnum og er rekið sem mál vegna dánarbússkipta.

M hefur telur að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V og vísar til þess að svokölluð Q-mál séu ekki sérstaklega undanskilin í váttryggingarskilmálum V og ekki séu rök til þess að líta þó ágreiningur sé leiddur til lykta með úrskurði en ekki dómi.

V vísar til þess að skv. 1. mgr. 20. gr. váttryggingarskilmála greiði V „... nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt.“ V vísar til þess að bótasvið váttryggingarinnar sé afmarkað með þeim hætti að hún nái einungis til mála sem hægt er að leiða til lykta með dómi eða réttarsátt og þar sem svokölluðum Q-málum lýkur ekki með dómi heldur réttarsátt þá falli mál M ekki undir gildissvið váttryggingarinnar.

Álit.

Þegar litið er til bótasviðs málskostnaðartryggingar M hjá V verður að líta fyrst til ákvæðis 18.1 í váttryggingarskilmálum þar sem kemur fram að váttryggingin bæti málskostnað vegna „ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi.“ Í gr. 18.2 -18.15 eru síðan tiltekin sú áhætta sem er undanþegin bótasviði váttryggingarinnar. Í gr. 20 eru síðan ákvæði um ákvörðun bóta. og í gr. 20. kemur fram að „Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt.“

Umrædd uppsetning í váttryggingarskilmálum V aðgreinir því annars vegar bótasvið váttryggingarinnar (18. gr.) og hins vegar ákvæði um ákvörðun bóta (20. gr.). Verður ekki litið svo á að ákvæði váttryggingarskilmála um ákvörðun bóta sé hægt að túlka sem takmörkun á bótasviði því sem lýst er í 18. gr. skilmálanna þar sem kemur fram að váttryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem getur komið til úrlausnar héraðsdóms, eins og mál M er sannarlega. Í 18. gr. váttryggingarskilmála eru svokölluð Q-mál ekki sérstaklega undanskilin og stenst sú túlkun V því ekki skoðun.

Ágreiningur M sem er til úrlausnar hjá Héraðsdómi Reykjaness fellur því undir bótasvið málskostnaðartryggingar hennar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 323/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna viðgerðar á ökutæki árið 2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 30. september 2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 29. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti M tók A að sér að gera upp díselmótor úr bifreiðinni A, sem er Toyota Land Cruiser, árg. 1994. A bilanagreindi mótörinn, færði hann úr bifreiðinni og tók hann sundur. Blokk, sveifarás, stimplar og tilheyrandi var sent til Kistufells til viðgerðar og heddi var sent til Kapp. Báðir framangreindir aðilar luku viðgerð og skiluðu samsettri blokk og heddi til A, sem síðan setti mótörhlutina saman og kom honum fyrir á sínum stað í bifreiðinni. Í fyrstu gangsetningu hafi komið fram eitthvað sem var ekki eins og það átti að vera en því hafi í engu verið sinnt af A. M hafi verið í reglulegu sambandi við A og Kistufell eftir að bifreiðin var tekin í notkun og hélt því fram að eitthvað hlyti að hafa farið úrskeiðis í upptekningu mótorsins en því hafi verið hafnað af hálfu þeirra þar sem ekkert hafi verið athugavert við þeirra vinnu. M hafi í kjölfarið leitað til margra reynslumikilla aðila á þessu sviði án þess að skýring hafi fengist á mikilli mengun/pústmekki frá bifreiðinni og skorti á afli. Í mars 2019 hafi M fengið bifvélaviðgerðarmeistara til að taka heddið af mótörnum og meta hvort greina mætti orsök fyrir þessu. Í ljós hafi komið að rangir stimplar höfðu verið settir í mótörinn.

Í bilanagreiningu meistarans hafi komið fram að ef rétt hefði verið staðið að samsetningu blokkar og hedds og mótör hefði verið snúið við samsetningu eins og stendur í leiðbeiningum framleiðanda hefði mátt koma í veg fyrir tjónið. Það mat byggði á því að sprengihólf röngu stimplanna hafi verið þannig hönnuð að glóðarkertin, sem standa niður úr heddi, hefðu komið í veg fyrir að hægt hefði verið að handsnúa mótörnum. Mótörinn hafi hins vegar verið gangsettur án þessa undirbúnings, með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á mótörnum. Þá kemur fram að túrbína hafi skemmst við fyrstu gangsetningu mótorsins, væntanlega vegna aðskotahluta sem brutu út úr spöðunum. Einnig hafi mótörinn verið látinn ganga smurolíulaus við fyrstu gangsetningu, sem væri gegn leiðbeiningum. Eftir að eigandi hafi tekið bifreiðina í notkun hafi komið í ljós fleiri mistök sem ekki verði kölluð annað en vítavert gáleysi og ófullnægjandi frágangur. Allt framanritað leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hafnaði bótaskyldu með tölvubréfi, dags. 3. maí 2019, þar sem fram kom að ekki sé um það deilt að A misförst að snúa mótörnum í kjölfar samsetningar í umrætt sinn en í upplýsingum frá Toyota umboðinu kom fram að litlar líkur væru á að því að við handsnúning á vélinni hefði verið unnt að finna mótstöðu sökum þess að rangir stimplar voru settir í vélina af bifreiðaverkstæðinu Kistufelli. Minni líkur en meiri séu á því að með handsnúningi hefði fyrirstaðan fundist og og þannig verið þess valdandi að uppgötvast hefði að um ranga stimplaísetningu væri að ræða. Tjónþoli beri sönnunarbyrði fyrir því að orsakatengsl séu á milli hinnar saknæmu háttsemi og þess tjóns orðið hefur og slík sönnun hafi ekki tekist.

Í málskoti M er þessari afstöðu V hafnað þar sem ljóst sé að stimplarnir hafi ekki komist í toppstöðu vegna fyrirstöðu frá hinum röngu glóðarkertum og þar með hefði fyrirstaðan fundist.

Álit.

Eins og fram kemur í athugasemdum V er ekki ágreiningur um að A misförst að snúa mótörnum í kjölfar samsetningar í umrætt sinn. Ágreiningurinn snýr hins vegar að því hvort sannað sé að þau mistök hafi valdið tjóni á bifreiðinni. A fullyrðir að svo sé og vísar til álits bifvélavirkjameistara. V hafnar þessu og vísar til álits Toyota umboðsins þar sem fram kom að litlar líkur væru á að

handsnúningur hefði leitt til þess að unnt hefði verið að finna mótstöðuna og koma þannig í veg fyrir tjónið. M ber sönnunarbyrði fyrir því að orsakasamband sé á milli þessara mistaka og þess tjóns sem varð og slík sönnun hefur ekki tekist. Tjónið fellur því ekki undir ábyrgðartryggingu sem A var með hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 324/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Norðurlandsvegi hinn 13.06.2019.****Gögn.**

Málskot móttakið 02.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V1 dags. 09.10.2019.

Athugasemdir V2 dags. 17.10.2019.

Málsatvik.

Hinn 13.júní 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem sonur M, X, ók í umrætt sinn, og B, sem er hópferðabifreið, á Norðurlandsvegi við Skriðulæk í Akrahreppi. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að X lýsi atburðum á þann veg að hann hafi ekið á um 95 kílómetra hraða á klukkustund, en orðið þess var að bifreið B nálgadist og að ökumaður hennar gerði sig líklegan til framúraksturs. X taldi framúraksturinn ganga hægt og illa jók því hraðann til að gefa B ráðrúm til að fara aftur á rétta akrein. Þegar honum fannst hraði sinn orðinn of mikill hafi X hins vegar hægt ferðina, með þeim afleiðingum að bifreið B var ekið aftan á bifreið A. Frásögn farþega í bifreið A var á sömu nótum. Í vitnisburði ökumanns B kemur fram að bifreið A hafi verið snarhemað fyrir framan hann og hann þá reynt að stöðva bifreiðina en ekið aftan á A. Farþegi í bifreið B bar vitni hjá lögreglu og er atvikalýsing hans á sama veg.

Þar sem ágreiningur var um sakarskiptingu var málinu skotið til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skyldi skipt til helminga. M er ósáttur við þá niðurstöðu og telur ökumann B bera alla sök á umræddum árekstri. Rökstyður hann afstöðu sína m.a. með því að ökumaður B hafi ekki gætt að því að hafa nægilegt bil milli bifreiða. Þá sé ekkert sem bendi til þess að X hafi snarhemað, hann hafi einfaldlega hægt á sér til að gefa B ráðrúm til framúraksturs, en áður hafi hann aukið hraðann í sama tilgangi. Hins vegar hafi X ekki gefið ökumanni B neitt merki, svo sem með stefnumerki, um að framúrakstur væri öruggur. Þá hafi verið slökkt á ökurita í B sem sé ólöglegt. Ökumaður B beri ábyrgð á framúrakstri og hafi þess utan verið á hraða sem hafi verið umfram löglegan hámarkshraða.

Í tilkynningu til nefndarinnar tekur V1, sem er váttryggjandi bifreiðar A, fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V2 þeirri afstöðu sinni að X, ökumaður bifreiðar A, beri alla sök á umræddum árekstri. Vísar félagið til vitnisburðar ökumanns B þar sem fram komi að X hafi þrívægis snarhemað sem hafi endað með því að bifreið B lenti aftan á bifreið A. Það sé rétt að sá sem hyggur á framúrakstur beri ábyrgð á honum, en hins vegar skyldi 21. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 aðra ökumenn til að víkja eins langt til hægri og mögulegt er verði þeir þess varir að ökumenn bifreiða sem á eftir koma ætli að reyna framúrakstur. Þá sé kveðið á um bann við því að auka ökuhraða við þær aðstæður. X hafi því verið óheimilt að auka hraðann enda hafi slík háttsemi verið til þess fallin að skapa hættulegar aðstæður. Akstursskilyrði hafi verið með besta móti og X meðvitaður um að bifreið B var fyrir aftan hann. Liggi ekkert fyrir um ástæður þess að X ákvað að hægja snögglega á bifreið sinni. Í háttsemi X hafi falist ásetningur til að hindra framúrakstur og með hliðsjón af því beri hann fulla ábyrgð á umræddum árekstri.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. umferðarlaga er ökumanni sem verður þess var að annar ökumaður hyggur á framúrakstur óheimilt að auka hraðann eða torvela framúraksturinn á nokkurn hátt. Þykir nægilega sýnt fram á, með vitnisburði X sjálfs svo og ökumanns B og farþega í báðum bifreiðum að X hafi ekki gætt að þessu í aðdraganda árekstursins. Þá þykir nægilega sýnt fram á að X hafi í það minnsta hægt nokkuð snögglega á ferð bifreiðar sinnar, og verður því að líta svo á að hann hafi brotið gegn ákvæði

3. mgr. 36. gr. sömu laga en þar er kveðið á um að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Verður því að líta svo á að X beri nokkra sök á árekstrinum. Hins vegar er kveðið á um það í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að ekki sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem á undan er stöðvi eða dregið sé úr hraða þess. Verður talið að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að þessu umrætt sinn. Þykir samkvæmt framansögðu rétt að sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna um sig ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 19. nóvember 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 325/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið varð fyrir skemmdum er henni var ekið í poll á vegi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 4:30 hinn 7. febrúar 2018 var A, bifreið í eigu M, ekið ofan í stóran vatnspoll á vegi í sveitarfélaginu B. Við það urðu skemmdir á A. Asahláka í kjölfar mikillar rigningar mun hafa valdið því að vatn safnaðist fyrir á akbrautinni þar sem vatnsniðurföll hafi ekki haft undan.

Starfsmenn B kveðast ekki hafa fengið upplýsingar um vatnselginn á umræddum vegi fyrr en eftir atvikið.

M kveður mikinn snjó og síðan hlýindi og rigningu hafa valdið vatnselgnum. Veðurspár deginum áður hafi átt að vera starfsmönnum B nægileg viðvörðun til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í tæka tíð til að koma í veg fyrir vatnssöfnun þá sem varð á veginum. Telur hann B bera ábyrgð á tjóni því sem varð á A og hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins telst óumdeilt að B telst hafa forræði yfir umræddum vegi og annast viðhald hans og telst því vera veghaldari hans, sbr. 5. og 6. tölul. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007. Samkvæmt 43. gr. laganna ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Skal veghaldari skal svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá er kveðið á um það í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Þótt veðurspár dagana fyrir atvikið hafi greint frá því að rigning væri í vændum þann dag sem tjónsatvikið varð verður ekki nægilega ráðið af umræddum veðurspám eða öðrum gögnum málsins að starfsmenn B hafi með fyrirvara mátt gera sér grein fyrir þeirri vatnssöfnun sem varð á veginum þannig að þeim hafi borið að grípa til ráðstafana áður en A var ekið í pollinn. Samkvæmt gögnum málsins telst því ósannað að skylda B til að grípa til ráðstafana í samræmi við 43. gr. laga nr. 80/2007 hafi stofnast áður en tjónið varð á A. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að skilyrðum bótaskyldu B skv. 56. gr. laganna séu að öðru leyti fyrir hendi. Af þessu leiðir að M telst ekki eiga rétt á bótum vegna tjónsins á A úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 326/2019**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar lögmannsins X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu lögmanns vegna innheimtu kröfu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 2. september 2019, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V dags. 14. október 2019, ásamt gögnum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 24. október 2019.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum þannig lýst að M hafi gert húsaleigusamninga við A vegna leigu á húsnæði í Reykjavík dags. 16. og 17. september 2009. Í málskoti kemur einnig fram af hálfu M að félagið hafi falið X að innheimta kröfu úr slitabúi A vegna umræddra leigusamninga. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 341/2016, sem kveðinn var upp 14. júní 2016, var úrskurður héraðsdóms, um að ekki væri hægt að viðurkenna þá kröfu sem M hafði lýst í slitabúið þar sem henni hafði ekki verið lýst fyrir en eftir að kröfulýsingarfrestur rann út, staðfestur.

M telur að X og þeir lögmennt sem hafi haft með málið að gera hjá X hafi sýnt saknæma háttsemi við meðferð þess. M rekur í málskoti að fyrsta greiðsluáskorun hafi verið afhent vegna kröfu M hinn 16. ágúst 2011 og 8. desember 2012 hafi verið sent innheimtubréf frá lögmannsstofu X vegna kröfunnar. Kröfulýsingu hafi síðan ekki verið skilað í slitabú A fyrir en hinn 13. febrúar 2015 og hún undirrituð af lögmanni sem starfaði í umboði X og merkt hans lögmannsstofu. M telur að sá dráttur sem varð á meðferð málsins hjá X feli í sér saknæma háttsemi af hans hálfu og bendir á að um störf lögmannna gildi sérfræðiábyrgð. M bendir á að gagnvart M hafi enginn vafi verið um að lögmannsstofa X hafi tekið að sér innheimtu kröfunnar og þó ekki hafi verið undirrituð formleg verkbeiðni um meðferð málsins og að það stóði ekki fyrir X að bera fyrir sig að ekki hafi verið ljóst hvaða lögmaður á lögmannsstofu X fór með málið. M bendir á að umboð hafi verið gefið til X og hann hafi komið fram gagnvart öðrum vegna hagsmuna M. Einnig mótmælir M að krafa hans í slitabúi A hafi verið tilhæfulaus og vísar til þess að engar slíkar upplýsingar hafi komið fram við meðferð X á málinu fyrir dómstólum.

V telur í fyrsta lagi að ekki sé sýnt fram á í málinu að X hafi verið falið að innheimta kröfur fyrir M, heldur bendi gögn málsins til að annar lögmaður hafi haft það verk með höndum og sá hafi ekki starfað í umboði X. Einnig bendir V á að X hafi ekki verið upplýstur um stöðu mála fyrir en með tölvupósti dags. 24. nóvember 2014 og þannig geti hann ekki borið ábyrgð á þeim drætti sem varð á að lýsa kröfu í slitabúið frá árinu 2012 og því ekki sýnt saknæma háttsemi við meðferð kröfunnar. Einnig vísar V til þess að kröfur M hafi verið tilhæfulausar og þannig sé ljóst að ekki geti hlotist fjártjón af störfum X þó kröfu hafi ekki verið lýst í slitabú innan kröfulýsingarfrests.

Í málinu liggur einnig fyrir bréf frá X, dags. 9. október 2019 þar sem hann rekur af sinni hálfu atburðarás málsins frá 2011 og vísar til þess að annar nafngreindur lögmaður hafi farið með málið fyrir M frá árinu 2011 og hafi sá komið fram á fundum f.h. félagsins sem og átt samskipti við fulltrúa slitabúsins vegna kröfunnar. Einnig vísar X til þess að hann hafi ekki haft vitneskju um skráningu kröfunnar í innheimtukerfi lögmannna í desember 2012 og það innheimtubréf sem sent hafi verið út vegna þess hinn 8. desember 2012. X kveðst ekki hafa haft spurnir af málinu fyrir en „löngu seinna“ og hafi þá hlutast til um að kröfulýsing væri send á árinu 2015 og það hafi verið án ástæðulauss dráttar. Einnig kemur fram í umræddu bréfi að lögmaðurinn X telur að krafa M hafi verið tilhæfulaus.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M leitaði sér lögmannaástoðar á árinu 2011 og taldi sig eiga kröfu í vegna vangoldinna leigugreiðslna. Þó ágreiningur sé um hvaða lögmaður hafi tekið að sér að innheimta kröfuna fyrir M er ljóst að innheimtubréf í nafni lögmansstofu X var sent út í desember 2012 og kröfulýsing síðar á árinu 2015. Á heimasíðu lögmansstofu X er sá lögmaður sem X vísar til að hafi unnið fyrir M tilgreindur sem hluti af teymi lögmanna og lögfræðinga stofunnar. Verður því ekki séð að einhver annar en lögmansstofa X hefði tekið að sér innheimtu þeirrar kröfu sem umrætt innheimtubréf var sent út af í nafni stofunnar í desember 2012. Af gögnum málsins og ofansögðu verður ekki annað séð en að lögmansstofa X hafi haft kröfuna til innheimtu alla vega frá því í desember 2012 þangað til dómur gekk í Hæstarétti 14. júní 2016.

Í málinu liggur niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 341/2016 um að kröfu M í slitabú A hafi ekki verið lýst í slitabúíð án ástæðulauss dráttar í skilningi laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Hvað varðar mat á saknæmri háttsemi lögmanna verður að leggja til grundvallar að sakarmat gagnvart sérfræðingum er strangt og hefur það verið staðfest í dómaframkvæmd. Það að gæta ekki hagsmuna M með því að lýsa umræddri kröfu í slitabúíð án ástæðulauss dráttar telst til gáleysis lögmans og dugar ekki fyrir X að bera fyrir sig að hafa sjálfur ekki vitað af stöðu innheimtumálsins, sem send var greiðsluáskorun vegna í hans nafni í desember 2012, fyrr en seint á árinu 2014.

Verður einnig að leggja til grundvallar að þessi saknæma háttsemi hafi falið í sér tjón fyrir M þó fjárhæð þess liggja ekki fyrir. Verður því fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Nefndin tekur ekki afstöðu til bótafjárhæða nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykta um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir og verður því ekki fjallað frekar um mögulega tjónsfjárhæð.

Niðurstaða.

Viðurkennd er bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins X hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 327/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Slys í trampólínskemmtigarði þann 11. nóvember 2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, mótttekið 2. október 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur M, dags. 20. október 2019.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu M til V var M þann 11. nóvember 2017 í trampólíngarðinum A þar sem hún hafði verið með vinkonum sínum í fyrsta sinn. Var hún að hoppa niður af vegg til þess að lenda á trampólíni fyrir neðan en datt á hliðarvegg og lenti illa á fætinum og slasaðist. Í bréfi V kemur fram að í frétt á Visir.is og fréttum Stöðvar 2 þann 15. nóvember 2017 hafi birst viðtöl við M þar sem nánari lýsing á slysinu hafi komið fram. Þar kom fram að þær vinkurnar hafi verið að hoppa á trampólín ofan af palli en í einu hoppinu hafi M séð að vinkona hennar lá á trampólíninu fyrir neðan hana og því hafi hún fipast eða hætt við í miðju stökki með þeim afleiðingum að hún lenti á hliðarvegg og rann af honum niður á trampólínið og beygði undir sig fótinn.

M krafði V um skaðabætur úr frjálstri ábyrgðartryggingu sem A var með hjá V en bótaskyldu var hafnað með tölvupósti, dags. 16. nóvember 2018. M telur ljóst að vítaverð vanræksla A sé orsök slyssins. Finna megi ótal fréttir af A þar sem m.a. kemur fram A hafi enn ekki sent viðeigandi heilbrigðiseftirliti fullnægjandi gögn um það hvernig öryggi gesta er tryggt meðan á dvöl stendur og neyðaráætlun ef slys verða. A hafi heldur ekki sýnt fram á að tækin uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki. Þá nefnir M að fjölmargar fréttir séu að finna hjá Creditinfo um A og tíðni fréttu af slysum á börnum sé án allra fordæma meðal íslenskra fyrirtækja. Þá bendir M á að ítrekað gáleysi hafið komið fram hjá starfsmönnum A, sem neituðu að hringja á sjúkrahúsi og gáfu M lyfseðilsskyld lyf í algjöru óleyfi. Þá hafi hvorki M né foreldrar M skrifað undir ábyrgðarleysisfyrirlysingu hjá A og M hafi ekki fengið neina fræðslu um öryggismál. M hafi verið hleypt inn í garðinn án þess að mæta með forráðamanni eða fullorðnum einstaklingi, sem væri þvert á þær reglur sem fram koma í viðtölum við eiganda A. Einnig telur M að það sé alvarlegt mál að upptökum af slysinu hafi verið eytt, enda um sönnunargagn að ræða sem eiganda A hafi mátt vera ljóst í kjölfar fréttu að væru mikilvæg gögn í málinu. M telur að framangreind vítaverð vanræksla forsvarsmanna A leiði til þess A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi A, sem er forsenda bótaskyldu samkvæmt íslenskum skaðabotalögum. Sýna verði fram á að reglur um öryggisráðstafanir hafi verði brotnar eða að aðstæður eða öryggisbúnaður hafi verið ófullnægjandi. Einnig þurfi að sýna fram á orsakasamband á milli slyss og meints vanbúnaðar eða vanrækslu. Í bréfinu kemur fram að fyrir liggi að nokkuð hafi verið um slys í trampólíngarði A á þessum tíma en að mati A sé ávallt hætta á slíku þegar mörg börn eru á trampólíni í einu. Ekkert liggi þó fyrir um að of margir hafi verið í einu á svæðinu á þeim tíma er slysið varð. Sjá megi af myndum í fylgiskjölum að súlur, veggir og pallar milli trampólína hafi verið klæddir svömpum og dúk til að minnka slysaþættu. Varúðarskilti voru einnig til staðar og eftirlit til staðar af hálfu starfsmanna. Ráðstafanir hafi því verið gerðar til að draga úr slysaþættu. M hafi bent á ýmislegt sem betur hefði mátt fara við rekstur starfseminnar í upphafi en að þau atriði séu ekki þess eðlis að þau leiði til skaðabótaábyrgðar vegna slyss M. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að trampólínin sem slík hafi verið vanbúin eða ekki uppfyllt reglur. Miðað við atvikalýsingu sé ekki neitt fram komið sem bendir til þess að ófullnægjandi búnaður eða vanræksla eða mistök starfsmanna hafi beinlínis orsakað slysið. Hér hafi því verið um óhapp að ræða sem ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir með annars konar búnaði eða öðrum aðbúnaði á staðnum og því sé rétt að hafna bótaskyldu.

Álit

Þó svo taka megi undir með M að ýmislegt kunni að hafa verið athugavert í starfsemi A og að viðbrögð starfsmanna í kjölfar slyssins hafi verið óeðlileg hefur ekki tekist sönnun þess að þau atriði hafi beinlínis verið orsakavaldur að slysinu. M ber sönnunarbyrði fyrir því að gáleysi starfsmanna eða óforsvaranlegur aðbúnaður eða önnur atriði á ábyrgð A hafi valdið slysinu. Slík sönnun hefur ekki tekist. Tjónið fellur því ekki undir ábyrgðartryggingu sem A var með hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu, sem A var með hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 328/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um miskabótakröfu vegna umferðaróhapps****Gögn.**

Málskot mótttekið 2.10.2019 ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V dags. 15.10.2019.

Málsatvik.

Hinn 16. júlí 2018 varð árekstur með bifreið A, sem M ók umrætt sinn og bifreiðinni B, sem X ók. Lögregluskýrsla var gerð um atvikið og þar kemur fram að M og Y, sem varð vitni að árekstrinum, lýsi atvikum svo að M hafi ekið inn á Sæbraut gegnt grænu umferðarljósi þegar X hafi ekið í veg fyrir hana gegnt rauðu umferðarljósi með þeim afleiðingum að árekstur varð. Virðist í sjálfu sér nægilega sýnt fram á að atvik hafi verið með þessum hætti og er ekki deilt um sök X á árekstrinum sem slíkum. X yfirgaf vettvang en hafði skömmu síðar samband við lögreglu. Í lögregluskýrslu kemur fram sú lýsing X á atvikum að hann hafi talið sig aka gegnt grænu umferðarljósi en geti þó ekki fullyrt að svo hafi verið og mögulega hafi hann litið á rangt ljós. Þá hafi hann fundið fyrir árekstrinum, en ekki tekið eftir bifreið A á vettvangi og talið að henni hefði verið ekið brott. Hafi honum brugðið og því ekið heim til sín.

M hefur farið fram á miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna atviksins, en hún hafi orðið fyrir líkamlegu tjóni. V hefur hins vegar hafnað þeirri kröfu á grundvelli þess að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til stórfellds gáleysis X. Þannig hafi ekki verið litið svo á að akstur gegn rauðu ljósi sé einn og sér nægilegur til aukningar eða skerðingar bótaréttar, en ekkert liggi fyrir um að orsök slyssins sé að rekja til annars en þess að X hafi litið á rangt umferðarljós, þ.e. beygjuljós sem logi sjálfstætt, augnabliki áður en hann ók inn á gatnamótin. Ekkert liggi þannig fyrir um að hann hafi t.d. verið illa áttaður eða ekið of hratt miðað við aðstæður. M fellir sig ekki við þessa afstöðu og telur það að aka gegnt rauðu ljósi fela í sér meiriháttar frávik frá umferðarlögum og háttsemi góðs og gegns bifreiðarstjóra. Það að X hafi í kjölfar árekstrar ekið heim til sín án þess að huga að aðstæðum á vettvangi bendi svo til þess að hann hafi verið illa áttaður, en hann hafi á tjónsdegi verið 74 ára gamall. Telur M á grundvelli þessa að X hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, sem leiði til réttar á miskabótum. Máli sínu til stuðnings vísar M jafnframt til Hæstaréttardóms í máli 522/2007.

Í bréfi sínu til nefndarinnar ítrekar V áður fram komna afstöðu sína og hafnar bótaskyldu enda teljist það að aka gegnt rauðu umferðarljósi ekki, eitt og sér, stórfellt gáleysi.

Álit:

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hún að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns hennar. Af gögnum málsins má telja ljóst að X hafi ekið í veg fyrir bifreið hennar gegnt rauðu ljósi. Það eitt og sér leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að aksturslag hans hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að aðrir þættir, en sá að X hafi litið rangt á umferðarljós, hafi verið meðverkandi orsakir árekstursins. Þannig er t.a.m. ekki sýnt fram á að X hafi ekið á óeðlilegum hraða eða að hann hafi verið illa áttaður við aksturinn sem slíkan, jafnvel þó honum hafi verið brugðið við atvikið og brugðist rangt við í kjölfar þess. Verður því ekki fallist á að X hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Á M því ekki rétt á miskabótum á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 329/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar I****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 01.10.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 09.10.2019 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir vinnuslysi 24. desember 2017 þegar hann hafði lokið vinnu sinni hjá I. Hann hafi verið að yfirgefa vinnu eftir dagvakt þegar hann hafi runnið til og fallið á göngustíg sem liggur frá vinnustaðnum og að bílastæðaplani þar sem bifreið hans var staðsett. M leitaði til læknis 27. mars 2018 þar sem fram kom að hann var með slitið krossband í vinstra hné. Mikil háлка var og nýfallin snjó á slysstað og missti M fótanna undan sér og féll fram fyrir sig. M telur að I beri skaðabótaábyrgð á tjóninu þar sem sú athafnaskylda hafi hvílt á starfsmönnum I að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tjón gæti hlotist af gönguleiðinni. M telur að það hafi verið sérstaklega mikilvægt að sanda eða salta gönguleiðina þar sem hún var notuð af starfsmönnum til að komast til og frá bílastæði. Þá hafi I ekki gætt þess að hafa svæðið nægjanlega vel upplýst. I beri því skaðabótaábyrgð á vanrækslu starfsmanna sinna á grundvelli reglna skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að slysið verði ekki rakið til atvika sem váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á að íslenskum rétti. V vísar í gögn frá Veðurstofu Íslands þar sem fram komi að meðalhiti á slysdegi hafi verið -1,2 gráður og lítis háttar snjókomma og að fram hafi komið í yfirlýsingu frá vinnufélaga M að það hafi byrjað að snjóa rétt um fimm leytið en slysið orðið um klukkan átta um kvöldið og ógerlegt sé að bregðast samstundis við snjó og háلكu.

Álit.

Það liggur fyrir að það byrjaði að snjóa um fimm leytið daginn sem slysið varð og M datt um klukkan átta. M hefur unnið í áratugi hjá I og þekkir aðstæður vel þar sem slysið varð. Ekki er unnt að bregðast við snjókommu og háلكu þegar í stað og miðað við gögn málsins þá var háلكan ekki meiri en búast mátti við. Ekki er fallist á að lýsingu á gönguleiðinni þar sem slysið varð hafi verið ábótavant. Orsök slyssins verður því ekki rakin til vanrækslu I né annarra atvika sem I ber ábyrgð á heldur er um óhappatilvik að ræða sem er ekki skaðabótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V. Með vísan til þess er V ekki bótaskyldt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 330/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega X****Sönnun tjónsatviks og slyshugtak vátryggingaréttar vegna óþæginda í öxl 21. desember 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23. september 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 21. október 2019, ásamt gögnum.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 11. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni sem hann rekur til þess að hann hafi við vinnu sína runnið til og fengið slynk á handlegg. Nánar tiltekið er haft eftir M í óundirritaðri tjónstilkynningu að hann hafi verið að setja rúðuvökva á 1000 lítra tank hjá bílaleigu á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi þurft að klifra upp á tankinn til að koma fyrir slöngu og þá hafi hann runnið til og dottið og hlotið meiðsli á öxl. Hluti af gögnum málsins eru myndbandsupptök frá húsnæði bílaleigunnar á þeim tíma sem M var þar að störfum.

M telur að sannað sé að hann hafi hlotið meiðsli á líkama sem rekja megi til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. M vísar til þess að hann hafi leitað læknis sama dag og atvikið varð og í læknisfræðilegum gögnum sé vísað til þess að hann hafi hlotið slæman slynk á öxl við vinnu sína. Einnig vísar M til þess að þær myndbandsupptök sem liggja fyrir í málinu sýni ekki greinilega þegar M hafi hlotið slynk og þó hann hafi getað klárað vinnudag þá hafi það atvik sem hann lýsti leitt til umræddra líkamsmeiðsla hans. Einnig tekur M fram að hann hafi verið að fullu vinnufær þegar hann lenti í umræddu atviki, þó hann eigi sögu um meiðsli á sömu öxl.

V telur ósannað að óþægindi M séu rakinn til atviks sem telst skyndilegt og utanaðkomandi í skilningi vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega. V vísar til þess að ekki sé hægt að sjá á myndbandsupptökum að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir og fái það stoð í upptökunum sjálfum sem og 8 blaðsíðna samantekt frá öryggisstjóra X um atburðarás skv. myndbandsupptökum.

Álit.

Í málinu liggja fyrir myndbandsupptök úr húsnæði bílaleigunnar og hefur nefndin skoðað þær. Þó sjónarhorn myndavélanna sé ekki alveg á M allan tímann verður ekki séð að það atvik sem M lýsir að hafi átt sér stað fái stoð í þeim upptökum eða gögnum málsins. Engar skýrslur liggja fyrir af þeim sem voru á staðnum um að atvik hafi verið með þeim hætti sem M ber um, en fjöldi manns var á staðnum af myndbandsupptökum að dæma. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti að hann hafi hlotið líkamsmeiðsl sem rekja megi til skyndilegs og utanaðkomandi atviks í skilningi slysatryggingar launþega. Sú sönnun liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 331/2019**V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns við fall í verslun.****Gögn.**

Málskot dags. 27.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V dags. 11.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Viðbótarathugasemdir V, dags. 14.10.2019.

Málsatvik.

M lýsir atvikum svo að hinn 25. júní 2018 hafi hún verið stödd í verslun A. Á gólfinu hafi verið trappa á hjólum og skór. M hafi fípast um tröppuna og svo dottið um skóinn með þeim afleiðingum að hún slasaðist töluvert. Telur M að vanræksla starfsmanna A hafi leitt til þess að hættulegar aðstæður sköpuðust í versluninni. Vísar M til þess að sjá megi af myndbandsupptöku sem til er af atvikinu hvernig starfsmaður A fjarlægði fyrst tröppurnar og svo skóinn sem staðfesti frásögn M af atvikum. Þá sé gáleysislegt að geyma tröppuna í gangvegi viðskiptavina enda hljóti að vera eðlilegra að geyma slíkar tröppur á lagersvæði og sækja þegar þeirra er þörf. Ríkar kröfur séu gerðar til verslunarrekenda um að viðhafa ráðstafanir til að tryggja öryggi og koma í veg fyrir slyshættu. Er því gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna slyssins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því að slys M megi rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á. Vísar V til áðurnefndrar myndbandsupptöku, en á henni megi sjá eitthvað hreyfast frá hillurekka eftir að M féll í gólfid. Þá megi sjá starfsmann A taka upp hvítan koll, sem sé þá það sem M féll um. Á myndbandinu sjáist starfsmaður einnig laga til þá skó sem til sýnis séu í hillunni en ekki sé um það að ræða að starfsmaður taki skó upp af gólfinu. Er því þ.a.l. hafnað að M hafi dottið um skó enda hafi engir skór verið á gólfinu. Þá hafi staðsetning kollsins, eða tröppunnar, ekki verið óeðlileg enda gangar verslunarinnar nokkuð breiðir og auðvelt að komast leiðar sinnar án vandkvæða.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M þá afstöðu að mun eðlilegra sé að geyma umrædda tröppu inni á lager og koma þannig í veg fyrir slys sem þessi. Þá er málf lutningi V hvað varðar umrædda myndbandsupptöku sérstaklega mótmælt enda megi sjá greinilega hvar starfsmaður taki skó upp á gólfinu. Enn fremur hafi sonur M verið vitni að atvikinu.

Álit:

Nefndin hefur haft til skoðunar umrædda myndbandsupptöku og er sjónarhorn myndavélarinnar e.t.v. ekki eins og best verður á kosið svo að rétt mynd fái af atvikum. Hins vegar má sjá á upptökunni, eftir að fall M hefur átt sér stað, eitthvað hvítt færast úr hillu ofarlega í rekkanum. Síðar á upptökunni má sjá starfsmann A laga til í hillunni. Má af þessu ráða að hugsanlegt sé að M hafi rekist í hilluna eða innihald hennar í fallinu. Hins vegar verður ekki talið sýnt af þessu myndbroti að skór hafi verið á gólfinu og að M hafi fallið um hann. Þá verður ekki talið að það að hafa trillu, eða tröppur á hjóli, sem gera má ráð fyrir að sé nokkuð áberandi, upp við skórekka leiði til skaðabótaábyrgðar A. Umrædd ábyrgðartrygging tekur til bótakrafna sem stofnast vegna atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á og þarf því að sýna fram á að tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess. Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að svo hafi verið. Er bótakröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 333/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um hvort slys megi rekja til notkunar bifreiðar****Gögn.**

Málskot mótttekið 03.10.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 21.10.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kvartar M yfir því að umferðarslys sem átti sér stað að morgni hins 3. ágúst 2018 hafi verið skráð sem tjón á bifreið hennar. Tildrögum slyssins lýsir hún svo að hún hafi verið að búa sig undir að aka út af bifreiðastæði við fjölbýlishús þegar hún sá hjólreiðamann (A) hjóla eftir gangstétt við útkeyrsluleið bifreiðastæðisins. Hafi hún þá stöðvað bifreiðina um 5-6 metra frá gangstéttinni. A hafi snarstöðvað hjólið þegar hann varð hennar var sem hafi leitt til þess að hann féll fram fyrir sig og lenti á gangstéttinni í 9-10 metra fjarlægð frá bifreið hennar. Slasaðist A töluvert. M telur að slysið megi rekja til rangra viðbragða A sem hafi auk þess verið á of mikilli ferð miðað við leyfðan hámarks hraða sem sé 30 kílómetrar á klukkustund. Þá telur M að fordæmi það sem V byggði afstöðu sína á eigi ekki við í málinu.

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir um slysið kemur einnig fram að M hafi stöðvað bifreiðina áður en hún kom að gangstéttinni sem A hjólaði eftir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir.

Álit:

Ljóst er að ekki var um eiginlegan árekstur að ræða með bifreið M og A. Í gögnum málsins er hvorki að finna framburð A, né frekari upplýsingar um samskipti M við V, þ.á.m. um fordæmi það sem M segir vísað til af hálfu V. Verður þó að miða við að V byggði afstöðu sína á 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en þar kemur fram að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður að telja að umrætt slys sé að rekja til viðbragða A, en ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að bifreið M hafi verið kyrrstæð í nokkurri fjarlægð frá hjólaleið hans. Verður því ekki séð að umrætt atvik verði rakið til notkunar bifreiðar M svo sem áskilið er í ofangreindu lagaákvæði.

V hefur ekki nýtt sér rétt sinn til að koma að athugasemdum, gögnum eða sjónarmiðum og verður að bera hallann af því að ekki hefur verið sýnt fram á með hvaða hætti umrætt slys sé að rekja til notkunar bifreiðar M. Á grundvelli framangreinds og fyrirliggjandi gagna verður því fallist á kröfu M.

Niðurstaða.

Umrætt slys verður ekki rakið til notkunar á bifreið M.

Reykjavík 14. nóvember 2019
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 335/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda A.****Ágreiningur um bótaskyldu þegar starfsmaður slasaðist við árekstur tveggja vörulyftara.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði sem vöruflutningabílstjóri hjá A. Að morgni 27. september 2018 var hann að störfum við að lesta bifreið sína á athafnasvæði A. Við verkið notaði hann lítinn vörulyftara af gerðinni Linde. Á sama tíma mun annar starfsfélagi M hafa unnið við að lesta aðra vöruflutningabifreið og við verkið notaði sá starfsmaður stóran lyftara af gerðinni Manitou. Mun þeim lyftara hafa verið ekið aftur á bak uns hann rakst á lyftara þann sem M stjórnaði. Við það varð M fyrir meiðslum.

Í fyrirbyggjandi skýrslu A til Vinnueftirlits ríkisins um slysið, dags. 13. nóvember 2018, segir svo orðrétt: „Ökumenn lyftaranna voru að lesta hvorn sinn bílinn og akstursleiðir þeirra skildu. Árekstur varð með þeim þegar Manito lyftarinn bakkaði á Linde lyftarann sem ók áfram með 3 kör framan á sér aftur fyrir akstursstefnu Manito lyftarans.“

Í málinu liggur fyrir skýrsla vitnisins B, þar sem m.a. kemur fram að vitnið hafi séð Manitou lyftaranum ekið nokkuð hratt aftur á bak og lent á Linde lyftaranum. Einnig kvaðst vitnið ekki hafa séð að stjórnandi Manitou lyftarans hafi horft aftur fyrir sig er hann bakkaði á hinn lyftarann.

M kveður stjórnanda þess lyftara sem ekið var á lyftarann sem M stjórnaði eiga sök á slysinu og hefur krafist óskertra bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Við meðferð málsins fyrir úrskurðarnefnd hefur V viðurkennt bótaskyldu að hálfu en telur að skerða beri bætur um helming þar sem M hafi ekki sýnt næga aðgæslu sem verði að virða honum til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124 /2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann verður fyrir í starfi sínu vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.

Frekari gögnum um slysið og tildrög þess en þeim sem að framan greinir er ekki til að dreifa. Af þeim gögnum verður ekki ráðið að slysið verði að einhverju leyti rakið til stórkostlegs gáleysis M. Af hálfu V hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði til að skerða bætur skv. 23. gr. a skaðabótalaga séu fyrir hendi. Af því leiðir að M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 336/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Flugvallarvegi 23. september 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 17. október 2019, ásamt gögnum.

Bréf V1, dags. 24. október 2019, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B við akstur á Flugvallarvegi. Nánar tiltekið var bifreið A ekið frá Nauthólsvegi inn á Flugvallarveg gegn biðskyldu og bifreið B var ekið yfir gatnamót eftir Flugvallarvegi með bifreið A á hægri hönd. Í málinu liggur fyrir myndbandsupptaka af árekstrinum.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum með því að troða sér framhjá bifreið hennar þar sem hún (á bifreið A) var komin inn á Flugvallarveg og að bíða í bílaröð til að fara áfram í átt að Bústaðavegi. M telur að myndbandsupptaka sýni aðstæður og að áreksturinn verði eingöngu rakinn til tillitleysis og yfirgangs ökumanns bifreiðar B í bílaröðinni.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B sem hafi ekið utan í bifreið A kyrrstæða og að ökumaður bifreiðar A hafi verið kominn inn á Flugvallarveg þegar árekstur varð.

V2 telur að rekja megi áreksturinn til þess að bifreið A hafi verið ekið gegn biðskyldu inn á Flugvallarveg og hafi því átt að veita bifreið B forgang við aksturinn.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að nokkur umferð var um Flugvallarveg í greint sinn og fjöldi bifreiða að bíða eftir að komast áfram, bæði úr akstursátt ökumanns bifreiðar A og B. Nauðsynlegt er að ökumenn sýni tillitsemi við slíkar aðstæður og m.v. myndbandsupptöku af árekstrinum verður ekki annað séð en að M hafi sem ökumaður bifreiðar A verið komin þannig inn á akbraut Flugvallarveg að hún hafi verið komin í bílaröð sem var að mjakast eftir veginum.

Ökumaður bifreiðar B sýndi aðstæðum ekki tillitsemi í greint sinn og ók áfram meðfram bifreið A án þess að gæta að því að hafa pláss til þess. Ökumaður A ók auk þess af vettvangi og ber sönnunarbyrði um að atvik og aðstæður hafi verið þannig að ökumaður A beri líka sök. Verður ökumaður B því talinn bera fulla ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á árekstrinum er lögð á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 337/2019**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málsvarnarkostnaðar í meiðyrðamáli.****Gögn.**

Málskot, móttekið 8.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði verið í sambúð með A um nokkurra ára skeið uns slitnaði upp úr sambúðinni í október 2016. Með stefnu þingfestri í héraði í febrúar 2019 höfðaði A dómsmál á hendur M þar sem þess var krafist að tiltekin ummæli, sem nánar eru tilgreind í alls 18 stafliðum og M birti á samfélagsmiðlum á árunum 2018 og 2019 og A telur að hafi verið ærumeiðandi í sinn garð, verði dæmd dauð og ómerk. Þá er þess m.a. krafist að M verði gert að sæta refsingu vegna ummælanna og greiða A miskabætur. Ummælin sem dómsmálið er risið af munu öll eiga skírskotun til lýsingar M á ofbeldisfullri háttsemi A meðan á sambúð þeirra stóð.

M tók til varna í dómsmálinu og hefur krafist greiðslu bóta úr réttaraðstoðartryggingu sem hún hefur í gildi hjá V vegna kostnaðar af málarekstrinum. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til tveggja ákvæða í skilmálum vátryggingarinnar þar sem kveðið er á um að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni, sem annars vegar varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað, auk þess sem sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt og hins vegar sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar greiðir vátryggingin að meginstefnu málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar almennra dómstóla hér á landi. Í ellefu stafliðum (a-k) eru tilgreind atvik, ágreiningur, mál eða málsbeiðnir, sem vátryggingin tekur ekki til. Þar á meðal eru atvik, sbr. a-lið, sem varða hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt. Einnig tekur vátryggingin samkvæmt h-lið ekki til atviks sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.

Dómsmál það sem A hefur höfðað á hendur M er risið af nánar tilgreindum ummælum sem M birti á samfélagsmiðlum á árunum 2018 og 2018 og lútu að háttsemi A meðan sambúð þeirra varði. Hver svo sem ástæða sambúðarslita M og A á árinu 2016 hafi verið verður ekki séð að dómsmál það, sem A hefur höfðað á hendur M vegna téðra ummæla varði sambúðarslitin eða hafi með öðrum hætti komið upp í sambandi við þau. Þegar af þeirri ástæðu getur V ekki borið fyrir sig fyrrgreindan a-lið undanþáguákvæðisins.

Til þess er að líta að það eru undanþáguákvæði frá hinu almenna bótasviði réttaraðstoðartryggingarinnar sem V ber fyrir sig þegar það hafnar bótaskyldu. Undanþáguákvæði samkvæmt h-lið er ekki svo skýrt orðað að ráðið verði með nægilegri vissu hvaða atvik það eru sem falla utan bótasviðs vátryggingarinnar sakir þess að skaðabætur eða aðrar kröfur sem hafðar eru uppi í dómsmáli varða „verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.“ Af hálfu V hefur ekki verið útskýrt eða rökstutt hvernig umrætt dómsmál fellur undir undanþáguákvæði h-liðarins. Þegar undanþáguákvæðið er virt heildstætt verður síðasti hluti þess, þ.e. „brots sem er saknæmt“, ekki skilinn öðru vísi en þar sé vísað til brots sem felur í sér refsiverða háttsemi og leitt getur til ákæru. Því verður ekki ráðið af orðalagi ákvæðisins að það taki til annarra atvika en þeirra sem hafa í för með sér skaðabótakröfu eða annars konar kröfu vegna refsiverðrar háttsemi vátryggðs sem leiðir til ákæru eða grunur er um að í háttseminni hafi falist brot sem geti verið refsivert og leitt til ákæru. Vart er um það deilt að miskabótakrafa á hendur M leiðir ekki til ákæru á hendur henni. Þá

verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að þau atvik sem A byggir kröfur sínar á feli í sér grun um saknæm brot af hálfu M sem geti leitt til þess að hún sæti ákæru. Refsikrafa sem höfð er uppi í einkarefsimáli, en sætir ekki ákæru, getur því ekki fallið undir undanþáguákvæðið sem hér um ræðir. Að þessu virtu verður því heldur ekki á það fallist að krafa M um bætur úr réttaraðstoðartryggingunni falli utan bótasviðs vátryggingarinnar á grundvelli h-liðarins.

Með því að ekki hefur verið sýnt fram á að krafa M falli utan bótasviðs vátryggingarinnar telst hún eiga rétt til bóta úr henni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 338/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð þegar M féll um gangstéttarbrún.****Gögn.**

Málskot mótttekið 03.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-11.

Bréf V dags. 21.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.10.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. júlí 2016 hafi M gengið út af hóteli í A, en fyrir framan hótelið sé búið að helluleggja bæði gangstétt og akbraut. Skil á milli þeirra og hæðarmunur séu óljós, og hafi M stigið á ójöfnu við gangstéttarbrún, með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist töluvert. M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna og að A beri að sjá til þess að vegfarendum sé ekki hættu búin við umferð um gangstéttar. Svo hafi ekki verið gert í þessu tilviki og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A fyrir hendi. Slysið hafi átt sér stað við skil gangstéttar og akbrautar fyrir framan hótelið. Rétt fyrir ofan hótelið sé akbrautin upphækkuð með ljósum hellum sem verði til þess að skil milli gangstéttar og akbrautar séu óljós. Hafi ætlunin verið að mynda gönguþverun hafi það ekki tekist sem skyldi enda þurfi við slíkt að gæta þess að enginn hæðarmunur sé milli gangstéttar og akbrautar. Samkvæmt leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gönguþveranir hefði annað hvort átt að lækka kantstein gangstéttarinnar í götuhæð eða hækka gönguleið á akbraut upp svo ekki myndast hæðarmunur. Í þessu tilviki hafi hæðarmunurinn, 3,5 sentimetrar, verið óljós og falinn og hafi M því ekki gert sér grein fyrir honum. Annars staðar í götunni séu skilin gleggri og frárennslisrenna staðsett milli gangstéttar og akbrautar. Sé nauðsynlegt að hafa hæðarmun milli gangstéttar og akbrautar, vegna umferðar blindra og sjónskertra, verði sá munur að vera skýrari. A hafi samkvæmt þessu borið að gæta þess að enginn hæðarmunur væri við gönguþverun. Ef ekki sé um gönguþverun að ræða hefði hæðarmunurinn hins vegar átt að vera greinilegri.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að ekki hafi verið sérstök gönguþverun þar sem M féll. Gönguþverun sé að finna neðar í götunni og þar sé búið að lyfta upp götuyfirborði þannig að ekki sé hæðarmunur milli götu og gangstéttar. Það sé svo nauðsynlegt, með tilliti til blindra og sjónskertra að aðgreina gangstéttir frá akbrautum með hæðarmun, og hafa augljósan litamun á götu og gangstétt vegna annarra vegfarenda. Umrædd gangstétt hafi verið aðgreind frá akbrautinni með 3,5 sentimetra háum gangstéttarkanti og mikill litamunur hafi verið á hellum gangstéttar og akbrautar. Þannig fæli umferð um gangstéttina ekki í sér slyshættu væri eðlileg aðgát sýnd. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M áður fram komna afstöðu sína. Þá vísar hún til tölvupóstsamskipta við starfsmann Vegagerðarinnar en í þeim komi fram að þar sem gangandi þveri vegi þurfi að hafa kantsteina hærra til að stýra akstursferlum ökutækja en hærra kantar „fæli“ öikumenn frá. Með hliðsjón af því geti 3,5 sentimetra hár kantsteinn vart talist fullnægjandi.

Álit.

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, vátryggðs. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að gönguþverun hafi verið á staðnum þar sem M féll, enda er hún samkvæmt ljósmyndum og lýsingum á aðstæðum neðar í götunni þar sem götuyfirborði hefur verið lyft þannig að ekki er hæðarmunur milli akbrautar og gangstéttar. Verður það því ekki metið A til sakar að hæðarmunur sé milli gangstéttar og akbrautar á þeim stað sem M féll. Þá verður ekki séð að hæð umrædds kantsteins, þ.e. 3,5 sentimetrar, sé í andstöðu við lög, reglur eða stjórnvaldsfyrirmæli um gatnagerð. Af myndum sem fyrir nefndinni liggja má jafnframt ráða að mikill útlitsmunur er milli hellulagnar á gangstétt annars vegar og akbraut hins vegar. Þannig er notast við mismunandi hellur og þær lagðar á mismunandi máta auk þess sem litamunur er á gangstétt og akbraut. Verður samkvæmt

framansögðu ekki talið sýnt fram á að slys M megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á heldur megi rekja tjón M til óhappatilviks og/eða eigin aðgæsluleysis hennar. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19. nóvember 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 339/2019**M og
V vegna fasteignatryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka frá affallsröri.****Gögn.**

Málskot, móttakið 03.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 21.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-4.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 12.12.2019, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum sem svo að í maímánuði 2019 hafi hún tekið eftir leka í íbúð sinni, en hún sé staðsett á neðri hæð tvíbýlishúss. Hún hafi fyrst orðið vör við bólgu í útvegg og það að málning var farin að flagna af. Í ljós hafi komið töluverðar rakaskemmdir í þremur herbergjum og á gangi íbúðar hennar og m.a. hafi þurft að mála og skipta um gólfefni vegna þess. Í ljós hafi komið að tjónið megi rekja til þess að affallsrör frá íbúð A, á efri hæðinni, hafi farið í sundur inni í vegg íbúðar M. Umrætt rör sé ekki tengt eign M að öðru leyti en að það liggi gegnum veggi og gólf íbúðar hennar. Samkvæmt upplýsingum frá A hafi umrætt affallsrör ekki alltaf virkað sem skyldi og hafi m.a. komið upp stífla í því og hafi A á einhverjum tíma beint affallinu í annað rör. Gerir M kröfu til bóta úr fasteignatryggingu A vegna tjóns síns.

V hafnaði kröfu M með bréfi dagsettu hinn 3. september 2019 á grundvelli þess að ekki sé um að ræða atvik sem A beri skaðabótaábyrgð á. Þannig hafi A tengt affallslögnina í góðri trú og ekkert bendi til þess að A hafi orsakað tjónið með gáleysi, vanrækslu eða annarri saknæmri háttsemi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til 7. tl. 8. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 sem kveði á um að allar lagnir sem þjóna sameiginlegum þörfum teljist sameign og að líkur séu til að lagnir í fjöleignarhúsi séu sameign allra. Þá hafi Kærunefnd fjöleignarhúsa talið að lagnir í sameiginlegu lagnakerfi séu sameign jafnvel þó þær þjóni aðeins þörfum einstakra eignarhluta. Jafnvel þó sýnt væri fram á að umrædd lögn þjóni aðeins íbúð á efri hæð, en ekki hafi verið sýnt fram á það, teljist hún því til sameignar. Ljóst sé því að A beri ekki ábyrgð á tjónum vegna bilunar í lögninni á grundvelli 51. gr. sömu laga. Þá sé ekkert fram komið um að tjónið verði rakið til háttsemi A. Enn fremur sé hugsanlegt að M sjálf hafi valdið tjóninu, en affall frá eldhúsvaski hennar hafi áður tengst umræddri lögn og því mögulegt að gengið hafi verið frá lögninni með röngum hætti þegar vaskurinn var fluttur. Er bótaskyldu úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar A því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M kröfur sínar og það að umrædd lögn tengist eingöngu efri hæð, enda hafi eldhúsvaskur í íbúð hennar, áður en hann var fluttur sjö árum fyrir tjónsdag, tengst affallslögn í gólfi en ekki inni í vegg þar sem lögnin hafi farið í sundur.

Álit.

Samkvæmt 51. gr. laga um fjöleignarhús er eigandi séreignar ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af: 1. Vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum. 2. Mistökum við meðferð hennar og viðhald. 3. Bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt. Samkvæmt 52. gr. er húsfélag ábyrgt með sama hætti og segir í 1. mgr. 51. gr. gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum vegna tjóns sem rekja má til bilunar á búnaði sameignar og sameiginlegra lagna. Fallist er á það með V að lagnir þær sem hér um ræðir séu sameiginlegar skv. 7. tölul. 8. gr. laga um fjöleignarhús og á ákvæði 52. gr. því við um þær. Húsfélagið ber því hlutlæga ábyrgð gagnvart M þar sem tjónið stafar af bilum á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt, sbr. 3. tölul. 52. gr.

Samkvæmt 56. gr. laga um fjöleignarhús eru húsfélög í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laganna og ekki þarf að stofna þau sérstaklega eða formlega. Allir eigendur og aðeins þeir eru félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss. V virðist byggja á því að þar sem umrædd affallslögn sé ekki séreign A þurfi sakarábyrgð að koma til svo bætur verði greiddar úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar hans. Á það verður ekki fallist enda segir í 1. mgr. 19. gr. þeirra skilmála er um váttrygginguna giltu á tjónsdegi að váttryggingin váttryggi gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu fasteignar eða eignarhluta váttryggðs í henni, eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans. Verður því að telja að umrædd váttrygging taki til hlutlægrar bótaábyrgðar váttryggðs á grundvelli lögbundinnar aðildar hans að húsfélagi. Þar sem kveðið er á um það í skilmálum umræddrar váttryggingar að bótaskylda sé aðeins í samræmi við eignarhlut váttryggðs takmarkast bótaskylda V við hann.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húseigendatryggingu A hjá V en þær takmarkast við hlutfall eignarhluta A í fjöleignarhúsinu.

Reykjavík, 21. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 340/2019**M og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og****V v/ ábyrgðartryggingar dráttarvélarinnar B****Árekstur á Djúpvegi í Strandabyggð þann 7. ágúst 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið vestur Djúpveg en á undan A var B ekið, sem dró heyrúlluvagn, og á milli þeirra var ekið fólksbifreið (D) af gerðinni Subaru. A var ekið vinstra megin fram úr D og var á leið áleiðis fram úr B. Þá var B beygt til vinstri inn á tún að sunnanverðu við veginn. Við það rákust saman hægra framhorn A og vinstri hlið heyrúlluvagnsins u.þ.b. fyrir miðju. Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu var hjart var af degi þegar áreksturinn varð og þurr færi. Vegurinn var olíumalborin með einni akrein í hvora átt sem skildar eru að með brotinni miðlínu. Vegurinn mun halla til vesturs þar sem áreksturinn varð. 29,2 m löng hemlaför hafi verið sjáanleg eftir hægra framhjól A. Einnig hafi mátt greina slitrótt hemlaför eftir vinstri hjól A, lausamöl hafi verið í kantinum. Þá segir í lögregluskýrslunni að heyrúlluvagninn sé „dæmigerður sveitavagn“ sem sé óskráður, 11,7 m langur með 1,6 m langt dráttarbeisli að framan þannig að heildarlend hans hafi verið 13,3 m. Engin ljós hafi verið tengd á vagninum en glitaugu verið á hlið og vinstra megin að aftan.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 50 km hraða á klst. og séð B og D „lúsast áfram“. Hafi hann ætlað fram úr ökutækjunum. Þegar hann hafi verið við hlið D hafi A skyndilega verið beygt til vinstri og farið vinstra megin út af veginum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið rólega niður brekkuna og tekið eftir D sem hafi verið ekið á eftir honum. Hann hafi gefið stefnumerki og beygt til vinstri inn á túnið. Hann hafi ekki séð A, en fundið svo fyrir högginu þegar A lenti á vagninum.

Eftir ökumanni D er haft að hann hafi ekið rólegur á eftir B. Hann hafi tekið eftir að stefnumerki voru gefin á B áður en henni var beygt. Hann hafi einnig tekið eftir A sem hafi verið á leið fram úr á „góðri ferð.“

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af vettvangi má ráða að á veginum hafi verið hálfbrotin lína (L21) (línan þrisvar sinnum lengri en bilið) sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð, sbr. b-lið 21. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Nægilega er sannað samkvæmt frásögn ökumanns B, sem fær stoð í framburði ökumanns D, að ökumaður B hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en framúrakstur hófst. Við þessar aðstæður var ökumanni A óheimilt að aka vinstra megin fram úr B auk þess sem hann sýndi ekki þá varkárni sem af honum mátti krefjast er hann ók yfir hálfbrotna línu. Hann telst eiga meginsök á árekstrinum. Ökumaður B sá ekki til ferða A áður en árekstur varð. Hann gætti því ekki nægilega að umferð á eftir sér áður en hann beygði til vinstri eins og honum bar skv. 2. mgr. 15 gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga. Vegna þessa á hann einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður dráttarvélarinnar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 341/2019**M og
V vegna sjúklingatryggingar læknis X****Skaðabótaábyrgð skv. lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 vegna læknismeðferðar árið 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7. október 2019 ásamt fylgigögnum 1-3.

Bréf V, dags. 29. október 2019.

Viðbótarathugasemdir lögmanns M, dags. 4. nóvember 2019.

Viðbótargögn frá V, móttakin í desember 2019.

Athugasemdir lögmanns M við viðbótargögn V, með bréfi dags. 13. janúar 2020.

Málsatvik.

M gekkst undir læknismeðferð hjá X í ágúst 2017 lýsir tjóni sem hún telur rakið til þeirrar læknismeðferðar í málskoti og hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V vegna þess tjóns.

Í gögnum frá X kemur fram að M hafi verið vísað til X til læknismeðferðar í ágúst 2017 vegna verkja inni í endaparmi. Í gögnunum kemur fram að hinn 31. ágúst 2017 var gerð ómskoðun á verkjasvæði þar sem M var svæfð og kom þar í ljós að lítil sepi var í endaparmi sem og sár þar í kring. Sepinn var fjarlægður og sár hreinsað. X lýsir því þannig að M hafi leitað til hennar með símtölum 20. og 28. september 2017 og skoðun hafi síðan farið fram 2. október sama ár. Þar hafi komið fram að M hafi haft óþægindi en X veitt ráðleggingar og skrifað upp á græðandi lyf m.t.t. þess hversu stuttur tími hafi liðið frá aðgerð. X lýsir því síðan í skýrslu sinni um málið að næsta viðtal og skoðun hafi átt sér stað 19. mars 2018 þar sem M lýsir nokkrum óþægindum og símtali 23. mars 2018 þar sem M hafði mikla verki. Aðgerð hafi síðan verið framkvæmd 6. apríl 2018 þar sem fjarlægður hafi verið annar sepi og greind rifa (fissure in ano). Í næstu heimsóknum M til X 20. apríl og 31. maí 2018 hafi síðan líðan M verið miklu betri.

Í kröfubréfi M til V, dags. 7. nóvember 2018 kemur fram að M telji sig hafa orðið fyrir tjóni í skilningi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 þar sem læknismeðferð X hafi haft í för með sér miklar kvalir fyrir hana allt frá því að aðgerð fór fram 31. ágúst 2017 og að haga hefði mátt eftirfylgni betur í kjölfar hennar auk þess sem ósanngjarnt sé að M þoli þá miklu fylgikvilla sem fylgdu aðgerðinni bóta laust. Vísaði M til 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sem og þess að vægari kröfur væru gerðar til bótaábyrgðar skv. bótareglum laganna en almennt í skaðabótarétti. Í málskoti er óþægindum M í kjölfar aðgerðar lýst og að hún hafi leitað oft til læknis vegna verkja eftir aðgerðina 31. ágúst 2017 og hafi þurft að þola miklar kvalir í 8 mánuði og verið óvinnufær um tíma. Einnig voru gerðar athugasemdir við að V hafi komist að niðurstöðu um bótaskyldu án þess að upplýsa M um þau gögn sem félagið hafði vegna málsins.

Nefndin óskaði eftir því að fá öll gögn málsins með tölvupósti 2. desember 2019 og mat það svo að til þess að komast að niðurstöðu þyrfti að veita M tækifæri til að sjá gögnin og gera athugasemdir við þau. Þær athugasemdir bárust nefndinni 13. janúar 2020, en vegna leyfis formanns nefndarinnar var málið ekki tekið aftur til afgreiðslu á fundi nefndarinnar fyrr en 11. febrúar sl.

M telur að skilyrði 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt varðandi tjón sitt og telur að X hafi ekki fylgt sjúklingnum M eftir eins og hún hefði átt að gera m.v. einkenni hennar eftir aðgerð og að átta mánaða verkjatímabil hafi átt að gefa það til kynna. M ítrekar einnig í seinni gögnum að vægari sönnunarkröfur séu gerðar í þeim lögum til bótaábyrgðar.

V hafnar því að skilyrði laga um sjúklingatryggingu um skaðabótaskyldu séu uppfyllt og vísar til þess að engin læknisfræðileg gögn hafi fylgt með kröfu M um bætur og ekki sé sýnt fram að að haga hefði mátt meðferð M með öðrum hætti en gert var.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis, rétt til bóta samkvæmt lögunum. Samkvæmt 1. tl. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Skv. 4. tl. 2. gr. laganna skal m.a. bæta tjón sem hlýst af fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli hann bótalest.

Í þessu máli liggur fyrir að M hafði óþægindi í endaparmi þegar hún leitaði til læknisins X og var framkvæmd skoðun sem leiddi til aðgerðar 31. ágúst 2017 vegna þess. Í kjölfarið kveðst M hafa leitað oft til lækna vegna verkja og að aðgengi að læknum X hafi ekki verið fullnægjandi. Það hafi síðan ekki verið fyrr en í apríl 2018 sem M hafi hlotið bót meina sinna þegar X hafi framkvæmt aðra aðgerð.

Þó sönnunarkröfur séu vægari til bótaskilyrða þeirra sem tilgreind eru í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu verður ekki litið framhá því að skv. 1. tl. 2. gr. verður að sýna fram á að að öllum líkindum hefði mátt komast hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt var. Engin sönnunargögn liggja fyrir um það og ekki verður ráðið af gögnum málsins hvernig hefði mátt haga meðferð með öðrum hætti en gert var. Því liggja ekki fyrir gögn sem styðja kröfu M um bótaskyldu skv. lögunum, en ekki verður heldur séð að um hafi verið að ræða fylgikvilla í skilningi 4. tl. 2. gr.

Í lögum um sjúklingatryggingu er ekki kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð nema vegna tjóns sem hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða búnaði skv. 2. tl. 2. gr. og verða bótareglur annarra töluliða 2. gr. ekki túlkaðir þannig að um sé að ræða hlutlæga ábyrgð.

Af fyrirliggjandi gögnum verður því ekki hægt að fallast á að sýnt hafi verið fram á að skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu læknisins X hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 342/2019**M og
V vegna slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifhjólans A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysaftryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttækið 10.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 14.11.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 10. júní 2017, ekið bifhjóli á malarvegi á um 70 kílómetra hraða á klukkustund þegar hann lenti á grjóti og féll af hjólinu, með þeim afleiðingum að hann hlaut þungt högg, rifbeinsbrot, mar og viðvarandi eymsli víðs vegar um líkamann. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 11. október 2018 með vísan til þess að ekki væri sýnt fram á hverjar afleiðingar slyssins hefðu verið. M fellir sig ekki við þá afstöðu. M hafi leitað á slysadeild um einni og hálfri klukkustund eftir slysið og hafi, eftir skoðun þar, fengið uppáskrifuð verkjalyf og verið ráðlögð endurkoma ef honum versnaði af hósta, mæði, eða fengi hita. M hafi í kjölfarið gert ráð fyrir að einkennin jöfnuðu sig og hafi því ekki leitað aftur á heilsugæslu fyrr en í janúar 2019. Milli þessara læknisheimsóknna hafi M svo takmarkað tjón sitt með því að leita til kírópraktors og einkaþjálfara. Það hafi ekki verið fyrr en ljóst var að það skilaði ekki tilætluðum árangri sem hann hafi leitað aftur til læknis. Í málskoti kemur einnig fram að beðið sé frekari gagna um meðferð og ástand M, s.s. frá einkaþjálfara og kírópraktor.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að M hafi leitað á bráðamóttöku samdægurs en svo ekki leitað aftur til læknis vegna afleiðinga óhappsins fyrr en í janúar 2019, en engin gögn liggi fyrir um þá læknisheimsókn. Telur V að fyrirliggjandi gögn sýni ekki fram á að M hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna umrædds atviks. Mögulegt sé að um tímabundnar afleiðingar hafi verið að ræða en ekkert í gögnum málsins bendi til annars en að M hafi náð sér af þeim óþægindum sem hann kvartaði undan á tjónsdegi. Sé ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu til staðar milli umrædds atviks og einkenna M nú. Hafnar V því bótaskyldu.

Álit.

Gögn þessa máls eru afar takmörkuð en ágreiningur aðila snýr að því hvort orsakatengsl séu milli þess atviks sem lýst er í gögnum málsins og líkamlegra einkenna M. Fyrir nefndinni liggur læknisvottorð dags. 1. október 2018, auk bráðamóttökuskrár frá tjónsdegi en engin gögn hafa borist um aðra meðferð M í kjölfar umrædds tjónsatviks. Raunar liggur heldur ekki fyrir hver einkenni M eru nú, en engin gögn liggja fyrir nefndinni um þau né neina læknisheimsókn á árinu 2019. Af áður nefndu læknisvottorði má þó ráða að M hafi ekki leitað á heilsugæsluna frá slyssdegi. Samkvæmt öllu framansögðu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á varanlegar afleiðingar umrædds tjónsatviks og ber því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 343/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 18. september 2019.****Gögn.**

Málskot móttakið 10.10.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 14.11.2019.

Bréf V2 dags. 18.10.2019 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 17.11.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. september 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis vegna málsins lýsir M atvikum á þann veg að hún hafi ekið suður Langatanga og inn í ytri hring hringtorgs, en B hafi verið í innri hringnum. Þegar hún hafi ekið út úr hringtorginu og inn á Vesturlandsveg til vesturs hafi bifreið B verið ekið beint af innri hring og inn á hægri akrein þar sem bifreiðarnar hafi rekist saman. B lýsir atvikum hins vegar svo að hann hafi ekið vestur Vesturlandsveg á innri hring hringtorgsins og farið út af því á vinstri akrein Vesturlandsvegur. Þegar hann hafi ekið út úr hringtorginu hafi bifreið A verið ekið á hann. Það sé því ekki rétt að hann hafi verið á hægri akrein við áreksturinn, en hann hafi farið á hægri akrein síðar til að afstýra frekara tjóni. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök til helminga. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur ökumann B einan bera sök á árekstrinum.

Í málskoti áréttar M framburð sinn í áðurnefndri skýrslu. Þá tekur hún fram að B hafi ekki numið staðar fyrr en eftir að hún gaf honum hljóðmerki, og þá um 40 til 50 metra frá þeim stað sem áreksturinn varð. Þá lýsir hún þeirri afstöðu sinni að B hafi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga með því að skipta um akrein í hringtorgi, gefa ekki merki við akreinaskipti og að haga ekki akstri sínum í samræmi við aðstæður, en blautt og vindasamt hafi verið þennan dag.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V1 til þess að ákomur á bifreiðunum séu með þeim hætti að styðji lýsingu M á atvikum. Því beri að leggja alla sök á B.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V2 þeirri afstöðu sinni að gögn málsins styðji ekki framburð annars ökumanns umfram hins og þar sem ósannað sé um atvik málsins beri að skipta sök til helminga.

Álit:

Ökumönnum ber ekki saman um hvernig umræddur árekstur atvikaðist, og bera, í skýrslu sem gerð var vegna atviksins, hvor um sig að hinn ökumaðurinn hafi ekið í veg fyrir sig. Engum vitnum virðist til að dreifa og myndir af ákomum á bifreiðarnar gefa ekki óyggjandi vísbendingar um atvik. Er því ósannað hver atvik að árekstrinum voru. Verður því ekki séð að efni séu til að leggja sök á annan ökumanna umfram hinn og verður sök þar af leiðandi skipt til helminga.

Niðurstaða.

M, ökumaður A og ökumaður B bera hvort um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 344/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B.****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 11. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 18. október 2019.

Bréf V2, dags. 14. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti M segir að þann 1.4.2019 hafi M, ökumaður bifreiðarinnar B, lent í árekstri við bifreiðina A. Ökumaður ökutækisins A hafi ekki verið tilbúinn til þess að gera tjónaskýrslu á staðnum en lofað að skila henni inn samdægurs. Ökumaður A hafi þrátt fyrir loforðið ekki enn skilað inn tjónaskýrslu og ekki hafi náðst í hann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Samkvæmt einhliða tjónstilkynningu M varð áreksturinn með þeim hætti að ökutækinu A var bakkað úr bifreiðastæði við húsagötu í veg fyrir ökutæki B, sem leiddi til þess að árekstur varð með bifreiðunum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A á þeim grundvelli að ökumaður þess beri sakarábyrgð á því tjóni sem varð á bifreið B. V1 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að einhliða skýrsla M og myndir af vettvangi færi einar og sér ekki sönnur á hvernig óhappið atvikaðist. V2 tekur undir sjónarmið M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir einhliða tjónstilkynning M, ökumanns bifreiðarinnar B, þar sem atvikum er lýst, auk tveggja mynda sem sagðar eru sýna afstöðu bifreiðanna A og B eftir árekstur. Að sögn M hefur ekki náðst í ökumann bifreiðarinnar A þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir M og tryggingafélags hans. Liggur því ekki fyrir framburður annarra um málið en einhliða tjónstilkynning M og lýsingar hans á atvikum. Í gögnum málsins kemur fram að M vilji ekki tilkynna um málið til lögreglu. Hefur því ekki verið gerð lögregluskýrsla vegna málsins. Þá liggja ekki fyrir önnur gögn, svo sem framburður vitna, samanburður á ökutækjum eða annað sem staðfestir framburð M. Gögn málsins bera með sér að M vanrækti skýrslugerð í kjölfar árekstursins og að hann hefur ekki gert allt sem í hans valdi stendur til að tryggja sönnur á atvikum, svo sem með því að kalla til lögreglu á tjónsstað eða tilkynna um málið til lögreglu. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður að teljast ósannað að svo stöddu að árekstur hafi orðið með bifreiðunum eða að hann hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir. Greiðsluskylda hefur því ekki stofnast úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík 3. nóvember 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 345/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð þegar M féll í hálfu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 8.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V dags. 16.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 4.11.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. desember 2017 hafi M lagt bifreið sinni við heimili tengdforeldra sinna í A, en bifreiðastæðið sé staðsett við göngustíg sem sé á ábyrgð A. Þegar hann steig úr bifreiðinni hafi honum heyrst sonur sinn, sem notar hjólastól, vera að renna niður hjólastólaramp frá bifreiðinni og því hraðað sér honum til aðstoðar. Hafi hann þá runnið til á umræddum almenningstíg, sem hafi verið ísi lagður og í raun bara svell á slysstundu, með þeim afleiðingum að hann féll og slasaðist nokkuð. M telur að A beri ábyrgð á tjóni hans þar sem sveitarfélagið hafi sýnt af sér vanrækslu þegar kom að því að gæta öryggis vegfarenda. Kröfu sína styður M með því að athafnaskylda hvíli á A til að gera ráðstafanir í því skyni að tryggja almannaöryggi og koma í veg fyrir að slys hljótist af umferð um vegi og götur bæjarins, og vísar M til ýmissa ákvæða vegalaga nr. 80/2007 þessu til stuðnings. Leiði þau m.a til þess að A sé veghaldari umrædds stígar, og beri sem slíkur ábyrgð á tjóni sem hlýst vegna gáleysis veghaldara við veghaldið. Þá hafi A verið, eða mátt vera, kunnugt um aðstæður á umræddum göngustíg, enda hafi tilkynningar A sjálfs frá svipuðum tíma varað við hálfu víða. Af fréttum og tilkynningum sé jafnframt ljóst að fleiri hafi slasast við viðlíka aðstæður og því ekki um einsdæmi hvað varði vanrækslu A að ræða. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, ekki síst þar sem V teldi atvik við tjónsatburðinn ósönnuð.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji ekkert benda til þess að M hafi runnið á göngustígnum fremur en á bílastæðinu sjálfu. Engar myndir séu af aðstæðum á slysdegi og staðsetning slyssins sé óljós. Jafnvel þó sýnt væri að M hefði runnið til á göngustígnum væri það svo að götum bæjarins væri ráðað í ákveðið forgangskerfi þegar kæmi að snjómokstri og hálkueyðingu, og umræddur göngustígur sé úr alfararleið og auðvelt að komast um eftir öðrum leiðum. Sé hann því ekki framarlega í forgangsröð. Þá hafi sandur og salt verið aðgengileg fyrir íbúa. Hafnar V því bótaskyldu þar sem ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar og ólögþráttar háttsemi A.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar mótmælir M því sérstaklega að ekki sé sýnt fram á að tildrög slyssins hafi verið í samræmi við lýsingu hans á því. Þannig hafi hann lagt fram fjölmörg læknisvottorð og heilsufarsgögn er sýni fram á líkamlegt tjón hans, auk þess sem hann hafi lagt fram ljósmyndir af slyssað og veðurfarsupplýsingar. Þá hafi frásögn hans um slysið verið stöðug og hann hafi auk þess nafngreint fjölda vitna er geti staðfest hana. Þá er því mótmælt að skipulagt aðgerðarleysi A sem felist í því að sinna ekki hálkuvörnum á umræddum göngustíg þar eð hann njóti ekki forgangs geti réttlætt vanrækslu á að grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana á slyssað. Þá geti A ekki varpað skyldum sínum á íbúa eða gesti þeirra og gert þeim að sanda eða salta götur bæjarins.

Álit.

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónsatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, váttryggðs. Telja verður að ákveðins vafa gæti um það hvar nákvæmlega M rann til og féll umrætt sinn, og verður staðsetning bifreiðar hans ekki ráðin með vissu af ljósmyndum þeim sem liggja fyrir nefndinni. Þá er ekki fyllilega upplýst um hverjar aðstæður voru á umræddum göngustíg á slysstundu, þó ráða megi af útprentun af heimasíðu Vegagerðarinnar að um hálfu hafi verið að ræða. Jafnframt framvísar M m.a. fréttum um færð af heimasíðu A og skjáskotum af umræddum á samfélagsmiðlum. Ekki er um samtímagögn að ræða, en fyrir liggur að A varaði við hálfu í tilkynningu á heimasíðu sinni hinn 7.

desember 2017, eða sautján dögum fyrir slys M. Verður ekki talið að sú tilkynning feli í sér vísbendingar um veður eða færð á slysdegi, eða hve lengi háлка hafi verið til staðar. Þá liggja engar yfirlýsingar sjónarvotta fyrir nefndinni. Jafnvel þó fallist yrði á að M hafi runnið í háلكu á umræddum göngustíg leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að slys hans megi rekja til saknæms athafnaleysis A. Líta verður til þess að um fáfarinn göngustíg úr alfararleið er að ræða og því eðlilegt að háلكuvörn hans sé ekki í forgangi, enda eru íbúum færar aðrar leiðir til að komast á milli. Þá liggur fyrir að slys M varð á aðfangadegi sem þess utan var sunnudagur og því óraunhæft að vænta þess að öll svæði á ábyrgð A væru háلكuvarin þann dag, og því tilefni til sérstakrar aðgæslu. Hefur því ekki verið sýnt fram á saknæmt athafnaleysi af hálfu A og verður að telja að slys M sé að rekja til óhappatilviks en ekki atvika sem A eða starfsmenn þess beri ábyrgð á. Er kröfu um bótaskyldu því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 346/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A
Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.10.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 24.10.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið starfsmaður hjá E sem vann að byggingu húss fyrir A. Hann hafi verið við störf á 2. hæð húss sem verið var að reisa þar sem hann var að beygja steypustyrktarjárn sem var í veggnum inn á plötu og verið að bogra yfir því. Þegar hann reisti sig upp hafi hann fengið högg í höfuðið þar sem krani hafði slakað niður járnþúnti sem snúningur var á þannig að það slóst í höfuðið á M. Stjórnandi kranans hafi verið á öðrum stað í húsinu og því ekki séð M. Í málskotinu kemur fram að M hafi eingöngu notað hefðbundnar heyrnahlífar en ekki heyrnahlífar með útvarpi. Þá hafi M ekki reist sig upp og rekið höfuðið í heldur hafi járnþúntið skallið í höfuðið á honum þegar hann reisti sig upp vegna snúningsins sem var á því. Þá telur M að hann hafi mátt gera ráð fyrir að geta reist sig upp án þess að járnþúnt sem verið var að hífa væri það nálægt honum að það myndi slást í höfuð hans. M telur tjónið skaðabótaskyldt samkvæmt almennu skaðabótareglunni þar sem saknæm og ólögmat háttsemi starfsmanna A hafi valdið tjóni hans sem V beri að bæta.

V telur tjónið ekki bótaskyldt þar sem ekki sé um sök að ræða hjá A né starfsmanni hans. Í bréfi V kemur fram að járnþúntinu hafi ekki verið slakað á málskotsaðila heldur hafi hann verið í kyrrstöðu og höggið hafi komið þegar M reisti sig við. Þá hafi kranamaðurinn verið í talsambandi við M. V telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki sé bótaskyldt samkvæmt sakareglunni og ósannað sé að starfsmenn A hafi vikið frá venjubundinni eða fyrirmæltri háttsemi. Það sé M að sanna að um sök hafi verið að ræða. Þá liggja ekki fyrir hvert tjón M sé þar sem ekki komi fram í lækisfræðilegum gögnum hverjar hafi verið afleiðingar slyssins og hvergi sé getið hvers vegna M hafi verið óvinnufær eða hver einkenni hafi verið. Einkenni sem M hafi lýst við komu á bráðadeild hafi verið almenn og óljós, þ.e. þreyta og dofi.

Álit.

Ósamræmi er í frásögn M og A um aðdraganda slyssins og engin gögn í málinu liggja fyrir sem geta staðreynt frásagnirnar. Það liggur fyrir að M reis upp og fékk þá járnþúntin í höfuðið með þeim afleiðingum að hjálmur sem hann bar þeyttist af. Í bráðamóttökuskrá kemur fram að M hafi fengið steypustyrktarjárn í höfuðið. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að járnþúnt hafi slegist í höfuð M þegar verið var að hífa þúntið upp á plötu. M hafi verið boginn í baki við vinnu, risið upp og þá fengið höggið. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram að M hafi verið boginn í baki, risið upp og þá fengið höggið. Í gögnum málsins kemur hjá A að annar starfsmaður A hafi verið að taka á móti járnþúntunum og hafi hann kallað í M sem hafi ekki heyrt í honum sökum þess að hann hafi verið með járnhlífar með útvarpi á höfðinu. Starfsmaðurinn hafi bæði verið í talsambandi og sjónlínu við kranastjórnanda enda hafi hann verið að taka við járnþúntunum. Járnunum hafi verið slakað niður en þar sem þau hafi snúið öfugt hafi starfsmaðurinn snúið þeim í rétta átt og í sömu andrá hafi M reist sig upp og tekið höfuðið í járnþúntin. Gera verður þá kröfur til starfsmanna A að gæta að því að aðrir starfsmenn séu ekki í hættu þegar verið er að taka á móti járnþúntum. Í því tilviki sem hér um ræðir var M ekki varaður við járnþúntunum með nægjanlegum hætti með þeim afleiðingum að hann fékk þau í höfuðið þegar hann reis upp frá vinnu sinni. Telja verður slíka háttsemi starfsmanns A saknæma þannig að A ber hallan af afleiðingunum og er því skaðabótaskyldur gagnavart M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 347/2019**V vegna húseigandatryggingar húsfélags****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns á árinu 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14. október 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 28. október 2019, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið vegna vatnsleka í lofti í stofu og baði íbúðar í eigu M. Af gögnum málsins verður ráðið að íbúðin sé í fjöleignarhúsi og hafi vatn lekið frá baðherbergi nágretta á efri hæð.

M telur að tjón á íbúð hans hafi komið til vegna leka frá íbúð í sama húsi á árinu 2017. M telur ekki sýnt að tjónið hafi komið til vegna langvarandi leka, eins og V hafi haldið fram heldur hafi tjónið komið fram skyndilega á sínum tíma.

V vísar til þess að tilkynnt hafi verið um tjón í þeirri íbúð sem nú er í eigu M á árinu 2017 og hafi bótaskyldu verið hafnað með vísan til gr. 9.1.1 í váttryggingarskilmálum húseigendatryggingar þar sem að mati félagsins hafi verið augljóst að um langvarandi leka hafði verið að ræða. Þannig hafi M að mati V ekki heldur mætt sönnunarbyrði sinni um að skilyrði skaðabótaréttar séu fyrir hendi og ekki fært rök fyrir því hvers vegna það sé rangt að um langvarandi leka hafi verið að ræða og heldur ekki sýnt fram á að tjónið hafi gerst skyndilega.

Álit.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um skemmdir á íbúð M, sem V hefur ekki mótmælt að séu til staðar. Hins vegar hefur V talið að skemmdirnar hafi ekki komið til vegna vatns sem óvænt og skyndilega streymdi úr leiðslum hússins þannig að það hafi átt upptök sín innan veggja þess og falli þar af leiðandi ekki undir gildissvið húseigendatryggingar í skilningi gildissviðsákvæðis gr. 9.1.1 í váttryggingarskilmálum.

Hér verður hins vegar að líta til þess að einnig er í umræddri váttryggingu ábyrgðartrygging sem nær til skaðabótaábyrgðar váttryggðs. Í gr. 1.1 í almennum skilmálum váttryggingarinnar, sem gilda um ábyrgðartrygginguna í C-hluta skilmálanna, kemur fram að eigandi húseignar sé váttryggður.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M telji að bilun á búnaði í baðherbergi nágretta og leki frá því hafi leitt til tjóns á íbúð hans árið 2017. Í 1. mgr. 51. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er fjallað um skaðabótaábyrgð eigenda séreignar fjöleignarhúss gagnvart öðrum eigendum í sama húsi. Þar er meðal annars kveðið á um hlutlæga ábyrgð í 3. tl. þeirrar greinar vegna bilunar í búnaði. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að skemmdir í íbúð M hafi komið til vegna bilunar í búnaði í eign annars váttryggðs í húseigendatryggingu húsfélagsins og þannig sé skaðabótaábyrgð þess húseiganda, sem jafnframt er váttryggður, fyrir hendi. Í gr. 17.9 í váttryggingarskilmálum er undanþáguákvæði vegna tjóns vegna langvarandi raka eða vatnsleka. Ber V því sönnunarbyrði fyrir því að þannig hafi háttáð á árinu 2017 þegar tjón á íbúð M kom fram. Sú sönnun liggur ekki fyrir og verður V að bera hallann af því. M á því rétt á bótum úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar húsfélags hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar húsfélags hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 348/2019**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótafjárhæð. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-5

Bréf V, dags. 22.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 25.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Hinn 9. ágúst 2018 tilkynnti M V um að tjón hefði orðið á heimili hans, en blöndunartæki í þvottahúsi höfðu lekið þannig að af hlaust töluvert vatnstjón. Ekki er ágreiningur um bótaábyrgð V sem slíka enda hefur V viðurkennt bótaskyldu úr fasteignatryggingu M hjá V.

M segist hins vegar í málskoti vera ósáttur við uppgjör tjónsins. Einkum þegar kemur að tjóni á innihurðum, en hann hafi verið beðinn um að afla tilboða í smíði á nýjum hurðum. Áætlað verð samkvæmt tilboðum sé á bilinu 970.000 – 1.020.000 kr., og þá sé ótalinn kostnaður við ísetningu en hann sé áætlaður 143.000 kr. án virðisaukaskatts. Fjórar hurðir hafi skemmt við tjónsatburðinn og jafnframt hafi aðilar á vegum V fargað óskemmdu efni eins og lömum og húnum, og þannig leitt til aukins tjóns. Þrátt fyrir þetta hafi V aðeins greitt 292.000 kr. vegna tjóns á hurðum. Þá kvartar M einnig yfir frágangi og vinnubrögðum iðnaðarmanna á vegum V. Í málskoti kemur fram að gerð sé krafa um bætur vegna innihurða og annarra atriða sem voru óbætt þegar V lauk viðgerðum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst V þess í fyrsta lagi að máli þessu verði vísað frá nefndinni, þar sem það snúi að ágreiningi um bótafjárhæðir, og samkvæmt samþykktum sínum úrskurði nefndin einungis um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Samþykki V fyrir slíkri meðferð liggja ekki fyrir. Þá tekur V einnig fram að vegna óánægju M með störf þeirra iðnaðarmanna sem komu að viðgerðunum hafi vinnu verið hætt og tjónsmatsgerð gerð fyrir því sem eftir stóð. Hafi hún verið samþykkt og gengið frá greiðslu til samræmis. Eftir hafi staðið ágreiningur vegna tjóns á hurðum, en M hafi vísað til munnlegs tilboðs frá tiltekinni trésmiðju sem V hafi hafnað, þar eð tilboðið væri mun hærra en eðlilegt gæti talist. Jafnframt væri deilt um umfang skemmdanna, þannig séu aðilar ekki sammála um fjölda skemmdra hurða. Hafi V því greitt M 292.000 kr. sem sé fyllilega eðlileg upphæð og í samræmi við tilboð sem félagið hafi aflað.

Hvað varðar umræddar hurðar tekur M fram í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar að tilboð trésmiðjunnar hafi verið skriflegt og sent til V. Þá hafi hann aldrei óskað bótagreiðslu vegna hurðanna heldur eingöngu þess að V léti smíða sambærilegar hurðar. Fjárhæðir væru eingöngu til viðmiðunar. Þá telur M að tilboð það sem V vísar til standist ekki nánari skoðun auk þess sem það vekir athygli að V hafi ekki leitað tilboða fyrr, enda hafi margoft verið farið fram á það. Fjárhæðin sem V hafi greitt dugi vart fyrir endurnýjun á einni hurð, hvað þá fleirum. Er því krafa M um að V láti smíða eða bæti með greiðslu á enduröflunarvirði auk ísetningar á sambærilegum hurðum ítrekuð.

Álit.

Ágreiningur aðila snýst ekki um bótaskyldu V sem slíka, heldur það verðmat á þeim hurðum sem skemmdust í umræddu tjóni, og ber töluvert í milli þeirra upphæða sem aðilar vilja miða við. Verður því ekki séð annað en ágreiningur þessa máls varði einvörðungu bótafjárhæðir. Í 2. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005, segir: „Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“ Þá segir m.a. í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísi hún málinu frá. Í bréfi V dags. 22. október 2019 kemur fram að V fallist ekki á að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu og liggur því ekki fyrir samþykki allra

málsaðila í skilningi samþykktanna. Að svo vöxnu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 349/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar húsfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð þegar M féll við heimili sitt.****Gögn.**

Málskot mótttekið dags. 15.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-17.

Bréf V dags. 23.10.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 19. september 2018 hafi M fallið á illa farinni stétt fyrir utan íbúð sína, en sérinngangur er að íbúð hennar með nokkrum tröppum. M hafi margoft kvartað yfir ástandi trappa og gangstéttar við íbúð sína og bókað hafi verið á húsfundi að til stæði að ráðast í framkvæmdir. Á slysdegi hafi M farið út með rusl en á bakaleiðinni hafi hún fallið um ójöfnu þegar hún var rétt að koma niður tröppurnar og steypst fram fyrir sig á andlitið. M hafi krafist bóta vegna tjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V en V hafnað bótaskyldu. M tekur fram að hún geri sér ekki alveg grein fyrir því hvort hún hafi fallið á ójöfnu í tröppum eða á gagnstétt og telur það í raun ekki skipta máli þar sem bæði hafi verið í óforsvaranleg. Húsfélaginu A hafi verið það ljóst en þrátt fyrir það ekki gert reka að því að ráðast í viðgerðir. Þó bókun um áætlaðar viðgerðir hafi einungis verið færð í fundargerð A hinn 2. maí 2018, eða nokkrum mánuðum fyrir slysið, hafi íbúar kvartað löngu fyrir þann tíma og ljóst sé að ástandið hafi verið óviðunandi í mörg ár. A hafi hins vegar ekki sinnt lögbundinni skyldu um ritun fundargerða og verði að bera hallann af því. Burtséð frá bókunum og kvörtunum beri húsfélagi að hafa eftirlit með viðhaldi sameignar og gripa til aðgerða ef þurfa þykir. Vanræksla þess hafi valdið slysi M og á því beri A ábyrgð.

Í bréfi V til nefndarinnar tekur V fram að félagið túlki lýsingu M á atvikum, eins og hún var send félaginu, sem svo að M hafi verið á stétt fyrir utan heimili sitt, en ekki í tröppunum, þegar hún féll, enda hefði lýsing atvika verið með öðrum hætti hefði M fallið í tröppunum. Um sé að ræða stétt fyrir framan heimili M, sem hún gangi um daglega, og væri henni því ljóst um ástand hennar. Stéttir á einkalóðum séu með ýmsu móti og ekki verði lögð skaðabótaskylda á húseigendur tryggi þeir ekki að á þeim séu engar ójöfnur. Á húsfundi hafi verið tekin ákvörðun um að lagfæra „tröppur fyrir íbúð“, en íbúar A séu ekki einróma um það hvort sú bókun nái jafnframt til „stéttar“ fyrir framan íbúð M. Verði þess utan að leggja skýrt orðalag bókunarinnar til grundvallar, en ekki vangaveltur íbúa um hvað hún hafi átt að fela í sér. Þá telur V, að jafnvel þó M hefði dottið í tröppunum, eða fallist yrði á að bókun um fyrirhugaða viðgerð hefði verið ætlað að ná til stéttarinnar, leiði það ekki sjálfkrafa til bótaskyldu A. Þannig liggja ekkert fyrir um hvort tilboða hafi verið aflað vegna fyrirhugaðra framkvæmda, hvort frekar hafi verið fundað vegna þeirra um sumarið o.s.frv. Það feli ekki í sér vanrækslu þó sumarið hafi liðið milli ákvörðunar um framkvæmdir og slyss M. Að endingu tekur V fram að verði fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A skuli bætur til M skerðast í hlutfalli við eignarhluta hennar.

Álit.

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónsatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, vátryggðs. Af ljósmyndum sem liggja fyrir nefndinni er ljóst að þau þrep sem liggja að íbúð M eru í slæmu ástandi og hefur molnað upp úr þeim. Þá virðist sem mulningur úr tröppunum hafi borist á stéttina við útidyrarhurð hennar og valdið því að hún er ójöfn yfirferðar. Þá liggja fyrir nefndinni sex útfylltir spurningalistar frá öðrum íbúum A. Af þeim verður ekki ráðið með vissu að rætt hafi verið um umræddar tröppur eða stétt á húsfundum sem haldnir voru fyrir 2. maí 2018, en svör eru nokkuð óljós varðandi það hvort skrifað hafi verið í fundargerðarbækur og hvort þær hafi verið sýndar íbúum. Í öllu falli liggja engar eldri fundargerðir fyrir nefndinni. Þá svara aðeins þrjár íbúar því játandi að tekin hafi verið ákvörðun um að láta laga ástand trappa og stéttar. Í fundargerð húsfundar sem haldinn var hinn 2. maí 2018 segir um ákvarðanir fundarins „einnig að lagfæra tröppur fyrir íbúð A“, en jafnframt var ákveðið að hækka

framlag íbúa í framkvæmdasjóð. Hins vegar kemur ekkert fram um það hvenær ráðast eigi í umræddar framkvæmdir eða hverjum er falið að leita tilboða eða ganga til samninga í því skyni. Af svörum íbúa við áðurnefndum spurningalistum má ráða að þeir séu sammála um að M hafi kvartað undan ástandi trappa og stéttar við íbúð sína en óljóst er af svörum þeirra hvort um ítrekaðar kvartanir hafi verið að ræða, og eins og áður segir liggja engin gögn fyrir nefndinni um slíkar kvartanir. Í ljósi þessa verður ekki talið að A hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi með því að viðgerðum hafi ekki verið lokið hinn 19. september 2018, fjórum og hálfum mánuði eftir umræddan fund. Þá ber einnig að líta til þess að M býr í umræddri íbúð og var þ.a.l. fullkunnugt um ástand stéttarinnar og trappanna og að fyllstu aðgátar væri þörf við umgang þar. Er þá ekki talin þörf á því að fá úr því skorið hvort M féll í tröppunum eða á stéttinni umrætt sinn. Verður samkvæmt framansögðu að telja að óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi hafi valdið tjóni M umrætt sinn en að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé ekki til staðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins A hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 350/2019**M og****V v/ réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar í tengslum við útburðarmál.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.10.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 28.10.2019.

Málsatvik.

M leigði tiltekna húseign, A, í sinni eigu. Leigjandi greiddi ekki húsaleigu og sá M sig tilknúna að rifta leigusamningi og krefjast útburðar. Hinn 4. júlí 2019 beindi M beiðni til héraðsdóms um að henni yrði veittur réttur til að bera leigjandann út úr A, sbr. 78. gr., sbr. 72. gr. laga nr. 98/1989 um aðför. Með vísan til síðari málsliðar 1. mgr. 82 gr. laga nr. 98/1989, sbr. 31. gr. laga 78/2015 um breytingu á þeim, tók aðstoðarmaður héraðsdómara ákvörðun 4. júlí s.á. um að M væri heimilt að fá leigjandann borinn úr A með beinni aðfarargerð auk þess sem leigjandinn var dæmdur til að greiða M 100.000 krónur í málskostnað.

M hefur í gildi húseigandatryggingu hjá V vegna A. Einn liður húseigandatryggingarinnar er sérstök réttaraðstoðartrygging og hefur M krafist greiðslu úr þeirri váttryggingu vegna kostnaðar við rekstur útburðarmálsins fyrir dómi. V kveður kostnað vegna dómsmáls sem leitt er til lykta með ákvörðun dómara falla utan gildissviðs váttryggingarinnar og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 1. mgr. 82. gr. laga nr. 98/1989 um aðför með síðari breytingum segir að ef gerðarþoli sækir ekki þing, þegar aðfararbeiðni er tekin fyrir, eða þingsókn hans fellur síðar niður, kveður héraðsdómari upp úrskurð um hvort og að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt framkomnum gögnum. Á sama hátt má dómari ljúka máli með ákvörðun ef aðfararbeiðni er að öllu leyti tekin til greina. Í útburðarmáli því sem M höfðaði á hendur leigjandanum að A var aðfararbeiðni M tekin til greina að öllu leyti og af þeim sökum lauk málinu með ákvörðun dómara samkvæmt síðari málslið lagagreinarnar.

Í váttryggingarskilmálum V fyrir húseigandatryggingu er svofellt ákvæði um gildissvið réttaraðstoðartryggingarinnar: „Váttryggingin tekur til ágreinings, sem snertir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar, og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt, gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.“

Samkvæmt þessu er gildissvið réttaraðstoðartryggingarinnar takmarkað á þann veg að það tekur einungis til ágreinings sem leiddur er til lykta með dómi, úrskurði eða dómsátt. Mál sem leidd eru til lykta fyrir dómi með ákvörðun dómara fellur því utan gildissviðs váttryggingarinnar. Af þessu leiðir að kostnaður M vegna málsmeðferðar útburðarmálsins fyrir héraðsdómi fæst ekki bættur úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið húseigandatryggingar hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 351/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar byggingarvöruverslunar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar pípulagningafyrirtækis B.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka úr klósettkassa.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 22.9.2019 (svo), ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 29.10.2019.

Málsatvik.

Er M var að ganga frá flísum í kringum klósettkassa á heimili sínu kom í ljós bleyta á bak við flísarnar og við skoðun mátti sjá að leki væri frá vatnsröri frá vatnskassanum. Klósettkassinn er ekki fasttengdur við klósettið en er staðsettur inni í vegg fyrir ofan klósettið. M fékk pípulagningamann til að skoða aðstæður og mun pípulagningamaðurinn hafa staðfest að lekinn „væri beint með rörinu úr klósettkassanum“. Klósettið ásamt klósettkassanum hafði verið keypt í byggingarvöruversluninni A en hvort tveggja sett upp af nafngreindum pípulagningameistara hjá pípulagningafyrirtækinu B. Skemmdir urðu á tréverki við klósettkassann og telur M að tjónið megi annað hvort rekja til galla í rörum sem eru hluti af klósettkassanum eða mistök hafi orðið við uppsetningu hans. Hefur M krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 og ábyrgðartryggingu B hjá V2.

V1 hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A m.a. með vísan til tölvubréfs frá A 21. ágúst 2019 þar sem fram kom að A hafi fengið kassann til skoðunar og niðurstaða skoðunarinnar hafi verið sú að kassinn læki ekki, en vatn hafi komið frá þéttingu sem af manna völdum sé ekki í lagi.

V2 hefur einnig hafnað bótaskyldu með vísan til tiltekinna ljósmyndar sem er meðal gagna málsins þar sem megi sjá að lekastraumur úr röri hafi litað rörið, en umrætt rör þarfnist ekki samsetningar frá pípura við uppsetningu. Bendi þetta til þess að varan hafi verið gölluð.

Álit.

Engin skýr sönnunargögn, svo sem skoðunar- eða matsgerð sérfróðra og óvilhallra aðila, liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að lekann mætti rekja annað hvort til galla í vatnskassanum eða til mistaka við uppsetningu hans. Báðir aðilar hafa neitað bótaábyrgð. Gegn neitun þeirra verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hver hafi verið orsök lekans. Við svo búið á M ekki rétt á bótum úr þeim ábyrgðartryggingum sem hann krefst bóta úr hjá V1 og V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarvöruverslunarinnar A hjá V1 né heldur úr ábyrgðartryggingu pípulagningafyrirtækisins B hjá V2.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 352/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis B****Árekstur á Grandatorgi við Fiskislóð 26. október 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 21. október 2019.

Bréf V1, dags. 29. október 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M ók bifreið A á ytri akrein hringtorgs og hugðist fara fram hjá gatnamótum við Fiskislóð þegar bifreið B hafi verið ekið í vinstri hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á innri akrein hringtorgsins og ætlað að beygja inn á Fiskislóð þegar árekstur hafi orðið við bifreið A. Hvorugur ökumanna getur borið um að þeir hafi gefið stefnumerki um akstursstefnu sína, m.v. framburði þeirra í lögregluskýrslu. Í málinu liggur einnig fyrir tölvupóstur ökumanns bifreiðar B til V2 og þar kemur fram að hún kveðst hafa ekið inn í hringtorgið úr Ánanaustum.

V1 telur að M sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt nægrar varúðar við akstur út úr hringtorgi, en ökumaður bifreiðar B hafi ekki gefið stefnumerki um akstursstefnu sína auk þess sem bifreið A hafi verið komin langt fram fyrir bifreið B þegar árekstur varð.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum fyrir að aka fram hjá útkeyrslu hringtorgs á ytri akrein án þess að gefa það til kynna með stefnumerki eða virða forgang bifreiða í innri hring hringtorgsins.

Álit.

Í lögregluskýrslu liggur fyrir framburður beggja ökumanna um að þeir geti ekki borð um hvort þeir gáfu stefnumerki um fyrirhugaða akstursstefnu sína. Ljóst er að báðum bar að sýna varúð við aksturinn og sérstaklega ökumanni bifreiðar A sem hugðist aka yfir akreinalínu. Það liggur hins vegar fyrir að ákomur á bifreið B er á framhorni á meðan ákoma á bifreið A er mjög aftarlega á hlið hennar. Það bendir til þess að bifreið A hafi verið komin lengra en bifreið B við akstur um hringtorgið. Með hliðsjón af ákomum og framburðum ökumanna í lögregluskýrslu telst sýnt að ökumaður bifreiðar B hafi ekki sýnt þá tillitsemi sem áskilin er í 4. gr. umferðarlaga við akstur út úr hringtorgi. Með vísan til þessa telst rétt að skipta sök á árekstrinum til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 353/2019**M og
V vegna smábátatryggingar A****Ágreiningur um skerðingu bóta vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

Málskot mótttekið 11.10.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Hinn 11. júlí 2019 strandaði báturinn A er hann var á leið í land eftir veiðiferð. Strandið og tildrög þess voru rannsökuð af lögreglu og Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Niðurstaða þeirra rannsókna var sú að stjórnandi bátsins hefði sofnað undir stýri og ekki vaknað fyrr en við strandið. Á grundvelli þess taldi V rétt að skerða bætur til M um 1/3 þar eð stjórnandi A hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við stjórn hans.

M er ósátt við þá afstöðu og tekur í málskoti fram að stjórnandi A hafi, samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa, sofnið í fimm til sex tíma nóttina fyrir slysið og sjóferðin hafi staðið í ellefu klukkustundir. Ekkert óeðlilegt sé við það enda sé vaktavinnufólk í landi oft við störf í tólf klukkustundir. Þá telur M að fordæmi sem V vísar til, þ.e. um öikumenn sem sofni undir stýri, eigi ekki við og tekur fram að fordæmi séu fyrir því að stjórnendur báta sæti ekki viðlíka skerðingu þó þeir hafi sofnað á vaktinni.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að í skýrslu lögreglu, sem sé samtímagagn, komi fram að stjórnandi A hafi einungis sofnið í þrjár og hálf klukkustund nóttina fyrir umrædda sjóferð. Það sé nokkru minna en komi fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar en líta verði svo á að skýrsla lögreglu hafi meira vægi hvað þetta varðar þar eð þar sé um að ræða framburð sem aflað var á slysstað stuttu eftir strandið. Því verði að miða við að stjórnandi A hafi verið óhæfur til að stjórna A vegna þreytu, en í 2. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 komi m.a. fram að enginn megi stjórna skipi ef hann er af þreytu eða öðrum orsökum óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Því hafi stjórnandi A sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og með vísan til þess, sbr. heimild í viðeigandi skilmálum, og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 séu bætur skertar um 1/3. Þá vísar V til úrskurða nefndarinnar varðandi öikumenn bifreiða sem sofnað hafa undir stýri og V telur að hafi fordæmisgildi.

Álit:

Óumdeilt er að stjórnandi A sofnaði við stjórn bátsins og olli það strandi hans. Ágreiningur er hins vegar um hvort sú staðreynd skuli leiða til skerðingar bóta á grundvelli þess að stjórnandi A hafi með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, en heimild til að skerða bætur í þeim tilvikum sem váttryggður hefur með stórkostlegu gáleysi orðið valdur að váttryggingaratburði er að finna í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga. Með hliðsjón af því sem fram kemur í ofangreindum skýrslum um strandið verður að miða við að stjórnandi A hafi verið vansvefta við stjórn bátsins, eða í það minnsta svo þreyttur að hann sofnaði við stjórn hans. Verður að telja að með þeirri háttsemi hafi hann brotið gegn ákvæði 2. mgr. 238. gr. siglingalaga en þar er kveðið á um enginn megi stjórna eða reyna að stjórna skipi sé hann, t.a.m. vegna þreytu, óhæfur til að rækja starfann með fullnægjandi hætti. Er því rétt að skerða bætur til M á grundvelli þess enda hafi þessi háttsemi falið í sér stórkostlegt gáleysi. Ekki verður þá séð að byggt verði á þeim fordæmum sem M segir til staðar, enda er hvorki að finna nánari tilvísun til þeirra né lýsingu á atvikum að baki þeim. Rétt þykir með vísan til ofangreinds að M sæti skerðingu bóta úr smábátatryggingu sem nemur 1/3 hluta en fái tjón sitt bætt úr váttryggingunni að 2/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr smábátatryggingu sinni hjá V en skerða skal bætur um 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis skipstjóra.

Reykjavík 26. nóvember 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 354/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðastæði við Fells múla 2, Reykjavík, þann 23. ágúst 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 1.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V2, dags 22.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið aftur á bak eftir bifreiðastæði við Fells múla 2. Í sömu andrá var B ekið aftur á bak úr stöðureit. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og vinstra afturhorn B.

Í skýrslu, sem tekin var af öikumönnum á vettvangi, kvaðst ökumaður A hafa ekið aftur á bak eftir bifreiðastæðinu, ekki á mikilli ferð. Hann hafi séð ökumann B fara inn í bifreið sína og það næsta sem hann vissi er að B lenti á A. Í sömu skýrslu er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið aftur á bak út („out“) en ekki séð A í speglum bifreiðarinnar og taldi að A hafi lent í blindum punkti („blind spot“).

Í tölvubréfi 4. október 2019 kvað ökumaður A bifreið sína hafa verið kyrrstæða þegar árekstur varð þar sem kona hafi gengið í veg fyrir akstursleið hennar og hafi hann gefið konunni tíma til að fara sína leið. Vissi hann svo ekki fyrr en högg kom á A.

Álit.

B var ekið úr stöðureit inn á akleið sem A var ekið eftir. Bar ökumanni B við þessar kringumstæður að víkja fyrir A. Á því varð misbrestur og telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Síðari frásögn ökumanns A um að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð er í ósamræmi við það sem haft er eftir ökumanninum í vettvangsskýrslunni og hann hefur undirritað, né heldur á hún stoð í öðrum gögnum málsins. Við sakarmat verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar frásögn ökumanns sem fram kom í vettvangsskýrslunni. Samkvæmt því ók ökumaður A aftur á bak án þess að gæta nægilega að umferð í kringum sig. Á hann einnig nokkra sök, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 1/3 sakar og ökumaður B 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 356/2019**M og****V vegna málskostnaðartryggingar fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 16. október 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 30. október 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi átt í ágreiningi við íslenska ríkið vegna landamerkja og skiptingu jarðar milli M og ríkisins. Höfðaði M mál á hendur ríkinu og krafðist hann þess að eignarréttur sinn á tilteknum hluta jarðarinnar yrði viðurkenndur. Undir rekstri málsins kom í ljós að fyrri eigandi hafði höfðað mál á hendur ríkinu til viðurkenningar á eignarétti á þessari sömu landsspildu og að Hæstiréttur hafði dæmt fyrri eiganda í óhag. Að sögn M var af þeim sökum gert samkomulag milli M og ríkisins um að landamerki yrðu með tilteknum hætti sem tæki tillit til eldri dóms Hæstaréttar auk þess sem aðilar sættust á að M myndi fella málið niður og að aðilar bæru sinn kostnað sjálfir. Var málið því fellt niður og við fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur var m.a. bókað í þingbók dómstólsins: „*Stefnandi og stefnandi eru sammála um að málið verði fellt niður án málskostnaðar. Málinu er lokið.*“

Hefur M krafist bóta úr málskostnaðartryggingu sinni hjá M á þeim grundvelli að málinu hafi lokið með dómsátt aðila. Málið hafi verið fellt niður með sátt um að hvor aðili bæri sinn kostnað. Telur M að líta beri á það sem dómsátt í skilningi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (EML), enda hafi niðurfellingin ekki verið byggð á 1. mgr. 105 gr. EML.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að málið falli ekki undir gildissvið vátryggingar. Nánar tiltekið að málinu hafi ekki lokið með dómsátt í skilningi ákvæðis vátryggingarskilmálans sem gildir um málskostnaðartrygginguna. Vísar V til svohljóðandi ákvæðis 49.1. gr. vátryggingarskilmálans: „*Vátryggingin tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarhluta og kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.*“

Álit.

Ágreiningur í máli þessu lýtur einungis að því hvort að umræddu dómsmáli M gegn íslenska ríkinu hafi lokið með dómsátt í skilningi framangreinds ákvæðis 49.1. gr. vátryggingarskilmálans sem afmarkar bótasvið vátryggingarinnar. Af ákvæðinu er ljóst að til þess að vátryggingin tekur einungis til ágreiningsmála sem eru til lykta leidd með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. EML.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að málinu hafi lokið með sátt aðila og að sáttarinnar hafi verið getið í þingbók. Má því líta svo á að um sé að ræða dómsátt skv. almennum málskilningi. Hins vegar er skv. framangreindu ákvæði 49.1. gr. vátryggingarskilmálans gerð sú krafa að málið sé til lykta leitt með dómsátt gerðri skv. 109. gr. EML. Í 109. gr. EML segir orðrét: „*Dómsáttar skal getið í þingbók og tekur dómsáttin þá gildi. Dómsáttin skal gerð skriflega og undirrituð af aðilum. Ef hún er ekki skráð í heild sinni í þingbók skal leggja hana fram sem málsskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru skal þess getið í bókuninni, en ella er því lokið.*“. Af framangreindu ákvæði má ráða að ekki sé um að ræða dómsátt í skilningi 109. gr. EML, nema að dómsáttin sé gerð skriflega og undirrituð af aðilum.

Þar sem ekki var gerð skrifleg dómsátt, undirrituð af aðilum málsins er ljóst að málinum lauk ekki með dómsátt í skilningi 109. gr. EML. Af þeim sökum er enn fremur ljóst að skilyrði 49.1. gr. vátryggingarskilmálans um að málinu ljúki með dómsátt í skilningi 109. gr. EML er ekki uppfyllt. M á þar af leiðandi ekki bótarétt úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu í fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 358/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um meðábyrgð tjónþola vegna tjóns á bifreið 15. ágúst 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 28. október 2019, ásamt myndum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á tveimur bifreiðum M sem lagt var á bryggju við Ægisgarð í Reykjavík 15. ágúst sl. Tjón varð vegna málningarúða sem hafði farið yfir bifreiðarnar, annars vegar á bifreið A á bilinu kl. 9-13 og hins vegar á bifreiðinni B á bilinu kl. 14.30-15. V viðurkenndi greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið A en hefur ekki fallist á greiðsluskyldu vegna tjóns á bifreið B.

M telur að viðvaranir vegna sprautuvinnu hafi verið settar fram á skiltum sem hafi verið of lítil og í ófullnægjandi hæð og að framkvæmd vinnu starfsmanna X við málningarúðun hafi ekki verið fullnægjandi m.t.t. fyllsta öryggis.

V telur hins vegar að M beri sjálft ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreið B vegna meðábyrgðar þar sem bifreiðinni hafi verið lagt inni á vinnusvæði sem afmarkað hafi verið sérstaklega. Einnig vísar V til þess að þrjú viðvörunarskilti hafi verið uppi vegna sem tilgreint hafi það svæði sem ökumaður bifreiðar B ók inn á sem vinnusvæði, annað sem hafi varað við sprautuvinnu og þriðja sem hafi bannað bifreiðastöður á vettvangi. Það hafi því verið ótvírætt gáleysi af hálfu ökumanns bifreiðar B að aka inn á vinnusvæðið og stöðva bifreiðina þar, auk þess sem hann hafi skilið glugga bifreiðarinnar eftir opna og það sé stór hluti tjóns sem varð á bifreiðinni.

Álit.

Á meðal gagna málsins eru myndir af vettvangi vinnusvæðis við Ægisgarð þar sem tjón varð á bifreiðum A og B, sem eru í eigu M. Augljóst er af þeim að um er að ræða svæði þar sem er fjölbreyttur atvinnurekstur. Verður auk þess af sömu myndum ekki annað séð en að merkingar um vinnusvæði hafi verið þar greinilegar auk þess sem varað hafi verið sérstaklega við málningarvinnu á svæðinu og bifreiðastöður bannaðar. Sýndi ökumaður bifreiðar B því nokkuð gáleysi að aka inn á vinnusvæðið, leggja bifreið B og hafa glugga hennar opinn. Þegar metin er möguleg sök starfsmanna X og gáleysi ökumannsins verður að telja að gáleysi ökumannsins sé nokkuð meira. Verður því ekki fallist á að greiðsluskylda sér fyrir hendi vegna tjóns á bifreið í eigu M úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 359/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega fyrirtækisins A hjá V****Ágreiningur um hvort vinnuslys hafi átt sér stað.****Gögn.**

Málskot dags. 16.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-18.

Bréf V dags. 31.10.2019.

Málsatvik.

M lýsir atvikum svo að hann hafi verið við störf hjá A, hinn 15. febrúar 2018, þegar hann slasaðist, en hann hafi verið á lyftara að sækja kassa á pallettu þegar nokkrir kassar féllu á hægri hönd hans. V, sem er vátryggjandi A, hefur hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að tjón M verði ekki rakið til slyssins, m.a. þar sem hann hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda um það eða leitað sér lækniástoðar fyrr en tveimur vikum eftir slysdag. M mótmælir þessari afstöðu á grundvelli þess að M, sem hvorki sé talandi né lesandi á íslensku, hafi lýst slysinu þegar hann leitaði læknis vegna þess hinn 1. mars 2018, og staðfesti fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn tjón hans, en umrædd gögn sýna m.a. að M hafi gengist undir aðgerð á úlnlið hinn 22. janúar 2019. Þá hafi vinnuveitandi sent tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 25. september 2018 þar sem umrædd lýsing á atvikinu komi fram.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ósannað sé að tjón M megi rekja til slyss er hann hafi orðið fyrir í starfi sínu hjá A. Þess utan sé ósannað að orsakatengsl séu milli tjóns M og tiltekins bótaskylds atviks. Þannig séu engin samtímagögn til staðar um meint slys, og engum vitnum sé til að dreifa. Þá sé ósamræmi milli lýsingar M á atvikum og þeim verkefnum sem hann hafi í raun sinnt á slysdagi. Jafnframt liggi fyrir að A hafi ekki verið tilkynnt um meint slys fyrr en tveimur vikum síðar og hafi M verið vinnufær í millitíðinni. Hvað varði líkamlegt tjón M þá liggi fyrir að M hafi hlotið úlnliðsbrot nokkrum árum áður og bendi læknisfræðileg gögn til þess að einkenni M megi fremur rekja til þess.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu launþega verður að megi rekja tjón til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist sannanlega án vilja hans, sbr. gr. 1.2 viðeigandi skilmála. Eins og rakið hefur verið er nokkuð misræmi í gögnum málsins hvað varðar atvik þess. Fram kemur í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins að engin vitni hafi verið að atvikinu og að enginn hafi vitað af því á slysdagi. Auk þess verður ekki ráðið annað en að M hafi verið vinnufær í einhvern tíma eftir að meint atvik átti sér stað og ekki tilkynnt um það til vinnuveitanda fyrr en tveimur vikum síðar. Verður því að telja atvikalýsingu M ósannaða. Þess utan verður ekki séð af læknisfræðilegum gögnum að einkenni M megi rekja til áverka vegna slyss og raunar virðist af lestri þeirra sem engir áverkar sem slíkir greinist. Hins vegar hefur M þjáðst af, og fengið meðferð vegna, þumallægri sinabólgu. Verður með hliðsjón af framansögðu að telja ósannað að líkamleg einkenni M sé að rekja til slyss sem er bótaskyldt úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 360/2019**M og
V v/ frítímaslysaftryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um tilgreiningu fjárhæðar dagpeninga í vaftryggingarskírteini.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.10.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 14.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir meiðslum 22. júlí 2019 og krafðist dagpeninga úr frítímaslysaftryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V mun hafa fallist á greiðslu dagpeninga sem nemi 26.000 krónum á viku að liðnum sex vikna biðtíma, eins og tilgreint er í vaftryggingarskírteini sem M var sent í tengslum við endurnýjun vaftryggingarinnar. M kveður á hinn bóginn að dagpeningarnir eigi að nema 26.000 krónum á dag og vísar M í því efni til sérstaks „HTML“ forms sem birtist á vef V en hinu skjalinu, þ.e. vaftryggingarskírteininu, þurfi að hlaða niður. Ennfremur séu 26.000 krónur á dag gildi 780.000 króna mánaðarlauna og nærri meðallaunum á Íslandi í dag. Einnig vísar M til fylgiskjals ríkisskattstjóra með skattframtölum 2019 en samkvæmt því séu leyfilegir dagpeningar 26.200 krónur á dag.

V telur að krafa M í máli þessu lúti að fjárhæðum og krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni. M hefur andmælt því og kveður ágreininginn snúast um 6., 7. og 10. gr. laga nr. 30/2004 um vaftryggingarsamninga, 3. og 4. gr. laga nr. 16/2016 um neytendasamninga og 30., 31., 32. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringna.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vaftryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vaftryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vaftryggingarsamninga. Enn fremur segir í 2. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Þá kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefnd er ekki til úrlausnar með beinum hætti hvaða fjárhæð dagpeninga M á rétt á fyrir tiltekið tímabil. Skilja verður málskotið svo að ágreiningur sé um gildi þeirra upplýsinga um fjárhæð dagpeninga sem fram koma á tilteknu skjali sem birtist M á persónulegri vefsíðu hans sem hann fær aðgang að á heimasíðu V. Verður ekki litið svo á að ágreiningurinn varði bótafjárhæð í skilningi 2. mgr. 3. gr. samþykktanna. Er því ekki tilefni til að vísa málinu frá.

M telur sig eiga rétt á dagpeningum að fjárhæð 26.000 kr. á dag og vísar í því efni til fyrrgreinds skjals á svonefndu HTML formi sem mun vera eitt A-4 blað með grunnupplýsingum um þær vaftryggingar sem eru í fjölskyldutryggingunni ásamt vaftryggingarfjárhæðinni. Þar er getið dagpeninga í frítímaslysaftryggingu með vaftryggingarfjárhæð 26.000 krónur. Í vaftryggingarskírteininu sem M var afhent við endurnýjun vaftryggingarinnar kemur fram að vikulegar bætur séu 26.000. Verður í þessu sambandi að líta til þess að samkvæmt f-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 30/2004 um vaftryggingarsamninga, eins og það ákvæði var orðað þegar vaftryggingin var endurnýjuð, sbr. nú 12. gr. c laganna, sbr. c-lið 14. gr. laga nr. 61/2019 um breytingu á þeim, skulu koma fram í vaftryggingarskírteini ákvæði vaftryggingarsamningsins sem ekki koma fram í vaftryggingarskilmálunum.

Þegar fundið er út hver sú grunnfjárhæð dagpeninga er sem miða skal við þegar bætur úr frítímaslysaftryggingunni fyrir tímabundinn missi starfsorku eru ákveðnar verður í ljósi þess sem að framan greinir að leggja til grundvallar þær upplýsingar sem fram koma í sjálfu vaftryggingarskírteininu sem gefið var út við endurnýjun vaftryggingarinnar og sent M sem vaftryggingartaka. Því fær ekki hagg að þótt upplýsingar á umræddu HTML skjali séu að vissu leyti ónákvæmar, enda ber það sér að það hefur ekki að geyma allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram í vaftryggingarskírteini, sbr. nú fyrrgreind 12. gr. c laga nr. 30/2004. Þá hefur samanburður við

meðalmánaðarlaun í landinu ekki þýðingu í þessu sambandi og heldur ekki þótt í skattviðmiðum ríkisskattstjóra með skattframtölum 2019 hafi verið miðað við 26.200 kr. á dag í dagpeninga vegna ferða innanlands fyrir gistingu og fæði, enda engin samsvörun eða tengsl milli dagpeningafjárhæða í slysatryggingunni annars vegar og hins vegar meðalmánaðarlauna í landinu eða dagpeningafjárhæða sem kunna að vera til dráttar tekjuskatti samkvæmt mati ríkisskattstjóra. Ákvæði laga nr. 16/2016 og laga nr. 7/1936, sem M hefur vísað til, geta heldur ekki haggð þeirri niðurstöðu sem að framan greinir. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á dagpeningum sem nema 26.000 krónum á dag við ákvörðun bóta fyrir tímabundinn missi starfsorku úr frítímaslysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á dagpeningum sem nema 26.000 krónum á dag við ákvörðun bóta fyrir tímabundinn missi starfsorku úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 361/2019**V v/ ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu er maður slasaðist á fingrum í vélknúnum þykktarhefli.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.10.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 30.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 29. október 2018 var M að vinna við gamlan vélknúinn þykktarhefli í aðstöðu á vegum tiltekinnar svæðisdeildar innan A, þar sem hann tók þátt í sérstöku tilraunaverkefni til stuðnings og sjálfsstyrkingar fyrir karlmenn. Öryggishlíf vantaði yfir hefiltönnina. Lenti M með finger hægri handar í hefiltönninni og skarst við það á löngutöng og baugfingri.

Lögregla var kvödd á vettvang sem og Vinnueftirlit ríkisins. Í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að engin hefiltönn hafi verið yfir hefiltönninni en mikilvægt sé að hafa allar hlífar á smíðavélum. Gefin voru fyrirmæli um að hafa skuli hlíf yfir hefiltönninni og var notkun hefilsins bönnuð.

Eftir verkefnastjóra yfir verkefninu er haft að um 35 karlmenn taki þátt í verkefninu, þeir hafi aðgang að umræddri aðstöðu og þurfi að lúta ákveðnum. Þá er haft eftir verkefnisstjóranum að hann hafi talað við M sem er af erlendu bergi brotinn og verið á hér á landi í 45 daga þegar slysið varð og á þeim tíma hafi hann fjórum sinnum aðsvif. Er hann hafi staðið við hefilinn umrætt sinn hafi hann fengið aðsvif og sett fyrir sig höndina er hann var að líða út af og hafi fingurnir hafnað í hefiltönninni.

Í reglum sem giltu um umgengni í aðstöðu þeirri sem hýsti verkefnið segir að vélar á verkstæðinu séu til afnota fyrir alla og leiðbeiningar standi þeim til boða sem eru óvanir notkun þeirra. Jafnframt er tekið frama að öryggis vegna ættu menn ekki að vinna við trésmíðavélar meðan þeir eru einir í húsinu.

V hefur fallist á bótaábyrgð RKÍ vegna vanbúnaðar hefilsins en telur að skerða beri bætur um 1/3 vegna eigin sakar M. M hefur ekki fallist á skerðingu bótanna og andmælir því að slysið verði rakið til gáleysis af hans hálfu. Einnig hafi um vinnuslys verið að ræða og bætur verði af þeim sökum skertar því aðeins að hann beri meðábyrgð á slysinu vegna stórkostlegs gáleysis, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim.

Álit.

Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta, sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu, vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi verið starfsmaður A eða viðkomandi svæðisdeildar innan A í skilningi lagaákvæðisins þegar slysið varð.

Einn þátttakandi í verkefninu var á staðnum þegar slysið varð. Skv. munnlegri skýrslu hans hjá V kvaðst hann nokkrum mínútum fyrir slysið hafa varað M við að nota hefilinn sökum þess að hann væri hættulegur. Gegn andmælum M verður að telja ósannað að umrætt vitni hafi varað M við notkun hefilsins áður en slysið varð.

Engin skýrsla liggur fyrir af M varðandi slysið og tildrög þess að öðru leyti en því sem fram kom í skýrslu verkefnastjóra hjá lögreglu um að M haf tjáð honum að hann hafi fengið aðsvif og borið hendur fyrir sig með þeim afleiðingum að hann lenti með fingurna í hefiltönninni. Á hin bóginn liggur ekkert fyrir um það sem M var að gera þegar slysið varð. Þó þykir mega slá föstu að hann hafi sett hefilinn í samband við rafmagn, gangsett hann og hafi verið að vinna við hann þegar hann mun hafa fengið aðsvif og lent með fingurna í hefiltönninni. M var 40 ára gamall þegar slysið varð. Honum var ekki uppálagt af A að nota hefilinn. Hann átti að gera sér ljósa grein fyrir þeirri hættu sem stafaði af því að hlíf vantaði yfir hefiltönnina. Hann hefur því sýnt nokkurt gáleysi þegar hann við þessar aðstæður var að athafna sig við hefilinn. Hann ber því einnig nokkra ábyrgð á slysinu og eftir atvikum þykir rétt að hann beri sjálfur 1/3 hluta tjóns síns. Að sama skapi telst hann eiga rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 362/2019**M og****V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldu- og fasteignatryggingar.****Gildistími vátryggingar m.t.t. tjónsatviks í tengslum við sölu fasteignar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10. október 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 31. október 2019.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 1. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M keyptu húseign með kaupsamningi dags. 8. febrúar 2019. Vátryggingavernd M hjá V er þannig að frá 1. ágúst 2018 hefur verið í gildi fjölskyldutrygging og vegna þeirrar húseignar sem M keyptu á fyrrnefndum tíma hefur verið í gildi svokölluð fasteignatrygging frá 24. apríl 2019 en áður hafi verið í gildi fasteignatrygging vegna annarrar eignar frá 1. ágúst 2018 til 5. mars 2019.

Í tjónstilkynningu til V kemur fram að ástandsskýrsla hafi verið gerð um ástand húseignarinnar sem M keyptu fyrr það ár og er hún dags. 2. apríl 2019 og í kjölfarið hafi verið gerð krafa á seljendur húseignarinnar m.a. vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu vegna galla. Slíkri bótaskyldu hafi seljendur hafnað 2. september 2019. M byggir á því að raunverulegur ágreiningur hafi komið upp milli M og seljenda húseignar í júní 2019 og hafi verið tilkynnt um tjón vegna réttaraðstoðar í september 2019 til V. M vísar til þess að þær hafi haft vátryggingavernd í meira en tvö ár fyrir utan tímabil sem kom inn á milli við flutning milli eigna.

V vísar til þess að ágreiningur sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar sé undanskilinn í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar, sbr. 38. gr. vátryggingarskilmála. Hvað varðar vátryggingavernd fasteignatryggingar vísar V til 27. gr. þeirra vátryggingarskilmála sem um þá tryggingu gilda þar sem gildissvið er ákveðið. V vísar til aðalreglu þeirrar greinar um að vátrygging þurfi að hafa verið í gildi þegar ágreiningur kom upp og þurfi einnig að hafa verið í gildi í tvö samliggjandi ár áður en ágreiningur kom upp. Það skilyrði sé ekki uppfyllt varðandi húseign M þar sem vátryggingarvernd hafi ekki verið óslitin í tvö ár. Einnig vísar V til þess að vátryggingarvernd hafi ekki verið keypt fyrir húseign M fyrr en tveimur mánuðum eftir afhendingu.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum fasteignatryggingar V kemur fram í 28. gr. hvenær sé hægt að óska eftir réttaraðstoð. Aðalreglan í 1. mgr. 28. gr. er sú að hægt sé að „...óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þarf ekki að hafa verið hjá þessu félagi allan tímann, ef vátryggður hefur haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.“ Í 2. mgr. 28. gr. kemur síðan fram hvenær vátryggður getur fengið réttaraðstoð ef hann hefur ekki haft vátrygginguna í tvö ár en það er ef „... þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni, hafi gerst eftir að Réttaraðstoðartryggingin tók gildi.“

Í þessu máli er ljóst að hvort sem ágreiningur milli M og seljenda húseignar sem þær keyptu í febrúar 2019 kom upp í júní eða ágúst sama ár, liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta tveggja ára samfellda vátryggingarvernd fasteignatryggingar eins og áskilið er í 1. mgr. 28. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V. Ekki verður heldur séð að atburðir eða atvik ágreinings M við seljendur húseignar þeirra hafi komið til eftir að vátrygging tók gildi 24. apríl 2019, en röksemdir M fyrir kröfum sínum virðast fyrst og fremst lúta að því að þær hafi ekki fengið réttar upplýsingar um eignina fyrir kaupsamning í febrúar 2019. M eiga því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar hjá V og sökum undanþáguákvæðis 38. gr. fjölskyldutryggingar kemur ekki til greiðslu bóta úr henni þar sem ágreiningur varðar vátryggðar ótvírætt sem eigendur fasteignar.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteigna- eða fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 363/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar byggingarstjórans A****Ágreiningur um hvort bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 22.10.2019 auk fylgigagna 1-8.
Athugasemdir V dags. 14.11.2019.

Málsatvik.

Með kaupsamningi sem undirritaður var hinn 21. júní 2018 keyptu M fasteignina B af A og eiginkonu hans, en A var einnig byggingarstjóri fasteignarinnar. Eignin var enn í byggingu á kaupdegi en skyldi afhendast í samræmi við skilalýsingu hinn 20. júlí 2018, og var við afhendingu á byggingarstigi 4.

Samkvæmt upplýsingum í málskoti kom í ljós eftir að afhendingu eignarinnar að ekki var allt með felldu, og öfluðu M því matsgerðar dómkvadds matsmanns. Samkvæmt matsgerð voru ýmsir gallar á B, sem samrýmdist ekki kröfum laga og reglna, uppdráttu og almennra viðurkennda viðmiða við mannvirkjafrákvæmdir af þessum toga. Var endanleg kostnaðaráætlun vegna úrbóta samkvæmt matsgerð og viðauka við hana kr. 5.726.868 að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskattar vegna vinnuliðar. Hinn 25. september 2019 kröfðu M V um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna þessa. Hinn 15. október 2019 hafi V hafnað kröfu M, annars vegar með vísan til þess að M hefðu nýtt sér heimild til að halda eftir greiðslu við kaupin og hins vegar þess að, að áliti V, ágallarnir sem væru taldir upp í matsgerðinni væru ýmist ekki á ábyrgð byggingarstjóra eða smávægilegir.

Þessa afstöðu fella M sig ekki við, enda sé þeim í sjálfsvald sett hvort þau sæki bætur á hendur A sem seljanda eignarinnar eða byggingarstjóra hennar, enda verði litið á ábyrgð seljanda og byggingarstjóra sem óskipta ábyrgð. Hvað varði röksemdir V um að hinir meintu ágallar séu smávægilegir eða vegna ólokinnna verkþátta er þeim einnig mótmælt, enda renni ekkert stoðum undir slíka yfirlýsingu. Umræddir ágallar lúti flestir að ófullnægjandi frágangi einstakra verkliða og enginn þeirra verði flokkaður sem ólokið verk. Upphæð kröfu M sé þá umtalsverð og verði ekki litið svo á að umfang umræddra galla sé smávægilegt, enda sé um 7,5% af kaupverði nýbyggingar að ræða. Hluti gallanna lúti svo að mikilvægum þáttum fasteignarinnar, svo sem burðarvirki hennar og brunavarna, og hljóti slíkir þættir að vera á forræði og ábyrgð byggingarstjóra, sbr. m.a. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Er krafa um bætur úr umræddri vátryggingu því ítrekuð.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að gera verði greinarmun á réttarstöðu A sem seljanda annars vegar og sem byggingarstjóra hins vegar. Byggingarstjóraþrygging sé ekki efndatrygging og hugsanleg greiðsluskylda seljanda vegna vanefnda verði ekki greidd úr henni. Þá hafi enn ekki verið leyst úr réttarágreiningu milli M og A sem seljanda fasteignarinnar og meðan svo sé sé ekki ljóst að M hafi orðið fyrir tjóni vegna háttsemi A sem byggingarstjóra. M hafi haldið eftir 6.833.452 kr. á grundvelli haldsréttar og sé tjón þeirra því að fullu bætt. Þá telur V í bréfi sínu upp einstaka galla samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð. V rekur að skaðabótaábyrgð byggingarstjóra nái ekki til minni háttar galla né heldur ólokinnna verkþátta, og samkvæmt greiningu V á matsliðum falla allir þeirra nema einn undir þær skilgreiningar. V telur þó að galli skv. matsliðum i.1–i.4. um opnun niðurtেকins lofts og eftirfarandi lokun þess, einangrun ofan á niðurtekið loft, grind, einangrun, klæðning lofts í bílskúr, og viðgerð og málun klæðningar geti hugsanlega verið bótaskyldur galli skv. ákvæðum laga um mannvirki en metinn kostnaður vegna þessara liða sé 1.308.300 kr. Afstaða V er því sú að í fyrsta lagi sé ekki hægt að fella skaðabótaábyrgð á A þar eð M hafi þegar haldið eftir greiðslu sem sé umfram kostnað við úrbætur, og í öðru lagi þar eð nánast allir þeir annmarkar sem komi fram í matsgerðinni falli utan við ábyrgðarsvið byggingarstjóra.

Álit:

Samkvæmt gögnum málsins munu M hafa haldið eftir lokagreiðslu kaupverðs B, og með því beitt stöðvunarrétti skv. heimild 44. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002. Mun fjárhæð sú sem um ræðir

nema 6.833.452 kr., en af málgögnum má ekki ráða hver afstaða A, sem seljanda B, er til slíkrar kröfu, hvort samið hafi verið um afslátt af kaupverði B, eða höfðað dómsmál um ágreininginn. Af málskoti má hins vegar ráða að krafa M, samkvæmt uppfærðri kostnaðaráætlun matsmanns, til bóta úr starfsábyrgðartryggingu A nemi 5.726.868 kr. Má því draga þá ályktun að fjárhæð þeirrar greiðslu sem M hafa haldið eftir sé nokkuð hærri en það tjón sem þau telja bótaskyldt úr starfsábyrgðartryggingu A sem byggingarstjóra B. Starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra er, samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, ætlað að bæta fjártjón þriðja aðila sem rekja megi til vanrækslu byggingarstjóra á skyldum sínum skv. 29. gr. laga um mannvirki. Samkvæmt framansögðu er óupplýst hvort M hafi orðið fyrir fjártjóni enda liggur ekki fyrir hvort A, sem seljandi eignarinnar, hafi fallist á afsláttarkröfu þeirra. Þegar af þessum ástæðum verður kröfum M á hendur V hafnað og er þá ekki tilefni til að taka til frekari skoðunar hvort, og þá að hvaða leyti, þeir ágallar sem tilgreindir eru í umræddri matsgerð, mundu ella leiða til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra A hjá V.

Reykjavík 17. desember 2019

Sóley Ragnardóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 364/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X
Vinnuslys 19. nóvember 2018 við byggingaframkvæmdir****Gögn.**

Málskot mótttekið 22. október 2019, ásamt fylgigögnum.
Athugasemdir V dags. 6. nóvember 2019, ásamt gögnum.
Athugasemdir lögmanns M, dags. 13. desember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti og málgögnum kemur fram að M hafi slasast í vinnuslysi við störf sín hjá X, sem er vísað til sem undirverktaka við verk sem var verið að vinna. Nánar tiltekið var verið að hífa mótafleka með byggingarkrana úr byggingu niður í prot til geymslu. M slasaðist þegar vindhviða feykta mótaflekannum sem var þá í hífingu niður og slóst flekinn í M sem féll um tvo metra niður af vegg á hellulagða jörð. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla sem og skýrsla Vinnueftirlitsins sem kom á vettvang strax eftir slysið, sem og myndir af vettvangi. Í þeirri skýrslu kemur fram að ekki hafi verið tekið tillit til vindstyrks þegar mótafleki af þeirri stærðargráðu sem hann var hífður, auk þess sem staðsetning M við verkið hafi haft áhrif. Auk þess hafi ekki verið farið alveg eftir áhættumati aðalverktaka.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M þar slys hans megi rekja til saknæmrar háttsemi kranastjórnanda sem og að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 og reglugerðum byggðum á þeim lögum þar sem nægilegt öryggi hafi ekki verið tryggt á byggingarvinnusvæðinu. M vísar til viðauka reglugerðar nr. 367/2006 varðandi það að hífing á mótaflekannum sem slóst í M hafi ekki verið skipulögð og framkvæmd rétt og stjórnandi byggingakranans hafi átt að tryggja öryggi við hífinguna. Gáleysi hans hafi hins vegar leitt til slyss M. Einnig hafi X ekki gætt fjölmargra reglna sem átt hafi að gæta í sömu reglugerð varðandi framkvæmd verksins. M telur ekki sannað að stjórnandi kranans hafi verið starfsmaður annars fyrirtækis og lotið boðvaldi þess og að X beri sönnunarbyrðina fyrir slíkum staðhæfingum sem komi fram í athugasemdum V við nefndina.

V telur ekki sýnt að stjórnandi kranans hafi verið starfsmaður X heldur hafi hann verið starfsmaður aðalverktaka á verkstað. V vísar til þess að X sé starfsmannaleiga og hafi ekki borið ábyrgð á framkvæmd verksins að öðru leyti en því að útvega til þess starfsmenn eins og M. Aðalverktaki verksins hafi skipulagt vinnuna sem og ráðið framkvæmd hennar og beri X því ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið starfsmaður X þegar hann slasaðist við vinnu sína. Í sömu gögnum kemur einnig fram að aðalverktaki verksins hafi verið fyrirtækið Y. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort kranastjórnandi sá sem hífði mótaflekann sem slóst utan í M hafi verið starfsmaður X í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Sönnunarbyrði um það hvílir á M sem telur að gáleysi kranastjórnandans hafi leitt til tjóns M. Þekkt er að margir geta komið að framkvæmd verks sem þessa, en m.v. ummæli í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um aðalverktaka verður að ætla að það fyrirtæki hafi haft yfirumsjón með verkinu. Þar sem frekari upplýsingar liggja ekki fyrir um stöðu X í því tilliti verður ekki fullyrt af gögnum málsins að X hafi borið ábyrgð á háttsemi kranastjórnandans eða vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 eða reglugerðum þeim tengdum. Er því ekki talið sannað að líkamstjón M verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 365/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um hvort bótaskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá A sé til staðar.****Gögn.**

Málskot dags. 23.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V dags. 31.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Viðbótarathugasemdir frá M, dags. 4.11.2019.

Málsatvik.

Hinn 12. júlí 2019 var í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli ákærvaldsins gegn M og fyrrverandi eiginkonu hans, X. Var ákæra á hendur X, fyrir háttsemi er varðaði 218. gr. b. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í þessum liðum en M var ákærður fyrir brot gegn 218. gr. b. sömu laga. Í tengslum við ákæru á hendur X um brot gegn 218. gr. b. um ofbeldi í nánnum samböndum lagði M fram bótakröfu á hendur X og var í dómi héraðsdóms fallist á hana að hluta. Jafnframt var X gert að greiða hluta málskostnaðar M vegna umræddrar kröfu. Þá voru M og X bæði dæmd til refsingar en í niðurstöðu dómsins var háttsemi þeirra, gagnvart hvort öðru, heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

M hefur farið fram á bætur úr réttaraðstoðartryggingu þeirri sem er hluti fjölskyldutryggingar hans hjá V vegna þess málskostnaðar sem hlaust af því að sækja bótakröfu hans. V hefur hins vegar hafnað þeirri kröfu á grundvelli þess að ekki hafi verið um að ræða ágreining í einkamáli, svo sem skilmálar váttryggingarinnar kveði á um. M er ósammála þeirri túlkun enda hafi ákærvaldið ekki verið aðili að þeim þætti málsins sem varðaði kröfu M um miskabætur, heldur hafi krafa um þær verið tekin til meðferðar samhliða sakamálinu. M hafi ekki verið skipaður réttargæslumaður og hafi hann því verið tilneyddur að bera lögmannskostnað vegna einkaréttarlegrar kröfu sinnar sjálfur. Slík krafa lúti réttarforsreglum einkamála og dómara sé heimilt að skilja hana frá rekstri sakamáls og láta taka hana meðferðar í sérstöku einkamáli.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að um sé að ræða kostnað vegna sakamáls og því sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Þannig komi fram í 36. gr. skilmála umræddrar váttryggingar að hún taki ekki til sakamála. M hafi ekki höfðað einkamál á hendur X og um sé að ræða lögmannskostnað sem hafi fallið til við rekstur sakamáls. Það að um kostnað við einkaréttarlega kröfugerð sé að ræða leiði ekki til þess að um sé að ræða kostnað vegna einkamáls í skilningi skilmálanna. Þá sé kveðið á um það h-lið 38. gr. sömu skilmála að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt. Umrætt dómsmál hafi verið sakamál þar sem M hafi verið ákærður og sakfelldur og því falli krafa hans undir þetta ákvæði váttryggingarskilmálanna. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M að tveir lögmennt hafi rekið mál hans fyrir héraðsdómi, einn hafi verið skipaður verjandi hans, en annar hafi farið með einkaréttarlega kröfu hans í málinu, en hún hafi grundvallast á því andlega tjóni sem M varð fyrir vegna líkamsárásar X. Að öðru leyti ítrekar M áður fram komnar kröfur og rökstuðning.

Álit.

Í sakamáli því sem um ræðir var X ákærð vegna þrenns konar háttsemi sem var talin fela í sér brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga. Var hún sýknuð af einum lið ákærunnar. Í öðru lagi voru X og M bæði sakfelld fyrir líkamsárás gegn hvort öðru, og var ekki fallist á bótakröfu M á hendur X vegna þess tilviks. Í þriðja lagi var X sakfelld fyrir að hafa með nánar tilgreindum hætti veist með ofbeldi að M og var henni jafnframt gert að greiða honum miskabætur vegna þess. Á grundvelli þessa verður ekki fallist á það með V að um sé að ræða ágreining sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur

sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt, enda sætti X ein ákæru vegna umrædds atviks. Verður því ekki fallist á það með V að rétt sé að hafna bótaskyldu með vísan til ákvæðis h-liðar 38. gr. skilmálanna.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að líta til bótasviðs réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar M hjá V en í 7. kafla skilmálanna segir að hlutverk hennar sé „að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum“. Þá kemur í lokamálslið 36. gr. sömu skilmála fram að váttryggingin taki ekki til sakamála. Þrátt fyrir að um einkaréttarlega kröfu hafi verið að ræða verður ekki hjá því litið að hinn einkaréttarlegi ágreiningur var ekki rekinn í sérstöku einkamáli heldur til lykta leiddur í sakamáli. Verður því að telja að málskostnaður við rekstur slíkrar kröfu sé undanskilinn gildissviði umræddrar váttryggingar, enda skýrt af orðalagi skilmála hennar að hún taki ekki til sakamála. Ber því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2019
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 366/2019**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A****Ágreiningur um skerðingu bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttekið 23.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 02.01.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, aðfaranótt hins 24. febrúar 2019, ekið bifreiðinni A hjá Urriðakotsvelli á Elliðavatnsvegi, þegar bifreiðin fór út af veginum, ók á og yfir grjóthnullung og skemmdist. Lögregla var kölluð til vegna atviksins og tjáði M lögreglu að hann vissi ekki almennilega hvað hefði gerst, hann hafi verið mjög þreyttur við aksturinn en hefði ekki verið á miklum hraða þegar óhappið átti sér stað. Varð M fyrir líkamstjóni við óhappið og krafðist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. V hafi kynnt M afstöðu sína til bótakröfu hans með bréfi dags. 2. apríl 2019, þar sem bætur til M hafi verið skertar um 1/3 hluta. Þessari afstöðu mótmælir M, hann hafi ekki verið á mikilli ferð og sjáanlegt tjón á bifreiðinni hafi verið lítið, sem bendi ekki til stórkostlegs gáleysis. Jafnvel þó meint svefnleysi M hefði orsakað umrætt tjón yrði það aðeins metið til einfalds gáleysis en ekki stórkostlegs. Þar með séu skilyrði til skerðingar bótaréttar á grundvelli 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki uppfyllt. V beri sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og slík sönnun hafi ekki tekist. Lögregluskýrslu verði að meta með hliðsjón af því að hún hafi ekki verið gerð fyrr en sextán dögum eftir atburðinn og feli aðeins í sér endursögn lögreglumanns á samtali við M. Hvað varði fullyrðingu í læknisvottorði um að M hafi sofnað undir stýri þá sé hún að engu hafandi, enda ekki hlutverk lækna að rannsaka tildrög slysa.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að í 1. og 2. mgr. 44. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 hafi verið kveðið á um að enginn mætti stjórna eða reyna að stjórna ökutæki væri hann, t.a.m. vegna svefnleysis, ófær um að stjórna því örugglega. Í skilmálum viðeigandi váttryggingar sé jafnframt að finna varúðarreglu sem kveði á um að váttryggðum beri að vera í líkamlegu ástandi til að stjórna ökutæki örugglega. Misbrestur á því geti leitt til skerðingar eða brottfalls bótaréttar á grundvelli 26. gr. [sic] laga um váttryggingarsamninga. Í lögregluskýrslu sem gerð hafi verið um atvikið komi fram að M hafi ekki vitað hvað kom fyrir en hann hafi verið mjög þreyttur. Bendi það skýrlega til þess að M hafi ekki verið fyllilega meðvitaður og því ófær um örugga stjórn ökutækisins. Þá staðfesti sjúkragögn að M hafi sofnað undir stýri. Á grundvelli þess telur V rétt að M beri 1/3 tjóns síns sjálfur.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, en það ákvæði á við um persónutryggingar, er heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn, en sönnunarbyrði fyrir því hvílir á V. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna atviksins og byggir á samtali lögreglu við M á vettvangi kemur fram að M hafi verið mjög þreyttur og ekki vitað almennilega hvað kom fyrir. Jafnframt má ráða af lögregluskýrslu að M hafi verið látinn blása í öndunarprófsmæli og hafi niðurstaða þess prófs verið 0. Ekki verður með óyggjandi hætti ráðið af umræddri skýrslu að M hafi sofnað við aksturinn eða að öðru leyti sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar umrætt sinn. Hvað varðar ummæli í læknisvottorði, sem gefið er út hinn 18. mars 2019, um að M hafi sofnað undir stýri umrætt sinn, þá verður ekki glögglega ráðið af umræddu vottorði hvaðan þær upplýsingar stafa og fallast verður á það með M að ekki verði byggt á þeim ummælum við mat á tildrögum umrædds óhapps. Verður samkvæmt framansögðu ekki fallist á að

skilyrði til að skerða bætur til M séu fyrir hendi, enda ekki sýnt fram á að umrætt atvik hafi átt sér stað vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 28. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 367/2019**M og
V vegna frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 14. apríl 2018.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 18. október 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Bréf V, dags. 6. nóvember 2019.

Bréf M, dags. 11. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu Þ að hann hafi verið að labba upp Laugarveginn og að A hafi verið búinn að labba meðfram honum í um það bil mínútu þegar A reyndi að stofna til slagsmála. Kvaðst Þ ekki hafa haft áhuga á því og reynt koma sér undan. A hafi þá reynt að klæða Þ úr skónum. Þ hafi þá spurt A hvað gengi að honum en A hafi svarað á ensku. Um svipað leyti hafi bifreiðinni B verið ekið framhjá og A hoppað ofan á bifreiðina. M, ökumaður bifreiðarinnar hafi þá komið út úr bifreiðinni. Í kjölfarið hafi A veist að M og slegið hann en M varið sig og tekið A niður í jörðina. Þ kveðst þá hafa aðstoðað M við að halda A þar til að lögregla kom á vettvang.

Samkvæmt framburði M af vettvangi var hann að aka niður Laugaveginn þegar A stökk fyrir bifreið sína og baðaði út höndunum. Hann hafi því stöðvað bifreiðina og A hefði svo stokkið upp á húddið á bifreiðinni og gengið yfir bifreiðina. Kvaðst M hafa farið út úr bifreiðinni og reynt að ræða við A og ýta honum frá bifreið sinni. A hafi þá kýlt sig í vinstra gagnaugað og vinstra eyrað. Í kjölfarið kveðst M hafa tekið hann A tökum og haldið honum niðri þar til lögregla kom á vettvang.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sem hann hefur í gildi hjá V vegna líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi orðið fyrir tjóninu með þátttöku í handalögmálum en slys sem verður við slíkar aðstæður sé ekki bótaskyldt úr slysáttryggingunni skv. vátryggingarskilmálanum.

Álit.

Ágreiningur er um túlkun undanþáguákvæðis c-liðar 28.1. gr. vátryggingarskilmála V, þar sem fram kemur að vátrygging M tekur ekki til slyss sem rakið verður til þátttöku vátryggðs í handalögmálum. Um er að ræða undanþáguákvæði og ber V því að sýna fram á að slysið hafi orðið við þær aðstæður sem um er getið í ákvæðinu. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins er að finna framburð M og vitnis sem lýsa nokkuð vel þeirri atburðarás sem átti sér stað í aðdraganda slyssins. Við þær aðstæður sem uppi voru í aðdraganda slyssins og að teknu tilliti til aðstæðna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 529/2011 verður að leggja að jöfnu þá háttsemi að toga í hönd einhvers til að vísa honum út úr húsnæði og reyna að varna að skemmdir séu unnar á bifreið, með þeim hætti sem lýst er að M hafi gert í lögregluskýrslu. Verður því ekki unnt að líta svo á að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í skilningi undanþáguákvæðis c-liðar 28.1. gr. og á þar af leiðandi rétt til bóta úr slysáttryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 368/2019**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um hvort bótaskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.10.2019 ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V dags. 08.11.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 24. nóvember 2015 hafi ungur drengur, X, orðið fyrir líkamsárás. X og fjölskylda hans hafi talið M vera geranda í málinu og kært hann til lögreglu. Í kjölfar lögreglurannsóknar hafi verið gefin út ákæra á hendur M, en málið fellt niður fyrir héraðsdómi eftir að verjandi M lagði fram skriflegar varnir. Í kjölfarið hafi X höfðað einkamál á hendur M og því máli hafi lyktað með sýknu í héraðsdómi. Þeim dómi hafi nú verið áfrýjað til Landsréttar og málið þingfest þar hinn 11. september 2019. V hafi hafnað kröfu M um bætur úr réttaraðstoðartryggingu þar sem félagið telji undanþágu h-liðar 38. gr. þágildandi váttryggingarskilmála eiga við en þar komi fram að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði skaðabætur eða aðrar kröfur sem varði verknáð sem leiði til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem sé saknæmt. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur þá niðurstöðu ákærvaldsins að fella mál á hendur honum niður staðfesta að enginn grunur beinist að honum. Ákvörðun um útgáfu ákæru hafi verið röng og skilyrðið um að verknáður hafi leitt til gruns eða ákæru á hendur M sé því ekki uppfyllt. Þá sé um einhliða samið skilmálaákvæði að ræða sem sé alltof rúmt miðað við markmið eða tilgang váttryggingarinnar. Kæra á hendur M hafi verið tilefnislaus og eigi ekki að hafa áhrif á rétt hans til bóta. Túlka eigi hina umþrættu undanþágu váttryggingarskilmálanna þröngt svo leiði til sanngjarnrar og eðlilegrar niðurstöðu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að jafnvel þó ákæra á hendur M hafi verið felld niður og hann sýknaður af skaðabótakröfu í einkamáli fyrir héraðsdómi sé um að ræða undanskilda áhættu samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Þannig hafi M verið grunaður um refsiverðan verknáð og ákæra gefin út á hendur honum, jafnvel þó hún hafi síðar verið felld niður. Einkamálið sem X hafi höfðað gegn M byggir óneitanlega á gruni um refsiverðan verknáð en það sé ekki skilyrði þess að undanþágan eigi við að váttryggingartaki hafi verið kærður til lögreglu eða sakfelldur fyrir refsiverðan verknáð. Þá tekur V fram að félagið hafi heimild til þess að takmarka gildissvið réttaraðstoðartryggingar sinnar við þá áhættu sem félagið meti váttryggingarhæfa. Þá sé umrædd undanþága skýr og auðtúlkuð.

Álit.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu í máli X gegn M fyrir Landsrétti byggir X kröfu sína um miska- og skaðabætur á því að M hafi gerst sekur um líkamsárás gegn honum. Niðurstaða þess einkamáls virðist þannig velta á því hvort Landsréttur telji M hafa gerst sekan um slíkan verknáð.

Líta verður til þess að grunur um að M hefði gerst sekur um umræddan verknáð leiddi til lögreglurannsóknar og ákæru á hendur honum, jafnvel þó fallið hafi verið frá saksókn á síðari stigum. Því er ljóst að M hefur legið undir grun vegna umræddrar líkamsárásar.

Á grundvelli þess verður að líta svo á að um sé að ræða ágreining sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknáð sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt. Þá verður ekki fallist á að orðalag hins umþrætta skilmálaákvæðis sé með þeim hætti að það sé skilyrði þess að umrædd undanþága eigi við að váttryggður hafi verið sakfelldur fyrir refsiverðan verknáð. Ber því að hafna bótaskyldu með vísan til ákvæðis h-liðar 38. gr. skilmála viðeigandi váttryggingar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduþryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 369/2019**M og
V vegna ökutækisins A
Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 03.10.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 06.11.2019.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að málsatvik hafi verið þau að M hafi dottið af lyftu sendibifreiðarinnar A þegar hann var að afferma bifreiðina í Sorpu og orðið fyrir meiðslum. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að slys M verði ekki rakið til aksturs, sérstaks búnaðar né eiginleika A í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M telur ljóst að slysið megi rekja til notkunar A þar sem hann var að ferja búslóð á A á endurvinnslustöð Sorpu. M hafi staðsett lyftu A í efstu stöðu og þar sem gámurinn var yfirfullur hafi hann þurft að standa með anna fótinn á lyftu A og hinn á handriði við rampinn til að koma hlutunum úr sendibílnum í gáminn. Hann hafi verið að ná í næsta hlut og það síðasta sem hann muni sé að hann hafi staðið með báða fætur á lyftu A til þess. Við fallið missti hann meðvitund og var fluttur á sjúkrahús. M hafi ekki beitt handaflí við að afferma A heldur hafi hann notað lyftuna og slysið hafi átt sér tað þegar hann var að ganga á lyftunni og inn í bifreiðina til að ná í næsta hlut. M telur að íslensk dómaframkvæmd hafi verið þannig um gildissvið notkunarhugtaksins að það hafi verið víkkað út.

Í bréfi V kemur fram að ekki verði séð að M hafi staðið með báða fætur á lyftunni þar sem fram komi í atvikalýsingu hans að hann hafi verið með annan fótinn á handriði sem var á milli lyftu A og gámsins. Þá sé ekki annað að sjá af gögnum en að M hafi notað handafl til að henda hlutum fram af lyftunni og niður í gáminn. Með vísan til dómaframkvæmdar telur V að þegar bifreið sé kyrrstæð og ekki sé verið að nota sérstakan búnað hennar þá teljist slys ekki hafa hlotið af akstri hennar né sértökum búnaði eða eiginleikum sem ökutækis og þar af leiðandi sé ekki um notkun að ræða. V vísar enn fremur til úrskurðar nefndarinnar nr. 204/2018 þar sem vísað var til þess að tjónsatvik hafði ekki orðið með beinum tengslum við notkun ökutækis. Í bréfi V kemur fram að áfastur búnaður vörubifreiða sem sé notaður til að ferma eða afferma hafi lengi verið talinn einn hættueiginleiki slíkra ökutækja og að slys sem sé hljótist af slíkum búnaði séu því almennt talinn vera afleiðing notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Í þessu tilviki hafi M hins vegar ekki verið að nota sérstakan búnað til að afferma A heldur hafi hann verið með lyftuna í efstu stöðu. Ekki verður annað séð en að honum hafi skrikað fótur og hann fallið af lyftunni. Þannig hafi það ekki verið búnaðurinn sem lyftir lyftunni sem hafi valdið slysinu. V telur slysið því ekki rakið til notkunar ökutækisins eða búnaðar þess og hafnar bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal bæta tjón sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis. Í máli þessu er deilt um hvort það teljist til notkunar ökutækisins A þegar M féll af lyftu þess. Ökutækið var kyrrstætt og samkvæmt atvikalýsingu féll M af lyftunni þar sem hún var í efstu stöðu þegar hann var að ná í næsta hlut til að henda í gám hjá Sorpu. Lyftan var föst í efstu stöðu og var ekki verið að nota lyftuna sem slíka. Ekki verður séð að tjónsatvikið hafi orðið í beinum tengslum við notkun ökutækisins, þ.e. að það sé rakið til sérstakra hættueiginleika ökutækisins sem ökutækis eða sérstaks nauðsynlegs búnaðar þess. Með vísan til þess er ekki unnt að líta svo á að ökutækið A hafi verið í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og á M því ekki rétt á bótum úr ökutækjategyggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökutækjategyggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 370/2019**M og
V vegna farangursliðar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um hvort skerða eigi bótarétt vegna brots á varúðarreglum.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V dags. 21.11.2019.

Málsatvik.

Hinn 19. maí 2019 var M, ásamt kærasta sínum, í rútu á leið frá Jaco í Costa Rica til San José. Meðan á ferðinni stóð geymdu þau handfarangur sinn í farangurshólfi fyrir ofan sætin. Meðan á rútuferðinni stóð var bakpoka M stolið úr farangursrýminu. V telur bótaskyldu fyrir hendi en telur rétt að bætur verði skertar um helming þar eð umræddur bakpoki hafi verið skilinn eftir eftirlitslaus á almannafæri og M því ekki gætt fyllsta öryggis við vörslur hans svo sem áskilið sé í gr. 9.2 skilmála váttryggingarinnar.

Þessari afstöðu mótmælir M og telur að hún hafi farið að varúðarreglum svo sem kostur var. Rútuferðin hafi tekið þrjá og hálfan tíma og ekki hægt að ætlast til þess að hún sæti með bakpokann í fanginu þann tíma. Þá hafi ekki verið pláss fyrir hann á gólfinu. Þokinn hafi þá verið eins nálægt henni og kostur var, í hólfinu fyrir ofan sætin. Þau hafi orðið þjófnaðarins var einhverjum mínútum eftir að hann átti sér stað en þjófurinn hafi farið kænskulega að og haldið bakpoka M fyrir framan sig þegar hann þóttist sækja eigin farangur í hólfið. Þá telur M einnig að hún eigi að fá kostnað vegna flugmiða endurgreiddan en þar sem vegabréfi hennar hafi verið stolið hafi hún ekki getað haldið sig við upphaflega ferðaáætlun. Sá kostnaður hafi verið bein afleiðing þjófnaðarins og því eigi að bæta tjón vegna hans en við bótagreiðslu hafi einvörðungu verið tekið tillit til verðmætis bakpokans.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til áður fram kominnar afstöðu sinnar. M hafi brotið gegn varúðarreglu viðeigandi váttryggingarskilmála, með því að skilja við hinn váttryggða farangur eftirlitslausan á almannafæri. Sé ekki farið að varúðarreglum geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá vísar V til tilgreindra fordæma nefndarinnar máli sínu til stuðnings og telur rétt að skerða bætur til M um helming.

Álit.

Í ljósi kröfugerðar M, en hún kvartar í málskoti yfir því að V hafi ekki bætt tjón hennar af farmiðakaupum vegna breyttrar flugleiðar, er rétt að áréttta að farangurstrygging fjölskyldutryggingar M hjá V tekur til munatjóns, þ.e. farangursins sjálfs en ekki tjóns sem kann að leiða af missi hans. Eins og fram kemur í málskoti telur V að M hafi gerst brotleg við gr. 9.2 í viðeigandi skilmálum en þar komi fram að ekki skuli skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri, og því sé rétt að skerða bætur til hennar um helming, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í málskoti kemur fram að M hafi sett umræddan bakpoka í farangurshólf sem var staðsett fyrir ofan sæti hennar í rútu. Hann hafi því verið eins nálægt henni og kostur var og hún áttað sig á þjófnaðinum örfáum mínútum eftir að hann átti sér stað. Eins og atvikum hér er háttað verður ekki talið að farangurshólf fyrir ofan sæti farþega teljist til almannafæris í skilningi gr. 9.2 í umræddum skilmálum, enda um að ræða geymslusvæði sem „tilheyrir“ farþegum í viðkomandi sætum og ekki gert ráð fyrir að aðrir farþegar hafi alla jafna neitt þangað að sækja. Því verður ekki fallist á að M hafi brotið gegn umræddu varúðarákvæði. Þykja samkvæmt framansögðu ekki efni til að skerða bætur til M, enda skilyrði 26. gr. laga um váttryggingarsamninga til þess ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á óskertan bótarétt úr farangurstryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 371/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Akraseli í Reykjavík við húsagötu að húsum nr. 31 og 33 þann 29.9.2019.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið aftur á bak út á Akrasel frá húsagötu sem liggur á milli húsa nr. 29 og 35 fremst við götuna að húsum nr. 31 og 33 við sömu götu. Var þá B ekið eftir götunni og rákust þá saman vinstra afturhorn A og hægra framhorn B.

Ökumaður A kveðst hafa ekið upp í húsagötuna til að snúa þar við. Hafi hann ekið aftur á bak út á Akrasel og verið þar kyrrstæður þegar áreksturinn varð. Ökumaður B mun hafa andmælt því að A hafi verið kyrrstæð.

Álit.

Ökumaður A ók aftur á bak út á Akrasel er hann var að snúa bifreiðinni við á götunni. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Eftir athugun á aðstæðum á árekstrarstað verður að líta svo á að húsagatan sem liggur að húsum nr. 31 og 33 sé heimreið eða svipaður vegur í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaganna, en samkvæmt þeirri lagagrein skal ökumaður, sem ekur út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl, veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Með vísan til þess ákvæðis bar ökumanni A jafnframt að víkja fyrir B.

Eins og málið liggur fyrir og í ljósi þeirrar varúðarskyldu sem hvíldi á ökumanni A og að honum bar að víkja fyrir umferð á Akraseli hefur hann sönnunarbyrðina um að A hafi verið kyrrstæð á akbrautinni það lengi áður en áreksturinn varð að ökumaður B hafi í tæka tíð átt að geta sveigt fram hjá A. Samkvæmt gögnum málsins hefur ökumanni A ekki tekist sú sönnun. Telst hann því eiga sök á árekstrinum. Ekki er efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 372/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar flutningafyrirtækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll út um dyr á eftirvagni vöruflutningabifreiðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.10.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8.11.2019.

Málsatvik.

M starfaði sem vöruflutningabílstjóri hjá vöruflutningafyrirtækinu A. Síðdegis 17. janúar 2016 vann M við að lesta eftirvagn vöruflutningabifreiðar sem hann ók. Vildi þá til að M féll út um hliðardyr á vagninum og varð fyrir meiðslum er hann skall í jörðina fyrir neðan.

Í tilkynningu A um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, sem virðist vera dagsett 3. mars 2016, segir að M hafi verið inni í eftirvagninum og verið að búa til pláss fyrir bretti. Hafi hann hallað sér upp að hliðarhurðinni með þeim afleiðingum að læsingin gaf sig og dyrnar opnuðust. Hafi M fallið aftur á bak úr vagninum á jörðina sem hafi verið þakin klaka.

M gaf skýrslu um atvikið hjá lögreglu 26. október 2018. Þar kom fram að hann hafi verið búinn að setja tvö bretti inn í eftirvagninn og farið með handtjakk inn á milli brettanna til að búa til pláss fyrir þriðja brettið, sem hann kvað oft vera gert. Því næst hafi hann hallað sér upp að hurðinni til að fá smá stuðning, en við það hafi dyrnar opnast og hann fallið til jarðar. Hafi hann látið yfirmann sinn hjá A vita af atvikinum en haldið svo akstri áfram. Hann hafi svo gefist upp á akstrinum, farið til síns heima daginn eftir og leitað til læknis í kjölfarið. Hafi hann verið frá vinnu í um einn og hálfan mánuð. Telur M að áður en slysið varð hafi læsingin kviklæst eða staðið á sér, sem síðan hafi gefið eftir þegar hann þrýsti sér upp að hurðinni.

Í skýrslu hjá lögreglu kvað B, akstursstjóri hjá A, að M hafi tjáð sér að hann hafi verið að spyrna í hurðina við lestun á bifreiðinni þegar hurðin hafi hrokkið upp. Svo virðist sem læsingin hafi gefið eftir.

Vitnið D, stafsmaður hjá A, kvaðst ekki hafa vitað til þess að handfang í umræddum eftirvagni hafi verið ónýtt. Hann kvaðst ekki hafa orðið fyrir því að hurðin hafi kviklæst og vagninn hafi alltaf verið í toppstandi.

Starfsmaður hjá A upplýsti lögreglu að við yfirferð á bifreiðinni (eftirvagninum) eftir slysið hafi komið í ljós að læsing í hurðinni hafi verið biluð og kjölfarið hafi verið gert við hana.

M kveður slysið ekki hafa verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins innan sólarhrings eins og skylt hafi verið samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og því hafi engin rannsókn farið fram á slysinu strax í kjölfar þess. Af þeim sökum verði A sem vinnuveitandi M að bera halla af skorti á sönnun um málsatvik sem hafi mátt leiða í ljós við rannsókn Vinnueftirlitsins eða lögreglu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Auk þess skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Hafi vinnuveitandi vanrækt skyldur samkvæmt þessari lagagrein eru allmörg dómafordæmi um að vinnuveitandi skuli beri hallann af sönnunarskorti ef aðila greinir á um málsatvik.

Eins og mál þetta liggur fyrir þykir mega leggja til grundvallar skýringu M á því hvernig hurð eftirvagnsins opnaðist og M féll út um dyrnar, þ.e. að læsing á hurð eftirvagnsins hafi verið kviklæst eða staðið á sér sem leiddi til þess að hurðin gaf eftir þegar M þrýsti sér upp að hurðinni.

Þótt ekki hafi gefist tækifæri til að skoða og rannsaka læsingarbúnað á hurð eftirvagnsins strax í kjölfar slyssins og við það megi miða að bilun í honum hafi leitt til þess að dyrnar opnuðust með þeim

afleiðingum að M féll út úr vagninum hefur M engu að síður sönnunarbyrðina um það að starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita um bilunina og getað brugðist við áður en slysið varð. Af skýrslum starfsmanna A hjá lögreglu og raktar eru hér að ofan, eða gögnum málsins að öðru leyti, verður ekki ráðið að starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita að læsingin hafi verið biluð þegar M varð fyrir slysinu. Slysið verður því ekki rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 373/2019**M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Túlkun á undanþáguákvæði váttryggingarskilmála vegna ágreinings í dómsmáli.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28. október 2019, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V dags. 12. nóvember 2019, ásamt gögnum.

Stefna og skrá yfir framlögð skjöl, lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti og málgögnum kemur fram að M hafi höfðað mál gegn Reykjavíkurborg vegna barnaverndarnefndar Reykjavíkur og nafngreindum einstaklingi vegna kröfu um að ákvörðun barnaverndarnefndarinnar, sem staðfest var með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála í mars sl., þar sem fjallað er um rétt til umgengni við fösturson M. Ágreiningur hefur verið um rétt þess nafngreinda einstaklings um umgengni við dreng sem M tóku í föstur í byrjun árs 2014, þegar hann var kornabarn.

M telur að dómsmálið sem þau hafa höfðað sé til þess fallið að fá fellda úr gildi ákvörðun stjórnvalds og eigi því ekki undir undanþáguákvæði sem V hefur borið fyrir sig í gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum V þar sem komi fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað í málum „...sem varða hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.“ M telur að horfa verið til orðalags ákvæðisins í heild og það bendi til þess að undanþágan eigi eingöngu við um mál sem koma upp varðandi deilur fyrrverandi hjóna, sambúðafólks eða rekkjunauta um forræði, umgengni eða faðerni. Einnig vitna M í fræðirit um barnarétt þar sem vísað er til umgengnisréttar með þeim hætti að þar sé einungis átt við rétt blóðforeldra til umgengni við barn sitt. M vísa til þess að vafa í orðalagi váttryggingarskilmála verði að túlka M í hag.

V telur að undanþáguákvæði í gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum V eigi við um ágreining M í dómsmáli því sem hefur nú verið höfðað. Þar sé ágreiningur um umgengnisrétt móðurömmu barns við barnið og ágreiningur málsins varði því umgengnisrétt, sem sé skýrlega undanskilinn greiðsluskyldu með undanþáguákvæði í fyrrnefndu undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna.

Álit.

Í málsögnum liggur fyrir að höfðað hefur verið mál sem varðar efnislega ágreining um umgengnisrétt einstaklings úr blóðfjölskyldu barns, við barnið, en það er í varanlegu föstri hjá M. Í 46. gr. a. í barnalögum nr. 76/2003 er fjallað um rétt á umgengni náinna vandamanna foreldris sem er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn um umgengni við barnið. Það er því ljóst að ákvæði barnalaga fjalla ekki eingöngu um rétt foreldra til umgengni við börn sín heldur einnig eftir atvikum náinna vandamanna. Ágreiningur um umgengnisrétt við börn getur því komið upp í fleiri tilvikum en svo að hann tengist ágreiningi um hjónaskilnað eða sambúðarslit tveggja einstaklinga eða einungis ágreining milli fyrrverandi rekkjunauta.

Þegar litið er til ákvæðis gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum verður að skilja það ákvæði þannig að allur ágreiningur varðandi umgengnisrétt sé undanskilinn rétti til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu og sé orðalag ákvæðisins ekki sett fram með villandi hætti, þannig að það megi skilja að það nái eingöngu til ágreinings um umgengni milli kynforeldra barns.

Þó hluti af kröfum aðila lúti að því að fá úr gildi felldan úrskurð stjórnvalds verður ekki litið framhjá því að ágreiningurinn fjallar efnislega um umgengnisrétt og á undanþáguákvæði gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum því við. M eiga því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 374/2019**M og****V vegna slysatryggingar sjómanna hjá fiskverkun A hjá V**
Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.**Gögn.**

Málskot dags. 25.10.2019 ásamt fylgigögnum 1-7.

Bréf V dags. 06.12.2019 ásamt fylgigögnum 1-3.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 9.12.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt lýsingum M í málskoti var hann, hinn 15. janúar 2018, skipverji á skipi sem gert er út af A. Þegar M var á leið niður stiga að vélarrúmi skipsins féll hann niður stigann, rotaðist og missti meðvitund nokkra stund, en nokkur veltingur hafi verið á skipinu og stiginn töluvert brattur. M muni ekki hvernig fallið atvikaðist en hann hafi ekki fundið fyrir svima eða öðrum innri einkennum fyrir atvikið. Eftir að hafa legið í nokkrar mínútur komst M á fætur, og var skipinu í kjölfarið stefnt til lands og hann fluttur á sjúkrahús.

M telur tjón sitt vegna þessa bótaskyldt úr slysatryggingu sjómanna sem A er með í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að í sjúkragögnum vegna atviksins komi fram að tilefni komu sé „yfirið“. Þá megi ráða af lýsingum í sjúkragögnum að M hafi misst meðvitund, líklega vegna einkenna frá hjarta, og við það fallið og skolið í gólfíð. Því telur V ósannað að utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóni M, heldur sé ástæður hans að rekja til innri orsaka, þ.e. þess að M hafi fallið í yfirið fyrir fallið. Sé því ekki um slysi í skilningi viðeigandi skilmála að ræða.

M mótmælir þessari afstöðu og ítrekar að hann hafi rotast og fallið í yfirið vegna þess höfuðhöggs sem hann hlaut við fallið niður stigann, en neitar því alfarið að hafa fundið til svima áður. Þá telur M að fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn sýni fram á að atvik málsins séu í samræmi við lýsingar hans.

Álit:

Í skilmálum viðeigandi vátryggingar er hugtakið slysi skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans. Ljóst er af framansögðu að ágreiningur aðila snýr að því hvort líkamstjón það sem M varð fyrir hinn 15. janúar 2018 sé að rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka. Ekki verður séð að nein vitni hafi orðið að falli M niður stigann og M virðist sjálfur ekki muna hvernig fallið atvikaðist, en neitar að hafa fundið fyrir svima eða slappleika áður. Í matsgerð sem liggur fyrir nefndinni og er dagsett hinn 10. október 2019 segir m.a. um atvikið: „...Því ljóst að líklega hefði hjartsláttaróregla stuðlað að yfiriði. Yfiriðið hefði svo orðið á slæmum stað og þannig valdið höfuð- og hálsáverka. Meðferðin, eftir Holter rannsókn, var að setja inn gangráð til að fyrirbyggja yfiriði.“ Í samantektarkafli matsgerðar segir jafnframt: „Hjartsláttaróreglunni er kennt um yfiriðið og slysið í janúar 2018.“ Hefur M í kjölfarið fengið ísettan gangráð og ekki fallið í yfirið síðan. Sú afstaða sem fram kemur í matsgerðinni, þ.e. að M hafi fallið í yfirið vegna hjartsláttaróreglu og slasast vegna þess fær jafnframt stuðning úr ummælum í göngudeildarskrá, dags. 23. janúar 2018, þar sem sett er fram greiningin „aðrar raskanir á jafnvægisstarfsemi“ og talið að ástæða byltunnar sé líklega sú að M hafi misst meðvitund sem bendi fremur til einkenna frá hjarta en heilablóðfalls. Verður samkvæmt framansögðu að telja að umrætt atvik megi rekja til innri orsaka, þ.e. þess að M hafi misst meðvitund vegna hjartsláttaróreglu sem hann hefur síðan gengist undir meðferð vegna. Ber því að hafna kröfum hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna fiskverkunar A hjá V.

Reykjavík 3. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 375/2019**M og
V v/ farangurstryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Ferðataska hvarf úr farangursgeymslu bílaleigubifreiðar á athafnasvæði bílaleigu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.10.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 14.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6. apríl 2019 tók M við bílaleigubifreið, sem hún hugðist hafa á leigu í tvær vikur, hjá tiltekinni bílaleigu á flugvelli á Miami í Bandaríkjunum. Hún kvaðst hafa sett farangur sinn í bifreiðina og þar á meðal eina tösku í farangursgeymslu. Hafi bifreiðin verið í stæði bílaleigunnar á lokuðu svæði í bílajakjallara. Fljótlega eftir að hún hafði sest inn í bifreiðina ásamt fimm ára syni sínum tók hún eftir að bifreiðin var skítug og stóðst ekki þær gæðakröfur sem bílaleigan hafði mælt fyrir um. Fór hún fram á að fá nýja bifreið og fékkst það eftir nokkra stund. Hafi hún sett farangur sinn í nýju bifreiðina en taska sú, sem hún hafði sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar sem hún fékk fyrst, gleymdist þar. Eftir að hafa ekið í um 30-35 mínútur áttaði hún sig á því og hringdi þegar í bílaleiguna. Fékk hún samband við þjónustuver og símleiðis fyllti hún út sérstaka skýrslu, „lost and found“, um atvikið. Tæpum tveimur klukkustundum eftir að hún fór frá bílaleigunni kom hún þangað aftur. Þá fannst ekki sú bifreið sem hún hafði fyrst fengið á leigu og taskan gleymdist í, né heldur taskan. Nokkrum dögum síðar kom M að nýju á bílaleiguna og þá kom í ljós að taskan hafði ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslan í bifreiðum sömu gerðar og taskan hafði gleymst í. Sama dag tilkynnti M um þjófnað á töskunni til lögreglu.

M hefur krafist bóta úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar sem hún hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til varúðarreglu sem mælt var fyrir í skilmálum vátryggingarinnar, svohljóðandi: „Vátryggður skal ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.“

Álit.

Af gögnum málsins og athugasemdum V verður ekki séð að V mótmæli sérstaklega að hvarf umræddrar tösku hafi borið að þeim hætti sem M hefur lýst og gerð er grein fyrir hér að framan. Þá er höfnun bótaskyldu af hálfu V einungis byggð á því að framangreind varúðarregla hafi verið brotin.

Við úrlausn málsins þykir mega á því byggja að töskunni hafi verið stolið úr farangursgeymslu bifreiðar þeirrar sem M fékk fyrst afhenta hjá bílaleigunni en gleymdist þar þegar hún fékk aðra bifreið til afnota. Ekki verður talið að taska sem skilin var eftir í farangursgeymslu bifreiðar eins hér háttaði hafi verið skilin eftir á almannafæri í skilningi þeirrar varúðarreglu sem V ber fyrir sig. Af því leiðir að ekki eru skilyrði til að skerða bætur til M vegna þjófnaðar á töskunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 376/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifhjóls.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns sem farþegi á bifhjóli varð fyrir.****Gögn.**

Málskot, dags. 25.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bref V, dags. 13.11.2019.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi sunnudaginn 16. júlí 2017 hittust M og A, stjórnandi þunga bifhjólans B í tilteknu húsi í Grafarvogi. Ákváðu A og M að fara í ökuferð á B um hverfið. Var M farþegi á B sem A stjórnaði. Er B var beygt af Víkuvægi til vinsri áleiðis vestur Borgarveg missti A stjórn á hjólinu með þeim afleiðingum A og M féllu í götuna og urðu fyrir meiðslum. Þeir fóru af slysstað og í fyrrgreint hús þar sem þeir höfðu hist. Var A þá með mikil andþynsli þannig að kona, sem þar var á staðnum, kallaði til lögreglu og sjúkralið.

Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að A hafi átt í öndunarerfiðleikum og við skoðun hafi komið í ljós að hann hafi verið með loftbrjóst. Þá segir að „[v]egna ástands var ekki hægt að kynna [A] réttarstöðu eða upplýsingar.“ Þá segir að á M hafi mátt sjá að hann hafi verið undir áhrifum vímuefna, göngulag óstöðugt og óskýrt málfar. Þá er í skýrslunni haft eftir M að hann hafi verið farþegi á B sem A hafi ekið norður Víkurveg og stöðvað við gatnamót Borgarvegar. Þar hafi A tekið vinstri beygju og ekið vestur Borgarveg, en misst þar stjórn á hjólinu skammt frá gatnamótunum og hafnað utan vegar vinstra megin miðað við akstursstefnu.

Í sérstakri rannsóknarskýrslu vegna slyssins er haft eftir A að hann hafi lagt hjólið í vinstri beygju er grænt ljós kviknaði fyrir þá akstursstefnu, en M hafi eitthvað verið að hreyfa sig aftan á hjólinu og gegn akstursleið hans þannig að sér hafi tekist illa að rétta hjólið af á tiltölulega lítilli ferð og verið nærri því að lenda á vegkanti hægra megin og sveigt frá þannig að hann hafi misst hjólið yfir til vinstri og á vegkantinn sem hann hafi svo ítrekað lent á áður en þeir köstuðust endanlega af hjólinu. Hafi hann reist hjólið við og ekið að húsi því sem áður greinir. A kvaðst hafa verið allsgáður, en hafa drukkið nokkra bjóra kvöldið áður og ekki notað nein lyf utan „concepta“ sem hann noti 2x30 mg kvölds og morgna og ekki verið á neinni annarri lyfjan.

Í sömu skýrslu segir að M hafi lýst ferð þeirra á sama veg og A hafi gert og A hafi misst stjórn á B á Borgarvegi. Sjálfur hafi hann verið ókyrr og á mikilli hreyfingu aftan á B.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist í blóði A 40 ng/ml af 7-aminóklónazepam, 210 ng/ml af amfetamíni, 25 ng/ml af klónazepam og 35 ng/ml af kókaíni. Í matsgerðinni segir að amfetamín og kókaín séu efni í flokki ávana- og fikniefna sem óheimil eru á íslensku yfirráðasvæði. Ökumaðurinn telst því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Þá segir að klónazepam sé flogaveikilyf og 7-aminóklónazepam sé umbrotaefni þess. Lyfið sé í flokki benzódíazepína, hafi slævandi verkun á miðtaugakerfi og dragi verulega úr aksturshæfni í lækningalegum skömmtum. Styrkur klónazepams í blóði A sé eins og eftir töku lyfsins í lækningalegum skömmtum og hafi A verið undir slævandi áhrifum þess. Fullvíst megi telja að hann hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þeim sökum. Áfengi mun ekki hafa mælst í blóði A.

Samkvæmt matsgerð sömu rannsóknastofu mældist í blóði M 5,0 ng/ml af 7-aminóklónazepam, 5,0 ng/ml af alprazolam, 70 ng/ml af amfetamíni, 4,0 ng/ml af klónazepam og 185 ng/ml af kókaíni. Um amfetamín og kókaín segir hið sama og greinir matsgerð þeirri sem varðar A. Þá kemur fram að M hafi verið undir slævandi áhrifum alprazolams og klónazepams.

M mun hafa orðið fyrir meiðslum er hann féll af B og hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr lögmæltri ábyrgðartryggingu hjólans hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu en skerða beri bæturnar að 2/3 þar sem hann hafi verið meðvaldur að tjóninu með stórkostlegu gáleysi með því að hafa þegið far

með A á B sem hafi verið óhæfur til að stjórna hjólinu örugglega þar sem hann hafi verið undir áhrifum vímuefna auk þess sem hann hafi verið á hreyfingu aftan á B.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Samkvæmt reglum skaðabótaréttar hefur V sönnunarbyrðina um það að M hafi verið meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi þannig að því sé heimilt að beita ákvæði 2. mgr. 88. gr. laganna til að skerða rétt M til bóta.

Af gögnum málsins verður að telja ljóst að A var undir áhrifum ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja þegar slysið varð og var af þeim sökum óhæfur til að stjórna B með öruggum hætti. Hins vegar liggja engin skýr gögn fyrir í málinu, svo sem matsgerð sérfróðs aðila, sem sýna fram á að þau efni sem mældust í líkama A hafi verið næg til þess að allsgáður maður hafi mátt greina á tali hans eða háttalagi að öðru leyti að hann hafi verið ófær til aksturs B vegna neyslu efnanna. Þótt M og A hafi hist nokkra stund áður en þeir hófu ökuferðina verður því ekki talið nægilega sýnt fram á samkvæmt gögnum málsins að M hafi vitað eða mátt vita að A hafi verið óhæfur til aksturs B. Að öllu virtu verður það ekki virt M til stórfellds gáleysis að hafa tekið sé far með A á B þar til slysið varð.

Aftur á móti verður ekki fram hjá því litið að M var einnig undir talsverðum áhrifum ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja eins og greinir í matsgerð Rannsóknastofu Háskólans. Þá var hann að eigin sögn á mikilli hreyfingu þar sem hann sat aftan á B, þ. á m. í þann mund sem A tók beygjuna af Víkurvegi inn á Borgarveg. Þessi háttsemi M undir áhrifum vímuefna var án vafa til þess fallin að torvelda A að hafa fulla stjórn á B. Þessi háttsemi, sem verður að virða sem stórkostlegt gáleysi, var því meðorsök þess að slysið varð og M varð fyrir líkamstjóni. Verður að telja rétt í ljósi allra atvika að bætur til hans séu skertar nokkuð af þessum sökum og þykir hæfilegt að sú skerðing nemi 1/3. Af því leiðir að hann telst eiga rétt til bóta að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins B hjá V.

Reykjavík, 3. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 378/2019**M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Túlkun á undanþáguákvæði váttryggingarskilmála vegna ágreinings í dómsmáli.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28. október 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19. nóvember 2019.

Málsatvik.

Hinn 25. júní 2019 var M stefnt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta vegna starfa hans fyrir húsfélag. Í stefnu er vísað til þess að M hafi gerst sekur um fjárdrátt vegna heimildarlausra færslna úr sjóðum húsfélagsins. Greinargerð var lögð fram hinn 26. september 2019 og tekur M þar til varna.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis 18.11 í váttryggingarskilmálum, þar sem kemur fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað „Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt.“ Einnig bendir V á undanþáguákvæði í gr. 18.2 sem segir að váttryggingin bæti ekki málskostnað vegna sakamála. V telur að sú krafa sem sé gerð á hendur M í fyrrnefndu dómsmáli sé byggð á því að hann hafi gerst sekur um fjárdrátt og þannig sé alla vega uppi grunur um brot sem er saknæmt og þess vegna eigi undanþáguákvæði gr. 18.11 við í málinu. V telur ekki skipta máli hvort M sé sekur eða sýknaður í dómsmálinu, allt eð einu sé uppi grunur um fjárdrátt.

M telur fyrrnefnt undanþáguákvæði váttryggingarskilmála ekki eiga við þar sem því sé einhliða haldið fram af hálfu þess sem stefnir M til greiðslu skaðabóta að um fjárdrátt hafi verið að ræða. Það sé hins vegar ekki rökstutt og snúist ágreiningur um heimildir M til endurgreiðslu kostnaðar og launagreiðslur. M bendir á að enginn lögreglurannsókn hafi farið fram vegna málsins og húsfélagið hafi ekki kært málið til lögreglu. M telur að um sé að ræða einkaréttarlegan ágreining sem hafi því ekkert með sakamál að gera.

Álit.

Ágreiningur milli aðila lýtur að túlkun á ákvæði gr. 18.11 í váttryggingarskilmálum og hvort réttarlegur ágreiningur í skaðabótamáli húsfélagsins gegn M falli undir það ákvæði. Eins og kemur fram hér að ofan bætir váttrygging V skv. því ekki málskostnað í málum sem varða skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt.

Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að sá verknaður, sem vikið er að í afar stuttu máli í stefnu sem fjárdráttur, hafi verið til rannsóknar hjá lögreglu. Engin gögn liggja fyrir sem staðreyna að grunur sé um að M hafi gerst sekur um slíkan verknað, annað en einhliða lítt rökstuddar yfirlýsingar þess aðila sem krefur M um skaðabætur, og enn síður að slíkur grunur hafi leitt til ákæru á hendur honum vegna brots sem er saknæmt. Við túlkun á undanþáguákvæði gr. 18.11 verður að gera þá kröfu að gögn sýni að slíkur grunur hafi komið fram með skýrum hætti, t.d. með rannsókn lögreglu og getur V því ekki borið fyrir sig umrædda undanþágu. Ekki er heldur um sakamál að ræða og á ákvæði gr. 18.2 því heldur ekki við. M á því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 379/2019**M og****V v/ slysatryggingar launþega og ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um hvort starfsmaður hafi orðið fyrir slysi og ábyrgð vinnuveitanda á atvikinu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.12.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og öðrum gögnum málsins má ráða að M kveði málatvik hafa verið þau, að hinn 2. júlí 2018 kl. 15:45 hafi hann sem starfsmaður A verið að draga þungan vagn, einhvers konar búr, með tveimur þvottavélum og fleiri heimilistækjum inn í flutningsrými sendibifreiðar og hafi verið kominn með vagninn upp á vörulyftu við afturdir flutningsrýmisins, þar sem lyftugólfið hallaði niður frá dyrunum. Virðist sem hann hafi ætlað að staldra við á lyftunni og setja vagninn í bremsu. Þá hafi vagninn runnið aftur á bak á lyftugólfinu og M misst takið á honum og fallið aftur á bak á sitjandann og orðið fyrir meiðslum í baki.

M leitaði til læknis 8. sama mánaðar og í læknisvottorði vegna óvinnufærni sem er ritað sama dag kemur fram að hann hafi verið óvinnufær frá 9. sama mánaðar vegna sjúkdóms. Nokkur læknisvottorð á sömu lund voru rituð allt til 13. september sama ár. Þann dag ritaði heimilislæknir um að M væri óvinnufær vegna sjúkdóms frá 14. sama mánaðar og óvíst hversu lengi. Í beiðni sama heimilislæknis um sjúkrahjálfun, dagsettri sama dag, segir á hinn bóginn að M hafi orðið fyrir vinnuslysi 2. júlí 2018 er hann hafi orðið fyrir þungum vagni og dottið aftur fyrir sig og meitt sig í baki. Hafi hann verið óvinnufær þennan tíma og verið með slæman verk í mjóbaki og leiðsluverk niður í rasskinn hægra megin. Í öðrum vottorðum læknisins er þess getið að M hafi verið að draga og ýta þungum vagni fullum af þungum hlutum, en við þau átök hafi hann skyndilega fengið slæman verk í mjóbakið með leiðni leiðni út í rasskinn og læri hægra megin.

Í tilkynningu A um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dag. 30. október 2018, kemur fram að 6. júlí 2018 hafi M verið að færa flutningseiningu, búr, yfir í nánar tilgreinda sendibifreið. Hafi hann orðið fyrir áverka á hrygg, baki, af völdum höggs. Í tilkynningu A sama dag til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu 6. júlí 2018 og strax hætt vinnu.

Með yfirlýsingu launafulltrúa hjá A, dags. 13. júní 2019, segir að M hafi fengið greiðslur frá A 31. mars 2019 vegna vinnuslyss sem M hafi lent í 6. júlí 2018. Samkvæmt M hafi hann hins vegar lent í slysinu 2. júlí en yfirmaður hans hafi skráð í skýrsluna 6. júlí. Málið hafi verið til athugunar og í samþykktarferli þetta langan tíma. Niðurstaðan hafi verið að greiða M þriggja mánaða laun sem samsvari veikindarétti í vinnuslysi. Engir fyrirvarar eru í tilkynningunum til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginganna né í síðastgreindri yfirlýsingu um það hvort slysið hafi í raun gerst. Í tölvupósti A til V 10. apríl 2019 segir að yfirmenn M hafi haft efasemdir um þetta slys án þess að nánar sé skýrt hvað átt sé við með þeim efasemdum.

M telur sig í umrætt sinn hafa orðið fyrir slysi sem sé bótaskyldt úr slysatryggingu launþega sem A hafi í gildi hjá V. Að auki megi rekja slysið til þess að bremsur vagnsins hafi verið bilaðar og beri A ábyrgð á þeim vanbúnaði og hefur í því sambandi m.a. vísað til 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Þá hafi hann strax eftir slysið haft símasamband við yfirmann sinn hjá A og látið hann vita af því sem gerðist. Þrátt fyrir það hafi ekki verið hlutast til um rannsókn slyssins af hálfu A eins og mælt er fyrir um í 79. gr. laga nr. 46/1980. Af því leiði að leggja verði framburð M um orsakir slyssins til grundvallar nema A takist að sanna hið gagnstæða.

V hefur hafnað bótaskyldu, bæði úr slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu A hjá félaginu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega greiðir vátryggingin bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, en með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

Læknisvottorð sem liggja fyrir í gögnum málsins eru nokkuð misvísandi um það hvernig það atvikaðist að M varð fyrir þeim bakmeiðslum sem fjallað er um í vottorðunum, þar á meðal hvort sjúkdómseinkennin megi rekja til sjúkdóms eða tiltekins utanaðkomandi atviks. Tilkynningar A til Vinnueftirlits ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands bera það á hinn bóginn með sér að M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum slyss. Sama máli gegnir hvað varðar yfirlýsingu A frá 13. júní 2019.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í ýmsum læknisvottorðum um málsatvik sem og misvísandi upplýsingar um tjónsdag, verður að öllum gögnum málsins virtum að telja nægilega sannað að 2. júlí 2018, við það að missa tak á vagninum sem M dró, hafi hann fallið á sitjandann og orðið fyrir meiðslum í baki. Þannig hafi hann orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála og eigi því rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar hefur M sönnunarbyrði um að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann varð fyrir umrætt sinn. M leitaði fyrst til læknis sex dögum eftir tjónsatvikið og engin haldbær gögn liggja fyrir í málinu um að fyrirsvarsmenn A hafi vitað eða mátt vita af atvikinu fyrr en allnokkru síðar. Í því efni er ósannað gegn andmælum V að M hafi upplýst yfirmann sinn um slysið þegar hann hafði símasamband við hann sama dag og það gerðist. Er því ekki tilefni til að fella sönnunarbyrði á A um það hver tildrög slyssins hafi verið.

Engin gögn liggja fyrir um að bremsur vagnsins hafi verið bilaðar eða vagninn hafi að öðru leyti verið vanbúinn, né heldur, ef svo hefur verið, að fyrirsvarsmenn A hafi vitað eða mátt vita af slíkum vanbúnaði þannig að þeir hafi átt tök á að taka vagninn úr umferð áður en slysið varð. Ekki verður heldur séð að slysið megi rekja til ónógra leiðbeininga til M varðandi notkun umrædds vagns, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem A getur borið skaðabótaábyrgð á. Verður því að telja ósannað að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M sem hann hlaut umrætt sinn. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V. Hann á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 380/2019**M og
Vv/ slysatryggingar ökumanns og eiganda ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu er traktorsgröfu var ekið á jarðfastan ramma utan um pípuhlið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.11.2020.

Læknisvottorð, dags. 4.3.2020. lagt fram 10.3.2020.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti mun M hafa hinn 12. janúar 2018 verið við snjómokstur á traktorsgröfu, A, á heimreið við heimili sitt. Hafi framskófla A þá rekist í jarðfastan ramma utan um pípuhlið á heimreiðinni. Við það hafi komið mikið högg og M fengið mikinn hnykk á sig og höfuð hans skolið í karm um framrúðu A og hlotið höfuðáverka við höggið. Fyrst um sinn hafi M harkað af sér og ekki leitað til læknis. Þegar leið frá slysi hafi verkir ágerst í hálsi og herðum.

M tilkynnti um atvikið til V 16. apríl 2018. Þar er skráð eftir honum að hann hafi verið að hreinsa heimkeyrsluna af snjó þegar hann hafi rekið vélina í hlið. Hann hafi skolið með höfuðið í framrúðuna og fengið hnykk á hálsinn. Hann hafi verið ómögulegur eftir að þetta gerðist.

Samkvæmt tveimur læknisvottorðum, dags. 31. október 2018 og 4. mars 2020, leitaði M á heilsugæslustöð 5. mars 2018 vegna verkja í háls hryggnum og efri hluta brjósthryggs. Mun M hafa greint svo frá að hann hafi lent í slysi 12. janúar 2018 er hann var að moka snjó og ekið á stein og fengið hnykk á hálsinn. Hann hafi verið aðeins betri eftir nokkrar vikur en rekið sig svo í og aftur orðið aumur.

M leitaði á ný á heilsugæslustöðina 20. júní 2018 vegna sömu vandamála. Hafi hann þá verið aðeins betri nema enn þá með verki í háls hryggnum „c6-7“ hægra megin og engin „taugadefecit“ hafi verið að sjá.

Segulómmynd af hryggnum mun hafa verið tekin 13. júlí 2017 og vegna áframhaldandi verkjakvartana var ný segulómmynd tekin 18. nóvember 2019. Sú mynd mun hafa sýnt óbreytt ástand frá þeirri fyrri. Niðurstöður segulómunnarinnar voru skoðaðar af taugaskurðlækni. Í svari læknisins kemur fram að báðar myndirnar sýni slitbreytingar í háls hrygg, sem séu mestar í „C4-5 og C5-6“, þar sé hann með svólítið lækkaðan liðþófa og þrengingar á rótargöngum hægra megin. Þetta sé út af „osteofytum“. Einnig segir í svari taugaskurðlæknisins að slitbreytingar séu ekkert sem hafi komið út af slysinu en hins vegar hafi það getað gert þær verri fyrst á eftir.

Í niðurlagi fyrrgreinds læknisvottorðs frá heilsugæslustöð 4. mars 2020 kemur fram að samkvæmt skoðun og niðurstöðum sé um að ræða slitbreytingar í háls hrygg, sýnilegar breytingar hafi ekki verið á háls hrygg M á milli segulómunnarsóknna 2018 og 2019, afleiðingar virðast hafa áhrif á daglegt líf M og auknir verkir séu við mikla hreyfingu út af háls hnykk.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við áaksturinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Svo virðist sem engin lögregluskýrsla hafi verið gerð vegna umrædds atviks. Í tjonstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi rekið vélina í hlið þegar hann var að hreinsa snjó af heimkeyrslu. Þá segir í málskoti að M hafi umrætt sinn ekið á jarðfastan ramma utan um pípuhlið. Samkvæmt þessu verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi 12. janúar 2018 ekið traktorsgröfunni á ramma utan um pípuhlið eins og greinir í málskoti og mögulega orðið fyrir einhverjum meiðslum við það. Hann telst því eiga rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A að því marki sem sýnt er fram á slíkt tjón, sbr. 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Slíkar bætur ákvarðast eftir reglum skaðabótalaga nr. 50/1993.

Læknisfræðileg gögn málsins eru mjög takmörkuð eða einungis þau tvö læknisvottorð sem að framan greinir. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu varðandi þær heilsufarslegu afleiðingar sem M kann að

búa við af völdum slyssins. Þær bætur sem einkum koma til álita fyrir líkamstjón samkvæmt skaðabótalögum eru bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlegan miska og varanlega örorku. Af fyrrgreindum læknisvottorðum verður ekki ráðið að M eigi rétt á bótum sem mælt er fyrir um í skaðabótalögunum. Við svo búið telst M ekki eiga rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 382/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar búfjäreiganda X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð eiganda og vörslumanns hesta vegna umferðaróhapps.****Gögn.**

Málskot mótttekið 1. nóvember 2019, ásamt fylgigögnum og tölvupóstur dags. 10. desember 2019, ásamt athugasemdum

Athugasemdir V dags. 29. nóvember 2019, ásamt gögnum og tölvupóstur V dags. 9. desember 2019 með upplýsingum um váttryggingu.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir meðal gagna málsins kemur fram að M ók á bifreið sinni á þrjú hross hinn 13. febrúar 2019 á Siglufjarðarvegi. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekið á hrossin og „... hafa verið með cruise control“ á og talið að hann hafi verið að aka á 90 km/klst og að hann hafi verið í bílbelti.“ Í sömu skýrslu kemur fram að X sé eigandi tveggja hrossa og umsjónarmaður sem og hafi hann haft umsjón með þriðja hrossinu og hafi þau verið í hólfi við Efrihól/Undhól. Á myndum sem fylgja lögregluskýrslunni kemur fram að hlið að hólfinu sem hrossin áttu að vera lá niðri auk þess sem komu fram skýringar X á því að hann hefði bundið hliðið báðu megin þegar hann gekk um það síðast. Á vettvangi er lausaganga búfjár bönnuð skv. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem vörslur hrossanna hafi ekki verið nægilega tryggar og sá sem fóðraði hrossin síðast hafi ekki bundið hlið að hólfinu sem þau voru geymd í nægilega vel þegar hann gekk um það. M telur sýnt af myndum að hliðinu hafi ekki verið nægilega lokað og þess vegna hafi hrossin sloppið út og ekkert bendi til þess að það hafi verið einhver óviðkomandi sem gekk um hliðið. Einnig bendir M á að ekkert bendi til þess að hrossin hafi brotið sér leið út úr hólfinu með því að brjóta hliðið niður þar sem engin ummerki hafi verið um það á vettvangi. V telur ósannað að vörslur hrossanna hafi verið ófullnægjandi af hálfu X. Ekki liggja fyrir að frágangur hliðs hafi verið óforsvaranlegur og beri M hallann af sönnunarskortum um það. Einnig vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 918/2018 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna að þrjú hross sem öll voru í vörslum X hafi sloppið út úr hólfi sem þau voru í við Siglufjarðarveg þar sem girt er beggja vegna vegar og lausaganga búfjár því bönnuð skv. ákvæðum vegalaga. Rík skylda hvílir á vörslufólki búfjár við slíkar aðstæður og m.v. sönnunargögn verður að leggja til grundvallar að gengið hafi verið um hlið að hólfinu og ekki nægilega gengið frá því að því loknu. Verður að meta vörslumanni hrossa það til gáleysis að hafa ekki haft nægt eftirlit með hliðinu þó Aðstæður eru ekki sambærilegar við dóm Landsréttar í máli nr. 918/2018 þar sem myndir af vettvangi sýna ekki að hrossin hafi getað rutt hliðinu niður. Hins vegar er ljóst af framburði M að hann sýndi ekki næga aðgæslu við akstur á hámarks hraða með cruise control í myrkri, en í lögregluskýrslu kemur fram að óhappið hafi orðið síðla nætur. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en réttur hans til bóta skerðist um helming vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V en bótaréttur skerðist um helming vegna meðábyrgðar.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 383/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sandfoks frá bifreiðastæði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 06.11.2019, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 15.11.2019, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 28.01.2020, ásamt fylgiskjölum 1-18 auk myndbandsupptöku.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu vegna tjóns sem hlotist hafi af sandfoki af bifreiðarstæði í eigu A, en A sé með ábyrgðartryggingu hjá V. Tjón M vegna þess sé tvíþætt, annars vegar hafi þau orðið fyrir miska vegna skertra lífsgæða, en hins vegar fyrir fjárhagslegu tjóni vegna viðhalds og endurnýjunar muna vegna sandfoksins. Umrætt stæði, sem sé á móti fasteign M, hafi verið í notkun frá árinu 2008 en þrátt fyrir það ekki verið fullklárað. Þegar bílar aki um bifreiðastæðið þyrlist upp sandur og ryk og berist að fasteign M og hið sama gerist í norðanátt. Umrætt sandfok kalli á töluvert meiri þrif en eðlilegt geti talist en jafnframt á aukið viðhald á fasteign M auk þess sem bifreiðar í eigu M hafi orðið fyrir skemmdum vegna þessa. M hafi verið í samskiptum við forsvarsmenn M á árunum 2013 og 2015 vegna málsins, auk þess sem þáverandi bæjarstjóri hafi sótt þau heim til að skoða ástandið. Þá hafi þau kvartað við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem hafi metið kvörtun þeirra réttmæta. Samkvæmt framansögðu sé ljóst að tjón M sé að rekja til vanrækslu A og vísa M jafnframt til ákvæða byggingarreglugerðar og reglugerðar um hollustuhætti máli sínu til stuðnings.

Í svari V til nefndarinnar er rakið að umrædd vátrygging taki aðeins til líkamstjóns eða skemmda á munum. Engin gögn, matsgerðir eða annað liggja fyrir er sýni fram á tjón M eða orsök þess. Sé því ósannað að M hafi orðið fyrir líkams- eða munatjóni sem rakið verði til starfsemi A. Þegar af þeirri ástæðu sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Breyti engu þar um þó M gætu sýnt fram á óþægindi vegna sandfoks enda taki vátryggingin ekki til fjártjóns sem rekja megi til óþæginda eða kostnaðar við þrif. Þess utan sé ósannað að sandfok stafi frá umræddu bifreiðastæði enda séu fjölmörg önnur malarsvæði í nágrenni við fasteign M. Þá hafi tilvísun M til ákvæðis byggingarreglugerðar ekkert vægi, enda hafi umrædd reglugerð ekki tekið gildi fyrr en árið 2012. Að auki bendi ekkert til þess að A hafi brotið gegn tilgreindu ákvæði reglugerðar um hollustuhætti sem kveði á um að eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skuli halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði. Ekkert liggja fyrir annað en að A hafi hirt vel um bifreiðastæðið, og jafnframt vætt stæðið í þurrkatið til að takmarka mögulegt ónæði af ryki. Á grundvelli framangreinds hafnar V því að bótaskylda sé til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar byggja M á því að það sé hafið yfir allan vafa að tjón hafi hlotist af umræddu sandfoki, enda fráleitt að ætla að svo mikið magn sands, sem berist bæði inn í fasteign þeirra og á ytra byrði hennar, valdi ekki tjóni. Enn fremur sé augljóst að umrætt sandfok stafi frá bifreiðastæði A en ekki öðrum svæðum, sem auk þess að vera meira og minna gróin, séu í töluverðri fjarlægð frá fasteign M. Til sönnunar á tjóni sínu leggja M m.a. fram bréf húsasmíðameistara sem hafi komið að endurbótum á fasteign þeirra auk tilboða í viðgerðir á bifreiðum þeirra, og beri tilboðin með sér að um sé að ræða viðgerðir vegna sandfoks. Þá er vakin athygli á því að það séu aðeins vinstri hliðar umræddra bifreiða sem þarfnist viðgerða, en það sé sú hlið sem snúi að umræddu bílaplani þegar bifreiðunum er lagt við fasteign M. Þá er rakin viðhaldsaga fasteignar M vegna umrædds sandfoks, en M hafi m.a. þurft að skipta um gler og hurðar á þeirri hlið fasteignarinnar sem vísi að bifreiðastæðinu. Þá hlið hafi jafnframt þurft að mála árlega frá því bifreiðastæðið var tekið til notkunar. M áréttar einnig þá afstöðu sína að rétt sé að vísa til áður nefndrar byggingarreglugerðar, enda hafi deiliskipulag vegna svæðisins fyrst verið samþykkt árið 2012. Jafnframt sé augljóst að A hafi brotið gegn ákvæði reglugerðar um hollustuhætti. Enn fremur er

tekið fram að krafa M lúti aðeins að því að fá bótaskyldu V viðurkennda og því sé ekki þörf á að sýna nákvæmlega fram á umfang tjónsins. Óumdeilt sé að sandfok hafi stafað frá bifreiðastæðinu árum saman og hafi A verið fullljóst um það tjón sem fokið olli M.

Álit.

Samkvæmt skilmálum þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir tekur hún, samkvæmt 2. gr., til skaðabótaábyrgðar vegna líkamstjóns eða skemmda á munum, sem stafa af starfsemi A. Af ljósmyndum þeim sem M hafa lagt fyrir nefndina og eru t.a.m. af gluggakistu, gasgrilli, útihúsgögnum, ytra gluggaumbúnaði og bílrúðu, má ráða að töluverður sandur hefur borist á þessa hluti. Umræddar ljósmyndir sýna þó ekki fram á tjón á þessum munum, umfram það ónæði og óþægindi sem sandurinn, og þrif vegna hans, hafa í för með sér. Hvað varðar ódagsett bréf húsasmíðameistara, sem einnig liggur fyrir nefndinni, og lýtur að ástandi glugga, hurða, þakkantar, bílskúrshurðar og sólpalls, þá verður ekki litið framhjá því að umrædds gagns var einhliða aflað af M og verður sönnunargildi þess ekki lagt að jöfnu við t.a.m. skýrslu dómkvadds matsmanns. Þá hafa verið lagðar fyrir nefndina ríflega 40 greiðslukvittanir sem sýna fram á kaup nánar tilgreinds einkahlutafélags, sem virðist í eigu annars málskotsaðila, á m.a. terpentínu, málningu, pallaolíu, penslum og bílabóni og ná til um tíu ára tímabils. Verður ekki talið að umræddar kvittanir feli í sér sönnun á munatjóni M vegna sandfoks. Hvað varðar svo tilboð í málun fasteignar M auk tilboða í sprautun fjögurra bifreiða sem virðast allar í eigu áðurnefnds hlutafélags, verður heldur ekki ráðið af þeim gögnum hvort og þá með hvaða hætti skoðun og mat á þessum munum hafi farið fram. Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á með fullnægjandi hætti að þau hafi orðið fyrir munatjóni er viðeigandi váttrygging taki til, en sönnunarbyrði um það hvílir á þeim sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 384/2019**M og
V vegna brunatryggingar fasteignarinnar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna foktjóns sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 08.11.2019 auk fylgigagna.

Athugasemdir V dags. 21.11.2019 auk fylgigagna 1-5.

Viðbótarathugasemdir M dags. 24.11.2019 auk fylgigagna.

Málsatvik.

Aðfararnótt, eða að morgni, hins 18. október 2018 varð foktjón á fasteigninni A, sem er hesthús í eigu M. M lýsir aðkomunni svo að fjórðungur þaks hússins hafi fokið af í heilu lagi, fokið þvert yfir hesthúshverfið og lent um 170 metrum norðan við A. Í málskoti lýsir M jafnframt atvikum svo að annað foktjón hafi orðið á svæðinu, þannig hafi hestakerra og sex tonna steypumót fyrir plastbátagerð fokið. M telur sig eiga rétt á bótum úr brunatryggingu fasteignar sinnar vegna foktjóns, enda taki vátryggingin til tjóns af völdum ofsavæðurs hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Til stuðnings kröfu sinni leggur M fram veðurvottorð frá veðurstöðvum við Botnsheiði, Hafnarfjall, Kjalarnes, Skarðsheiði, Skálafell og Þyril, en þau sýni fram á að hviður hafi náð allt að 38 metrum að sekúndu aðfararnótt 18. október. Ekki sé rétt að byggja á mælingum veðurstöðvar við Akrafjall enda hviður þar ekki eins sterkar og þar sem vindur standi af fjallinu, þannig séu aðstæður við Þyril mun sambærilegri við aðstæður á Æðarodda en þar hafi mælst 30 metra hviður umrædda nótt.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu. Þá afstöðu sína byggir V á því að þær tvær veðurstöðvar sem staðsettar séu næst A, þ.e. veðurstöðin við Akrafjall og veðurstöðin á Hafnarmelum, hafi mælt minni vindhraði en kveðið sé á um í skilmálum svo bótaskylda stofnist. Ekki séu rök fyrir því að líta til fjarlægari veðurstöðva enda hafi ekki verið sýnt fram á að veðurfar á Æðarodda sé í samræmi við veðurfar á þeim stöðum sem M vísi til. Þá tekur V fram að séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað skuli hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi átt sér stað á svæðinu vegna óveðurs. Þar sem fyrir liggja viðurkenndar mælingar sé ekki þörf á að líta til þessa ákvæðis. Jafnvel þó svo væri ekki telur V þó skilyrðið um almennt eignatjón ekki uppfyllt, enda sé líklegra að umrædd mót og hestakerra hafi fokið til vegna ófullnægjandi frágangs. Þá sé þakið á fasteign M eina þakið sem hafi skemmt þennan dag og bendi það til þess að frágangur þess hafi ekki verið í samræmi við góðar byggingarvenjur.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar áréttar M að samkvæmt mælingum veðurstöðvarinnar við Hafnarfjall hafi mestu vindhviður á umræddum tíma náð allt að 35,1 metra hraða á sekúndu.

Álit:

Samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands sem eru meðal gagna málsins eru þær veðurstöðvar sem næstar eru fasteign A veðurstöðin að Hafnarmelum og veðurstöðin við Akrafjall. Uppgefin hnit umræddra veðurstöðva á heimasíðu Veðurstofu Íslands virðast jafnframt staðfesta þá staðhæfingu, en veðurstöðin við Hafnarfjall er nokkru fjær A. Hinn 18. október 2018 var mesta hviða við Hafnarmela 26 metrar á sekúndu og mesta hviða sem mæld var af veðurstöðinni við Akrafjall var 21,3 metrar á sekúndu. Er því ljóst að vindhraði á umræddum stöðvum hefur ekki náð því marki sem bótaskylda miðast við. M hefur í sjálfu sér ekki mótmælt þessu en telur að réttara sé að miða við mælingar annarra veðurstöðva. Fyrir nefndinni liggja þó ekki gögn er staðfesti að vindhraði við A hafi í raun verið meiri en mælingar þessara tveggja nálægustu veðurstöðva gefi til kynna. Verður því að líta svo á að viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað liggja fyrir, en jafnvel þó svo væri ekki verður ekki talið að sýnt hafi verið nægilega fram á almennt eignatjón af völdum óveðurs á svæðinu. Verður samkvæmt framansögðu að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu fasteignarinnar A hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2020.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 385/2019**M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð falli undir bótaskyldu váttryggingar.****Gögn.**

Málskot móttakið 10.11.2019 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V dags. 22.11.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 26.11.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. október 2019 sendi M tjónstilkynningu til V um að bifreið hennar, A, hefði fallið niður af tjakki með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á síl og vinstri framhurð. Gerði M kröfu til bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V vegna þessa. Með bréfi dags. 23. október 2019 hafnaði V kröfunni á grundvelli þess að ekki væri um að ræða tjónsorsök sem váttryggingin næði til.

Þessu er M ósammála og vísar í málskoti til gr. 3.1 viðeigandi váttryggingarskilmála, en þar komi fram að félagið bæti skemmdir m.a. af völdum veltu, útafaksturs eða hrap ökutækisins. Samkvæmt almennum málskilningi merki hrap það sama og fall, í orðabókum sé hrap þannig skilgreint sem hrun eða hátt og þungt fall, en orðið hrun eigi sér samheitin fall, hrap, niðurfall og skriða. Enginn áskilnaður sé gerður um sérstaka hæð eða fallþunga svo að um hrun sé að ræða. Ljóst sé að bifreiðin hafi hrapað eða fallið af tjakknum með þeim afleiðingum að tjón varð og falli tjónsatvikið því undir þær tjónsorsakir sem váttryggingin taki til og sé því að réttu bótaskyld.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að hrap sé ekki það sama og fall, enda verði að vera um að ræða hátt og þungt fall svo að það teljist hrap í skilningi skilmálans. Í þessu tilfelli hafi ekki verið um hrun eða svo hátt fall að ræða að það geti talist hrap í þeim skilningi enda séu ökutæki ekki í mikilli hæð þegar þeim er lyft upp með hefðbundnum tjakki. Þá sé einungis hluta bifreiðarinnar lyft upp með slíkum hætti og geti því ekki verið um að ræða frjálst fall eða hrap bifreiðar. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M áður fram komna afstöðu og vísar sérstaklega til þess að hin þrönga túlkun V á hugtakinu „hrap“ sé í andstöðu við neytendaverndarákvæði 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936. Staðlaðir samningsskilmálar sem eru einhliða samdir af atvinnurekendum skuli þannig vera á skýru, eðlilegu og skiljanlegu máli, og vafi um merkingu þeirra skuli túlkaður neytendum í hag.

Álit:

Af framangreindu má ráða að ágreiningur aðila hverfist um það hvaða skilning beri að leggja í hugtakið „hrap“, og hvort það teljist hrap þegar bifreið sem er lyft með tjakki fellur af einhverjum ástæðum niður af honum. Ekki er í málgögnum að finna nánari lýsingu á atvikum, þ.e. hvort mistök áttu sér stað við notkun tjakksins eða hvort hann einfaldlega gaf eftir. Þá liggur ekki annað fyrir en að um hefðbundinn tjakk hafi verið að ræða og að einungis einu dekki bifreiðarinnar hafi verið lyft upp með tjakki.

Af setningarfræðilegri uppsetningu skilmálagreinar 3.1 má ráða að orðið „hrap“ eins og það kemur þar fyrir sé nafnorð en ekki sagnorð. Þar sem uppruna sagnorða er þó að leita í nafnorðum verður ekki hjá því komist að skoða bæði orðabókamerkingu sagnarinnar að „hrapa“ og nafnorðsins „hraps“. Fyrir nefndina hafa verið lagðar skilgreiningar nokkurra orðabóka og hefur þeim sem slíkum ekki verið mótmælt. Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs merkir nafnorðið hrap hrun eða hátt og þungt fall og eru stjórnurhap og grjóthrap tekin sem dæmi. Samkvæmt sömu heimild merkir sagnorðið að hrapa það að falla eða hrynja og er tekið sem dæmi að hrynja niður stiga og það þegar verð hrapar niður úr öllu valdi, eða snarlækki. Samkvæmt veforðabókinni Snöru merkir sagnorðið að hrapa að falla eða hrynja og að hrapa niður stiga eða hrapa úr klettum eru tekin sem dæmi um notkun þess. Samkvæmt

samheitaorðabók á nafnorðið hrap samheitið hrun, og einnig fall, hrap, niðurfali, skriða, eyðilegging, kollsteypa, gjaldþrot, upplausn og verðfall, en samheiti eru orð sem hafa sömu, eða svipaða, merkingu. Einnig er tekið dæmi um að sá sem sé að hrúni kominn sé kominn á heljarþróm. Þá er sagnorðið að hræpa sagt eiga samheitið að detta, hrynja, lækka eða steypast.

Samkvæmt framansögðu, og verður það jafnframt talið í samræmi við almennan málskilning, verður að telja að „hrap“ vísi til þess þegar eitthvað hræpar í háu og þungu falli, snarlækki eða hræpi niður úr öllu valdi. Verður að telja að dæmi sem tekin eru um notkun orðsins, þ.e. t.d. að hræpa niður stiga, eða hræpa úr klettum, styðji við þá afstöðu. Þá verður einnig að skoða hugtakið „hrap“ í samræmi við staðsetningu þess í tilgreindu skilmálaákvæði en þar segir m.a.: „af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hræpi ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlið, skriðufalli...“. Að mati nefndarinnar bendir þetta allt til þess að svo að um hrap geti verið að ræða þurfi meira að koma til en það að hluti bifreiðar falli úr lítilli hæð af tjakki, enda geti slíkt ekki talist hátt og þungt fall í líkingu við grjót- eða stjörnuhrap, hrap úr klettum eða niður stiga, né getur það falið í sér snarlækkun á borð við verðhrap. Þá verður ekki talið að fall bifreiðar af tjakki sé í samræmi eða tengslum við önnur atriði sem talin eru upp í umræddu skilmálaákvæði.

Verður samkvæmt framansögðu að hafna kröfu M, enda hefur henni ekki tekist að sýna fram á að bifreið hennar hafi hræpað í skilningi ákvæðisins. Þá verður ekki talið að almennur málskilningur hugtaksins „hraps“ sé á reiki svo tilefni sé til að beita sérstökum túlkunarreglum 36. gr. samningalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 17. desember 2019
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 386/2019**M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og
V2 vegna bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs við Fellsmúla.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 11. nóvember 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Bréf V1, dags. 6. nóvember 2019.

Bréf V2, dags. 2. desember 2019.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna kemur fram að bifreið A hafi verið ekið út af bifreiðastæði við N1 í Fellsmúla með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri upp Fellsmúla. Bifreið B hafi hins vegar verið ekið niður Fellsmúla framhjá kyrrstæðum bifreiðum þegar bifreiðarnar skullu saman. Ákomur eru skv. skýrslunni á vinstra framhorni bifreiðar A og á hægri framhorni bifreiðar B.

M, ökumaður bifreiðarinnar A kveðst haf ekið frá bifreiðastæði við N1 í Fellsmúla og beygt til vinstri eftir að stór vörubifreið stöðvaði og gaf M merki um að aka út á Fellsmúla. Kveðst M því næst hafa ekið löturhægt út á Fellsmúla og í þann mund sem hann hafi náð sjónarhorni upp Fellsmúla hafi bifreið B komið vinstra megin (öfugu megin) niður Fellsmúla fram úr bílaröð sem lá niður Fellsmúla. M kveðst hafa stöðvað bifreið sína en það hafi verið um seinan þar sem bifreið B var ekið á talsverðum hraða niður Fellsmúla.

Samkvæmt lýsingu ökumanns B var hann á leið niður Fellsmúla í átt að Grensás og var að hans sögn biðröð bifreiða niður að ljósum fyrir umferð sem ætlar áfram yfir gatnamótin. Ökumaður B kveðst hafa ekið framhjá bifreiðunum til að koma sér á beygjukreini við ljósin en þá hafi bifreið A skotist á milli bifreiða á leið sinni frá bifreiðastæðinu upp Fellsmúla.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að bifreið A var ekið inn á Fellsmúla frá bifreiðastæði. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni sem ekur út á veg frá bifreiðastæði að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Vegna þeirrar skyldu ber M, ökumaður bifreiðar A sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á annan hátt gegn fyrirmælum umferðarlaga eða þannig að hann beri einnig sök á árekstrinum. Þá liggur fyrir að framúrakstur er heimill á þeim stað sem áreksturinn varð og að ekki liggja fyrir sönnur þess efnis að ökumaður B hafi brotið gegn öðrum umferðarreglum. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 387/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður varð fyrir meiðslum í matsal grunnskóla.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.11.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.11.2019.

Málsatvik.

M starfar sem kennari við tiltekinn skóla í sveitarfélaginu A. Um hádegisbil 13. nóvember 2017 var M á leið í mat í matsal skólans, en hún gekk við hækjur eftir að hafa orðið fyrir skaða á hásin vinstri fótar í ágúst sama ár. Gekk hún í átt að diskastafla og hitaborði en þá runnu hækjur hennar til á gólfinu með þeim afleiðingum að hún rann til á gólfinu og til að koma í veg fyrir að falla í gólfið steig hún í vinstri fót. M mun hafa haldið kennslu áfram eftir atvikið, en síðar sama dag, eða um kl. 14:00, fór hún til sjúkrahjálfara og við rannsókn í kjölfarið kom í ljós að hásinin hafði slitnað.

Skömmu áður en M varð fyrir slysinu hafði starfsmaður skólans misst feiti á gólfið og var feitin þurrkuð upp en eitthvað orðið eftir sem M hafði ekki séð.

M telur að gólfið þar sem slysið varð hafi ekki verið þrifið nægilega vel eftir að feiti hafði hellst þar niður. Kveður hún A sem starfrækir skólann bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hún varð fyrir við slysið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ekki sé um það deilt að slysið hafi orðið í matsal skólans þar sem feiti hafði skömmu áður hellst niður og verið þurrkuð upp. Ekki verður útilokað að feiti sem ekki náðist að þurrka upp hafi orðið þess valdandi að hækjur M hafi runnið til á gólfinu. Jafnvel þótt ekki hafi náðst að þurrka upp alla feitina, svo sem með því að sápuþvo gólfið, verður það ekki virt starfsmönnum skólans til sakar, enda verður ekki séð að það hafi verið beinlínis nauðsynlegt af hreinlætisástæðum né heldur að slysaætta hafi verið yfirvofandi þótt feitin yrði ekki að öllu leyti hreinsuð af gólfinu fyrr en það yrði skúrað að matartímanum loknum. Að þessu virtu verður ekki talið að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og því eigi hún ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 388/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar byggingastjóra (A).****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 12.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 25.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Húsfélagið M óskaði eftir greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu A vegna tjóns á húseigninni R af völdum raka sem hefur komið fram í íbúðum hússins. Auk þess telur M frágang klóakstramma ófullnægjandi og að illa hafi verið gengið frá þakdúk umhverfis niðurföll af þaki. Byggingarleyfi fyrir húsinu var gefið út 10. september 2004, fokheldisvottorð 22. júlí 2005 og lokaúttekt var gerð 10. ágúst 2010. V hafnaði bótaskyldu þar sem krafa M væri fyrnd og bætur úr starfsábyrgðartryggingu væru ekki greiddar ef afleiðingar kæmu í ljós fimm árum eftir lokaúttekt á mannvirki því sem byggingastjóri bæri ábyrgð á.

M telur að fyrning kröfunnar fari ekki eftir þágildandi fyrningarlögum nr. 14/1905 heldur gildandi lögum nr. 150/2007 sem tóku gildi 1. janúar 2008. Fyrningarfrestur geti ekki byrjað að líða fyrr en tjónþoli verði var við tjón og það sé í samræmi við þá meginreglu að fyrningarfrestur byrji almennt að líða þegar krafa verður gjaldkræf sem geti ekki verið mörgum árum áður en vitað er að annmarkar hafi verið á verkframkvæmdum. Byggingarframkvæmdir hafi í þessu tilfelli ekki verið lokið fyrr en með lokaúttekt og verði að miða upphaf fyrningarfrests við það.

Í bréfi V kemur fram að í 8. gr. skilmálanna fyrir starfsábyrgðartrygginguna komi fram að bætur greiðist ekki ef afleiðingar tjóns komi í ljós fimm árum eftir lokaúttekt á mannvirki því sem váttryggður annaðist byggingastjórn á og ábyrgð hans tekur til. Þar sem lokaúttekt hafi verið 12. ágúst 2010 séu liðin fimm ár frá lokaúttekt og krafan sé því of seint fram komin. Þá vísar V til dóms Hæstaréttar nr. 571/2016 þar sem fram komi að fyrning byrji að líða þegar verk er unnið en ekki þegar tjón komi í ljós. Óumdeilt sé í þessu máli að húsið hafi verið fullbyggt árið 2005 og sé krafan því fyrnd, sbr. 2. tölul. 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

Álit.

Húseignin R var byggð á árunum 2004-5. Í málinu liggur fyrir að fokheldisvottorð var gefið út 22. júlí 2005 og samkvæmt gögnum málsins voru íbúðir í húseigninni skráðar fullgerðar 29. nóvember 2005. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 stofnast skaðabótakrafa þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað og miðast gjalddagi kröfunnar við sama tímamark. Með vísan til niðurstöðu í dómi Hæstaréttar nr. 571/2016 verður að miða við að fyrningarfrestur kröfu M hafi byrjað að líða í síðasta lagi þegar íbúðirnar voru fullgerðar en það var 29. nóvember 2005 samkvæmt gögnum frá Þjóðskrá Íslands. Í lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda kemur fram að þau gildi einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna og fer því ekki um fyrningu kröfunnar eftir þeim lögum. Krafan í máli þessu fyrndist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 og var því fyrnd þegar M gerði kröfu vegna ágalla á húseigninni R. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 389/2019**M og
V vegna slysaftryggingar ökumanns.****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns vegna umferðaróhapps 11. ágúst 2017.****Gögn.**

Málskot, móttækið 7. nóvember 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 12. desember 2019, ásamt tölvupósti matsmanns dags. sama dag varðandi athugasemdir við matsgerð.

Málsatvik.

Hinn 11. ágúst 2017 ók M af aðrein inn á akbraut í veg fyrir aðra bifreið og varð við það árekstur. Í gögnum málsins liggur fyrir myndband af atvikinu. Í því sést ekki að það komi mikið högg á bifreið M. M leitaði samdægurs til læknis og liggja fyrir upplýsingar um læknismeðferð hennar sem og önnur slys. Í málinu liggur einnig fyrir svokölluð PC-crash skýrsla um að höggkraftar hafi ekki verið miklir í árekstrinum sem og niðurstaða matsgerðar tveggja matsmanna sem telja að líkamstjón M hafi leitt til varanlegra afleiðinga.

M telur að með fyrirliggjandi matsgerð sé tjón M staðreynt og V eigi að greiða bætur úr slysaftryggingu ökumanns á grundvelli hennar. M byggir einnig á því að PC-crash skýrslu, sem V hafi framvísað, hafi verið sótt með ólögum hætti m.t.t. ákvæða laga um persónuvernd nr. 90/2018. Einnig byggir M á að skýrslan sé ómarktæk og rangar ályktanir dregnar um formbreytingar á bifreiðum í henni.

V telur að skýrsla um PC Crash útreikning sýni að árekstur sá sem varð með bifreið M og bifreiðinni X hafi verið svokallaður lágorkuárekstur, högg hafi nánast verið ekkert sem og sé ómögulegt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Einnig vísar V til þess að matsgerð sem M hafi lagt fram hafi verið aflað einhliða og hafi því lítið sem ekkert sönnunargildi, auk þess sem matsmenn hafi ekki haft öll gögn málsins við matið. Einnig vísar V til þess að M hafi haft svipuð einkenni og hún lýsir eftir áreksturinn áður og sé því ósannað að um ný einkenni hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsafbúðarins 11. ágúst 2017. Í málinu eru liggur fyrir myndbandsupptaka af atvikinu sem bendir ekki til þess að högg hafi verið mikið af árekstrinum. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástands M.

Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að lítið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn.

Í matsgerð þeirri sem liggur fyrir vegna afleiðinga árekstursins virðist vera gengið út frá því að högg af árekstrinum sé nokkuð og ályktanir um tjón dregnar af því, á meðan sönnunargögn sýna aðra atburðarás. Einnig verður að líta til þess við mat á sönnunargildi matsgerðarinnar að hennar einnig einhliða aflað af M. Verður því ekki lagt til grundvallar að matsgerðin hafi ótvírætt sönnunargildi um afleiðingar líkamstjónsins.

Með hliðsjón af því að einkenni M eru mjög svipuð og eftir annað slys verður ekki talið að M hafi tekist að sýna fram á orsakasamband milli árekstursins 11. ágúst 2017 og líkamlegra einkenna og er því ekki hægt að fallast á að frekari greiðsluskylda hafi stofnast úr slysaftryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 390/2019**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um hvort skaðabótaskylda vegna falls í stiga á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 11. nóvember ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 29. nóvember 2019.

Málsatvik.

M var á leið heim úr vinnu hjá X þegar hún rann í bleytu í stiga sem liggur frá búningsherbergi vinnustaðar niður á 1. hæð hans. Slys M varð 29. janúar 2019.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V og rökstyður kröfu sína m.a. með því að M hafi haft þær skyldur sem vinnuveitandi, að gæta að öryggi þeirra sem leið eigi um stigann. M telur rekja megi slys hennar til þess að bleyta hafi verið í stiganum auk þess sem það hafi vantað hluta handriðs sem hafi áður verið fyrir hendi beggja vegna stigans. M telur að meta megi það til vanrækslu af hálfu X að hafa ekki lagað handriðið. Auk þessa vísar M til þess að slys hennar hafi ekki verið tilkynnti til Vinnueftirlitsins og beri því X hallann af sönnunarskortum um atvik.

V telur að við umgang fólks um vinnustað að vetri til sé ómögulegt að koma í veg fyrir að bleyta berist inn í hús og kalli þær aðstæður á almenna aðgát allra. Einnig vísar V til þess að ekki hvíli skylda á X að hafa handrið báðu megin við stiga skv. byggingareglugerð og hafi X því gengið lengra en skyldur með því að setja slíkt handrið upp. Það sé hins vegar ekki hægt að meta X það til vanrækslu að hafa ekki lagfært handrið öðru megin stigans.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálstri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Í málinu telst ekki vera ágreiningur um málsatvik þau að M hafi runnið til í bleytu og að það hafi ekki verið handrið á hluta veggjar við stiga þann sem M rann í. Verður það ekki talið til vanrækslu af hálfu X að hafa ekki lagfært umrætt handrið þar sem ekki er sýnt að skylt hafi verið að hafa handrið báðu megin. M var í lófa lagið að ganga niður stigann þeim megin sem handrið var og verður það heldur ekki metið X til vanrækslu að bleyta hafi verið í stiganum og er þá tekið mið af veðuraðstæðum og árstíma. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 391/2019**M og
V vegna sjúkdómatryggingar M hjá V.****Ágreiningur um hvort váttrygging taki til kransæðasjúkdóms M.****Gögn.**

Málskot dags. 11.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 28.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 28.11.2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, sumarið 2018, greinst með kransæðaþrengingu og farið í þræðingu vegna hennar hinn 14. ágúst sama ár. Hafi þurft að gera viðameiri aðgerð en upphaflega var talið, og fjögur stoðnet sett í höfuðstofnæð og vinstri kransæð. M hafi í kjölfar aðgerðarinnar farið í endurhæfingu en finni enn fyrir einkennum og muni ekki ná sér að fullu. Í málskoti kemur fram að M hafi keypt váttrygginguna í þeirri trú að hún tæki til kransæðastíflu en að V hafni nú bótakröfu hans á grundvelli þess að ekki hafi verið um hjáveituaðgerð að ræða. M tekur jafnframt fram að hefði kransæðaþrenging greinst hjá honum fyrir 20 árum, eða á þeim tíma sem hann keypti umrædda váttryggingu, hefði hjáveituaðgerð verið nauðsynleg, en mikil þróun hafi verið í aðgerðum af þessu tagi á þeim tíma sem liðinn sé.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að þó kransæðastífla sé einn af bóталиðum váttryggingarinnar uppfylli tilfelli M ekki skilyrði til greiðslu. Að öðru leyti vísar V til fyrirbyggjandi gagna og höfnunarbréfs félagsins, dags. 15. nóvember 2018, þar sem fram komi að í skilmálum váttryggingarinnar sé kransæðastífla skilgreind sem drep í hluta hjartavöðvans og hjartaskurðaðgerð sé skilgreind sem opin skurðaðgerð þar sem æðagræðingar séu tengdir framhjá þrengslum í einni eða fleiri kransæðum. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar ítrekar hann áður fram komnar röksemdir og afstöðu sína.

Álit:

Samkvæmt gögnum málsins keypti M sjúkdómatryggingu hjá Samlífi, nú V, og er gildistími váttryggingarinnar sagður frá 9.11.1999 til 30.09.2037. Jafnframt kemur fram í endurnýjunarskírteini að um váttrygginguna gildi skilmálar S1. Í 4. gr. skilmálanna kemur m.a. fram að hjartaáfall/kransæðastífla sé váttryggingaratburður sé um að ræða drep í hluta hjartavöðvans vegna ónógs blóðflæðis og þrjú eftirfarandi einkenni til staðar: dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir), nýjar breytingar á hjartalínuriti og hækkun á hjartaensímum. Þá sé kransæðaaðgerð váttryggingaratburður gangist váttryggður undir opna hjartaskurðaðgerð þar sem æðagræðingur sé tengdur framhjá þrengslum í einni eða fleiri kransæðum.

Málskoti fylgdu ekki ítarleg læknisfræðileg gögn en af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður helst ráðið að aðgerðin sem M gekkst undir hafi falið í sér ísetningu stoðnets, en slíkar aðgerðir eru undanþegnar bótasviði váttryggingarinnar. Þá verður heldur ekki ráðið af gögnum fyrir nefndinni að um drep í hluta hjartavöðva hafi verið að ræða. Því telst ekki sýnt fram á að sjúkdómur M, eða aðgerð sú sem hann undirgengst vegna hans, leiði til bótaskyldu úr umræddri váttryggingu. Ber því að hafna kröfum hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 392/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna breytts þrýstings á vatni.****Gögn.**

Málskot mótttekið 13.11.2019 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 26.11.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að hinn 18. febrúar 2019 hafi A sent frá sér tilkynningu um minnkaðan þrýsting á köldu vatni inn í húsnæði M hinn 23. febrúar 2019, en kalt vatn sé forsenda þess að segulómunartæki sem M notar við starfsemi sína sé nothæft. M hafi gripið til ráðstafana til að bregðast við minnkuðum þrýstingi. Að morgni hins 23. febrúar hafi umrætt tæki hins vegar stöðvast, enda enginn vatnsþrýstingur til staðar. Þetta hafi haft þær afleiðingar að senda hafi þurft sjúklinga heim og kalla út tæknimenn. Í tjónstilkynningu sem M sendi V vegna atviksins kemur jafnframt fram að 3% af helíumbirgðum tækisins hafi tapast. M telur sig eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þessa, enda hafi rangar upplýsingar um vatnsþrýsting leitt til umrædds tjóns.

V hefur hafnað bótaskyldu og í bréfi þess til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að tjón M verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi A, heldur til eigin sakar M sem ekki hafi brugðist réttilega við tilkynningu frá A sem þó hafi verið með þeim hætti að ljóst væri að breyttur þrýstingur mundi hafa áhrif á starfsemi M. Þá falli tjón M jafnframt utan við gildissvið umræddrar váttryggingar, enda komi fram í 2. gr. skilmála hennar að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum. Af gögnum málsins, þ.á.m. tjónstilkynningu, verði ekki ráðið að M hafi orðið fyrir munatjóni heldur felist tjón þess í töpuðum viðskiptum og því að helíum lak af segulómshjú. Falli tjón M því utan gildissviðs váttryggingarinnar.

Álit.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að tjón M felist í tekjutapi vegna þess að afboða hafi þurft sjúklinga þar sem áður nefnt segulómunartæki var ónothæft. Jafnframt má ráða af fyrirbyggjandi tjónstilkynningu að kalla hafi þurft til tæknimenn vegna þess að tækið stöðvaðist og að kostnaður hafi komið til vegna þess. Þá tekur M fram að 3% helíumbirgða tækisins hafi glatast. Í skilmálum viðeigandi váttryggingar kemur fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum. Ofangreint tjón M verður hvorki talið líkamstjón né munatjón í skilningi skilmálanna. Verður því að telja að tjón M falli utan við gildissvið ábyrgðartryggingar A og þegar af þeirri ástæðu ber að hafna kröfum þess.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 393/2019**M og****V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala A hjá fasteignasölnni B****Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna upplýsingagjafar við fasteignakaup.****Gögn.**

Málskot móttakið 14.11.2019 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Bréf V dags. 05.12.2019 ásamt fylgiskjölum 1-12.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 16.12.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins keyptu M, með kaupsamningi dagsettum hinn 2. desember 2016, fasteignina X af B fyrir milligöngu A. Fyrir liggur að yfirlýsing húsfélags var ekki kynnt M fyrr en við kaupsamningsgerð, en nokkuð misræmi var milli söluyfirlits og nefndrar yfirlýsingar hvað varðaði lýsingu á ástandi þaks. Samhliða kaupsamningsgerð gerðu aðilar því með sér samkomulag um 250.000 kr. afslátt af kaupverði og kemur fram að um sé að ræða endanlegt uppgjör vegna meints galla og misræmis í kynningargögnum. Fljótlega eftir afhendingu eignarinnar hinn 17. desember 201 urðu M vör ýmissa annarra ágalla á eigninni og tilkynntu A um þá. Í kjölfarið, eða hinn 20. janúar 2017, gerðu M og B með sér samkomulag um 85.000 kr. afslátt vegna 1)skemmdar í parketi á stofugólfi 2)gata í veggjum í þvottahúsi 3)ófullnægjandi útloftunar í skólprörum 4)myglu undir lausum dúk undir baðkari og 5)leka meðfram blöndunartækjum í eldhúsi sem leitt hafi til skemmda í vaskaskáp. Í umræddu samkomulagi kemur jafnframt fram að um endanlegt uppgjör vegna þessara meintu galla sé að ræða og að hvorugur aðila eigi frekari kröfu á hinn vegna sölu eignarinnar.

Í málskoti gera M grein fyrir ýmsum öðrum ágöllum sem hafi komið í ljós þegar M réðust í endurbætur á eigninni eftir að afsal hafði verið gefið út. Þannig hafi klæðning og einangrun útveggja verið mjög illa farin vegna fúa og myglu. Raflagnir hafi verið mjög illa farnar vegna ryðskemmda en í söluyfirliti hafi komið fram að nýlega hafi verið dregið í raflagnir. Leki vegna umbúnaðar stiga utanhúss hafi verið viðvarandi og umfangsmeiri en M hafi verið sagt, en þeim hafi verið tjáð að viðgerð hefði farið fram. Upplýsingar um leka í þvottahúsi hafi verið rangar enda hafi hann stafað af ónýtum hitalögnum en ekki götum í útvegg. Þá hafi rakaskemmdir í eldhússkápum verið mun umfangsmeiri en talið var og nauðsynlegt hafi verið að fjarlægja millivegg milli eldhúss og stofu vegna þeirra.

M telja sig eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A vegna þess hve illa hafi verið staðið að gerð söluyfirlits og öflun og miðlun upplýsinga í tengslum við umrædd fasteignakaup, enda hafi M, á grundvelli veittra upplýsinga, haft réttmætar væntingar til þess að fasteignin væri í betra ástandi en í ljós kom. Vísa M til nánar tilgreindra ákvæða laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 máli sínu til stuðnings.

V hafnar bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað sé að M hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verði til saknæmrar háttsemi A. V telur þannig að upplýsinga- og gagnaöflun A hafi verið til samræmis við lagaáskilnað og tekið mið af þeim upplýsingum sem lágu fyrir, en B hafi ekki upplýst A um þau atriði sem M telji galla á eigninni og ekki sé um að ræða atriði sem sýnileg séu við sjónskoðun. Þá hafi A aðstoðað aðila við að ná samkomulagi vegna ákveðinni ágalla á eigninni og ekki sé sýnt fram á að A hafi ekki gætt hagsmuna M við þann starfa. Það að síðar hafi komið fram frekari ágallar á eigninni geti ekki talist á ábyrgð A.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í h-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um húsgjöld og yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir.

Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga er kveðið á um að fasteignasali skuli við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar og að hann skuli gæta hófs í lýsingum á eigninni. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða og gæta réttmætra hagsmuna seljanda og kaupanda. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að það hafi falið í sér gáleysi af hálfu A að yfirlýsing húsfélags virðist ekki hafa verið kynnt fyrir M fyrr en við undirritun kaupsamnings og fallast verður á það með M að það geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, leitt til bótaskyldu. Hins vegar verður ekki framhjá því lítið að A og B gerðu með sér samkomulag vegna misræmis í upplýsingagjöf hvað varðaði ástand þaks og segir m.a. í því samkomulagi: „Er hér um að ræða endanlegt uppgjör vegna meints galla og misræmis í kynningargögnum“. Verður því ekki séð að M geti haldið uppi frekari kröfum á hendur A vegna þessa atriðis.

Í samkomulagi sem A og B gerðu sín á milli hinn 20. janúar 2017, en efnisatriði þess eru nánar rakin í málavaxtalýsingu er að finna eftirfarandi texta: „Er hér um að ræða endanlegt uppgjör vegna meintra galla samkvæmt ofanrituðu milli aðila og á hvorugur frekari kröfur á hinn vegna sölu eignarinnar.“ Telja verður seinni hluta þessarar yfirlýsingar ganga fulllangt miðað við eðli fasteignakaupa og þau lög sem um slík viðskipti gilda, en þó verður að skilja hana sem svo að M geti ekki gert frekari fjárkröfur vegna þeirra atriða sem samkomulagið nær til, en þar á meðal er afsláttur vegna fúa í grunnplötu eldhúsinnréttingar.

Hvað varðar önnur atriði sem kröfugerð M byggir á og ekki hefur þegar verið samið um afslátt vegna, þ.e. fúaskemmdir í klæðningum, ófullnægjandi viðgerð á stigaumbúnaði, skemmdir vegna vatnsleka, ónýtar raf- og hitalagnir, verður að fallast á það með V að ekki sé um að ræða atriði sem fasteignasali hefði átt að verða var við venjubundna sjónskoðun. Þrátt fyrir að 1. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015 leggi þá skyldu á herðar fasteignasala að hann kynni sér ástand fasteignar, gerð hennar og búnað af eigin raun, verður ekki talið að sú skylda nái til ofangreindra atriða umfram það sem upplýsingar frá seljanda eða önnur gögn er liggja fyrir um fasteignina gefa tilefni til. Verður því ekki fallist á að A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi hvað varðar upplýsingagjöf um þessi atriði.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans A, hjá fasteignasölunni B hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 394/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur bifreiða á bifreiðastæði Olís við Háaleitisbraut, þann 7.2.2019.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, mótttekið 14. nóvember 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 26. nóvember 2019.

Tölvupóstur V2, dags. 16. desember 2019.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani Olís við Háaleitisbraut í Reykjavík þann 7. febrúar 2019. Samkvæmt tjónstilkynningu var A ekið inn á planið hjá Olís frá Háaleitisbraut úr vestri og var með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri yfir planið og inn í Álftamýri. B var ekið frá bensíndælu með fyrirhugaða leið út á Háaleitisbraut til austurs. Hvorugur ökumaður sá hinn og árekstur varð á planinu. Samkvæmt framburði M, í skýrslu frá Aðstoð og Öryggi, var A kominn inn á planið og ætlaði út af því inn í Álftamýri en sá ekki hinn bílinn vegna sólar, sem var lágt á lofti. Í framburði ökumanns B kemur fram að hann hafi verið að taka bensín og hafi verið á leið frá bensíndælunni og út á Háaleitisbraut og því verið í vinstri beygju. Hann hafi ekki séð A fyrr en árekstur varð.

M telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann var að taka af staða frá bensíndælu og hafi borið að gæta fyllstu varkárni við þær aðstæður, bæði til hægri og vinstri. Ekkert banni akstur í gegnum planið, eins og M var að gera. Tjónið sé umtalsvert meira á A en B og því augljóst að ökumaður B hefði átt að gæta að sér þegar hann tók af stað úr kyrrstöðu frá bensíndælu.

Í bréfi V1 kemur fram að í 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 komi skýrt fram að þegar ökumaður ekur af stað frá vegbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, skuli hann ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þá segi einnig í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga að ef ökumaður ætlar að aka út á veg frá bensínstöð eða svipuðu svæði, skuli hann veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Ljóst sé að norðan megin við bensínstöðina sé innkeyrsla inn á planið frá Háaleitisbraut, en einnig sé ekið út af planinu nokkrum metrum austan við innkeyrsluna. Þá sé einnig útkeyrsla sunnan megin við bensínstöðina. Því sé ekki óeðlilegt að bifreiðum sé ekið víðsvegar um planið og úr öllum áttum. Því hvíldi enn ríkari skylda á ökumanni B að gæta varúðar er hann ók úr kyrrstöðu frá dælunni og af staða inn í akstursleið A. Ökumaður B hafi því ekki gætt nægilega vel að umferð um planið og því beri hann alla sök á árekstrinum.

Í tölvupósti V2 kemur fram að leggja skuli alla sök á ökumann A fyrir að virða ekki almennan umferðarrétt á bifreiðastæði. Í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga segi að þegar ökumenn stefni svo, að leiðir þeirra skerist á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skuli sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang. Í þessu tilfalli hafi bæði ökutæki verið á ferð á planinu og því hafi A borið að veita B forgang.

Álit

Af gögnum málsins má ráða að báðar bifreiðar hafi verið á ferð á bílplaninu og við þær aðstæður á 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við í þessu tilfalli. A bar því að veita B forgang og verður því að leggja alla sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 21. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 395/2019**M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnaðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka frá annarri íbúð í fjöleignarhúsi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.11.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 5.12.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Málsatvik.

Um miðjan dag 24. júlí 2019 var lögregla kvödd að heimili M þar sem vatn lak inn í íbúð hennar frá íbúð fyrir ofan en ekki reyndist unnt að komast inn í þá íbúð sem mun hafa verið í útleigu. Með hjálp lásasmiðs reyndist unnt að komast inn í íbúðina og kom þá í ljós að í herbergi beint fyrir ofan lekann í íbúð M var stunduð kannabisræktun. Í skýrslu lögreglu var aðstæðum í herberginu lýst svo að þar hafi mátt sjá stórt ræktunartjald og fyrir utan tjaldið hafi verið stór fata og slöngur tengdar við vökvunarkerfi. Vatn hafi lekið úr slöngunum og hafi vatn verið um allt gólf í herberginu og undir tjaldinu. Í skýrslu matsmanns, sem fenginn var til að meta skemmdir í íbúð M og íbúðinni fyrir ofan, kemur fram að vatn hafi verið leitt frá þvottahúsi síðarnefndu íbúðarinnar yfir gang og inn í herbergið hinum megin við ganginn. Á einhverjum tíma hafi vatn farið að leka úr slöngunni inni í herberginu og á gólfið með þeim afleiðingum að verulegt vatn hafi farið á gólfið.

M hefur krafist bóta úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnaðis sem húsfélag, sem íbúðirnar tilheyra, hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar þeirrar sem hér á í hlut bætir váttryggingin m.a. tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Enn fremur bætir váttryggingin tjón af völdum vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.

Líkt og að framan greinir mun vatn hafa verið leitt í slöngum úr þvottahúsi yfir í annað herbergi þar sem það var tengt við vökvunarkerfi í tengslum við ræktun kannabisplantna. Þótt ekki sé ljóst hvað nákvæmlega fór úrskeiðis verður að telja að engum vafa sé undirorpið að vatn sem lak niður í íbúð M og olli þar skemmdum megi rekja til vatns sem leitt hafði verið inn í herbergi fyrir ofan íbúð M, þar sem ræktun kannabisplantnanna fór fram. Vatnslekinn átti því ekki upptök sín í leiðslum hússins innan veggja þess. Þá verður heldur ekki ráðið að tjónið megi rekja til þess að vatn hafi flætt úr heimilistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana í tækjunum. Samkvæmt þessu fellur tjónið sem varð í íbúð M utan bótasviðs váttryggingarinnar og fæst því ekki bætt úr váttryggingunni.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús er eigandi séreignar ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af mistökum við meðferð hennar og viðhald. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja nægilega í ljós leitt að vatnslekann í íbúðinni fyrir ofan íbúð M sé að rekja til mistaka við meðferð íbúðarinnar. Telst eigandi hennar, sem eigandi nánar tilgreindrar séreignar, vera ábyrgur gagnvart M vegna þess tjóns sem varð í íbúð hennar af völdum vatnslekans.

Samkvæmt ábyrgðartryggingarlið skilmála húseigendatryggingar þeirrar sem hér á í hlut bætir váttryggingin beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs sem fellur á hann sem eiganda húseignar eða húseignarhluta sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum. Eigandi þeirrar íbúðar, sem vatnslekinn átti upptök sín í, nýtur því váttryggingarverndar vegna þess beina tjóns sem hann sem hann er ábyrgur fyrir gagnvart M svo fremi að V geti ekki borið fyrir sig einhver þau undanþáguákvæði sem gilda um þennan lið váttryggingarinnar. V hefur borið fyrir sig

undanþáguákvæði í skilmálunum þar sem segir að váttryggingin bæti ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka. V hefur sönnunarbyrði um að tjónið megi rekja til atvika sem falla undir undanþáguákvæðið. Fyrir liggur, m.a. samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, að verulagt vatnsmagn hafði lekið út á gólfið úr slöngum þeim sem notaðar voru við ræktun þá sem að framan greinir. Ekkert liggur hins vegar fyrir í málinu um það hversu lengi lekinn hafði átt sér stað áður en hann uppgötvaðist. Eins og mál þetta liggur verður því ekki fullyrt að um langvarandi leka hafi verið að ræða þannig að V geti borið fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði. Að þessu athuguðu telst M eiga rétt á bótum fyrir beint tjón sitt úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.

m á rétt á bótum fyrir beint tjón sitt úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 396/2019**M og
V1 vegna ökutækisins A og
V2 vegna ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 18.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 30.12.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 6. desember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ökutækið A hafi verið að aka með óskafna rúðu og ökumaður A verið með höfuðið út um gluggann þegar ökutækið B bakkaði á það. M telur niðurstöðu tjónanefndar váttryggingafélaganna ranga en hún var sú að ökumaður A bæri helming sakar fyrir að hafa ekki haft fullnægjandi útsýni úr bifreiðinni við aksturinn og að ökumaður B bæri helming sakar fyrir að hafa ekið afturábak í veg fyrir umferð.

Í bréfi V1 kemur fram að ekki verði séð hvernig M tengist ökumanni A. M sé hvorki skráður eigandi ökutækisins né tilgreindur sem ökumaður. Þá liggi ekki fyrir umboð af hálfu M fyrir eiganda eða ökumann A. Af þeim sökum og með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skuli vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Verði ekki fallist á frávísunarkröfuna telur V1 að ökumaður B eigi að bera alla sök þar sem hann hafi ekið aftur á bak út úr stöðureit og á ökutækið A.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji að háttsemi ökumanns A verði að telja stórfellt gáleysi og staðfesta beri niðurstöðu tjónanefndar.

Álit.

Í 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kemur fram að sá aðili sem skjóti máli til nefndarinnar geti verið váttryggingartaki, váttryggður, þar á meðal meðváttryggður, réttthafi bóta, tjónþoli og hver sá annar sem telur sig eiga rétt til bóta úr váttryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga. Ekki kemur fram í gögnum málsins hvernig M tengist ökumanni eða ökutæki A og nefndinni hafa ekki borist svör við fyrirspurn þar að lútandi. Þar sem ekki liggur fyrir að M hafi hagsmuna að gæta verður með vísan til 5. gr. samþykktanna að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísa frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.

Reykjavík, 4. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 397/2019**M og
V v/ innbúskaskótryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á ísskáp er hurð hans var skellt aftur.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.11.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 28.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. nóvember 2019 mun sex ára gamall sonur M hafa lokað harkalega um átta ára gömlum ísskáp sem við það hætti að virka og virtist sem allt rafmagn hafi farið af honum. Rafviki mun hafa dæmt ísskápinn ónýtan.

M hefur krafist bóta vegna tjóns á ísskápnum úr innbúskaskótryggingu sem er einn vátryggingarliður í fjölskyldutryggingu hans hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum innbúskaskótryggingarinnar, sem í gildi voru þegar atvikið varð, tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjarmunum að því skilyrði uppfylltu að tjónið eigi rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu.

Ekki er um það deilt að bilun í ísskápnum varð við það að ungur sonur vátryggingartaka lokaði honum harkalega. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að líta svo á að það hafi hlutlægt séð verið fyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik er sonur M lokaði ísskápnum með þeim hætti sem hann gerði. Þegar af þeirri ástæðu er ekki fullnægt skilyrðum um að tjónsatvikið falli undir bótasvið vátryggingarinnar og af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 398/2019**M og
V vegna farangursliðar greiðslukortatryggingar****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna glataðs farangurs sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 20.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V dags. 16.12.2019.

Viðbótarathugasemdir M dags. 16.12.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að hann hafi, klukkan 9:00 að morgni hins 6. nóvember 2019, þegar hann var staddur á Möltu, pakkað m.a. lesbretti, síma og heyrnartólum ofan í lítinn bakpoka og farið gangandi um Valetta, og síðar í strætisvagni um Möltu. Um klukkan 14:00 hafi hann orðið þess var að búið var að skera gat á annað hólf bakpokans og ofangreindir hlutir voru horfnir. Að öðru leyti hafi allt verið á sínum stað. Í kjölfarið, eða klukkan 16:00, hafi hann tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu, en í lögregluskýrslu komi ranglega fram að hann hafi síðast séð umrædda muni að morgni hins 5. nóvember. M telur sig eiga rétt til bóta úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar hjá V vegna þessa en V hefur hafnað bótaskyldu, upphaflega á grundvelli þess að ekki hefði verið farið að varúðarreglum. Í gögnum er fylgja málskoti mótmælir M þeirri afstöðu og tekur fram að hann hafi haft bakpokann hjá sér öllum stundum en hins vegar hafi það tekið hann tíma að átta sig á því að búið var að skera á annað hólf hans.

Í upphaflegum samskiptum við M, þar sem félagið hafnar kröfu hans, byggir V á því að M hafi brotið gegn varúðarreglu sem sé að finna í grein 5.5.2 viðeigandi váttryggingarskilmála, en þar komi fram að váttryggður skuli ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V jafnframt til þess að það sé, skv. ákvæði 9.2 í ákvæðum viðeigandi váttryggingarskilmála, tjónþola að sanna að þjófnaður hafi átt sér stað. Engin mynd hafi fylgt af bakpokanum sem sýni hvernig munirnir hafi verið fjarlægðir. Þá megi ráða af lögregluskýrslu að M hafi ekki orðið hinna stolnu muna var í 29 klukkustundir, eða frá því klukkan 9:00 að morgni hins 5. nóvember og fram til klukkan 14:00 hinn 6. nóvember er hann hafi orðið þjófnaðarins var. Þrátt fyrir staðhæfingar M sé ólíklegt að um stafsetningarvillu sé að ræða, enda komi þessi tímasetning fyrir á þremur stöðum í lögregluskýrslu. Þá sé ólíklegt að M, eða ferðafélagi hans, hefðu ekki orðið þjófnaðarins var fyrr en eftir fimm, eða eftir atvikum 29, tíma. Hafi M því ekki tekist að sanna að þjófnaður hafi átt sér stað.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar tekur hann fram að samferðamaður sinn hafi verið 71 árs gömul kona, sem e.t.v. taki ekki jafnvel og áður eftir atburðum í kringum sig. Þá tekur hann fram að fleiri villur hafi verið að finna í umræddri lögregluskýrslu, sem hafi verið unnin af reynslulitlum lögreglumanni. M geti hins vegar ekki borið ábyrgð á gæðum viðkomandi skýrslu og telji hann sig hafa gert sitt til að sýna fram á að þjófnaður hafi átt sér stað. Athugasemdum M fylgdu jafnframt ljósmyndir af umræddum bakpoka.

Álit.

Meðal gagna fyrir nefndinni er lögregluskýrsla, dagsett hinn 6. nóvember 2019. Fallast má á að umrædd skýrsla sé ekki jafnskýr og best yrði á kosið og að ákveðið ósamræmi sé milli frásagnar M af atvikum og dagsetninga í umræddri skýrslu. Verður þó ekki fallist á að slíkt ósamræmi eitt og sér dragi úr trúverðugleika þeirrar staðhæfingar M að þjófnaður hafi átt sér stað. Þegar litið er til þess að ljósmyndir af bakpoka, er sýna skurð á botni fremra hólfs hans, liggja fyrir nefndinni svo og þess að M leitaði til lögreglu hinn 6. nóvember 2019, í þeim tilgangi að tilkynna um hvarf umræddra muna, verður að telja að M hafi sýnt fram á að þjófnaður hafi átt sér stað. Hvað varðar fyrr komna staðhæfingu V um að M hafi skilið við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri liggja engin gögn fyrir nefndinni er styðji við þá staðhæfingu og gegn yfirlýsingu M um hið gagnstæða verður ekki

séð að svo hafi verið. Þannig bendir málavaxtalýsing hans, skemmdir á bakpokanum, og það að einungis hluti innihaldsins hvarf, til þess að M hafi haft umræddan bakpoka í sinni vörslu er þjófnaður átti sér stað. Verður því samkvæmt framansögðu fallist á kröfu M og ekki verður séð að efni séu til að skerða eða fella niður bætur til hans á grundvelli þess að varúðarreglur hafi verið brotnar, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á óskertan bótarétt úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 399/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Smiðjuveggar og fleiri gatna í Kópavogi þann 12.10.2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 18.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 11.12.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 5.12.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, þ. á m. tveimur myndbandsskotum, voru málsatvik þau að A og B var ekið til suðurs eftir aðrein á hægri akrein frá Reykjanesbraut að hringtorgi við gatnamót Smiðjuvegs í Kópavogi og fleiri gatnamóta og var B ekið á eftir A. Er komið var að hringtorginu var B sveigt yfir á vinstri akrein og inn í innri hring (vinstri akrein) hringtorgsins. Báðum bifreiðum er ekið fram hjá gatnamótum hringtorgsins og vegar að Fossvogsbrún, A á hægri (ytri) akrein og B á vinstri (innri) akrein. Á gatnamótunum við Smiðjuveg var A ekið áfram í ytri hring áleiðis yfir gatnamótin án þess að gefa stefnumerki þar um að því er ráða má af gögnum málsins, en í sömu andrá var B beygt til hægri úr innri hring áleiðis inn á Smiðjuveg. Rákust þá saman hægra framhorn B og framanverð vinstri hlið A.

Álit.

Í hringtorginu liggja deililínur, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, þannig að umferð á ytri hring ber að víkja fyrir umferð á innri hring á leið út úr hringtorginu.

Eins og málið liggur fyrir virti ökumaður A ekki rétt B til aksturs út úr hringtorginu af innri hring og án þess að gefa það til kynna með stefnumerkjum að hann hugðist aka yfir þessi gatnamót. Á hann því sök á árekstrinum. Aksturslag ökumanns B var óvenjulegt og óvarlegt er hann skipti um akrein við akstur inn á hringtorgið og aka fram með B tiltölulega stutta vegalengd uns hann beygði til hægri áleiðis út úr hringtorginu þegar A var við hlið hans. Með þessu aksturslagi sýndi ökumaður B ekki þá varkárni og tillitssemi gagnvart A sem af honum mátti krefjast. Á hann því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum er rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 400/2019**M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um umfang bótaskyldu vegna vatnstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.11.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 18.12.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júlí 2017 varð tjón á húseign M af völdum vatnsleka frá ofnalögn. Af þeim sökum varð að brjóta upp flísalagt gólf í forstofu. Svo háttar til að forstofan er á tveimur pöllum með einu þrepi á milli þeirra sem fellt er inn í efri pallinn að hluta. Ljósbrúnleitar flísar voru á báðum pöllum sem og þrepinu. Veggir og loft í forstofunni eru klædd sérstakri viðarklæðningu. Vegna vatnslekans þurfti að brjóta upp gólfíð á neðri pallinum, en ekki þurfti að hrófla við efri pallinum né þrepinu. Við frágang gólfsins að viðgerð lokinni reyndist ekki unnt að fá flísar sömu gerðar og höfðu verið á gólffletinum.

Hafa M farið fram á að kostnaður við að skipta um flísar á allri forstofunni fái bættur úr húseigendatryggingu þeirra hjá V. V telur hins vegar að tjón vegna skemmda á flísum sem varð vegna vatnstjónsins takmarkist við gólfflöt neðri pallsins, þar sem engar skemmdir hafi orðið á öðrum flötum í forstofunni. Auk þess hafi M ekki sýnt fram á að flísar eins og voru fyrir á gólfinu séu með öllu ófáanlegar.

Álit.

Samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar þeirrar hjá V sem hér á í hlut bætir vátryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Einnig greiðir vátryggingin kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið.

Samkvæmt gögnum málsins og þá einkum fyrirliggjandi ljósmyndum af forstofunni, sem m.a. voru teknar áður en vatnstjónið varð, verður ekki hjá því komist að líta svo á að öll forstofan á báðum pöllum og þrepið á milli þeirra myndi með sérstökum hætti eina samfellda heild ásamt þeirri viðarklæðningu sem er á veggjum og í lofti. Við þessar aðstæður verður ekki litið svo á að húseignin teljist í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið nema eins flísar þeki allan gólfflötinn sem jafnframt samræmist viðarklæðningunni. Þær flísar sem hafa verið á umræddu gólfi munu hafa verið keyptar í kringum árið 1980 í tiltekinni flísaverslun sem ekki mun vera starfrækt lengur. Þær munu ekki hafa fengist í öðrum verslunum og virðast vera ófáanlegar að því er ráða má af gögnum málsins. Eins og mál þetta liggur fyrir verður því að telja rétt að flísalögn á öllum gólffletinum, þ.e. á báðum pöllum og á þrepinu á milli þeirra, fái bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M eiga rétt á að flísalögn á allri forstofu í húseign þeirra, þ.e. á báðum pöllum og þrepi á milli þeirra, fái bætt vegna vatnstjóns úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá V.

Reykjavík, 28. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 403/2019**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sölu íbúða á árunum 2016-2017.****Gögn.**

Málskot mótttekið 22. nóvember 2019 ásamt fylgigögnum og matsgerð dómkvadds matsmanns dags. 17. september 2019 og gögnum tengdum henni.

Bréf V dags. 16. desember 2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Á tímabilinu 22. desember 2016 til 23. mars 2017 keyptu M öll íbúð í fjöleignarhúsi fyrir milligöngu X sem löggilts fasteignasala og fasteignasölu ehf. sem er í hans eigu. Seljandi allra íbúðanna var fyrirtækið A. M hafa orðið vör við nokkra galla á íbúðunum en A var tekið til gjaldþrotaskipta í nóvember 2019.

M telja að X hafi sem löggiltur fasteignasali vanrækt skyldur sínar gagnvart þeim og hafi það leitt til tjóns. Í fyrsta lagi liggja fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns um galla á fasteign M. Í öðru lagi felist gáleysi X í því annars vegar að hafa ekki upplýst M um ástandsskýrslur sem til voru vegna fasteignarinnar þegar kaupsamningar voru gerðir og að hafa leynt upplýsingum um að eiginkona hans hafi verið stjórnarformaður A. Þau tengsl telja M einnig hafa átt að leiða til þess að X hafi vel vitað af ástandi fasteignarinnar og ástandsskýrslum sem lágu fyrir við kaup A á fasteigninni stuttu áður. M benda á að í söluþfirliti vegna fasteignarinnar hafi ekkert komið fram um galla og auk þess sem öll svör X til kaupendahóps M eftir afhendingu bent til þess að það hafi átt að bæta úr þeim göllum sem voru. Það hafi hins vegar ekki gerst og hafi M því orðið fyrir tjóni vegna vanrækslu X á upplýsingagjöf. Einnig benda M á að eftirlitsnefnd fasteignasala hafi komist að þeirri niðurstöðu að X hafi borið að upplýsa um hagsmunatengsl sín skv. 14. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa og verði því líka í heildarmati á aðstæðum að reikna það gáleysi inn í skort á upplýsingum sem leitt hafi til tjóns M. Að lokum vísa M til þess að ófullnægjandi upplýsingar hafi verið gefnar af hálfu X vegna seljendaláns og skjalagerðar í tengslum við það.

V telur í fyrsta lagi að ekki sé ljóst að M hafi orðið fyrir tjóni og að ósannað sé að X hafi verið kunnugt um ástandsskýrslur vegna fasteignanna í fjöleignahúsinu áður en kaupsamningar við M hafi verið gerðir. V telur X því ekki ábyrgan fyrir tjóni vegna mögulegra galla á fasteigninni, auk þess sem ljóst hafi verið að unnið hafi verið að framkvæmdum við kaupsamnings gerð og hluti kaupenda í hópi M hafi búið í húsinu og verið kunnugt um þær framkvæmdir. Þannig sé ekki sýnt að upplýsingar í söluþfirliti hafi verið ófullnægjandi. Einnig vísar V því á bug að skortur á upplýsingum af hálfu X um hagsmunatengsl hafi leitt til tjóns fyrir M eða að tjón hafi orðið vegna ófullnægjandi skalagerðar í tengslum við seljendalán.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluþfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluþfirliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um a eigninni. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Í þessu máli liggur fyrir að fasteignin í fjöleignahúsi hafði verið í byggingu um nokkra hríð þegar kaupsamningar voru gerðir við M. Af gögnum málsins telst sannað að ástandsskýrslur um fasteignina hafi legið fyrir við kaup A á henni áður en einstaka íbúðir voru seldar til M. Bæði í ljósi hagsmunatengsla eiginkonu X sem stjórnarformanns A og þess að fasteignin var ekki fullkláruð við gerð söluyfirlits og síðar kaupsamninga bar X að gæta sérstaklega að því að kanna sérstaklega og upplýsa M um öll þau gögn sem til voru um ástand fasteignarinnar. Full ástæða hefði verið að upplýsa um ástandsskýrslur þær sem til voru og dugar ekki fyrir X að halda því fram að hann hafi ekki vitað af þeim. Verður að ætla að þessi vanræksla M hafi leitt til einhvers tjóns fyrir M en nefndin tekur ekki frekari afstöðu til fjárhæðar þess. Hlutverk nefndarinnar er skv. samþykktum hennar að taka afstöðu til bótaskyldu, en hún tekur ekki afstöðu til bótafjárhæða nema aðilar málsins séu sammála um það. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir. Afstaða nefndarinnar er hins vegar sú að skaðabótaábyrgð hafi stofnast af hálfu X gagnvart M og bótaskylda því viðurkennd úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V. Ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 404/2019**M og
V vegna kortatryggingar gullkorts A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.11.2019.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 03.01.2020.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins áttu M og eiginmaður hennar (C) pantaða flugferð í mars 2019 sem þau komust ekki í þar sem C greindist með krabbamein að nýju nokkrum vikum fyrir ferðina. C var talin þurfa sérhæfða meðferð sem veitt var í Noregi og hófst sú meðferð í apríl 2019. C hafði áður greinst með krabbamein sumarið 2018 og lauk meðferð við því í nóvember 2018.

M krafðist bóta úr kortatryggingu gullkorts A en V neitaði bótaskyldu. Neitun sína byggir V á lið 4.7 grein 4.7.3. í skilmálum váttryggingarinnar þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki kröfur vegna hvern kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjást af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð sé átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknis komur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð. V telur að ákvæðið eigi við í tilviki M þar sem ljóst sé að eiginmaður M hafi verið með krabbamein áður en ferðin var greidd sem síðan hafi tekið sig upp aftur og orðið þess valdandi að þau hjónin hafi ekki komist í ferðina.

Álit.

Váttryggingaskilmálar nr. GT82 gilda um gullkort og classic kort hjá A. Í kafla 6 eru ákvæði um forföll sem gilda þegar félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í vegna tilgreindra ástæðna. V byggir á því að kafla 4 eigi við um þetta mál þar sem fjallað er um bætur sem váttryggður verður fyrir vegna slysa á ferðalagi. Í máli þessu er um forföll að ræða og verður því ekki annað séð að en að líta verði til kafla 6 við ákvörðun bóta. Í grein 6.2.1 er undanþáguákvæði þar sem fram kemur að félagið bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjást af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð. Jafnframt eru undanþegin tjón sem stafa af því að váttryggður gengst undir meðferð sem hann var á biðlista vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Kemur þá til skoðunar hvort C hafi þjást af og notið læknishjálpar eða meðferðar síðustu sex mánuði fyrir greiðslu staðfestingargjalds vegna þess sjúkdóms sem varð þess valdandi að hjónin komust ekki í fyrirhugaða ferð. Samkvæmt læknisvottorði sem liggur fyrir lauk meðferð C í nóvember 2018 og ferðin var fyrirhuguð í mars 2019 samkvæmt málskoti. Með vísan til þess er ljóst að C þjást af þeim sjúkdómi sem varð þess valdandi að hjónin komust ekki í ferðina sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum eiginmanns M (C) úr forfallatryggingunni.

Hvað varðar kröfur M þá merkir váttryggður í skilmálunum þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur og ljóst er að M er ein hinna váttryggðu. Ekki er hægt að líta svo á að um þvílíka samsömun milli hjóna geti verið að ræða að bætur vegna kostnaðar hennar falli niður á grundvelli undanþáguákvæðis 6.2.1. þar sem hún þjást ekki af sjúkdómnum heldur eiginmaður hennar. Ef ætlunin var sú að bótaréttur allra hinna váttryggðu féllu niður vegna veikinda eins þeirra væri V í löfa lagið að orða ákvæðið skýrar. Með vísan til þess skal V bæta tjón M úr forfallatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr forfallatryggingu kortatryggingar gullkorts hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 405/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið.****Gögn.**

Málskot móttakið 22.11.2019 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V dags. 06.12.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 09.12.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt frásögn M í málskoti ók hann bifreið sinni milli Kirkjubæjarklausturs og Skaftafells hinn 15. júlí 2019. A hafi þá haft með höndum vegavinnu á því svæði. Á þessari leið hafi bifreið M fengið á sig grjóthrið frá annarri bifreið með þeim afleiðingum að sprunga myndaðist í framrúðu hennar. Jafnframt hafi bifreið M orðið fyrir töluverðum lakkskemmdum vegna grjótkastsins, en M hafi ekki að fullu gert sér grein fyrir umfangi tjónsins fyrir en daginn eftir þegar hann skoðaði bifreiðina í björtu. M telur að A beri ábyrgð á umræddu tjóni enda hafi ekki verið að sjá neinar viðvaranir á svæðinu eða tilkynningar um að hætt væri við grjótkasti. Krefst M því bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hafnar bótaskyldu á grundvelli þess að ekkert sé fram komið er sýni fram á sök A eða starfsmanna þess. Þannig hafi verið unnið til samræmis við verklýsingu og kröfur sem gerðar eru til verka af því tagi sem A sinnti umrætt sinn. Svæðið hafi verið merkt með fullnægjandi hætti og í takt við framvindu verksins. Sé því ekki sýnt fram á að tjón á bifreið M sé að rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess, en sönnunarbyrði þess hvíli á M.

Í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar tekur M fram að hann hafi fengið upplýsingar um að annar ökumaður hafi lent í sambærilegu atviki á sama svæði hinn 13. júlí 2019. Í því tilviki hafi A fallist á að bæta tjónið, en ekki hafi fengist nein skýring á mismunandi meðferð mála M og þess ökumanns.

Álit.

Af framangreindu er ljóst að ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, en það er M að sýna fram á slíkt. Gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina eru takmörkuð. Þannig liggur t.a.m. ekki nánar fyrir hvar á leiðinni frá Kirkjubæjarklaustri að Skaftafelli umrætt tjón hafi átt sér stað, klukkan hvað það átti sér stað, eða neinar upplýsingar um aðstæður, merkingar og ástand vega við umrædda vegavinnu að öðru leyti. Einu gögnin sem fyrir nefndinni liggja eru ljósmyndir af bifreiðinni, sem vissulega virðist hafa orðið fyrir skemmdum, en ekki verður neitt annað ráðið með vissu af þeim, eins og t.d. hvar eða hvernig þær skemmdir komu til. Þá liggur ekki fyrir að verklag við umræddar vegaframkvæmdir hafi verið óforsvaranlegt og hefur M því ekki sýnt fram á á hvern hátt tjón hans megi rekja til saknæmrar háttsemi A eða starfsmanna þess. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 406/2019**M og
V vegna ökutækisinsins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 12.12.2019 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðarslyss 27. september 2018. Tildrög slyssins voru þau að ekið var aftan á bifreið M sem hann hafði stöðvað á rauðu ljósi. Í bráðamóttökuskrá á slysdegi lýsti M verkjum í hálsi sem leiddi niður í herðar og sagðist M vera hálfvankaður og brugðið. Við skoðun var hann þreyfiaumur í hnakkafestum og herðum og að auki stífur og verkjaður við hálsþreyfingar.

V hafnaði bótaskyldu þar sem félagið taldi gögn málsins ekki benda til þess að varanlegt heilsutjón hafi getað hlotist af atvikinu.

M fór á heilsugæsluna 23. október 2018 og fékk beiðni um sjúkraþjálfun. Í beiðninni kom fram að höfuðþreyfingar væru sársaukafullar og svitnar strax vegna verkja. Enn fremur sé vont að setja höku í bringu og horfa upp í loft og að M sé hvellaumur yfir trapezius vöðvum og upp í hnakkafestar og yfir st. cl. mastoid vöðva hægra megin. Niðurstaða röntgenmyndar sem tekin var 28. nóvember 2018 sýndi vægar slitbreytingar.

M telur að V geti ekki vísað til skýrslu um PC þar sem mældur er hraði ökutækis þar sem líta verði til afleiðinga slyssins fyrir M. Skýrslan gefi því ekki rétta mynd af því höggi sem M varð fyrir við áreksturinn.

Í bréfi V kemur fram að um minniháttar árekstur hafi verið að ræða og að hraðaútreikningar hafi sýnt að hraði aftari bifreiðarinnar hafi verið 12km/klst. Þegar hann lenti aftan á ökutæki M. Þyngdarhröðunin og höggkrafturinn samsvari höggi sem notendur „klessubíla“ verði fyrir. V telur M ekki hafa sýnt fram á með gögnum að M hafi hlotið varanlegt heilsutjón af slysinu.

Álit.

Það liggur fyrir að V hefur greitt M útlagðan sjúkrakostnað vegna slyssins. Í málinu liggur fyrir að M leitaði læknis á slysdegi og síðan aftur 19. október 2018. Í framhaldinu fékk hann beiðni um sjúkraþjálfun og fór í röntgenmynd. Hins vegar liggja ekki fyrir í málinu gögn sem sýna fram á að M hafi orðið óvinnufær í kjölfar slyssins og því á hann ekki rétt til bóta vegna tekjutaps eða þjáningar. M hefur heldur ekki sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna þeirra sem hann lýsir í málskoti og slyssins. Með vísan til þess hefur M ekki sýnt fram á bótaskyldu V.

Niðurstaða.

V er ekki bótaskyld vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Reykjavík, 4. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 408/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá sveitarfélaginu A****Ágreiningur um tilkynningarfrést vegna slyss.****Gögn.**

Málskot dags. 22.11.2019 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Bréf V dags.17.12.2019.

Málsatvik.

Hinn 6. apríl 2016 féll M úr stiga á heimili sínu með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á báðum úlnliðum og hnéskeiljum. Þurfti hún að gangast undir aðgerð vegna þessa og í kjölfarið var reynd endurhæfing en hún virðist ekki hafa gengið eins og vænst var. Hefur M nú gengist undir örorkumat vegna afleiðinga slyssins. Í málskoti gerir M kröfu um að viðurkenndur verði réttur sinn til bóta úr slysatryggingu launþega sem A var með í gildi hjá V á slysdegi en M tilkynnti um tjón sitt til V hinn 20. maí 2019. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 12. júní 2019 á grundvelli þess að M hafi verið ljóst um afleiðingar slyssins þegar um áramótin 2016/17 og því hafi krafa hennar verið of seint fram komin.

Þessari afstöðu mótmælir M og telur að upphaf tilkynningarfrests beri að miða við desembermánuð 2018 þegar ljóst hafi verið að endurhæfing mundi ekki skila tilætluðum árangri, enda hafi tjón M vegna slyssins ekki verið að fullu ljóst fyrir en þá. M hafi þegar tilkynnt um slysið til þess váttryggingafélags sem hún sé í viðskiptum við og fengið bætur úr fristundatryggingu sinni. Henni hafi hins vegar ekki verið kunnugt um að hún ætti rétt til greiðslna úr slysatryggingu launþega.

Í bréfi sínu til nefndarinnar ítrekar V áður fram komna afstöðu sína um að tilkynning um slysið hafi verið of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Tvö ár og sjö mánuðir hafi verið frá slysinu þegar M tilkynnti V um það. Í ljósi þess hve áverkar M hafi verið alvarlegir hafi frá upphafi verið ljóst að einhver einkenni yrðu varanleg, en þremur vikum eftir slysið hafi plötur verið settar í úlnliði M. Upphafleg áætlun um endurhæfingu M hafi þá gert ráð fyrir lokum endurhæfingar í október 2017. Ári áður en M tilkynnti um tjón sitt til V, eða hinn 20. maí 2018, hafi því verið löngu ljóst að varanleg einkenni hlytust af slysinu, enda hafði M þá sótt umfangsmikla meðferð og endurhæfingu vegna þess.

Álit:

M varð sem fyrir segir fyrir slysi hinn 6. október 2016 en V var tilkynnt um tjónið hinn 20. maí 2019, eða rúmlega tveimur árum og sjö mánuðum eftir tjónsdag. Af gögnum málsins verður ráðið að hún hafi hafið umfangsmikla endurhæfingu þegar á fyrri hluta ársins 2017, í kjölfar aðgerðar og sjúkrahúsinnlagnar vegna hennar. Í skýrsluformi sérfræðinga Virk, sem byggir á skoðun á M hinn 23. maí 2017, eða sjö og hálfum mánuðum eftir tjónsdag, er afleiðingum slyssins lýst, m.a. því að M finni alltaf fyrir sársauka í hnám, eigi erfitt með heimilisstörf og geti ekki ekið lengri vegalengdir. Meðal gagna sem fyrir nefndinni liggja er áætlun í starfsendurhæfingu á vegum Virk, en lok hennar eru áætluð hinn 5. október 2017, og markmiðið að M geti hafið störf í 40% starfshlutfalli þá um haustið. Virðist áætlunin gera ráð fyrir umfangsmikilli endurhæfingu, m.a. með aðkomu sjúkra- eða iðjuþjálfara. Svo virðist sem markmið umræddrar áætlunar hafi ekki náðst og þrátt fyrir að endurhæfingaráætlanir hafi verið framlengdar virðist M mest hafa náð 20% starfsgetu eftir slys sitt. Með hliðsjón af því að upphafleg endurhæfingaráætlun virðist litlum árangri hafa skilað verður að telja óhjákvæmilegt að M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á, og að ljóst hafi verið að tjón hennar yrði varanlegt, þegar haustið 2017 eða um einu og hálfu ári áður en hún tilkynnti um tjón sitt til V. Í 1. mgr. 124 gr. laga um váttryggingarsamninga segir að sá sem rétt eigi til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem

hún er reist á. Samkvæmt framansögðu verður að telja að krafa M á hendur V hafi ekki komið fram innan þessara tímamarka og verður kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík 21. janúar 2020

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 409/2019**M og
V vegna ökutækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 26.11.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 13.12.2019.

Málsatvik.

M lenti í bílslysi 1. nóvember 2016 og fékk áverka á hægri hné. Í málskoti kemur fram að M hafi verið slæm í baki fyrir slysið og einkenni frá hné hafi haft áhrif á bakið vegna rangrar líkamsbeitingar. M krafðist bóta frá V 10. október 2018 sem hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki væri orsakasamband milli einkenna M og umferðarslyssins.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi farið á slysideild sama dag og slysið varð og að hún kenndi sér eymsla í hægri hné. Tveimur dögum síðar hafi hún farið á heilsugæsluna og lýsti auknum verkjum í rassvöðvum, hægri hné og lærum.

Í bréfi V kemur fram að í tjónstilkynningu segist M hafa hlotið meiðsl á vinstra hné og að M hafi ekki leitað til læknis vegna umferðarslyssins í tæp tvö ár eftir seinna skiptið sem hún leitaði til heilsugæslunnar. Hvergi sé getið í samtímagögnum um að M hafi hlotið ný einkenni eða versnun einkenna í baki eftir umferðarslysið 1. nóvember 2016. Þá telur V ekki liggja fyrir að M hafi haft einkenni í vinstra hné eftir slysið heldur hafi M samkvæmt öllum gögnum hlotið tímabundin, skammvinn einkenni í hægri hné eftir umferðarslysið. V telur því ekki staðfest orsakasamband milli slyssins einkenna M nú.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að M hafi fengið áverka á hægri hné í umferðarslysinu 1. nóvember 2016. Það liðu tæp tvö ár þar til M tilkynnti slysið til V og ekki liggja gögn fyrir um að hún hafi fengið frekari einkenni vegna slyssins á þeim tíma. Í læknisvottorði sem liggur fyrir í málinu kemur fram að M virðist ekki hafa hlotið langvinna áverka af slysinu. Með vísan til framangreinds verður ekki unnt að telja að orsakatengsl séu milli umferðarslyssins og síðari einkenna M. V er því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á bótaskyldu V úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Reykjavík, 28. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 410/2019**M og
V vegna ferðatryggingarliðar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna andláts erlendis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.11.2019 ásamt fylgiskjöllum 1-18.

Bréf V, dags. 09.12.2019 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í greinargerð með málskoti kemur fram að M og eiginmaður hennar X hafi keypt ferð til Þýskalands hinn 27. ágúst 2018 og haldið af landi brott hinn 11. september. Skömmu eftir komuna til Þýskalands hafi X veikst og lagst inn á sjúkrahús. Þar hafi hann gengist undir aðgerð og eftir að hafa dvalið á sjúkrahúsi í yfir þrjár vikur hafi hann sótt endurhæfingu í þrjár vikur til viðbótar. Hafi X ekki mátt ferðast til Íslands vegna þessara veikinda og M og X leigt sér íbúð til ákveðins tíma til að draga úr kostnaði. Hinn 4. mars 2019 varð X bráðkvaddur en banamein hans var hjartaáfall. Vegna kostnaðar sem var samfara andláti X erlendis, þ.e. vegna dvalarkostnaðar, heimflutnings jarðneskra leifa X og ferðakostnaðar, hefur M gert kröfu til bóta úr ferðatryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafi hafnað kröfunni með vísan til c-liðar 51. gr. viðeigandi skilmála en þar segi að félagið bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda eða sjúkdóma sem hinn váttryggði hafi þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar vegna, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. V hafi því hafnað kröfunni á þeim forsendum að vitað hafi verið um hjartakvilla X áður en ferðin var keypt. Samkvæmt læknskýrslum hafi X verið með krónískan lungnasjúkdóm og hjartasjúkdóm, en þess sé getið við læknisskoðun sem fram fór hinn 27. janúar 2014. Við læknisskoðun hinn 13. júlí 2017 hafi komið fram að X væri með kransæðasjúkdóm en sýndi ekki glögg merki um áberandi hjartabilun. Við síðustu læknisskoðun X hér á landi, hinn 11. apríl 2018, hafi komið fram að ómskyggni samkvæmt hjartaómskoðun, sem fram fór hinn 16. janúar 2018, væri ekki gott og fyrirhugað að X hitti hjartaskurðlækni. Af þeim fundi hafi þó ekki orðið. Við ómskoðunina hafi þannig komið í ljós að X þjáðist af hjartabilun en hann hafi hvorki þá né síðar fengið meðhöndlun eða notið læknishjálpar vegna hennar. Síðasta skoðun X hjá lækni hér á landi, hinn 11. apríl 2018 hafi verið venjubundin skoðun en ekki falið í sér meðferð eða læknishjálp. Megi af þessu ráða að X hefði ekki notið lækniástoðar eða meðferðar vegna hjartavandamála á sex mánaða tímabili fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Sé því ljóst að umrætt undanþáguákvæði eigi ekki við í tilvikum X.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að ranglega hafi verið vísað til undanþáguákvæðis c-liðar 51. gr. skilmálanna, en þar sé talað um sex mánaða tímabil fyrir greiðslu staðfestingargjalds og sé slíkt algengt í skilmálum greiðslukortatrygginga en eigi ekki við um fjölskyldutryggingu þá sem M hafði í gildi á tjónsdegi. Í skilmálum hennar sé hins vegar, í 1. tölulið undanþáguákvæðis 53. gr. [sic] skilmálanna, að finna svohljóðandi undantekningarreglu um tjón sem váttryggingin taki ekki til: „Tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma, sem einhver váttryggðra fjölskyldumeðlima var haldinn og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Með meðferð er átt við hvers konar meðhöndlun, sem er ætlað að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknikomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð o.fl.“ Af gögnum málsins megi ráða að X hafi verið með lungna- og hjartasjúkdóm auk þess sem hann hafi verið með kransæðasjúkdóm og sykursýki. Í læknisskoðun hinn 1. apríl 2018 hafi verið farið yfir niðurstöður hjartaómskoðunar en þá hafi ósæðarlokan verið verulega kölluð. Í gögnum komi jafnframt fram að X hafi, í nóvember 2017, tekið þá ákvörðun að gangast ekki undir aðgerð vegna ósæðarlokuvandamála, en sú aðgerð hafi síðar verið framkvæmd á þýsku sjúkrahúsi í októbermánuði 2018. Þá megi ráða af læknskýrslum að X hafi, í um mánuð áður en hann leitaði læknishjálpar í Þýskalandi hinn 13. september 2018, fundið fyrir auknum einkennum á borð við mæði, þreytu og slappleika auk einkenna frá brjóstakassa við áreynslu. Þá megi ráða af sjúkraskrá að X hafi, fyrir greiðslu ferðarinnar, notað lyf sem ætluð séu til að draga úr blóðfitu og til blóðþynningar. Í dánarvottorði komi svo fram að hjartsláttartruflanir vegna hjartabilunar hafi leitt til andláts X. Af

Þessu megi ljóst vera að X hafi verið haldinn hjartasjúkdómi og verið í meðferð vegna hans fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Er bótakröfu M því hafnað.

Álit.

Þar eð ákveðins misskilnings virðist gæta varðandi það hvaða undanþáguákvæði eigi við um ágreining þennan er rétt að áréttta að í váttryggingarskilmálum þeim er fylgdu með andsvörum V og tóku gildi hinn 2. júní 2017, er að finna tvönn konar undanþáguákvæði er varða heilsufar váttryggðra og eiga við ferðatryggingarlið váttryggingarinnar. Þannig kemur fram í c-lið 51. gr. skilmálanna, en það ákvæði takmarkar bótaskyldu vegna ákvæða 47.–50. gr., þ.e. sjúkrakostnaðar erlendis, ferðarofs, ferða- og dvalarkostnaðar annarra aðila og kostnaðar vegna ferðarofs hins váttryggða, að félagið bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Í e-lið sama ákvæðis kemur jafnframt fram að ekki sé bætt tjón sem rekja megi til hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða samstarfsmaður hafi þjáðst af við greiðslu staðfestingargjalds. Þá segir m.a. í 1. tölulið undanþáguákvæðis 54. gr., en það ákvæði tekur til forfallatryggingar, að váttryggingin bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem einhver váttryggðra fjölskyldumeðlima var haldinn og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. V virðist byggja á því að hið síðastnefnda ákvæði eigi við, þrátt fyrir að ranglega virðist vísað til 53. gr. í bréfi félagsins til nefndarinnar. Ekki er þó að finna nánari rökstuðning fyrir þeirri afstöðu og þar eð ekki verður séð að M sækist eftir greiðslu á grundvelli forfallatryggingar verður ekki séð af þeim skilmálum sem fyrir nefndinni liggja með hvaða hætti tilvísun til þess ákvæðis á rétt á sér. Á grundvelli þessa verður byggt á því að undanþáguákvæði 51. gr. skilmálanna taki til ágreinings aðila, enda virðist krafa váttryggðu M byggð á 47.–49. gr. þeirra og kemur þá fyrst til skoðunar hvort váttryggði X hafi þjáðst af, og notið læknishjálpar eða meðferðar vegna, þeim sjúkdómi sem leiddi hann til dauða á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Af íslenskrí sjúkraskrá X, sem liggur fyrir nefndinni, má ráða að X hafi gengist undir hjartaþræðingu árið 2009 og samkvæmt sérfræðingsnótu frá 2. nóvember 2009 er hann þá greindur með „ischaemic heart disease (chronic)“, en hann mun fela í sér að blóðflæði til hjartans er takmarkað vegna þrængingar kransæða. Sú greining virðist óbreytt allt til síðustu heimsóknar X til lyf- og hjartalæknis hér á landi hinn 11. apríl 2018, en á tímabilinu frá 2009 til 2018 virðist X hafa verið undir reglulegu eftirliti umrædds læknis, auk þess sem hann virðist einnig hafa leitað lækninga í Þýskalandi á árinu 2017. Í byrjun árs 2018 fór X svo í hjartaómskoðun vegna aukinna einkenna og benti hún til marktækrar ósæðarlokuþröngar. Verður ekki betur séð en að X hafi, fyrir andlát sitt, átt nokkuð langa sögu um m.a. hjartasláttartruflanir og kransæðasjúkdóm. Verður að telja nægilega sýnt fram á að X hafi þjáðst af þeim sjúkdómi sem leiddi hann að endingu til dauða á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds hinn 27. ágúst 2018. Varðandi það hvort X hafi notið meðferðar vegna hans á því tímabili ber að líta til þess að hinn 11. apríl 2018, eða um fjórum og hálfum mánuði fyrir kaup umræddrar ferðar, fékk X ávísað lyfinu Simvastatin, en því er ætlað að draga úr blóðfitu með því að hindra kólesterólmyndun í lifur og draga úr aðgerðarþörf hjá sjúklingum sem hafa fengið kransæðastíflu. Í nótu sérfræðings vegna þessarar læknisheimsóknar kemur jafnframt fram að fundur X með hjartaskurðlæknum sé fyrirhugaður og að ekki sé enn ljóst hvort X eigi að gangast undir aðgerð. Á grundvelli þessa verður að telja að váttryggði X hafi, á síðustu sex mánuðunum fyrir kaup á umræddri utanlandsferð, verið undir eftirliti lækna og notið meðferðar vegna þess hjartasjúkdóms sem dró hann til dauða. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt, á grundvelli c-liðar 51. gr. skilmála váttryggingarinnar, að hafna þeim hluta krafna M sem varða kostnað vegna váttryggða X, þ.á.m. vegna kostnaðar við framlengda dvöl hans ytra og kostnaðar við flutning jarðneskra leifa hans.

Hvað varðar váttryggðu M þá er ljóst að hún varð fyrir kostnaði vegna framlengdrar dvalar þeirra hjóna í Þýskalandi. Samkvæmt skilmálum umræddrar váttryggingar eru váttryggðir váttryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki svo og ógift börn þeirra enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili hér á landi og haldi sameiginlegt heimili. Ljóst er því að M er ein hinna váttryggðu. Þá verður ekki litið svo á að um þvílíka samsömun milli hjóna geti verið að ræða að bætur vegna kostnaðar hennar falli niður á grundvelli c-liðar 51. gr., enda væri V í lófa lagið að orða ákvæðið skýrar væri ætlunin sú að bótaréttur allra hinna váttryggðu félli niður vegna veikinda eins þeirra. Kemur þá hins vegar til skoðunar áðurnefndur e-liður 51. gr., en þar segir að tjón sem leiði af hvers kyns veikindum eða

sjúkdómum sem náinn ættingi eða samstarfsmaður hafi þjáðst af þegar staðfestingargjald var greitt bætist ekki. Hugtakið „náinn ættingi“ er skilgreint í 46. gr. skilmálanna og tekur samkvæmt því m.a. til maka og sambýlismaka. Þar sem byggt verður á því, samkvæmt framansögðu, að X hafi þjáðst af þeim sjúkdómi sem leiddi hann til dauða á þeim tíma sem staðfestingargjald var greitt er því óhjákvæmilegt að hafna einnig kröfum M hvað ferða- og dvalarkostnað hennar sjálfrar varðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 411/2019

M og

V v/ slysa- og sjúkratryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu tímabundinnar óvinnufærni af völdum sjúkdóms.**Gögn.**

Málskot, móttakið 7.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf umboðsaðila V, dags. 12.2.2020.

Málsatvik.

M hafði í gildi slysa- og sjúkratryggingu sem nefnist „Starfsvernd hjá breska váttryggjandanum V. Með tjonstilkynningu, dags 7. janúar 2019, gerði M kröfu um bætur úr váttryggingunni vegna algjörar óvinnufærni tímabilið 6. desember 2018 til 6. janúar 2019 í kjölfar aðgerðar sem hún gekkst undir á hné hinn 6. desember 2018.

Fyrir liggur óvinnufærnisvottorð A, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, dags. 18. desember 2018 vegna óvinnufærni M vegna sjúkdóms á ofangreindu tímabili. Einnig ligg fyrir upplýsingar í tjonsskýrslu undir svokallaðri „medical report“ dags. 8. mars 2019 frá sama lækni. Þar svarar læknirinn stöðluðum spurningum frá umboðsaðila váttryggjanda um eðli veikinda M og tímasetningar í tengslum við hvenær læknirinn skoðaði M fyrst og hvenær og hversu lengi óvinnufærni hennar varði.

Með bréfi, dags 1. nóvember 2019, var bótaskyldu hafnað úr váttryggingunni af hálfu V. Er í því efni vísað til þess að sjúkdómur M hafi fyrst greinst árið 2014 og eigi því ekki undir þann váttryggjanda sem M sé þá tryggð hjá, auk þess sem segir í bréfi umboðsaðila V að ekki hafi verið „... tilkynnt um umræddan sjúkdóm á heilsufarsyfirlýsingum.“

Í skilmálum váttryggingarinnar er hugtakið „illness“ skilgreint svo: „**Illness** means sickness or disease, the symptoms of which first appear during the **Period of insurance** and which solely and independently of any other causes results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear.“

Álit.

Ekki er að fullu ljóst hvað nákvæmlega er átt við með hugtakinu „veikindi“ („illness“) í skilmálum váttryggingarinnar þegar það er gert að skilyrði að veikindin þurfi að hafa leitt til algjörar óvinnufærni innan tólf mánaða samfellds tímabils eftir að einkenni komu fyrst fram (results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear“). Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda samninga, má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Svo umrætt ákvæði váttryggingarskilmálans fari ekki í bága við þetta ákvæði laga verður að skýra hugtakið veikindi („illness“) svo að þau teljist hafa orðið þegar einkenni hafa fyrst komið fram sem gefa tilefni til að ætla að veikindin, ein og sér og óháð öðrum sjúkdómseinkennum, kunni að hafa óvinnufærni í för með sér innan tólf mánaða samfellds tímabils.

Í máli M liggja ekki fyrir nægilega skýrar læknisfræðilegar upplýsingar um að veikindi sem leiddu til óvinnufærni hennar í einn mánuð, frá desember 2018 fram í janúar 2019, hafi komið upp fyrr en á árinu 2018. Ekki er gerð með nokkrum hætti grein fyrir þeim einkennum sem M mögulega leitaði til læknis vegna á árinu 2014 og hvernig þau tengjast óvinnufærni hennar á árinu 2018. Verður V að bera hallann af því að þau gögn liggja ekki fyrir. Með vísan til þessa verður samkvæmt gögnum málsins ekki talið sannað að veikindi samkvæmt skilgreiningu skilmálanna hafi orðið fyrr en skömmu áður en M varð óvinnufær í desember 2018. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að M eigi rétt til bóta úr váttryggingunni fyrir tímabundna óvinnufærni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir tímabundna óvinnufærni úr slysa- og sjúkratryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 412/2019**M og
V v/ málskostnaðartryggingarlið fjölskylduþryggingar.
Ágreiningur um bótaskyldu vegna reksturs dómsmáls fyrir Félagsdómi.****Gögn.**

Málskot, móttekið 29.11.2019, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 23.12.2019.

Málsatvik.

M höfðaði mál fyrir Félagsdómi gegn A þar sem einkum voru hafðar uppi dómkröfur sem lutu að því að brottrekstur hennar úr hinu stefnda félagi og tiltekin ákvæði í lögum félagsins sem takmörkuðu kjörgengi hennar í félaginu fælu í sér brot gegn fyrri málslið 2. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

M hefur krafist bóta úr málskostnaðartryggingu, sem er einn þáttur í fjölskylduþryggingu hennar hjá V, vegna kostnaðar sem hlaust af málsókninni. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í inngangsorðum í skilmálum málskostnaðartryggingarinnar hjá V segir að hlutverk vátryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í skilmálunum er bótasvið vátryggingarinnar skilgreint svo að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Þá er tekið fram í sérstöku undanþáguákvæði í skilmálunum að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

Dómur Félagsdóms gekk M í hag. Í upphafi niðurstöðukafla dómssins segir að umrætt dómsmál eigi undir Félagsdóm með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, en samkvæmt því ákvæði er verkefni Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögnum og tjóni sem orðið hefur vegna ólögmatra vinnustöðvanna. Samkvæmt 67. gr. laganna eru úrskurðir og dómur Félagsdóms endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó er unnt að kæra til Hæstaréttar dómum eða úrskurðum í fjórum tilvikum sem nánar eru tilgreind í lagaákvæðinu, þ. á m. efnislegar dómsúrlausnir um að aðila sé gert að greiða sekt samkvæmt 65. gr. laganna.

Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hafa hinir almennu dómstólar, þ. á m. héraðsdómstólar, vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Í þessu sambandi ber þess að gæta að í I. kafla laga nr. 50/2016, um dómstóla, eru ákvæði um dómstólaskipanina. Þar eru ákvæði í 1. og 2. gr. um Hæstarétt og Landsrétt, svo og í 3. gr. um héraðsdómstóla, fjölda þeirra og umdæmi. Þá segir í 4. gr. laganna að aðrir dómstólar séu Félagsdómur og Landsdómur og um þá gildi ákvæði í öðrum lögum.

Ekki er um það deilt að mál M á hendur A laut lögsögu Félagsdóms en í ljósi framangreindra lagaákvæða telst dómstóllinn vera sérdómstóll, enda teljast efnislegar dómsúrlausnir hans vera endanlegar nema í einu mjög afmörkuðum tilviki. Þá gat mál M á hendur A því ekki lotið lögsögu hinna almennu dómstóla. Samkvæmt þessu og með vísan til undanþáguákvæðis í skilmálum V þess efnis að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar sérdómstóla fellur kostnaður M í máli hennar á hendur A utan bótasviðs málskostnaðartryggingarinnar hjá V. Hún á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 413/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X
Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns þann 2.3.2018.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 1.12.2019, ásamt fylgiskjölum 1-23.
Bréf V, dags. 12. desember 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins segir að þann 2.3.2018 hafi borist tilkynning til lögreglu um að M hafi fallið niður af þaki gróðurhúss. Fór lögregla á vettvang og tók skýrslu af M sem kvaðst hafa verið uppi á þaki gróðurhúss að líma fyrir gat með límband. Þá segir í skýrslunni að stigi sem var undir honum hafi runnið til með þeim afleiðingum að M rann niður af þakinu og hafnaði á mold. Slasaðist M nokkuð og var fluttur með sjúkrabíl til aðhlyningar.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 7.3.2018, segir um tildrög slyssins að stigi hafi verið reistur upp við vegg gróðurhúss og annar langur stigi settur á þak þess, sem var með kræjum sem náðu fram yfir mæni. Segir enn fremur að M hafi verið að fara niður af þaki, losað stigann en A, samstarfsmaður hans, sem átti að halda við stigann hafi sleppt honum þannig að stiginn rann með þeim afleiðingum að M datt.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 19.2.2019, er haft eftir A að hann hafi haldið við stigann þegar M datt, en að hann hafi forðað sér frá til að fá ekki M og stigann yfir sig. Segir enn fremur í skýrslu Vinnueftirlitsins að upplýsingar í slysatilkynningu samkvæmt framburði M, beri ekki saman við framburð A sem var að aðstoða M við verkið en slysatilkynningunni segir að A hafi sleppt stiganum sem hann átti að halda við með þeim afleiðingum að stiginn rann undan M.

M byggir á því að hann eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, m.a. á þeim grundvelli að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og þess að ekki var til verklagsáætlun um verkið. Enn fremur byggir M á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi A, sem ekki hafi fylgt leiðbeiningum M þess efnis að halda við stigann á meðan M var í stiganum.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að slysið verði fyrst og fremst rakið til eign sakar M eða til óhappatilviljunar.

Álit.

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið verkstjóri á verkstað með áralanga starfsreynslu. Þekkti hann því vel til aðstæðna, fór með verkstjórn á staðnum og valdi þau tæki og tól sem notuð voru til verksins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið verði rakið til galla eða vanbúnaðar stigans sem notaður var til verksins. Í gögnum málsins kemur enn fremur fram að M hafi sjálfur losað krækjur á stiganum áður en hann fór niður af þakinu. Með hliðsjón af gögnum málsins þykir sannað að stiginn hafi runnið niður af þeim sökum en ekki vegna vanbúnaðar eða galla. M ber enn fremur sönnunarbyrði fyrir því að atvik hafi gerst með þeim hætti sem hann lýsir. Með hliðsjón af framburði A verður að teljast ósannað að slysið verði rakið til þess að A hafi ekki haldið við stigann eins og honum hafði verið uppálagt. Ber M hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2020.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 414/2019**M og
V vegna ökutækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 02.12.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 17.12.2019 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Málsatvik voru með þeim hætti að dóttir M (B) var að hjóla á reiðhjólum yfir gatnamótin Strandveg/Norðurbrú þegar ökutækinu A var ekið á hana. B slasaðist og hjólið skemmdist.

V féllst á fulla bótaskyldu vegna líkamstjóns B en helmingsbótaskyldu vegna tjóns á reiðhjólunni sökum þess að hvorki ljós né glitaugu hafi verið á reiðhjólunni þegar slysið átti sér stað. Í bréfi V er vísað til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga 50/1987 þar sem fram kemur að bætur fyrir tjón á munum megi lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Þá kemur fram að það sé nóg að sýna fram á einfalt gáleysi svo beita megi ákvæðinu. Ennfremur er vísað til 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 57/1994 um gerð og búnað reiðhjóla þar sem fram kemur að reiðhjól skulu búin rauðu þríhliða glitmerki að aftan og hvítu að framan. Á báðum hliðum fótstígs skuli vera hvít eða gul glitmerki og einnig á teinum hjólsins. Þá skuli reiðhjól sem notað sé í myrkri eða skertu skyggni vera búíð ljóskeri að framan sem lýsir hvítu eða gulu ljósi og ljóskeri að aftan sem lýsir rauðu ljósi.

Í málskotinu er farið yfir að það hafi verið byrjað að rökkva en ekki orðið dimmt. Þá hafi B verið með speglahjál sem gefi frá sér mjög sterkt endurskin sem vegi að einhverju leyti upp á móti skorti á endurskininu á hjólinu að öðru leyti. Ennfremur telur M ótvírætt að B hafi átt réttinn hvað umferðarlöggjöfina varði. M telur því að B hafi ekki verið meðvöld að tjóninu.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjetryggingar nr. 30/2019 sem tóku gildi 1. janúar 2020 (áður 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987) má lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Í málinu liggur fyrir að ökutækinu A var ekið á B þar sem hún var á hjóla á reiðhjólum. Reiðhjól B var hvorki með ljós né glitaugu eins og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 57/1994 kveður á um. Í lögregluskýrslu sem er frumgagn um slysið kemur fram að lýsing á vettvangi hafi ekki verið góð og að myrkur hafi verið að skella á. Í myndbandi sem fylgdi málinu sem tekið var nokkru áður en slysið varð sést að það er byrjað að rökkva. Með vísan til framangreinds verður að telja þá háttsemi að hafa ekki haft ljós og glitaugu á reiðhjólunni við þessar aðstæður vera stórkostlegt gáleysi. Með vísan til atvika allra skal M bera 1/3 hluta sakar vegna munatjónsins.

Niðurstaða.

M skal fá 2/3 hluta munatjónsins greitt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 416/2019**V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmdrar vatnslagnar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 02.12.2019 auk fylgigagna 1-12.

Athugasemdir V dags. 27.12.2019 auk fylgigagns.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að á tímabilinu mars til maí 2017 hafi starfsmenn A plægt jarðstreng fyrir dreifiveituna B. Við þá vinnu hafi þeir plægt í sundur vatnslögn í eigu M. Í kjölfarið hafi A ráðist í viðgerðir á lögninni en þær hafi reynst ófullnægjandi og leitt til frekara tjóns. V hafi hins vegar hafnað bótakröfu M vegna þessa. M er ósáttur við afstöðu V og tekur í málskoti sérstaklega fram að ekki sé ágreiningur um upphaflegt tjónstilvik sem slíkt, þ.e. að starfsmenn A hafi plægt í sundur umrædda vatnslögn og hafi það atvik líklegast átt sér stað í marsmánuði 2017. Í kjölfar þess, um veturinn 2017, hafi vatnsrennsli úr lögninni minnkað. Ljóst sé því að starfsmenn A hafi, með gáleysi sínu, valdið M skaðabótaskyldu tjóni. Þá hafi lögnin verið merkt með hælum en jafnvel þó engir hælur hefðu verið til staðar á svæðinu til að vekja athygli á lögninni breyti það engu um gáleysi A þar eð starfsmönnum þess hefði borið að grandskoða vinnusvæðið. Þegar grafið hafi verið niður á lögnina hafi svo komið í ljós að viðgerð A var ófullnægjandi, en nýr bútur sem splæst hafði verið á lögnina hafi þrengt svo mikið að henni að hún hafi á endanum brotnað saman og tekið loft og óhreinindi inn á sig. Enginn annar hafi átt við lögnina á þessum tíma og því sé ljóst að A beri skaðabótaábyrgð gagnvart M vegna tjóns hans en auk beins kostnaðar hafi komið til tekjumissis, en M reki ferðaþjónustu.

Í athugasemdum sínum til nefndarinnar tekur V undir að það sé ágreiningslaust að starfsmenn A hafi plægt umrædda vatnslögn í sundur og í kjölfarið gert við tjónið með því að splæsa nýjum C-laga lagnarbút við lögnina. Hins vegar verði ekki fallist á að umrædd viðgerð hafi verið ófullnægjandi. Þannig sé umræddur lagnabútur með „kónísk“ samhengi sem skrúfist saman og geti einfaldlega ekki þrengt að flæði lagnarinnar enda sé ekki hægt að herða samhengin um of. Næst nýja bútnum sé lögnin hins vegar gömul og tjónuð og séu það líklega skemmdir á þeim hluta lagnarinnar sem leitt hafi til tjóns fyrir M. Starfsmenn A hafi hins vegar ekki komið að neinni vinnu við þann hluta lagnarinnar. Þá tekur V fram að nýja lagnarbútnum hafi verið splæst við á tímabilinu mars-maí 2017 en ekki hafi farið að bera á minna vatnsflæði fyrr en einhverjum mánuðum síðar. Sé því óhugsandi að hinn nýi bútur hafi þrengt að flæði um lögnina. Líklegt sé að lögnin hafi orðið fyrir síðara tjóni, en annar verktaki hafi séð um að tengja jarðstreng í háspennukassa sem sé á sama svæði, og sé þá líklegt að sá aðili hafi valdið tjóninu. Að lokum tekur V fram að ekki sé sýnt fram á að hælur hafi verið í jörðinni til að gefa legu lagnarinnar til kynna, og í raun séu engar vatnslagnir skráðar á umræddu svæði. Er bótakröfu M því hafnað.

Álit:

Ágreiningur þessa máls varðar í raun ekki atvik það sem átti sér stað um vorið 2017 enda fallast aðilar á að starfsmenn A hafi plægt umrædda lögn í sundur og í kjölfarið framkvæmt viðgerð á henni. Ágreiningur aðila snýst þannig um viðgerðina sem slíka, þ.e. hvort hún hafi verið framkvæmd með þeim hætti að leitt hafi til tjóns fyrir M en svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónsatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, vátryggðs. Fyrir nefndinni liggja fjölmargar ljósmyndir af lagnarbútnum, svo og greinargerð M um tjónið. Ekki verður hins vegar séð að neinnar matsgerðar eða álits sérfróðs aðila hafi verið aflað um orsakir þess að dró úr vatnsstreymi um umrædda lögn. Svo virðist sem aðilar séu sammála um að starfsmenn A hafi við viðgerð sína aðeins splæst einum C-laga bút við lögnina. Á ljósmyndum sem fylgdu málskoti má sjá skemmdar lagnir, en svo virðist sem þær ljósmyndir sýni nokkra lagnabúta án þess að nægilega sé tilgreint hver búta er sá sem A splæsti við lögnina. Af ljósmynd sem V leggur fram, en henni eða skýringum við hana hefur ekki verið mótmælt sérstaklega,

má ráða að næstliggjandi bútur lagnarinnar hafi verið töluvert skemmdur og verður helst dregin sú ályktun að drulla og loft hafi átt leið að lögninni í gegnum hann. Ekki hefur verið sýnt fram á að umræddar skemmdir stafi af aðgerðum A, eða að A hafi grafið upp þann bútt. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að viðgerð A, sem eins og áður segir fólst í því að splæsa bútt við lögnina, hafi getað valdið skemmdum að aðliggjandi hlutum lagnarinnar. Verður samkvæmt framansögðu ekki talið að M hafi tekist að sýna nægilega fram á hver atvik að baki umræddu tjóni voru eða að það megi rekja til skaðabótaskyldra athafna A eða þeirra sem A ber ábyrgð á. Verður kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21. janúar 2020

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 417/2019**M og
V vegna slysatryggingar launþega X****Slysaugtakið og takmörkun ábyrgðar vegna líkamstjóns 9. júní 2016.****Gögn.**

Málskot móttakið 4. desember 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 20. febrúar 2020, ásamt váttryggingarskilmálum og tölvupóstsamskiptum X og V.

Bréf lögmanns M, dags. 30. mars 2020.

Málsatvik.

Hinn 9. júní 2016 varð M fyrir líkamstjóni á þáverandi vinnustað sínum. Í málskoti kemur fram sú lýsing lögmanns M á atvikum að M hafi verið að vinna við að þrifa þvottakar og í lok vinnudags hafi plast náð að festast í þeytivindu karsins þannig að hún stöðvaðist. M hafi þá opnað vinduna og notað skiptilykil til að losa plastið og þegar það losnaði hafi vindan farið af stað og skiptilykillinn þannig skorist inn í hönd M. Í málinu liggur ekki fyrir undirrituð tjonstilkynning frá M sjálfum en í tölvupósti frá samstarfsmanni hans lýsir sá atvikinu þannig að hann hafi staðið 20 metra frá M þegar M hafi staðið við þeytivinduna og verið að pota með skiptilykli ofan í tromlu hennar. Samstarfsmaðurinn segir ennfremur að op á tromlunni hafi verið lokað þegar þeytivindan var í gangi og hann hafi heyrt hvell og þá snúið sér við og séð M bakka frá vinudnni og halda um hendina um leið og skiptilykillinn datt á gólfið fyrir framan hann.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu launþega hjá X og vísar til gildissviðs hennar í 8. gr. váttryggingarskilmála og að skilyrði slysaugtaksins sem þar er skilgreint hafi verið uppfyllt. M vísar því á bug að líkamstjón hans hafi ekki komið til án vilja hans, eins og áskilið er í 8. gr. skilmálanna. M vísar til framburðar vitnis vegna atviksins og þess að X hafi ekki hlutast til um að rannsaka sérstaklega orsakir slyssins þegar það varð eða hlutast til um að tilkynna það til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. fyrirmæli í 79.-81. gr. laga nr. 46/1980. Þannig telur M að verði að leggja frásögn hans til grundvallar varðandi málavaxtalýsingu. Einnig vísar M til þess að í tölvupósti sem V lagði fram dags. 17. janúar 2020 komi fram að plast hafi getað stíflast í vélinni.

V vísar til þess í fyrsta lagi að félagið hafi aldrei fengið skriflega lýsingu beint frá M með lýsingu á aðdraganda atviksins og telur að M hafi sjálfur án ástæðu stungið skiptilykli ofan í. V hefur eftir fulltrúum X að M hafi ekki getað gefið skýringu á því á vettvangi hvers vegna hann hafi rekið skiptilykil í vélina. Einnig mótmælir V að tjonstávikinu hafi orðið á vinnutíma og telur að vinnudegi hafi verið lokið og þeytivinda þvottakarsins hafi verið að keyra sig niður. Það hafi síðan tíðkast að þegar vélin hafi verið búin að keyra sig niður að hún hafi verð opnuð og þriffin, en skiptilykill hafi ekki verið notaður til þessa. V vísar til gildissviðsákvæðis váttryggingarskilmála þar sem slys sé skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur tjóni á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. V vísar til þess að rannsókn Vinnueftirlits hefði ekki breytt neinu um það hvort og hvernig atvikið hafi verið upplýst, það hafi gerst í lok vinnudags og afleiðingar ekki ljósar þannig að skylda til tilkynningar hafi verið strax fyrir hendi. V telur að sýnt sé fram á með framburði vitnis og fulltrúa X að M hafi sjálfur sýnt þá háttsemi að stinga skiptilykli ofan í tromlu vélar. V telur að það sé atburður sem varð með vilja M og þannig sé skilyrði slysaugtaksins ekki uppfyllt. V áskilur sér einnig rétt til að koma fram með fleiri röksemdir ef tilefni verður til.

Álit:

Þegar litið er til gagna málsins verður að telja óumdeilt að líkamstjón M megi rekja til þess að skiptilykill sem M var að nota kipptist við í hönd hans og skarst inn hana með þeim afleiðingum að skurður, sem var síðan saumaður, myndaðist í lófa M og þegar hann leitaði til lækni var hann skv. læknisvottorði mjög verkjaður við skoðun. Ágreiningur er hins vegar um hvernig það atvikaðist að skiptilykillinn skarst inn í lófa M og hvort það hafi verið vegna skyndilegs, utanaðkomandi atburðar sem gerðist án vilja M.

Í 8. gr. váttryggingarskilmála V er gildissvið slysatryggingar launþega skilgreint með þeim hætti að „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans.“ Þegar litið er til þess hvað felst í merkingu hugtaksskilyrðisins „án vilja“ verður að líta til þess að sterk tengsl eru þar við ákvæði 89. gr. og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 um heimildir váttryggingafélags til að takmarka ábyrgð sína vegna tiltekinnar háttsemi váttryggðs. Váttryggður ber almennt sönnunarbyrði um að þau skilyrði sem koma fram í gildissviðsákvæðum váttryggingarsamninga séu uppfyllt og ef þau eru uppfyllt bera váttryggingafélög sönnunarbyrði um að skilyrði mögulegra takmörkunarákvæða eigi við.

Þegar litið er til þess að engin bein sönnunargögn liggja fyrir um að huglæg afstaða M hafi verið sú að nota skiptilykilinn til að valda sjálfum sér líkamstjóni verður ekki fallist á að það sé sannað að M hafi með vilja ætlað að gera það. Af því leiðir að sú gagnályktun að tjón á líkama M hafi orðið vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem hafi gerst án vilja hans.

Hins vegar verður ekki hjá því litið að afstaða V byggðist á mati félagsins á háttsemi M og telur nefndin því rétt að taka afstöðu til þess hvort sú háttsemi geti haft áhrif á rétt hans til greiðslu bóta. Þegar litið er til þess sem kemur fram hér að ofan verður ekki lagt til grundvallar að M hafi sýnt ásetning til eigin líkamstjóns. Hins vegar verður, af lýsingum í gögnum málsins, talið sýnt að sú háttsemi M að nota skiptilykil með þeim hætti sem haft er eftir honum sé háttsemi sem telja verði til stórkostlegs gáleysis hans. Hvort sem þeytivinda var í gangi eða fór í gang við það að M átti við hana verður að telja að það setja hönd niður í þeytivinduna með þessum hætti sé til þess fallið að auka hættu á líkamstjóni með þeim hætti að sök M sé nokkur og honum hafi átt að vera sú hætta ljós.

Verður því fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega en af viðmiðunum 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga verði að takmarka ábyrgð V um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V en bótaréttur hans takmarkast við 50% af heildarbótafjárhæð.

Reykjavík 2. apríl 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 418/2019**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra X****Skaðabótaábyrgð og hlutverk byggingarstjóra vegna tjóns 4. nóvember 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3. desember 2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16. desember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign M hinn 4. nóvember 2017 þegar vindur hafi komist inn í byggingu A. Vindurinn fór í gegnum opin gluggaop með þeim afleiðingum að þakið lyftist upp, fauk til og skemmdist. X var byggingarstjóri vegna byggingarframkvæmda en jafnframt verktaki verksins.

M telur að X sem byggingarstjóri verksins hafi vanrækt lögbundnar skyldur sínar með því að láta hjá líða að sjá til þess að opnum gluggaopum yrði lokað og þannig búið um bygginguna að hún gæti staðið af sér það hvassviðri sem búast hafi mátt við á þessum árstíma. X hafi því ekki gætt þess að framkvæmd verksins væri tæknilega og faglega fullnægjandi og það skapi honum skaðabótaábyrgð skv. 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Einnig bendir M á að viðurkennd hafi verið skaðabótaábyrgð úr frjálsri ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins.

V telur ósannað að X hafi vanrækt þær skyldur sem á honum hvíla skv. lögum nr. 160/2010 og eigi M því ekki lögvarða kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Einnig vísar V til þess að tjón M sé ósannað og verði að taka tillit til skyldna M sem verktaka vegna verksins í tengslum við lagfæringu á þaki. V vísar einnig til þess að aðgreining sé á skyldum byggingarverktaka og byggingarstjóra, sbr. 2. másl. 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Það hafi því ekki sérstaka þýðingu gagnvart M að tjón hafi verið bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X, en það hafi verið tjón þriðja aðila, en ekki M. Að lokum vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 409/2012.

Álit:

Samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 fer um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra skv. 7. mgr. 29. gr. laganna þar sem kemur fram að hljóti eigandi eða þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi þá ber hann skaðabótaábyrgð á því skv. almennum reglum. Þar kemur einnig fram að byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð iðnmeistara eða hönnuða, né því að iðnmeistarar eða aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar skv. verk- eða kaupsamningi. Í þessu máli verður ekki leitt af ákvæðum laga nr. 160/2010 að X hafi sem byggingarstjóra borið að byrgja gluggaop heldur hafi það verið hlutverk byggingaverktaka. Ekki verður heldur séð að atvik séu þannig að um stórfellda vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu verktaka sem hafi leitt til ágallar á fasteigninni sem ekki hefðu átt að dyljast byggingarstjóra í skilningi 5. mgr. 29. gr. áðurnefndra laga. M eiga því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 420/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð er innkaupakerrur rákust á bifreið M.****Gögn.**

Málskot mótttekið 10.12.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V dags. 20.12.2019.

Tölvupóstar frá M, dags. 06.01.2020 og 13.01.2020.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 15. september 2019 hafi M ekið framhjá verslun A þegar fjórar eða fimm innkaupakerrur hafi runnið frá inngangi verslunarinnar og út á akbraut þar sem þær hafi skolið á bifreið hennar með þeim afleiðingum að hún skemmdist. M hafi þegar í stað tilkynnt starfsmönnum A um atvikið og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna þess enda telur M að aðbúnaður við verslun A sé óforsvaranlegur þar sem kerrur geti runnið þaðan óhindrað og út á akbraut. Sé eftirliti svo ábótavant að starfsmenn fyrirbyggji ekki að kerrur hrannist upp við inngang, en ekki verði séð að neinn hafi sinnt þeim starfa á þeim tíma sem tjónið átti sér stað, væri versluninni jafnframt í lófa lagið að hafa bremsubúnað á innkaupakerrum til að koma í veg fyrir að þær renni stjórnlaut. M telur að tjón hennar verði rakið til vanbúnaðar og vanrækslu A eða aðila sem A ber ábyrgð á.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ekki hafi verið sýnt fram á að A eða starfsfólk þess hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt geti til skaðabótaskyldu. Umræddan dag hafi starfsmaður A verið að störfum við að taka saman kerrur og skapa pláss í kerruskýli, og því hafi frágangi verið sinnt í samræmi við það sem krafa verði gerð um. Hafi fjórar eða fimm innkaupakerrur verið við inngang verslunarinnar verði það því rakið til vanrækslu viðskiptavina sem ekki hafi gengið réttilega frá þeim en ekki til A eða atvika sem A beri ábyrgð á. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, vátryggðs. Gögn sem liggja fyrir nefndinni eru afar takmörkuð. Þannig liggja hvorki fyrir nefndinni yfirlýsingar hugsanlegra vitna né ljósmyndir er sýni aðstæður á þeim tíma er tjónið átti sér stað. Ekki hefur verið sýnt fram á annað en að við verslun A, eða aðliggjandi bifreiðastæði, sé kerruskýli þar sem geyma má kerrur með forsvaranlegum hætti. Þá hefur þeirri staðhæfingu V, um að þennan tiltekna dag hafi starfsmaður A sinnt því verkefni að taka saman kerrur og sjá um frágang þeirra, ekki verið hnekkkt. Án frekari gagna verður ekki dregin sú ályktun að það að nokkrar kerrur hafi safnast upp við inngang að A megi rekja til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna þess. Hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28. janúar 2020

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 421/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A
Ágreiningur um bótaskyldu vegna ammoníakleka.****Gögn.**

Málskot móttakið 11.12.2019 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V dags. 04.02.2020.

Málsatvik.

Hinn 30. júlí 2019 lak ammoníak í umbúðageymslu M, sem er staðsett í húsnæði sem er samtengt húsnæði A. Varð töluvert tjón vegna þess. M telur að réttur til bóta úr ábyrgðartryggingu A sé til staðar vegna þessa en V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir M á því að A beri ábyrgð á tjóninu þar sem starfsmaður þess hafi skrúfað frá röngum krana í andstöðu við verklagsreglur. Kraninn hafi verið bilaður og ekki hægt að skrúfa fyrir rennsli úr honum. Telur M að A hafi borið skylda til að sinna viðhaldi og að um sé að ræða saknæma vanrækslu á viðhaldsskyldum, en A hafi verið með starfsemi í húsnæðinu í tuttugu ár. Hefði A með réttu átt að hafa fjarlæggt kranann, ekki síst þar sem ammoníak sé hættulegt efni, og sé því ljóst að lítið sem ekkert eftirlit hafi verið með búnaði fasteignarinnar í þau ár sem A hafi haft starfsemi þar. Sé fráleitt að varpa ábyrgð á tjóninu á M, sem hafi ekki haft starfsemi í þessum hluta fasteignarinnar í tuttugu ár.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V atvikum svo að starfsmaður A hafi skrúfað frá röngum krana sem hafi verið staðsettur um tíu sentimetra frá þeim krana sem hafi átt að skrúfa frá. Við það hafi ammoníak lekið yfir í umbúðageymslu M. Lögnin sem umræddur krani hafi verið tengdur við hafi verið rifin í sundur af hálfu M og lokað hafi verið fyrir lögnina í húsnæði A. Af hálfu M hafi hins vegar ekki verið gengið þannig frá lögninni að engin hættu væri á leka. Nokkur atriði hafi því valdið því að tjón varð, þ.e. að ekki hafi verið gengið frá lögninni í húsnæði M, að kraninn hafi reynst bilaður enda verið óhreyfður í tuttugu ár og að skrúfað hafi verið frá röngum krana. V geti ekki fallist á að það felist saknæm háttsemi í því að hafa skrúfað frá röngum krana. Hin saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns hafi falist í því að ekki hafi verið gengið frá lögninni með forsvaranlegum hætti, en auðvelt hefði verið að loka umræddu röri eða sjóða það saman. Þar sem sá hluti lagnarinnar hafi verið í húsnæði M hafi það ekki verið á forræði A að grípa til slíkra aðgerða. Þá verði það ekki metið A til sakar að kraninn hafi reynst bilaður enda hafi hann ekki verið í notkun né haft neinn tilgang fyrir starfsemi A. V hafnar því bótaskyldu.

Álit:

Bótaskylda úr frjálsri ábyrgðartryggingu A er háð því að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Jafnframt þarf umrætt tjón að vera sennileg afleiðing hinnar saknæmu háttsemi. Fallist er á það með M að með því að skrúfa frá umræddum krana, sem samkvæmt gögnum málsins virðist ekki hafa verið í notkun í nær tuttugu ár, hafi starfsmaður A sýnt af sér saknæmt gáleysi. Hins vegar þarf skilyrðinu um sennilega afleiðingu einnig að vera fullnægt. Af gögnum málsins má ráða að um hafi verið að ræða krana sem ekki hafði verið í notkun í um tuttugu ár. Þá verður jafnframt ráðið af gögnum málsins að lögnin sem hann var tengdur við hafi verið rifin frá og því lokað fyrir lögnina í húsnæði A. Af einhverjum ástæðum var svo ekki gengið frá lögninni með sama hætti í húsnæði M og því leiddi það að skrúfað var frá krananum til leka með tilheyrandi tjóni í húsnæði þess. Með hliðsjón af því að kraninn þjónaði engum tilgangi í húsnæði A, og virðist ekki hafa leitt til rennslis af neinu tagi í húsnæði þess, verður að hafna því að tjónið sem M varð fyrir hafi verið sennileg afleiðing þess að skrúfað var frá krananum. Er bótaskylda þar af leiðandi hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögmn..

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 422/2019**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifhjólans A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.12.2019, ásamt fylgiskjölum 1-17.

Bréf V, dags. 25.02.2020, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, að kvöldi hins 7. janúar 2017, ekið fjórhjóli á túni fyrir utan heimili sitt að Egilsstöðum. Hann hafi fallið af hjólinu með þeim afleiðingum að hann braut viðbein, rifbein og bein í hægri handlegg auk þess sem fótleggur hans hruflaðist. Hið sama kvöld hafi hann leitað á heilsugæslu á Vopnafirði en sendur heim að rannsókn lokinni. Daginn eftir hafi M aftur leitað læknis og loks farið í aðgerð vegna viðbeinsbrotsins hinn 11. janúar 2017. M glími enn við afleiðingar slyssins, og V hafi því verið tilkynnt um tjón hans hinn 3. júní 2019. Með bréfi dags. 14. júní 2019 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri hvernig meiðsl M hefðu atvikast. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda byggji hún einvörðungu á upphaflegum samskiptum M við heilsugæslulækni þar sem fram komi að ekki sé nákvæmlega vitað hvað gerðist en að M hafi verið undir áhrifum og farið eitthvert út. Í öðrum læknisfræðilegum gögnum komi hins vegar skýrt fram hvernig slysið atvikaðist. Ástæðan fyrir því að V hafi ekki verið tilkynnt um tjónið fyrir en raun ver vitni sé svo sú að afleiðingar slyssins hafi verið lengi að koma fram og ekki verið M að fullu kunnar fyrir en í fyrsta lagi á vormánuðum 2019.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að slys M hafi ekki verið tilkynnt til félagsins fyrir en um tveimur og hálfu ári eftir að það atvikaðist. Í tjónstilkynningu sé byggt á því að um umferðarslys hafi verið að ræða. Í samskiptaseðli heilsugæslulæknis vegna komu M á heilsugæslu að kvöldi 7. janúar 2017 segi hins vegar að ekki sé nákvæmlega vitað hvað gerðist. Í samskiptaseðli í sjúkrahúsi segi jafnframt í tengslum við skoðun á M hinn 8. janúar 2017 að óvíst sé hvernig slys M hafi borið að. Varðandi mat á því hvernig tjón hafi atvikast verði að byggja á fyrstu upplýsingum sem studdar séu læknisfræðilegum gögnum. Síðar til komin gögn sem byggja á frásögn tjónþola hnekki ekki upplýsingum í fyrri gögnum. Jafnframt telur V að tilkynningarfrestur vegna tjónsins, samkvæmt 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, hafi verið liðinn er tjónstilkynning M barst félaginu.

Álit.

Eins og rakið er hér að framan segir í samskiptaseðli vegna komu M á heilsugæslu á slysdegi að ekki sé nákvæmlega vitað hvernig meiðsl hans atvikuðust en að hann hafi verið undir áhrifum og farið út en þegar hann skilaði sér heim, illa til reika, hafi hann kvartað undan verk í hægri öxl. Í samskiptaseðli vegna læknisskoðunar á M hinn 8. janúar 2017 segir jafnframt að óvíst sé hvernig slys hans bar að. Í gögnum sem til komu vegna aðgerða og sjúkrahúslegu M 11.–12. janúar 2017 er fyrst minnst á umferðarslys og tekið fram að M hafi lent í mótórhjólasyli. Ekki liggja fyrir nefndinni nein önnur gögn er renni stöðum undir frásögn M af tjónsatviki, né verður komið auga á skýringar þess að M hafi ekki fyrir greint frá umræddu umferðarslysi, þrátt fyrir að greina megi af læknisfræðilegum gögnum að hann hafi verið inntur eftir því hvernig meiðsl hans atvikuðust. Þar sem ekki verður samkvæmt framansögðu talið sýnt fram á að meiðsl M og líkamleg einkenni hans nú sé að rekja til umferðarslyss ber að hafna kröfu hans þegar af þeirri ástæðu og koma þá önnur atriði ágreinings aðila ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildgunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 424/2019**M og****V1 vegna ábyrgðartryggingar X vegna lyftarans A og V2 vegna bifreiðarinnar B
Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs lyftara og bifreiðar.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 11. desember 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 23. desember 2019.

Bréf V2, dags. 16. desember 2019.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu aðila kemur fram að árekstur hafi orðið með lyftaranum A og bifreiðinni B á athafnasvæði X. Samkvæmt afstöðumynd tjonstilkynningarinnar varð áreksturinn fyrir framan innkeyrsludyr á atvinnuhúsnæði X. Hugðist M, ökumaður B aka framhjá húsinu með húsið og innkeyrsludynar sér á hægri hönd. Á bakhlíð tjonstilkynningarinnar lýsir ökumaður B atvikum með þeim hætti að hann hafi verið að aka að bifreiðaverkstæði í nágrenninu þegar B var ekið út úr húsnæðinu. Þá kemur fram í tjonstilkynningunni að ákoma sé á hægra framhorni B en engar skemmdir hafi orðið á A. Ekki liggur fyrir framburður frá ökumanni A.

M, sem eigandi bifreiðarinnar B, krefst fullra bóta vegna tjónsins á bifreiðinni úr ábyrgðartryggingu X. Byggir hann kröfuna á þeim grundvelli að tjónið á bifreiðinni verði að öllu leyti rakið til sakar ökumanns A. Þá mótmælir M því sérstaklega að um sé að ræða vinnusvæði, engar slíkar merkingar séu á svæðinu auk þess sem akleiðin sem hann ók sé aðkoma að bifreiðaverkstæði í nágrenninu.

V1 hefur viðurkennt bótaskyldu að hluta en telur að M eigi að bera helming sakar á þeim grundvelli að hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að sér við aksturinn í umrætt sinn. Bendir V1 á að um sé að ræða vinnusvæði og að M hafi því þurft að gæta sérstaklega að sér við akstur um svæðið. Þá byggir V1 á því að á svæðinu gildi svokölluð hægri forgangsregla umferðarlaga og þar sem lyftarinn hafi verið ökumanni B á hægri hönd hafi honum borið að veita lyftaranum forgang í umrætt sinn.

V2 telur að áreksturinn verði rakinn til saknæmrar háttsemi ökumanns A, þar sem hann hafi ekið lyftaranum skyndilega og óvænt út úr iðnaðarhúsi og á framhorn bifreiðarinnar. Telur V2 að ökumaður A hafi með því brotið gegn 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga, þar sem kveðið er á um að ökumaður sem ætlar að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensinstöð eða svipuðu svæði skuli veita umferð fyrir vegi hans forgang.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að árekstur varð með lyftaranum A og bifreiðinni B, þegar lyftaranum var ekið út um innkeyrsluhurð á húsnæði X. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að umrætt svæði sé merkt sérstaklega sem vinnusvæði eða að þar séu aðrar merkingar sem gefa til kynna að ökumenn þurfi að sýna sérstaka varúð vegna vinnuvéla eða annarrar starfsemi á svæðinu. Að teknu tilliti til þess og aðstæðna að öðru leyti er það niðurstaða nefndarinnar að árekstur ökutækjanna verði rakinn til þess að ökumaður A sýndi ekki næga aðgæslu þegar hann ók lyftaranum út um innkeyrsluhurðina og inn á akleiðina sem liggur framhjá húsinu. M á því fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Reykjavík 28. janúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 425/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X
Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu.****Gögn.**

Málskot M, mótttekið 11. desember 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Bréf V, dags. 23. desember 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, sem gerð var vegna málsins, kemur fram að þann 13.10.2015 hafi M verið að vinna við að hreinsa fiskflök á hreinsilínu þegar hún steig af ristarpalli við vinnustöðina og rann til þegar hún steig á fiskflak sem hún missti í gólfið. Þá kemur fram að atvikið hafi náðst á öryggismyndband. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi slasast á fæti og verið frá vinnu í kjölfar slyssins. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en 16.10.2015 og voru tildrög slyssins því ekki rannsökuð sérstaklega af Vinnueftirlitinu.

Í tilkynningu X til vinnueftirlitsins, sem M undirritar, segir að M hafi verið að fara með umframflök af snyrtingu á aðra starfsstöð þegar hún missir eitt flak, stígur á það og rennur til með þeim afleiðingum að hún dettur og fótbrotnar. Í tjónstilkynningu M til V segir hins vegar að þegar slysið varð hafi M verið að fara með fiskflök milli starfsstöðva í vinnusal og að hún hafi runnið til á hálu gólfinu með þeim afleiðingum að hún datt og fótbrotnaði.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar þar sem slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað. Vísar M sérstaklega til þess að ekki hafi verið um að ræða venjulegt verklag í umrætt skipti við að færa fiskflök milli starfsstöðva. Byggir M á því að sérstakar körfur sem alla jafna væru notaðar í að færa fiskflök hefðu verið í notkun annarsstaðar og starfsmenn hafi því þurft að halda á fisknum með höndunum.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að slysið verði ekki rakið til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustaðnum V bendir jafnframt á að M hafi 10 ára reynslu af umræddu starfi, hún hafi hlotið fullnægjandi þjálfun og verið aðstæðum kunn. Enn fremur vísar V til þess að hvort sem um hafi verið að ræða venjulegt verklag eða ekki geti það ekki talist til hættulegs verks að færa fiskflök á milli vinnustöðva. Slysið verði því alfarið rakið til hennar eigin óaðgæslu eða óhappatilviks.

Álit.

Lögregluskýrslu málsins fylgja ljósmyndir, þar sem greinilega sést að M missir frá sér fiskflak og stígur á það með þeim afleiðingum að hún hrasar. Telst þar afleiðandi fullsannað að slysið varð með þeim hætti að M missti fiskflak og steig á það með þeim afleiðingum að hún hrasaði. Enn fremur er því ljóst að slysið verður ekki rakið til þess að gólfið hafi verið hált eins og fullyrt er í tjónstilkynningu M til V. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli M verður ekki séð að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að meiðsli M verði rakin til óhappatilviks sem X beri ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 21. janúar 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 426/2019**M og****V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna falls við sundlaug 21. október 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 11. desember 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 19. febrúar 2019 (á líklega að vera 2020)

Málsatvik.

Hinn 21. október 2018 var M gestur í innisundlaug og féll hann í tröppum við laugina og hlaut af því líkamstjón. Í gögnum málsins liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi og sýna þær tröppur niður að einhvers konar lokaðri gryfju sem liggur meðfram bakka innisundlaugarinnar. Ekki er lokað fyrir aðgengi að tröppunum þó ekki sé gert ráð fyrir því að hægt sé að fara upp úr gryfjunni annars staðar en í sömu tröppum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóninu þar sem aðstæður í lauginni, þar sem hann datt, séu ekki í samræmi við fyrirmæli í byggingarreglugerð. M vísar til þeirra reglna sem giltu þegar laugin var byggð árið 1976 og að aðstæður þar séu ekki í samræmi við 69. gr. byggingarsamþykktar X nr. 39/1965, sem var í gildi þegar húsnæði laugarinnar var tekið í notkun árið 1976, en þar komi fram að það skuli vera handrið við stiga innanhúss og því hafi ekki verið gætt við þann stiga sem M féll í. Einnig bendir M á að ekki sé innskot í þrepum stigans eins og mælt sé fyrir um í sömu byggingarsamþykkt. Þessu til viðbótar vísar M til núgildandi byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar sem vísað sé til þess að það skuli vera handrið við tröppur og að þrep þeirra skuli vera þægileg til gangs. M vísar einnig til dómaframkvæmdar varðandi strangt sakarmat þeirra sem veita þjónustu og sérstaklega þegar húsnæði slíkra aðila er ekki í samræmi við byggingarreglugerðir. Einnig vísar M til þess að auðvelt hefði verið að minnka hættu á tjónum sem því sem hann varð fyrir með því að setja upp handrið eða annan stuðning við tröppurnar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að orðalag byggingarsamþykktar nr. 39/1965 sé ekki fortakslaust um að handrið hafi átt að vera við allar tröppur. Í því samhengi bendir V á að umrædd byggingarsamþykkt hafi aðallega gilt um íbúðarhúsnæði og eftir atvikum annað húsnæði. Þar komi einnig fram í 2. mgr. 69. gr. hennar að byggingarfulltrúi geti mælt fyrir um að höfð séu handrið, eftir því sem þörf sé á, en slíkt hafi aldrei verið áskilið af hálfu byggingaryfirvalda varðandi laugina. Einnig telur V að ekki sé sýnt að stærri þrep í tröppum þeim sem M féll í hefðu komið í veg fyrir fallið. Þessu til viðbótar bendir V á að tröppurnar sem M féll í séu ekki í almenntri gönguleið heldur eingöngu ofan í gryfju sem ætluð sé sundkennara í kennslu, auk þess sem varúðarmerkingar hafi verið uppi þar sem stendur „Varúð! Hálar tröppur.“ Þannig hafi X gert nægilegar varúðarráðstafanir, auk þess sem verði að gera ráð fyrir að það sé almennt bleyta á sundlaugarsvæði.

Álit:

Þegar laugin var byggð gilti byggingarsamþykkt X nr. 39/1965. Í þeirri samþykkt kemur fram að hún gildi um íbúðarhúsnæði og eftir atvikum um annað húsnæði. Í 2. mgr. 69. gr. hennar kemur fram að byggingarfulltrúi geti mælt sérstaklega fyrir um hvar eigi að vera handrið í við stiga eða tröppur innanhúss. Þar sem M féll og hlaut líkamstjón voru tröppur sem liggja niður í sérstaka gryfju meðfram innisundlaug. Ekki er um að ræða almenna gönguleið heldur er augljóst af aðstæðum að sundlaugargestir eigi ekki almennt leið um þær. Við þær aðstæður verður ekki séð af gildandi fyrirmælum í þágildandi byggingarsamþykkt eða núgildandi reglugerð að einhlít skylda sé um handrið við umræddar tröppur.

Almennt ber sá sönnunarbyrði um skilyrði skaðabótaábyrgðar sem heldur því fram að hún sé fyrir hendi. Í þessu tilviki verður M að bera hallann af því að slík sönnun hafi ekki tekist. Ekki verður því fallist á að M eigi rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 19. mars 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 427/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 12.12.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 30.12.2019.

Málsatvik.

M lenti í bílslysi 23. október 2014 og var greind með heilahristing, tognun og ofreynslu á brjóstþrygg í kjölfarið. Einnig var M með mar á hnakka, mjóbak og mjaðmagrind. M leitaði síðan á heilsugæsluna 27. ágúst 2018 og kemur þá fram í læknisvottorði að M sé með þreifiefymsli á sömu vöðvasvæðum, þ.e. neðarlega í baki sitt hvoru megin við hryggjartinda og upp í hnakka. Samkvæmt læknisvottorði sem gefið var út í nóvember 2018 voru einkenni M talin geta verið eftir bílslysið 2014.

Slysið var tilkynnt til V 28. október 2014 sem hafnaði bótaskyldu 12. desember 2018 á þeim grundvelli að orsakatengsl væru ósönnuð. M telur einkenni slyssins hafa farið versnandi síðustu ár og að þrátt fyrir að fjögur ár liði frá því M kvarti undan afleiðingum slyssins sé það ekki næg ástæða til að ætla að orsakatengsl séu ekki til staðar.

Í bréfi V kemur fram að í skráningu hjá heilsugæslu á tímabilinu 24. október 2014 til 27. ágúst 2018 séu skráð 16 samskipti við M og í þeim skráningum sé hvergi getið um umrætt umferðarslys eða afleiðingar þess. Það hafi því liðið fjögur ár frá slysi/fyrstu komu þar til málskotsaðili kvartaði aftur undan verkjum sem hún rekur til slyssins. V telur því ósannað að orsakatengsl séu milli slyssins og þeirra áverka sem tjónþoli getur orðið fyrir.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að slysið hafi verið tilkynnt til V 28. október 2014 og að fjögur ár hafi síðan liðið þar til M kvartaði aftur undan verkjum sem hún taldi afleiðingar slyssins. Við mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar milli slyssins og verkjanna þarf að liggja fyrir að meiri líkur en minni séu fyrir því verkir stafir af tjónsatburði. Í þessu máli liggja ekki fyrir gögn um slík orsakatengsl. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á bótaskyldu V úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Reykjavík, 21. janúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 428/2019**M og
V vegna frítímaslysátryggingar fjölskylduátryggingar M hjá V.****Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot dags. 12.12.2019 ásamt fylgigögnum 1-4.

Bréf V dags. 09.01.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð, aðfararnótt hins 19. nóvember 2018, fyrir meiðslum er hún var gestkomandi að heimili systur sinnar. Aðdragandi þess var sá að hún vaknaði um miðja nótt og fór fram í eldhús í þeim tilgangi að fá sér vatn að drekka. Féll hún þá á gólfíð framan við eldhúsvaskinn og rankaði næst við sér liggjandi á gólfinu. Við fallið hlaut hún samfallsbrot á hrygg og tognun á ökkla. Fann hún strax fyrir einkennum þessa og var samfallsbrot greint með myndatöku tveimur dögum eftir umrætt atvik. Með bréfi dags. 17. júlí 2019 hafnaði V bótaskyldu úr fjölskylduátryggingu M vegna þessa atviks þar sem V taldi skilyrði fyrir bótaskyldu ekki uppfyllt. Þannig taldi V að ekkert utanaðkomandi hefði valdið meiðslum M heldur mætti rekja fall hennar til innri orsaka. M fellir sig ekki við þessa afstöðu og byggir á því að hún hafi runnið eða hrasað um eitthvað sem orsakaði fall hennar. Hún viti ekki nákvæmlega hvað hafi valdið því að hún féll í gólfíð en telur líklegast að gólfíð hafi verið sleipt eða einhver fyrirstaða á því sem hún hafi ekki orðið vör við. Ekki hafi verið sýnt fram á að eitthvað innan líkama hennar, s.s. hjartaáfall, aðsvif eða meðvitundarleysi, hafi orsakað umrætt atvik, en það sé V sem beri sönnunarbyrði fyrir því.

Í bréfi sínu til nefndarinnar ítrekar V áður fram komna afstöðu. Byggir félagið m.a. á því að lítið samræmi sé í málatilbúnaði M, sem telji sig ýmist hafa hrasað um eitthvað eða runnið til. Þá sé atvikalýsing í málskoti önnur en í tjonstilkynningu þar sem eingöngu sé talað um að M hafi dottið. Telur V því ósannað að atvik hafi verið þau sem M heldur fram í málskoti. Þá tekur V fram að í sjúkragögnum komi fram að M þjáist af hryggslitgigt, hafi átt erfitt með gang og notist við hækjur. Ekkert liggir fyrir um hvort M hafi notast við hækjur umrætt sinn. Án þeirra eigi hún erfitt með gang og því sé líklegt að fallið hafi orsakast af því, þ.e. kvilla innan líkama hennar sjálfrar, en ekki utanaðkomandi atburðar. Enn fremur bendir V á að ráða megi af gögnum að M hafi rankað við sér á eldhúsgólfinu, sem bendi til þess að hún hafi fallið í yfirliði áður en hún féll á gólfíð, en hvergi sé minnst á að hún hafi hlotið höfuðhögg við fallið. Er það því afstaða V að bótaréttur vegna einkenna frá baki sé ekki til staðar. V tekur hins vegar fram að fallist hafi verið á bótakröfu vegna einkenna frá ökkla, enda sé ekki áskilið að meiðsl á útlimum sé að rekja til utanaðkomandi atvika.

Álit:

Í skilmálum viðeigandi vátryggingar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Ljóst er af framansögðu að ágreiningur aðila snýr að því hvort líkamstjón það sem M varð fyrir hinn 19. nóvember 2018 sé að rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka en ljóst er að líkamstjón M má rekja til falls hennar. Af sjúkragögnum sem fyrir nefndinni liggja má ráða að heilsa M hafi ekki verið eins og best verður á kosið, og hefur hún verið greind með nokkra sjúkdóma sem hún tekur lyf vegna. Eins og mál þetta horfir við nefndinni hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á af hálfu V að neinn þessara sjúkdóma eða lyfja hafi valdið því að M féll í gólfíð umrætt sinn. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á að innri orsakir hafi valdið umræddu atviki, og liggur ekkert fyrir um að M hafi t.a.m. verið hætt við sundli eða yfirliði sem gæti hafa valdið umræddu falli eða þeirri meðvitundarskerðingu sem virðist hafa komið í kjölfar þess. Verður þannig á því byggt að umrætt óhapp megi rekja til utanaðkomandi orsaka, þó ekki sé að fullu upplýst hverjar þær hafi verið. Er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna frítímaslyss sem hún varð fyrir hinn 19. nóvember 2018.

Reykjavík 4. febrúar 2020.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 429/2019**M og
V v/ slysa- og sjúkratryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu tímabundinnar óvinnufærni af völdum slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19. desember 2019, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf umboðsaðila V, dags. 29. janúar 2020.

Málsatvik.

M hafði í gildi slysa- og sjúkratryggingu sem nefnist „Starfsvernd“ hjá breska váttryggjandanum V vegna váttryggingartímabilsins 1. febrúar 2017 til 31. janúar 2018. Með tjonstilkynningu, dags. 13. desember 2018, gerði M kröfu um bætur úr váttryggingunni vegna algjörtrar óvinnufærni á tveimur tímabilum frá 14. desember 2018 til 1. desember 2019 í kjölfar aðgerða sem hann gekkst undir vegna viðbeinsbrots sem rakið er til slyss sem hann varð fyrir við fall af hestbaki 4. maí 2017.

Í málskoti kemur fram af hálfu M að hann hafi haft váttryggingu í gildi frá árinu 2002 og eftir fall af hestbaki 4. maí 2017 hafi hann leitað til læknis daginn eftir sem hafi greint hann með viðbeinsbrot, án frekari meðferðar. M hafi stundað sína vinnu langt fram á árið 2018 þegar hann leitaði til sérfræðings í bæklunarlækningum og þá hafi komið í ljós að taugar og sínar hafi verið slitnar og úr skorðum sem hafi síðan leitt til tveggja aðgerða, 14. desember 2018 og 27. ágúst 2019 og óvinnufærni vegna þeirra. M telur að ástand hans hafi verið vangreint þegar hann leitaði fyrst til læknis í maí 2017 og honum hafi ekki verið alvarleiki málsins ljós fyrr en hann leitaði til sérfræðings í bæklunarlækningum í desember 2018 og þá hafi hann strax tilkynnt um tjon sitt til V og ítrekar að hann hafi aldrei verið frá vinnu fyrr en á þeim tímamarki og hafi því ekki vitað um afleiðingar fallsins fyrr en þá.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2019, var bótaskyldu hafnað úr váttryggingunni af hálfu V. Er í því efni vísað til ákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar á skilyrðum bótagreiðslu vegna líkamstjóns („bodily injury“), í kjölfar slyss („accident“) en samkvæmt því þarf líkamstjón vegna slyss að leiða til óvinnufærni innan 12 mánaða frá slysdegi. Í bréfinu kemur fram tilvísun V til 3. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) um að M hafi ekki án ástæðulauss dráttar tilkynnt um slys sitt til V eins og honum hefði verið skylt að gera skv. fyrirmælum ákvæðisins. V vísaði einnig til umrædds ákvæðis váttryggingarskilmála um að þar sem slys M 4. maí 2017 hefði ekki leitt til óvinnufærni fyrr en 14. desember 2018 væri skilyrði um óvinnufærni innan tólf mánaða ekki uppfyllt. Umrædd afstaða var ítrekuð með tölvubréfi umboðsaðila V, dags. 29. janúar sl.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort líkamstjón M hafi verið tilkynnt til V með fullnægjandi hætti og hvort skilyrði váttryggingarskilmála séu uppfyllt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni í kjölfar slyss. Enginn ágreiningur er um að M hafi fallið af hestbaki 4. maí 2017 og eftir það hafi hann verið greindur með viðbeinsbrot sem leiddi síðan til aðgerða og óvinnufærni frá 14. desember 2018 fram á árið 2019.

Í bréfi umboðsaðila V er ranglega vísað til 3. mgr. 28. gr. vsl. varðandi skyldur váttryggðs til að tilkynna tjon án ástæðulauss dráttar, en það ákvæði varðar skaðatryggingar. Váttrygging M hjá V er persónutrygging, en um slíkar váttryggingar gildir samhljóða ákvæði laganna í 1. mgr. 92. gr. Í 2. mgr. 92. gr. vsl. er gerð grein fyrir við hvaða aðstæður váttryggingafélag getur fellt niður ábyrgð gagnvart váttryggðum ef hann tilkynnir ekki um tjon til félagsins án ástæðulauss dráttar. Eins og fram kemur í ákvæðinu getur váttryggingafélag ekki lækkað eða fellt niður ábyrgð sína nema það hafi ekki getað rannsakað tildrög váttryggingaatburðar eða gert ráðstafanir til að takmarka umfang ábyrgðar þess sökum þess að váttryggður af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi vanrækti skyldur sínar skv. 1. mgr. 92. gr. Slíkar aðstæður eru ekki uppi í þessu máli og verður því ekki fallist á að V geti fellt niður ábyrgð sína vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu. M telst einnig hafa tilkynnt tjon sitt innan árs frá því hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. vsl.

Það sem stendur þá eftir er hvort V geti með vísan til ákvæða váttryggingarskilmála takmarkað rétt M til bóta vegna óvinnufærni hans frá 14. desember 2018. Verður í því samhengi að líta til þess að ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir slysi hinn 4. maí 2017 og hafi það slys leitt til einkenna sem hann leitaði læknishjálpar vegna daginn eftir. Ekki er heldur um það deilt að einkenni vegna þess slyss leiddu ekki til óvinnufærni M fyrr en 14. desember 2018 eða um 18 mánuðum eftir slys hans. Þó ákvæði váttryggingarskilmála V um að óvinnufærni eða örorka þurfi að koma til innan 12 mánaða frá slysdegi sé um margt veruleg takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar verður ekki litið framhjá því að skýrlega er kveðið á um það í váttryggingarskilmálum og slysdagur skilgreindur sérstaklega sem upphaf þess 12 mánaða tímabils sem kveðið er á um. Verður því ekki unnt á fallast á að hægt sé að reikna upphaf þess tímabils við tímabil óvinnufærni, eins og M vísar til í málskoti sínu. Fellur tjón hans vegna óvinnufærni frá 14. desember 2018 því ekki undir gildissvið váttryggingar hans hjá V, þar sem afleiðingar slyssins sem leiða annars til bótagreiðslna komu ekki fram innan þeirra 12 mánaða frá slysdegi, sem áskilið er í váttryggingarskilmálum til greiðslu bóta. M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir tímabundna óvinnufærni úr slysa- og sjúkratryggingu, „Starfsvernd“, hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 431/2019

M og
V v/ slysa- og sjúkratryggingar.Ágreiningur um bótaskyldu tímabundinnar óvinnufærni af völdum sjúkdóms.**Gögn.**

Málskot, móttakið 19.12.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf umboðsaðila V, dags. 29.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði í gildi slysa- og sjúkratryggingu sem nefnist „Starfsvernd“ hjá breska vátryggjandanum V. Með tjonstilkynningu, dags 20. september 2018, gerði M kröfu um bætur úr vátryggingunni vegna algjörar óvinnufærni tímabilið 26. júní 2018 til 6. ágúst sama ár í kjölfar aðgerðar sem hann gekkst undir á hægri hendi við upphaf óvinnufærnitímabilsins.

Fyrir liggur læknisvottorð A, sérfræðings í handarskurðlækningum, dags. 30. september 2019. Vottorðið er ritað á ensku. Samkvæmt því mun M hafa fyrst leitað til A 9. mars 2017 eftir tilvísun frá heilsugæslulækni, en M hafi langa sögu um hnúta í lófum (nodules in his palms“), en annars hafi ástæða tilvísunarinnar verið sársauki og kreppa í baugfingri hægri handar og skert réttigeta í löngutöng sömu handar („pain and locking from his right ring finger and to a lesser extent the long finger of the same hand“). Við skoðun hafi verið einkennandi „PFF“ (palmar fascial fibromatosis, Dupuytren’s disease) breytingar í báðum lófum með vægri almennt skertri réttigetu („mild, general loss of extension“) í fingrum hægri handar. Á þessum tíma hafi ekki verið nein ábending fyrir aðgerð vegna „PFF“ („no indications for surgery for the PFF“). Vegna „tendovaginitis stenosis“ hafi verið ræddir kostir og gallar þess að beita varfærinni meðferð („conservative treatment“) ellegar aðgerð. Hafi M valið að fá sterasprautur í baugfingur og löngutöng hægri handar sem hann hafi fengið 23. mars sama ár.

M leitaði á ný til A 22. febrúar 2018. Upplýsti M þá að hann væri að missa hluti og ætti í erfiðleikum með að nota hluti í og utan vinnu („dropping things and having difficulty using things at work and off“). Að þessu sinni hafi M valið að gangast undir aðgerð en ekki fyrr en í júní 2018, þ.e. rétt fyrir sumarleyfi sitt („he opted for surgery but not until June 2018, i.e. just prior to his summer vacation“). Aðgerð hafi verið framkvæmd 26. júní 2018 á löngutöng og baugfingri hægri handar. M hafi svo komið til eftirlits 16. ágúst 2018 og þá hafi M upplýst að hann hafi hafið störf að nýju 7. ágúst og gengið hafi vel með höndina.

Með bréfi, dags 16. desember 2019, var bótaskyldu hafnað úr vátryggingunni af hálfu V. Er í því efni vísað til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar á því hvað telst vera veikindi („illness“), en samkvæmt því „þurfa veikindi að leiða til óvinnufærni innan 12 mánaða frá því að fyrstu einkenni komu fram en það er niðurstaða vátryggingafélagsins að hafna kröfu um bætur vegna tímabundinnar örorku þar sem fyrnefnt skilyrði er ekki uppfyllt. Litið er svo á að fyrstu einkenni hafi komið fram þann 09.02.2017.“

Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið „illness“ skilgreint svo: „**Illness** means sickness or disease, the symptoms of which first appear during the **Period of insurance** and which solely and independently of any other causes results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear.“

Álit.

Ekki er að fullu ljóst hvað nákvæmlega er átt við með hugtakinu „veikindi“ („illness“) í skilmálum vátryggingarinnar þegar það er gert að skilyrði að veikindin þurfi að hafa leitt til algjörar óvinnufærni innan tólf mánaða samfellds tímabils eftir að einkenni komu fyrst fram (results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear“). Samkvæmt 1. mgr., 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda samninga, má víkja samningi til hliðar í

heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Svo umrætt ákvæði váttryggingarskilmálans fari ekki í bága við þetta ákvæði laga verður að skýra hugtakið veikindi („illness“) svo að þau teljist hafa orðið þegar einkenni hafa fyrst komið fram sem gefa tilefni til að ætla að veikindin, ein og sér og óháð öðrum sjúkdómseinkennum, kunni að hafa óvinnufærni í för með sér innan tólf mánaða samfellds tímabils. Með vísan til þessa verður samkvæmt gögnum málsins ekki talið sannað að veikindi samkvæmt skilgreiningu skilmálanna hafi orðið fyrir en M leitaði til A 22. febrúar 2018, en aðgerð og óvinnufærni í kjölfar hennar kom til 26. júní sama ár, eða innan tólf mánaða eftir að veikindin greindust. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að M eigi rétt til bóta úr váttryggingunni fyrir tímabundna óvinnufærni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir tímabundna óvinnufærni úr slysa- og sjúkratryggingu, „Starfsvernd“, hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 432/2019**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Sakarskipting vegna áreksturs 30. júní 2019.****Gögn.**

Málskot dags. 23. desember 2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 28. janúar 2020 ásamt fylgiskjölum, gögnum sem liggja fyrir hjá V.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 30. júní 2019 varð árekstur með bifreiðunum A og B á Hafnargötu í Reykjanesbæ. Aðdragandi árekstursins var sá að bifreið A var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði út á akbraut og bifreið B var ekið beint áfram eftir sömu akbraut og á bifreið A. Af myndum í lögregluskýrslunni má ráða að nokkrar skemmdir hafi orðið, sérstaklega á bifreið B. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B að hún hafi ekið eftir Hafnargötu á um 20 km/klst. og áður en árekstur varð þá hafi hún misst athygli í skamma stund þegar hún leit að farþega bifreiðar sinnar sem hafi verið að heilsa kunningja sem var á gangi niður götuna. Þegar hún hafi litið á götuna aftur hafi bifreið A verið fyrir framan hana og hún hafi ekki náð að hemla áður en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að bakka út úr bifreiðastæði inn á Hafnargötu og hafi verið búinn að nema staðar og byrjaður að snúa stýri bifreiðar sinnar þegar bifreið B hafi verið ekið á bifreið A.

M leggur áherslu á það í málskoti að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar ekið var aftan á hana og telur ökumann B ber alla ábyrgð á árekstrinum, sem eingöngu megi rekja til ógætni hennar. M telur að yfirlýsingar í framburðum hennar og vitnis sýni að bifreið A hafi verið kyrrstæð og einnig séu önnur vitni sem geti staðfest það.

V telur að skipta eigi sök á árekstrinum þannig að ökumaður bifreiðar A (M) beri 2/3 hluta sakar fyrir að aka aftur á bak án nægilegrar aðgæslu í veg fyrir bifreið B og það að bifreið A hafi verið orðin kyrrstæð um stundarsakir þegar árekstur varð, skipti ekki máli við sakarskiptingu. V telur að ökumaður bifreiðar B beri 1/3 hluta sakar þar sem hún hafi ekki haft fulla athygli við aksturinn í aðdraganda áreksturs.

Álit:

Ljóst er af gögnum málsins að M, sem ökumaður bifreiðar A var að aka aftur á bak út úr bifreiðastæði í aðdraganda árekstursins. Þó M hafi náð að stöðva bifreið sína í augnablik áður en árekstur varð bar honum að veita umferð um Hafnargötu forgang skv. 1. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 (nú 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019). Ökumanni bifreiðar B bar hins vegar að fylgjast með umferð fyrir framan sig og skv. hennar eigin framburði og framburði vitnis er ljóst að hún gerði það ekki með fullnægjandi hætti. Við mat á sakarskiptingu telur nefndin að áreksturinn megi rekja til gáleysis beggja ökumanna. Sá stutti tími sem leið frá því að bifreið A varð kyrrstæð kemur ekki í veg fyrir að M þurfi að bera sök á árekstrinum vegna aðgæsluskyldu þess sem ekur aftur á bak úr bifreiðastæði. Hins vegar verður aðgæsluleysi ökumanns bifreiðar B, að hafa litið af veginum áður en árekstur varð, talið hafa haft alla vega jafnmikinn þátt í því að áreksturinn varð. Með hliðsjón af öllum þessum sjónarmiðum verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 25. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 433/2019**M og
V1 vegna ökutækjatrýggingar A og
V2 vegna ökutækjatrýggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.12.2019.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 23.01.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 7. janúar 2020.

Málsatvik.

Málsatvik voru þau að árekstur varð þegar ökutækið A ók afturábak frá bifreiðastæði út á Njarðarbraut þar sem ökutækið B ók á það. Samkvæmt lögregluskýrslu kvaðst ökumaður A hafa ekið afturábak en stöðvað þegar hann sá ökutækið B koma akandi eftir veginum. Við áreksturinn hafnaði bifreiðin á vinstra horn vöruflutningabifreiðar í eigu A. Ökumaður B kvaðst hafa ekið suður Njarðarbraut þegar hún hafi blindast af sólinni og ekki tekið eftir ökutæki A sem hafi verið á götunni. Hún hafi því ekki hemlað fyrir en eftir ákomuna. Í málskotinu gerir M athugasemd vegna hraða B og tilgreinir að ökutæki A hafi verið stöðvað í 5-10 sekúndur áður en áreksturinn varð.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji meginorsök árekstursins vera þá að ökumaður B hafi blindast af sól og þar af leiðandi ekið á A. Þá megi leiða líkur að því að umfang tjónsins hafi orðið meira vegna þess hversu hratt B var ekið en samkvæmt hraðaútreikningi sem félagið gerði var B ekið á 43-46 km/klst. þegar áreksturinn varð.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji alla sök liggja hjá ökumanni A þar sem hann hafi ekið afturábak úr stæði í vegi fyrir B. V2 telur með öllu ósannað annað en að ökumaður B hafi ekið á 20-25 km/klst. eins og fram komi í lögregluskýrslu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ökutækið B ók eftir Njarðarbraut og samkvæmt lögregluskýrslu blindast ökumaður af sólinni í þann mund þegar ökutækinu A er bakkað út af bifreiðastæði inn á götuna. Ágreiningur er um það hvort ökutækið A hafi ekið í veg fyrir B eða hvort ökutækið B hafi ekið á A sökum þess að ökumaður B blindaðist af sólinni. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga þágildandi umferðarlaga 50/1987 (nú 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019) skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt því bar ökumanni A að gæta að umferð um götuna áður en hann bakkaði. Ökumanni B bar hins vegar að gæta að hraða ökutækisins þar sem sól var lágt á lofti og miðað við skemmdir á bifreiðunum verður ekki unnt að líta öðruvísi á en að ökumaður B hafi farið ógætilega. Með vísan til aðstæðna og atvika allra í málinu þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna A og B.

Reykjavík, 11. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 434/2019**M og
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er framkvæmdastjóri varð fyrir meiðslum á vinnustað sínum.****Gögn.**

Málskot, dags. 20.12.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 10.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu til V, dags. 9. maí 2018, kvaðst M hinn 22. október 2017 hafa verið að sækja álfplötu í sinni eigu upp á gám á vinnustað sínum, A. Hafi hann þá runnið á vörubrettastafla er hann var á leið niður af gáminum og lent illa á kanti vörubrettis og hlotið áverka á baki. Þá er tekið fram í tilkynningunni að M hafi farið í brjósklosaðgerð 2010 en hafi náð sér vel eftir þá aðgerð.

M leitaði á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans 6. nóvember 2017. Í bráðamóttökuskra vegna þessarar komu kemur fram að M hafi komið á móttökuna vegna leiðniverks niður í vinstri fótlegg sem hafi byrjað sjö dögum áður, en hafi þá haft seyðing í baki í þrjú daga. M mun hafa leitað á bráða- og göngudeild heila- og taugaskurðlækninga Landspítalans 20. desember 2017. Í göngudeildarnótu vegna komunnar kemur fram að M hafi dottið í byrjun október, lent á rófubeininu og fengið í bakið og viku síðar verki niður í ganglim. Í nótnunni segir einnig að M sé eigin atvinnurekandi, sé enn þá vinnandi en sofi ekki nógu vel vegna þessa. M leitaði á ný á göngudeild 14. febrúar 2018 og í göngudeildarnótu vegna þeirrar komu segir að M hafi dottið „í vinnu, dúndraðist niður á afturendann.“

Hinn 9. nóvember 2017 mun M hafa leitað á heilsugæslustöð vegna tveggja vikna sögu um verki í mjóbaki með leiðni niður í vinstri fót. Hann hafi fengið verkjalyf og verið sendur í framhaldinu í segulómun. Hann mun svo hafa komið til síns heimilislæknis á annarri heilsugæslustöð 22. nóvember 2017. Hafi M þá verið að finna fyrir vaxandi bakeinkennum frá því um sumarið og einkennin versnað í október 2017. Taldi læknirinn einkennin líkast til eiga rætur sínar í „diskbreytingum L3-L4“ en einkenni svolítið blendin með tilliti til „L4-L5“ en þar hafi sést gamlar örvefsbreytingar. M leitaði að nýju til heimilislæknis síns 12 febrúar 2019 og í nótu læknisins vegna þeirrar komu er skráð að M hafi verið að kljást við bakverki með leiðni niður í vinstri ganglim frá haustinu 2017 eftir fall er hann var að ganga niður „eurobretti“ sem hafi verið sett skáhallt upp við gám þar sem hann hafi verið að sækja álfplötu. Hafi hann runnið til og hrasað og skolið á rassinn. Síðan hafi hann verið meira og minna slæmur en ekki hafi verið sýnt fram á brjósklos.

Með beiðni, dags. 23. apríl 2019, var læknir, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, fenginn til að meta m.a. varanlega læknisfræðilega örorku af völdum þeirra meiðsla sem hann hafi orðið fyrir af völdum slyss 22. október 2017. Samkvæmt því sem fram kemur í samantektar- og niðurstöðukafla matsgerðar læknisins, dags. 23. ágúst 2019, gekkst M undir aðgerð 18. september 2010 vegna stórs brjóskloss „L4-L5“ sem þrýsti á „L5“ taugarótina og eftir þá aðgerð hafi hann verið laus við taugaverkjaleiðni niður í vinstri ganglim fram að slysinu 22. október 2017, en fengið af og til mjóbaksverki með vægri verkjaleiðni niður í ýmist hægri eða vinstri ganglim. Við slysið 22. október 2017 hafi M hlotið áverka á bakið og í kjölfarið hafi hann verið með sára verki í mjóbakinu. Hann hafi ætlað að vinna sig út úr þessu og vera duglegur að ganga, en þegar hann hafi nokkrum dögum eftir slysið verið að ganga niður af Helgafelli og verið kominn hálf leið niður hafi hann fengið skyndilega rosalegt skot með sárum taugaverk niður í vinstri ganglim og sá taugaverkur hafi síðan verið viðvarandi. Við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku, þar sem tekið sé mið af töflu örorkunefndar frá 21. febrúar 2006 og að teknu tilliti til fyrri baksögu til frádráttar, sé örorkan hæfilega metin 8%.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sem hann hefur í gildi hjá V. Hann kveður slysið hafa gerst á sunnudegi og þá sé A lokað. Hann sé eigandi og framkvæmdastjóri A og umræddan dag hafi hann verið að ná í „gönguál/álfplötu“ sem hann átti persónulega en geymdi í gámi á vinnustað sínum og ætlaði að nota á hjólakerru sem hann hafi verið að smíða heima hjá sér og er í því efni vísað til ljósmynda sem liggja fyrir í málinu. Sem framkvæmdastjóri A annist hann störf sem falli undir

hlutverk framkvæmdastjóra, þ.e. rekstur félagsins. Hann sinni ekki viðgerðum en það geri aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Hann hafi því verið í frítíma sínum þegar slysið varð.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi í frítíma og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í inngangi fyrir frítímaslysaftryggingu í skilmálum fjölskyldutryggingar þeirrar sem hér á í hlut segir að félagið greiði bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálunum. Í skilmála frítímaslysaftryggingarinnar er ákvæði um vátryggingarsvið vátryggingarinnar. Segir þar að vátryggingin gildi aðeins í frístundum vátryggðs, við heimilisstörf og við skólanám og félagið greiði bætur vegna innlands sjúkrakostnaðar, tímabundins missis starfsorku, varanlegrar lækisfræðilegrar örorku, dauða og tannbrots. Þá er tekið fram að vátryggingin nái ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaþætta fylgir. M hefur sönnunarbyrði um að slys það sem hann kveðst hafa orðið fyrir 22. október 2017 falli undir bótasvið slysaftryggingarinnar eins og því er lýst hér að framan.

Slysið varð á vinnustað M hjá A sem er í hans eigu og hann hefur framkvæmdastjórn þess með höndum. Engin skýr gögn liggja fyrir um starfsemi A, starfsskipulag fyrirtækisins, starfsmannafjölda og annað sem varpað getur skýru ljósi á þau störf sem M innir af hendi hjá fyrirtækinu og hver ekki. Í ljósi eignarhalds M og stöðu hans sem framkvæmdastjóra hjá A verður ekki talið útilokað að hann sinni ýmsum störfum hjá fyrirtækinu, þar á meðal utan almenns vinnutíma. Er slysið varð var M að sækja áhlötu upp á gám sem stóð á vinnusvæði A. Ekkert liggur fyrir um að slíkar áhlötur séu ekki notaðar í starfsemi A. Þá verður að telja, í ljósi þess sem fram kemur í fyrirbyggjandi lækisfræðilegum gögnum og rakið er hér að framan, að verulega sé á reiki hvernig þau sjúkdómseinkenni komu til sem hann rekur til slyssins 22. október 2017. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi orðið fyrir slysi í frítíma sem veiti honum rétt til bóta úr frítímaslysaftryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 435/2019**M og
V1 vegna fasteignatryggingar fyrir A og
V2 vegna heimilistryggingar fyrir A.****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 20.12.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 30.12.2019.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 13. janúar 2019.

Málsatvik.

Málsatvik voru þau að svalahurð f auk upp í miklu óveðri 6. október 2018 og brotnaði af hjörunum auk þess sem rúða brotnaði við hliðina á hurðinni. Smíða þurfti nýja svalahurð, mála hana og setja nýtt gler í hana auk þess að setja hana upp. Heildarkostnaðurinn var kr. 744.404.

V1 neitaði bótaskyldu á grundvelli þess að í skilmálum fasteignatryggingarinnar komi fram að skemmdir á hinu váttryggða séu bættar ef vindhraði nái yfir 28,5 m/sek. Þar sem mælingar Veðurstofu Íslands sýni að vindhraðinn nái ekki þeim viðmiðun sé ekki um bótaskyldu að ræða.

Í bréfi V2 kemur fram að leigutaki M hafi verið með heimilistryggingu hjá félaginu og sú váttrygging nái eingöngu til innbús en ekki fasteignarinnar sjálfar og því sé ekki bótaskylda fyrir hendi.

Í málskotinu kemur fram vindstyrkur hafi verið mældur hjá Veðurstofu Íslands við Straumsvík og á Reykjanesbrautinni en fasteignin A liggja miklu ofar og að vitað mál sé að vindstyrkur aukist upp brattar hliðar og því megi reikna með að vindstyrkurinn hafi verið kominn í 29 m/sek.

Álit.

Skilmálar V1 fyrir fasteignatryggingu fasteignarinnar eru skýrir um að vindhraði skuli hafa náð yfir 28,5 m/sek samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands til að váttryggingin bæti skemmdir á hinu váttryggða af völdum ofsaveðurs. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um vindhraða við fasteignina A og þegar af þeirri ástæðu er tjón M ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á bótaskyldu V1 úr fasteignatryggingu fyrir A.

Reykjavík, 4. febrúar 2020.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 436/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys vegna falls í forstofu 19. desember 2014.****Gögn.**

Málskot dags. 27. desember 2019 ásamt fylgigögnum, merktum 1-5.

Bréf V dags. 21. janúar 2020 ásamt fylgiskjölum, merktum 1-5.

Bréf frá lögmannsstofu M, ódags.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram bókun úr dagbók lögreglu frá 19. desember 2014 um að M hafi runnið til í bleytu á gólfi starfsmannainngangs í húsnæði X og að tölvupóstur hafi verið sendur á Vinnueftirlitið vegna slyssins. Í tilkynningum um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 25. febrúar/2. mars 2015 kemur fram sú lýsing að M hafi verið að koma inn um inngang „...á gömlu rannsókn“ og þegar hún hafi stigið út af mottu við dyrnar hafi hún runnið í bleytu og hlotið líkamstjón. Í sömu tilkynningu kemur fram að M hafi ekki orðið óvinnufær vegna atviksins og leitað fyrst til læknis 5. janúar 2015.

M telur að slys hennar verði rakið til óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustæð hennar og að fyrirtækið hafi ekki gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys vegna bleytu. M vísar til laga nr. 46/1980 og reglna þeim tengdum, um að á atvinnurekanda hvíli skyldur um að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustöðum. Einnig vísar M til dóma Hæstaréttar um skyldur atvinnurekenda varðandi útbúnað húsnæðis, sérstaklega m.t.t. hálkvarna. M telur að starfsmenn X hafi ekki gætt þess sérstaklega að setja mottur á rétta staði við starfsmannainngang þann sem M gekk um og bendir á að eftir slys M hafi verið settar tvær nýjar mottur í anddyri við stimpilkukku.

V telur að aðstæður hafi verið fullnægjandi á vinnustaðnum, motta hafi verið við inngang og á svæði eftir að gengið hafði verið inn á milligang þar sem hægt var að geyma skó. V telur einnig að það sé ekki í samræmi við hefðbundnar kröfur til fyrirtækja að gönguleiðir innan þeirra séu lagðar mottum eða teppum.

Einnig telur V að málskot til nefndarinnar hafi borist of seint, þar sem málskot M sé dagsett 27. desember 2019, en skrifleg höfnun V hafi verið dags. 27. desember 2018. V vísar til orðalags 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem segir að váttryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd, skv. 141.gr. innan árs frá því hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. V telur að orðalagið „innan árs“ í umræddum málslið verði að skilja þannig að málskot hefði þurft að berast nefndinni fyrir 27. desember 2019 til að vera þeirra tímamarka. M mótmælir þeirri túlkun V og vísar til 8. gr. stjórnsýslulaga sem og orðalags 142. gr. laga um váttryggingarsamninga um upphafstíma fresta.

Álit:

Þess skal fyrst getið að ákvæði 51. gr. laga um váttryggingarsamninga fjallar um kröfur *váttryggðs* og réttaráhrif þess ef *váttryggður* hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk sannanlega (samkvæmt þágildandi lögum skriflega) tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í þessu máli er um að ræða kröfu um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu hjá V. Í þeirri ábyrgðartryggingu, sem og öðrum ábyrgðartryggingum, er það váttryggingartaki sem er váttryggður en ekki tjónþoli. Það er því X sem er váttryggður en ekki M og getur V ekki beitt umræddu ákvæði gagnvart M sem tjónþola í málinu. Ekki verður því fallist á frávísun málsins.

Hvað varðar efnislegan ágreining málsaðila er hins vegar ljóst að á X hvíla almennar skyldur skv. vinnuverndarlöggjöf um að skapa þannig starfsaðstæður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar. Til þess að skaðabótaábyrgð stofnist þarf hins vegar að sýna fram á að það hafi ekki verið farið eftir

þeim fyrirmælum eða háttænisreglum sem koma fram í löggjöf eða öðrum reglum eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir. Í máli M er ágreiningslaust að hún féll eftir að hafa stigið út af mottu sem var við inngang inn í húsnæði vinnustaðar hennar. Ekki liggur fyrir að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar með því fyrirkomulagi og ekki verður séð af gögnum málsins að ástæða hafi verið til að gera frekari ráðstafanir til að varna því að bleyta bærisk inn á gólf. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt varðandi slys M heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.